Þingsályktanir afgreiddar til ríkisstjórnarinnar.

1. Húsnæði fyrir fornmenja- og málverkasafnið.

Á 6. fundi í Ed., 10. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um rannsókn á húsnæði fyrir fornmenja- og málverkasafnið (A. 15).

Á 7. fundi í Ed., 11. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 9. fundi í Ed., 14. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Í grg. fyrir þessari till. hefi ég gert grein fyrir því í aðaldráttunum, sem ég vil, að komi til athugunar í þessu máli.

Aðalatriðið í þessu máli er það, að landið hefir ekkert húsnæði fyrir þjóðmenjasafnið eða málverkasafnið. Þjóðmenjasafnið er nú á efsta lofti í landsbókasafnsbyggingunni. Er húsrúmið þar allt of lítið fyrir safnið, en hitt skiptir þó mestu máli, að safnið er þar í mikilli hættu af eldi, t. d. ef stórbruni yrði hér í Reykjavík eða ef kviknaði út frá raflögn í safnhúsinu sjálfu, sem alstaðar getur komið fyrir. Er sérstök ástæða til að athuga þetta, því að sumir hlutir í forngripasafninu eru svo mikils virði, að þeir mundu seljanlegir fyrir mörg hundr. þús. kr. Valþjófsstaðahurðin, sem Danir skiluðu aftur 1930, mun þannig vera seljanleg fyrir jafnvel allt að hálfri millj. kr. á amerísk söfn. Þótt ekki sé meiningin að selja þessa muni, þá sýnir þetta, hve mikil áhætta er að hafa þetta dýrmæta safn þannig í stöðugri eldhættu. Landsbókasafnið mun og sjálft vera í fullri þörf fyrir að fá þetta húsrúm fyrir sig, þótt ég geri ekki ráð fyrir, að sú ástæða hafi þótt nægileg í þessu máli ein út af fyrir sig til að byggja nýtt hús yfir safnið á krepputímum.

Um listaverkasafnið er það að segja, að landið hefir eignazt mikið af listaverkum, og eru þau flestöll geymd í lokuðum geymsluherbergjum og þannig ekki til sýnis. Er það mikill skaði, m. a. fyrir skólafólk, sem tapar af því gagni, sem það gæti haft af að sjá þetta listasafn landsins, ef það væri opið fyrir almenning. Hér eru mörg hundruð unglingar, sem stunda hér nám, og margir vafalaust mundu nota sér þetta safn, auk þess sem safnið mundi kærkomið öðrum gestum í bænum, og auðvitað heimamönnum bæjarins sjálfum.

Ég skal ekkert um það fullyrða, hvort þetta húsnæði er heppilegt í þessu skyni. Ég hefi undirstrikað það í grg., að eins og það var álitið heppilegt að gera leikhúsið svo úr garði eins og menn á þessum tíma hafa frekast vit á að gera það, er það jafnframt ljóst, að í næstu 20—30 ár er ekki líklegt, að leikhúsið hafi að gera með nærri allt húsrúmið í eigin þarfir. Leikhúsið er byggt við vöxt og eftir kröfum þeirra, sem mest hafa um málið hugsað og stórhugaðastir eru í þessum efnum, og gengið út frá því, að þar verði nægilegt rúm fyrir allan út-

búnað, sem leikhúsið kemur til með að þurfa á að halda, þegar orðinn er starfandi þar stór, fastur leikflokkur. Þarf þá margskonar herbergi til æfinga, mörg búningsherbergi o. fl., ef gert er ráð fyrir því, að við leikhúsið starfi í fjarlægri framtíð jafnvel 20 manna flokkur.

Ég álít, að þótt leikhúsið sé fullgert, sé það hin mesta fjarstæða að ætla sér að tengja við það fastan leikflokk fyrst um sinn. Ég mundi telja rétt, að Leikfélagi Rvíkur yrði lánað húsið og að við það yrði hafður fastur maður, sem væri nokkurskonar leikstjóri. Skoðanamunurinn milli mín og leikhúsnefndarinnar að þessu leyti hefir hinsvegar ekki komið fram enn í þeim skilningi, að reynt hafi á hann, enda verður það ekki fyrr en til þess kemur, að leikhúsið taki til starfa. Eftir að búið er að gera húsið fokhelt, er hægt að taka nokkurn hluta þess með ódýrri viðgerð til notkunar í aðrar þarfir landsins; það, sem afgangs yrði í húsinu, mætti þannig taka til þeirrar notkunar, sem hér er um að ræða. Hefi ég hugsað mér, að sú rannsókn, sem hér er farið fram á að gera með þetta fyrir augum, yrði framkvæmd í samráði við leiðandi menn Leikfélagsins og leikhúsnefndina, og yrði það rannsakað, hvað leikhúsið gæti misst mikið af húsrúmi sínu næstu 20—30 árin sér að meinalausu, og hinsvegar yrði það athugað af fornmenjaverði og öðrum þeim, sem að söfnunum standa, hvernig hægt væri að koma söfnunum fyrir í þessu húsnæði, þangað til landið sæi sér fært að byggja yfir þau sérstaklega. Leikhúsið er fokhelt, eins og ég sagði, og hefir auk þess verið sléttað utan, en hinsvegar hefir ekkert verið gert við það að innan. Hefi ég hugsað mér, að nokkur herbergi í leikhúsbyggingunni yrðu fullgerð í þessu skyni, veggirnir sléttaðir, gólfin dúklögð og sett bráðabirgðamiðstöð og rafljós í þann hluta hússins. Þetta yrðu náttúrlega ekki fullnægjandi salarkynni fyrir söfnin, en þau ættu þó ekki að verða verri en þau, sem söfnin hafa nú, og er þó höfuðröksemdin í þessu máli sú, að með þessu móti væri brunahættan úr sögunni, sem nú vofir yfir söfnunum. Sé ég ekki annað en að heppilegt sé að taka leikhúsið til þessarar notkunar, ef það getur orðið án þess að þrengja að Leikfélaginu og draga úr eðlilegri starfsemi þess fyrst um sinn. Er þess að vænta, að ekki þurfi á löngu að líða áður en Leikfélagið getur farið að nota aðalsal hússins fyrir leiksýningar sínar. Verður að gera ráð fyrir, að leiklistin verði borin uppi af sjálfboðaliðum Leikfélagsins enn um stund, og meðan ekki starfar fastur leikflokkur við leikhúsið, er hægt að komast hjá að fullnægja ýmsum þörfum á þessu sviði, sem ella mundu koma til greina.

Ég geri ekki ráð fyrir, að ástæða muni þykja til að vísa þessu máli til n. Þessi rannsókn ætti að geta orðið landinu að kostnaðarlausu, með því að gert er ráð fyrir, að hún verði framkvæmd af mönnum, sem eru í þjónustu ríkisins. Ég vænti þess, að hv. d. geti því fallizt á þessa tilraun til að reyna að leysa úr þeim vandræðum, sem söfnin verða við að búa nú.

Jón Þorláksson: Ég vil lýsa yfir stuðningi mínum við þessa till. Ég álít, að það sé rétt að rannsaka, hvort tiltækilegt væri að koma fornmenjasafninu og listaverkasafni landsins fyrir á þennan hátt til bráðabirgða. Geri ég það með það fyrir augum, að ef þetta reyndist tiltækilegt, væri þó ekki undan vikizt, að landið sæi þessum söfnum fyrir framtíðarhúsnæði, svo fljótt sem þarfir leikhússins útheimta pláss til fyrirætlaðrar notkunar í sambandi við rekstur leikhússins. Vil ég bæta því við, að ég álít, að þetta ætti yfir höfuð ekki að dragast lengi enn, sérstaklega að því er þjóðmenjasafnið snertir, að því verði séð fyrir sæmilegu húsnæði til frambúðar.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. afgr. sem ályktun efri deildar Alþingis (A. 35).

2. Húsnæði handa tónlistarskólanum.

Á 13. fundi í Ed., 18. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um húsnæði handa Tónlistarskóla Íslands í þjóðleikhúsinu (A. 68).

Á 14. fundi í Ed., 20. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 15. fundi í Ed., 21. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Magnús Jónsson): Fyrir nokkrum dögum var samþ. hér í d. þáltill. um að fela stj. að rannsaka, hvort ekki væri hægt að koma 2 söfnum fyrir í þjóðleikhúsinu, og var meiningin, að húsnæðið yrði aðeins notað í þessum tilgangi á meðan þjóðleikhúsið væri enn ekki tekið til þeirra notkunar, sem það aðallega er ætlað til. Veit ég ekki, hvað mikið húsnæði kann að vera laust í þjóðleikhúsinu þangað til, en ég gæti ímyndað mér, að það væri meira en fyrir þessi söfn. Það sést utan á húsinu, að það hefir mikið húsrými innan veggja. —

Að því leyti er þessi till. annars eðlis en till., sem samþ. var hér um daginn, að hér er um stofnun að ræða, sem mundi eiga rétt til að hafa samastað í þjóðleikhúsinu, jafnvel eftir að leikhúsið tekur til starfa.

Tónlistarskólinn var stofnaður fyrir 3 árum og bætti þá úr mikilli þörf, sem ég skal ekki fara frekar út í, en aðeins benda á það, hve þarflegt það er, að menn geti lært hér meðferð ýmiskonar hljóðfæra, svo að við þurfum ekki að sækja tónlistarmenn til útlanda í tugatali.

Eftir að þjóðleikhúsið er tekið í notkun, þarf það á stórri og fullkominni hljómsveit að halda, og ef ekki á að sækja þá krafta til útlanda, verður tónlistarskólinn að ala þá upp, svo að það fer vel á, að honum verði einmitt gefinn samastaður í þjóðleikhúsinu, þar sem starf skólans verður svo nátengt því. Með þessari till. er þó ekki farið fram á meira en aðeins að fela stj. að rannsaka möguleikana til að koma þessu við, jafnhliða því, sem stj. lætur rannsaka, hvort fært sé að útbúa geymsluplass fyrir söfnin í þjóðleikhúsinu. Ég vænti þess, að hv. d. taki till. vel engu síður en hinni till., ekki sízt þar sem hér er um stofnun að ræða, sem stendur í sérstöku sambandi við hið væntanlega þjóðleikhús sjálft, eins og ég hefi nú bent á.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. afgr. sem ályktun efri deildar Alþingis (A. 111).

---

3. Kosningar í sveitamálum og kaupstaða (till. allshn. Nd.).

Á 14. fundi í Nd., 20. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um endurskoðun á l. um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða (A. 88).

Á 15. fundi í Nd., 21. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 16. fundi í Nd., 22. nóv., var till. tekin til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. afgr. sem ályktun neðri deildar Alþingis (A. 132).

---

4. Rafveita Austur-Húnavatnssýslu.

Á 10. fundi í Ed., 15. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um heimild fyrir ríkisstj. til að ábyrgjast lán handa rafveitu Austur-Húnavatnssýslu (A. 26).

Á sama fundi var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 11. fundi í Ed., 16. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Rafveita Austur-Húnavatnssýslu.

Flm. (Jón Jónsson): Eins og menn vita, gengur nú rafmagnsalda yfir landið. Alstaðar í öllum þorpum og sveitum landsins þrá menn þægindin, birtuna og ylinn, sem rafmagninu fylgir. Sérstaklega eru það þó þorpin, sem litið hafa í kringum sig um aðstöðu til rafvirkjunar. Í Austur-Húnavatnssýslu hagar svo til, að þar er lítið þorp með 300 íbúum, Blönduós, og hefir þorpsbúum lengi leikið hugur á að koma sér upp rafveitu. Við nánari rannsóknir hefir það og orðið ljóst, að Austur-Húnavatnssýsla er mjög vel sett að þessu leyti. Í sýslunni eru tvö vötn, Svínavatn, sem er 11 km², og Laxárvatn, sem er 3,5 km², og rennur Laxá fremri úr Svínavatni í gegnum Laxárvatn og til sjávar 6—7 km. sunnan við Blönduós. Við ýtarlega athugun á rafveituskilyrðunum þarna hefir það komið í ljós, að með sæmilegri vatnsmiðlun á milli vatnanna má fá upp í 1400 hö., en sakir standa svo, að í Austur-Húnavatnssýslu eru um 2400 manns, svo að aflið er þannig nægilegt fyrir allt héraðið, ef hægt er að virkja það allt. Það hefir hinsvegar sýnt sig, að sveitaveitur, sem fyrr hefir verið talað um, hafa reynzt of dýrar til þess að almenningur gæti staðið straum af þeim. Þar skiptir nokkru öðru máli með kauptúnin, sem hafa hægari aðstöðu í þessum efnum.

Í fyrra fór fram rannsókn á skilyrðunum til að koma upp rafveitu á Blönduósi, og kom það í ljós, að þar er góð aðstaða til að koma upp 300 ha. raforkustöð, og var áætlað, að kostnaðurinn við að koma stöðinni upp mundi nema um 140 þús. kr. Þegar þetta kom í ljós, lék kauptúnsbúum hugur á að hrinda þessu í framkvæmd, og var stofnaður félagsskapur í Austur-Húnavatnssýslu í þeim tilgangi. Það vill líka svo vel til, að á Blönduósi eru þrjú fyrirtæki, sem öll þurfa á miklu rafmagni að halda. Kaupfélag Húnvetninga hefir þannig sett upp frystihús á Blönduósi, og þarf mikið rafmagn til þess nokkurn tíma úr árinu. Kvennaskólinn á Blönduósi þarf og mikið rafmagn og sjúkrahúsið, sem þar er á staðnum. Hefir reiknazt svo til, að þessi þrjú fyrirtæki muni þurfa saman um 100 hö. til eigin nota. Niðurstaðan af öllum þessum bollaleggingum varð svo sú, að ákveðið var að ráðast í fyrirtækið, og eins og ég áður sagði, var talið heppilegast að mynda félag í þeim tilgangi. Kostnaðinum við fyrirtækið skyldi jafna niður að þriðjungi á þessa þrjá aðila: sýslusjóð Austur-Húnavatnssýslu, Kaupfélag Húnvetninga og sveitarsjóð Blönduóshrepps. — Í samráði við rafmagnsstjóra ríkisins, Jakob Gíslason verkfræðing, og vegamálastjóra var síðan nánar ákveðið um tilhögun og fyrirkomulag virkjunarinnar og samið við hr. rafvirkja Stefán Runólfsson um að framkvæma meginhluta verksins fyrir 95 þús. kr. Menn gerðu sér því vonir um að koma rafmagnsveitunni upp fyrir 110—120 þús. kr. Því fer þetta á allt annan veg. Veitan verður allmiklu dýrari, og ber þar ýmislegt til. Má þar fyrst benda á, að verksali tók ekki að sér allt verkið, t. d. ekki skurð úr vatninu að inntaksþrónni, heldur átti félagið sjálft að gera hann. Aðstoðarmaður vegamálastjóra hafði áætlað kostnað við skurð þennan um 6 þús. kr., en sakir þess, að þegar farið var að grafa, koma fram töluverð klöpp í skurðlínunni, sem ekki hafði verið gert ráð fyrir, varð kostnaður við skurðgröftinn 8—9 þús. kr. umfram áætlun. Ennfremur sýndi það sig, að stíflan í Laxárósi þurfti að vera öflugri en upphaflega hafði verið gert ráð fyrir, og fór hún því töluvert fram úr áætlun líka. Enn bætist það við, að fjárhagsástæður verksala eru svo erfiðar, að hann getur ekki leyst verkið af hendi án aukins framlags frá verkkaupa. Varð þetta o. fl. til þess, að allur kostnaður við verkið mun tæplega verða undir 140—150 þús. kr.

Félagið hafði í upphafi tryggt sér allt að 90 þús. kr. lán til verksins og gerði ráð fyrir, að það, sem til vantaði, myndi fáanlegt með hagkvæmum kjörum. En nú hefir svo skipazt, að 20 þús. af láni þessu hafa brugðizt. Þegar svo þar við bætist, að fyrirtækið verður nokkru dýrara en það var áætlað, þykir sýnilegt, að vanta muni allt að 60 þús. kr. til þess að greiða áfallinn kostnað og það, sem óhjákvæmilegt er vegna verksins. Þessa upphæð, 60 þús. kr., hefir rafveitufélagið fengið loforð um að fá að láni hjá líftryggingarfélagi einu, sem starfar hér í bænum, en það setur ríkisábyrgð sem skilyrði fyrir

láninu. Heimili Alþingi ríkissjóði að takast á hendur þessa ábyrgð, sem ég fastlega vonast eftir, þá myndi hann að sjálfsögðu fá endurábyrgð sýslufélagsins, kaupfélagsins o. fl., svo ábyrgðin ætti að vera áhættulítil fyrir hann.

Til frekari skýringar máli þessu leyfi ég mér að vísa til grg. frv., sem er allýtarleg. Annars skal ég geta þess, að enda þótt hér sé aðeins farið fram á ábyrgð fyrir Blönduóskauptún, þá eru skilyrði fyrir hendi til þess að leiða rafmagnið frá þessari orkustöð út um héruðin í kring. Möguleikarnir fyrir því hafa verið athugaðir af Jakobi Gíslasyni rafmagnsverkfræðingi, og telur hann, að þarna séu betri skilyrði fyrir sveitaraforku en víða annarsstaðar á landinu. Það má leiða rafmagn frá þessu orkuveri út á Skagaströnd og auk þess fram í Þing og Vatnsdal, Langadal og jafnvel Svartárdal og Blöndudal, sem allt eru fjölmennar byggðir. Hann telur, að leiðslukostnaðurinn fyrir hvert býli myndi verða allt að 6 þús. kr., en með því gerir hann ráð fyrir, að notaður yrði koparþráður til leiðslunnar, sem er talinn nokkru dýrari en járnþráður. Með því að nota járnþráð mætti færa kostnaðinn töluvert niður.

Það verða nú að teljast allmikil meðmæli með fyrirtæki þessu, að skilyrði skuli vera þarna eins góð og þau geta best verið á landinu, enda er litið mjög björtum augum á það, þar sem það í náinni framtíð er talið muni verða gróðafyrirtæki.

Að síðustu vil ég geta þess, að ég hefi hér með höndum ýtarlegt kort bæði fyrir Blönduós- og sveitaveituna. Geta því þeir, sem kynnast vilja málinu frekar, skoðað þau hjá mér. Annars mun ég afhenda þau fjvn., sem ég tel eðlilegast, að fái málið til athugunar.

Jón Þorláksson: Eins og hv. þdm. mun kunnugt, þá var fyrir nokkru síðan borin fram í þessari hv. d. till. í frv.formi frá fulltrúum Sjálfstæðisfl. um að ríkið veitti nokkurn stuðning til þess að koma upp raforkuveitum til almenningsþarfa í sveitum landsins. Þetta þótti svo stórt nýmæli, að það fékk þær undirtektir, sem slík nýmæli venjulega fá í fyrstu: Vantraust á getu landsmanna.

Það hefir ekki verið haft hátt um þetta mál síðan af forgöngumönnum þess í Sjálfstfl. En það hefir verið unnið að því í kyrrþey, og það mun fara um það eins og önnur heilbrigð og góð mál, að það sigrar að lokum og kemst í framkvæmd. Vil ég í því sambandi minna á, að nú hefir verið stigið úrslitasporið af hálfu löggjafarvaldsins hvað þetta mál snertir fyrir suðvesturhluta landsins. Á ég þar við lögin um virkjun Sogsins. Alþingi hefir gengið frá þeim fyrir sitt leyti, og eru þá aðeins framkvæmdirnar eftir. Þegar það orkuver er komið upp, sem á að nægja fyrir þennan hluta landsins, er næsta spurningin, hvar næsta orkuver eigi að vera, til þess að koma að sem mestum notum fyrir sveitir og sjávarþorp landsins.

Raunin hefir því orðið sú, að enda þótt lítið hafi um mál þetta verið talað, þá stefnir það þó hröðum fetum til framkvæmda.

Ég get nú ekki annað sagt en mér sé gleðiefni, þegar ég sé, að hafizt er handa með að koma upp orkuveri, sem hefir skilyrði til þess að verða fullnægjandi orkuver til almenningsþarfa í blómlegu og þéttbýlu héraði. Ég er því þakklátur þeim mönnum, sem brotizt hafa í það, að koma upp þessu litla orkuveri í Austur-Húnavatnssýslu, þó að ég hinsvegar telji, að þessi byrjun sé í smærri stíl en ég hefði talið æskilegt. En þar sem héraðsbúar hafa gert upphaflega ráð fyrir að gera þetta stuðningslaust af hálfu hins opinbera, þá er von, að þeir hafi miðað það við sína eigin getu. Annars mun orkuver þetta liggja vel við stækkun, svo það geti fullnægt því svæði, sem 5 þús. volta spenna nægir til.

Ég vil mæla hið bezta með þessu máli og vona að sjá í því vísi að þeirri hugsjón, að raforkan megi verða til þess að lýsa og hita upp byggðir landsins.

Flm. (Jón Jónsson): Ég get ekki látið hjá líða að þakka hv. 1. landsk. hans góðu undirtektir undir þetta mál. Hitt get ég ekki fyllilega viðurkennt, að byrjun þessa fyrirtækis sé í of smáum stíl. Eins og sakir stóðu þegar ráðizt var í þetta verk, og standa enn, var ekki hægt að hafa byrjunina stærri vegna kostn-

aðarins við langar leiðslur. Hinsvegar var hagað svo til, að tiltölulega er kostnaðarlitið að bæta línu frá Blönduósi til Skagastrandar. Virkjunin var fyrst og fremst miðuð við þarfir kauptúnsins á Blönduósi. Aðeins virkjað það afl, sem þorpið myndi þurfa til sinna þarfa fyrst um sinn, og þá gert ráð fyrir, að iðnaður myndi bráðlega aukast þar að nokkrum mun.

Hvað viðvíkur því, sem hv. 1. landsk. minntist á frv. sitt um raforkuveitur frá 1930, þá veit ég ekki, hvort ástæða er til fyrir hann að harma svo mjög meðferð þess þá, því að það var þá tæplega tímabæri. Veitur úti um land voru þá svo kostnaðarsamar, að héruðin myndu vart hafa risið undir þeim. Sést það og bezt á því, að þarna norður frá, þar sem skilyrði fyrir sveitaveitur eru að dómi Geirs Zoëga og Jakobs Gíslasonar hvað bezt á landinu, skuli veitan þó kosta svo mikið, að héraðið sér sér ekki fært að koma henni upp nema með stórfelldum styrk frá ríkissjóði. Jafnframt ber þess að gæta, að allt efni til þessara hluta hefir stórlækkað frá því 1930, vír t. d. allt að ⅔ hlutum. Þá hefir og síðan komið upp, að nota megi járnvír í leiðslur í staðinn fyrir koparvír, sem er miklu dýrari. Ennfremur hefir síðan verið varið töluverðu fé til frekari athugunar á þessum málum og því ýmislegt komið fram, sem þá var ekki þekkt, en er til stórra umbóta frá því, sem þá þekktist. Ég hygg því, að þingið 1930 hafi tekið upp þá réttu leið í þessu máli. Það beindi því inn á þá braut, sem ekki mun orka tvímælis, að hafi verið sú heppilegasta eins og þá stóðu sakir. Nú miðar því áfram á heilbrigðan hátt, og má vel vera, að sú verði raunin á, að tekið verði upp það fyrirkomulag þessara mála, sem hv. 1. landsk. hugsaði sér í fyrstu. — Vil ég svo enda þessi orð mín, eins og ég byrjaði þau, með því að þakka hv. 1. landsk. fyrir hans góðu undirtektir undir mál mitt.

Jón Baldvinsson: Hv. 1. landsk. fór inn á almennar umr. um raforkumálin og minntist í því sambandi á tillögur sjálfstæðismanna um raforkuveitur til sveita, sem lágu fyrir þinginu nú fyrir þremur árum. Það leit út fyrir eftir þessari ræðu hans, að hann og flokksmenn hans hefðu sýnt einhvern sérstakan áhuga fram yfir aðra í þessum málum. Þetta vil ég ekki láta standa ómótmælt í þingtíðindunum, því að mótstaðan gegn stórfelldustu rafvirkjuninni, sem um hefir verið rætt hér á landi og sýnt hefir verið fram á, að gæti vel borgað sig, hefir ekki síður verið úr flokki þessa hv. þm. en úr öðrum flokkum. Ég veit t. d. ekki betur en að flokksmenn hans í bæjarstjórn Rvíkur hafi þvælzt manna mest fyrir því, að virkjun Sogsins yrði komið í framkvæmd. M. a. lagðist fyrrv. borgarstjóri Rvíkur allmjög á móti því máli; var þó sýnt, að Sogið væri betur fallið til virkjunar en flest önnur vatnsföll, og jafnframt, að skilyrði til þess að hagnýta rafmagnið fyrir almenning væru í bezta lagi. Það var aldrei nema rétt, að Framsfl. barðist líka gegn þessu máli, en ekkert frekar en Sjálfstfl. Það spursmál, sem hv. þm. var að tala um, að leiða raforkuna út um sveitir landsins, er óleyst enn þá. Mér vitanlega hefir enginn enn sem komið er bent á, að það væri kleift í strjálbýlinu vegna kostnaðarins.

Sú tregða, sem olli því, að löggjöf um þetta stóra nauðsynjamál, sem virkjun Sogsins er, fékkst ekki fyrr en á síðasta þingi, á því rætur sínar að rekja til þess, að framsóknarmenn stóðu lengi fyrir því á þingi og sjálfstæðismenn þvældust fyrir því í bæjarstj. Rvíkur. Að sjálfsögðu nær þetta ekki til núv. borgarstjóra; hann átti þá ekki að fjalla um bæjarmál Reykjavíkur sérstaklega, en hann getur sýnt það nú, að sá orðrómur sé ekki réttur, sem lagzt hefir á um það, að flokksmenn hans hafi ekki jafnan verið heilir í þessu máli.

Jón Þorláksson: Ég ætla ekki að fara út í hnotabit við hv. 2. landsk. um afstöðu bæjarstj. Rvíkur til virkjunar Sogsins. Hann lýsti því sjálfur, að það var ekki fyrr en á síðasta þingi, að sú löggjöf fékkst, sem tryggði það, að þessu stóra virkjunarmáli yrði komið fyrir á skynsamlegan hátt. Hér er því ekki um að ræða neina mótsögn hjá mér, eða stefnubreytingu hjá Sjálfstfl. Það var Framsfl. á þingi, sem stóð gegn málinu, eins og hv. þm. tók fram.

Jón Baldvinsson: Það er skiljanlegt, þó að þm., búsettir í fjarlægum héruðum langt frá Rvík, séu dálítið tregir í slíku stórmáli sem virkjun Sogsins er, meðan þeir geta sýnt og sannað, að þeir menn, sem telja verður, að mál þetta varði mestu, eins og meiri hl. bæjarstj. Rvíkur og borgarstjóri, eru hvorki heilir eða hálfir í málinu, og gera jafnvel ekkert annað en spilla fyrir framgangi þess.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 12 shlj. atkv. og til fjvn. með 11 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Ed., 20. nóv., var till. tekin til síðari umr. (A. 26, n. 67).

Frsm. (Magnús Jónsson): Eins og nál. á þskj. 67 ber með sér, hefir fjvn. mælt með því, að þáltill. þessi verði samþ. óbreytt.

Svo ýtarleg grg. og álitsskjal fylgdu þáltill., að ég sé ekki ástæðu til umr. um hana. Eftir að hafa athugað gjaldskrána, sem þáltill. fylgir, þykir n. líklegt, að fyrirtækið *muni bera sig. Enda hefir* ráðh., eftir l. um raforkuveitur frá árinu 1932, vald til þess að hafa hönd í bagga með um gjaldskrá fyrirtækisins. Ég flyt þau boð frá n., að hún vill, að till. verði samþ. óbreytt.

Jón Jónsson: Sem flm. þessarar þáltill. og forstöðumaður fyrirtækisins get ég ekki stillt mig um að votta þakklæti mitt fyrir mjög góðar undirtektir undir þetta mál.

Jón Baldvinsson: Það er nauðsynlegt fyrir viðkomandi hérað að fá þessa ábyrgð ríkisins til þess að koma þessu fyrirtæki áleiðis.

Hv. 3. landsk. var núna fyrir helgina að finna að því, að það væri verið að hrúga inn allskonar málum á þetta þing, sem hefðu fjárútlát í för með sér. Honum fannst þetta ekki viðeigandi. En ég vildi benda honum á, að það getur verið, að einnig hann þurfi að leita á náðir Alþ. til liðsinnis þess í fjárveitingarskyni, a. m. k. getur þetta leitt af sér fjárveitingu. Hv. þm. má ekki vera allt of einsýnn með að vilja, að hann og hans kjördæmi sitji fyrir slíku. Hann á nú reyndar ekkert sérstakt kjördæmi, fremur en ég. (**JónJ:** Eigum við ekkert kjördæmi?). Hans hérað á ekki sérstaklega að ganga fyrir um slíka hluti. Hv. þm. má ekki reka hornin í allar aðrar beiðnir, sem til þessa þings koma, þótt aukaþing sé, þó að þær komi frá öðrum héruðum en hans eigin.

Jón Jónsson: Ég verð fyrst að leiðrétta hjá hv. þm. þetta um kjördæmin. Ég tel, að við eigum kjördæmi, þótt það sé stærra en kjördæmi annara þm. — En viðvíkjandi því ósamræmi, sem hv. þm. taldi eiga sér stað hjá mér, vil ég leyfa mér að taka það fram, að hér er alls ekki verið að fara fram á fjárveitingu frá ríkinu. Ég vona, að það sé útilokað, að þessi ábyrgð ríkissjóðs verði að fjárveitingu. Fyrst og fremst er gert ráð fyrir, að sýslusjóður sé í endurábyrgð. Og ríkisstj. getur heimtað aðrar tryggingar, sem hún telur gildar. Ég efast ekki um, að ríkisstj. gæti svo hagsmuna ríkissjóðs, að engin slík áhætta, að þetta verði að fjárveitingu síðar, komi til greina. Þetta mál horfir því mjög svo öðruvísi við en ýmsar till., sem hér hafa komið fram á þingi, sem fara fram á samtals um hálfrar millj. króna bein framlög úr ríkissjóði, eftir að við í vor vorum búnir að fullsetja á fjárl., og það án þess nú að sjá ríkinu fyrir neinum tekjum til viðbótar við það, sem fjárl. gera ráð fyrir. Þetta finnst mér mjög ógætilegt. En með þáltill. minni er farið fram á, að ríkið gangi í áhættulausa ábyrgð, og ekkert annað.

Jón Baldvinsson: Ég held, að það sé vonlaust um, að ég sannfæri hv. 3. landsk. Hann er of einsýnn til þess og lítur á sínar till. öðrum augum en annara till.

Þetta mál er nauðsynlegt mál og gott. En það má nú samt bera það saman við mál annara héraða, sem leita fjárstuðnings. En mér finnst hv. þm. vilja fordæma allar till., sem eru til stuðnings fyrir önnur héruð en hans. Sagði hann nýlega, að þm. væru að „læðast með þingbekkjum“ til að leita samþykkta um fjárbeiðnir úr ríkissjóði.

Frsm. (Magnús Jónsson): Út af því, sem hv. 2. landsk. sagði, vil ég aðeins geta þess, að fjvn. hefir ekki litið svo á, að hér væri um fjárveitingu að ræða. Að n. varð einróma því meðmælt, að þáltill. yrði samþ. óbreytt, stafaði af því, að n. leit svo á, að hér væri svo um hnúta búið, að heita mætti, að hér væri einungis um form að ræða með þessari ríkisábyrgð, sem væri gert til þess að hjálpa þessu fyrirtæki til að fá lán með betri kjörum en það mundi annars geta fengið. Annars er það ekki fyrirsjáanlegt, að þessi ábyrgð muni kosta ríkið neitt.

Þetta er algengt, að ríkið gangi í ábyrgðir fyrir fyrirtæki, jafnvel sem því dettur ekki í hug að styðja með einum einasta eyri. Eins og hv. flm. gat um, er hér um endurtryggingar gegn ríkisábyrgðinni að ræða, bæði sýslutryggingu og aðrar tryggingar. En sérstaklega vil ég fyrir mitt leyti draga það fram, að fyrirtækið virðist vera byggt á heilbrigðum grundvelli, svo að það er ákaflega ólíklegt, að fyrirtækið borgi sig ekki. Þetta finnst mér vera mjög mikið aðalatriði í málinu. Ég tek þetta fram af því, að ég vil ekki, að þessi ríkisábyrgð sé skoðuð sem vilyrði frá fjvn. um, að hún mæli með fjárveitingum á þessu þingi, þó að vitanlega taki hún afstöðu til mála í hvert skipti, þegar þau eru fyrir hana lögð. Í þessu atriði út af fyrir sig sér hún ekki, að farið sé fram á fjárveitingu.

Jón Baldvinsson: Ég var búinn að marglýsa því yfir, að ég ætlaði að styðja þessa þáltill. En út af því, sem hv. frsm. sagði, vil ég bæta því við, að ég býst við því, að þeir, sem biðja á þessu þingi um ríkisábyrgðir, muni telja farið fram á þær gegn sæmilegum tryggingum og að ríkisábyrgðin sé í þeim tilfellum líka aðeins formið. Það er sagt venjulega, og ég trúi því, að í þessu tilfelli sé aðeins um form að ræða, eins og hv. þm. sagði.

Í þessu sambandi vil ég minna á, að ekki varð Framsfl. skotaskuld úr því að telja það meira en formið tómt, þegar um var að ræða ríkisábyrgð fyrir Sogsvirkjunina. En þeim, sem til þekkja, blandast ekki hugur um, að það sé fullljóst, að miklu sterkari líkur eru fyrir því, að hún beri sig heldur en þetta fyrirtæki. Þetta vildi ég aðeins benda á, því að til samræmis ættu nú auðvitað að gilda sömu reglur og þá.

Jón Jónsson: Hann er laginn á það, hv. 2. landsk., að koma alltaf að Sogsvirkjunarmálinu, hvenær sem minnzt er á rafveitu hér á þingi. En ég sé ekki, hvað það mál kemur þessari þáltill. við. Vil ég leyfa mér að benda á það, að í frv. um Sogsvirkjun, sem hv. þm. á við, er farið fram á meira en ábyrgð af ríkisins hálfu. Sogsvirkjunarmálið er gott mál, þegar það er vel undirbúið, en það hefir það tæplega verið fyrr en nú. En ég hygg nú samt, að hv. þm. geti ekki sýnt eins glæsilega fjárhagsáætlun um það fyrirtæki eins og ég get sýnt um þetta. Af því að ég álít, að Sogsvirkjunarmálið hafi ekki verið eins vel undirbúið, þegar það kom fyrir þingið, eins og þetta mál, álít ég, að hér sé talsvert ólíku saman að jafna.

ATKVGR.
Till. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 14. fundi í Nd., s. d., var till. útbýtt eins og hún var samþ. við síðari umr. í Ed. (A. 26).

Á 15. fundi í Nd., 21. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 16. fundi í Nd., 22. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 15 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 18. fundi í Nd., 24. nóv., var fram haldið fyrri umr. um till. (A. 26, n. 130).

Frsm. (Pétur Ottesen): Þessi þáltill. um heimild fyrir stj. til þess að ábyrgjast lán handa rafveitu Austur-Húnavatnssýslu er búin að ganga gegnum hv. Ed. og náði þar einróma samþykki. Það hefir verið ófrávíkjanleg regla hjá Alþ., þegar um rafveitufyrirtæki hefir verið

að ræða, þar sem að baki standa kaupstaðir eða sýslufélög, að heimila stj. að ganga í ábyrgð fyrir lánum til þessara fyrirtækja. Er þetta því í algerðu samræmi við það, sem áður hefir verið heimilað í þessu efni, þegar um jafnmikilsverð þjóðþrifafyrirtæki sem rafveitumálin eru hefir verið að ræða. Leggur n. einróma til, að till. verði samþ.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 19 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., 25. nóv., var till. tekin til síðari umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Till. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 177).

---

5. Greiðslufrestur á fasteignaveðslánum bænda.

Á 13. fundi í Ed., 18. nóv., og á 13. fundi í Nd., s. d., var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um greiðslufrest á fasteignaveðslánum bænda (A. 71).

Á 4. fundi í Sþ., 22. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 5. fundi í Sþ., 25. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Jón Jónsson): Það hefir farið svo slysalega, að ég vissi ekki, að þetta mál var á dagskrá í dag, og hæstv. forseti hefir ekki látið mig vita um það, svo að ég hefi ekki búið mig undir að halda framsöguræðu, en málið er svo einfalt, að ekki virðist þörf á langri framsögu. Ýmsar ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að draga úr hinum ægilegu afleiðingum kreppunnar, ekki síst hjá bændum. Þ. á m. hafa verið sett lögin nr. 79 frá 1933, þar sem gert var ráð fyrir, að lánsstofnunum væri heimilt að veita greiðslufrest á slíkum lánum, sem hér ræðir um. Í því sambandi er helzt að nefna Búnaðarbankann, bæði veðdeild, ræktunarsjóð, og byggingar- og landnámssjóð, og veðdeild Landsbankans. Nú hefir ekki enn raknað úr vandræðum bændastéttarinnar og þeir eiga enn erfitt uppdráttar, og ekki er útlit fyrir, að þeir geti staðið í skilum vegna skulda, sem á þá hafa hlaðizt, og þeim er því nauðsyn á gjaldfresti, á meðan þeir eru að koma skuldum sínum í hagkvæmt lag með aðstoð Kreppulánasjóðs. Um þetta hafa borizt margar umsóknir, og get ég vottað það, að Búnaðarbankinn hefir sýnt hina mestu lipurð og tillátssemi, en allt öðru máli er að gegna um Landsbankann. Til vor hafa borizt hér um bil daglega kvartanir frá bændum, sem hafa átt erfitt með að greiða af lánum sínum og hafa leitað afborgunarfrests hjá Landsbankanum, en fengið nei við bónum sínum. Ég hygg, að Landsbankinn hafi ekki veitt nokkrum manni afborgunarfrest, og sum útibú hafa jafnvel gengið svo langt, að þau hafa látið fram fara nauðungarsölu á jörðum bændanna, þó að allar líkur séu til þess, að bændur geti á þessu ári bætt stórum aðstöðu sína. Þar sem Landsbankinn hefir svo harkalega tekið þessu máli, er sýnt, að tilgangur löggjafans hefir ekki náðst, og af því að okkur í stjórn Kreppulánasjóðs eru þessir erfiðleikar ljósir, flytjum við till. á þskj. 71, þess efnis, að ríkisstj. sjái um það, að lánsstofnanirnar verði við þessari sjálfsögðu skyldu. Ég vona fastlega, að enginn hv. þm. verði til þess að mæla gegn till., og í trausti þess, að hún fái greiðan framgang, lýk ég máli mínu.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. afgr. sem ályktun Alþingis (A. 179).

---

6. Varnir gegn landbroti af Þverá.

Á 16. fundi í Ed., 22. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um varnir gegn landbroti af Þverá í Rangárþingi (A. 113).

Á 17. fundi í Ed., 23. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 18. fundi í Ed., 24. nóv., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 20. fundi í Ed., 27. nóv., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Þessi þáltill. fer ekki fram á neina nýja fjárveitingu og ætti því að duga um hana ein umr. Till. gengur út á það aðeins að skýra nokkurn skoðanamun, sem komið hefir fram milli vegamálastjóra annarsvegar, sem haft hefir með höndum yfirstjórn þessara landvarna, og bændanna í Fljótshlíðinni hinsvegar um það, hvernig skilja beri ákvæði í lögunum um þessar varnir frá þinginu 1932. Í umr. um næsta mál á undan í dag á dagskránni hefir hæstv. atvmrh. skýrt þetta mál frá sjónarmiði vegamálastjóra og haldið því fram, að þær varnir, sem framkvæmdar hafa verið þarna í Fljótshlíðinni síðastl. sumar, heyri ekki undir aðalákvæði laganna, en þetta er rangt, því þar er beint tekið fram, að ákvæðin eigi við varnir gegn ágangi Þverár frá Hlíðarenda og inn að Fljótsdal og að á því svæði eigi ríkissjóður að greiða 7/8 hluta kostnaðarins. Þessum skilningi halda hlutaðeigandi bændur fram, en vegamálastjóri hefir aftur haldið því fram, að bændurnir eigi að greiða 1/4 kostnaðarins. Ég er ekki í neinum vafa um það, að vegamálastjóri hefir þarna öldungis rangt fyrir sér. Í öðru lagi er það, ef hans skilningur væri réttur, þá væru lögin þýðingarlaus, með því óhugsandi er, að hlutaðeigandi bændur geti lagt fram 1/4 alls kostnaðarins við þessi varnarmannvirki, og mundi það því þýða það, að ekkert gæti orðið úr framkvæmdum. Þverá er svo gífurlegt vatnsfall og ásókn hennar á landið svo stórfelld, að það þýðir ekkert að ætlast til þess, að bændurnir geti kostað nauðsynlegar varnir að 1/4 hluta.

Ég þykist nú ekki síður en vegamálastjóri vita, hvað meint er með lögunum um varnir gegn landbroti Þverár frá 1932. Ég var þá á Alþingi og einnig í þeirri stjórn, sem bar frv. fram, og það var þá á allra vitorði, að lögin áttu að ná til hverskonar varna, sem heppilegastar teldust gegn ágangi Þverár á sléttlendið í Fljótshlíðinni. Það þýðir ekki að ætla þessum fáu bændum, sem þarna eiga hlut að máli, að kosta varnirnar að svo miklu leyti sem vegamálastjóri vill vera láta, ekki síst þegar útlit er fyrir, að Þverá ætli að sópa landinu burt svo að segja í einni svipan, því það þýddi ekki annað en það, að áin fengi að fara sínu fram. Ég held því, ef það er meining stj. og vegamálastjóra að krefjast svona mikils framlags frá bændunum þvert ofan í yfirlýstan bókstaf laganna, þá sé ekki úr vegi, að Alþingi staðfesti vilja sinn í þessu efni með því að samþ. þessa þáltill. Það væri alveg eins hægt fyrir vegamálastjóra að halda því fram og standa fast á því, að hvítt væri svart og svart væri hvítt eins og að segja, að Alþingi hafi ætlazt til, að bændurnir borguðu 1/4 kostnaðarins í staðinn fyrir 1/8, eins og lögin mæla fyrir, og meira að segja, hæstv. atvmrh. hefir fallizt á þessa skoðun vegamálastjóra. Ég tel því alveg sérstaka nauðsyn á, að Alþingi láti hér vilja sinn glögglega í ljós, því það verður að teljast mjög óheppilegt, ef vegamálastjóri ætlar að fara að umhverfa glöggum lögum frá Alþingi, þegar til framkvæmdanna kemur.

Atvmrh. (Þorsteinn Briem): Ég ætla að taka það fram viðvíkjandi þeirri vinnu, sem þegar hefir verið unnin þarna austur frá, að kostnaðinum hefir verið skipt með samkomulagi við hlutaðeigandi bændur, þannig að þeir hafa skuldbundið sig til að greiða 1/4 hluta og þegar greitt sinn hluta að mestu samkv. þeim samningi. Án þess að ég ætli að fara út í lagaskýringar eða kappræður um skilning laganna, þá var það álit vegamálastjóra, sem vann að smíði laganna, að smærri aðgerðir eins og þær, sem unnar voru

síðastl. sumar, heyrðu ekki undir ákvæðin um 7/8 kostnaðar úr ríkissjóði, heldur gæti sá samningur, sem gerður var um þetta áður en verkið var hafið, fyllilega samrýmzt lögunum, sem sé að 3/4 kostnaðar greiddust úr ríkissjóði móti 1/4 frá bændunum eða sýslufélaginu.

Það er álit margra, að ákvæðin um þátttöku ríkissjóðs að 7/8 hlutum í kostnaði við varnir innan við Hlíðarenda séu miðuð við það, ef byggður yrði fullkominn varnargarður, sem breytti farvegi árinnar, annaðhvort út frá Streytu eða Háamúla, en að smærri varnir á þessu sama svæði heyrðu undir ákvæðin um 3/4 kostnaðar úr ríkissjóði og 1/4 frá bændum eða sýslu. Ef Alþingi fer nú að slá því föstu, að hverskonar aðgerðir á þessu svæði greiðist að 7/8 hlutum úr ríkissjóði, þá er það auðvitað á þess valdi og ábyrgð, en sem sagt, það liggja fyrir samningar um það, sem búið er að gera, og ég verð að segja, að þess var ekki vænzt, þegar ég gerði þá samninga, að seinna yrði gerð tilraun til að rifta samningum og heimtuð endurgreiðsla á því, sem þegar er greitt. Annars verð ég að telja þá skýringu á lögunum ekki liggja fjarri, að greiðsluákvæðin um 7/8 úr ríkissjóði eigi við hin dýrari og varanlegri mannvirki, en síður við minni varnarvirki eða bráðabirgðaaðgerðir. Ég tel mál þetta svo skylt því máli, sem rætt var næst á undan þessu og afgr. til fjvn.. að ég vil telja heppilegt að fresta þessari umr. og láta till. fara til sömu n., því þó hér sé ekki um nýja fjárveitingu að ræða, þá hefir tillagan, ef samþ. verður, í för með sér ný og aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

Pétur Magnússon: Ég tek eindregið undir það með hv. 4. landsk., að ákvæði laganna um samgöngubætur og fyrirhleðslur á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts séu svo skýr, að ekki sé um það að villast, að stj. sé heimilt að greiða 7/8 kostnaðarins við umbætur innan Hlíðarenda úr ríkissjóði. Mér finnst það ekki vera veigamikil rök hjá hæstv. atvmrh. að bera því við, að gengið hafi verið út frá, að varnirnar yrðu framkvæmdar á annan hátt. Það er mjög eðlilegt, að þeir, sem stjórna verkinu, geti komizt að raun um það, að önnur aðferð muni vera heppilegri heldur en sú, sem í upphafi var fyrirhuguð, en mér finnst það ekki skipta máli viðvíkjandi greiðslu á kostnaðinum, hvernig verkinu er hagað. Markmiðið er vitanlega hið sama eftir sem áður, að vernda landið fyrir frekari skemmdum, og það er aðalatriðið.

Það er vitanlega enginn ágreiningur um það, að verkinu þarf að halda áfram. Hitt er vafalaust rétt hjá hv. 4. landsk., að 1/8 kostnaðarins er víst nægilega erfiður hlutur handa bændunum að greiða og ekki fært að ætla þeim meira.

Ef nú á annað borð á að halda áfram á þeirri braut, sem þegar er komið út á í þessu máli, þá er það alveg nauðsynlegt. að ríkissjóður standi við gefin loforð um framlag til varnarvirkjanna, og vil ég því eindregið mæla með því, að þáltill. verði samþ.

Flm. (Jónas Jónsson): Ég ætla að gefa þær upplýsingar frá undirbúningi þessa máls, að það er rétt hjá hæstv. ráðh., að vegamálastjóri og aðrir, sem fjölluðu um málið, þegar lögin voru samin, gerðu ráð fyrir því, að síðar mundi verða gerður stór garður fram af Háamúla, sem veitti Þverá alveg frá Fljótshlíðinni, en það mannvirki er afardýrt og liggur tæpast fyrir í næstu framtíð, en verður vonandi síðasti liðurinn í því verki, sem þegar er hafið, og ég tel næsta mikið vafamál, hvort hægt verður að gera ráð fyrir, að hlutaðeigandi bændur eða sýslan geti einu sinni greitt 1/8 af kostnaði við það verk. En það má ómögulega blanda því verki saman við það, sem lögin frá 1932 voru sett um. Í næstu framtíð er ekki um annað að ræða en að halda ánni frá landinu, meðan ekki er hægt að ráðast í að veita henni í nýjan farveg. Þegar lögin voru sett, var það ljóst, að þetta verk þoldi enga bið, og lögin voru sett með tilliti til skjótra aðgerða, en ekki aðeins vegna framtíðarstórvirkis. Það kom í ljós, þegar verið var að vinna verkið, að hentugast var að byggja marga smágarða, en vitanlega er það í sömu aðstöðu gagnvart ákvæðum laganna frá 1932. Hæstv. ráðh. hefði því getað tekið dýpra á árinni, er hann sagðist hafa talið sig hafa heimild til að greiða úr ríkissjóði 3/4 kostnaðarins, því honum bar

skylda til að borga ⅞ kostnaðarins úr ríkissjóði. Hann var að tala um, að hann hefði samið við bændurna um að greiða ¼ kostnaðarins. Það er nú tæplega, held ég, hægt að kalla það samninga. Það þýðir lítið að deila við dómarann. Bændunum var nauðugur einn kostur að ganga að því, sem upp var sett. Annarsvegar var ráðunautur ríkisstj. ósveigjanlegur, en hinumegin sækir Þverá á landið. Hér voru alveg sérstakar kringumstæður og því ekki um venjulegt samkomulag að ræða. Annaðhvort var að láta ána brjóta niður þetta fagra og góða land eða þá að ganga að hinum hörðu og röngu kostum, enda þurftu bændur hart að sér að leggja með gjafa- og sjálfboðavinnu.

Ég skal taka það fram, að það er ekki meining þessarar þáltill. að raska þeim samningum, sem gerðir hafa verið um það verk, sem þegar er unnið. Þess vegna þarf ekkert að tala um endurgreiðslu á því, sem bændurnir þegar hafa lagt fram, heldur er það tilgangurinn, að stj. hafi í þessari heimild tvímælalausa heimild fyrir því, hvernig eigi að skilja bókstaf þeirra laga, sem um er deilt, og geti látið eins og vind um eyru þjóta skilning annara manna, sem telja sig hafa undirbúið þessi lög, en langar til að brjóta þau. Vegna þess að þál. á ekki að verka aftur fyrir sig, heldur aðeins í framtíðinni, sé ég ekki ástæðu til þess, að hún fari til n., og því tel ég ekki heldur þurfi að fresta umr. þessari.

Atvmrh. (Þorsteinn Briem): Mér skilst það á ræðu hv. 4. landsk., að hann ætlist ekki til, að till. verði lögð til grundvallar viðvikjandi greiðslu á kostnaði við það verk, sem þegar er unnið, heldur eigi till. aðeins að ná til framtíðarinnar, og er þess þá að vænta, að stj., hver sem hún verður, líti svo á það mál.

Viðvíkjandi því, sem hv. 2. þm. Rang. sagði, að stj. hefði ekki aðeins verið heimilt, heldur jafnvel skylt að greiða ⅞ kostnaðarins, þá verð ég að segja það, að ég get ekki talið mér skylt að láta framkvæma hvert það verk, sem einhver ákvæði eru sett um í lögum, ef ekki er fyrir hendi nein fjárveiting til þess. Það eru mörg lög afgr. frá þinginu nú á tímum, sem fela í sér útgjöld fyrir ríkissjóð, án þess að veittur sé einn eyrir til þess í fjárlögum, og svo er um þessi lög. Veit ég ekki, hvar það mundi lenda með fjárhagsafkomu ríkissjóðsins, ef líta ætti á öll slík lagaákvæði sem beinar fyrirskipanir, án tillits til þess, hvort nokkur eyrir er veittur í fjárlögum, eða yfir höfuð er til eða ekki í slíkar greiðslur. Ég er ekki í vafa um það, að hver stj., sem með völd færi á þessum tímum, yrði að líta á slík lagafyrirmæli aðeins sem heimildir, meðan ekki er ætlað fé til framkvæmdanna í fjárlögum.

Úr því hv. flm. hefir lýst því yfir, að þáltill. eigi ekki að ná til þess, sem liðið er, þarf ég ekki fleira að segja, því ég geri ekki ráð fyrir, að ég hafi svo mikil afskipti af þessum málum í framtíðinni.

Forseti (EÁrna): Mér hefir skilizt á hæstv. atvmrh., að hann leggja til, að þessar umr. verði frestað og þáltill. vísað til hv. fjvn. (**JónasJ:** Tók hann ekki þá till. aftur? — **Atvmrh.:** Nei, það er bezt hún komi undir atkv.).

ATKVGR.

Till. um að fresta umr. og vísa till. til fjvn. felld með 6:4 atkv.

Tillgr. samþ. með 7 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem ályktun efri deildar Alþingis (A. 198).

7. Talstöðin í Papey.

Á 9. fundi í Nd., 14. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um starfrækslu talstöðvarinnar í Papey (A. 33).

Á 11. fundi í Nd., 16. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 12. fundi í Nd., 17. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Fyrir nokkrum árum var komið upp talstöð í Papey eystra. Þessi stöð var reist með tilliti til

þess, að hægt væri að ná veðurskeytum frá eynni, sem liggur vel til veðurathugana. Það dróst nokkuð lengi að koma stöðinni upp, og meðan á því stóð var sett upp veðurathugunarstöð á Vattarnesi. Þrátt fyrir það telur veðurstofan hér mjög nauðsynlegt að ná veðurskeytum frá Papey gegnum talstöðina, en það hefir ennþá ekki verið hægt sökum fjárskorts veðurstofunnar. Stöðin hefir þar af leiðandi verið svo lítið notuð, að landssíminn hefir nú í hyggju að leggja hana niður. Þó að þessi stöð væri upphaflega sett þarna vegna veðurskeyta, þá má einnig hafa önnur not af henni. Papey liggur í skipaleið og leið fiskibáta af Austfjörðum. Bátar alla leið norðan úr Neskaupstað sækja suður undir Stokksnes á vetrarvertíðinni, en hún er frá því í febrúar þar til í apríl. Þetta er löng leið og torsótt, og eru góðir bátar af þeirri gerð, sem algengust er þar, um 12 klst. hvora leið í sæmilegu veðri. Á þessum tíma árs eiga bátarnir oft við illviðri og myrkur að etja, og kemur oft fyrir, að þeir verði að nauðlenda. Þá er það ósjaldan, einkum í norðaustanveðrum, að bátar leita lægis undir Papey. Stundum liggja þeir þarna marga daga veðurtepptir, og áður en talstöðin kom gátu þeir ekkert látið af sér vita.

Það eru því almenn tilmæli sjómannanna eystra, er sækja á þessar slóðir, að talstöðin í Papey verði ekki lögð niður, og að þeirra tilhlutun flyt ég þessa þáltill. Landssímastjóri hefir boðið bóndanum í Papey stöðina með því móti, að hann kostaði rekstur hennar sjálfur, en um það hafa ekki náðst samningar enn, og er óvíst, að þeir komist í kring. En ég teldi það illa farið, ef stöðin gæti ekki starfað á næstu vertíð. Það eru dæmi þess, að bátar hafa lagt frá Papey út í hálfófæran sjó, sökum þess, að engum boðum var hægt að koma til lands, og veit ég um tvö slys, sem af því hafa orðið. Ég geri ráð fyrir því, að síðar mætti reyna að koma á einhverju samkomulagi, svo að stöðin þyrfti ekki framvegis að vera kostuð að öllu leyti af landssímanum. Það er hugsanlegt, að veðurstofan tæki þátt í kostnaðinum og að Slysavarnafélag Íslands fengist til að leggja eitthvert fé fram til hennar. En ég hefi enga von um, að þetta samkomulag takist fyrir næstu vetrarvertíð, og þess vegna er það nauðsynlegt, að landssíminn reki stöðina til bráðabirgða.

Ég vil aðeins bæta því við, að auk þeirra ástæðna, sem ég hefi bent á hér að framan, er Papeyjarheimilið mjög afskekkt. Eyjan liggur úti í reginhafi og oft engar samgöngur við land um langan tíma. En ef stöðin er, er miklu auðveldara að fá aðstoð úr landi, ef eitthvað amar að. En aðalatriðið í þessu máli er það, að stöðin getur orðið sjómönnum á þessum slóðum til ómetanlegs gagns.

Að endingu vænti ég þess, að hv. d. sjái þá miklu nauðsyn, sem hér liggur fyrir hendi, og geti fallizt á till.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Ég ætla að leyfa mér að gera till. um, að umr. verði frestað og málinu vísað til samgmn. Það er eðlilegt, þó ekki sé um stærra mál að ræða, að því verði vísað til n., þar sem talsvert liggur fyrir af upplýsingum viðvíkjandi því, sem hingað til hefir gert verið í málinu.

Stöðin er sett upp árið 1931. Nú hefir landssímastjóri gert till. um að leggja hana niður, vegna þess að sama og engin viðskipti hafa verið við hana. Árið 1931 voru við stöðina 4 skeyti og 1932 aðeins 3.

Í þessu máli hefir alls ekki verið farið að með neinni hörku. Svo vægilega var farið að við ábúanda, að honum var leyft að hafa stöðina, ef hann vildi borga aðeins 50 kr. á ári og starfrækja stöðina auk þess ókeypis.

Landssíminn hefir lagt fram fé til þess að koma stöðinni upp, en hefir ekkert fengið í aðra hönd. Það er eðlilegt, að landssíminn vilji losna við að reka stöðina með kostnaði, og þess vegna er ábúanda gefinn kostur á því að leigja stöðina, og honum virðist ekki vera mikið í mun að halda stöðinni, ef hann vill ekki vinna það til fyrir 50 krónur. Ég vildi taka þetta fram til þess að sýna fram á, að hér hafi ekki verið beitt neinu harðræði.

Ég hefi ekki athugað það, hvort hægt sé að koma á einhverju samkomulagi. En ég þykist vita, að landssíminn vilji ekki taka á sig störf veðurstofunnar eða út-

gjöld vegna hennar. Hinsvegar vænti ég þess, að samþ. verði að fresta þessari umr. og málinu vísað til samgmn., og mun ég þá afhenda henni þau skjöl, sem ég hefi, og vænti þess, að hún leiti sér upplýsinga bæði hjá landssímastjóra og öðrum aðilum.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Ég hefi ekkert á móti því, að málinu verði vísað til n. — Fjarri fer því, að ég hafi sagt, að beitt hafi verið harðræði í þessu máli. Það er laukrétt hjá hæstv. dómsmrh., að bóndanum hefir verið boðin stöðin til leigu, en ekkert hefir enn af samningum orðið. Þess vegna er ég hræddur um, að ekkert samkomulag náist fyrir vetrarvertíð, og hefi ég af þeim ástæðum komið fram með þessa þáltill., svo að tryggt væri, að stöðin yrði starfrækt.

ATKVGR.
Till. vísað til samgmn. með 15 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 22. fundi í Nd., 29. nóv., var fram haldið einni umr. um till. (A. 33, n. 185).

Frsm. (Þorleifur Jónsson): Ég vil leyfa mér til framhalds og uppfyllingar nál. á þskj. 185 að segja fáein orð.

Þessi þáltill. er komin fram vegna þess, að nú í sumar var ákveðið að hætta að starfrækja talstöðina í Papey. Ég skal geta þess fyrst, að í fjárl. 1930 var ákveðin 10 þús. kr. fjárveiting til að koma upp talstöð í Papey. 1931 komst það í framkvæmd að setja þessa stöð á stofn, en stofnkostnaðurinn varð ekki nema 3280 kr., eftir þeim skjölum, sem hér hafa legið fyrir. Þessi talstöð varð því miklu ódýrari en áætlað var upphaflega, og um það var ekki nema gott eitt að segja. Af skjölum málsins sést það einnig, að talsvert ólag hefir verið á sambandinu milli stöðvarinnar í Papey og á Djúpavogi, en ég veit ekki, af hverju það hefir stafað. Gæti hugsazt, að það hafi stafað aðeins af því, að rafgeyma þá, sem þarf við þessar skeytasendingar, hafi í svipinn vantað, eða þá að fólk það, er við stöðina starfaði, hafi verið óvant að nota þau tæki, sem til þess þarf.

Svo er annað. Landssímastjóri hefir þótt stöðin gefa lítið af sér og vildi fá Papeyjarbóndann til að taka hana að sér, en það hefir ekki fengizt ennþá. En þótt talstöðin væri komin þarna upp, þá þótti sjómönnum á Austfjörðum vanta allmikið á, að fengið væri það, sem þeir höfðu óskað eftir í sambandi við þessa talstöð, þar sem engar veðurfregnir voru sendar frá þessari stöð, en það hefir enn ekki orðið af því, að veðurstofan setti upp reglulega veðurathugunarstöð í Papey, en það telja sjómenn nauðsynlegt til að geta fengið nægilega glöggar fregnir af veðrinu á hafinu utan allra annesja.

Þegar það varð ljóst, að ætti að hætta að starfrækja stöðina í Papey, urðu sjómenn mjög óánægðir. Hafa þeir nú óskað, að þetta yrði lagt fyrir þingið og gerð gangskör að því af stj., að séð yrði um, að stöðin yrði starfrækt áfram, og ennfremur, að veðurfregnir yrðu daglega sendar út frá Papey.

Svo sem kunnugt er, þá er Papey á siglingaleið skipa fyrir utan Berufjörð. Þar er skerjótt leið og vandfarin inn á Berufjörð. Ef stórveður skella á, verður það helzta úrræði sjómanna að ná landi í Papey og liggja þar af sér veðrið. Mér hefir verið tjáð, að þar væri gott skjól fyrir báta í norðan- og suðvestanátt, en það eru einmitt hættulegustu veðrin á þessum slóðum. Í slíkum tilfellum er nauðsynlegt að hafa þarna talstöð, svo að þeir, sem þarna kynnu að verða að nauðlenda, geti sent skeyti til lands og látið menn vita, hvar þeir eru staddir.

Þegar líður á vetur, sækja menn sjó frá Fáskrúðsfirði, Eskifirði og jafnvel Norðfirði alla leið suður fyrir Hvalsneshorn, og er það langur sjóvegur. Á þeirri leið er Papey eina athvarfið, sem hugsanlegt er, að bátar gætu bjargað sér til, ef í nauðir rekur, og hún er syðsta stöðin á þessari leið, sem bátar geta náð til. Því er nauðsynlegt, að þarna sé talstöð, sem gæti látið vita til lands, hvort bátar eru komnir eða ekki. Þá vita menn fremur, hvar báts er að leita eða hvort þarf að leita hans, þegar hægt er að senda þannig tilkynningar um þá til heimila bátsverja og til slysavarnafélaga, hvar þeir eru staddir. Allt þetta mælir með, að talstöð sé í Papey. Ég býst því við, að þar sem stofn-

kostnaður þessarar stöðvar var ekki meiri en ég hefi áður getið um, þá láti stjórn og þing ekki undir höfuð leggjast að starfrækja þessa stöð framvegis, þó að það kynni að kosta 300—400 kr. árlega.

Ég skal geta þess, að ég átti fyrir hönd samgmn. tal við landssímastjóra og forstöðumann veðurstofunnar um þetta mál. Út frá samtalinu við forstöðumann veðurstofunnar býst ég við, að geti orðið að samningum, að veðurstofan taki að sér stöðina í Papey og geti komizt að sæmilegum samningum við Papeyjarbóndann. Forstjóri veðurstofunnar taldi enga frágangssök fyrir veðurstofuna að taka að sér að hafa þarna reglulega veðurathugunarstöð, ef hann gæti fengið sérstakt tilboð eða ákveðinn samning um starfrækslu stöðvarinnar frá Papeyjarbóndanum. Það eru greiddar 200 kr. til fullkominna veðurathugunarstöðva, og ef við það væri bætt svo sem 100 kr. til Papeyjarbóndans, gæti ég hugsað, að hann gerði sig ánægðan með það. Ég get ekki fullyrt, hvort bóndinn gengur að þessu, en það er sýnilega mikill hagur fyrir svona eyjarbónda að geta haft stöðugt talsamband við land, svo að ég býst við, að hann verði ekki mjög strangur í kröfum.

Þó að það kunni að þykja svart útlit fyrir þessa till., þar sem þrír nm. hafa skrifað undir með fyrirvara, þá er það ekki eins hættulegt fyrir málið og búast mætti við, því að ég veit ekki betur en að þessir nm. vilji, að málið gangi fram, en vilja aðeins fara aðra leið að því.

Sé ég svo ekki ástæðu til að fara frekar út í þetta, en vænti þess, að till. verði samþ.

Gísli Sveinsson: Ég viðurkenni, að þau rök, sem hv. frsm. hefir nú fært fram, eru í fullu gildi einnig frá okkar hálfu, sem höfum skrifað undir nál. með fyrirvara. En við teljum í fyrsta lagi, að í óþarflega mikið sé ráðizt að forminu til að koma fram með þáltill. um þetta mál, og í annan stað álítum við rétt að afgr. málið á einfaldari hátt. Það er vitað, að starfrækslu við þessa stöð er mjög einföld, og það hefir komið fram, að bóndinn í Papey er alls ekki frá því að taka að sér starfrækslu stöðvarinnar án endurgjalds. Það eina, sem hann vill ekki taka að sér, er viðhald stöðvarinnar, og hann vill ekki bera ábyrgð á gangi hennar að því leyti. Um þetta hafa komið skjöl fyrir ráðuneytið, og ég veit ekki betur en ráðuneytið hafi ætlað sér að skerast í þetta mál og greiða fram úr því. Við þetta stendur nú og hér er ekki við aðra að eiga í þessu sambandi. Landssíminn hafði með þetta mál að gera, og samkomulagið brást þar á mjög litlu og auðveldu atriði. Veðurstofan er ekki komin inn í málið enn, en nú er svo komið, að telja má auðvelt að fá hana til að kosta þarna fullkomna veðurathugun. Þess vegna getur þessi till. haft tvöfalda þýðingu, fyrir utan það hagræði, sem Papeyjarbóndinn hefir af stöðinni, þar sem hann fær þarna stöðugt talsamband við land, en það er í notum þess, að hann vill taka að sér skeytasendingarnar endurgjaldslaust, en að sjálfsögðu ekki veðurathuganir án endurgjalds, en fyrir þær mun veðurstofan greiða þóknun eins og við aðrar veðurathugunarstöðvar.

Till. okkar þriggja, sem skrifuðum undir með fyrirvara, er með þessum rökum og að öðru leyti með tilvísun til þess, sem fram hefir komið, að þessari þáltill. verði vísað til stjórnarinnar.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Eins og hv. frsm. tók fram, þá hefir þetta mál aðallega strandað á því, að veðurstofustjórinn hefir ekki kært sig um eða ekki talið sig hafa fé til að fá veðurfregnir frá Papey, og þegar það kom í ljós, að stöðin þar var ekkert notuð, taldi landssíminn af sinni hálfu, að ekki væri ástæða til að halda henni uppi, nema ábúandinn vildi kosta starfræksluna. Þetta tilboð stendur ennþá, og ég geng út frá því, að svo framarlega sem ábúandinn fær einhverja þóknun fyrir að taka veðurskeyti og senda þau, þá muni þetta ganga vel. Svo finnst mér líka fullhátíðlegt að samþ. þáltill. um þetta mál, en samt geri ég það ekki að neinu kappsmáli.

Þetta mál verður athugað og afgr. af stj. alveg eins, hvort sem till. verður vísað til stj. eða hún samþ.

Ég vildi gjarnan spyrja n., hvort hún hafi ekki haft tal af veðurstofustjóranum og hvaða till. hann mun gera til landssím-

ans. Vera má, að veðurstofan telji sig ekki hafa fé til að setja þarna upp fullkomna veðurathugunarstöð, enda er hún búin að búa allvel um sig með það á Vattarnesi.

Eysteinn Jónsson: Það, sem var fyrir mér aðalatriðið með þessari till., var það, að tryggt verði, að þessi stöð verði rekin næstu vertíð, og svo vitanlega áfram, en ég geri ráð fyrir, að samningar milli veðurstofunnar og annara aðila um þetta mál geti ekki komizt á fyrir vertíð. Þess vegna flyt ég till., svo að stöðin verði rekin með einhverju móti, og legg ég því áherzlu á, að till. verði samþ., og vænti, að stj. sjái svo um, að stöðin verði rekin á komandi vertíð, jafnvel þótt ekki verði unnt að komast að samningum, hvernig þessu skuli fyrir komið.

Frsm. (Þorleifur Jónsson): Hv. þm. V.-Sk. hefir nú gert grein fyrir afstöðu sinni. Fór þar sem mig varði, að þeir hv. nm., sem skrifuðu undir með fyrirvara, eru í rauninni samdóma því, að eitthvað sé gert fyrir þetta mál, en þeir vilja aðeins afgr. það á einfaldari hátt. Ég gæti líka frá mínu sjónarmiði gengið inn á það, einkum þar sem hæstv. ráðh. hefir nú lýst því yfir, að stj. hafi fullan vilja á þessu og muni taka alveg eins á því, hvort sem till. verður samþ. eða ekki. En úr því að stj. tekur vel í að framkvæma það, sem í till. stendur, þá er líka rétt, að hún sé samþ. Það er áhrifameira og meiri styrkur fyrir stjórnina.

En út af því, sem hæstv. ráðh. spurðist fyrir um, hvort n. hefði haft tal af forstjóra veðurstofunnar og landssímastjóra, þá vil ég geta þess, að ég hefi fyrir n. hönd haft tal af þessum mönnum um málið. Heyrðist mér hljóðið í landssímastjóra þannig, að hann fyrir hönd landssímans vildi helzt vera laus við þessa stöð, en annaðhvort Papeyjarbóndinn eða þá veðurstofan, sem mest mundi nota þessa stöð, tæki hana á leigu. Svo talaði ég við forstjóra veðurstofunnar, og heyrðist mér á honum, að þetta mundi vel geta gengið, að taka stöðina á leigu fyrir hönd veðurstofunnar, en mér heyrðist á honum, að það væri þó aðeins með því móti, að samningar gætu tekizt við Papeyjarbóndann um að taka að sér starfrækslu stöðvarinnar og veðurathuganirnar, en eins og hv. þm. V.-Sk. tók fram, þá er líklegt, að þeir samningar geti tekizt.

Aðalkostnaðurinn við starfrækslu stöðvarinnar er hleðsla rafgeyma. Verður að koma þeim til hleðslu á næstu rafstöð, sem er á Berunesi. Þess vegna verður að hafa a. m. k. 2—3 rafgeyma til skipta, svo að hægt sé að senda þá með þeim ferðum, sem falla milli lands og eyjar, svo að ekki þurfi að senda með þá sérstaklega, nema þá í ýtrustu nauðsyn. Þetta er aðalkostnaðurinn, og er auðvitað rétt, að sá, sem rekur stöðina, fái eitthvað fyrir það, en það yrði aldrei stór fjárhæð, því það kostar aldrei nema 2—3 kr. að hlaða rafgeyminn, og ef ekki þarf að senda sérstaklega með geymana milli lands og eyjar, þá kostar auðvitað ekkert að koma þeim til hleðslu.

Þá held ég, að ég hafi gefið hæstv. ráðh. þær upplýsingar, sem hann bað um. Og forstjóri veðurstofunnar taldi ekki ókleift að reka stöðina, þó að það kostaði 200—300 kr.; það yrðu einhver ráð með það. En um veðurathugunarstöðina sagði hann, að þyrfti að koma tækjum til Papeyjar, og búast mætti við, að þangað þyrfti að líkindum að senda mann, en það mundi ekki geta orðið fyrr en með vorinu, svo að það yrði fyrst þá, sem regluleg veðurathugunarstöð kæmist þarna upp. Það er því alveg rétt, sem hv. 1. þm. S.-M. sagði, að samningar um þetta mál mundu ekki takast fyrir byrjun þessarar vertíðar.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Ég skil tæpast, að ekki sé hægt fyrir næstu vertíð að komast að samningum við Papeyjarbóndann um að gera veðurathuganir og senda veðurskeyti á hverjum degi. (**EystJ:** Það er nú ekki langur tími, vertíðin byrjar í byrjun febrúar.) Nei, en það er alveg eins erfitt, þó að þál. verði samþ., og ég hélt, að hv. þm. ætlaðist ekki til, að með samþ. þessarar till. ætti að koma stjórninni í bobba með því að biðja hana að framkvæma eitthvað, sem væri ómögulegt. Það er ekki hyggilegt vegna samninganna við bóndann í Papey að fyrirskipa stj., að þetta skuli

gert, því að það gefur bóndanum möguleika til að setja kröfur sínar miklu hærra, og það átti ég einungis við, þegar ég lagði til, að till. yrði vísað til stj. En hv. d. kærir sig víst ekkert um þetta, og skal ég þá ekki fást neitt um það.

Þar sem regluleg veðurathugunarstöð getur ekki komið fyrr en síðar, er ekki um annað að ræða en dagleg veðurskeyti. Sú reynsla, sem á talsamband við eyna er komin, bendir ekki á mikla notkun, því ef ég man rétt, hafa ekki það hálft annað ár, sem stöðin hefir verið í gangi, átt sér stað nema eitthvað 4 til 5 samtöl. Það má vel vera, að notkunin hefði orðið meiri síðar, en þessi litla notkun olli því, að landssímastjóri áleit, að ekki væri mikil þörf fyrir þessa stöð. Náttúrlega er allt öðru máli að gegna, ef veðurstofan vildi setja þarna upp stöð til veðurathugana með vorinu. Þá skal ég með ánægju vinna að því, að stöðin starfi á næstu vertíð.

Eysteinn Jónsson: Mér finnst kenna nokkurs misskilnings í umr. um þetta mál, og er hann aðallega í því fólginn, að gert er ráð fyrir, að þessi till. fari fram á eitthvað, sem kunni að vera ómögulegt. En svo er ekki. Það er gert ráð fyrir í till., að stöðin verði rekin undir öllum kringumstæðum, þó ekki takist samningar við veðurstofuna um rekstur hennar. Er það fyrst og fremst með afnot sjómanna fyrir augum, og eftir upplýsingum, sem ég hefi fengið, verður rekin þarna veðurathugunarstöð í framtíðinni. Ég vil benda á það, að sjútvn. fékk nýlega tilmæli um það frá skipstjórafélögunum í Rvík og Hafnarfirði, að sjá til þess, að fullkomin veðurathugunarstöð verði sett upp í Papey. Það er vitanlegt, að með tímanum, og vonandi mjög bráðlega, kemur þarna myndarleg veðurathugunarstöð. Þess vegna legg ég mikla áherzlu á, að rekstur talstöðvarinnar falli ekki niður undir neinum kringumstæðum, þó ekki náist samningar við veðurstofuna eða bóndann í Papey að svo stöddu, því auðvitað nást slíkir samningar á sínum tíma.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Það verður mjög erfitt að reka stöðina án þess að ná samningum við bóndann. (**EystJ:** Landssíminn getur rekið hana). Heldur hv. þm., að það yrði ódýrara að láta sérstakan mann fara austur til þess að starfrækja stöðina? (**EystJ:** Ég efast ekki um, að bóndinn mundi fást til þess). Til þess þarf samning við bóndann. Og ég átti við, að það mundi ekki verða léttara að semja við hann, ef búið væri að ákveða, að reka yrði stöðina undir öllum kringumstæðum, hvað sem það kostaði. Þá gæti hann sett upp það, sem honum sýndist.

ATKVGR.

Till. um að vísa málinu til ríkisstj. felld með 13:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GSv, GÍ, HJ, JakM, JÓl, JP, JS, MG, PHalld, PO, TT, ÞÞ, ÁÁ.

nei: HG, HV, IngB, JJós, ÓTh, TrÞ, VJ, ÞorlJ, BJ, BSt, EystJ, FJ, JörB.

Tveir þm. (HStef, BÁ) fjarstaddir.

Tillgr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem ályktun neðri deildar Alþingis (A. 225).

8. Sala innanlands á landbúnaðarafurðum.

Á 19. fundi í Ed., 25. nóv., var úthýtt:

Till. til þál. um sölu innanlands á landbúnaðarafurðum (A. 156).

Á 20. fundi í Ed., 27. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að *till. forseta* var ákveðin ein umr.

Á 21. fundi í Ed., 28. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti (EÁrna): Mér hafa borizt tvær skrifl. brtt. við þessa þáltill. Önnur er frá hv. 3. landsk. og hljóðar svo:

„Í stað orðanna „og Mjólkurbandalags Suðurlands“ komi: Mjólkurbandalags Suðurlands og Kaupfélags Borgfirðinga“.

Hin till. er frá hv. 4. landsk., svo hljóðandi:

„Tillgr. orðist svo:

Efri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að skipa 3 manna nefnd ólaunaða, til að undirbúa fyrir næsta þing frumv. um skipulag á sölu landbúnaðarafurða innanlands, svo framarlega sem Samband ísl. samvinnufélaga, Sláturfélag Suðurlands og Mjólkursamlag Suðurlands vilja leggja til, hvert um sig, einn mann í nefndina".

Til þess að till. þessar geti komizt hér að til umr. og atkvgr., verður að leita afbrigða frá þingsköpum.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Flm. (Jón Jónsson): Ég hefi leyft mér að flytja þáltill. á þskj. 156, um sölu innanlands á landbúnaðarafurðum. Eins og menn vita, veldur það miklum áhyggjum hjá öllum þeim, sem stunda landbúnað, og öllum, sem láta almenn mál til sín taka, hve erfitt er nú um markað fyrir landbúnaðarafurðir. Nú síðustu árin a. m. k. hefir landbúnaðurinn orðið að sæta þeim markaði fyrir sínar vörur, sem er svo óaðgengilegur og hörmulegur, að ekki hefir verið hægt að reka hann, nema með tapi. Eins og menn vita, hefir það mjög færzt í vöxt hin síðustu ár að selja þessar vörur innanlands, og markaður sá hefir aukizt hröðum skrefum, sem stafar af stækkun bæjanna og kauptúnanna. Á þessari innanlandssölu hefir verið töluvert ólag. Mikið hefir verið um það rætt, en lítið hefir verið gert til þess að ráða bætur á því. Því hefir jafnvel verið haldið fram, að tekizt hafi svo óhöndulega til, að stundum hafi verðið á þessum vörum hér innanlands verið lægra en fyrir samskonar vörur hefði fengizt með því að selja þær til útlanda. Ég býst nú við, að það sé blekking. En samt sem áður er það ljóst, að ekki er svo gott lag á þessari sölu sem ætti að vera. Mér finnst, að ekki sé hægt að gera minni kröfur til þessarar sölu en það, að verðið fyrir vöruna a. m. k. svari ríflega til framleiðslukostnaðar. Minni kröfur er ekki sanngjarnt að gera, þó að hinsvegar megi segja, að það, sem verðið fer langt fram úr því, sé ekki heppilegt. Það mun bezt vera og réttast fyrir báða aðila, að verðið sé sem sanngjarnast. Það, sem hér mun aðallega vera því til fyrirstöðu, að þessi sala fari vel úr hendi, er, að afurðasalan er á allt of mörgum höndum og tilkostnaður í sambandi við hana þar af leiðandi allt of mikill. T. d. er nú svo komið, að mjólkurbúðir eru um allt í þessum bæ, og kjötverzlunin er á góðum vegi með að komast í svipað horf og mjólkursalan. Hér hefir það komið í ljós um kjötsöluna, að ýmsir spekúlantar hafa keypt fé af bændum síðastl. sumar, sérstaklega á meðan verðið var hátt. Og þá var um að gera að afsetja sem allra fyrst og bjóða sömu vöruna með lægra verði en aðrir hafa selt hana fyrir hér á staðnum á sama tíma. Með þessu móti hafa þessir spekúlantar orðið til þess að spilla heildarmarkaðinum.

T. d. skal ég nefna, að 21. júlí í sumar — það var víst um það leyti sem Sláturfél. Suðurlands byrjaði að taka fé til slátrunar — þá setti það heildsöluverðið 1,90 kr. á kg. En litlu seinna kemur heildsali, sem býður kjöt fyrir 1,60 kr. kg. Það fóru þess vegna svo leikar, að Sláturfél. Suðurlands varð að lækka verðið, og 25. ágúst var kjötverðið hjá því komið niður í 1,10 kr. kg. Og kunnugir fullyrða, að vel hefði þá mátt fá kjöt fyrir 80 aura kg.

Það má nú segja að vísu, að það sé eðlilegt, að verðið lækki þegar líður á sumarið og lömbin stækka. En svona mikill munur nær ekki nokkurri átt.

Það stærði sig einn smásali af því hér í sumar, að hann gæti alltaf fengið kjöt fyrir 10 aurum lægra verð kg. hjá kaupmönnum heldur en hér væri kostur á hjá Sláturfélaginu. Og þó sagði hann, að hann gæti fengið kjötið enn 10 aurum ódýrara hjá sveitamönnum. Og þaðan keypti hann það með því að borga það í vörum, og er óhæfilegt, að slíkt geti átt sér stað, að samkeppnin dragi verzlunina þannig niður.

Það má kannske segja, að l. frá síðasta þingi um kjötmat og heilbrigðisráðstafanir um mjólkursölu hefðu átt að ráða bót á þessu. En þau eru svo ófullkomin þessi síðarnefndu l., að ég býst við, að erfitt muni verða að beita þeim. Hinsvegar er mikill vandi að segja um,

hvernig með þetta skuli fara. Það er mikill vandi að semja lagabálk um þetta, sem sé sanngjarn fyrir framleiðendur og líka fyrir neytendur. Þess vegna hefi ég lagt það til, að þetta mál verði undirbúið fyrir næsta þing þannig, að stj. fái það algerlega í sínar hendur og ráði starfsaðferðum við að gera tilraun til að koma þessari afurðasölu í gott horf. Til þess þarf auðvitað nákvæma og rækilega rannsókn á málinu, og virðist mér heppilegt, að stj. fengi til leiðbeiningar í sínu starfi umsögn þeirra, sem mest hafa með þessi mál að gera, svo sem B. Í., Sís, Sláturfél. Suðurlands., Mjólkurbandalags Suðurlands og Kaupfél. Borgf. En þetta kaupfélag láðist mér að setja í upptalninguna í þáltill. minni, en hefi bætt því við með skrifl. brtt., sem ég hefi borið fram.

Treysti ég engum betur til að rannsaka þetta efni heldur en landbúnaðarráðuneytinu, en ég fer ekki út í að ræða, hvaða leiðir er hér heppilegast að fara. En mér finnst liggja beint við, að sett sé nefnd, sem hafi vald til þess að ákveða verðlag á þessum vörum fyrir framtíðina. Hvernig sú n. yrði skipuð, fer ég ekki út í að ræða. Það er verkefni stj. að ákveða það. Þrátt fyrir slíka nefndarskipun til að ákveða verðlagið, vil ég alls ekki, að stofnað verði til neinnar einokunar. Alls ekki. Heldur vil ég láta alla aðila, sem ég hefi talað um í till. mínum, hafa svona eftirlit um verðlagið.

Mönnum mun kannske þykja þetta harðir kostir fyrir neytendur. En ég er ekki viss um, að það þyrfti að vera, því að ég tel, að með l. megi tryggja þeirra rétt. Ég veit ekki betur en að síðustu árin hafi sumstaðar í öðrum löndum verið lögð samskonar áherzla og þetta á skipulag um afurðasölu landbúnaðarins. T. d. er það svo í Noregi um sölu svínakjöts, að ákvæði eru til um það, að þeir bændur, sem selja það utan sinna vissu samlaga, verði að borga vissan skatt af þeirri sölu sinni í einskonar verðjöfnunarsjóð. Þess vegna finnst mér ekkert óeðlilegt, að við tökum okkur þetta til fyrirmyndar.

Sjálfsagt má gera ráð fyrir því, að þessar athuganir um sölu landbúnaðarafurða innanlands mundu óhjákvæmilega leiða til þess, að farið yrði að athuga nákvæmlega sölumöguleika þessara vara erlendis.

Fyrir þessari afurðasölu innanlands virðist eðlilegast, að þau héruð sitji, sem hægasta eiga aðstöðu um að koma vörum sínum til kaupstaðanna og þorpanna. En spurningin er þá, hvort ekki sé rétt að bæta þeim sveitum upp verð á sínum vörum, sem afskiptar yrðu þessum markaði, með einhverskonar verðjöfnun. Í fjárl. þeim, sem gilda fyrir næsta ár, er gert ráð fyrir, að ríkið styrki þá menn, sem flytja út kjöt, ef verðið fyrir það verður mjög óviðunanlega lágt, og landbn. hefir skorað á stj. að nota þessa heimild. En ég efast um, að þetta þyki heppileg leið til frambúðar. En vitanlega þarf ríkisvaldið að vinna að því, að framleiðendur geti framleitt þannig og selt vörur sínar, að verðið fyrir afurðirnar svari a. m. k. til framleiðslukostnaðar. Spurningin er þá þessi: Hvernig á að fara að því, ef erlendi markaðurinn fyrir afurðirnar er ekki nógu góður til þess að þetta megi verða? Ég álít, að það gæti komið til mála, að þeir, sem selja innanlands, leggi eitthvað í verðjöfnunarsjóð.

Þriðja leiðin er til í þessu efni, sem ef til vill er sanngjörn og því til athugunar, en ég fer ekki út í að gera till. um. En það er gengisbreyting peninganna. Það er náttúrlega spursmál nú, hvort framleiðendur verða ekki of hart úti með því, að krónunni sé haldið í því gengi, sem hún er í nú. Vitanlega, ef krónan er felld, þá kemur það fyrst og fremst þeim til góða, sem selja vörur út úr landinu. En þetta er svo stórt mál, gengisbreyt., að ég ætla ekki að fara út í að ræða það nánar hér. Allt þetta mál þarf að athuga frá rótum vel og rólega. Treysti ég engum betur til þess en landbúnaðarráðuneytinu.

Komið hefir fram skrifl. brtt. frá hv. 4. landsk. um að umturna allri minni till. Ég sé ekki neina sérstaka nauðsyn á því, eða að fyrir hv. þm. vaki annað en það, að draga þetta mál undan stj. og setja það í einhverja n. Að málinu sé nokkuð betur borgið fyrir það, hygg ég, að orki tvímælis. Held ég, að það muni verða handhægast og bezt að fela stj. að rannsaka þetta mál. Sé ég því enga ástæðu til að samþ. brtt. hv. 4. landsk. Vil ég að síðustu mælast til þess við hv. d., að hún

leyfi till. mínum að ganga áfram, í þeirri von, að eitthvað gott megi af því leiða fyrir landbúnaðinn og landið í heild.

Jón Baldvinsson: Hv. flm. minntist í ræðu sinni á eitt atriði, sem mér finnst ekki rétt að ganga alveg þegjandi framhjá. Það voru hugleiðingar hans um gengislækkun krónunnar. Hann var með hugleiðingar um það, hversu mikið gagn framleiðendur í þessu landi hefðu af því, ef ísl. krónan yrði felld í verði.

En ég er nú hræddur um, að honum skjátlist þar mjög, því að tvær hliðar eru á því máli. Sú hlið þessa máls, sem hv. þm. talaði ekkert um, er, að nær allt hækkar í verði, sem bændur þurfa að kaupa. Ég ætla aðeins að benda honum á það, að sá maður, sem nú hefir með höndum sennilega stærstu sölu á landbúnaðarafurðum okkar, einn af framkvæmdarstjórum Sís, hann lítur svo á, að það færi bændum engar hagsbætur, eins og nú er komið málum, þó að gengislækkun yrði á ísl. krónunni. Hinsvegar, þegar gengislækkun er komin, hvar á þá að stanza? Ef krónan fer úr þeim skorðum, sem hún hefir verið í um nokkuð langt skeið, og sem verðlag á vörum og öðru í landinu hefir lagað sig eftir, þá er ómögulegt að vita, nema krónan hrapi niður í núll, eins og komið hefir fyrir um mynt annara þjóða, þegar þær hafa ætlað að bæta hag sinn með því að lækka gengi myntar sinnar. Ef krónan lækkaði í verði, þá er vitanlegt, að kröfur myndu koma frá öllum þeim mikla hluta þjóðarinnar, sem ekki hefir neina framleiðslu til að selja, heldur fær kaup fyrir vinnu sína. Það er öll verkamannastéttin til sjós og lands og allir starfsmenn og embættismenn landsins.

Ef hv. 3. landsk. er að ímynda sér, að þessar stéttir þjóðfélagsins létu það ganga hljóðalaust, að íslenzka krónan væri felld í verði svo eða svo mikið, án þess að gera kröfur um hækkuð verkalaun, þá er það hinn herfilegasti misskilningur. Jafnskjótt sem krónan yrði felld, þá mundu þær koma, þessar kröfur, alveg sem nema mundi lækkun krónunnar. Ég er því ákaflega hræddur um, að það yrði mjög tvíbent fyrir bændur að vera að óska eftir þessu. Af slíkum ráðstöfunum mundu örfáir framleiðendur ef til vill hafa hag um stuttan tíma, þeir, sem framleiða í stórum stíl. En vitanlega mundi allt leita jafnvægis aftur, og mundu þá kröfurnar koma um það, að verkafólk fengi hækkað kaup fyrir sína vinnu.

Þegar verið er að tala um slíkar ráðstafanir, sem hv. 3. landsk. var að tala um viðvíkjandi skipulagningu á sölu afurðanna, þá skil ég það ákaflega vel, að bændur vilji fá betra skipulag á þessa sölu heldur en nú er á henni. Ég álít ekki nema eðlilegt, að það sé reynt, og það jafnvel — ég segi **jafnvel** þótt það hafi einhverja verðhækkun í för með sér, en hún mætti ekki vera mikil. En það er vitanlega sjálfsagt að haga svo sölunni, að hægt sé að draga úr þeim kostnaði við hana, sem nú á sér stað.

Það, sem mér finnst skorta á hjá hv. 3. landsk., er, að hann vill ekkert samneyti hafa við þann hluta þjóðarinnar, sem á að kaupa vöruna og neyta hennar. Þetta finnst mér alveg skakkt. Mér finnst það nauðsynlegt, þegar bændur tala um að koma skipulagi á sölu þessara afurða, þá eigi þeir að fá neytendur einnig í lið með sér til að „organisera" söluna.

Vil ég því koma með brtt. við þessa þáltill. Ég er ekki alveg viss um það ennþá, hvort sú brtt. mín ætti að koma inn í brtt. hv. 3. landsk. eða brtt. hv. 4. landsk. En till. er í þá átt, að þarna sé hafður með í ráðum sá félagsskapur, þar sem saman eru komnir, a. m. k. í einu lagi, flestir neytendur vörunnar, þ. e. Alþýðusamband Íslands. Ég ætla að athuga, inn í hvora till. bezt muni að fella þessa brtt. mína. Að ég er ekki búinn að því, stafar af því, að ég hefi ekki haft tækifæri til að bera saman till. þeirra hv. 3. landsk. og hv. 4. landsk. Væri rétt að hafa allar þessar till. svo prentaðar, til þess að þær gætu legið fyrir við atkvgr.

Jónas Jónsson: Ég vildi aðeins óska, að forseti sæi sér fært að fresta til morguns þessum umr. Ég er þó viðbúinn að tala um mína till. En þar sem fyrir liggja þrjár skrifl. brtt., en aðeins ein umr. ákveðin um málið, álít ég réttara að fresta umr.

Umr. frestað.

Á 22. fundi í Ed., 29. nóv., var fram haldið einni umr. um till. (A. 156, 203, 208, 209, 210).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 208, 209, 210. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Magnús Jónsson: Það er náttúrlega ekki ástæða til þess að andmæla því út af fyrir sig, þó að þingið vilji skora á ríkisstj. að láta athuga, hvernig bezt skuli haga sölu á landbúnaðarafurðum innanlands. Mönnum hefir orðið tíðrætt um ólag á sölunni t. d. hér í Rvík vegna of margra milliliða. Varan er í of háu verði, enda þótt framleiðendur fái mjög lítið fyrir hana, og þó að ég haldi, að nefnd, sem sett yrði til þess að rannsaka þetta, myndi ekki finna púðrið í þessu, þá er ég í sjálfu sér ekki á móti því, að þetta verði athugað. En ég hefi ekki trú á því, að það verði auðvelt að lagfæra það á annan hátt en þann, sem næst með hinni frjálsu samkeppni.

Ég vil minnast á það, að þessi till. er bersýnilega miðuð við það eitt að hækka vöruverðið. Þegar um sölu afurða er að ræða, þá koma tvennskonar hagsmunir til greina: hagsmunir framleiðendanna, að fá sem hæst verð fyrir vöruna, og hagsmunir neytendanna, að þeir fái vöruna við sem lægstu verði. Ef löggjafarvaldið fer að skipta sér af þessum málum, þá verður það að vega salt þarna á milli, svo að tekið sé tillit til beggja aðila. Með þessari till. er aðeins tekið tillit til annars aðila, með því að setja lágmark verðs, en ekkert hámark. Það á með þessari till. að koma því til vegar, að Reykvíkingar og aðrir kaupstaðabúar fái nú að borga nógu hátt verð. Það getur verið álitamál, hvort ekki eigi að gera þetta, hvort ekki sé nauðsynlegt að setja þessa skrúfu á kaupstaðabúana, hvort þetta sé ekki helzta ráðið til þess að lyfta framleiðslunni upp úr því feni, sem hún er sokkin niður í, en hitt dylst engum, að þetta er tilgangurinn með till. Ég tala hér í umboði minna kjósenda, sem eru neytendurnir í Reykjavík, og fyrir þeirra hönd get ég alls ekki fallizt á þessar ráðstafanir.

Hv. flm. taldi það hneyksli og áleit það bera vott um óeðlilega samkeppni, að einn heildsali hér í bænum hefði verið að hrósa sér af því að geta selt landbúnaðarafurðir við lægra verði heldur en almennt gerist. Þetta er ekki óeðlileg samkeppni, heldur einmitt eðli hennar. Þetta er einmitt ávöxtur hinnar frjálsu samkeppni. Hver hleypur í kapp við annan um að kaupa vöruna sem ódýrast, til þess að geta selt neytendunum hana við sem lægstu verði. Hin eðlilega samkeppni verkar alltaf verðlækkandi, og þess vegna er þetta í sjálfu sér ekkert hneykslanlegt frá almennu verzlunarsjónarmiði. En það, sem hv. flm. vill með þessari till., er að afnema þessa eðlilegu samkeppni.

Hv. flm. minntist á reglu um eðlilegt verðlag og taldi, að það væri framleiðslukostnaður að viðbættum kostnaði við dreifingu og væntanlegum ágóða. Ég held nú, að þetta sé skökk regla, og skal sýna það með dæmi: Ef ég setti mig niður og færi að búa til eldspýtur, en gerði það með svo óheppilegri aðferð, að framleiðslukostnaður að viðbættum dreifingarkostnaði og ágóða yrði ein króna á eldspýtustokkinn, þá gæti ég samt sem áður ekki selt hann fyrir það verð. Í reyndinni sýnir það sig, að hið eðlilega verð hverrar vöru er það, sem fæst fyrir hana á frjálsum markaði. En þessi regla getur verið rétt hér, ef gera á ráðstafanir til þess að útiloka eðlilega samkeppni, og það er það, sem till. fer fram á. Ég sagði áðan, að till. væri algerlega stefnt á móti neytendunum, og þetta er líka beinlínis sagt í till. og sést líka mjög greinilega af því, hvernig á að skipa ráðunautana eftir till. n. og hv. 3. landsk., þar sem fulltrúar framleiðendanna einir eiga að ráða um verðlagið. (**JónasJ:** Ekki eftir minni till.; ég breytti henni). Já, þar er Alþýðusambandið tekið með, og þá verður n. þannig skipuð, að það verða 1:4. En eftir upphaflegu till. átti að skipa hana alveg einhliða. M. ö. o., stj. á að vera verkfæri í hendi annars aðila. Það á að leita ráða til þess að neyða kaupstaðabúana til að kaupa vöruna óeðlilega háu verði. Og þegar þessi till. er skoðuð í sambandi við önnur lög, sem miða að því að útiloka líka erlenda keppinauta, þá fer till. að verða nokkuð varhugaverð.

Ég ætla að reyna að afla mér skýrslna, er sýna, hversu margar krónur eru bein-

línis teknar úr Reykjavík með því að útiloka erlenda framleiðendur frá markaði hér. Ég veit ekki, hversu há þessi upphæð er, en get búizt við, að það skipti millj. króna, sem á þennan hátt er tekið af Reykvíkingum. Því hefir verið haldið fram af þeim, sem hafa verið þessari útilokun útlendinga hlynntir, að engin hætta væri á gífurlegri verðhækkun, af því að innlendu keppinautarnir væru svo margir. En nú virðist eiga að taka upp þá reglu, að útiloka fyrst erlenda framleiðendur í skjóli þess, að þeir innlendu séu svo margir, og síðan á að útiloka alla samkeppni innanlands. Það á að setja á laggirnar klóka nefnd, sem komi í veg fyrir alla samkeppni, og þegar því er komið í kring, þá er búið að binda kaupstaðabúana á höndum og fótum og má taka þeim blóð eftir vild.

Nú má ekki skilja orð mín svo, að ég telji með öllu óeðlilegt, að kaupstaðabúarnir séu háðir einhverjum fyrirmælum um hækkað verð til þess að styðja framleiðendurna á þessum erfiðu tímum, en ég verð samt að segja, að fulltrúar framleiðendanna verða að gæta hófs í slíku. Ef kauptúnunum finnst þeim vera hrapallega misboðið af löggjafarvaldinu, þá hafa þau nóg ráð til þess að gera öll slík ákvæði að engu, því að það er ómögulegt, hversu fegnir sem menn vildu, að setja lög um það, að svo og svo mörg pund skal hver Reykvíkingur borða af kjöti, smjöri eða öðrum landbúnaðarafurðum, enda væri erfitt að framfylgja slíkum lögum, þó þau væru sett. Kaupstaðabúar geta sagt: við kaupum ekki ykkar dýru vöru —, og væri illt til þess að vita, ef með forsi væri farið að kaupstaðabúunum og vakin með því mótstaða og óvildarhugur milli kaupstaða og sveita.

Hv. frsm. sagði margt, sem ég hefði haft gaman af að athuga. T. d. komst hann svo að orði, að ekki væri stefnt til neinnar einokunar, þó að einstaklingarnir mættu ekki hafa þessa sölu á hendi. Ég sé nú ekki, af hverju hv. flm. dregur þessa ályktun. Það er ekki minnzt á þetta í till., og ekki sé ég, hvernig það er tryggt með vali fulltrúanna. Mér virðist einmitt, að stefnt sé með þessari till. að einokun, þar sem annar aðili fær öllu að ráða og hinn er seldur honum varnarlaus í hendur.

Þá spyr hv. flm., hvernig eigi að fara með þá, sem búa fjarri höfuðstaðnum og geta ekki snuðað Reykjavík beinlínis. Og hann kemst að þeirri niðurstöðu, að leggja verði á verðjöfnunarskatt. Mér skildist helzt, að þessi verðjöfnunarskattur ætti fyrst að renna til ríkisins, sem greiddi síðan til framleiðendanna.

Sú er reynslan, að þeir, sem borga eiga þetta háa vöruverð, borga einnig skattana til ríkissjóðs. Og nú á að fara að hækka álögurnar enn á ný. Það er því bersýnilegt, að hér er stefnt að ófriði milli neytendanna annarsvegar og framleiðendanna hinsvegar, og sá ófriður er báðum til stórskaða og hnekkis.

Þá minntist hv. flm. á lækkun krónunnar sem bjargráð fyrir bændur, og var honum andmælt af hv. 2. landsk. Ég get tekið undir það með hv. 2. landsk., að krónulækkunin er tvíeggjað sverð. Krónulækkunin breytir að mínu áliti í raun og veru engu, a. m. k. ekki til lengdar. Hvort þetta er kölluð króna eða hitt, breytir engu við jöfnun á tekjum og gjöldum. Sú eina von, sem menn setja á lækkun krónunnar, er, að á meðan verið er að lækka hana græða framleiðendurnir í svipinn, meðan vinnulaun og vöruverð er ekki búið að laga sig eftir krónulækkuninni. En sem framtíðarlækning er krónulækkunin hrein fjarstæða.

Það er rétt, sem hv. 2. landsk. sagði, að þetta mundi leiða af sér harðvítugar deilur, og er að vísu ekkert við því að segja í sjálfu sér, ef það aðeins leiddi til þess, sem því er ætlað að leiða, en svo er alls ekki. En um leið og ég játa þetta, vil ég jafnframt segja það, að því er snertir okkar peningaástand, hvað okkur gengur illa að halda jöfnuði í verzluninni við útlönd, að þetta ber vott um, að gjaldeyririnn sé of hár, eins og hv. flm. sagði; aðeins kýs ég heldur að orða þetta öðruvísi, að framleiðslukostnaðurinn er of mikill í sambandi við verð vörunnar. Framleiðslan dreifir út fleiri krónum en inn koma á móti fyrir vöruna, og kann slíkt auðvitað ekki góðri lukku að stýra. En ég vil benda á það, að það eru harla einkennilegar ráðstafanir, sem

menn vilja gera til þess að bæta úr þessu. Menn eru þannig alltaf að koma fram með kröfurnar um vaxtalækkun, og er það þó mála sannast, að vaxtalækkun mundi stuðla að því að auka þetta böl. Á þessum tímum, þegar við eigum erfitt með að standa í skilum með erlendar greiðslur, eru ströng innflutningshöft og vaxtalækkun hreinasta fjármálaóvit. Ég skal ekki fara að halda hér neinn fyrirlestur um þetta. Það liggur í augum uppi, að vaxtalækkun mundi örva viðskiptalífið, fleiri seðlar fara í umferð, kaupgeta almennings aukast, hvort sem hún yrði nú fölsk eða ekki, og fleiri peningar rúlla manna á milli, og allt mundi þetta leiða til þess, að kröfurnar á erlendan gjaldeyri mundu aukast. Það er viðurkennd regla, þegar viðskiptajöfnuðurinn er erfiður, að gripið er til vaxtahækkunarinnar, sem skrúfar fastar að viðskiptalífinu, svo að nauðsynlegur kyrkingur kemur í allt fjármálalífið, dregur úr viðskiptum öllum, svo að kröfurnar á erlendan gjaldeyri minnka og ógegndin, sem gripið hefir um sig á öllu fjármálasviðinu. Ég verð því að segja það, að það er lítil von til þess, að viðskiptaástandið lagist á meðan hver ráðstöfunin, sem gerð er, rekur sig á aðra, annarsvegar innflutningshöft og hinsvegar vaxtalækkun. Að því er krónulækkunina snertir, þá hefi ég áður bent á það, að framleiðslukostnaðurinn er of mikill og verður að fara niður, ef við eigum að geta haldið gjaldeyrinum. Innflutningshöftin veita hér enga lækningu, heldur aðeins að komist á samræmi milli tilkostnaðarins við framleiðsluna og afrakstrarins af henni.

Að því er brtt. snertir, sem fram hafa komið, þá vil ég segja það hvað snertir brtt. hv. 4. landsk., að hún miðar í þveröfuga átt, og er ég því meira á móti henni en upphaflegu till. eins og hún er. Brtt. hv. 2. landsk. miðar að því leyti í rétta átt, að þar er stefnt að því að koma inn einum aðila fyrir neytendurna, en till. gengur hinsvegar allt of skammt í þessa átt og er því ófullnægjandi. Ég hefði talið réttast, að bæjarstj. útnefndu einn manninn í n., enda er þetta ekki málefni verkamanna sérstaklega, heldur varðar það alla íbúa kaupstaða og bæja jafnt, og því aðeins að n. sé skipuð aðilum frá báðum hliðum, verður hægt að vænta þess, að stj. fái heilbrigðar till. til að fara eftir.

Ég vil alvarlega vara við því að spenna bogann of hátt, enda má segja, að hann sé of hátt spenntur nú þegar, því að ef boginn er of hátt spenntur, getur það leitt til þess, að virk mótstaða verði hafin á móti, sem ekki yrði á valdi Alþingis að koma í veg fyrir.

Jónas Jónsson: Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir það, að hann frestaði umr. í gær, því að hér lágu þá svo margar skrifl. brtt. fyrir við till., að erfitt var að átta sig á þeim. Nú hafa brtt. verið prentaðar, og vil ég geta þess, að ég hefi breytt minni till., sem ég flutti hér í gær, lítillega, þannig að n. verði skipuð 5 aðilum, sem valdir séu af Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, Sláturfélagi Suðurlands, Mjólkursamlagi Suðurlands, Búnaðarfélagi Íslands og Alþýðusambandi Íslands. Ég er samdóma hv. 3. þm. Reykv. um það, að málið verður ekki leyst með einhliða átaki, og því hefi ég bætt Alþýðusambandinu inn í, en að vísu verður engin framtíðarlausn bundin á þetta mál, þótt þessi formbreyting verði knúin fram, að báðir aðilar verði hér að verki.

Ég er samdóma hv. 3. landsk. í öllum meginatriðum og sammála honum um flestar þær röksemdir, sem hann færði fram fyrir málinu. Ég get þó ekki verið sammála hv. þm. um það, að orsökin til þess, hve herfileg mistök hafa verið á sölu landbúnaðarafurðanna, liggi í því, að verðið ætið hafi verið of lágt. Ég held þvert á móti, að orsökin sé sú, að verðið sé stundum og á vissum stöðum of hátt, eins og bezt kemur fram í mjólkurverðinu hér í Rvík. Verðið á mjólk hér er okurhátt, en þó fá framleiðendur mjólkurinnar ekki nema mjög lágt verð fyrir framleiðslu sína. Er þetta vont bæði fyrir neytendurna hér í bænum og framleiðendurna í sveitinni og ágætt dæmi þess, hve hér er um mikið verkefni að ræða, sem ráða þarf fram úr. Hér í Rvík er mjólkin seld á 42 aur. lítrinn, en framleiðendurnir austanfjalls fá þó ekki nema 14—16 aura fyrir hana, auk þess sem í raun og veru hundruð bænda vildu selja

hér mjólk, en fá því ekki til leiðar komið, af því að heimilin geta ekki keypt mjólkina við því verði, sem á henni er. Fyrir síðasta þingi lá frv. um þessi efni, sem hafði gengið í gegnum 5 umr. í þinginu, en flokkur hv. 3. þm. Reykv. snerist þá á móti og ónýtti frv. Þar var séð vel fyrir þessu atriði, að neytendurnir yrðu ekki beittir einhliða kúgun um mjólkurverðið, heldur væri verðið ákveðið af dómn., sem bæði neytendur og framleiðendur ættu sinn fulltrúa í, en maður, útnefndur af ríkisstj., færi þar með úrskurðaratkv. Það er víst, að þetta mál í heild sinni, sem hér er um að ræða, græddi töluvert á meðferð mjólkurmálsins á síðasta þingi, með því að sú tilraun er að sumu leyti það bezta, sem lagt hefir verið til þessara mála.

Þótt ég sé samdóma hv. flm., að nauðsynlegt sé að athuga þessi mál öll, er ég hinsvegar ekki samdóma honum um aðferðina við þá rannsókn. Mér þykir hann vilja beita of miklum lausatökum við rannsókn málsins. Hv. þm. gerir ráð fyrir, að stj. láti athuga málið og leggi þá athugun síðan fyrir þingið í ómeltu skýrsluformi, sem enginn ber ábyrgð á, í stað þess að láta hana koma fram í frv-formi. Nú er ennfremur á það að líta, að aðstaða núv. stj. er mjög veik, ráðh. vita ekki einu sinni, hvort þeir verða deginum lengur, og er satt að segja ekki við því að búast, að fungerandi stj., sem aðeins er til að halda stjórnarskipinu fljótandi, ef svo mætti segja, geri djúptækar till. í málinu, ekki sízt þar sem henni er ekki upp á lagt annað eða meira en aðeins að safna skýrslum um málið. En í þessu máli þarf fyrst og fremst ákveðnar till., svo að hægt sé að taka málið fyrir á næsta þingi. Þarf að gefa þeim aðilum, sem mestra hagsmuna hafa að gæta í þessum efnum, tækifæri til að vera með við athugun málsins og reyna að koma á samvinnu með þeim á þeim grundvelli, sem gengur fyrst og fremst út á að fækka milliliðunum. Að bóndinn fær aðeins 14 aura fyrir mjólkina, enda þótt neytendurnir verði að borga 42 aura fyrir hana, þessi mikli mismunur liggur fyrst og fremst í skipulagsleysinu, sem er á mjólkursölunni, og því, hve margt fólk starfar að dreifingu þessarar vöru, sem verður til þess að pína bæði neytendur og framleiðendur.

Ég mun ekki greiða atkv. á móti þessari till., ef brtt. mín verður felld, en hinsvegar sitja hjá við atkvgr., af því að ég álít, að till. sé þýðingarlaus, ef brtt. mín nær ekki fram að ganga.

Þá vildi ég víkja nokkrum orðum að því atriði þessarar till., sem að vísu hefir verið mótmælt af hv. 3. þm. Reykv., og er það, að till. gerir ráð fyrir að tryggja bændum landsins fullt framleiðsluverð fyrir vörur sínar. Ég skil ekki, hvernig hv. flm. hugsar sér, að hægt sé að tryggja slíkt, og væri æskilegt, að hv. flm. vildi útskýra það í næstu ræðu sinni, hvernig hann hugsar sér þetta. Ég er sammála hv. þm. um það, að gott sé að ganga út frá þessu, en hv. þm. á algerlega eftir að sýna fram á, hvernig unnt sé að ná þessu takmarki. Ég veit ekki til þess, að slíkt hafi tekizt í nokkru landi, jafnvel rússnesku bolsevíkunum hefir ekki tekizt að komast lengra í þessum efnum en Sambandi ísl. samvinnufélaga hefir tekizt hér hjá okkur, að láta bændur fá fyrir vöruna það, sem hún selst fyrir. Það er að vísu falleg hugsun að tala um að vilja tryggja bændum framleiðsluverð fyrir vöru sína, en það verður fyrst og fremst að teljast draumsjón, þegar menn ætla sér að tryggja slíkt með lagasetningu. Það væri a. m. k. fróðlegt að heyra eitthvert dæmi um það úr sögu viðskiptanna, hvernig slíkt hefði mátt takast. Ég hefði og haft gaman af að heyra, hvernig hv. flm. hugsar sér að reikna út hið sanna framleiðsluverð kjötsins t. d. Hæstv. atvmrh. mun hafa reiknað það út, að tímakaup bænda muni svara til 17 aur. á klst., og er það náttúrlega langt fyrir neðan allt taxtakaup, enda mun hv. flm. varla ætlast til þess, að miðað sé við þetta kaup við útreikning framleiðsluverðsins. En við hvað á að miða? Það er a. m. k. vitanlegt, að meginið af því, sem framleitt er í heiminum, er gert fyrir kaup, sem er langt fyrir neðan allt taxtakaup. En ég skal ekki vera að eyða fleiri orðum að þessu eða setja út á þessa hugsun hv. flm. með kostnaðarverðið, og það get ég fullvissað hv. flm. um, að því mundi fagnað mikillega um gervallan heim, ef takast mætti að tryggja framleiðendunum

kostnaðarverð fyrir vöru sína með einhverju móti. Ég vil þó raunar ekki neita því með fullu, að þetta kunni ef til vill að hafa tekizt einhversstaðar, og sé aðeins fáfræði minni um að kenna, að ég skuli ekki þekkja neitt dæmi þessa, og ef til vill er líka ímyndunarafl mitt of lítið til þess að ég geti hugsað mér, hvernig hv. flm. ætlar að koma þessu í kring. Ég mun því bíða næstu ræðu hv. flm. með mikilli óþreyju hvað þetta snertir.

Flm. (Jón Jónsson): Ég hefi orðið að þola mörg högg og stór fyrir þessa till. af hinum 3 stórveldum d., og veit ég, að engan mun undra það, þótt mér veitist erfitt að gera þeim öllum full skil á móti.

Hv. 2. landsk. hneykslaðist mjög á því, sem ég lauslega hafði vikið að gengismálinu. Ég hafði vikið að því, að ég vildi láta rannsaka með aðstoð þeirra aðilja, sem fyrst og fremst eiga hlut að þessu máli og hafa þekkingu á því, hvernig haga megi sölu landbúnaðarafurðanna sem bezt fyrir alla aðila, og drap ég á það í því sambandi, hvernig koma mætti fyrir verðuppbót til handa þeim framleiðendum, sem fjær búa hinum stærri mörkuðum, án þess þó að íþyngja þeim, sem betur eru settir og nær búa stærstu kaupstöðunum. Minntist ég á það í þessu sambandi, að sumir hefðu haldið því fram, að eina leiðin að þessu marki væri gengislækkun, enda er ekki vafi á því, að fyrir framleiðendurna yrði það heldur til bóta, ef krónan væri lækkuð. Hv. 2. landsk. vildi að vísu halda því fram, að bændur mundu því aðeins hafa gott af þessu, ef þeir flyttu jafnt út sem inn eftir sem áður. Nú er það vitanlegt, að bændur geta því aðeins rekið búskap sinn, að þeir flytji meira út en inn og fái líka meira fyrir það, sem þeir flytja út. Hv. 2. landsk. vitnaði til Jóns Árnasonar framkvæmdastjóra um það, að bændur mundu ekki hafa hag af krónulækkun, en það er hvorttveggja, að ég hefi ekki séð nein slík ummæli eftir Jón Árnason, enda getur honum skotizt, þótt skýr sé, ekki síður en öðrum. Ég gat að vísu hugsað mér, að Jón Árnason hefði látið ummælt eitthvað á þessa leið, og miðað þau ummæli eingöngu við það, að bændur lifðu á hinum innlenda markaði.

Þá hélt hv. 2. landsk. því fram, að ég vildi ekkert samneyti eiga við neytendurna um athugun þessa máls, og taldi hann mig sýna þetta með því að hafa ekki gengið út frá Alþýðusambandinu í till. mínum um athugun málsins. Ég vil nú leyfa mér að benda hv. 2. landsk. á það, að ekki ber hann verkamannakaupið undir Búnaðarfélagið, og mér finnst hann því varla geta ætlazt til þess, að ég ræki tillitið til Alþýðusambandsins sérstaklega. Annars fer því alls fjarri, að ég vilji ganga harkalega að neytendunum. Ég geri aðeins till. um það, að málið verði lagt í hendur ríkisstj., og ríkisstj. mun einmitt líta á málið frá öllum hliðum og taka tillit til hagsmuna allra þeirra, sem hér geta komið til greina. Og að þessu leyti álít ég einmitt, að mín till. taki öðrum till. fram, sem fram hafa verið bornar í málinu. Það er rétt, að till. mín gengur aðeins út á að láta rannsaka málið, og ástæðan er bæði sú, að málið er órannsakað og nauðsynlegt, að það verði rannskaðað, enda geri ég mér vonir um, að rannsókn málsins leiði til góðs, ekki sízt fyrir framleiðendur þessa lands. Ég er ekki svo blindur, að ég haldi, að hægt sé að fyrirskipa neitt í þessu efni án rækilegs undirbúnings, en ég þykist mega fulltreysta því, að málið sé í góðum höndum, a. m. k. ef hæstv. núv. atvmrh. verður áfram í stj., og ég vona, að þingið verði ekki svo slysið að kasta honum og taka ef til vill í staðinn einhvern tómlátari mann um hag okkar bænda. Það er því hinn mesti sleggjudómur hjá hv. 4. landsk., að ég vilji ekki leysa málið, en taka það lausatökum einum. Ég vil einmitt stuðla að lausn málsins sem beztri, og ég vona, að hv. dm. séu sama hugar og ég er í þeim efnum. Ég vil láta rannsaka málið, svo að hægt sé að undirbúa lausn þess af skynsamlegu viti og þekkingu.

Þá talaði hv. 3. þm. Reykv. um, að framleiðendur ættu að fá allan sinn vilja, en neytendur ekki neitt, og hugsun mín væri sú, að láta nú Reykvíkinga borga duglegt verð. Það er alls ekki sagt, að framleiðendurnir eigi að fá allan sinn vilja, heldur er gert ráð fyrir, að þeir eigi að fá nálægt framleiðslukostnaði fyrir afurðir sínar. Hv. 4. landsk. hélt því fram, að það væri erfitt í hverju til-

felli að reikna út, hver framleiðslukostnaður væri. Þetta kann að vera rétt að einhverju leyti. En ég held þó, að hver meðalgreindur bóndi geti gert sér þetta ljóst. Það ætti því ekki að verða vandræði úr því fyrir nefnd að afla sér þeirra upplýsinga um þessa hluti, sem gæti orðið nokkurnveginn sanngjarn grundvöllur til þess að byggja á. Hitt finn ég ekki, að neytendur séu neitt hart leiknir, þó að þeir verði að greiða fyrir nauðsynjar sínar hinn nauðsynlegasta framleiðslukostnað þeirra. Annars fæ ég ekki skilið, hvernig hægt er að hugsa sér, að mögulegt sé að stunda framleiðslu án þess að fá a. m. k. fyrir hana framleiðslukostnaðinn. Þá viðurkenndi hv. þm., að kröfunum væri stillt allmjög í hóf. Þetta er rétt, því að hér er aðeins um að ræða bendingar til stj., bendingar um það, hvað eigi að taka til greina, og má vel vera, að hún finni betri mælikvarða en hér hefir verið bent á. Að hér eigi að fara að beita einhverju harðræði við Reykvíkinga og aðra, er alls ekki rétt. Slíkt er aðeins sagt út í loftið, til þess eins að þyrla upp ryki í augu manna.

Þá þóttist hv. 3. þm. Reykv. geta innan skamms lagt fram skýrslu um það, hversu mörgum milljónum Reykvíkingar töpuðu árlega á því, að innflutningur landbúnaðarafurða frá öðrum löndum væri að mestu leyti heftur til Reykjavíkur. Það væri að sjálfsögðu gaman að sjá slíka skýrslu, en annars hélt ég, að Reykvíkingar keyptu almennt ekki landbúnaðarafurðir fyrir fleiri millj. árlega, og gætu því ekki tapað fleiri millj. í verðmismun á þeim kaupum.

Þá sagði hv. þm., að ég hefði sagt, að með þessu væri alls ekki stefnt í einokunarátt, en hann virtist nú alls ekki vera á þeirri skoðun. Þetta er rétt hjá hv. þm. Ég tók þetta fram í gær, og ég stend við það enn. Ég taldi það og tel það enn fjarri allri einokun, þó að t. d. 4—5 félög hér í Rvík hefðu kjötsöluna á hendi, félög, sem yrðu svo að hlíta ákvörðun um verðlagið, sem sett væri af þar til skipaðri nefnd.

Þá sagði hv. þm. ennfremur, að svo ættu kaupstaðabúarnir ekki aðeins að kaupa afurðir bændanna háu verði, heldur ættu þeir og að greiða skattana fyrir þá líka. Þetta er ekki rétt hjá hv. þm. Það, sem ég nefndi, var aðeins það, sem gert er meðal nágrannaþjóða okkar í þessu efni, og ég tel, að í þessu sem öðru getum við lært af þeim það, sem hægt er að heimfæra upp á okkar þarfir.

Þá talaði hv. þm. um það, að ég vildi láta skipa ráðunauta stjórnarinnar í þessum málum mjög einhliða. Þetta er ekki rétt. Ég legg aðeins til, að leitað sé álits vissra stofnana; að öðru leyti hefir stj. alveg óbundnar hendur. Hún getur leitað til fleiri, ef henni finnst ástæða til.

Hv. 4. landsk. sagði, að ekki væri ætlazt til, að mál þetta væri lagt fyrir þingið í frv.formi eftir að rannsókn hefði farið fram. Það er rétt, að ég hefi ekki tekið þetta beinlínis fram, aðeins að árangurinn af þessari athugun skuli leggjast fyrir næsta Alþingi, og er þá að sjálfsögðu ætlazt til, að stj. geri það í því formi, sem hún eftir athugun málsins telur því fyrir beztu.

Brtt. þær, sem fram hafa komið við till. mína, mun ég ekki gera að kappsmáli; þó er það svo, að brtt. hv. 4. landsk. til ég sízt til bóta. Ég tel réttara, að stj. hafi sem óbundnastar hendur um vinnubrögðin.

Jón Þorláksson: Ég vil spyrjast fyrir um það hjá hæstv. forseta, hvort hann sjái sér ekki fært að bera till. á þskj. 156 upp í þrennu lagi. Till. þessi er í þremur málsl., og ég fyrir mitt leyti er samþykkur 1. og 3. málsl., en í 2. málsl. segir: „Skal leita um þetta umsagnar Búnaðarfélags Íslands, Sambands ísl. samvinnufélaga, Sláturfélags Suðurlands og Mjólkurbandalags Suðurlands". Ég er í sjálfu sér ekki að finna að því, þó að leita eigi umsagnar þessara stofnana, heldur finnst mér ekki rétt að binda hendur stj. eingöngu við þessa aðila, en ganga framhjá öðrum. Ég tel, að stj. muni sjálf rata á þá staði, sem upplýsingar er að fá um þessi efni, og sé því óþarft að vera að gefa henni sérstaka vísbendingu um það, hvar hún eigi að afla sér þeirra.

Að endingu vil ég endurtaka þau tilmæli mín til hæstv. forseta, að hann beri till. á þskj. 156 upp í þrennu lagi, hvern málsl. út af fyrir sig.

Forseti (EÁrna): Ég skal þegar taka það fram, að ég mun verða við þeim tilmælum hv. 1. landsk. að bera till. upp í þrennu lagi, þar sem hún getur staðizt efnislega, þó að einn málsl. hennar verði felldur í burt.

Magnús Jónsson: Ég er sammála hv. flm. um það, sem hann sagði í upphafi máls síns, og ég fyrir mitt leyti er alls ekkert á móti því, að rannsókn fari fram um þessa hluti; tel það miklu frekar æskilegt, því að mér þætti vænt um, ef hægt væri að fá upp nokkurn veginn ábyggilega skýrslu um það, hversu mikill sá skattur er, sem kauptún og kaupstaðir greiða árlega til sveitanna. (**JónJ:** Hafði þm. ekki þessa skýrslu við hendina?). Nei, alls ekki. Það, sem ég sagði, var bara ágizkun. Það væri líka fróðlegt að sjá, hversu mikið af landbúnaðarafurðum er selt til Rvíkur og fyrir hvaða verð; mætti þá bera saman, hvað bærinn gæti fengið þessar vörur fyrir á frjálsum markaði, og sjá þá um leið, hvað bæjarbúar verða að greiða meira fyrir þessar nauðsynjar sínar heldur en ef verzlunin með þær væri að öllu leyti frjáls.

Hv. 4. landsk. minntist á það sem hvert annað hneyksli, að fyrir mjólk, sem seld væri bæjarbúum hér fyrir 42 aur. lítrinn, fengju bændur austanfjalls ekki nema 14—16 aura fyrir hvern lítra. Þetta er að sjálfsögðu rannsóknaratriði. Þó er enginn kominn til þess að segja, að kostnaðurinn við dreifingu og flutning mjólkurinnar að austan hingað til Rvíkur geti jafnvel ekki verið meiri en þessum verðmun nemi. Annars er það vitanlegt öllum, sem eitthvert skyn bera á þessi mál, að það er algengt í veröldinni, að fyrsti framleiðslukostnaður varanna er ekki nema örlítið brot af því verði, sem neytendurnir verða að kaupa þær fyrir. Það er t. d. alkunnugt, að kolin kosta lítið við námuna og olían við lindina. Hér er því rannsóknarefni, að finna það út, hve mikill partur fyrsti framleiðslukostnaðurinn er af verði varanna.

Þá sagði hv. 3. landsk., að það væri ekki svo erfitt að finna hið rétta framleiðsluverð varanna, því að hver athugull bóndi gæti farið nærri um framleiðslukostnað sinnar framleiðslu. En þá ber þess að gæta, að framleiðsluverðið getur verið mjög mismunandi. Fari ég t. d. að búa til eldspýtur með handafli mínu, myndi hver stokkur kannske kosta upp undir 1 kr., í stað þess, sem eldspýtustokkur framleiddur í verksmiðju myndi ekki kosta nema brot úr eyri. Það er því svo, að kostnaðarverð varanna hlýtur alltaf að verða töluvert mismunandi, eftir því hver aðstaðan er við framleiðsluna.

Hv. flm. vildi halda því fram, að hér þyrfti ekki að verða nein einhliða rannsókn, þó að bent væri á annan aðila stj. til ráðuneytis. Þetta kann að vera. En ég vil benda hv. þm. á, að það myndi þykja einhliða rannsókn, ef t. d. fara ætti að endurskoða launakjör embættis- og starfsmanna landsins, að spyrja þá starfsmennina sjálfa um, hvaða laun þeir þyrftu að hafa. Þeir myndu aðeins gefa það upp, sem þeir teldu, að þeir þyrftu að hafa í laun til þess að geta haft góða afkomu, án tillits til annars. Nei, það verður því tæplega annað talið en að sú rannsókn sé einhliða, þar sem annar aðilinn er aðeins spurður.

Þá vildi hv. þm. andmæla því, að hér gæti orðið um einokun að ræða. Hann sagðist aðeins vilja koma í veg fyrir, að einstakir menn gætu „prangað" með þessar vörur. Þetta að „pranga" er vitanlega alveg sama og verzla. Sé vöruverðið lágt, þá vill neytandinn alveg eins verzla við þann, sem talinn er pranga, eins og hinn. Aftur á móti vill framleiðandinn ekki verzla þar, sem vöruverðið er lágt. Hann vill heldur verzla með framleiðslu sína við þann, sem kaupir háu verði og selur háu verði, hvort sem hann er talinn „pranga" eða ekki.

Þá vildi hv. þm. halda því fram, að ekki gæti verið hætta á því, að vöruverðinu yrði haldið of háu, ef 4—5 félög framleiðenda sæju um söluna. Þetta er aðeins fullyrðing út í loftið, því að við þekkjum, hvernig félög framleiðenda haga sér þar, sem þau eiga ein að ráða. Það þarf ekki annað en nefna olíuhringana. Þau koma sér bara saman um verð á vörunni, alveg án tillits til neytendanna. Hér myndi verða alveg það sama með þessi 4 eða 5 félög. Þau myndu aðeins miða vöruverðið við það, sem hægt yrði að láta bæjar-

búana kaupa vöruna hæst fyrir. Hvað gert er erlendis í þessum málum, legg ég ekkert upp úr. Það eru svo víða gerðar vitleysur í veröldinni, að ekki er hægt að taka allt sem gullvægt fordæmi, sem gert er. Enda stynur heimurinn undir allskonar ráðstöfunum, sem að meira og minna leyti eru vafasamar. Megum við því alls ekki taka við öllu ómeltu og athugunarlaust, sem hingað berst frá umheiminum.

Jón Baldvinsson: Samkv. því, sem ég sagði í gær, þá hefi ég flutt hér tvær brtt., aðra á þskj. 209, en hina á þskj. 210. Þær eru raunar báðar um sama efni, en fluttar í tvennu lagi. Ég þarf ekki að skýra nánar það, sem fyrir mér vakir. Það er sem sé það, að neytendur hafi hér einhverja hönd í bagga, og ég gat ekki fundið neinn aðila, sem betur var tilvalinn í þessu efni en Alþýðusamband Íslands. Ég sé nú, að hv. 4. landsk. hefir tekið þetta upp í brtt. sína. Gæti ég því gjarnan tekið brtt. mína um sama efni á þskj. 210 aftur.

Hv. 3. landsk. var enn að reyna að bera í bætifláka fyrir það, að fella krónuna í verði, og byggði hann skoðun sína á því, að bændur flyttu út meira verðmæti en þeir keyptu aftur af erlendum vörum. Þetta virðist í fljótu bragði vera rétt hjá honum, en hann athugar ekki, að það myndi koma að litlu gagni, öðru en því, að lækka vinnuna í bili. Því eins og ég og hv. 3. þm. Reykv. bentum honum á, þá myndi það ekki heldur vera nema aðeins í bili, því að ekki myndi líða á löngu þangað til kröfum Alþýðuflokksins um kauphækkun yrði fullnægt. Rétt er líka að benda á, að einn af forstjórum S. Í. S., Jón Árnason, hefir í grein í „Tímanum" talið bændum engan hag að lækkun ísl. krónunnar, vegna þess hve lítill munur væri á því, sem bændur seldu, og því, sem þeir þyrftu að kaupa. Hv. 3. landsk. telur hann vitanlega ekki óskeikulan, sem rétt mun vera. En ekki mun þó annar kunnugri þessum málum en sá framkvæmdarstjóri S. Í. S., sem kaupir og selur mestan hlutann af framleiðslu landsmanna. Spurningin er því aðeins sú, hvort hann muni hafa skýrt hér rétt frá, sem ég þó ekki efa.

Atvmrh. (Þorsteinn Briem): Ég hefi vikið að því fyrir skömmu, að ekki sé mikil vissa eða líkindi fyrir því, að ég mundi sem ráðh. mikið riðinn við framkvæmd þessarar þáltill. eða annara, sem afgr. verða á þessu þingi. Þó vil ég fara nokkrum orðum um þessa till. Ég hygg, að engum blandist hugur um þá nauðsyn, að þetta sé athugað, eða geti fundizt óeðlilegt, þó talað sé um, að rannsókn fari fram um það, hver áhrif sé tiltækilegt að reyna að hafa á verðlag landbúnaðarafurða, þegar allar horfur eru á, að annar aðalatvinnuvegur þjóðarinnar ætli að stöðvast fyrir það, að framleiðsluvörur hans seljast ekki með kostnaðarverði. Mál þetta er nauðsynjamál, og það af tveim ástæðum. Önnur er sú, að þær landbúnaðarvörur, sem hér eru framleiddar og seldar innanlands, eru nauðsynlegar fyrir þjóðarbúskapinn. Það mundi allmikið hallast greiðslujöfnuður vor við aðrar þjóðir, ef við ættum að kaupa af öðrum þjóðum allar þær landbúnaðarafurðir, sem notaðar eru í landinu af öðrum en framleiðendunum sjálfum. Í öðru lagi er á hitt að líta, að sjávarútvegurinn er ekki svo glæsilegur sem stendur a. m. k., að vænlegt ráð sé að ætla honum að taka við sveitafólkinu á mölina, ef atvinnugrein þess á við svo þröngan kost að búa, að búskapur þess getur ekki borið sig. Það hefir verið drepið á það hér í umr., að aðrar þjóðir hafa gert víðtækar ráðstafanir í þessa sömu átt. Slíkar ráðstafanir eru okkur kunnar frá okkar skyldustu nágrannaþjóðum.

Afkoma landbúnaðarins er mikið undir innlenda markaðinum komin. Þó ekki séu til neinar skýrslur um það, hve mikill hluti af framleiðsluvörum landbúnaðarins er seldur innanlands, þá hygg ég, að fullyrða megi, að það muni a. m. k. vera frá helmingi og upp í þrjá fimmtu hluta framleiðslunnar. Það er þess vegna ekki ófyrirsynju, að slík till. sem þessi kemur fram. Og auðvitað er fyrsta rétta sporið í málinu að rannsaka það gaumgæfilega, hver leið sé tiltækilegust til þess að rétta við hag landbúnaðarins í þessu efni, án þess þó að ofþyngja neytendum um skör fram.

Hv. 3. þm. Reykv. talaði um, að ráðstafanir þær, sem till. bendir til, mundu

verða til stórskaða fyrir bæjarbúa, og fullyrti, að verðið á landbúnaðarafurðum yrði þá spennt of hátt. Hann gætti ekki að því, að það eru líka takmörk fyrir því, hve hátt hægt er að spenna verðið án þess að neytendurnir dragi að sér hendina um kaupin. Slíkt væri skaði jafnt fyrir báða aðila, framleiðendur og neytendur, og ég treysti vel þeim, sem stjórninni hefir verið bent á að leita tillagna hjá, til þess að líta einnig á þessa hlið. Hv. þm. sagði líka, að till. miðaði ekki í þá átt, að bændur fengju stærri hluta af brúttóverði vörunnar. Þetta er algerlega rangt. Till. miðar að því að gera dreifingarkostnað vörunnar minni, og á þann hátt að hækka hlut framleiðenda. Þetta er tilgangur till., en ekki sá, að láta hækkunina verða alla á kostnað neytenda. Það er svo fjarri því, að framleiðendur geti sett neytendum alla kosti, þó sett yrðu lög í þá átt, sem till. fer fram á. Ef framleiðendur setja verðið of hátt, þá minnkar notkun vörunnar og markaðurinn þrengist. Það eitt á að vera nægilegt aðhald gegn því, að verðið verði „spennt of hátt", eins og hv. þm. komst að orði.

Þá talaði hv. þm. um það, að framleiðslukostnaður yrði að lækka. Það væri náttúrlega mjög æskilegt. En ég veit ekki, á hvern hátt það mætti verða annan en þann, ef hægt væri að bæta jarðirnar meira en orðið er og vinna að framleiðslunni með vélum meira en gert er. Að þessu hafa þing og stjórn stefnt undanfarið, bæði með því að veita jarðræktarstyrk, styrk til vélakaupa, með samgöngubótum og á ýmsan annan hátt. Það er haldið í horfið í þessum efnum, en menn verða að gæta að því, að hér geta ekki orðið stór stökk í einni svipan. Þessum framkvæmdum hefir mikið miðað áfram á síðasta áratug og framleiðslukostnaðurinn hefir lækkað vegna aukinnar jarðræktar og vélanotkunar og bættra samgangna á sjó og landi. En ég sé ekki í fljótu bragði, hvernig á að lækka framleiðslukostnaðinn verulega á annan veg.

Það má náttúrlega koma hér fram með heimspekilegar hugleiðingar um það, hvað sé eðlilegt verðlag á hverjum tíma. Um það sýnist nú sitt hverjum, og hafa verið skrifaðar um það heilar bækur. Ég ætla ekki inn á það mál, en ég hygg, að þeir aðilar, sem nefndir eru í till., muni í væntanlegum till. sínum gæta þess, að boginn verði ekki spenntur of hátt, svo að hætta sé á, að markaðurinn þrengist.

Þá talaði hv. þm. Reykv. um, að Reykvíkingar töpuðu árlega mörgum millj. kr. á því að kaupa innlendar landbúnaðarvörur hjá því ef hægt væri að fá þær frá öðrum löndum með því verði, sem þær mundu fást þaðan. Ég held nú, að það nettóverð, sem bændur fá fyrir þær vörur sínar, er þeir selja hér, sé ekki svo margar millj. kr., að mismunurinn á innlendu og erlendu verði geti einn numið mörgum millj. kr. Ennfremur vil ég benda hv. þm. á það, að mestan gróðann af verzluninni með þessar vörur fá einmitt Reykvíkingar sjálfir. Hv. þm. tók það fram, að ekki ætti við að ganga fram til slíkra ráðstafana sem þessara með neinu forsi. Ég hygg nú, að ekki sé hægt með réttu að segja það, að till. sé borin fram með offorsi. Það er talað um að afla þeirra upplýsinga, sem unnt er að fá án mikils kostnaðar. Síðan er gert ráð fyrir, að rannsókn fari fram á málinu, og þó að í till. standi, að árangurinn af þeirri rannsókn eigi að leggjast fyrir næsta þing væntanlega í frv.formi, þá get ég ekki séð annað en að hér sé farið rólega og gætilega af stað, en hreint ekki með neinu offorsi.

Þá talaði hv. 4. landsk. um það, að till. á þskj. 156 væri aðeins málamyndatilraun. Það ætti aðeins að safna skýrslum frá einstökum stofnunum og síðan ætti að leggja þær fyrir þing. Ég skil till. ekki svo. Þriðji liður till. stefnir í ákveðna átt. Ég tel það því algerlega ofmælt, að till. beri það eitt með sér, að það eigi ekki að leysa málið. Ég hygg einmitt, að í höndum velviljaðrar stj. beri þessi till., ef samþ. verður, góðan árangur. Það hefir verið talað um, að enginn vissi, hvert væri raunverulegt kostnaðarverð á framleiðsluvörum bænda, og einn hv. þm. hélt því fram, að það mundi aldrei hafa verið rannsakað. Það er að vísu rétt, að ekki liggja fyrir nein skýlaus gögn í þessu efni. En þrátt fyrir það verður það ekki talin nein goðgá, þótt nefndur sé framleiðslukostnaður í þessu sambandi. Því að hvers vegna er um þetta mál rætt bæði hér í þingi og víðsvegar

um land? Er það ekki einmitt af því, að hverjum bónda er það ljóst, að verð landbúnaðarvaranna samsvarar ekki framleiðslukostnaðinum? Og fyrr getur það ekki borið sig að reka búskap en tilkostnaður og verðlag afurðanna gerir nokkuð betur en að standast á. Það virðist því ekki sem verið sé að spenna bogann mjög hátt, þótt reynt sé að vinna að því, að bændur fái a. m. k. framleiðslukostnaðinn endurgreiddan. Að vísu liggja ekki fyrir skýlaus gögn um það, hver sé framleiðslukostnaður hverrar einstakrar landbúnaðarvörutegundar í meðalárferði. En þetta er þó atriði, sem hver bóndi verður að gera sér grein fyrir, m. a. þegar hann ræður það við sig, hvort hann á að taka kaupafólk til heyskapar eða ekki. — Þetta hafa því margir góðir búhöldar reiknað út fyrr og síðar. Í einum af fyrstu árgöngum Búnaðarritsins birtist t. d. ritgerð um verð á heyi eftir séra Eirík Briem. Af þeirri ritgerð er ljóst, að þá hefir það borgað sig að taka kaupafólk til heyjaöflunar. Bóndinn hefir, þótt lágt væri verðlagið, fengið framleiðslukostnaðinn vel endurgoldinn. Nú horfir þetta öðruvísi við. Nú kemst þorri hagsýnna og reikningsglöggra bænda að þeirri niðurstöðu, að það borgi sig ekki að taka kaupafólk, nema á fullræktað land eða úrvals engjar, og það þó því aðeins, að þeir hafi hæga aðstöðu til markaðar, eða komist af með lítinn tilkostnað yfir veturinn og þurfi ekki að reikna sér fulla vexti af bústofni sínum. En enn er það aðeins lítill hluti bænda, sem hefir þá aðstöðu. Og meðan afurðaverðið er lægra en svo, að landbúnaðurinn geti greitt þeim, sem honum vinna, sæmilegt kaup fyrir strit sitt, þá getur enginn maður sagt, að verið sé að spenna bogann of hátt, þótt stefnt sé að því, að bóndinn fái framleiðslukostnaðinn endurgoldinn. — Þeir, sem telja sig vera sérstaklega fulltrúa neytendanna, geta ekki brugðið fulltrúum bænda um ósanngirni, þó að þeir orði slíkt. Miklu fremur er hér um sanngirnismál að ræða af hendi þeirrar stéttar, sem nú ber minnst úr býtum fyrir vinnu sína af öllum stéttum landsins. Ég tel því till. stefna í rétta átt og mæli eindregið með því, að hún verði samþ.

Jónas Jónsson: Það eru nú komnar fram allmismunandi skoðanir um till. Hv. 1. landsk. vill samþ. till. að öðru leyti en því, að hann vill fella úr henni fyrirspurnina til samvinnufélaganna. En ég verð nú að segja, að það minnkar heldur trú mína á gildi till., er ég heyri, að hv. 1. landsk., sem er höfuðsmaður í sínum flokki og aðallífgjafi þeirrar stjórnar, sem væntanlega á að sjá um framkvæmd till., vill fella úr till. þann málsliðinn, sem einhverju máli skiptir, vill ekki láta spyrja samvinnufélögin ráða um framkvæmd þessa máls.

Ég vil benda hv. 3. landsk. og hæstv. atvmrh. á eitt mál, sem líkt var stofnað til og nú er með þetta mál; það var kæliskipsmálið. Alþingi ákvað, að vissir aðilar legðu til sinn manninn hver í 5 manna nefnd til þess að athuga og undirbúa það mál. Sú n. átti nú ekki að starfa kauplaust, eins og sú n. á að gera, sem lagt er til, að sett verði með brtt. minni á þskj. 208. Þessi n. klofnaði, meiri hl. n. sagði, að ekkert væri hægt að gera, en minni hl. var á því, að hægt væri að leysa málið. Og hvernig fór? Minni hl. leysti málið. Allir nm. sáu jafnvel, að það var hægt að leysa málið, en meiri hl. þeirra vildi ekkert gera. En hverjir voru það, sem vildu leysa þetta mikla nauðsynjamál landbúnaðarins? Það voru einmitt fulltrúar samvinnufélaganna, þeirra félaga, sem hv. 1. landsk. vill ekki láta spyrja ráða í þessu máli, og hæstv. atvmrh. og hv. 3. landsk. sýnast ætla að sætta sig vel við þetta. En það þýðir ekkert kák hér; það þýðir ekki að lofa með hálum orðum eins og hæstv. ráðh. Hann segir, að það viti enginn eiginlega, hvað eigi að gera. Það á að leita ráða og upplýsinga til einhverra. Þó samvinnufélögin verði spurð, þá geti hinsvegar vel verið, að einhverjir aðrir verði fremur spurðir, kannske einhverjir, sem eru sammála hv. 1. landsk. um, að það eigi ekki að leita til samvinnufélaganna og að kæfa málið. Ég get sagt það, að ég kann miklu betur við framkomu hv. 1. landsk. í þessu máli heldur en þeirra hæstv. ráðh. og hv. 3. landsk. Hv. 1. landsk. segir hreinskilnislega sína meiningu án alls yfirdrepskapar, en hv. meðmælendur till. teygja og toga málið, svo að það er ó-

mögulegt að dyljast þess, að hjá þeim er engin alvara á bak við orðin. Annar þeirra telur upp vissa aðila, sem séu þeir einu, er eigi að leita til í málinu, en hinn segir, að það geti vel verið einhverjir aðrir, sem aðallega verði spurðir ráða.

Sannleikurinn er sá, að ef eitthvað á að gera í málinu, þá þarf að taka þetta mál til meðferðar af tveim aðilum, annarsvegar framleiðendum og neytendum hinsvegar. Það er ómögulegt að leysa þetta mál nema með samkomulagi bænda og verkamanna, af þeirri einföldu ástæðu, að þeir flokkar báðir saman, en ekki annar út af fyrir sig, hafa aðstöðu til þess að gera eitthvað í málinu. Í minni till. er bent á leið til að leita eftir samkomulagi milli þessara tveggja flokka. Það verða að vera viðkomandi aðilar, framleiðendurnir og neytendurnir, sem koma sér saman um að útrýma milliliðunum. Það má ætla, að þeir hafi mestan áhuga og vilja til þess að koma því í framkvæmd.

Hv. 3. landsk. hefir í öðru orðinu játað, að það sé ekki verulega meint í till., að stj. í alvöru leiti ráða til nokkurra vissra aðilja, heldur kannske láti hún framkvæma þessa rannsókn að mestu leyti í atvinnumálaráðuneytinu. En hverjir treysta því, að þetta verði bezt gert þar? Ég þekki ekki til þess, að þeir menn, sem þar starfa, hafi nokkurntíma sýnt áhuga á máli eins og þessu. Þá vantar alla reynslu, alla praktiska þekkingu á búskap til þess að hægt sé að ætlast til, að þeir vinni fyrir málið betur en þeir, sem öll þessi skilyrði hafa til að bera. Nei, það eru vinnustéttirnar sjálfar eða fulltrúar þeirra, sem verða fyrst og fremst að koma til sögunnar. Það þýðir ekkert, eins og hv. 3. þm. Reykv. tók réttilega fram, að ætla að leysa þetta mál með nauðung. Það væri aðeins til að hleypa málinu í strand.

Hv. 3. þm. Reykv. var að tala um, að það gæti vel verið eðlilegt, að þó mjólkin væri seld neytendunum hér í Rvík á 42 aura, þá gætu bændurnir ekki fengið fyrir hana nema 14—16 aura. Honum fannst það gæti verið eðlilegt, að það kostaði 24—26 aura að hreinsa mjólkina, flytja hana hingað til bæjarins austan yfir heiði og selja hana hér. Ég skal ekki deila um þetta við hv. þm. Ég ætla aðeins að benda á það, að til er einn staður hér á landi, þar sem mjólkurflutningur og sala er vel af hendi leyst. Það er í Eyjafirði, hjá Kaupfélagi Eyfirðinga. Þar er mjólkin seld til neytendanna á Akureyri á 25 aura, hreinsuð, gerilsneydd og flutt út um bæinn. Meiri hl. sveitanna þar er eins langt frá Akureyri eins og Ölfus er frá Reykjavík, og þó fá eyfirzkir bændur hærra verð nettó af sínum 25 aura útsöluverði heldur en bændur hér af 42 aura útsöluverði. Þarna er ekki um að ræða minni framleiðslukostnað við búskapinn en hér. Nei, þetta er af því, að þarna er vit og hagsýni í skipulaginu, og með allri virðingu fyrir atvmrh. get ég ekki látið vera að geta þess, að bændurnir í Eyjafirði hafa náð þessu góða skipulagi án þess að ráðuneytið hafi nokkuð fyrir þá gert. Ég býst við, að hv. 3. þm. Reykv. hafi ekki viljandi gengið framhjá þessari reynslu Eyfirðinga, þegar hann var að tala um það, að við vissum ekki nema það væri eðlilegt hlutfall milli söluverðs og þess verðs, sem bændur fá fyrir mjólkina hér, heldur hafi hann skort kunnugleika á þessum staðreyndum. En hv. 3. landsk. og hæstv. atvmrh. vissu ofurvel um þessa reynslu, en þeir þögðu yfir henni. Þeir vilja ekki fá leiðbeiningar þeirra manna, sem áreiðanlega hafa komizt lengst á Norðurlöndum með heppilegt skipulag á einu mjólkursamlagi. Til þessara manna hefir hæstv. ráðh. ekki dottið í hug að leita.

Auðvitað má sala þessara afurða ekki vera eftirlitslaus, heldur verður að koma þar til greina skynsamlegt matsverð. En til þess að finna það, tel ég ekki þörf á neinni sérstakri rannsókn. — Og ég vil skjóta því til þeirra íhaldsmanna, sem hafa látið vantraust sitt í ljós á því, að bændur almennt mundu treysta félögum þeim, sem hér hafa verið tilnefnd, til skipulagningar sölunnar, að fisksöluhringurinn, þar sem Kveldúlfur, Alliance og Proppé ráða öllu, vilja út af lífinu selja allan fisk landsmanna, og það eftirlitslaust.

Þá var nokkuð rætt um kostnaðarverðið. Hv. 3. landsk. lagði reyndar ekki út í að sanna tilveru þessa kostnaðarverðs, og ég held því fram, að enn hafi ekki verið

komið fram með nein söguleg rök fyrir því. Ég tel það ekki, þó að einhversstaðar hafi birzt gáfuleg grein eftir Eirík Briem um þetta efni. Allir vita, að aldrei hefir verið eftir henni farið. Það endar alltaf með því, að framleiðsluna verður að selja fyrir það, sem hægt er að fá fyrir hana, hvað sem kann að vera reiknað út í gömlum árgöngum Búnaðarritsins. Og þar sem hvergi er í raun og veru reiknað með þessu kostnaðarverði, þá þýðir ekki að setja það í till.

Eftir undirtektum leiðtoga íhaldsins að dæma þarf ekki að búast við neinum stuðningi frá þeim flokki í þessu máli. Þá er ekki annað fyrir en að þingið feli félögum bænda og verkamanna að finna leiðir í þessu máli og undirbúa frv. um það, sem svo verði lagt fyrir næsta þing.

Magnús Jónsson: Ég þarf ekki að fara að bera af mér neinar sakir, þó að hv. 2. landsk. segi, að ég muni vera betur að mér í biblíunni en þjóðhagsfræði. Ég get samt sem áður haft þjóðhagsfræðina sem aukastarf, á sama hátt og hann hefir haft stjórnmálin sem aukastarf. En það er auðvitað ekki tryggt, að hann hafi nokkurt vit á stjórnmálum, enda þótt hann geti stjórnað brauðgerðarhúsi.

Hv. þm. sagði, að ég hefði í ræðu minni ekki tekið tillit til dreifingarkostnaðarins. En þó að jafnaðarmenn skilgreini kostnaðinn sem framleiðslukostnað + dreifingarkostnaði, verður kenning þeirra jafnvitlaus fyrir því. Verð vöru er ekkert annað en það, sem hún selst fyrir, og hafa líka allir ræðumenn hér komizt að þeirri niðurstöðu. Það er yfirleitt ekki til neins að framleiða vöru, sem ekki selst. Ef varan selst ekki, stendur framleiðslukostnaðurinn sem dauður bókstafur.

Þá verð ég að segja það, að ég skil ekki afstöðu hv. 4. landsk., sem ber fram brtt., er gengur lengra en till. sú, sem fram er komin, en er þó á móti málinu, að því, er virðist. Við erum í rauninni sammála um margt, því að hann er alltaf að tala á móti sama máli og ég.

Ég skal ekki fara út í stórpólitískar hugleiðingar hv. þm. um sameiningu bændaflokksins og verkamannaflokksins. En ég ætla aðeins að minnast á eitt atriði í ræðu hans. Hann vitnaði í fisksölusamlagið. En hér er nú sá reginmunur á, að fisksölusamlagið er miðað við vörur, sem við seljum til annara landa. Er því hátt fiskverð í þágu allra landsmanna. En það, sem hv. þm. ræddi um, snerti innanlandssölu landsmanna. Skipulag hans myndi aðeins leiða til verðhækkunar. Hún er góð og blessuð, þegar ræðir um sölu til útlanda, en um sölu innanlands verður að stilla henni mjög í hóf.

Hv. 4. landsk. varð að játa, að það væru neytendurnir, sem að lokum segðu til um það, hvaða verð fengist fyrir vöruna. Þótt ekki væri um raunverulegt samkomulag að ræða, þá yrði að laga verðið eftir því, að varan gengi út. Hvað á þá að þýða að vera að reikna út eitthvert framleiðsluverð, ef hitt gildir að lokum? Ég vil ekki lengja umr., þó að ég hefði viljað segja ýmislegt fleira, t. d. um það, að framleiðslukostnaðurinn yrði að lækka. Það stafar af því, hve hár hann er, hvað við eigum jafnan erfitt með að fá verzlunarjöfnuðinn við útlönd okkur í vil.

Jón Þorláksson: Hv. 4. landsk. er nú farinn að taka upp sitt fyrra hátterni, sem menn hafa saknað það sem af er þessu aukaþingi. Hann gerði sér það til gamans að rangfæra orð mín viðvíkjandi 2. málsl. till. þeirrar, er fyrir liggur. Hann spann hér fram einhvern heilaspuna frá sjálfum sér um það, að ég væri á móti málinu, þó að ég hafi lýst yfir því, að ég væri samþykkur báðum efnisliðum tillögunnar, 1. og 3., og hafi ekki sagt annað en það, sem hv. þm. virðist vera mér samdóma um, sem sé það, að upptalning aðilanna í 2. málslið væri svo einhliða, að hún gæfi ekki rétta mynd af því, sem stj. þyrfti að gera í málinu. Hv. 4. landsk. hefir fundið til þessa, eins og ég, og vill lagfæra það með því að bæta við fleiri aðilum. En viðbót hans er, held ég, ekki fullnægjandi. Stakk ég því upp á að vera ekki að taka neitt fram í till. um þetta, en láta stj. sjálfráða um, hvert hún leitar upplýsinga. Ber ég slíkt traust til hverrar stj. sem er, sérstaklega ef hv. þm. á ekki sæti í henni, að hún sé einfær um að dæma um þetta.

Hv. 4. landsk. hefir viðurkennt, að upp-

talningin er ekki fullnægjandi, en hún er auk þess einhliða.

Jón Baldvinsson: Ég er nú ánægður með ræðu hv. 3. þm. Reykv., enda þótt hann hafi lýst yfir því, að hann hafi ekki skilið það, sem ég sagði. Í seinni ræðu sinni gekk hann inn á það, að dreifingarkostnaðinum ætti að bæta við framleiðsluverðið, og er hann þannig búinn að samþ. það, er ég hélt fram.

Hann minntist líka á annað atriði, sem við höfum ekki rætt áður, sem sé tilbúning vara, sem ekki er hægt að selja. Samkv. kenningu jafnaðarmanna á ekki að búa til vörur, sem ekki er hægt að selja. Framleiðsluna á að miða við þarfir þjóðarinnar. Ef hv. þm. vildi taka nærliggjandi dæmi um framleiðslu, sem væri óþörf, þá mætti segja, að það væri offramleiðsla, ef hann væri búinn að útskrifa fleiri presta en þörf er á.

Ég mun greiða atkv. með till. hv. 4. landsk., en að öðru leyti mun ég halda mér við brtt. mína við till. aðalflm. á þskj. 156. Fyndist mér það illa farið, ef ganga ætti framhjá neytendum, þegar um það er að ræða að skipuleggja afurðasölu innanlands. Er því óviturlegt ráð hv. 1. landsk., að fella niður ákvæðin um, að leita beri til þeirra stofnana, sem veitt gætu upplýsingar í þessu efni, og aðila, sem hafa áhrif á þessi mál.

Eiríkur Einarsson: Ég ætlaði að láta mér nægja að sýna till. fylgi mitt með því að greiða henni atkv., en nokkur þau orð, er hér hafa fallið, gáfu mér tilefni til að standa upp.

Eitt af því, sem hér hefir verið rætt, er 2. liður till., hvort leita beri umsagnar þeirra stofnana, sem þar eru nefndar. Sé ég ekki, að eftirsjón væri að þessum lið, því að ef ríkisstj. er falið að gera þetta, sem til er tekið, þá er auðvitað, að hún verður að afla sér sem beztra upplýsinga, og verður hún þá að fara til þessara stofnana.

En það, sem kom mér sérstaklega til þess að taka hér til máls, var þó hitt, að ekki hefir verið minnzt á það í sambandi við að gera bændum fært að fá endurgreiddan framleiðslukostnað sinn, hvað ríkisstj. þyrfti að gera í samgöngumálum landsins. Reykjavík hefir t. d. að upplandi mesta framleiðslusvæði landsins, Suðurlandsundirlendið. En í samgönguskortinum milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins eru miklir örðugleikar fólgnir, og er þetta eitt meginmeinið, sem þarf að lækna.

Í sambandi við það, sem hér hefir verið talað um mjólkurbú, og þá sérstaklega mjólkurbú Eyfirðinga, skal ég geta þess, að ég efast ekki um, að rétt sé, að það sé í góðum höndum. En viðvíkjandi því, sem sagt var um skipulagsleysi mjólkurbúanna fyrir austan, má benda á, að stærsta mjólkurbúið þar, mjólkurbú Flóamanna, stendur í nánu sambandi við kaupfélög, sem eru í S. Í. S. Ég læt þessa aðeins getið.

Það var sorglegt, sem skeði í mjólkurbúamáli Sunnlendinga, þegar tvö mjólkurbú voru stofnuð í einu, svo að kalla hvort við hliðina á öðru. Þessi tvíburafæðing var ógæfa, og vil ég lýsa ábyrgð á því sem lengst frá mér. Áhrifin voru þar aðkomandi. Héruðin eiga eftir að kenna á afleiðingum þeirra framkvæmda.

Ég vil hvetja til þess, þegar ný mjólkurbú verða stofnuð, að þá sé ekki verið að „agitera“ fyrir þessu og þessu héraði og einhver skyndiáhrif látin ráða úrslitum, þar sem svo mikið er undir því komið, að heildarviðhorfsins sé gætt.

Flm. (Jón Jónsson): Ég vil þakka hv. síðasta ræðumanni góðar undirtektir og gæti raunar þakkað fleirum, því að málið hefir mætt hlýlegum undirtektum hér í d. Hv. 3. þm. Reykv. hefir helzt gagnrýnt till., og auk þess hefir hún mætt andúð frá hv. 4. landsk., sem ég átti ekki von á. Ég mótmæli því, að ég hafi sýnt nokkurn yfirdrepskap í þessu máli. Hefi ég hagað orðalagi í samráði við forstjóra helztu félaga, þeirra er hér eru nefnd.

Um það, hvort sannfæring fylgi máli frá minni hálfu, verða aðrir að dæma. Mér er mikið áhugamál, að ráðið verði fram úr þessum vandkvæðum landbúnaðarins.

Hv. 4. landsk. vísar til ummæla hv. þm. Str. Ég vildi óska, að hann stæði oftar nær hv. þm. Str. Væri þá landbúnaði okkar betur borgið. Hv. þm. Str. hefir mikinn áhuga á landbúnaðinum og vænt-

ir sér stuðnings af vinnandi mönnum í bæjum og sveitum honum í hag og er yfirleitt reiðubúinn til að gera allt það í hverju máli, sem honum þykir mestu varða fyrir okkar þjóð.

ATKVGR.

Brtt. 210 tekin aftur.

— 208 felld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BKr, IP, JBald, JónasJ, PHerm, EÁrna.

nei: BSn, EE. GL, JónJ, JónÞ, KS, MJ, PM.

Fyrsti málsl. tillgr. samþ. með 12:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónÞ, KS, PHerm, PM, BSn, BKr, EE, GL, IP, JBald, JónJ, EÁrna.

nei: MJ.

JónasJ greiddi ekki atkv.

Brtt. 209 samþ. með 8:2 atkv.

— 203 samþ. með 8:1 atkv.

Annar málsl. tillgr., svo breyttur, samþ. með 9:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IP, JBald, JónJ, JónasJ, KS, PHerm, BKr, EE, EÁrna.

nei: JónÞ, MJ, PM, BSn.

GL greiddi ekki atkv.

Síðasti málsl. tillgr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 8:1 atkv. og afgr. sem ályktun efri deildar Alþingis (A. 227).

9. Útrýming fjárkláða.

Á 12. fundi í Nd., 17. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um útrýmingu fjárkláðans (A. 55).

Á 13. fundi í Nd., 18. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 14. og 15. fundi í Nd., 20. og 21. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 16. fundi í Nd., 22. nóv., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Á seinasta Alþ. var borin fram þáltill. um böðun til útrýmingar fjárkláða, en tími vannst ekki til að afgr. málið, svo að það dagaði uppi, varð ekki útrætt. Við flm. þessarar þáltill. vildum ekki láta mál þetta algerlega niður falla, vegna þess hve það hefir afarmikið að segja fyrir sauðfjárrækt vora, að útrýming fjárkláðans takist. Það eru sum héruð, sem telja þetta eitthvert mest áríðandi málið hvað búfjárræktina snertir nú eins og sakir standa, að fyrirkomið verði að fullu slíkum vágesti sem fjárkláðinn hefir verið. Það er óhætt að fullyrða, að enginn faraldur í búfé voru hefir gert landsbúum slíkt tjón sem fjárkláðinn, jafnvel ekki bráðapestin. Að því er talið er barst kláðinn fyrst til landsins um 1760 og þá eyddi hann að heita mátti sauðfé landsmanna allt frá Jökulsá á Sólheimasandi til Jökulsár á Fjöllum, að undanskildum Vestfjörðum. En með niðurskurði og öðrum vörnum var hægt að útrýma honum í það skipti. En nær 100 árum síðar — milli 1850—60 — gaus þessi faraldur upp aftur og byrjaði þá hér í Mosfellssveit og austur í Flóa. Og þá sögu þarf ekki að rekja nákvæmlega. Þá var barizt gegn honum af nærfellt öllum landsmönnum, þótt ekki yrðu þeir sammála um, hvaða aðferðir skyldi nota. Sumir vildu skera niður eins og fyrr og sem vel hafði heppnazt þá, en aðrir vildu lækna. Pestin gekk þá aðallega um Suðurlandsundirlendið, Borgarfjörð, Húnavatnssýslur og nokkru víðar, en varð þó lömuð nokkuð með niðurskurði og lækningatilraunum, svo að hún varð ekki jafnskæð og áður. En samt smáútbreiddist hún, og það er talið, að fáar séu þær sveitir, er hafi ekki smitazt, nema sennilega Skaftafellssýslur. Vera má, að einhverjar fleiri hafi ekki orðið varar sýkinnar, en þegar ég 1918 var sýslumaður í Norður-Múlasýslu, var þessi faraldur bæði í Hjaltastaðaþinghá og á Jökuldal. En sú tilraun til eyðingar kláðanum, sem gerð hefir verið rækilegust, var unnin fyrir tilstilli Páls amtmanns Briems rétt eftir síðustu aldamót og fenginn til þess norskur maður, sem

áður hafði unnið að slíku í Noregi, að standa fyrir böðuninni. Voru þá reynd og notuð tóbaksböð. Áður en þessi útrýmingarböð byrjuðu var fjöldi heimila sýktur af kláðanum, en böðunin bar þann árangur, að heita mátti, að kláðinn hyrfi þá alveg í bili, og heyrðist hans varla getið. Var þá almenn ánægja yfir útrýmingarböðun þeirri, þótt dýr þætti í þann tíð og því kurr nokkur í fyrstu gegn henni. En þar sem ekki var nógu rækilega skoðað sauðfé næstu ár eftir böðun og sótthreinsun húsa e. t. v. ábótavant, og gögn til böðunar ófullkomin, þar sem smíða þurfti baðkörin þá jafnframt, þá verður að viðurkenna, að tilraun þessi bar prýðilegan árangur og stórum betri en menn bjuggust við. Ég kem að því aftur, að nú er kláðinn hvergi nærri í rénun, heldur virðist hann þvert á móti færast í aukana. Árlega verður nú að verja stórfé til lækninga kláðasjúku sauðfé; t. d. hefir ríkissjóður orðið að greiða á síðastl. ári á 8. þús. kr. til baðlyfjakaupa til útrýmingar fjárkláðanum. Og þó er það minnst af þeim kostnaði, er telja verður, að kláðinn hafi í för með sér, því að fjáreigendur verða að leggja annað eins til, og ekki minna, og þar, sem tvíböðun fer fram, verður að gefa fénu um og eftir böðunina miklu meira og betra fóður en áður, og er það reynt, að fé heldur sig verr að beit á vetrum eftir að hafa verið tvíbaðað og sætt innistöðum, sem þeim böðunum fylgja. Og það fé, sem fær þessi óþrif í sig, verður lélegra til frálags, og ullin verður stórum lakari af því, sem veikina hefir tekið. — Nú finnst mér vera töluverð ástæða til þess, að einmitt á þessum tímum verði útrýmingarböðun látin fara fram, því að auk þess sem vitanlegt er, að þetta er vilji og áhugamál margra sýslna, að losna við þennan vágest, þá eru núna einmitt tímar til þess að það geti farið fram. Nú hefir í sumum hlutum landsins verið framúrskarandi grasár og heyskaparsumar, og lítur út fyrir, að þessi vetur verði með þeim blíðari, svo að gera má ráð fyrir, að heygnægðir bænda verði með betra móti, og ef sæmilegur heyskapur verður næsta sumar, ætti ásetningur bænda næsta haust að verða með albezta móti. Tel ég rétt, að tilraunin verði gerð næsta vetur, því að alltaf þarf að eyða töluvert meiru af heyi, þegar kláðaböðun fer fram. Við flm. leggjum mikla áherzlu á, að undirbúningur allur verði sem vendilegastur, að rannsakað verði rækilega, hvert baðlyf er öruggast til útrýmingar, og leitað verði till. og umsagna héraðsstjórna og dýralækna, og þær till. hafðar, sem viturlegastar teljast, og settum reglum verði rækilega fylgt bæði um böðun og sótthreinsun fjárhúsa, svo og um innistöður fjár. Ég hefi þá sterku von, þar sem útrýmingarböðunin um síðustu aldamót reyndist svo gagnleg við þau skilyrði, sem þá voru fyrir hendi, að árangurinn verði nú, með þeim skilyrðum, sem núna eru, sá, að takast megi að gereyða kláðanum, ef einhuga er gengið að útrýmingu hans og alþjóð verður sammála um nauðsyn þessa máls.

Ég skal svo ekki eyða fleiri orðum um þetta, en legg til, að umr. verði frestað og málinu vísað til landbn.

Pétur Ottesen: Ég held, að menn renni lítinn grun í það nú, hverjar verða muni heybirgðir bænda næsta vetur og hvort þær muni verða nægilegar til þess að taka á móti aukinni heyeyðslu vegna svokallaðrar útrýmingarböðunar á fjárkláða. Um það eru allar bollaleggingar þýðingarlausar nú; en út af því, sem hv. 1. flm. þáltill. hélt því fram, að síðastl. sumar hefði heyfengur manna verið með bezta móti, vil ég segja það, að þó hér sunnanlands hafi að vöxtunum orðið allsæmilegur heyskapur, þá býst ég við, að bændur hér hafi ekki í annan tíma verið ófærari til þess að mæta hörðum vetri en einmitt nú, vegna þess hve heyin eru léleg. (**ÞÞ:** Það eru góð hey á Norðurlandi og Vesturlandi).

Ég ætla nú ekki að fara að tala langt mál um þessa þáltill., en ég býst ekki við, að það séu miklar líkur til þess, að hægt verði að kveða fjárkláðann niður með öllu með þvílíkri útrýmingarböðun og hér er gert ráð fyrir, og allra sízt þegar ekki er gert ráð fyrir, að hún fari fram nema á vissum svæðum. Það er vitanlega engan veginn tryggt, að ekki verði yfir sumarið samgangur sauðfjár milli þeirra svæða, þar

sem kláðaböðun hefir farið fram, og hinna, þar sem ekki á að baða, heldur er einmitt hið gagnstæða víst, að féð fer yfir takmörkin að sumrinu. Ég held því, að það skynsamlegasta sé að ganga eins langt og unnt er í því að halda kláðanum niðri með hinni almennu þrifaböðun, því reynslan hefir sýnt, að þar, sem fullkominnar vandvirkni er gætt við þrifabaðanir, þar er gersamlega hægt að halda kláðanum niðri. Það er ekkert nema trassaskapur og óvandvirkni við böðunina, sem veldur því, að þrifabaðanir nægja ekki, og svo það, að kindur sleppa víða framhjá böðun, sem í flestum tilfellum er líka trassaskap að kenna. Þess vegna ætti löggjafarvaldið að gera frekari ráðstafanir en hingað til hafa verið gerðar til að tryggja, að hinar árlegu þrifabaðanir verði samvizkusamlega framkvæmdar, fremur en fara að ákveða allsherjar útrýmingarböðun með þeim hætti, sem hér er lagt til og vonlítið er um, að komi að fullu gagni, þar sem aðeins á að fara fram svonefnd útrýmingarböðun í nokkrum héruðum, eða þar, sem upp hefir verið gefið, að kláðans hafi orðið vart. Ég vil því beina því til hv. landbn., sem líklega fær þetta mál til meðferðar, að athuga, hvort ekki sé ráðlegra að skerpa eftirlit með þrifaböðun sauðfjár heldur en að ráðast í slíka útrýmingarböðun, sem ætlað er með þessari þáltill., um leið og leitað sé ráðleggingar rannsóknarstofunnar um það, hvaða tegund baðlyfja sé heppilegust og öruggust til þrifabaðana.

Atvmrh. (Þorsteinn Briem): Á síðasta þingi kom fram þáltill., sem fór í svipaða átt og þessi. Sú till. var þó í því formi, sem ég felldi mig betur við en er á þessari till. Þar var gert ráð fyrir, að ríkisstj. léti fyrst fram fara rannsókn um útbreiðslu fjárkláðans, því það liggja ekki fyrir neinar skýrslur um það efni, sem hægt er á að byggja. Ég veit því ekki, á hverju er byggt, þegar komið er fram með till. um að láta fara fram útrýmingarböðun í þeim héruðum, sem fjárkláði er í. Ég veit engan mann, sem getur um það sagt, hvaða héruð það eru og hver ekki. Eftir upplýsingum frá dýralæknum eru allar sýslur landsins a. m. k. grunaðar, og ekki er víst um, að nokkurt hérað á landinu sé algerlega laust við fjárkláðann, nema Vestmannaeyjar.

Mér skilst eftir till., að ætlazt sé til, að farið sé að nokkru leyti eftir umsögn sýslunefnda. Nú er hægt að hugsa sér, að þær sýslur, sem harðast hafa orðið úti af völdum kláðans, óski eindregið eftir böðun hjá sér, en aðrar sýslur við hliðina á þeim, þar sem ekki hafa verið mjög mikil brögð að fjárkláða, leggi aftur á móti böðun. En þá hygg ég, að árangurinn geti orðið vafasamur. Útkoman gæti orðið sú, að önnurhver sýsla fengi böðun hjá sér, en í hinum væri óbaðað. Árangurinn mundi kannske verða sá, að kláðinn minnkaði um stundarsakir, tvö til þrjú ár, en sækti svo aftur nákvæmlega í sama horfið. Nú er ekki lengur um það að ræða, sem áður var, að ófærar ár hamli samgöngum sauðfjár milli héraða. Nú eru slíkar ár nær allar brúaðar. Má því búast við, ef kláðinn verður eftir á nokkrum stöðum, að þá breiðist hann brátt út aftur. Ég hygg því, að ef mál þetta á að fá sómasamlega afgreiðslu, þá þurfi það meiri undirbúning heldur en hér er gert ráð fyrir. Ég hygg meira að segja, að það þurfi að setja um það sérstök lög, ef takast á að útrýma fjárkláðanum til fulls, af því svo mikið er undir því komið, að eftirlitið sé strangt með því, að hvergi komist að trassaskapur eða sviksemi í framkvæmd verksins; annars er allt unnið fyrir gýg.

Ég geri ráð fyrir, að allir séu sammála um það, að nauðsynlegt sé að útrýma fjárkláðanum, en menn verða að gera sér ljóst, að það er dýrt. Allsherjarkláðaböðunin, sem fór fram á árunum 1903 til 1905 og kennd hefir verið við Myklestad, kostaði mikið á fjórða hundrað þús. kr., og það er ekki ástæða til að gera ráð fyrir, að útrýmingarböðun nú, sem gagn væri að, kostaði minna fé. Því tel ég það meira en litla bjartsýni, með tilliti til afgreiðslu síðasta þings á fjárl., ef menn treysta ríkissjóði nú til þess að leggja í slíkan kostnað án þess að nokkur fjárveiting sé fyrir hendi og án þess að undirbúningsrannsóknir hafi farið fram, og því síður áætlun um kostnað verksins. Ég get tekið undir það með hv. þm. Borgf., að vel er hægt að halda kláðanum nokkurn veginn í skefjum með því einu

að skerpa eftirlit með þrifaböðun og með því að ríkissjóður leggi til baðlyf, þar sem kláðinn er svo mikill, að ástæða þykir til að tvíbaða. Ég vil þó fyrir mitt leyti frekar hallast að þeirri stefnu, ef á annað borð á að verja **miklu** fé til útrýmingar kláðanum, að þá verði látin fara fram fullkomin útrýmingarböðun, því reynslan hefir sýnt, að það gefur lítinn árangur að taka einstök héruð og landshluta fyrir, ef ekki fer samtímis fram útrýmingarböðun um land allt.

Á árunum 1920—1922 var t. d. varið fullum 100 þús. kr. úr ríkissjóði til útrýmingarbaðana í ýmsum héruðum, og virðist svo sem árangur hafi orðið lítill eða alls enginn. Ég tel það vel við eiga, að umr. um till. sé frestað og henni vísað til landbn. Væri þá gott, ef n. vildi athuga það nákvæmlega, hvora stefnuna hún teldi heppilegri í þessu máli, að káka áfram við útrýmingarbaðanir í einstökum héruðum eða landshlutum, sem getur kostað ríkissjóðinn eitt til tvö hundruð þús. kr. í hvert sinn, eða að stefna að því, er fjárhagur leyfir, að gera allsherjarútrýmingarböðun.

Flm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Af því ég hafði lesið í þingtíðindunum ummæli hæstv. atvmrh. um þáltill. á síðasta þingi í þessu máli, þar sem mér virtist hann lofa því, að stj. skyldi afla rækilegra gagna um útbreiðslu fjárkláðans, taldi ég ekki nauðsynlegt að taka ákvæði um það upp í þessa þáltill. **(Atvmrh.:** Sú till. var ekki samþ.). Já, en það voru ummælin, sem ég treysti á. En ég vil taka það fram, að ég vil helzt, að útrýmingarböðun fari fram um allt landið, ef það sýnist fært. Annars meinti ég, að landinu yrði skipt í útrýmingarsvæði, og að skiptin væru þar, sem sízt væri hætt við, að fé gengi á milli, ef það sýndist fært, að fengnum rannsóknum, og ef dýralæknar litu svo á, að það væri tiltækilegt; því er það ekki bundið í till., hve stórt svæði eigi að taka fyrir næsta vetur.

Út af því, sem hv. þm. Borgf. sagði, að það væri ekki nema trassaskapur, ef ekki væri hægt að halda niðri kláða með þrifaböðun, þá vil ég taka fram, að ég held, að það sé nú svo margreynt, að það lánast ekki. Margur þrifamaðurinn hefir árangurslaust reynt að losna við fjárkláðann, og það menn, sem almennt er vitað um, að eru langt frá því að vera trassar.

Atvmrh. (Þorsteinn Briem): Út af því, sem hv. tillögumaður sagði, vil ég taka það fram, að þáltill. um kláðamálið á síðasta þingi var ekki afgr. og kom því ekki til kasta stj. að framkvæma hana. Hinsvegar mun sýslunefndum verða skrifað og þær beðnar um upplýsingar í málinu, og stj. hefir þegar reynt að standa í sambandi við dýralæknana um ráð til útrýmingar fjárkláðanum. Þar sem hinsvegar þáltill. var ekki afgr. á síðasta þingi, sá stj. sér ekki skylt að hafa neinar tillögur af sinni hálfu tilbúnar fyrir þetta þing.

Viðvíkjandi því, sem hv. till.maður talaði um útrýmingarsvæði, get ég endurtekið það, sem ég sagði áðan, að nú eru farartálmar milli héraða að mestu leyti horfnir fyrir sauðfé, svo það virðist mjög valt að treysta því, að hægt sé að fara aðra leið en þá, að láta böðun fara fram um allt land sama veturinn, ef von á að vera um útrýmingu kláðans.

Forseti (JörB): Vilja hv. þdm. ekki geyma sér frekari umr. er umr. verður frestað. **(BÁ:** Jú).

ATKVGR.

Till. vísað til landbn. með 17 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 21. fundi í Nd., 28. nóv., var fram haldið fyrri umr. um till. (A. 55, n. 172).

Frsm. (Jón Pálmason) [óyfirl.]: Till. til þál. um útrýmingu fjárkláðans á þskj. 55 fer fram á, að útrýmingarböðun verði látin fara fram í nokkrum héruðum á landinu, þar sem fjárkláðans hefir orðið vart undanfarna vetur, og að öðru leyti sé látin fara fram rannsókn á því, hvaða baðlyf séu heppilegust til nota við þrifabaðanir og útrýmingarböðun. Landbn. telur að athuguðu máli ekki rétt eftir atvikum að samþ. till. óbreytta, en flytur í þess stað till. á þskj. 172, sem hv. þdm. hafa vafalaust kynnt sér. N. er sammála hv. flm. um, að það beri vott um ófyrirgefanlegt menningarleysi í þjóðfélaginu, ef fjárkláðinn er látinn þróast hér áfram.

Þess vegna telur hún nauðsyn á, að hafinn sé rækilegur undirbúningur til útrýmingar kláðanum. Og þann undirbúning vill hún láta gera áður en Alþingi ákveður, með hvaða hætti útrýmingin skuli fram fara.

Útrýmingarbaðanir hafa áður farið fram hér á landi og kostað mikið fé; en ég álít, að þær hafi verið gerðar á skökkum grundvelli og að þá hafi ekki verið til að dreifa þeirri þekkingu, sem þörf var á. Nú leggur landbn. til: 1) að rækileg rannsókn verði látin fara fram á yfirstandandi vetri um útbreiðslu fjárkláðans, á þann hátt, að stj. láti fram fara kláðaskoðun um allt land jafnframt fóðurbirgðaskoðun síðari hluta vetrar. 2) að stj. hlutist til um, að rannsóknarstofan í þágu atvinnuveganna rannsaki nákvæmlega, hvert baðefni sé hentugast og jafnframt öruggast til útrýmingar fjárkláðans. Og ég vil taka það fram, að þá verður að velja það baðefni fyrir aðalbað, sem að öðru jöfnu reynist bezt í notkun eða meðferð. Ég vil í þessu sambandi minna á það, þegar tekin var upp, illu heilli, einkasala á baðlyfi. Það eru einhverjar þær verstu ráðstafanir, sem gerðar hafa verið í þessum efnum, af því að hið lögskipaða baðlyf reyndist svo ákaflega illa. Annars ætla ég ekki á þessu stigi málsins að ræða um reynslu manna á baðlyfjategundum eða um það, hvaða baðlyf séu bezt, því að n. ætlast til, að rannsókn verði látin skera úr um það.

Þá er það eitt enn, sem n. vill, að rannsóknarstofan verði látin athuga, en það er um lífnaðarhætti sóttkveikjunnar. Ég vil beina þeim orðum til hæstv. atvmrh., að því var á sínum tíma haldið fram, að kláðamaurinn gæti ekki lifað í tómum fjárhúsum nema 8—14 daga. En reynslan virðist hafa sýnt, að þessi kenning er ekki rétt. Það hefir ákaflega mikla þýðingu, hvað rétt reynist í þessu efni. Ég hefi sterkan grun á því, að kláðamaurinn lifi í húsunum yfir sumartímann. N. vill, að það sé látin fara fram ýtarleg rannsókn á því, hvort svo sé, og frá sjónarmiði hennar er það eitt þýðingarmesta atriðið í málinu.

Það er ætlun landbn., að stj. leggi fyrir næsta þing niðurstöður þeirra rannsókna, sem ég nú hefi nefnt, og till. um, á hvern hátt hún vill haga útrýmingu fjárkláðans. Þetta útrýmingarmál hefir frá upphafi kostað mikið fé. En ég held, að ef nauðsynleg þekking fæst um þau atriði, sem talin eru í till. n., þá megi lækna fjárkláðann án þess miklu sé til kostað af opinberu fé. Ég skal ekki fara lengra út í þau efni nú, en vænti, að hv. þdm. samþ. brtt. landbn. og að þeir, sem kunna að eiga sæti á næsta þingi, leysi málið á heppilegan hátt. — Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þáltill., en vænti, að hv. þd. þurfi ekki langan tíma til að afgr. málið.

Atvmrh. (Þorsteinn Briem): Ég leyfi mér að þakka hv. landbn. fyrir afgreiðslu hennar á þessu máli. Hún hefir gert sitt til að koma þessari þáltill. í réttara og viturlegra horf. N. hefir snúið að því ráði, sem er nauðsynlegast við framkvæmd allra verka, en það er að hefja fyrst sem beztan undirbúning, svo að verkið verði hafið og því fram haldið á réttum grundvelli. Það er fyrirfram auðséð, að það getur ekki borið fullkominn árangur að rjúka til og baða fé svokallaðri útrýmingarböðun í nokkrum héruðum, eins og gert var árin 1920—1922, þegar varið var fullum 100 þús. kr. til kláðaböðunar. En að fáum árum liðnum var allt komið í sama horfið og áður í þessum héruðum. Sú útrýmingartilraun reyndist ekki aðeins gagnslaus, þótt hún kostaði ríkissjóð mikið fé, heldur dró hún úr trú manna á því, að hægt væri að vinna bug á þessum vágesti.

Ég gat þess áður, við fyrri hluta þessarar umr., að það væru uppi tvær stefnur í þessu máli. Önnur, sem aðeins vildi halda kláðanum í skefjum með fullkomnum þrifaböðunum árlega, en hin stefndi að fullkominni lækningu á kláðanum og útrýmingu hans úr landinu. Ég geri ráð fyrir, að þegar til lengdar lætur, þá verði fullkomin útrýmingarböðun framkvæmd að lokinni fullri rannsókn og með góðum undirbúningi, í raun og veru það ódýrasta fyrir landið. En annað mál er það, hvort við, eins og nú standa sakir um fjárhag ríkissjóðs, erum þegar við því búnir að leggja út í þá framkvæmd, sem hlýtur að kosta ærið fé. Þess vegna tel ég til bóta og lýsi ánægju minni yfir því,

að svo virðist, sem n. hafi hallazt að þeirri stefnu, að í framtíðinni verði snúið að fullkominni útrýmingarböðun um allt land, þegar fjárhagur landsins leyfir, en að nú þegar verði hafinn sá undirbúningur, sem nauðsynlegur er til þess að slík framkvæmd geti komið að gagni og forsvaranlegt sé að hefja hana. En ég vil raunar segja, að til þess að þetta mál sé nægilega undirbúið fyrir næsta þing, er tíminn sízt of langur.

Hv. frsm. leit svo á, að það mundi vera nægilegt til þess að rannsaka útbreiðslu fjárkláðans í landinu, að láta fara fram skoðun um leið og fóðurbirgðaskoðun færi fram síðari hluta vetrar. Það má vel vera, að þetta reynist nægilegt, en ég hefi ekki borið mig saman við dýralækninn um þetta atriði, svo ég vil ekki að svo stöddu fullyrða neitt um það.

Það er rétt, sem hv. frsm. tók fram, að einn liðurinn í undirbúningi þeim, sem nauðsynlegur er áður en til framkvæmda kemur og áður en fjárveitingavaldið veitir fé til þessara hluta, er m. a. sá, sem bent er á í till. n., hvort nauðsyn sé að sótthreinsa fjárhúsin. Reynsla sumra bænda bendir til þess, að kláðamaurinn geti lifað í fjárhúsum jafnvel missiri, og sum dæmi benda til þess, að hann geti lifað lengur, og dýralæknir sá, sem var hér í Rvík þegar Myklestadsböðunin fór fram, hélt því eindregið fram, að sótthreinsun fjárhúsa væri nauðsynleg. Um þetta er nauðsyn að fá fulla vissu áður en til fjárveitinga eða framkvæmda kemur, vegna þess, að það skiptir allmiklu máli hvað kostnaðinn snertir, hvort það þarf að bæta þessari sótthreinsun ofan á annan kostnað. Þá er ég og því samþykkur, að rannsóknarstofunni sé falið að rannsaka baðefnið. Það er einn liður í þeim undirbúningi, sem þarf að fara fram áður en í þetta er ráðizt.

Annars vil ég geta þess, þó að það skipti ekki miklu, að það mundi vera heppilegra orðalag í 2. lið till. að segja: Að hlutast til um, að rannsóknarstofa háskólans rannsaki o. s. frv., — með því að fjárveiting í næsta árs fjárl. er bundin við rannsóknarstofu háskólans, og rannsóknarstofa í þágu atvinnuveganna er ekki til nema á pappírnum, en rannsóknarstofa háskólans hefir tekið að sér þau störf, sem átti að fela hinni stofnuninni.

Auk þess undirbúnings, sem þegar hefir verið drepið á, er og ýmislegt fleira, sem athuga þarf. M. a. vil ég benda á, að þótt sundþróm til fjárböðunar hafi fjölgað mikið, þá eru þær samt ekki á hverjum bæ. Það er eitt atriði, sem þarf að athuga til undirbúnings, og það þarf að stefna að því jafnhliða, að sundþrær séu til á hverju býli, þar sem fjárrækt er stunduð, og þyrfti ef til vill einhvern lítilsháttar styrk til þess að koma þeim upp, eins og veittur er styrkur til annara umbóta á jörðum, t. d. til votheyshlöðubygginga og því um líks. Það skiptir töluverðu máli einnig hvað kostnaðinn snertir, hvort þetta er komið í það lag, sem nauðsynlegt er, áður en til framkvæmda kemur. Ég geri ráð fyrir, að jafnframt þeim undirbúningi, sem ræðir um í brtt. hv. n., þyrfti og að undirbúa löggjöf um þetta efni. En eins og nú eru horfurnar framundan, vil ég ekki ráða til þess, að sú löggjöf komi til framkvæmda fyrr en jafnóðum og fé yrði veitt í fjárl., því að hér yrði um svo mikinn kostnað að ræða, að þar yrði að taka fullt tillit til fjárhagsástæðna ríkisins.

Þorsteinn Þorsteinsson: Þó að ég telji mikla þörf og nauðsyn á því, að böðun geti farið fram á næsta vetri, þá get ég sætt mig við till. landbn. eins og málið liggur nú fyrir, en legg aðaláherzlu á, að þetta mál verði rækilega undirbúið af stj. hálfu, ef till. n. verður samþ., og það verði svo vel undirbúið, að það geti fengið greiða afgreiðslu á næsta þingi, og þá væri ekki ósennilegt, að útrýmingarböðun gæti farið fram á árinu 1935, eða a. m. k. yrði byrjað á henni þá.

Það, sem ég legg aðaláherzluna á, er, að böðun þessi geti farið fram með sem allra beztum árangri, og mun ég því bíða rólegur, og vænti þess, að hv. meðflm. mínir geri það sama, meðan þessi nauðsynlegi undirbúningur er gerður. En vænti þess jafnframt, að þessari framkvæmd verði ekki seinkað meira heldur en nauðsyn er á.

Viðvíkjandi þeirri skoðun, sem hv. frsm. landbn. var að tala um, að framkvæmd yrði seinni part vetrar, þá held

ég, að heppilegra yrði, ef hægt væri að koma því svo fyrir, að sú skoðun gæti farið fram einmitt tímanlega vetrar, helzt ef hægt hefði verið áður en þrifa- og kláðaböðun fer fram á þessum vetri, sem verður kringum hátíðirnar, og hvað Dalasýslu snertir, þá var gerð fyrirskipun um það, að þar verði skoðað rækilega allt sauðfé fyrir miðjan næsta mánuð og sendar skýrslur um árangur þeirrar skoðunar til sýslumannsins.

Bjarni Ásgeirsson: Ég hefi skrifað undir þetta nál. með fyrirvara, en sá fyrirvari þýðir ekki það, að ég sé ekki þeim till. sammála, sem n. ber fram, heldur þýðir hann það, að ég er ekki vel ánægður með orðalagið á nokkrum kafla nál., þar sem lýst er yfir af n. hálfu, að hún leggist á móti málinu vegna þess, að undirbúningur sé ónógur og framkvæmd vafasöm í þeirri mynd, sem till. gerir ráð fyrir.

Ég fyrir mitt leyti er ekki í neinum vafa um, ef einlægur vilji þings og stj. er fyrir hendi til þess að framkvæma till. eins og hún upphaflega var borin fram af hálfu flm., þá væri næg heimild til þess að gera það og nægur tími til undirbúnings fyrir næsta vetur. En vegna þeirra undirtekta, sem till. hefir fengið hér í þinginu, bæði hjá ýmsum hv. þm. og hjá hæstv. atvmrh., þá geri ég ráð fyrir, að hægara verði að koma till. fram í þeirri mynd, sem landbn. var ásátt um að leggja til, eins og komið hefir fram í þeim ummælum, sem fallið hafa hjá hæstv. atvmrh. og fleirum, sem talað hafa í þessu máli. Það er sérstaklega undirstrikað í till. n., að undirbúin verði rannsókn á þeim liðum, sem þar eru tilgreindir, og ég get vel fallizt á, ef allir vilja sameinast um það, að þá borgi sig betur að bíða 1 eða 2 ár heldur en að það verði gert árinu fyrr og heimild til þess undirbúnings vanti, sem nauðsynlegur er.

Ég er sannfærður um, eftir þeim fregnum, sem ég hefi fengið víðsvegar að af landinu, að aldrei hafi borið meira á fjárkláða í landinu en nú, því að mér er sagt úr sumum sveitum, að allt sé löðrandi í kláða og fé nú undir veturinn nær dauða komið, og ég er viss um, að fyrir hann verður ekki tekið nema með almennri útrýmingarböðun, og fyrir því vil ég til samkomulags við þá, sem öðruvísi líta á þetta mál, slá því frekar á frest, ef það fengi þá þann undirbúning, sem allir álíta, að nauðsynlegur sé. Það var aðeins þessi fyrirvari, sem ég vildi gera grein fyrir.

Frsm. (Jón Pálmason) [óyfirl.]: Fyrir hönd landbn. er ég þakklátur hæstv. atvmrh. fyrir vingjarnlegar undirtektir undir þetta mál. En það er aðeins út af örfáum atriðum í ræðu hans, sem ég vil segja nokkur orð.

Ég tók svo til orða í minni fyrri ræðu, að n. ætlaðist ekki til meiri rannsóknar á útbreiðslu kláða en svo, að það yrði látin fara fram skoðun á öllu sauðfé á landinu á þessum vetri. Hvort það er gert seinni hluta eða fyrri hluta vetrar, skiptir ekki miklu máli, en ég held, að meiri hl. n. hafi naumast gert ráð fyrir, að hægt væri að framkvæma þessa skoðun fyrir áramót.

Þó að n. ætlist eigi til frekari rannsókna í þessu efni, er það alls ekki hugmynd hennar, eins og mér virtist hæstv. atvmrh. gefa í skyn, að hægt sé að gera algerlega tæmandi rannsókn á útbreiðslu fjárkláðans, enda er það í sjálfu sér ekki þýðingarmikið atriði, því að sú einfalda rannsókn, sem hér um ræðir, mun leiða í ljós, að hér er full þörf aðgerða.

En að því er snertir það, sem hæstv. atvmrh. tók fram, að hann mundi ekki fella sig við, að á rannsóknum og framkvæmdum væri byrjað án þess að fé yrði veitt í fjárl. til þeirra hluta, þá hefir n. ekki tekið afstöðu til þess, hvort unnt sé að framkvæma almenna böðun á næsta vetri, og verð ég að telja það dálítið vafasamt, en vissa er fyrir því, að engum okkar nm. dettur í hug, að það verði lagt í mikinn kostnað í þessu efni áður en samþ. verður fjárveiting í fjárl., sem afgr. verða á næsta þingi. En eins og málið stendur nú, er það þýðingarmesta atriðið frá mínu og n. sjónarmiði, að þær rannsóknir, sem getið er um í 2. lið till., verði framkvæmdar á fullkominn hátt, og ég veit, að hæstv. atvmrh. er það ljóst, að það er undirstöðuatriðið undir því, að árangur af þessari framkvæmd verði fullkominn.

Pétur Ottesen: Ég er samþykkur því, að hverfa frá framkvæmd á þessu máli svo lítt athuguðu, sem það var, eins og fram kom í hinni upprunalegu till., og hætt er við, að árangur af því starfi hefði orðið lítill, þar sem ekki var gert ráð fyrir að framkvæma útrýmingarböðun nema á nokkrum svæðum á landinu.

Ég talaði nokkuð almennt um þetta mál við fyrri hl. þessarar umr. og gat m. a. um það, að litlar líkur væru til, að hægt væri að ráða niðurlögum kláðans, þó að ráðizt væri í útrýmingarböðun, en hinsvegar að hægt væri með þrifaböðunum að halda honum svo í skefjum, að ekki hlytist tjón af. Þess vegna tel ég það líklegri leið til góðs árangurs að kosta kapps um að halda kláðanum niðri með því að fullkomna eftirlitið með þrifaböðunum, og sú rannsókn, sem gert er ráð fyrir, að gerð sé samkv. brtt. n., getur eins komið að liði, þó menn snúi sér að því að reyna að halda kláðanum í skefjum með þrifaböðunum. Það er jafnnauðsynlegur grundvöllur undir það, að komast að raun um, hvaða baðlyf sé heppilegast og einnig, hvernig eigi að heyja baráttuna við kláðann að öðru leyti, og þess vegna, þó að ekki sé ráðið til beinnar útrýmingar, geta þessar rannsóknir komið að góðu liði, og af þeim sökum er sjálfsagt að sinna þeim till., sem n. hefir borið fram um það efni.

Ég vil benda á, út af því, sem stendur í 1. lið till., að þar er ekkert tiltekið um það, á hvern hátt þessi rannsókn eigi að fara fram nú á þessum vetri. Ég heyrði ekki framsöguræðu hv. frsm., en það má vel vera, að hann hafi komið inn á það í henni. En ég vil benda á, að heppilegra væri og jafnframt kostnaðarminna, að þessi rannsókn væri sameinuð við síðari skoðunina, sem fram fer á vetrinum, því að það eru venjulega tvær skoðanir, sem fara fram, önnur fyrri part vetrar, en hin síðari einhverntíma á góunni, og þá er lítið eftir fóðurbirgðum og ástandi búfjárins. Ég held, að heppilegra væri að sameina þetta kláðaeftirlit við þá skoðun heldur en að stofna til nýrrar skoðunar á þessu tímabili, sem óhjákvæmilega mundi leiða til aukinna fjárútláta fyrir hreppana, sem ég geri ráð fyrir, að muni bera kostnaðinn af þessari framkvæmd.

Ég vil beina því til hæstv. atvmrh., að hann reyni að gera ráðstafanir til þess, að þetta verði sameinað, og ég býst ekki við, að á því reynist neinir örðugleikar, því að ég veit, að t. d. í Borgarfjarðarsýslu er kláðaskoðun æfinlega framkvæmd samtímis fóðurbirgðaskoðun síðari hluta vetrar og af sömu mönnum.

Í síðasta lið till. er gert ráð fyrir að leggja þá niðurstöðu, sem af þessari kláðaskoðun leiðir, fyrir næsta þing, og að þá sé hafinn undirbúningur undir útrýmingarböðun og að þetta skuli gert án tillits til, hvað skoðunin leiðir í ljós, hvort hún sýnir, að kláðinn er útbreiddur eða ekki.

Ég vil í þessu efni skírskota til þeirrar skoðunar, sem ég hefi látið í ljós í þessu efni, að okkur beri fyrst og fremst að snúa okkur að því að halda kláðanum niðri með öflugum þrifaböðunum, og reynslan sýnir, að það er hægt þar, sem fullkomið lag er á þeim hlutum.

Ég vil ennfremur benda á í sambandi við þessa hugmynd að útrýma fjárkláðanum, sem fram á að fara með tveimur böðunum hverri á eftir annari, að það verður að taka tillit til þess ástands, sem kann að vera á heilsufari sauðfjárins á þeim tíma, því að eins og kunnugt er, er fé hér sunnanlands nú meira og minna sýkt, og þá má það ekki við misjafnri meðferð. En það er vitanlegt, að tvennar baðanir hver ofan í aðra há fénu allverulega og draga í bili nokkuð úr þrótti þess og mótstöðuafli gegn allskonar sjúkdómum. Þess vegna verður á þeim tíma, sem ákvörðun er tekin um þetta, að taka fullt tillit til, hvernig ástatt er um heilbrigði sauðfjárins.

Ég get greitt þessari till. atkv., af því að ég lít svo á, að þessi rannsókn geti haft töluverða þýðingu, hvor leiðin, sem farin yrði í þessu máli, að halda kláðanum í skefjum með öflugum þrifaböðum eða þá að reyna útrýmingarböðun, sem mun reynast hæpin að því er það snertir, að kláðanum verði útrýmt til fulls.

Atvmrh. (Þorsteinn Briem): Það er aðeins stutt aths. Hv. þm. Borgf. talaði um að sameina kláðaskoðunina við fóðurbirgðaskoðunina síðari hluta vetrar, en það kom einmitt fram í umr. áður en hv.

þm. kom inn í þingsalinn, og það liggur beint við kostnaðarins vegna að sameina þessar skoðanir, og kostnaðurinn greiðist vitanlega úr sveitarsjóði, eins og hv. þm. minntist á.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Borgf. minntist á, að það gæti verið varhugavert að baða fé í sumum sveitum landsins vegna kvilla, sem væru í sauðfénu, skal ég taka það fram, að sá versti fjárkvilli, sem einkum hefir gert vart við sig hér sunnanlands, hefir verið undir rannsókn síðastl. sumar og nú í vetur, og eins og nú horfir er nokkur von um, að það muni takast að vinna bug á honum, en þessum rannsóknum verður vitanlega haldið áfram til þess að komast að sem beztri niðurstöðu.

Mér finnst gæta nokkuð mikillar veiðibræði hjá hv. þm. Dal., þar sem hann gerði ráð fyrir, að ekki yrði byrjað á böðunum síðar en á árinu 1935. Það má vel vera, að svo fljótt megi ráðast í þessar framkvæmdir, ef þá er veitt fé til þess, en þó er ég ekki viss um, að öllum þeim undirbúningi, sem nauðsyn er á, verði lokið að fullu fyrir þann tíma. Ég skal taka t. d. vísindalega rannsókn á því, hvort sótthreinsun húsa sé nauðsynleg og hvernig hún verði gerð með sem minnstum kostnaði, en þó svo, að örugg sé. Það þarf m. a. að undirbúa eftirlitsmenn um allt land, og ég tel ekki líklegt, að það þyki heppilegt, eins og hv. þm. Dal. gerði ráð fyrir, að taka vissan hluta landsins fyrir, heldur verði, ef útrýmingarböðun á að fara fram, að baða á öllu landinu í einu, en eins og mönnum er kunnugt, þá er ekki nema tiltekinn tíma að vetrinum, sem böðun getur farið fram, vegna fósturtíma ánna.

Hv. þm. Borgf. dró nokkuð í efa, að hægt mundi að útrýma fjárkláðanum hér á landi til fulls, jafnvel þótt útrýmingarböðun færi fram. Ég get að svo komnu máli ekkert fullyrt um það. Og því miður höfum við dýra reynslu fyrir því, að Myklestadsböðunin kom ekki að fullum notum í því efni, af því að „síðasti maurinn“ var ekki drepinn. Reynslan mun hafa verið sú í Noregi og víða annarsstaðar, að jafnvel með útrýmingarböðun hafi ekki verið hægt að drepa „síðasta maurinn“. En því máli hefir samt með útrýmingarböðun og með góðu eftirliti og rækilegri skoðun árlega miðað sumstaðar svo langt áleiðis, að það hefir tekizt á nokkrum árum að útrýma kláðanum til fulls.

Í Noregi var fjárkláðinn talinn í sjúkdómaskýrslum sauðfjár mörgum árum eftir að útrýmingarböðun fór fram, en í síðustu skýrslum mun fjárkláðinn ekki vera nefndur, svo hægt er að ganga út frá, að hann sé nú algerlega horfinn.

Þetta mál er ekki eins auðvelt eins og sumir vilja vera láta, en hinsvegar eru þó nokkurn veginn sömu líkur fyrir því hér sem í Noregi, að með nógu föstum tökum sé hægt að losna við þessa fjársýki að fullu.

ATKVGR.

Brtt. 172 (ný tillgr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 16 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., 30. nóv., var till. tekin til síðari umr. (A. 215).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun neðri deildar Alþingis (A. 248).

---

10. Dýpkunartæki til Vestmannaeyjakaupstaðar.

Á 16. fundi í Nd., 22. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um, að ríkisstj. sé heimilt að styrkja Vestmannaeyjakaupstað til kaupa á dýpkunartækjum (A. 109).

Á 17. fundi í Nd., 23. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 18. fundi í Nd., 24. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Ég hefi minnzt á það í grg. þessarar till., að í l.

frá 1930 var ákveðið, að 110 þús. kr. skyldi varið til dýpkunar og annara mannvirkja og viðgerða á hafnargörðum Vestmannaeyja. Þessi fjárveiting hefir ekki verið notuð nema að litlu leyti til byggingar stórskipabryggju. Nú er svo komið, að bryggjan er byggð og þykir hin prýðilegasta, þó hún sé ekki fullgerð. Vöruskip komast inn um flóð, en höfnin er svo grunn, að það er til stórbaga. Álit þeirra Vestmannaeyinga og verkfræðinga héðan úr Rvík, sem hafa kynnt sér þetta mál, er það, að framhaldandi hafnarbætur séu háðar því, að hægt sé að dýpka höfnina, svo að vöruskip geti komizt inn að bryggju, þó lágt sé í sjó, og botnlagið er þannig, að það er mögulegt. Hafnarnefnd Vestmannaeyja hefir ákveðið að ráðast í að koma þessu í framkvæmd og hefir í samráði við vitamálastjóra fengið Finnboga Rút Þorvaldsson, sem nú er í utanlandsferð, til þess að leita fyrir sér um hentugt dýpkunartæki.

Till. miðar að því að heimila stj. að verja því, sem eftir er af þessari fjárveitingu, til að eignast það tæki, sem hér um ræðir. Við sjáum, að það er ekki hægt fyrir bæinn að komast af án þess að eiga sjálfur dýpkunartæki, því dýpkunin á höfninni verður að fara fram nokkuð í köflum; það er ekki hægt að taka hana alla í einu, heldur verður að taka vissa kafla árlega og halda áfram um ófyrirsjáanlegt árabil, þangað til höfnin er orðin sæmilega djúp. Vitaskuld er hugsunin sú, að byrja á innsiglingunni og hæfilegri rennu inn að stórskipabryggjunni. Sömuleiðis þarf að dýpka bátaplássið, vegna þess að sumir stærstu bátarnir, sem ganga frá Eyjum, geta ekki komizt inn á höfnina, þegar lágsjávað er. Er þetta enn ein ástæða fyrir því, að þetta dýpkunarverk þurfi að framkvæma.

Hér á árunum var fengið hingað dýpkunarskip, og það er mælt, að í Vestmannaeyjum hafi orðið beztur árangur, vegna þess, hvernig botnlagið var. Til þess var notað mikið fé, 50—60 þús. kr. En slíkar ígripadýpkanir eru ekki til frambúðar.

Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þetta. Ég vona, að d. sjái sér fært að taka vel í þessa till., þar sem ekki er um neina nýja fjárveitingu að ræða, heldur ítrekun á því, sem áður hefir verið samþ.

Pétur Ottesen: Það er ekki mín meining að mæla gegn því, að nokkru fé verði varið til þess að kaupa dýpkunartæki; það er síður en svo. En ég vildi benda á það, að nú þegar er byrjað að framkvæma byggingu allmargra hafna á landinu, og það leiðir af sjálfu sér, að það mun vera einn verulegur þáttur í því starfi, að hægt sé að fá dýpkunartæki á þessa staði.

Vitamálastjórninni hefir verið það ljóst fyrir löngu, að slík framkvæmd er mjög erfið án þess að hafa tæki á þeim stöðum. Hingað til hefir þurft að fá leigð dýpkunartæki frá útlöndum í hvert sinn, sem á þeim hefir þurft að halda. Þess vegna er það, að fyrir sjútvn. hafa á undanförnum þingum legið tillögur frá vitamálastjóra, þar sem lagt er til, að fé yrði veitt til þess að kaupa dýpkunartæki. Nú vildi ég gera það að till. minni, að málinu verði vísað til sjútvn. og hún taki það til athugunar og tali um það við vitamálastjórnina, hvort ekki væri rétt að gera nokkru víðtækari ráðstafanir í þessu efni, þannig að keypt verði dýpkunartæki, sem hægt væri að nota kringum landið, þar sem þeirra væri þörf. En ég vil ekki láta í þessu felast neina meinasemi gegn því, að bætt verði úr þörf Vestmannaeyja í þessu efni, heldur að reynt sé að sameina sem mest af þeim þörfum, sem fyrir hendi eru, með þeirri framkvæmd, sem hér yrði ráðizt í.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Ef þess þykir þörf að vísa málinu til sjútvn., þá vil ég ekki mæla á móti því. Það er vitanlega ekki nema rétt, að n. athugi þær hliðar málsins, sem hv. þm. Borgf. minntist á. En satt að segja finnst mér liggja nógu mikið óafgr. af málum í sjútvn., þó þetta bætist ekki við.

Að því er snertir þá þörf, sem fyrir er í Vestmannaeyjum, þá hefir vitamálastjórn verið hún kunn fyrir löngu, og ég geri líka ráð fyrir því, að þegar vitamálastjórn samþ. að leigja Finnboga Rút Þorvaldsson til að fara utan m. a. í þessum erindum, þá sé það merki þess, að hún hefir verið samþykk því, að þessi leið væri farin að því er snertir Vestmannaeyjar. Og ég býst við því, að jafnvel þó að Vestmannaeyjar eignist svona tæki, þá

muni reka að því, að landið þurfi að eignast dýpkunarskip, sem geti farið hafna á milli í þessum erindum.

Ég veit ekki, hvort það er áhættulaust að flytja þetta tæki, sem hugsað er að kaupa í Vestmannaeyjum, hafna á milli; einskonar skip trúi ég samt, að það sé, sem þau eru byggð á, eins og ég hefi vikið að í grg. fyrir þessari till.

Ef hv. þm. Borgf., sem ég veit, að vill alls ekki tefja fyrir þessu máli, heldur fast við þá till., að vísa málinu til sjútvn., þá vil ég ekki setja mig á móti því, en ég held ekki, að sú rannsókn, sem sjútvn. getur gert á þessu stigi málsins, verði mjög mikil.

ATKVGR.

Till. vísað til. sjútvn. með 15 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 22. og 23. fundi í Nd., 29. og 30. nóv., var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Nd., 2. des., var fram haldið einni umr. um till. (A. 109, n. 199, 249, 250).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Sjútvn. hefir mælt með þessari till. eiginlega einum rómi. Að vísu hafa tveir skrifað undir nál. með fyrirvara, sem mér er eiginlega ekki ljóst, hvað þýðir. Áliti n. fylgir, eins og þskj. ber með sér, umsögn vitamálastjóra. En hennar var sérlega beiðzt af hv. þm. Borgf., sem fól n. að afla sér upplýsinga hjá vitamálastjóra um dýpkunartæki yfirleitt, og svo við Vestmannaeyjar sérstaklega. Af bréfinu er það sýnt, að hann álítur, að í Vestmannaeyjum þurfi að vera til tæki, sem bærinn getur notað til dýpkunar hafnarinnar smátt og smátt, eftir því sem fjárhagur leyfir.

Ég vil ekki orðlengja neitt um þetta frekar. Fskj. talar svo ljósu máli, að ekki þarf við að bæta frá minni hálfu. Hinsvegar sé ég, að fram eru komnar tvær brtt., önnur á þskj. 249 og hin á þskj. 250. Þeir flm., sem að þeim standa, eru hv. þm. Borgf. og hv. þm. Snæf. Ég skal taka það fram, að ég hefi ekkert að athuga við þessar till. Ég álít, að ekki séu í þeim sett þau skilyrði, sem óaðgengileg megi teljast fyrir Vestmannaeyjakaupstað, en hinsvegar finnst mér, að báðar þessar till. geti tæpast komið til greina. Verði báðir tölul. á þskj. 249 samþ., sem ég hefi ekkert á móti, þá virðist till. á þskj. 250 þar með óþörf. — Vona ég svo, að d. geti fallizt á réttmæti þessarar till., og vil fyrir mitt leyti ekki leggjast á móti þeim breyt., sem hv. þm. hafa farið fram á.

Pétur Ottesen: Ég sé, að út af tilmælum, sem ég bar fram við fyrri umr. þessa máls, nefnil. að taka til athugunar í þessu sambandi það, sem fyrir liggur, að afla til landsins nauðsynlegra dýpkunartækja við hafnargerðir, hefir n. snúið sér til vitamálastjóra. Það kemur að vísu fram í þessu bréfi hans, að sú nauðsyn, að gerðar séu ráðstafanir til að fá dýpkunartæki til landsins, sé brýn og aðkallandi. En hann lítur þó svo á, að þótt til þess kæmi, myndi Vestmannaeyjakaupstaður þurfa að hafa ráð yfir tæki til sinna eigin afnota. Hinsvegar bendir hann á, að bæta mætti úr brýnustu þörfinni með því, að tæki það, sem Vestmannaeyingar ætla nú að kaupa og fara fram á að fá styrk úr ríkissjóði til, fái ríkissjóðsstyrkinn með því skilyrði, að Vestmannaeyjar láti þetta tæki af hendi, þegar vel stendur á fyrir þeim, til afnota annarsstaðar. Nú hefir n. ekki tekið upp þessa till., sem felst í bréfi vitamálastjóra, og því hefi ég borið fram brtt. um þetta efni. Það er gengið út frá því sem vísu, að tækin, sem keypt verða, séu þannig úr garði gerð, að hægt sé að flytja þau hafna á milli. Því að annars eru þau einungis til afnota fyrir Vestmannaeyjar. Hv. frsm. hefir fallizt á þessar brtt. mínar og hefir ekkert við þær að athuga. Ennfremur er komin fram brtt. á þskj. 250, og gengur hún í sömu átt og síðari liður minnar till. Vil ég því vona, að hv. þm. Snæf. geti tekið sína till. aftur, ef báðir liðir minnar till. verða samþ., og geti málið orðið afgr. á þeim grundvelli. Þótt það sé ljóst, að með því að sinna þannig þörfum einstakra kaupstaða og verja til þess fé, þá getur það orðið til þess, að dráttur verði á, að fengin verði fullkomnari dýpkunartæki til landsins. Því meira fé, sem bundið er í litlum og ófullkomnum dýpkunartækjum til staðbundinna nota, því erfiðara reynist vitanlega að afla nægra fjárframlaga

til að fullnægja þeirri almennu þörf, sem á því er, að fengið sé til landsins fullkomið og hraðvinnt dýpkunartæki.

Thor Thors: Ég á hér brtt. á þskj. 250, sem fer í þá átt, að það sé tryggt, að þessi dýpkunartæki fáist leigð til annara staða. Mér var ekki kunnugt um, að hv. þm. Borgf. bæri fram till., sem færi í svipaða átt. En þar sem hann hefir nú gert það og till. hans er nokkru viðtækari en mín, þá mun ég taka aftur mína brtt.

ATKVGR.
Brtt. 250 tekin aftur.
— 249 samþ. með 19 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. afgr. sem ályktun neðri deildar Alþingis (A. 271).

11. Talstöðvar.

Á 11. fundi í Nd., 16. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um talstöðvar (A. 51).

Á 12. fundi í Nd., 17. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 13. fundi í Nd., 18. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Finnur Jónsson): Ég get að mestu leyti látið nægja að vísa til grg. um þetta mál. Landssíminn leigði á síðastl. sumri allmörgum síldveiðiskipum talstöðvar. Stofnkostnaður slíkra stöðva er ekki mikill, og leiga þeirra ekki heldur há. Hinsvegar urðu þær þegar á síðastl. sumri að mjög miklu gagni. Sannleikurinn er sá, að skipin, sem höfðu talstöðvar, voru ekki fyrr komin í síld en þau tilkynntu það öðrum skipum, og þannig flaug fiskisagan á örskömmum tíma. Leigan eftir talstöðvarnar var um 100 kr., og auk þess þurftu skipin að sjá um viðhald þeirra. En til þess að stöðvar þessar komi að fullu gagni þarf að reisa talstöðvar í verstöðvunum, til þess að hægt sé að tilkynna skipunum, hvernig þau eiga að haga veiði sinni, hvort þau eiga að koma með síld í bræðslu eða til söltunar, og yfirleitt, hvernig á stendur í hvert skipti.

Þessar talstöðvar verða einnig til að auka mjög mikið öryggi sjómanna. Það má gera ráð fyrir, að flest skip, a. m. k. þau stærri, fái sér stöðvar þegar á næsta ári, og er þá mjög fljótlegt að tilkynna þeim, ef bát vantar, og senda þau til að leita. Gæti það oft komið í veg fyrir slys, sem nú gerast mjög tíð.

Í frv. er farið fram á, að reistar verði talstöðvar á Siglufirði og Ísafirði á næsta sumri. Mundi Siglufjarðarstöðin sérstaklega miðuð við að auka afköst síldveiðanna, en Ísafjarðarstöðin verða til að auka öryggi skipa og báta. Ég vil minna á það, að nú alveg nýlega hvarf bátur af Ísafirði, og ef þá hefði verið talstöð á Ísafirði og hægt að tilkynna hvarfið öðrum skipum, sem á sjónum voru, þegar í stað, þá má vel vera, að leitin hefði ekki orðið eins erfið og nú lítur út fyrir, að hún ætli að verða.

Hér er ekki um mikinn kostnað að ræða. Landssímastjóri segir, að þar, sem rafmagn sé fyrir hendi, muni svona stöðvar ekki kosta meira en 5 til 7 þús. kr. hver. Síðar má gera ráð fyrir, að teknar yrðu upp fleiri stöðvar, sennilega í næstu fjárl., t. d. á Akranesi, Vestmannaeyjum og öðrum helztu verstöðvum landsins. Ég þarf ekki að rökstyðja frekar réttmæti þessarar till. né heldur hitt, að við flm. tilnefnum til að byrja með Siglufjörð og Ísafjörð. Frá Ísafirði og verstöðvunum þar í grennd róa um 500 manns á hverjum degi í háskammdeginu, þegar sjóveður er. Og að sumarlagi stundar mikill fjöldi skipa alstaðar að af landinu síldveiðar úti fyrir Norðurlandi.

Vil ég svo mælast til, að umr. verði frestað og málinu vísað til sjútvn.

ATKVGR.
Till. vísað til sjútvn. með 18 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 19. fundi í Nd., 25. nóv., var fram haldið fyrri umr. um till. (A. 51, n. 142).

Frsm. (Finnur Jónsson): Í grg. hinnar upphaflegu þáltill. var skýrt frá því, hver nauðsyn það væri að reisa talstöðvar sem víðast um landið, sérstaklega í nánd við helztu verstöðvar og veiðisvæði. Einn hv. nm. í sjútvn. hefir átt tal við landssímastjóra um þetta mál og fékk hjá honum þær upplýsingar, að talstöð mundi verða reist á Siglufirði næsta sumar, og að búið væri að kaupa hana nú þegar. Ennfremur, að stuttbylgjustöð muni verða reist í Rvík í sambandi við loftskeytastöðina, og að talstöð mundi að líkindum verða fullgerð í Vestmannaeyjum á næsta ári. Samhliða þessum upplýsingum bárust sjútvn. till. frá skipstjórafélaginu í Rvík um birtingu veðurfregna. Þar sem hér var um að ræða svo skylt mál því, sem n. hafði með höndum, þótti henni rétt að sameina þau, og flytur hún því brtt. á þskj. 142 við upphaflegu tillgr. Þar er gert ráð fyrir, að stj. rannsaki, hvar hentugast sé að reisa talstöðvar, og leggi niðurstöðu þeirrar rannsóknar fyrir næsta þing ásamt áætlun um kostnað. Einnig er ætlazt til þess, að á næsta sumri verði reistar allt að þremur talstöðvum á þeim stöðum, þar sem þörfin er brýnust.

Sumir hv. nm. voru svo hræddir við hreppapólitík og að allt mundi kafna í togstreitu um stöðvarnar, ef þær yrðu ákveðnar í þál. Þess vegna lætur sjútvn. það óbundið, hvar þær skuli reistar, að öðru leyti en því, að það skuli gert þar, sem nauðsynin er mest.

Ef slíkar talstöðvar eru reistar þar, sem rafmagnsstöðvar eru fyrir, þá kosta þær aðeins 5—7 þús. kr. hver, og þar eð hér er um mikið nauðsynjamál að ræða, er þess að vænta, að stj. noti þá heimild, sem henni verður fengin til slíkra framkvæmda.

Ólafur Thors: Sjútvn. tók til athugunar þáltill. þá, sem hv. þm. Ísaf. flutti um, að reistar yrðu talstöðvar á Ísafirði og Siglufirði nú á næsta sumri. Við þá athugun málsins kom upp nokkur ágreiningur í n. um það, hvaða tökum væri heppilegast að taka á því. Við sjálfstæðismennirnir í n. töldum rétt að athuga það nokkru nánar en till. hv. þm. Ísaf. gaf tilefni til, einkum þar sem segja má, að hér sé um þrefalda þörf að ræða, sem kallar á slíkar talstöðvar. Má þar fyrst nefna veðurfregnir. Víðast eru veðrabrigði og stormar mestir á andnesjum, og er því mikils um vert, að sannar veðurfregnir fáist sem greiðast þaðan. En eins og kunnugt er, þá er samgöngum og símasamböndum þangað mjög ábótavant. Á þessu má því einmitt ráða mikla bót með byggingu talstöðva. Annað verkefni slíkra stöðva er það, að senda út aflafréttir; og það hafði hv. flm. sérstaklega fyrir augum, eins og hann gat um í framsöguræðu sinni við fyrri hluta umr., og þarf ég því ekki að fara nánar út í það.

Í þriðja lagi eru það slysavarnirnar, sem knýja mjög á um það, að þessar talstöðvar verði reistar sem víðast. Það er oft lífsnauðsyn að koma skjótt fregnum til skipa á sjó úti, því ef hætt er við, að skipum hafi hlekkzt á eða ef báta vantar úr verstöðvum, þarf að hefja leit hið bráðasta. Þessi þrefalda þörf, sem ég nú hefi lýst, knýr fast á um það, að þessar talstöðvar verði reistar.

Ég gerði það því að till. minni í sjútvn., að beint yrði til ríkisstj. áskorun um að rannsaka, hvernig bezt yrði ráðin bót á þessu með talstöðvakerfi í kringum allt land. Og sjútvn. gat fallizt á þessa uppástungu mína, eins og brtt. n. á þskj. 142 ber vott um. Það er að öðru leyti upplýst, að hv. flm. hafði áður en hann flutti þáltill. hér í þd. átt tal við landssímastjóra og fékk hjá honum þær fréttir, að ákveðið væri að reisa talstöð á Siglufirði næsta sumar. Till. hv. flm. var því að efni til aðeins um það, að talstöð yrði sett upp á Ísafirði. Kom þá í ljós, að nm. voru ekki allir sammála um, að sú stöð ætti að sitja fyrir öðrum. Hv. 1. þm. S.-M. taldi brýna nauðsyn á að fá upp talstöð í Papey, og hv. þm. Vestm. benti á sömu þörf í Vestmannaeyjum. Þegar það fór svo að koma í ljós, eftir að slíkum uppástungum fjölgaði, að nokkur hætta væri á, að nm. yrðu máske ekki alveg óhlutdrægir í till. sínum, varð samkomulag í n. um þessa brtt., að stj. skyldi falið að rannsaka, hvar mest væri þörf fyrir slíkar talstöðvar, út frá þessu þrefalda sjónarmiði, sem ég hefi áður lýst, en alveg án tillits til kjördæmaaðstöðu og hagsmuna einstakra þingmanna.

Ég hafði að vísu álitið nauðsynlegt, að það yrði ekki hafður svo mikill hraði á þessu máli, að reisa þrjár talstöðvar þegar á næsta ári, en gerði þó ekki ágreining um það í n. og gat fallizt á þá niðurstöðu, sem er í brtt. (**Dómsmrh.**: Þar stendur líka „allt að þremur talstöðvum"). Já, það er einmitt orðað þannig samkv. till. minum.

Ég vona, að hæstv. stj. taki vel á móti þessari áskorun, og ef eitthvað verður úr framkvæmdum, æski ég þess eindregið, að stj. hafi þau þrjú sjónarmið, sem talin eru í brtt., fyrir augum við rannsókn málsins.

Frsm. (Finnur Jónsson): Ég vil aðeins ítreka það, sem ég hefi áður tekið fram í grg. fyrir hinni upphaflegu till. í þessu máli, og ber það vott um, hvað við flm. höfum aðallega haft fyrir augum, að slíkar talstöðvar, sem hér er gert ráð fyrir, geta verið til ómetanlegs öryggis fyrir sjómennina. Og þetta er í raun og veru ekki nýtt mál fyrir vestan, á Ísafirði. Við höfum í nokkur ár haft þetta mál á dagskrá, og í eitt skipti var komin fjárveiting í fjárlögum, mig minnir það væri 1931, til byggingar talstöðva á Horni og Ísafirði. Því miður var þessi fjárveiting aldrei notuð og stöðvarnar ekki reistar.

Ég gat vel gengið inn á það í n. að taka ákvörðunina um stöðvarbyggingu á Ísafirði út úr þáltill., vegna þess að ég hygg, að ég geti sannfært stj. um það, að þörfin fyrir talstöð sé langbrýnust á Ísafirði. Og ástæðan fyrir því er sú, að frá Ísafjarðardjúpi og í grennd við það sækja um 500 manns á sjó í nóv.- og desembermánuðum, þegar við er að etja skammdegismyrkur og misjöfn veður. Þessi þörf er ekki sérstaklega brýn vegna stærri bátanna, þeir hafa nú talstöðvar, heldur vegna smábátanna, svo að unnt sé að koma út fregnum um þá og láta stóru bátana hefja leit, þegar eitthvað ber út af fyrir þeim. Enda komu þessi talskeyti stóru bátanna að góðu gagni þar vestra fyrir skömmu, er mótorbáturinn Andvari týndist. Einn af bátum Samvinnufélags Ísfirðinga kallaði þá á annan bát með talstöð sér til hjálpar við að draga mótorbátinn til hafnar, eftir að togarinn, sem fann bátinn upphaflega, hafði skilað honum af sér.

Allar líkur eru til þess, að ef talstöð hefði þá verið á Ísafirði, hefði mátt ná strax til stóru bátanna og láta þá hefja leit sama kvöldið, þannig að búast má við, að mótorbáturinn hefði þá fundizt fyrr en ella.

ATKVGR.
Brtt. 142 (ný tillgr.) samþ. með 18:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 18:1 atkvæði.

Á 20. fundi í Nd., 27. nóv., var till. tekin til síðari umr. (A. 176).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Till. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 20. fundi í Ed., s. d., var till. útbýtt eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 176).
Á 21. fundi í Ed., 28. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 22. fundi í Ed., 29. nóv., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 24. fundi í Ed., 2. des., var till. aftur tekin til fyrri umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 11 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., 5. des., var till. tekin til síðari umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Till. samþ. með 7 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 317).

---

12. Hafnargerð á Skagaströnd.

Á 10. fundi í Nd., 15. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um byrjun hafnargerðar á Skagaströnd (A. 39).

Á 11. fundi í Nd., 16. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 12. fundi í Nd., 17. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Jón Pálmason): Þetta mál er hv. þdm. kunnugt af meðferð á undanförnu þingi og umræðum þar. Eins og stendur í grg., þá er ríkisstj. heimilt skv. l. frá 14. júní 1929 að verja til byrjunar á hafnargerð á Skagaströnd 50 þús. kr. og auk þess ábyrgjast allt að 75 þús. króna lán í þessu skyni. Nú er vaknaður mikill áhugi fyrir því, að hægt verði að byrja á þessu mannvirki á þessu ári. Þess vegna hefi ég leyft mér að flytja fram þessa till. og vona, að hún verði samþ.

Ástandið er þannig núna, að framleiðslan til sjávar og sveita er að sligast af ofurþunga kreppunnar. Þess vegna eru þau mál, sem miða að því að styrkja framleiðslugrundvöllinn, mest virði, og ég tel þetta mál eitt af þeim.

Við höfum hér á þinginu rætt um síldarbræðslustöð á Norðurlandi, og ekki orðið sammála um það, hvar slík stöð ætti að standa. Og þó að ýmislegt mæli með því, að síldarbræðslustöðin ætti að vera á Skagaströnd, þá hefi ég samt ekki þorað að fara fram á meira fjárframlag til hafnargerðar þar en þegar hefir verið samþ. að veita. Á þessum stað hagar svo til, að mjög auðvelt er að fá hentugt efni til hafnargerðar og skilyrði til þess að koma þarna upp fjörugu atvinnulífi.

Ég geri ráð fyrir því, að hv. þdm. hafi kynnt sér þetta mál ýtarlega, svo að ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um það á meðan enginn hreyfir mótmælum. Vænti ég þess, að hv. d. afgr. till. til 2. umr. og vísi henni til sjútvn., að þessari umr. lokinni.

Bernharð Stefánsson: Ég legg til, að þessari umr. verði frestað og málinu vísað til n., því að annars þarf að greiða atkv. um efni tillgr. áður en málið er athugað í n.

Flm. (Jón Pálmason): Ég sé ekki ástæðu til þess að vera að fresta þessari umr., þar sem ákveðnar eru tvær umr. um þetta mál, og vildi óska eftir, að till. gangi til n. að þessari umr. lokinni, eins og ég hefi áður lagt til.

Forseti (JörB): Ég vil benda hv. þm. á það, að samkv. þingsköpum verður, að þessari umr. lokinni, að fara fram atkvgr. um efni till., og það er ónauðsynlegt að senda hana til n. eftir að búið er að samþ. efni hennar. Þess vegna vænti ég, að hv. þm. geti fallizt á að fresta umr. og vísa till. til n.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Það er máske ekki ástæða til að fara mörgum orðum um þessa till., þar sem hún á væntanlega eftir að fara til n., svo að þá verður tækifæri til þess að athuga hana nánar.

Þetta mál, um hafnargerð á Skagaströnd, hefir óneitanlega vakizt upp fyrir hv. þm. við umr. um síldarbræðslustöð á Norðurlandi. Og það er ekki undarlegt, því að aðstaða Skagastrandar yrði með því ólíkt betri til þess að fá síldarbræðslustöðina, og ástæðurnar styrkjast til þess að hafa hana þar, ef byrjað væri á hafnargerðinni.

Í sambandi við síldarbræðslustöð á Norðurlandi voru tilnefndir allmargir staðir, og ef byggja ætti síldarbræðslustöð alstaðar þar, sem góðar hafnir eru fyrir hendi, þá yrði talsvert óheppileg dreifing á þeim, ef þær yrðu allar reistar, hver á sínum stað.

Í sambandi við hafnargerð á Skagaströnd vil ég geta þess, að fleiri staðir gætu komið til mála þarna norður frá. Vil ég nota tækifærið og spyrja hæstv. stj. um mælingar þær, sem gerðar hafa verið á Hindisvík. Eftir því, sem mér hefir verið skýrt frá, eru þar mjög góð skilyrði fyrir hafnargerð. Ef svo reynist, þá er þar fundinn staður mitt á milli þeirra staða, sem um hefir verið deilt. Þaðan er nokkurnveginn jafnlöng sigling á alla firði í Húnaflóa, og væri því mjög

góður staður. Einnig liggur hann vel við síldarsókn. Þar er seinni part sumars oft síld, þó að hennar verði ekki vart annarsstaðar. Í haust, þegar síld var horfin alstaðar annarsstaðar fyrir Norðurlandi, þá voru á þessum slóðum 20—30 skip fram um miðjan nóvember. — Nú finnst hv. þdm. ef til vill komið nokkuð mikið síldarbragð að þessum umr. um hafnargerð á Skagaströnd, en mér fannst hv. flm. gefa tilefni til þess að minnast á hina væntanlegu síldarbræðslustöð í sambandi við þetta mál.

Ég vil leyfa mér að fara þess á leit við hæstv. stj., að hún skýri okkur frá því, hvort nokkurra upplýsinga er að vænta frá mælingum á Hindisvík, svo að fyrir þinginu liggi nákvæmar upplýsingar í þessu efni. Þær munu, eftir því sem ég hefi heyrt, mæla með sér sjálfar, og þarf ég því ekki að fara fleiri orðum um þetta að sinni.

Tryggvi Þórhallsson: Mér kom það mjög á óvart, þegar hér heyrast raddir um, að nauðsynlegt sé að verja stórfé til hafnargerða, ef reisa skal síldarbræðslustöð á Norðurlandi. Mér kom þetta mjög á óvart, vegna þess, að þingmönnum ætti að vera kunnugt um, að við Húnaflóa eru til ágætar hafnir, sem engra umbóta þurfa, en þær eru vestan megin flóans. Á Ströndum hafa verið allt frá landnámstíð beztu hafnir, t. d. á Steingrímsfirði, Ingólfsfirði og Reykjarfirði, sjálfgerðar frá náttúrunnar hendi, svo að þess vegna mætti síldarbræðslustöðin vel standa þar, og er alveg óþarfi að kosta upp á hafnargerðir við Húnaflóa.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Út af fyrirspurn hv. þm. V.-Húnv. vil ég gefa þær upplýsingar, að mælingar á Hindisvík hafa farið fram, en mér er ekki kunnugt um, hversu kortagerð er langt komin, en skal hinsvegar afla þeirra upplýsinga mjög bráðlega. Ég vil taka það fram, að hér er ekki verið að ræða um síldarbræðslustöð á Norðurlandi, heldur aðeins litla viðgerð á höfninni á Skagaströnd, sem fram yrði að fara hvort sem síldarbræðslustöð yrði sett var upp eða ekki. Það getur liðið langt þangað til höfn verði byggð á þessum stað, og er þetta 50 þús. kr. framlag aðeins til bráðabirgðaaðgerða.

Ef við færum að ræða um síldarbræðslustöð á Norðurlandi, þá gæti ég bent á margar hafnir á Skagafirði, — ég man eftir þremur í svipinn, sem ágætlega væru til þess fallnar, en ég vil ekki blanda því stórmáli inn í þetta mál.

Flm. (Jón Pálmason): Hæstv. dómsmrh. tók að mestu af mér ómakið að svara hv. þm. V.-Húnv. En ég vildi taka það fram, að það er misskilningur hjá hv. þm., ef hann heldur, að þetta mál hafi fyrst undir umr. um síldarbræðslustöð vakizt upp fyrir mér. Á fjölmennum fundi, sem haldinn var heima í héraðinu áður en ég fór, var samþ. að gera allt, sem hægt væri, til þess að hrinda þessu verki í framkvæmd. Auk þess hefi ég skrifað um málið áður en þessar umr. um síldarbræðslustöð fóru fram.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Str. sagði, að sér þætti undarlegt að nefna síldarbræðslustöð í sambandi við hafnargerð, og nefndi í því sambandi hafnir á Ströndum, vil ég taka það fram, að þó á Ströndum séu góðar hafnir, þá eru þetta hálfgerð öræfi, sem að þeim liggja, þar sem menn verða að lifa við skrínukost. Allt öðru máli er að gegna um Skagaströnd. Þar upp af eru blómleg héruð og horfur á, að þar gæti blómgazt fjölbreyttur atvinnurekstur. Þaðan er líka nú orðið bílfært til Reykjavíkur og leikur að fara héðan á dag. En eins og hæstv. dómsmrh. tók fram, þarf að gera höfn á Skagaströnd án tillits til þess, hvar síldarbræðslustöð verður reist. Hinsvegar er það augljóst mál, að ef síldarbræðslustöð yrði reist þarna, þá væru meiri líkur til þess, að ekki þyrfti að ganga eins og hingað til, að fólksfjölgunin flytjist í burtu, og vænti ég þess, að hv. þm. Str. vilji ekki stuðla til þess, að fólkið flytjist úr blómlegustu héruðum yfir í kaupstaðina.

Tryggvi Þórhallsson: Ég skil nú, að hv. þm. hafi skrítnar hugmyndir um lífið á Ströndum, ef hann heldur, að þar séu tóm öræfi og að menn verði þar að lifa við skrínukost. Ég get frætt hann um það, að það eru ábyggilega flutt meiri matföng út af Ströndum heldur en úr

þessum blómlegu héruðum. sem hann talar um.

Eitt með öðru færir hann til, að síldarbræðslustöð sé bezt fyrir komið á Skagaströnd, að þaðan sé bílfært til höfuðstaðarins, rétt eins og síldartunnurnar séu fluttar með bílum! Ég get þá líka frætt hv. þm. um, að hingað til hafa þær verið sendar með skipum, en ekki bílum, og þá er undir því komið, að hafnir séu góðar.

ATKVGR.
Till. vísað til sjútvn. með 16 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 18. fundi í Nd., 24. nóv., var fram haldið fyrri umr. um till. (A. 39, n. 100).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Þessi till. er flutt af hv. þm. A.-Húnv. og fjallar um, að á árinu 1934 verði látið koma til framkvæmda það ákvæði hafnarlaganna fyrir Skagaströnd, sem í l. er nefnt ákvæði um stundarsakir.

Sjútvn. telur nauðsynlegt, eins og segir í nál. á þskj. 100, að byrjað verði bráðlega á þessari hafnargerð. Til þess liggja margar ástæður, og þó enn fleiri nú á síðustu tímum heldur en áður, að þarna verði gerð höfn.

Þetta mál er búið að vera lengi á döfinni. Það var tekið til rannsóknar þegar á árinu 1921, og var þá gerð áætlun um verkið. Þá höfðu menn að vísu mest fyrir augum þá þörf, sem var á sæmilegri flutningahöfn að austanverðu við Húnaflóa, og hana vantar ennþá tilfinnanlega. Öll þau rök, sem lágu til þess 1921, að þing og stj. tóku þetta mál í sínar hendur, eru fyrir hendi nú, en síðan hafa bætzt við ný og mjög veigamikil rök, sem styðja að því, að ekki má fresta lengur að koma þessari hafnargerð í framkvæmd, a. m. k. að svo miklu leyti sem þáltill., sem hér um ræðir, fer fram á. — Á Skagaströnd mun búa eitthvað á annað hundrað manns, og eftir sögn þeirra, sem til þekkja, er landrými og landkostir þar svo góðir, að miklu fleira fólk gæti byggt staðinn, ef hafnarskilyrði væru bætt þar. Húnaflói er talinn vera með fiskisælustu flóum landsins, og sérstaklega hefir athygli manna dregizt mjög að honum síðan farið var að stunda síldveiðar.

Síðan þetta mál var flutt hér í d. hefir einn af merkustu fiskiskipstjórum þessa lands skrifað sérstaklega um þessa nauðsyn fyrir höfn á Skagaströnd, í eitt af dagbl. hér í Rvík. Rök hans í málinu eru mjög glögg og hníga í sömu átt og áður hefir fram talið verið. Hann talar að vísu ekki um flutningaþörfina, hún var þinginu áður kunn, en hann bendir skýrt og greinilega á, hve miklu hagstæðara það yrði fyrir fiskiveiðarnar, ef einmitt á Skagaströnd yrði byggð góð og örugg veiðihöfn. Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. hafi kynnt sér rök þessa merka manns í málinu, og að öðru leyti hafi málið fengið þann undirbúning, að hér þurfi ekki fleiri orða við. Sjútvn. leggur öll með því, að málið nái fram að ganga. Form. hennar hefir að vísu skrifað undir nál. með fyrirvara, en ég býst við, að hann fylgi till. fyrir því án verulegs ágreinings.

Ég vil svo vona, að þetta mál verði samþ. hér í þessari hv. d., og í öðru lagi, að Alþ. og ríkisstj. sjái um, að þetta verði framkvæmt þegar á næsta ári.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 17 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., 25. nóv., var till. tekin til síðari umr.

Jón Pálmason: Ég ætla rétt um leið og þetta mál væntanlega fer úr d. að víkja að því, að ég legg áherzlu á, að þessi till. komi til framkvæmda, og vænti, að hv. ríkisstj. taki það til greina. En ég vil geta þess um leið, til þess að sýna, eins og reyndar viðurkennt var, að hér var ekki um neina hreppapólitík að ræða, að mér hefir borizt skeyti frá fjórðungsþingi Fiskifélagsins í Norðlendingafjórðungi, og mælir það með, að síldarbræðslustöðin sé reist á Skagaströnd, ef gerð verði þar höfn innan tveggja ára. Svipaða ályktun gerði þingið í Sunnlendingafjórðungi. Málið var afgr. hér síðast án mótatkv., og vona ég, að svo verði enn.

ATKVGR.
Till. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 20. fundi í Ed., 27. nóv., var till. útbýtt eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 39).
Á sama fundi var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 8 shlj. atkv.
Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 21. fundi í Ed., 28. nóv., var till. tekin til fyrri umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 7 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., 5. des., var till. tekin til síðari umr. (A. 39, n. 279).

Frsm. (Magnús Jónsson): Þessi till. er hingað komin frá hv. Nd. og mun hafa gengið óbreytt í gegnum þá deild.
Eins og sjá má af nál. á þskj. 279, mælir sjútvn. eindregið með því, að till. verði samþ. Til eru hafnarlög frá þinginu 1929, og eru í þeim bráðabirgðaákvæði um, að stj. sé heimilt að verja fé til byrjunar á hafnargerð á Skagaströnd, og auk þess ábyrgjast lán fyrir hafnarsjóðinn. Byrjun á hafnarmannvirki á Skagaströnd er í því falin, að byggja verður sjóvarnargarð út í eyju hér um bil fyrir miðri höfninni og vegalagning út að garðinum. Áætlað er, að til þessarar byrjunar muni ríkissjóður þurfa að leggja fram 50 þús. kr. á móti 75 þús. kr. framlagi úr hafnarsjóði. Þetta er aðeins örlítil byrjun, því að áætlað er, að allt mannvirkið muni kosta hálfa millj. kr., þegar því verður lokið. Hinsvegar er sjóvarnargarðurinn talinn töluverð bót fyrir allskonar báta, því að dýpið er nægilegt allstórum mótorbátum, að þeir geti lagzt í hlé við garðinn.

Ég þarf ekki að lýsa með mörgum orðum, hversu þörfin er brýn á hafnarmannvirki á þessum stað; það er of augljóst mál til þess. Skipstjóri, sem hefir verið í siglingum um margra ára skeið hér við land, hefir tjáð mér, að hvergi væri hættulegri siglingaleið en austan megin á Húnaflóa, því að á því svæði eru tómar hafnleysur. Ef norðanveður brestur á á austanverðum Húnaflóa, þá er hvergi afdrep fyrir skip á þeim slóðum, og því engu að treysta til bjargar öðru en vélakraftinum og þolgæði skipsins að keppa á móti veðrinu. Þess vegna er mjög nauðsynlegt að búa svo um, að einhversstaðar austan Húnaflóa myndist tryggur staður fyrir skip að lenda. Og þarna er einnig mikið uppland og mjög fiskisælt á flóanum, sem stuðlar allt að því að gera þörfina meiri fyrir höfn á þessum kjálka.
Við umr. um síldarbræðslustöð á Norðurlandi var minnzt á Skagaströnd sem einna líklegastan stað fyrir hana. En það byggist vitanlega á því, að höfn komi þar fyrst.
Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta meira að sinni, en vil aðeins lýsa því yfir f. h. n., að hún leggur til, að till. verði samþ., en með því herðir Alþingi á stjórninni um að nota bráðabirgðaákvæði hafnarlaganna frá 1929.

Björn Kristjánsson [óyfirl.]: Ég efast ekki um, að hægt er að finna mörg rök fyrir því, að nauðsynlegt sé að gera hafnarvirki á Skagaströnd. Það er rétt, að þarna eru ágæt skilyrði til fiskiveiða, sem ekki notast nema að litlu leyti meðan höfnina vantar, og eins hitt, að þetta er hættuleg siglingaleið og ekkert afdrep fyrir skip. Hinsvegar er þetta ekki eini staðurinn, sem svo er ástatt um. Það má segja hið sama um alla leiðina frá Eyjafirði til Seyðisfjarðar. Á allri þeirri leið er heldur engin höfn, þar sem skip gætu leitað afdreps í ofviðrum.
Eins og kunnugt er, hafa hrúgazt inn á þetta þing till. um heimildir handa stj. til fjárútláta, enda þótt þetta þing sé ekkert fjárlagaþing. Fjárhagur ríkisins er mjög bágborinn, og væri því ekki nema eðlilegt, að farið yrði varlega í að auka útgjöldin að mun. Með tilliti til þessa var líka felld í gær till. um heimild til að

reka á ríkiskostnað bráðnauðsynlégt atvinnufyrirtæki. Mér sýnist líkt á komið með þessa till., sem hér liggur fyrir, og mun því greiða atkv. á móti henni. ekki af því, að ég telji ekki þörf á að byrja á þessu mannvirki, heldur vegna þess að allt of mörgum málum af þessu tægi hefir verið þröngvað upp á þingið.

Frsm. (Magnús Jónsson): Ég mun ekki deila um það við hv. þm., hver sé hættulegasta siglingaleiðin meðfram ströndum Íslands. Ég skýrði aðeins frá ummælum eins þaulreynds skipstjóra í þessu efni. Hann taldi þessa leið, austan til á Húnaflóa, þá hættulegustu, en ég er ekki fær um að dæma, hvort annarsstaðar er jafnhættulegt skipum eða enn hættulegra.

Hinsvegar skal ég játa, að það er alveg rétt hjá hv. þm., að það er hættulegt að hrúga inn á þingið fjárveitingatill., en mér fannst hann gefa andmælum sínum dálítið óviðkunnanlegan blæ, þegar hann vildi setja þetta í samband við till. um kaup á bræðslustöðinni á Raufarhöfn. Mér virtist koma fram í því hálfgerður hefndarhugur, eða a. m. k. gat manni dottið í hug, að hann væri gramur fyrir hönd síns kjördæmis og léti þessa gremju bitna á þessari till. Ég vil nú benda hv. þm. á það, að það lá ekkert fyrir, sem benti til þess, að verksmiðjan á Raufarhöfn yrði ekki starfrækt, þó að ríkið tæki hana ekki í sínar hendur. Þvert á móti, það bendir allt til þess, að verksmiðjan verði starfrækt eins og að undanförnu, og það er aðalatriðið í því máli. — Annars andmælti hv. þm. því ekki, að hér bæri nauðsyn til að hefjast handa, og þarf ég því ekki að svara honum frekar.

Jón Baldvinsson: Af því að hv. frsm. vék að því, að nefnt hefði verið í umr. um síldarbræðslustöð á Norðurlandi að setja hana upp á Skagaströnd, þá er vert að athuga, hvort þetta mannvirki, sem áætlað er að kosti liðug 120 þús. kr., sé fært um að taka við síldarbræðslunni. Ég álít, að svo sé ekki, og vil því vara menn við að samþ. till. með það fyrir augum. Til þess að taka við síldarbræðslustöð á Skagaströnd þarf miklu meiri viðbúnað bæði á landi og á höfninni heldur en hér er gert ráð fyrir. Það þarf m. a. góðar bryggjur, sem stór skip geta lagzt við, og það er ekkert viðlit, að hægt sé að byggja slíkar bryggjur í því hafnarkrili, sem þessi till. talar um. Út frá því sjónarmiði væri það í mesta máta misráðið að setja síldarbræðslustöðina á Skagaströnd, því að ef gert er ráð fyrir, að hún kosti 500 þús. kr., þá þyrfti að kosta annað eins eða meira hennar vegna í hafnargerð, ef hún yrði sett þar.

Hitt er annað mál, að þessi litla höfn á Skagaströnd verður gagnleg fyrir smærri útgerð og kannske fyrir smærri síldarsöltun. En fyrir síldarsöltun í stærri stíl býst ég við, að hún komi ekki til greina, því að þar, sem mikil síldarsöltun er, þarf helzt að vera bræðslustöð, því að oftast er það svo, að ekki er öll síldin úr bátunum hæf til söltunar, og er þá nauðsynlegt að geta farið með úrkastið í bræðslu, ef ekki á að verða mikið tjón af. Ef menn samþ. till., þá vil ég láta samþ. hana með hreinni hugsun, að hér sé aðeins um bátahöfn að ræða, þar sem ef til vill væri hægt að reka síldarsöltun í smærri stíl. Þegar ég greiði atkv. með till., þá geri ég það einmitt með þetta fyrir augum og læt mér alls ekki detta til hugar, að þarna sé staður fyrir stóra verksmiðju, með þeim hafnarvirkjum, sem hér eru fyrirhuguð.

Frsm. (Magnús Jónsson): Hv. 2. landsk. sagði, að þessi staður væri ekki fær um að taka við stórri síldarbræðslustöð, þó að byrjað yrði á þessu mannvirki. Ég býst við, að hv. þm. hafi misskilið mig, ef hann heldur, að ég vilji að svo komnu draga þangað síldarbræðslustöð. Það er hvorki ástæða mín né nefndarinnar fyrir því, að við mælum með till. Hv. þm. hefir víst ekki heyrt orð mín við umr. um síldarbræðslustöð á Norðurlandi, þegar ég hélt því fram, að síldarbræðslustöðin ætti að vera á Siglufirði. Þessi höfn á Skagaströnd er aðeins fyrir báta, og hvorki fyrir togara eða síldveiðiskip. En þegar ég nefndi verksmiðjuna í sambandi við þessa hafnargerð, þá var mér síldauðgin á Húnaflóa í huga, og vildi ég með þessu benda á þá möguleika, sem þarna eru fyrir hendi. Ennfremur hefi ég nýlega séð skeyti að norðan, þar sem mælzt er

eindregið til þess, að verksmiðjan verði sett á Skagaströnd. Ég vil samt ekki blanda verksmiðjumálinu inn í þetta, því að hér er aðeins um byrjun á hafnarvirki að ræða.

Um hitt er ég ekki sammála hv. þm., að ekki komi síldarsöltun þarna til greina nema í smærri stíl. Ég álít, að stærri síldarsöltun geti vel komið til greina, enda þótt engin verksmiðja sé á staðnum. Skipin geta hæglega farið til verksmiðjanna með þá síld, sem talin er of mikil til söltunar eða of gömul. Þannig var það áður á Siglufirði og víðar. Hinsvegar býst ég við, að fyrst í stað yrði rekin þarna síldarsöltun aðeins í smærri stíl. Ég vil einnig leggja áherzlu á það, að ef þessi till. verður samþ., þá er þar með því slegið föstu, að þetta sé aðeins byrjun að stærra hafnarmannvirki, sem ætlazt er til, að haldi áfram. Og þá verður, áður langt líður, svo langt komið, að hægt verður að fara að tala um að setja þar upp bræðslu. En það er nauðsynlegt að fara að byrja á þessu sem fyrst, svo að hægt sé að fara að afla hafnarsjóði tekna með hafnargjöldum.

Mér sýnist rétt að samþ. till. Stj. ræður því, hvort hún leggur féð fram, ef mjög verður þröngt í búi, en æskilegt væri, að hægt yrði að byrja sem fyrst.

Einar Árnason [óyfirl.]: Þessi till. fer fram á að heimila ríkisstj. að leggja fram 50 þús. kr. til byrjunar á hafnarmannvirki á Skagaströnd. Í raun og veru hefir stj. þessa heimild í lögum frá 1929, og getur notað hana hvenær sem henni sýnist og hún hefir efni á og tillag kemur á móti frá hafnarsjóði. Þess vegna virðist mér engin nauðsyn á að samþ. svona till. Hæstv. stj. hefir hvað eftir annað getið þess hér í d., að ríkissjóður hefði ekkert fé aflögu og að ekki yrði hægt að greiða auknar fjárveitingar nema fjárframlag kæmi í ríkissjóð á móti. Þess vegna sé ég ekki, að nokkurt gagn sé að þessari till. Ég vil líka taka svo mikið tillit til hæstv. stj., að ég get ekki greitt þessari till. atkv. mitt.

Önnur hlið málsins snýr að hafnarsjóði Skagastrandar. Ég veit ekki til, að hann hafi haft nokkrar tekjur, og nú á hann að snara út 75 þús. kr. til þess að leggja fram á móti framlagi ríkissjóðs. Þetta verður ekki hægt með öðru móti en því, að fá lán með ábyrgð ríkisins. Þá væri stofnað til 75 þús. kr. skuldar, og þegar búið væri að leggja fram þessar 125 þús. kr., þá sé ég ekki, hvernig hafnarsjóður fær þær tekjur, sem þarf til þess að standa straum af útgjöldum vegna skuldarinnar. Mér finnst hv. flm. hafi ekki athugað, hvort þeir væru ekki með þessu að leiða hlutaðeigendur inn í skuldaflækju, sem yrði fátæku sveitahéraði of þungur baggi. Og ef fjármálagætni er heima fyrir í héraðinu, þá verður ekki ráðizt í að taka 75 þús. kr. lán á þessum tímum. Þetta gerir till. líka tilgangslausa.

Ég vildi með þessum orðum aðeins skýra afstöðu mína gagnvart þessu máli, að ég tel, að till. geti engum orðið að gagni. Ef hún geri nokkuð, þá geri hún í hæsta lagi ógagn.

Jón Jónsson: Mér skildist helzt á hv. frsm., að hann teldi, að samþ. bæri þessa till. vegna þess, að það yrði til að greiða fyrir því, að síldarbræðsluverksmiðja yrði reist á Skagaströnd. Þetta vildi svo hv. 2. landsk. draga í efa. Ég verð nú að játa mína vankunnáttu í þessum efnum. En ég hygg þó, að mælingar, sem þarna hafa verið gerðar af kunnáttumönnum, sýni, að talsvert dýpi er þarna sumstaðar. Og a. m. k. við eina fyrirhugaða bryggju út af eynni, sem tengja á við land á Skagaströnd, sé svo djúpt, að nokkuð stór hafskip fljóti þar að, og svo myndi vera með togara og þá vitanlega vélbáta. Það er því ekki ólíklegt, að þessi byrjunaraðgerð á höfninni gæti orðið til þess, að staður fyrir síldarbræðsluverksmiðju gæti þarna til greina komið. Og þegar þingið ýtir á þennan hátt við hlutaðeigandi aðiljum, ríkisstj. og héraðsbúum, þá verð ég að líta svo á, að slíkt sé gert með það fyrir augum, að þarna skapist skilyrði fyrir síldarbræðslustöð, því það er rétt, sem hv. 2. þm. Eyf. tók fram, að stj. hefir heimild í l. til að leggja fram fé, gegn framlagi úr héraðinu, og að á því fé var gefinn kostur fyrir nokkrum árum, en þá treysti héraðið sér ekki til að leggja sinn part fram á móti. En það, sem vitanlega gerði álitlegt að ráðast þarna í

hafnargerð, er það, ef á bak við lægi, að þarna væri reist síldarbræðslustöð. Það væri vitanlega allt annað. Á Skagaströnd eru frá náttúrunnar hendi ýms góð skilyrði. Í flóanum fram undan er mjög fiskisælt, og það er enginn efi á því, að höfn á Skagaströnd kæmi bæði innanhéraðs- og utanhéraðsmönnum til góðs. En vitanlega er heimild til fjárveitingar til, ef fé er fyrir hendi í ríkissjóði. Það er því að vissu leyti satt, sem hv. 2. þm. Eyf. sagði, að þessi till. er óþörf, nema í henni eigi að felast það, að hana beri að skoða sem bending frá þinginu um, að þarna eigi að reisa síldarbræðslustöð. Í því væri vitanlega mikill styrkur fyrir héraðið um byrjun á hafnarverkinu. Og þótt það hafi ekki séð fært að byrja á því verki, eins og horft hefir við, þá gæti viðhorfið orðið allt annað og yrði það, ef þarna ætti að byggjast síldarbræðslustöð.

Jón Þorláksson: Ég álít, að bygging síldarbræðsluverksmiðju þeirrar, sem í ráði er, að byggð verði á Norðurlandi, hafi óþarflega mikið blandazt inn í umr. um þetta mál. Ég get þó viðurkennt, að nokkurt samband er þarna á milli. En ég vil minna á, að frv. um síldarbræðsluverksmiðju á Norðurlandi mælir fyrir um það, hverri aðferð stj. skuli beita um undirbúning að því er ákvörðun staðarins snertir, þar sem leita skal álits síldarútgerðarmanna um staðinn. Gæti það haft áhrif á álit þessara manna og umsögn, ef byrjað væri á hafnargerð á Skagaströnd. Er þá ekki álit þingsins, heldur þessara manna, sem kemur til, ef þeir telja, að bær framkvæmdir, sem í verður ráðizt þarna, geri það fært að ákveða byggingu síldarbræðsluverksmiðjunnar á þessum stað. Ég get því tekið undir með hv. 2. landsk., að þegar ég styð þessa till., þá er það án allrar ákvörðunar um það, hvar síldarbræðslustöðin verður sett á Norðurlandi. Þingið hefir þegar gengið frá því máli, og ég varpa öllum áhyggjum út af því á þá menn, er samkv. frv. eiga um það að fialla.

En ég stóð eiginlega upp til þess að mótmæla áliti hv. 2. þm. Eyf. um það, að þessi byrjun á hafnargerð á Skagaströnd yrði aðstandendum óbærileg fjárhagsbyrði. Ég er ekki í vafa um, að þessi hafnarbót, sem ráðgert er að kosti 125 þús. kr. — og af því ber ríkissjóði að leggja fram 50 þús. kr. —, er eitthvert það álitlegasta fjárhagsfyrirtæki, sem hægt er að benda á hér á landi. Þar eru fyrir hendi afbragðs skilyrði bæði um þorsk- og síldarveiði. Og slíkt fyrirtæki, sem ekki kostar meira en þetta og skapar aðstöðu til fiskveiða og á sumrin til síldveiða, hlýtur að vera gott fyrirtæki, svo framarlega sem menn eru ekki orðnir trúlausir á allt annað en kreppuhjálp, sem á að greiðast frá öllum til allra. Ég fyrir mitt leyti er ekki trúlaus á aðra bjargarvegi. Og þarna er áreiðanlega staður, þar sem draga má auðæfi úr sjónum, ef skilyrðin til þess eru bætt. Náttúran leggur líka þarna svo mikið upp í hendurnar. Auðæfi hafsins eru mikil og aðstaðan til hafnargerðar er svo hagstæð, að ekki þarf annað en að fylla upp í skörð, sem ekki er áætlað að kosti nema 125 þús. kr., eins og byrjunin er hugsuð; annars er byrjunarstig slíkra fyrirtækja vant að kosta miklu meiri upphæð.

Ég álít rétt, að Alþ. sýni nú fyrir sitt leyti, að það vilji með undirtektum sínum ýta undir, að þarna sé hafizt handa, og eingöngu með tilliti til þeirrar aðstöðu, sem þar er nú. Svo má láta reynsluna skera úr því, hvaða starfsemi fær þrifizt þarna, og þá einnig, hvað frekar beri að gera. Aðalatriðið er, að þarna sé byrjað, því þangað til það er gert stendur allt fast. Enginn útvegur verður þarna til eða leitar þar skjóls. Hann verður að sækja önnur fiskimið og allt verður eins og það hefir verið hingað til.

Bjarni Snæbjörnsson [óyfirl.]: Hv. 1. landsk. hefir að mestu tekið af mér ómakið. Ég kvaddi mér hljóðs vegna misskilnings, sem mér fannst kenna í ræðu hv. 2. þm. Eyf., þar sem hann taldi till. gagnslausa. En þetta er ekki rétt. Að till. er sama gagn eins og öllum öðrum till., sem ætlað er að vekja menn til athugunar um að hefjast handa um framkvæmd þeirra fyrirtækja, sem líkleg eru að verða til stórra þrifa. Að Alþ. segi álit sitt á þennan hátt, er til örvunar viðkomandi sveitarfélagi, sem ræðst í talsvert stórvirki, miðað við stærð þess og efnahag, vegna þess að það telur, að það muni

borga sig með aukinni atvinnu og tekjum af mannvirkinu. Ég fyrir mitt leyti álít, að þetta byrjunarstig verði til hagsældar fyrir þennan hluta héraðsins. Ég er viss um, að það flýtir fyrir því, að þarna komi upp síldarsöltun og síldarbræðsluverksmiðja. Þetta getur orðið — burtséð frá því, hvar sú síldarbræðsluverksm. lendir á Norðurl. sem ráðgert er, að verði reist á mjög nálægum tíma, og sem þessi till. er í engu sambandi við, þar sem það mál er lagt í hendur síldarútgerðarmanna; því þegar þarna er komin aðstaða til að leggja upp síld, þá verður farið að salta og þá verður ekki langt að bíða þess, að þarna rísi upp verksmiðja til að vinna afurðir úr síld. Gæti allt eins orðið, að félag myndaðist til þeirra framkvæmda. Einnig gæti vel farið svo, að ef aðstaðan yrði bætt þarna, þá kæmi þessi staður til álita við atkvgr. þá, er fram á að fara um stað handa væntanlegri síldarbræðsluverksmiðju á Norðurlandi. Síðar kemur svo til álita, hvort ráðast beri þarna í frekari framkvæmdir, og fer það vitanlega eftir þeirri reynslu, sem þessi byrjun gefur. Ég álít, að það sé hættulaust fyrir viðkomandi sveitarfélög að ráðast í þetta fyrirtæki eins og nú horfir við um árferði. Um ókomna tímann er að vísu engu hægt að spá. En frekar ber að vera bjartsýnn en svartsýnn á framtíðina.

Frsm. (Magnús Jónsson): Ég er víst búinn að tala þrisvar, svo það skal vera örstutt aths., enda hafa tveir aðrir hv. þm. svarað. Ég kvaddi mér aðallega hljóðs til að andmæla hv. 2. þm. Eyf., sem taldi illa forsvaranlegt að samþ. þessa till., og a. m. k. óþarft, þar sem heimild fyrir því, sem í henni felst, væri í l. En þótt svo sé, þá er samþykkt hennar enginn óþarfi, enda er þá ekki um nein ný útlát að ræða. Hv. þm. taldi þetta ekki forsvaranlegt gagnvart héraðinu, sem þarna á hlut að máli. Þessu er þegar búið að svara. En vitanlega fer það eftir þeirri trú, sem menn hafa á því, að þarna geti risið upp heilbrigður atvinnurekstur. Ef á Húnaflóa eru góð skilyrði til veiðiskapar, þá borgar þetta fyrirtæki sig. Höfnin fær tekjur með hafnargjöldum, ríkið fær útflutningsgjöld af aflanum, og sérstaklega þó með aukinni velmegun í sjálfu plássinu. — En auðvitað veltur þetta allt á fiskisældinni í Húnaflóa. Eins og hv. 1. landsk. gat um, þá eru skilyrði til hafnargerðar þarna alveg sérstaklega góð. Byrjunarframkvæmdin er aðeins sú, að fylla í grunnt skarð. Er því auðsætt, að ekki þarf mikil hafnargjöld til að bera uppi kostnað þessarar framkvæmdar, sem alls er áætluð 125 þús. kr., og jafnvel þótt hún færi eitthvað fram úr þeirri áætlun, sem einatt vill nú brenna við. — En sjái nú héraðsbúar samt sem áður sér ekki fært að leggja í þessa framkvæmd, þá er enginn skaði skeður með samþykkt þessarar till. Allt er þá í sama fari og áður var. Hv. þm. sagði, að þarna væri enginn hafnarsjóður til að leggja í þessa framkvæmd. En enginn þarf að undrast það, því hvernig ætti svo að vera, meðan engin hafnarvirki eru komin þarna upp og því ekkert til að leggja hafnargjald á? Skilyrði fyrir því, að tekjur komi, eru þau, að eitthvað sé gert og að þarna myndist atvinnurekstur, sem geti staðið undir sjálfum sér og nauðsynlegum hafnargjöldum. Og vegna hinnar góðu aðstöðu, sem þarna er, ætti ekki að vera nein hætta á slíku. Á Akranesi t. d. hefir byrjun hafnarmannvirkja orðið miklu stórfelldari og dýrari vegna hinnar óhagstæðu aðstöðu, sem þar er, og þess, hve náttúran hjálpar þar lítið til. Þar er búið að leggja mörg hundruð þús. kr. í hafnarmannvirki, og þó mikið eftir. En þó er þetta svo mikils virði, að Akranesbúar myndu áreiðanlega ekki vilja án þess vera.

Það var alveg ófyrirsynju að síldarbræðslustöðin komst inn í þessar umr. nú. Ég var svo gálaus að nefna hana á nafn, og það hefir svo orðið til þess, að þessum málum var blandað saman. Ég get þó hugsað mér, að framkvæmd þessarar till. geti haft áhrif á till., er fram eiga að koma um það, hvar verksmiðjan eigi að standa. En þó er ekki rétt að blanda þessu saman. Að ég nefndi það, var af því, að ég vildi geta þeirra vona, er menn gerðu sér um þennan stað. Og það er enginn efi á því, að ef þarna verður byggð höfn, þá verður flutt þar upp síld til söltunar og þá einnig fljótlega verksmiðja til fullrar

vinnslu úr henni. Hv. þm. talaði um, að ríkissjóður væri fátækur nú og gæti því lítið lagt fram til fyrirtækja. En þessi röksemd getur alveg snúizt við. Það má eins vel segja, að féleysi ríkissjóðs hvetji til framkvæmda, sem líklegar eru til að verða til almennrar hagsældar þeim, sem að atvinnurekstrinum starfa, og bæði á þann hátt og í beinum gjöldum bæta hag ríkissjóðs. Það er víst og rétt, að ekki er annað meir til hagsbóta fyrir ríkissjóð en bætt hafnarmannvirki á heppilegum stöðum. — Ég skal svo ekki orðlengja þetta meira, enda átti ég ekki rétt á öðru en aths.

Einar Árnason [óyfirl.]: Ég talaði nokkur orð áðan, til að skýra ástæður mínar fyrir því, að ég er mótfallinn þessari till. Nú hafa þrír hv. þdm. haldið ræður til að mótmæla því, er ég sagði. Þeir hafa talað um, að þarna væru góð fiskimið og að sjálfsagt væri því að gera þarna höfn. Í stuttu máli sagt, þá hafa þeir talað eins og ég væri algerlega mótfallinn því, að þarna væri nokkuð gert. En þetta er hreinasti misskilningur. Ég var ekki á nokkurn hátt að mæla gegn því, að þarna yrði byggð höfn. En ég álít bara, og móti því hefir enginn getað mælt, að stj. og viðkomandi hérað hefðu fulla heimild til að byrja þarna á framkvæmdum, hvenær sem þessir aðilar sjá sér fært að ráðast í þær fjárhagsins vegna eða annara aðstæðna. Það, sem í þessari till. stendur, er ekkert annað en endurtekning á því, sem nú stendur í l., og skapar því engan nýjan rétt eða ný skilyrði til framkvæmda. Þetta vita allir, og ég veit ekki annað en að stj. hafi fyrir nokkrum árum boðizt til að leggja fram sinn hluta, en þá hafi framkvæmdirnar strandað á hreppsbúum sjálfum. Því þarf ekki að efast um, að stj. standi við þetta, þegar þeir eru tilbúnir. Þegar byggð voru hafnarmannvirkin í Borgarnesi, var gerður samningur milli stj. og héraðsbúa, og þurfti engrar þáltill. með.

Það er misskilningur, að ég sé að leggjast á móti málinu. Ég hefi aðeins verið að sýna fram á, að þessi þáltill. er hégóminn einber. Ég sé enga ástæðu til þess, að þingið sé að gera nokkra samþykkt í þessu máli aftur. Síðan þingið samþ. fjárveitinguna eru liðin mörg ár, og verkið væri nú komið í framkvæmd, ef ekki hefði staðið á héraðsbúum sjálfum. Það er að vísu ágætt, ef þeir treysta sér nú til að hefjast handa, en þessi till. hjálpar ekkert til þess. — Um fiskimiðin þarna nyrðra ætla ég ekki að deila, því að þau koma ekki þessu máli við.

Frsm. (Magnús Jónsson): Það má auðvitað segja það um hverja þáltill., að hún sé ekkert plagg í málinu. En þáltill. eru fyrst og fremst ætlaðar til að koma hreyfingu á mál og gera stj. ámælislausa fyrir það, sem hún gerir til að hrinda þeim áfram.

Menn hafa vitað það í margar aldir, að þarna nyrðra eru ágæt fiskimið. Um það þarf því ekki að þrátta. Hv. 2. þm. Eyf. segir, að stj. hafi boðið fram fé að sínum hluta fyrir mörgum árum. Ég hefi heyrt, að hæstv. fjmrh. hafi skýrt frá þessu á fundi hér í deildinni. En ég ætla, að afstöðu héraðsbúa þá hafi ekki ráðið annað en eðlileg varfærni. Ég minnist þess, að þegar höfnin hér í Rvík var byggð, voru margir á þeirri skoðun, að hún bæri sig aldrei. Sömu skoðunar munu menn þá hafa verið fyrir norðan um hafnarbætur á Skagaströnd. En nú er sá efi með öllu horfinn og allir héraðsbúar sammála um að hefjast handa um framkvæmdir, af því að nú er öllum orðið ljóst, hve mikinn aukinn atvinnurekstur myndi leiða af þessu í héraðinu. Till. er a. m. k. vonandi meinlaus, og vænti ég því þess, að hún verði samþ. og megi góðri lukku stýra.

ATKVGR.

Till. samþ. með 8:3 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 318).

---

13. Brimbrjóturinn í Bolungavík.

Á 13. fundi í Nd., 18. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um aðgerð á brimbrjótnum í Bolungavík (A. 64).

Á 14. fundi í Nd., 20. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 15. fundi í Nd., 21. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Vilmundur Jónsson): Ég vil aðeins mælast til, að þessari umr. verði frestað og málinu vísað til fjvn.

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 16 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 18. fundi í Nd., 24. nóv., var fram haldið fyrri umr. um till. (A. 64, n. 128).

Frsm. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Fjvn. hefir haft þetta mál til athugunar og er sammála um, að brimbrjóturinn eins og hann er nú sé í talsvert mikilli hættu, og hún er einnig sammála um, að hér sé um svo mikil verðmæti að ræða, að ekki komi til mála að láta þau verða að engu fyrir það, að ekki sé til heimild fyrir stj. til þess að veita fé til endurbóta á honum. Atvinna allra þorpsbúa í Bolungavík er bundin við það, að þetta mannvirki bili ekki, því að ef brimbrjóturinn brotnar, þá eru bátavarir og bátalendingin ónýtt um leið. Að þessu athuguðu leggur n. til, að till. verði samþ., en gengur jafnframt út frá því, að ríkisstj. láti athuga áður en byrjað er á verkinu, hvort þetta teljist fullnægjandi til þess, að mannvirkið skemmist ekki.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 18 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., 25. nóv., var till. tekin til síðari umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Till. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 20. fundi í Ed., 27. nóv., var till. útbýtt eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 64).

Á sama fundi var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 8 shlj. atkv.
Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 21. fundi í Ed., 28. nóv., var till. tekin til fyrri umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 10 shlj. atkv. og til fjvn. með 8 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., 6. des., var till. tekin til síðari umr. (A. 64. n. 291).

Frsm. (Páll Hermannsson) [óyfirl.]: Þessi þáltill. hefir fengið afgreiðslu frá hv. Nd. og var samþ. þar með einróma fylgi hv. fjvn. þeirrar deildar og síðan samþ. af deildinni mótatkvæðalaust.
Í grg. till., á þskj. 64, eru færðar fram ástæður fyrir því, hvernig á till. stendur, og sé ég ekki þörf á að vera að rifja það upp hér. Hv. þdm. vita, að brimbrjóturinn er dýrt mannvirki, sem liggur undir stórskemmdum, og á honum byggist að miklu leyti tilvera þorpsins.
Fjvn. er sammála um að leggja til, að þessi till. verði samþ.

ATKVGR.
Till. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 328).

---

14. Áveitur.

Á 16. fundi í Ed., 22. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um áveitur (A. 114).

Á 17. fundi í Ed., 23. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 18., 20. og 22. fundi í Ed., 24., 27. og 29. nóv., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Ed., 2. des., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Eiríkur Einarsson): Þegar þess er gætt, að áveitur hér á landi, sem fleiri en ein og ein jörð búa að, eru þegar orðnar svo víða og svo stórar, að þær jafnvel ná yfir 20 þús. hektara lands, þá verður tæplega hjá því komizt að athuga, hvernig sé um viðhald þeirra og umsjá, hvort því sé í raun og veru sá gaumur gefinn, sem nauðsyn krefur. Þegar athugaður er undirbúningur áveitnanna, stofnun þeirra og framkvæmd til að byrja með, eru lagaákvæðin samfelld og greinileg. Flóaáveitan er t. d. byggð á mjög ýtarlegri löggjöf frá 1917 og héraðssamþ. og áveituverkið sjálft er framkvæmt af hinum færustu mönnum, með nákvæmni og samvizkusemi. Sama er að segja um ýmsar aðrar áveitur; þær eru byggðar á samfelldum, heilsteyptum lagaákvæðum, vatnalögum og samþykktum, svo alltaf er á vísan að róa, hvernig til þeirra er stofnað. En þegar svo kemur að þeim ákvæðum, sem eiga að fjalla um viðhald og umsjón áveitnanna, er allt á dreifingu, sem illt er að átta sig á. Í Flóaáveitulögunum segir að vísu, að umsjá áveitunnar skuli falin manni, sem atvmrh. samþykkir, en svo er ekki meira um það sagt, hvernig t. d. umsjá áveitunnar skuli hagað. Til þessa verks hefir nú að undanförnu valizt maður, sem að öllu leyti er mjög góður og gegn, en eigi að síður eru þessi ákvæði svo skörðótt, að þau virðast ekki viðunandi.

Að því er snertir Skeiðaáveituna eru ákvæði um umsjá og viðhald hennar einnig mjög ófullkomin; þar er sérstakt eftirlit og yfirumsjá; þannig er það einnig um Miklavatnsmýraráveitu og aðrar samáveitur, sem gerðar hafa verið með ríkisstyrk. Ég teldi miklu heppilegra, að einum og sama manni væri falið yfireftirlit með öllum þessum stóru áveitum, sem liggja svo að segja hlið við hlið. Væri t. d. valin til þess maður frá Búnaðarfélagi Íslands, gæti hann haft einnig á hendi mælingar fyrir smávatnsveitur fyrir bændur o. fl.

Auk þeirra þriggja áveitna, sem ég hefi nefnt hér, eru víðar allstórar áveitur, eins og t. d. í Skagafirði og Húnaþingi, og færi bezt á, að yfirumsjá allra slíkra áveitna væri sameiginleg; á þann hátt fengist bezt trygging bæði fyrir þá, er að áveitunum búa, og ríkið, sem þar á mikilla hagsmuna að gæta, að allt fari ekki í handaskolum.

Til nokkurrar sönnunar því, hversu viðurhlutamikið ýmsum þykir að hafa eftirlitið með áveitunum svona á dreifingu, má geta þess, að á aðalfundi Flóaáveitufélagsins hefir hvað eftir annað komið fram og verið samþ. till. um heilsteyptara skipulag í þessum efnum. En þar er áveitan stærst, og því auðsæjast, hve mikið er í húfi. Og það er hægt að vísa til margs fleira, sem bendir í þá átt, að fyrirkomulagið þurfi að bæta og breyta því í heilsteypt og öruggt skipulag. Í þáltill. felst bending til stj. um að fela Búnaðarfél. Ísl. yfirumsjón með áveitunum. Ég vil taka fram, að þetta er engin tilviljun, að bent er á Búnaðarfél. Ísl. Þetta er ekki samskonar tilvísun og oft á sér stað, þegar verið er að fela stj. að undirbúa eitthvert mál, að þá er henni boðið að leita aðstoðar og álits fleiri og færri félaga og stofnana og einstaklinga, rétt eins og stj. sjálfri geti ekki með nokkru móti dottið í hug að leita til þessara aðilja. Ég tel þetta orðinn hreinasta óvana og hortitt í okkar lagagerð. Það er eins og hér sé einhver hottentottastjórn við völd, en ekki víðsýnir og menntaðir Íslendingar. Nei, þessar bendingar þarf ekki að setja inn í svo margar þáltill. og lagafrv. Þetta er nú aðeins innskot til mótsetningar því, sem hér er ætlazt til um beina ihlutun Búnaðarfél. Ísl., sem er ekkert handahófsinnskot í þessari till., heldur sett þar fyrir það eitt, að það er sérstök nauðsyn og ástæða til þess að fela Búnaðarfél. þetta starf. Því er nú einu sinni þannig háttað, að mál sem þetta kemur heim við það hlutverk, sem Búnaðarfél. er ætlað að vinna. Þess vegna er skorað á ríkisstj. að fela félaginu undirbúning að skipulagningu og síðan yfirstjórn áveitnanna. Það munu máske heyrast raddir um það, hvort Búnaðarfél. hafi vinnukraft til þess að bæta við sig þessu starfi. Því skal ég engu um svara, en ég segi bara, að Búnaðarfél. má ekki skorta vinnukraft til slíks. Ég sé ekki betur en að því sé trúað fyrir

svo þýðingarmiklu starfi, að félagið megi ekki skorta mannafla til skyldustarfa sinna. Landslýðurinn verður að geta leitað með fullu öryggi til þeirrar stofnunar, og þangað og ekki annað á að vera að leita um verklega og fræðilega yfirumsjá stóráveitnanna. Það, sem því hefir vakað fyrir mér og hefir komið fram á fundum á áveitusvæðunum, er þetta, að Búnaðarfél. verði gert að hafa yfirumsjón með stóráveitunum. Þar er ekki endilega átt við, að það skuli hafa hið svo að segja daglega eftirlit með flóðgörðum og skurðum, heldur er starf þess allt annað. Það þarf menn með yfirgripsmikilli þekkingu til þess að leggja á ráðin og leiða verkin. Þó stóráveiturnar fyrir austan séu ekki orðnar gamlar, þá er þegar greinilega komið í ljós, að stíflugarðar og skurðir eru farnir að bila og að þeir þurfa viðhald, og einhverjir verða að ráða þar fyrir og sjá um framkvæmdir, svo að niðurstaðan verði ekki sleifarlag og tjón. Þess vegna þarf sameiginlega umsjón með þessum stóru og dýru mannvirkjum, umsjón, sem rækt er af þekkingu og alúð. Það er eins með þessi mannvirki og t. d. hús, sem byggð eru, eða jarðir, að þau verðmæti hrörna fljótt, ef viðhaldið vantar. Og með fyrirtæki eins og stóráveiturnar, sem búið er að verja í milljónum kr. úr ríkissjóði, má það ekki koma fyrir, að viðhald þeirra sé vanrækt. Það skiptir ríkið og einstaklinga afskaplega miklu, að slík verðmæti séu ekki forsómuð. Þetta, um stofnun sameiginlegs yfirlits um meðferð stóráveitnanna, er aðalefni till., og ég vil treysta því, að hv. d. sjái sér fært að ýta á ríkisstj. með að láta semja lög um þetta nauðsynjamál.

Þá er annað atriði till. um samræmingu á greiðslu á stofnkostnaði stórra áveitufyrirtækja. Það er m. ö. o. að mér finnst rétt, eins og till. ber með sér, að þar sem Flóabændurnir fengu á síðasta þingi mikilsverða og þakkarverða liðkun sinna áveitumála, er komin voru í hinar mestu ógöngur, þá sé einnig sjálfsagt að líta á það, hvort ekki væri sanngjarnt, að aðrar áveitur, sem líkt stendur á um, en búa nú að öðrum og miklu lakari greiðslukjörum, kæmust undir sömu eða svipuð ákvæði og Flóaáveitan, ef ríkissjóður sæi sér fært að samræma á þann hátt viðhorf sitt gagnvart þessum fyrirtækjum. Um þetta atriði skal ég svo ekki fara fleiri orðum, en treysti þar sanngirni þings og stjórnar.

Síðasti liður till. er um það, hvort ekki þætti tiltækilegt að stofna tilraunastöð á áveitusvæðunum. Þetta mál hefir oftlega verið rætt á áveitufundum, þar sem það hefir verið einróma álit fundanna, að það væri nauðsynlegt. Á búnaðarþingum hafa og hvað eftir annað verið gerðar um það ályktanir, en þær hafa ekki verið ákveðnari en svo, að allt hefir runnið út í sandinn. Það hefir verið ágreiningur um það, hvar slík stöð ætti að standa, hvort hún ætti að vera á hinum stóru áveitusvæðum austanfjalls eða í Borgarfirði, í sambandi við búnaðarskóla, miðast við áveitur eða búskap almennt o. s. frv. Ég ætla ekki að blanda mér inn í þá deilu, en vil aðeins minna á það, eins og drepið er á í grg. till., að þetta er af búendum á áveitusvæðunum talin ákaflega mikil nauðsyn, vegna hinna stöðugu breyt. þar, bæði á graslagi vegna áveitu, af breyttum búnaðarháttum, þar sem sauðfjárræktin er að leggjast niður, en nautgriparæktin að koma í staðinn. Vegna þess og fleira, er mætti telja, vantar bændurna jafnóðum góðar og faglegar leiðbeiningar. Til þess að gefa þær þarf kunnáttumenn, sem sjálfir leggja hönd á plóginn. Ég býst við, að allir sjái það, að hér er um brýna nauðsyn að ræða. Mér er alveg sama um það, hvort hér væri horfið að því að setja upp tilraunastöð eða tilraunabú. Með tilraunastöð meina ég stofnunina með þrengra starfsviði og hugsa mér hana rekna með hin sérstöku áveitumál fyrir augum, en tilraunabú á að merkja fyrirtæki í stærri stíl, og að verksvið þess nái út fyrir áveitusvæðin að öllu því, er til slíks búskapar heyrði. Höfuðatriðið er, að stjórn tilraunanna sé sæmileg og til ávinnings til þekkingar í áveitumálum. Ef hinsvegar ekkert er gert til þess að fá tryggilega reynslu kunnáttumanna á þessum efnum, þá myndast meðal fólksins, vegna þekkingarleysisins, einskonar hjátrú og hleypidómar um þessi vafaatriði í búskapnum, sem upp koma vegna mikilla breyt. á búnaðarháttum. Bændur

vita ekki, hvernig fóðra á nautpening á því heyi, sem áður var notað handa sauðfé, hvaða hlutföll eru heppilegust í fóðurblöndun, hverjar breyt. verði á gildi heysins vegna graslagsbreytinganna o. s. frv. Ef ekkert er til að styðjast við í þessu efni, þá þróast hleypidómarnir og svo myndast einhverjar handahófsreglur um þessi atriði, sem engin trygging er fyrir, að nálgist það, sem réttast er. Hvaða leið yrði nánar ákveðin í þessu efni, skal ég ekki ræða frekar, en ég vona, að hv. þdm. sé ljóst, að þekking og handleiðsla, er að þessu lýtur, hafi afarmikið að segja í smáu sem stóru.

Ég get svo látið máli mínu lokið, en ég treysti því, að hv. þd. sjái sér fært að samþ. till. í heild sinni. Þó ég hinsvegar leggi aðaláherzluna á fyrsta atriðið, þ. e. a. s. stofnun á samfelldu eftirliti eða umsjá áveitnanna, þá tel ég einnig hin síðari atriði till. mjög þýðingarmikil.

Jónas Jónsson: Ég vil styðja að framgangi þessar þáltill. hv. 2. þm. Árn., af því að hún fjallar um nauðsynlegt mál, en ég er eins og hann og fleiri í nokkrum vafa um, hvernig ýms atriði till. verða bezt leyst. Ég álít því óhjákvæmilegt, að málið fari í n., og vil ég leggja til, að því verði vísað til landbn. Ég er sammála hv. flm. um, að það muni reynast heppilegt að fá Búnaðarfél. Ísl. málið til meðferðar, en þó tel ég líka nauðsynlegt að fá að vita, áður en till. er afgr. hér, hvað Búnaðarfél. telur réttast, að gert verði í málinu.

Flm. (Eiríkur Einarsson): Ég vil aðeins geta þess út af ræðu hv. 4. landsk., að þó till. hafi ekki verið vísað til n., þá hefir landbn. samt haft hana til athugunar, og finnst mér það koma nokkuð í sama stað niður eins og þó till. hefði verið formlega vísað til n., enda vona ég, að landbn. geri grein fyrir skoðun sinni á till. og að þá komi í ljós, að ekki þyki þörf að vísa henni til n. frekar en orðið er.

Páll Hermannsson: Það er rétt, sem hv. flm. hefir sagt, að landbn. hefir athugað ofurlitið þessa till. Ég er að vísu ekki kjörinn frsm. fyrir n. um þessa till., en tel mig þó geta að nokkru lýst áliti n. á henni. Ég skal geta þess, að n. hefir átt tal við annan búnaðarmálastjórann, Sigurð Sigurðsson, og þykist ég mega lýsa því yfir, að hann er till. fylgjandi. Ég þykist og mega segja það, að n. lítur vingjarnlega á till. í heild, og býst ég við, að hún greiði henni atkv. Ég skal jafnframt geta þess, að n. athugaði sérstaklega síðara atriði fyrri málsgr. till., um samræmingu á greiðslu á stofnkostnaði áveitnanna, og taldi n. sanngjarnt, án þess þó að vera beinlínis viðbúin að lýsa yfir því, að greiðslu stofnkostnaðarins væri létt af öðrum áveitum á sama hátt og létt var af Flóaáveitunni á síðasta þingi, þar sem lög voru um það sett, að áveitufélagið greiddi aðeins í 30 ár eina krónu af hverjum ha. áveitulands, en kostnaðurinn allur mun hafa verið um 120 kr. á ha. Ég held ég þurfi svo ekki fleira um till. að segja fyrir n. hönd, álit. að till. þurfi ekki að vísa til nefndar.

Kári Sigurjónsson: Eins og hv. form. landbn. hefir skýrt frá, hefir mál þetta verið nokkuð athugað í landbn. Hann skýrði og frá því, að líkur væru til, að n. öll greiddi till. atkv. Ég ætla ekki að bera það til baka, að líkur geti verið til þessa, en þó vil ég taka það fram, að nokkuð er það bæði í orðalagi og efni þessarar till., sem ég get ekki gengið inn á með ráðnum huga. Það, sem ég hefi aðallega nokkuð við að athuga, er orðalag á seinna lið fyrri málsgr. till., um samræmingu á greiðslu áveitukostnaðar. Þetta ákvæði till. bendir til þess, er þing og stjórn upphaflega lögðu fram fé sem lán og styrk til áveitufyrirtækjanna. Á þeim tíma varð eigi séð nema skammt fram í tímann um fjárhagsleg afdrif þeirra. Orðalag till. virðist byggt á þeirri hugsun, að þegar á síðasta þingi var gengið inn á að **gefa** Flóaáveitunni svo að segja allt það fé, sem ríkissjóður hefir lagt til þessa fyrirtækis, sem á sínum tíma var álitið þjóðþrifafyrirtæki, þá hafa önnur áveitufyrirtæki orðið hart úti, þegar þau njóta ekki hlutfallslega jafnmikillar uppgjafar. Það liggur í orðalagi till., að þeir verði hlutfalls-

lega hart úti, og jafnvel sagt „harðast“ úti, sem ekki njóti þessa jafnréttis. Ég kann illa við þetta orðalag. Það, sem gerðist á síðasta þingi, er Flóaáveitunni var gefinn eftir svo að segja allur stofnkostnaðurinn, var ekkert jafnréttisverk. Það var líknarverk, sem unnið var á nauðstöddum atvinnuvegi. Ég held, að þeir landshlutar, sem engar uppgjafir hafa fengið úr ríkissjóði, slíkar sem Flóaáveitan, líti ekki svo á, að Skeiðaáveitan hafi orðið hart úti í viðskiptum við ríkissjóð, og þurfi þess vegna að gera jafnréttiskröfu miðað við önnur héruð landsins. Ég lít ekki heldur svo á. Ég lít svo á, að þegar ríkið styður einhvern atvinnuveg verulega, þá veiti það honum styrk, en greiði þar með enga skuld eða kröfu. Nú er sagt með till., að Skeiðaáveitan eigi jafnréttiskröfu miðað við Flóaáveituna. Ef þetta er svo, mundu þá ekki mörg héruð í landinu og einstaklingar geta borið sig saman við bændur á Skeiðaáveitusvæðinu?

Mér finnst sú hugsun, sem bak við þetta atriði till. vakir, vera röng, og mér finnst hún vera flutt með þeirri frekju, að ég get ekki orða bundizt. Ég mun þó ekki greiða atkv. á móti till., af því málinu er vísað til hæstv. stj., sem ég treysti til þess að láta málefnið hvorki njóta þess né gjalda, í hverju formi eða með hvaða orðalagi það er nú flutt. Það var ekki hugsun mín að knésetja hv. flm., en ég vil mælast til þess, að þeir, sem biðja um stór framlög úr ríkissjóði, séu hofmannlegir í málaleitun sinni um framlag opinbers fjár.

Þá skal ég minnast á síðasta málsl. till., um tilraunastöðina. Ég skal játa það, að ég hefi ekki haft í mínum búskap aðstöðu til þess að kynnast tilraunastöðvum og því gagni, sem af þeim má verða, til þess að geta myndað mér skoðun um þær frambærilega hér á Alþingi. En ég get ekki varizt þeirri hugsun, að þar sem búið er að undirbyggja einn atvinnuveg, svo sem búið er með stóráveitunum austan fjalls, sé of lítið gert úr bændunum, með því að treysta þeim ekki til að kunna að fóðra á því heyi, sem grasakur þessi gefur af sér, án þess að tilraunastöð sé sett til að kenna þeim þetta. Má vera, að það kunni að þykja nokkuð gamaldags skoðun, en ekkert sakar samt, þó að hún komi hér fram.

Þó ég nú greiði því atkv., að stj. taki til undirbúnings löggjöf í þessa átt, er þáltill. fer fram á, þá er ég alls ekki viss um, ef ég síðar á þingum ætti að greiða atkv. um svona mál, nema ég brygði fæti fyrir slíkar kröfur. Því þarf nú ekki að gera ráð fyrir. En ég áleit rétt að gera þessa aths. án þess ég ætli að ganga gegn því, sem hv. form. landbn. hefir sagt, er hann lýsti því yfir, að n. mundi greiða till. atkv. á þessu þingi.

Jónas Jónsson: Mér finnst málið hafa skýrzt við ræður tveggja hv. þm., þeirra er síðast töluðu. Hv. 6. landsk. hefir með óyggjandi rökum sýnt fram á, að málið er flókið og að í till. er verulegt atriði, sem hann getur ekki fallizt á, ef til framkvæmda kemur. Ég get ekki fellt mig við, þegar um slíkt stórmál er að ræða, sem hér lítur út fyrir að sé, þar sem ekki aðeins er um að ræða þær áveitur, sem þegar eru til, heldur einnig þær, sem gerðar verða hér eftir, að þessu máli skuli ekki einu sinni vera formlega vísað til n. Væri eðlilegast, að málið færi til landbn. Skil ég ekki, að það komi í bága við það, sem vakað hefir fyrir hv. flm. Með því móti fengi málið betri meðferð, og gæti n. þá lagað till. með brtt.

Ræða hv. 6. landsk. var á góðum rökum byggð, og játaði hann, að líkur væru til, að n. greiddi málinu atkv., en hefir þó, af einhverjum óskiljanlegum orsökum, ekki viljað óska eftir framgangi málsins.

Hv. form. landbn. gat þess, að n. hefði átt tal við annan búnaðarmálastjórann og að hann væri málinu velviljaður. Hann er áhugamaður mikill um slík mál, eins og kunnugt er. Er eðlilegast, að Búnaðarfélagsstj. taki málið til meðferðar, því að hér er um að ræða talsverðar kvaðir á Búnaðarfélagið. Svona tilraunastöð verður aldrei komið á fót nema Búnaðarfélagsstj. hafi áður um málið fjallað. Svipuð mál hafa og áður verið rædd á búnaðarþingum. Finnst mér það næsta óeðlileg meðferð á þessu máli að ætla hvorki að fá álit landbn. eða stj. Búnaðarfél. Vona ég, að hv. flm. og landbn. sjái, að betra er, að málið hafi þennan gang. Ég ætl-

ast alls ekki til, að till. gangi milli deilda, svo að nógur tími er til afgreiðslu, þó að hún fari í n. Svo framarlega sem ekki þykir viðeigandi að vísa till. til n., geri ég það að varatill., að umr. verði frestað og málið tekið af dagskrá, svo að þeir hv. þm., sem vilja, geti leitað álits Búnaðarfélagsstj.

Flm. (Eiríkur Einarsson): Hv. 6. landsk. lýsti yfir því, að hann myndi greiða atkv. með till. minni. Þó gat hann um nokkra annmarka á henni, einkum að því, er kemur til orðalagsins. Talaði hann um frekjulegt orðalag. Ef svo er, þykir mér það leitt, en ég hefi ekki viljandi orðað till. frekjulega. Geri ég helzt ráð fyrir því, eftir orðum hv. þm., að hann hafi hneykslazt á þeim orðum till., þar sem talað er um, að stj. undirbúi lagasetningu til að samræma stofnkostnaðargreiðslur þeirra, er að áveitunum búa, svo að þeir, sem hlutfallslega hafa orðið harðast úti, nái jafnrétti við hina, er hafa fengið sanngjarnasta skipun þeirra mála sinna. Gætir hér misskilnings hjá hv. 6. landsk. Með till. er einungis óskað undirbúnings af hálfu ríkisstj. um þessi mál. Tekið til athugunar, hvort misfellurnar verði ekki færðar til samrýmingar. Hver er frekjan í þeirri málaleitun og að hverju leyti er Alþingi búið að binda sig, þótt það samþ., að slík athugun fari fram? Hið frekjulega í till. minni hlýtur að byggjast á annari málvenju hjá hv. 6. landsk. en ég þekki, og hugði ég þó, að við ættum sama móðurmál.

Hv. 6. landsk. sagði um það, er Flóaveitunni var gefinn eftir mestur stofnkostnaðurinn, að það hafi verið líknarverk á nauðstöddum atvinnuvegi. Þetta er fallega mælt, og þarna nálgaðist hv. þm. réttan skilning, þótt bæta hefði mátt við, að líknarverkið hafi verið nauðsyn landbúnaðarins. En ég vil bara spyrja: Ef það hefir þótt rétt af Alþingi að gera þetta í fyrra, hví er þá ekki sama máli að gegna nú um Skeiðaáveituna? Annars er óþarfi að vera að ræða þetta atriði frekar, því hér er aðeins verið að leita hófanna hjá stj., hvort ekki muni fært að undirbúa slíka lagfæringu. Hún á að hafa þarna öll ráðin í samræmi við bendingar Alþ. Það er því, held ég, ekki verið að hleypa neinum háska af stokkunum með till. Annars á ég erfitt með að skilja þá hóflausu varasemi, sem fram kom í ræðum hv. 4. og hv. 6. landsk. Hv. 6. landsk. get ég reyndar skilið. Þar helzt tortryggni og yfirlitsleysi um mál þau, sem um er að ræða, í hendur, en hv. 4. landsk. skil ég verr. Hans hugsjónir eru oft vaxnar upp úr varaseminni, en þarna er hún svo yfirgnæfandi, að ekkert spor má stíga án þess að n. hafi áður tekið það til nákvæmrar athugunar og jafnvel stjórn Búnaðarfélagsins. Hv. form. landbn. er búinn að lýsa yfir því, að n. hafi litið yfir till. að svo miklu leyti, sem nauðsynlegt þótti. Hjá hv. 4. landsk. kom það fram, að þó að búnaðarmálastjóri hefði lýst sig hlynntan till., þá væri samt ástæða til að leita til Búnaðarfélagsstj. sjálfrar. Ég held, að rétt sé að leita þangað, þegar ríkisstj. fer að taka það til athugunar, hvort leggja beri út í þessa lagasetningu eða ekki. En fyrr er ekki þörf á því. Hér er aðeins um það að ræða, hvort Alþingi telji rétt, er það athugar málið í skyndi, að fela ríkisstj. að taka það til frekari meðferðar og semja einhverja löggjöf um það, sem ábótavant kann að vera. Hver sá hv. dm., sem lítur svo á, að hér sé einhverju ábótavant, hann greiðir atkv. með því að fela stj. þetta. En ef einhverjir hv. dm. vilja koma till. fyrir kattarnef, þá er sjálfsagt fyrir þá að reyna að koma málinu í n. Hygg ég, að nú sé farinn að styttast sá tími, sem þingið á setu, og hefir það svo sem komið fyrir, að till. dagaði uppi, ef n. fengu þær svo seint til meðferðar. Óska ég því, af tilgreindum og framkomnum ástæðum, að hv. dm. annaðhvort samþ. till. eða felli, en mælist til, að henni verði ekki vísað í n.

Einar Árnason: Ég stend upp til þess að styðja það, að þessari till. verði vísað til landbn. Sé ég ekki, að hv. d. geti forsvarað að samþ. slíka till. án þess. Ég verð að segja, að ég geri mig ekki ánægðan með það, sem komið hefir frá landbn. um þetta mál. Vil ég sjá rökstutt álit frá henni um málið. Virðist vera dálítið erfitt að handsama það, sem bak við till. liggur. Efa ég ekki, að fyrir hv. till.manni vaki gott eitt að hjálpa landbúnaðinum þarna

fyrir austan. (EE: Og hvar sem er). Hér á aðallega að vera um áveitur að ræða, sem styrktar eru af ríkisfé. En ég hefi enga trú á því, að landbúnaðinum austanfjalls eða annarsstaðar verði bjargað með l. og reglugerðum. Ef framtak manna til rekstrarins vantar, verður honum ekki bjargað. Það er ekki hægt að sjá það á till., hvort setja á reglur um það, að ríkissjóður sjái að öllu leyti um viðhald á öllum þeim mannvirkjum, er hann hefir látið gera fyrir austan. Ég vil leyfa mér að spyrja, hvort ekki hafi verið um að ræða neitt viðhald á þessum mannvirkjum þarna á áveitusvæðinu. Ef ekki, hvers vegna? Eiga þeir, sem áveituna nota, ekki að sjá um viðhaldið? Er ástæða til að athuga, hvort ætlazt er til, að ríkissjóður sjái um þetta.

Þar sem talað er um stofnkostnaðargreiðslurnar, kemur fram eins og í f. hl. till., að þeir einir eiga að njóta góðs af, sem áður hafa notið framlags úr ríkissjóði, en annarsstaðar á landinu, þar sem menn hafa gert mannvirki án styrktar úr ríkissjóði, eiga menn engrar hjálpar að vænta.

Þá tel ég síðari málsgr. till., eins og hún er orðuð, varhugaverða, og get ég ekki samþ. hana. Hún hljóðar svo: „Loks skal ríkisstj. falið að láta kunnáttumenn athuga, hvort ekki sé nauðsynlegt að stofna tilraunastöð á aðaláveitusvæðunum, og koma því máli til framgangs, ef rannsókn leiðir í ljós, að slíks sé þörf".

Þarna er stj. gefið vald til að setja upp tilraunastöð. Á ríkissjóður að kosta hana, og eftir hvaða reglum? Ef ekki, hví er þá verið að setja þetta ákvæði hér? Ef ábúendur á áveitusvæðunum vildu koma upp slíkri stöð, þá myndu þeir sjálfir gangast fyrir því og kosta hana. Og hverskonar tilraunastöð á þetta að vera? Fyrir jarðrækt eða búfjárrækt? Það sést ekki á till.

Mér virðist það varhugaverð heimild, sem í þessu liggur, að stj. ráðist í málið, ef einhverri n. sýnist. Ég geri ekki þessar aths. af illvilja, heldur af því, að ég vil láta taka það greinilega fram, við hvað er átt. Því vil ég, að landbn. leggi fram skýrari till. um það, hvað á að gera og hverjir eigi að kosta það, sem gert verður. Myndi ég því greiða atkv. með því að vísa till. til n. Er málið svo umfangsmikið, að oft er smærri málum vísað til n. hér í d. Þetta ber að gera, ekki sízt af því, að aðeins fer fram ein umr. um málið og aðeins í annari d. þingsins, að því er ég hygg.

Flm. (Eiríkur Einarsson): Ég hefi færzt undan að fylgja því, að málinu yrði vísað til landbn., einungis af því, að landbn. hefir athugað málið, en sízt af því, að ég teldi óþarft, að hún fjallaði um það. Ef landbn. heldur, að hún geti gert þetta betur með því að fá málið aftur til meðferðar, þá get ég fallizt á það. En nú hefir nefndarform. lýst yfir því, að hann telji þessa ekki frekar þörf. Þarf ég ekki að eyða fleiri orðum að þessu.

Það, sem hv. 2. þm. Eyf. sagði, var í alla staði hófsamlegt, en hann leggur, eins og fleiri, óþarflega mikið upp úr því, að till. leggi bönd á Alþingi. Hún bindur Alþingi ekki að öðru leyti en í því felst, að Alþingi feli ríkisstj. að athuga málið og leggja fyrir næsta Alþ. frv. skv. sinni niðurstöðu. Hafa oft verið stigin óvarlegri spor um fjárútlátin heldur en það, er þingið gerði með samþykkt till.

Hv. 2. þm. Eyf. varpaði fram þeirri spurningu, hverjir ættu að bera kostnaðinn. Ef hann á við kostnað þeirra mannvirkja, sem seinna kunna að verða gerð, get ég svarað því, að ég veit það ekki. Á með þessari till. að fela ríkisstj. að athuga, hvernig því verði bezt fyrir komið. Málið er vandasamt, en mikils um vert, og þarf að flýta því sem mest, að áveitumálunum sé sinnt svo sem vera ber, og skal því treyst, að niðurstaða stj. yrði sú, að sá kostnaður, er af því hlytist, að þessum yfirgripsmiklu landbúnaðarmálum yrði nægur gaumur gefinn, kæmi sem réttlátast niður.

Hv. þm. lét það líka í ljós, að landbúnaðinum myndi ekki bjargað með l. og reglugerðum. Það er satt. Veruleikinn sjálfur, verkin rétt framkvæmd, er bjargvættur landbúnaðarins, en um landbúnaðinn er það sem annað, að bezt er að hafa sem fullkomnastar reglur og l. að fara eftir. Og eitt af því, sem nauðsynlegt er að hafa sem beztar reglur um, eru hin kostnaðarsömu mannvirki hér á landi. Er nauðsyn á samfelldri löggjöf, ekki að-

eins um þær áveitur, sem þegar eru til, heldur líka um þær, sem seinna koma.

Hv. þm. spurði, hvort ekki hefði verið neitt eftirlit með áveitunum. Jú, það hefir verið, en í molum, og hefir þessu eftirliti verið allmjög ábótavant. Það hefir ekki verið eftirlitsmönnunum að kenna, því það hafa verið samvizkusamir og góðir menn, heldur einmitt hinu, að rétta lagasetningu og reglur hefir vantað til að fara eftir.

Magnús Jónsson: Ég hafði hugsað mér að fylgja þessari till., af því að mér fannst hún ekki hættuleg. — Annars ætla ég aðeins að svara hv. 2. þm. Eyf. fáum orðum. Hann sagði, að síðari liður till. fæli það í sér, að stj. gæti sett upp tilraunastöð á áveitusvæðunum, og gæti því verið samfara mikill kostnaður. En ég get ekki verið honum sammála um það, að till. heimili fjárútlát. Reyndar er í grg. talað um tilraunastöð, er rannsaka skuli, hvernig áveitunum skuli bezt hagað um gróður áveitulandanna og búpeningsfóðrun í sambandi við áveituheyin. Ég tel þetta ekki geta falizt í till. Hún er stíluð sem till. frá Ed., og forseti hefir úrskurðað, að um hana skuli fara fram ein umr. En um till., sem heimila fjárútlát, eiga að fara fram tvær umr. í báðum d. Er hér því girt fyrir, að um fjárútlát sé að ræða. Þetta virðist að vísu rekast á við orðalag seinni liðsins, þar sem sagt er, að stj. skuli falið að „koma því máli til framgangs". En eftir till. getur stj. ekki annað en haft forgöngu um málið, en engu fé varið til þess. Verði kostnaður að þessum ráðstöfunum, verður hann að greiðast af öðrum en ríkinu, nema ný heimild komi til.

Hitt þykir mér eðlilegt, að undirbúa svipaða löggjöf og hér er farið fram á. Sé ég ekkert athugavert við það, þó að í fyrri málsgr. sé sérstaklega miðað við þær áveitur, sem ríkið hefir lagt fé í. Hefir það fé verið veitt úr ríkissjóði með það fyrir augum, að fyrirtækin gætu orðið að gagni, að þetta fé skilaði sér aftur í auknum arði af þeim. Væri því eðlilegt, að ríkið sæi um, að þessi fyrirtæki drabbist ekki niður og að þeim sé haldið við. — Hitt atriðið, hvort málinu skuli vísað til n. eða ekki, leiði ég hjá mér. Þó þætti mér e. t. v. eðlilegra, að landbn. athugaði það. Hún mun varla vera svo störfum hlaðin, að hún geti ekki afgr. það fljótt. Það er viðurhlutamikið að afgr. slíkt mál sem þetta án þess að n. athugi það.

Pétur Magnússon: Ég gæti fallið frá orðinu, því að hv. 3. þm. Reykv. hefir að mestu tekið fram það, sem ég ætlaði að segja.

Ég endurtek það, að í till. felst ekki annað að mínu áliti en það, að stj. á að láta athuga þessi þrennskonar málefni, sem till. er um. Í fyrsta lagi, að stj. láti undirbúa og leggja fyrir næsta þing frv. til l. um viðhald og eftirlit hinna stærri áveitufyrirtækja. Í öðru lagi, að stj. láti athuga og, ef ástæða þykir til, leggja fyrir næsta þing lagafrv. um samræmingu á stofnkostnaðargreiðslum þeirra, sem að áveitunum búa. Og í þriðja lagi, að ríkisstj. láti kunnáttumenn athuga, hvort ekki sé nauðsynlegt að stofna tilraunastöð á áveitusvæðinu.

Af því að ég legg þann skilning í till., að í henni felist ekkert annað en þetta og engin heimild til stj. til fjárveitinga, þá legg ég ekki áherzlu á, að hún fari til n. Þingið bindur sig á engan hátt með samþykkt þessari till., og sé ég því enga áhættu við að láta hana ná fram að ganga.

Páll Hermannsson: Ef svo skyldi fara, að þessu máli yrði vísað til n. og málið kæmi frá n. aftur, þá gæti svo farið, að hv. þdm. töluðu sig dauða í málinu.

Ég verð nú að líta svo á, að satt að segja hafi stundum verið hleypt í gegnum hv. þingdeildir till., sem hafa verið allt eins veigamiklar og þessi till. er, og það án þess að þeim hafi verið vísað til n. Þó að ég geri ekki mikið úr því, sem hv. landbn. fjallaði um þessa till., þá tel ég það nú samt betra en ekkert. Þó að nefndir leggi fram nál. eins og: „N. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt", þá er engin ósköp á því að græða fyrir deildina.

Ég amast ekki við því, að málinu verði vísað til n., en álít þess ekki þörf. Ég álít, að vinnubrögðum í d. hafi ekki verið hagað með tilliti til þess, að málið gengi til n.

Áveitur.

Ég get ekki komizt hjá fyrir mitt leyti að mótmæla einu orðatiltæki í ræðu hv. 6. landsk. Hann sagði, að sér þætti frekjulegt orðalag á till. Hann hefir vitanlega rétt til að hafa sína skoðun um það. En mér finnst, að kannske mætti segja, að orðalagið sé tvírætt, þó ég hinsvegar skilji ósköp vel, hvað í henni felst. Og þó að hún yrði samþ. án þess að hún gengi til n., þá mundu líklega engin ósköp gerast, og sízt af öllu, ef hún gengi til bráðabirgðastjórnar, sem þá yrði ekki ákaflega ör til framkvæmda.

Atvmrh. (Þorsteinn Briem): Þessi þáltill. er í þremur liðum. Um fyrsta liðinn vil ég taka það fram, að ég tel æskilegt, að hann verði samþ., vegna þess að reglur þær og samþykktir, sem munu hafa verið gerðar um viðhald hinna stærri áveitufyrirtækja landsins, munu að mörgu leyti vera mjög ófullkomnar. Ég hygg það til bóta að undirbúa lagasetningu um það efni, með því að á sumum stöðum mun það vera reglan að gera sem minnst til viðhalds og endurbóta þeim mannvirkjum, sem hafa kostað mikið fé. Og þar á sannarlega við um þær orðtækið: „Vandi er að gæta fengins fjár".

Um hina aðra liði till. er öðru máli að gegna. Annar liður till. hljóðar um það, að stj. undirbúi frv. til l., er fari í þá átt, að öllum, sem áveitur hafa gert, verði veitt jafnhæg aðstaða um greiðslu stofnkostnaðar eins og þeim, sem fengið hafa bezt kjör. Það er út af fyrir sig mikið rannsóknarefni, og ef fram ætti að fara full rannsókn á því efni, þá hygg ég, að hún mundi tæplega verða gerð án þess að hún kostaði töluvert fé. Það er ekki að öllu leyti hægt að vitna í l. frá síðasta þingi um Flóaáveituna, vegna þess, að þar var um sérstaka kreppuhjálp að ræða.

Þær áveitur, sem gerðar hafa verið hér á landi, hafa reynzt misjafnlega. Sumar hafa reynzt gagnslausar, eða því sem næst, en sumar hafa borgað sig á skömmum tíma. Það er þess vegna ekki ósanngjarnt, þó að öllum þeim, sem þeirra hafa not, sé ekki gerður jafngreiður aðgangur að ríkissjóðnum. Ef það er tilgangur flm. að veita öllum sem jafnasta aðstöðu, þá verður að líta á það, að síðar meir verður væntanlega ráðizt í fleiri áveitufyrirtæki. Þarf þess því vel að gæta að mynda ekki þau fordæmi, sem geta orðið varhugaverð vegna fjárhags ríkissjóðs. Ég hygg a. m. k., að þetta atriði sé ekki svo mjög aðkallandi, að það sé alveg bráðnauðsynlegt að fá þetta mál undirbúið fyrir næsta þing, sem kemur saman í síðasta lagi 1. okt. í haust, heldur ætla ég, að undirbúningur þessa máls mætti jafnvel taka lengri tíma. (**EE:** Það er einungis sagt, að þetta þyki æskilegt).

Um 3. lið till. er það að segja, að það liggur náttúrlega í hlutarins eðli, að framkvæmdir í því máli, sem þar er nefnt, gætu ekki gerzt nema með lagasetningu og þar að auki fjárveitingu. Ég hygg a. m. k., að engin stj. mundi sjá sér fært að leggja út í þær án sérstakrar löggjafar. Enda hefir flutningi málsins verið á þá leið hagað hér í hv. deild.

Tilraunastöðvar hafa nú verið reistar í mörgu skyni. Það hefir og verið byrjað á ýmsum gróðurrannsóknum, t. d. rannsókn á gróðrarríki stærstu áveitunnar, sem um er að ræða hjá okkur. Það er æskilegt, að þær geti haldið áfram. Einnig gæti komið til greina að gera tilraunir um fræsáningu og annað slíkt. En fullkomna tilraunastöð tel ég mjög vafasamt, hvort rétt er að reisa að svo komnu máli. Ég hygg, að til þess þurfi miklu lengri og rækilegri undirbúning en hægt er að gera fyrir næsta þing, áður en komið geti til þess, að löggjöf verði sett um það efni.

Ég tek ekki undir það, sem stungið hefir verið upp á, að málinu verði vísað til n., en ég legg til, að till. verði borin upp til atkv. í þrennu lagi. Og mæli ég þá með 1. lið till., en á móti hinum liðunum.

ATKVGR.

Till. vísað til landbn. með 7:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli. og sögðu

já: JónasJ, BKr, GL, IP, JBald, JónÞ, EÁrna.

nei: KS, PM, BSn, JónJ.

MJ[1]), PHerm[2]), EE[3]), greiddu ekki atkv.

Umr. frestað.

---

1) MJ: Eins og ég gat um í þeim fáu orðum, sem ég sagði áðan, fyndist mér ekki óeðlilegt,

Á 27. fundi í Ed., 6. des., var fram haldið einni umr. um till. (A. 114, n. 294).

Frsm. (Páll Hermannsson): Það er ekki þörf á að taka margt fram um þessa till. N. hefir orðið sammála um að leggja til, að till. verði samþ. Ég vil aðeins benda á það, að eins og í nál. stendur, er það ekki álit landbn., að í till. felist heimild til fjárútláta, enda virðist það almennt vera skoðun manna hér í d.

Eiríkur Einarsson: Ég þakka hv. landbn. fyrir afgreiðslu hennar á þessu máli mínu. Hún hefir nú skjalfest það álit sitt, sem hún var raunar áður búin að láta í ljós. Eins og vænta mátti, er það í samræmi hvað við annað. Vona ég, að hv. d. sjái sér nú fært að samþ. tillöguna.

ATKVGR.
1. málsl. tillgr. samþ. með 8 shlj. atkv.
2. málsl. tillgr. samþ. með 6:2 atkv.
3. málsl. tillgr. samþ. með 7:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. afgr. sem ályktun efri deildar Alþingis (A. 334).

að þessu máli yrði vísað til n. En ég vil alls ekki setja fót fyrir málið í því skyni, að það komist ekki í gegn. Þess vegna sit ég hjá við atkvgr.

Forseti (EÁrna): Ég get ekki tekið þessar ástæður hv. þm. til greina, vegna þess, að það getur haft áhrif á, hvort málið verði afgr. nú frá þinginu, hvernig hann greiðir atkv. í málinu. Og þar sem það kemur ekki í bága við það, sem hv. þm. vill, að Alþ. afgr. málið, þá get ég ekki tekið þessar ástæður til greina.

2) **PHerm:** Ég viðurkenni það, að ef á annað borð á að vísa þessu máli til n., þá á að vísa því til landbn. Hinsvegar lít ég svo á, af því að ég er dálítið kunnugur í n., að þótt málinu yrði vísað til n., þá muni ekki upplýsast neitt við það fram yfir það, sem þegar er upplýst. Af þessari ástæðu greiði ég ekki atkv.

Forseti (EÁrna): Þessa ástæðu get ég tekið til greina, vegna þess að hv. þm. er form. landbn. og hefir sagt álit sitt. Getur hann því ekki sagt meira um málið en hann hefir þegar gert.

3) **EE:** Ég vil gera þá grein fyrir minni afstöðu, að annarsvegar tel ég eðlilegt, að þetta mál sé athugað af landbn. Hinsvegar hefir form. n. lýst því yfir. að n. hafi þegar gert það, og fer hjá sér um frekari athugun á því, og vil ég því hvorki greiða hér atkv. með né móti.

Forseti (EÁrna): Þessa ástæðu hv. þm. fyrir því að greiða ekki atkv. get ég ekki tekið til greina, því að samkv. þessu getur hv. þm. vel sagt annaðhvort já eða nei.

15. Greiðslufrestur á skuldum bátaútvegsmanna.

Á 23. fundi í Ed., 30. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um greiðslufrest á skuldum bátaútvegsmanna (A. 218).

Á 24. fundi í Ed., 2. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 25. fundi í Ed., 4. des., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 27. fundi í Ed., 6. des., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Ég vænti þess, að umr. um þessa till., sem við þrír þdm. flytjum hér á þskj. 218, þurfi ekki lengi að tefja hv. þd. Till. lýtur að því að skora á ríkisstj. að hlutast til um, að bankarnir gangi ekki hart að skuldugum bátaútvegsmönnum með innheimtu á skuldum á þessu ári, meðan verið er að athuga fjárhag bátaútvegsmanna og finna út, hvað hægt er að gera atvinnuveginum til hjálpar. Ég vænti þess að þurfa ekki að flytja langa ræðu til að skýra það, hversu smábátaútgerðin er þarfur atvinnuvegur, því það er öllum hv. þdm. kunnugt, þar sem líka allar horfur eru á því, að smáútgerð komi smátt og smátt í stað hinna stærri skipa. Nú er það vitanlegt, að fjölda margir smábátaeigendur um land allt verða alveg að stöðva sína útgerð, ef bankarnir heimta af þeim auga fyrir auga og tönn fyrir tönn. Nú má segja, að þar sem ekki eru enn skýrslur fyrir hendi um hag smábátaeigenda, sé ekki hægt að vita, hvað þurfi að gera, en þar til er því að svara, að till. fer aðeins fram á það, að stj. reyni að hafa mildandi áhrif í þessum efnum á þessu tímabili, meðan nefndin er að vinna sín störf, og þar til næsta þing kemur saman í sumar eða í haust og getur tekið afstöðu til málsins.

Það þarf nú kannske ekki við því að búast, að næsta þing hjálpi bátaútvegsmönnum með samskonar löggjöf og sett

var fyrir landbúnaðinn, en þess er að vænta, að hið ýtrasta verði gert til þess að hjálpa bátaútveginum með því að lengja afborgunartíma lána og skjóta þannig erfiðleikunum á frest um fleiri ár. Mundi það verða mikil hjálp. Því vitað er, að fjöldi mótorbátaeigenda á við mjög erfið lánskjör að búa og mun verri en eigendur stærri skipa.

Án þess að fjölyrða frekar um málið vænti ég, að hv. þd. sjái, að það er þörf og full ástæða til þess að miðla hér málum, og þar hefir enginn betri aðstöðu en ríkisstjórnin.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. afgr. sem ályktun efri deildar Alþingis (A. 335).

16. Fóðurskortur í illu árferði.

Á 24. fundi í Ed., 2. des., var útbýtt:
Till. til þál. um ráðstafanir gegn fóðurskorti í illu árferði (A. 241).

Á 25. fundi í Ed., 4. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 27. fundi í Ed., 6. des., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Eiríkur Einarsson): Óþurrkarnir hér sunnanlands síðastl. sumar hafa fært mönnum heim sanninn um, hversu nauðsynlegt það sé að birgja sig upp með fóðurbæti, þegar misbrestur verður á heyafla bændanna. Það kom í ljós eftir þetta óþurrkasumar, þegar menn könnuðu heyjaforða sinn, að hann var hvergi nærri fullnægjandi. Heyin reyndust hvergi nærri eins trygg og vera ætti. Var þá af mörgum byggt á því, að til væri í landinu íslenzkt fóðurmjöl, sem tryggt gæti menn gegn vandræðum. En þegar til þess kom í haust, að kaupa skyldi fóðurbætinn, kom það í ljós, að um enga heildarskipun var að ræða í þessu efni. Reyndist það svo, að innlendur fóðurbætir var lítt fáanlegur. Var það hrein tilviljun, ef þessi eða hinn bóndi, sem til verzlana leitaði um síldarmjöl, gat fengið það. Mörgum varð það með öllu ófáanlegt. Var þá ekki annað fyrir en að nota útlenda mjölvöru til fóðurbætis. Þetta var svo almennt fyrirbrigði, að full nauðsyn er að hreyfa þessu máli á Alþingi, ef það gæti orðið til þess, að betur væri verið á verði næst, er slíkt kynni að koma fyrir. Í l. nr. 42 frá 1929 eru að vísu ákvæði, sem gera ráð fyrir þessum möguleika og hafa þann tilgang að varðveita sveitarfélög gegn slíkum búsifjum sem þessum. Þar eru síldarbræðslur skyldaðar til að gefa sveitarfélögum kost á síldarmjöli við kostnaðarverði, ef hlutaðeigendur afhendi pantanir sínar fyrir 1. ágúst. En þessi frestur þótti þó of stuttur, og kom því til mála á þingi 1931 að lengja frestinn til 1. sept., án þess að málið yrði útrætt. Samkv. samkomulagi milli hinna innlendu kaupenda og verksmiðjanna hefir þessi frestur þó í rauninni verið miðaður við 1. sept. síðan. En þetta er þó allt í molum og ekkert fyrirkomulag til, sem geri það mögulegt að fá vitneskju um, hve mikil er þörfin á innlendum fóðurbæti að haustinu, þegar fóðurbirgðir eiga að ákveðast.

Ég held nú, að ráða megi bót á þessu á einfaldan hátt. Þegar kemur fram um höfuðdag og sést, hvað verða vill um heyöflun bænda, er hægt fyrir Búnaðarfélagsstj. í Rvík að síma til búnaðarsambanda úti um land og afla sér vitneskju um þetta atriði. Held ég, að auðvelt væri að afla slíkrar fræðslu á 4—6 dögum, alstaðar af Íslandi, er slíkt væri orðið að reglu. Ef þessu væri þann veg fyrir komið, að verksmiðjur gætu átt kost á því um höfuðdag að fá vitneskju um þessa hluti, ætti það síður að geta komið fyrir, að fóðurbætir reyndist ekki til, þegar hans er þörf; birgðirnar fluttar úr landi, er til skal taka heima fyrir, svo sem nú á sér stað.

Till. mín skýrir sig sjálf, og þarf ég ekki mörgum orðum um hana að fara. Búnaðarfél. safnar gögnum hjá búnaðarsamböndunum og kemur þeim í tæka tíð til verksmiðjanna. Slíkt árferði, sem í

sumar var á suðvesturhjaranum, getur komið hér á hverju sumri. Er það því sízt ótímabært að slá nú varnaglann við því, að stórtjón geti hlotizt af vanrækslu, sem enn á sér stað í þessum efnum. En ef handaskolin í þessum málum eru svo mikil, að bændur eigi ekki kost á að afla sér innlends eða neins fóðurbætis, þá er ekkert annað fyrir dyrum en að þeir verði að farga búpeningi sínum umfram það, sem bústofninn þolir, að á hann sé gengið, eða þá að setja hann á guð og gaddinn. Er því augljóst, að betur verður um hnútana að búa.

Þá vil ég aðeins minnast á tvö atriði enn. Það fyrra er nauðsynin á því, að varan sé góð, sem bændum verður úthlutað, og verðlagið sanngjarnt. Hefi ég orðið var við, að síldarmjöl það, sem hér hefir verið notað hin síðari ár, hefir verið misgóð vara, enda þótt segja megi, að það hafi yfirleitt reynzt sæmilega. Síldarbræðslurnar munu freistast til að senda heldur til útlanda þá vöru, sem bezt er, en reyna heldur að svæla í landann því, sem lakara er. Hefir hér stundum verið seld þrá og of sölt síld með svo sem helming fóðurgildis á við fullgilda vöru, og seld fullu verði. Væri það ekki orð í ótíma talað, að Búnaðarfélagsstj. væri hvött til þess, um leið og hún tæki þetta mál til meðferðar, að sjá svo um, að menn þyrftu ekki að kaupa köttinn í sekknum, en borguðu vöruna í samræmi við gæði hennar.

Hitt atriðið er það, að ef þessar pantanir verða samfelldar og formlegar, þá kemur til greina verðlagið með tilliti til flutningsins. Þar sem nú ríkið ræður miklu um alla flutninga með ströndum fram, væri því innanhandar, þegar illa lætur í ári, að gefa bændum kost á ódýrum flutningi með skipum þeim, sem landið á hvort sem er yfir að ráða.

Af hugulsemi við hv. d. læt ég hér máli mínu lokið, í von um það, að hún sjái sér fært að samþ. till. mína.

Magnús Jónsson: Ég efast ekki um góðan tilgang þessarar till., og getur það vel verið, að hún sé réttmæt. Ég hefi því miður ekki þá þekkingu á málinu, að ég geti tekið ákveðna afstöðu til þess að svo stöddu.

Í till. er gert ráð fyrir, að þegar tíðarfar veldur því, að fyrirsjáanlegt er, að heyafli muni verða of lítill, þá geri stj. ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að of mikið verði flutt út af síldarmjöli, svo að ekki verði skortur á því í landinu. Ég veit nú ekki, hvort þetta er hægt án þess að gera meiri eða minni usla í síldarbræðslunni. Ég heyrði, að flm. talaði um pantanir í þessu sambandi. En í till. er ekki gert ráð fyrir neinum slíkum pöntunum. Hv. flm. gerir ráð fyrir, að Búnaðarfél. safni skýrslum um það, hversu mikils fóðurbætis sé þörf, en að pantanirnar komi svo á eftir. Ég veit ekki nema hægt sé að gera síldarbræðslunum svo mikinn skaða með þessu, að varhugavert sé. Það má vera, að hægt sé að framkvæma þetta án þess að gera fyrirtækjunum skaða, en ég þori þó ekki að fela stj. málið athugunarlaust. Hefði legið nær að vísa þessu máli til sjútvn. eða landbn., en til þess mun þó tæplega vera tími, svo nálægt sem komið er þingslitum.

Flm. (Eiríkur Einarsson): Ég vona, að mér takist að gera hv. 3. þm. Reykv. grein fyrir málinu eins og það liggur fyrir, og vil ég þá, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp 5. gr. l. frá 1929 um rekstur verksmiðju til bræðslu síldar:

„Síldarbræðslunni skal skylt að selja við kostnaðarverði samvinnufélögum, bæjarfélögum, hreppsfélögum og búnaðarfélögum það af síldarmjöli, sem slík félög hafa pantað hjá síldarbræðslunni fyrir 1. ágúst ár hvert og síldarbræðslan getur látið af höndum. Skulu félögin skyld að hafa leyst út pantanir sínar í síðasta lagi 15. okt. það ár, sem þær eru gerðar. Félögin mega aðeins láta síldarmjölið af hendi til notkunar innanlands. Brot á þessu varða sektum, frá 500—5000 kr."

Hér er skylda lögð á verksmiðjur að selja síldarmjöl við kostnaðarverði til notkunar innanlands, ef með þarf. Með þetta ákvæði fyrir augum samdi ég till. mína. Þessi l. eru enn í gildi. — Í trausti þess, að hv. 3. þm. Reykv. taki þetta til greina og sjái sanngirni og réttmæti till., þykir mér ekki þörf frekari greinargerðar og læt máli mínu lokið.

Magnús Jónsson: Mér var kunnugt um þetta ákvæði, en ég sé ekki, að það sé í samræmi við till. Í l. segir, að verksmiðjunni sé skylt að láta af hendi það síldarmjöl, sem pantað hafi verið fyrir 1. ágúst, en í till. er ekki um það að ræða að fullnægja pöntunum, heldur er þar sagt, að þegar svo ber undir, skuli stj. sjá um, að ekki verði selt út úr landinu of mikið af þessari vöru. Í l. er átt við eðlilega og stöðuga þörf, sem er á fóðurbæti, en í till. er um að ræða sérstakar ráðstafanir, sem menn hafa hugboð um, að gera þurfi. Verður þess þá minni kostur að tryggja það, að verksmiðjurnar hljóti ekki skaða af. Má vera, að hægt sé að framkvæma þetta, en mér finnst það allt of undirbúningslaust, og vil ég, að málið sé betur athugað, áður en lengra sé farið.

Flm.: (Eiríkur Einarsson): Ég held, að þegar tekin eru saman lagaákvæði þau, sem vitnað hefir verið til, og orðalag till., þá sé ekki vandi að fela Búnaðarfélagsstj. þetta. Það er lögfest, að svona pantanir eigi sér stað, og í till. segir, að í árferði, þegar óhjákvæmilegt sé að tryggja bústofninn, skuli í tæka tíð gera ráðstafanir, sem tryggi, að bætt verði úr þeirri þörf, sem þá kann að verða á fóðurbæti. Það, sem vakti fyrir mér, var það, að þegar þörfin er brýnust, þá nái það engri átt að láta hjá líða að tryggja þetta. Ef ganga þarf nærri einhverjum síldarverksmiðjum með þessum ráðstöfunum, þá er stj. skyld að setja bráðabirgðalög til þess að bæta þeim upp þann óhagnað, sem þær kunna að verða fyrir.

Verksmiðjurnar hafa stundum selt bændum síldarmjöl fyrir sama verð og það er selt til útlanda, enda þótt það hafi oft verið lakari vara. Hér er talað um, að þær skuli selja fóðurbætinn við kostnaðarverði, og þau hin sömu eru fyrmæli laganna. Hér er ekki verið að ganga á rétt verksmiðjanna, og þær munu ekki fara halloka í þessum viðskiptum. Hér er aðeins verið að tryggja rétt bænda. Er það og skylda stj. að gera allt, sem í hennar valdi stendur, til þessa. Til þess var ákvæðið sett í lögin frá 1929, og því til áréttingar er þessi till. flutt.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 7 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. afgr. sem ályktun efri deildar Alþingis (A. 336).

17. Dýrtíðaruppbót.

Á 19. fundi í Nd., 25. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um dýrtíðaruppbót á laun embættis- og starfsmanna ríkisins (A. 163).

Á 20. fundi í Nd., 27. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 21. fundi í Nd., 28. nóv., var till. tekin til fyrri umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 15:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 15 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., 29. nóv., var till. tekin til síðari umr.

Jón Pálmason [óyfirl.]: Það stóðu svo sakir, að ég var ekki viðstaddur, þegar þetta mál var hér síðast til umr. Ég bjóst ekki við, að það yrði afgr. þá. En slíkt gerir þó í sjálfu sér ekki til, þar sem þessi umr. er eftir.

Ég tók það fram í sambandi við annað mál, sem hér var til meðferðar fyrir nokkru, að þessi till. skyldi ekki fara alveg umræðulaust út úr þessari deild. Ég lít svo á og veit, að það er álit margra manna, að það sé alveg óviðeigandi að halda dýrtíðaruppbót áfram eins og nú er ástatt um hag mikils hluta þjóðarinnar. Þetta er að vísu fjölþætt mál, og mætti um það segja mörg orð. En ég mun þó eigi fara langt út í það né verða orðmargur að sinni, fyrr en þá að mér gefst ástæða til vegna andmæla. Ég vil þó minna á, að ástand atvinnuveganna, sér-

staklega framleiðendanna, hefir verið svo undanfarin ár, að sífelldur rekstrarhalli hefir orðið á atvinnurekstrinum, og stefnir enn lengra niður á við. Hagur fjölmargra þeirra, er landbúnað stunda, stendur nú svo illa, að taka hefir orðið það ráð að auglýsa þá sem hálfgerða vanskilamenn. Hafa þeir orðið að sætta sig við þetta, til þess að fá bjargað sinni brýnustu þörf um að rétta framleiðsluna. Þegar svo er ástatt, er varla rétt að veita dýrtíðaruppbót til þeirra, sem sitja í þeim stöðum, sem eru mjög eftirsóttar og flestir vilja komast í. Það er að vísu satt, að mikið misrétti felst í launakjörum embættis- og starfsmanna eins og þau eru nú orðin. En það er ekki því að kenna, að launin séu yfirleitt of lág, heldur er það vegna þeirrar stefnu, er upp hefir verið tekin um launagreiðslur við þau störf, sem stofnuð hafa verið nú á síðustu árum. — Ég fæ spurningu um það frá hæstv. forseta, hvort ég vilji ekki fresta ræðu minni. Ég get fallizt á það, þar sem fundartími er liðinn, en ég hefi ýmislegt fleira um þetta að segja. [Frh.].

Umr. frestað.

Á 23. og 24. fundi í Nd., 30. nóv. og 2. des., var till. tekin til frh. síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Nd., 4. des., var fram haldið síðari umr. um till.

Jón Pálmason [framh.]: Það eru liðnir 4 eða 5 dagar síðan mál þetta var síðast á dagskrá. Stóð þá þannig á þegar fundi var slitið, að ég endaði í miðri ræðu. Verð ég því að biðja afsökunar á því, þó að ekki verði fullt samræmi á milli þessa hluta ræðunnar, sem ég flyt nú, og þess hlutans, sem ég flutti fyrir nokkrum dögum.

Ég hefi skilið það svo, að það, sem fyrir þeim hv. þm. vakir, er framlengja vilja dýrtíðaruppbótina óbreytta, sé aðallega tvennt. Fyrst og fremst það, að laun ýmissa starfsmanna ríkisins, sem standa fyrir utan launalögin, séu of há, og í öðru lagi, að laun ýmissa embættismanna ríkisins séu svo lág, að hlutaðeigandi embættismenn geti ekki lifað af þeim. Það er vitanlega rétt, að laun ýmissa starfsmanna, sem fengið hafa störf nú hin síðari ár og ekki heyra undir launalögin, eru of há. En þess ber þá jafnframt að gæta, að þau eru ákveðin af stjórn, sem ég tel, að hafi starfað öðruvísi en stjórnir eigi að starfa, og sé því ekki um annað að ræða en að lækka þau til samræmis við önnur hliðstæð laun. Hina ástæðuna, að embættismenn geti ekki lifað á launum sínum án þess að fá að halda dýrtíðaruppbótinni óbreyttri, er rétt að athuga dálítið nánar. Það er þá fyrst, að það eitt, hvað menn þurfa til þess að lifa af, á ekki saman nema að nafninu til. Mismunurinn á því, hve dýrt er að lifa á hinum ýmsu stöðum landsins, er mikill, svo mikill, að þar á milli er mikið djúp staðfest. Hæstv. forsrh. hélt því fram um daginn, að laun ýmissa embættismanna ríkisins væru svo lág, að væri dýrtíðaruppbótin tekin af þeim, þá myndu þeir hreint og beint kveljast. Þessu á ég bágt með að trúa, og byggi ég það á því, að það er alkunna, að hvenær sem eitthvert launað starf losnar, hvort heldur sem það er í kaupstað eða kauptúni, þá drífa að umsóknir um það úr öllum áttum. Þetta bendir til þess, að fólk vilji komast inn í launastéttina, en það myndi ekki sækja það svona fast, ef það teldi sig eiga von á að kvelja bæði sig og sína. Þegar ákveðin eru laun manna, þá teldi ég sanngjarnt að athuga ástæður þeirra. Það getur verið um tvo menn að ræða, sem eigi rétt til sömu launa, en munurinn aðeins sá, að annar sé einhleypur, en hinn fjölskyldumaður. Hér mætti gera nokkurn mismun á. Það mætti ákveða fjölskyldumanninum nokkuð hærri laun, með tilliti til ómagafjölda hans. Annars er það svo, að laun starfsmanna ríkisins þarf að miða við laun þeirra, sem framleiða.

Skal ég svo ekki hafa þessi orð mín fleiri að þessu sinni, því að ég býst líka við, að mér gefist tækifæri til þess síðar að ganga frekar inn á þann ágreining, sem um mál þetta er.

Jakob Möller: Eins og tekið er fram í grg. till. þessarar, er hún flutt af meiri hl. fjhn. samkv. tilmælum hæstv. fjmrh., og hefir nefndarhlutinn ekki kosið neinn

sérstakan frsm. af sinni hálfu. Það, sem sérstaklega kom mér til þess að standa upp, var ræða hv. þm. A.-Húnv. Mér þótti kenna þar svo mikils misskilnings, að ekki mætti ómótmælt standa. Hann sagði, hv. þm., að það væri um tvennt að ræða, sem lægi til grundvallar fyrir þessari þáltill.; fyrst og fremst það, hversu há laun menn hefðu fengið við ýmsa starfa, sem stofnaðir hefðu verið á síðari árum utan launalaga, og í öðru lagi, hversu lág laun sumra starfsmanna ríkissjóðs væru. Undirstöðuna undir launum manna kvað hann eiga að vera kjör þeirra, sem framleiddu. Hér ber það fyrst að athuga, að atvinnurekstur manna er mjög misjafn. Stundum gefur hann góðan arð, en stundum lítinn. Aftur á móti þurfa laun manna að vera sem jöfnust. Væri miðað við kjör framleiðendanna, yrðu að vera sveiflur á launakjörunum, þannig, að þau hækkuðu í góðu árferði, en lækkuðu í illu. En þetta hefir nú engum komið til hugar að framkvæma. Annars er það svo, að þáltill. þessi er ekki borin fram í því skyni að samræma laun embættismanna við launakjör starfsmanna hinna nýju ríkisstofnana, heldur er hún í beinu áframhaldi af því, að launalögin, sem sett voru 1919, voru ekki talin byggð á normölu verðlagi, og því samhliða ákveðin dýrtíðaruppbót til þess að samræma þau við þáverandi verðlag á nauðsynjum manna. Uppbót þessi var reiknuð eftir verðlagi á ýmsum innlendum og útlendum nauðsynjavörum, til þess einmitt, að hún væri í sem mestu samræmi við verð framleiðsiunnar á hverjum tíma. Að uppbót þessi er ekki komin lengra niður en í 15⅓%, eins og hún er í ár, eða jafnvel eins og hún er talin verða næsta ár, 14⅔%, stafar af því, að svo mjög hefir verið haldið uppi verðlagi hinna innlendu framleiðsluvara, til hagsbóta framleiðendunum. Það er því harla ósanngjarnt að vilja lækka dýrtíðaruppbót þessa nú, þar sem vitanlegt er, að innlendum vörum hér er haldið í hærra verði en eðlilegur markaður heimilar.

Jón Pálmason [óyfirl.]: Ég skal með örfáum orðum svara hv. 1. þm. Reykv. Það voru að vísu ekki mörg atriði í ræðu hans, sem ég þarf að athuga. Hv. þm. vildi halda því fram, að ekki gæti komið til mála, að launakjör embættismanna og framleiðenda væru svipuð. Hann tók það að vísu réttilega fram, að kjör framleiðendanna væru misjöfn, en laun starfsmanna ríkisins þyrftu að vera jöfn. Nú er það kunnugt mál, að framleiðendur hér á landi hafa aldrei átt við verri kjör að búa en nú á hinum síðustu árum. En það eru framleiðendurnir og engir aðrir, sem eiga að borga brúsann. Þeir þurfa að halda uppi hinni fjölmennu launastétt í landinu. Þess vegna er sjálfsagt að miða kjör launastéttarinnar að meira eða minna leyti við kjör framleiðendanna á hverjum tíma, en á kjörum þessara tveggja stétta er geysilegur munur eins og nú standa sakir. Þess vegna tel ég það ekki sæmilegt, að þing það, er nú situr, sem að sjálfsögðu á að hafa auga yfir þjóðlífinu í heild, samþ. nokkra hækkun á launum á hvaða sviði sem er. Af þessari ástæðu eingöngu greiði ég atkv. á móti þeirri till., sem hér liggur fyrir. Eins og hv. 1. þm. Reykv. tók fram, voru lögin um dýrtíðaruppbótina samþ. á þinginu 1919 og eiga að gilda til ársloka 1923. Það er þess vegna á valdi þessa þings að ákveða, hvort dýrtíðaruppbótin á að gilda lengur en lögin mæla fyrir.

Hv. 1. þm. Reykv. hélt því fram, að dýrtíðaruppbótin væri nú ekki orðin lægri en hún er m. a. fyrir það, að verð á landbúnaðarafurðum á innlendum markaði væri óeðlilega hátt. Ég skal ekki fara langt út í þetta mál, en ég held þó, að verði á þeim vörum sé alls ekki haldið óeðlilega háu; a. m. k. er hagur framleiðenda til sveita svo slæmur, að hann er ekki sambærilegur við kjör launastéttarinnar í landinu, og þó miðað sé við hag bænda á þessu ári, sem mun vera eitthvað betri en á síðasta ári, þá er þó aðstaðan sú, að kjör þeirra eru miklu verri en allra þeirra, sem taka laun sín í peningum. Þess vegna get ég ekki sem fulltrúi framleiðenda greitt atkv. með nokkurri þeirri till., sem gengur í þá átt að auka þetta ósamræmi.

Ég vænti, að það sé hv. þdm. ljóst, að það hefir verið svo hin síðari ár bæði til sjávar og sveita, að allir þeir, sem nokkur ráð hafa haft, hafa kappkostað að búa börn sín undir það að geta komizt í

launaðar stöður. Þetta sýnir, að almenningsálitið telur þar álitlegasta framtíðarmöguleika og að þar sé bezt og öruggast að vera. Annars þýðir líklega ekki mikið að þrefa um þessa till., hv. þdm. munu sennilega þegar hafa ráðið afstöðu sína til hennar. Hinsvegar vildi ég ekki láta hana fara út úr d. án þess að gera grein fyrir afstöðu minni til hennar.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég skal ekki fara langt út í þetta mál. Það var ýmislegt í ræðu hv. þm. A.-Húnv., sem getur verið til leiðbeiningar fyrir þá, sem eiga að undirbúa launamálið fyrir næsta þing. Hv. þm. minntist á það, að ákvæðin um dýrtíðaruppbót til embættismanna og starfsmanna ríkisins hefðu verið sett 1919. Þau eru þá búin að gilda í 14 ár. En hvers vegna hafa þessi ákvæði staðið svona lengi óbreytt? Vitanlega fyrir það, að sanngjarnt hefir þótt að framlengja þau ár frá ári. Þegar nú er að því komið, að endurskoðuð verði launalög og launasamningar og nýjar tillögur um skipun þeirra mála verða lagðar fyrir nýkosið Alþingi á næsta ári, þá er það hrein fjarstæða að breyta nú nokkrum launagreiðslum fyrir fáa mánuði. Hv. þm. segist ekki vera með launahækkun á neinu sviði. Þess þarf hann heldur ekki til að geta greitt atkv. með þessari till. Till. ræðir ekki um launahækkun, heldur það eitt, að dýrtíðaruppbótin verði hin sama á næsta ári eins og yfirstandandi ár. Þessi dýrtíðaruppbót er ekkert há, hún er ekki nema 14% á laun þeirra, sem hafa yfir 3 þús. kr. stofnlaun, en það var sú tíðin, að hún komst upp í 140%. Á þessu sést bezt, að launin hafa lækkað, — og hvers vegna hafa þau lækkað? Vegna þess, að vöruverð hefir lækkað vegna þess að bændur og aðrir framleiðendur hafa fengið minna og minna fyrir afurðir sínar og starf. Þegar því hv. þm. heldur því fram, að það eigi að vera fast samband á milli launa þeirra manna, sem starfa í þágu hins opinbera, og afkomu framleiðenda, þá er hann að krefjast hins sama fyrirkomulags, sem einmitt fyrirmælin um dýrtíðaruppbótina tryggja. Það er vart hægt að fárast um 14% dýrtíðaruppbót, þegar litið er til þess, að framfærslukostnaður er nú a. m. k. 100% hærri en árið 1914.

Þetta er svo lítil uppbót, að það er ekki hægt að telja hana eftir, og raunar eru engin laun samkv. launalögunum svo há, að hægt sé að segja, að dýrtíðaruppbót á þau sé óþörf. Ég get fallizt á ýmislegt, sem hv. þm. A.-Húnv. sagði um þetta mál, en aðeins sem leiðbeiningu fyrir væntanlega launanefnd. Og það er einmitt dýrtíðaruppbótin, sem felur í sér samræmingu á kjörum starfsmanna ríkisins og framleiðenda. Því getur hann sízt amazt við henni.

Í öðru lagi get ég verið hv. þm. sammála um, að æskilegt væri að hafa launagreiðslur mismunandi háar, eftir því, hvort í hlut ættu einhleypir menn eða fjölskyldumenn. En það er sá galli á, að erfitt er fyrir ríkið eitt að gera slíkan mun á starfsmönnum sínum. Ég hygg, að réttast muni vera að koma slíku fyrir með allsherjarreglum, sem giltu fyrir alla starfsmenn í landinu, og ekki einasta þá, sem eru beinir starfsmenn ríkisins. Til þessa eru opnar leiðir, ef menn vilja fara þær, og verður það viðfangsefni næsta kjörtímabils. En um þá till., sem hér liggur fyrir, veit ég, að hv. Alþingi gerir sig ekki sekt í því að lækka laun þess fólks, sem háð er launalögum, um nokkra mánuði, þar sem launalagaendurskoðun stendur fyrir dyrum. Það er óhrekjanlegt, sem ég hefi sagt, að slíkt getur orðið óbærilegt ýmsum láglaunamönnum ríkisins.

Þá vil ég benda hv. þm. A.-Húnv. á það, þegar hann ræðir um lágt verð á landbúnaðarafurðum innanlands, að öruggasta ráðið til þess, að það geti hækkað almennt svo um munar, er einmitt að auka kaupgetu neytendanna. Landbúnaðinum vegnar ekki vel, nema það fólk, sem tekur laun í peningum, svo sem kennarar, póstmenn, símaþjónar og almennir verkamenn, geti stundum keypt smjör og kjöt til að borða, og það er vitanlega komið undir launum þessa fólks, hvort það getur veitt sér þessi gæði. Það er nú orðið viðurkennt meðal allra þjóða, að fyrir því þurfi að sjá í framtíðinni, að kaupgetan svari til framleiðslunnar. Höfuðatriðið um verndun innlends markaðar fyrir innlendar vörur er að auka kaup-

getu almennings, svo að hann geti keypt þær nauðsynjar, sem framleiddar eru í landinu sjálfu. Þetta sýnir, að við höfum ekki bezt af því að koma launagreiðslum sem allra lægst og eyðileggja með því hinn innlenda markað, svo hann fari sömu leið og hinn erlendi markaður, sem mikil hætta er nú búin. Till. þessi verður og hlýtur að hafa fylgi hv. þdm.

Finnur Jónsson: Þessi þáltill. er sama efnis og frv., sem við Alþýðuflokksmenn fluttum í byrjun þessa þings, en mun vera tekið aftur vegna þessarar till. Við Alþfl.menn munum þess vegna greiða till. atkv. og vonum, að hún nái samþykki Alþingis. Hv. þm. A.-Húnv. hefir lagt fast á móti þessari till. og hefir mótmælt henni sem fulltrúi hinna vinnandi stétta í landinu. Ég veit ekki, fyrir hve mikinn hluta af vinnandi stéttum landsins hann er fulltrúi, en trúað gæti ég, að sá hluti væri ekki stór. Ég mæli með þessari till. Við fulltrúar verkamanna og verkamenn viljum ekki, að ríkissjóður svelti sína starfsmenn svo, að hv. Alþingi þurfi að útbúa handa þeim sérstaka kreppuhjálp. Hæstv. forsrh. talaði um það, að tryggasta ráðið til þess að útvega innlendan markað fyrir landbúnaðarvörur væri að launa sæmilega starfsmenn ríkisins, en þetta á líka við um verkamenn. Því betra kaup sem þeir hafa, því meira kaupa þeir áreiðanlega af bændum af nauðsynjavörum. Þetta er sameiginlegt hagsmunamál verkamanna og bænda, þeirra stétta, sem ýmsir flokkar hafa gert sér að leik að reyna að etja saman sem óvinum.

Það er vitanlegt, að ýmsir starfsmenn ríkissjóðsins hafa að viðbættri dýrtíðaruppbót ekki nema tæpar 200 kr. á mánuði, og það vita allir, að það er ekki lífvænlegt svo að segja í nokkrum kaupstað á landinu fyrir fjölskyldumann með þessar tekjur. Það gerir ekki betur en það hrökkvi einhleypum manni til að lifa af, og ýmsum af þessum mönnum er trúað fyrir miklum peningum, eins og t. d. póstmönnum. Það er vitanlega ekkert vit í því að hafa laun þessara manna svo lág, að þeir ekki geti dregið fram lífið. Getur ríkissjóður verið þekktur fyrir það? Nei. Mér skilst hv. þm. A.-Húnv. ekkert tillit vilja taka til þess, hvað fólkið þarf að hafa til að geta lifað. Hann segir, að það sé rekstrarhalli á framleiðslunni, og þess vegna verður að heimta, að starfsmenn ríkisins lifi á loftinu. Það er svo dýrt að lifa í kaupstöðum landsins, að sá fjölskyldumaður, sem hefir innan við 200 kr. á mánuði, hefir engan tekjuafgang af starfi sínu; hann hefir ekki einu sinni nóg fyrir sæmilegu framfæri sínu og sinna. Og þá vil ég spyrja hv. þm. A.-Húnv., ef till. verður felld, — hvað á að gera við þá menn, sem hafa svo lítil laun, að þeir geta ekki lifað af þeim? Á að senda þá á sveit sína, eða hvað verður við þá gert?

Jón Pálmason [óyfirl.]: Það eru nokkur atriði í ræðum tveggja síðustu ræðumanna, sem ég vildi gera stuttar aths. við, og vænti ég, að hæstv. forseti sýni mér nokkra þolinmæði. Hæstv. forsrh. hélt því fram, að það væri alls ekki verið að fara fram á hækkun launa með þessari þáltill. Það er rétt út frá því sjónarmiði, að aðeins sé litið til launanna eins og þau hafa verið. En ég vil ekki, að Alþingi afgr. till. um hækkun eða uppbót á neinum launum, sem nú eru lög til um, og í lok þessa árs eru lögin um dýrtíðaruppbótina fallin úr gildi. Till. er um dýrtíðaruppbót á laun embættis- og starfsmanna ríkisins á næsta ári; það er því um að ræða till. um hækkun á launum. Hæstv. ráðh. gekk inn á það, sem ég hélt fram, að framleiðendurnir í landinu hefðu of lítið fyrir sína framleiðslu, en hann hélt jafnframt fram þeirri kenningu, sem ég tel, að sé nokkuð hæpin, að launin þyrftu að vera há, til þess að þeir, sem þau fá, gætu keypt landbúnaðarvörur. Það er að vísu gott, að fjárhagur þessara manna sé góður, en ef það á að byggjast á því, að ríkissjóður eigi með almannafé að hækka laun í þessum tilgangi, þá er það stefna, sem ég get ekki samþ. Hv. þm. Ísaf. lýsti því yfir sem fulltrúi verkalýðsins, að hann vildi samþ. till. Það er vitanlegt, að verkamenn vilja spenna allt kaupgjald sem hæst. Ég get ekki fallizt á, að það sé rétt stefna. Það er því aðeins heillavænleg stefna, að framleiðslan þoli þetta háa kaup. En þolir framleiðslan hátt kaupgjald nú? Og ef hún þolir það ekki, þá

hrynur byggingin, framleiðslan sligast. Og það er einmitt það, sem jafnaðarmenn grunar að verði, og í þá átt hnígur öll þeirra stefna í þjóðfélagsmálum, að hin sjálfstæða framleiðsla hrynji. Það er það, sem þeir óska eftir. Hv. þm. talaði um, að laun sumra starfsmanna ríkisins væru svo lág, að þeir þyrftu að lifa á lofti. Hann sagði, að ýmsir þeirra hefðu svo lág laun, að þau væru ekki 200 kr. á mánuði, en ég vil spyrja: Hvaða laun hafa þeir, sem sjálfstæða framleiðslu stunda? Þeir hafa ekki 200 kr., ekki einu sinni 100 kr. á mánuði, heldur miklu lægra. En þegar svo þessi stétt manna á þar á ofan að fara að greiða uppbót á óeðlilega há laun opinberra starfsmanna, samanborið við afkomu almennings, þá er málum þessum stefnt út í öfgar.

Hv. þm. var að spyrja um það, hvað ætti að gera við opinbera starfsmenn, sem ekki gætu lifað á launum sínum, en ég vil spyrja hann aftur á móti: Hvernig stendur á því, að slíkur fjöldi manna sækir um hvert einasta opinbert starf, sem losnar í bæjum eða sveitum, og hvað verður um alla þá, sem ekki fá þessi störf? Ég þekki ekkert einasta launað starf í landinu, sem ekki er þetta kapphlaup um, og það mun vera almenningsálit, að sá, sem slíkt starf hreppir, sé kominn á þá hina grænu grein. Ég álít, að þetta sýni ljóslega gæðahlutfallið milli hinna launuðu starfa og kjara framleiðenda. — Hæstv. forseti gefur mér nú merki um að hætta, en ég vænti þess, að það komi fram við þessa atkvgr., hverjir vilja samþ. þessa till. og hverjir ekki, og þess vegna vil ég leyfa mér að óska nafnakalls um hana.

Finnur Jónsson: Hv. þm. A.-Húnv. sagði, að framleiðendur hefðu ekki 100 kr. kaup á mánuði. Einmitt þess vegna hefir þingið orðið að semja og setja kreppulöggjöfina. En vill hv. þm., að Alþingi þurfi líka að setja kreppulöggjöf fyrir opinbera starfsmenn sína? Hann spyr um það, hvers vegna fjöldi manna sæki um opinberar stöður. Ég svara honum með því að benda honum á, að atvinnuleysi ríkir í landinu. Ég vænti, að það sé honum kunnugt og að hann þurfi ekki frekara svar.

ATKVGR.

Till. samþ. með 17:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: ÞorlJ, ÁÁ, BSt, EystJ, FJ, GSv, GÍ, HStef, HG, HV, JakM, JJós, PHalld, TT, TrÞ, VJ, JörB.

nei: ÞÞ, HJ, IngB, JP, JS, PO.

Fimm þm. (BJ, BÁ, JÓl, MG, ÓTh) fjarstaddir.

Till. afgr. til Ed.

Á 25. fundi í Ed., s. d., var till. útbýtt eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 163).

Á 26. fundi í Ed., 5. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Á 27. fundi í Ed., 6. des., var till. tekin til fyrri umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 10:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 8:4 atkv.

Á 28. fundi í Ed., 7. des., var till. tekin til síðari umr. (A. 163, n. 325, 341).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 341. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Þorláksson): Ég get staðfest það, að fjhn. mælir með till. sinni á þskj. 325 um að þál. verði samþ. En þessa brtt. á þskj. 341 er ég nú fyrst að sjá, svo að n. hefir ekki haft tækifæri til að taka afstöðu til hennar. Annars felst það í till. n., að hún ætlast til, að dýrtíðaruppbótin verði greidd að öllu leyti eftir sömu reglu og gert var á síðastl. ári. Og þar sem mér skilst, að brtt. á þskj. 341 víki að einhverju leyti frá því, þá hygg ég, að hún hafi ekki stuðning n.

Ingvar Pálmason [óyfirl.]: Ég hefi leyft mér að flytja brtt. á þskj. 341, sem felur það í sér, að heimildin til greiðslu dýrtíðaruppbótar árið 1934 nái aðeins til þeirra embættis- og starfsmanna ríkisins,

sem ekki hafa yfir 3500 kr. föst laun. Ég sé ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um till. Hún er í fullu samræmi við þær till., sem ég hefi áður flutt í þessu máli, þing eftir þing. Ég hefi ekki skipt um skoðun, þó ég viðurkenni fyllilega, að þeir af starfsmönnum þess opinbera, sem hafa lægri laun, eigi rétt á launajafnaði í samanburði við hin hærri laun. En ég tel með öllu óþarft að veita uppbót á hærri launin. Annars hefir þetta mál verið svo þaulrætt þing eftir þing, að ég hygg, að ekki verði um villzt, hvað við er átt, enda eru ákvæði brtt. nægilega skýr.

Frsm. (Jón Þorláksson): Ég vil aðeins taka það fram út af því, sem hv. 2. þm. S.-M. sagði, að hann teldi ekki ástæðu til, að greidd yrði uppbót á hærri laun en 3500 kr., að dýrtíðaruppbótin er nú útreiknuð þannig, að hún er í rauninni ekki greidd á hærri launaupphæð en 3000 kr.

ATKVGR.

Brtt. 341 felld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PHerm, BKr. IP, JónJ, JónasJ, E-Árna.

nei: PM, BSn, EE, GL, JBald, JónÞ, KS, MJ.

Till. samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSn, EE, GL, JBald,[1]) JónÞ, KS, MJ, PM.

nei: BKr, IP, JónJ, JónasJ,[2]) PHerm. E-Árna.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (A. 349).

1) **JBald:** Mér skilst, að hæstv. fjmrh. Framsfl. óski fastlega eftir, að þessi þáltill. verði samþ., og vil ég gera það fyrir hæstv. stj. að fylgja henni, og segi því já.

JónasJ.: Út af skýringu hv. sessunautar míns, 2. landsk., vil ég geta þess, að mér skilst, að nú sé ekki um flokksstjórn að ræða, og býst ég við, að hæstv. forsrh. styðjist við eitthvað annað. Þess vegna ber Framsfl. enga ábyrgð á þessari þál. **(JBald:** Er þetta yfirlýsing frá Framsfl.?).

2) **JónasJ:** Ef brtt. hv. 2. þm. S.-M. hefði náð fram að ganga, þá hefði ég að sjálfsögðu greitt atkv. með þáltill., en þar sem hún er fallin, þá greiði ég atkv. á móti till.

18. Launauppbót talsímakvenna o. fl.

Á 19. fundi í Nd., 25. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um launauppbót talsímakvenna o. fl. (A. 164).

Á 20. fundi í Nd., 27. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 21. fundi í Nd., 28. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Þáltill. á þskj. 164, sem ég flyt ásamt nokkrum öðrum þm., er fram komin til þess að bætt verði úr því misrétti, sem nú viðgengst um launakjör starfsmanna símans, og til þess að að nokkru verði réttur hlutur þeirra, sem nú verða harðast úti. Það liggur fyrir erindi frá þeim starfsmönnum, sem hér um ræðir, og er þar sýnt fram á, að hámarkslaun þeirra eru aðeins 1800 kr. Umsókninni fylgja meðmæli landssímastjóra og ritsímastjórans í R-vík. Hér er vitanlega aðeins um bráðabirgðaráðstöfun að ræða, en slíkar ráðstafanir hafa þó áður verið gerðar fyrir aðra starfsmenn símans, nefnilega símritara og varðstjóra, og höfðu þeir þó betri laun en það starfsfólk, sem hér um ræðir. Þessi launauppbót kæmi til með að ná til 50 manna á öllu landinu, og eru það aðallega starfsmenn við svo kallaða langlínuafgreiðslu. Þar af eru 29, sem hafa nú yfir 6 ára þjónustualdur, og 21, sem hafa yfir 8 ára þjónustualdur. Til þess er ætlazt, að uppbótin sé veitt eftir þjónustualdri, og mundi hún nema um 8000 kr. fyrir allt þetta fólk. Ég þykist þess vís, að hv. dm. líti vinsamlega á þetta mál, og óska þess, að því verði vísað til hv. fjhn. að lokinni umr.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Ég vil geta þess, að samskonar beiðni og nú er komin hér fram hefir komið til mín, og sá ég mér ekki fært að verða við henni, þar sem laun þessa starfsfólks eru lögákveðin. Það er erfitt fyrir stj. að víkja

frá launal. upp á sitt eindæmi, því að hætt er við, að þá yrði ákaft sótt á hana um launahækkanir. En ég vil taka það fram, að þótt ég þættist neyddur til þess að neita þessari beiðni meðan engin heimild lá fyrir frá Alþingi um það, þá er ég því hlynntur, að þessi uppbót verði veitt. Laun þessa starfsfólks eru svo lág, að varla er við þau unandi. Ég vil geta þess, að fleiri starfsmenn hafa farið fram á svona uppbót, og mun ég senda n. þeirri, sem fær þetta mál til meðferðar, erindi frá öðrum flokki símamanna, og er það skylt efni.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 4. des., var till. tekin til síðari umr. (A. 164, n. 257, 273).

Frsm. (Hannes Jónsson) [óyfirl.]: Hér kemur nú eitt launahækkunarmálið enn, sem fjhn. mælir með, að verði samþ. Laun þessa starfsfólks hafa frá byrjun verið mjög lág. Var í fyrstu svo ákveðið með tilliti til þess, að gengið var út frá því, að þessi störf yrðu ekki stunduð af sama fólki nema um stuttan tíma og að þau yrðu ekki föst störf. En eins og menn vita, eru þetta nú orðin föst störf. Af þeim ástæðum var farið að hækka laun fyrir þau tiltölulega fljótt. Árið 1926 voru hækkuð laun hjá einum flokki þessa starfsfólks, símriturum. Hjá þeim eru hámarkslaun 2800 kr. Þeir fengu þá uppbót, kr. 150 á 4 síðustu aldursviðbæturnar, samtals kr. 600 með verðstuðulsuppbót.

Annar launaflokkur: Varðstjórar o. fl. Hámarkslaun þeirra eru 2200 kr., uppbót kr. 100 á 3 síðustu aldursviðbæturnar, samtals 300 kr. með verðstuðulsuppbót.

Nú kemur þessi síðasti launaflokkur, sem fer fram á að fá samskonar uppbót á sín laun. Ef fylgt væri sömu hlutföllum um launauppbót handa þessum flokki eins og fylgt hefir verið um hina flokkana, þá ætti þessi launaflokkur að fá 200 kr. uppbót, eða 100 kr. á 2 síðustu aldursviðbæturnar. En nú hefir verið lagt til, af því að hér er um svo lágt launaðan flokk að ræða, að launauppbót sú, sem þessi flokkur fengi, yrði sú sama og hjá varðstjórunum. Það sýnist ekki ástæða til að þrátta um það, hvort tiltaka eigi 200 eða 300 kr. í þessu sambandi. Ég get því lýst því yfir, að n. leggur til, að uppbótin verði 300 kr., eða 100 kr. á hverja af þeim 3 síðustu aldursviðbótunum. Enda eru hámarkslaun þessa launaflokks ekki nema 1800 kr. Með dýrtíðaruppbót, 25%, bætast svo við 450 kr.

Ég hefi verið á móti því á síðustu þingum að framlengja dýrtíðaruppbót, og ég bjóst við, að þessi dýrtíðaruppbót yrði ekki framkvæmd, og fannst mér því meiri ástæða til, að þessi launauppbót kæmi til þessara mjög lágt launuðu starfsmanna ríkisins. Þessir starfsmenn hafa fengið nokkra launauppbót, sem farið var að veita þeim fyrir 2 eða 3 árum, sem er 5 aur. á hvert viðtalsbil, sem hefir orðið kringum 150 kr. fyrir hvern starfsmann. Þessir starfsmenn hafa því nú um 2400 kr., ef gert er ráð fyrir, að dýrtíðaruppbótin, 25%, verði samþ., en annars ekki nema 1950 kr.

Þegar breyt. var gerð á launum starfsfólks símans 1926 og 1929, þá var þessi lægst launaði flokkur þess látinn sitja á hakanum. Og fyrir þær ástæður gat ég fyrir mitt leyti fallizt á þessa breyt., þó að ég sé að öðru leyti á móti því að breyta launalagaákvæðunum án þess að lögin séu í heild tekin til athugunar. Allra sízt er ég með því að breyta launalagaákvæðum á þessu þingi, þegar liggur fyrir að breyta þessum hlutum á næsta þingi. En ég vænti þess samt, að þau rök, sem færð hafa verið fram fyrir réttmæti þessara breyt., verði tekin til greina, þegar þingið virðist fást til að hjálpa öðrum starfsmönnum, sem til muna eru betur settir en aðrir.

Héðinn Valdimarsson: Ég á hér litla brtt. um það, að bæjarpóstunum í Rvík verði greidd sama dýrtíðaruppbót eins og öðrum opinberum starfsmönnum. Laun þeirra voru lækkuð um 15%, eins og ýmissa annara opinberra starfsmanna, en hálfu ári fyrr en annara. Kjör þeirra eru miklu verri en annara starfsmanna

pósthússins; þeir fá ekki kaup fyrir eftirvinnu, sem bætir laun ýmissa starfsmanna þar, né þóknun af frímerkjasölu, og einkennisbúninga hafa þeir ekki fengið eins og t. d. hafnsögumenn Rvíkur. En bæjarpóstar hafa oft ákaflega mikið starf.

Ég hefi borið þetta undir hæstv. fjmrh. og dómsmrh., sem þetta mál heyrir undir, og þeir hafa fyrir sitt leyti samþ. það. Aftur á móti hefi ég ekki getað komið málinu fyrir fund hjá fjhn., en náð í nokkuð af meðlimum hennar, og þeir mundu samþ. till. fyrir sitt leyti; vænti ég því þess, að brtt. þessi nái fram að ganga.

ATKVGR.

Brtt. 273 samþ. með 14:2 atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 18:3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 26. fundi í Ed., 5. des., var till. útbýtt eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 299).

Á sama fundi var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 27. fundi í Ed., 6. des., var till. tekin til fyrri umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 9 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., 7. des., var till. tekin til síðari umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 350).

---

19. Síldarbræðslustöð Útvegsbankans á Önundarfirði.

Á 20. fundi í Nd., 27. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um kaup eða leigu á síldarbræðslustöð Útvegsbanka Íslands á Önundarfirði (A. 168).

Á 21. fundi í Nd., 28. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 22. fundi í Nd., 29. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Frsm. (Bergur Jónsson) [óyfirl.]: Eins og grg. till. ber með sér, er tilefni hennar bréf frá atv.- og samgmrn. 20. nóv., ásamt bréfi frá Útvegsbanka Íslands, þar sem bankinn býður ríkinu síldarbræðsluverksmiðju sína við Önundarfjörð til kaups. Meiri hl. sjútvn. virtist full nauðsyn á, að séð væri um, að þessi verksmiðja yrði rekin á næsta sumri, eins og að undanförnu. En þar sem vitanlegt er, að bankinn, sem er eigandi verksmiðjunnar, telur sér ekki fært að reka hana, telur það ekki geta samrýmzt starfsemi sinni að öðru leyti, og óvíst er, hvort tilboð fást um að reka verksmiðjuna frá öðrum, enda þó svo hafi orðið á undanförnum árum, þá fellst n. á, að nauðsynlegt sé, að ríkið, annaðhvort með því að kaupa verksmiðjuna, ef hagkvæmir skilmálar fást, eða taka hana á leigu, tryggi, að verksmiðjan verði rekin á næsta sumri.

Ég held, að ég þurfi ekki að svo stöddu að hafa langa framsögu um þetta mál. En ég vil benda hv. d. á bréf, sem sjútvn. hefir borizt frá Sjómannafélagi Rvíkur. Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa upp þær ástæður, sem þar eru greindar fyrir þessari till.:

„Út af framkominni tillögu á Alþingi um kaup á síldarbræðslustöð Útvegsbanka Íslands h/f á Önundarfirði vill undirrituð stjórn Sjómannafél. Reykjavíkur eindregið mæla með því, að sú tillaga verði samþ.

Sem aðalástæður fyrir því teljum við:

1) Engin trygging er fyrir því, að verksmiðjan verði rekin af núverandi eiganda, þótt almenningsheill krefjist þess, þar sem stjórn bankans mun líta svo á, að bankinn megi ekki fást við slíkan rekstur.

2) Vafasamt, að einstaklingar vilji starfrækja verksmiðjuna, ef vafasamt útlit er um verð síldarafurða.

3) Á síðastliðnu vori stappaði nærri, að verksmiðjan yrði ekki starfrækt, og svo getur komið fyrir á næstu árum.

4) Nokkrir síldarútvegsmenn ásamt stjórnum sjómannafélaganna hér og í Hafnarfirði fór fram á við ríkisstjórnina síðastliðið vor, að hún leigði verksmiðjuna í því augnamiði, að sem flest skip kæmust til síldveiða. En ríkisstjórnin taldi sig vanta heimild Alþingis til þess, en viðurkenndi nauðsyn þess að öðru leyti.

5) Við teljum það öruggt, ef ríkið rekur verksmiðjuna, að þá verði öllum síldveiðiskipum, stórum sem smáum, heimilaður jafn aðgangur að henni, svo lengi sem hún getur tekið á móti, og þar með útilokað, að nokkur einstaklingur geti haft „monopol“ á henni.

6) Reynslan hefir þegar sýnt, að ein sú bezta hjálp, sem ríkið getur veitt síldarútveginum, er sú, að tryggja síldveiðiskipunum móttöku og verð fyrir veiði sína í síldarverksmiðjur. Vegna almenningsheilla þeirra, er síldveiði stunda, mælum við eindregið með því, að umrædd tillaga verði samþykkt.“

Á þessu sési, að Sjómannafélagið telur hér um fullkomna nauðsyn að ræða og till. algerlega réttmæta.

Ólafur Thors: Ég hefi ekki getað orðið samferða hv. meðnm. mínum í flutningi þessarar till., og það er af því, að afstaða mín í því máli er hin sama og hún hefir verið að undanförnu í slíkum málum, og er hún í samræmi við stefnu míns flokks. Hún er sú, að framlög ríkissjóðs séu miðuð við það, að reyna að bæta úr þeirri þörf síldarútvegsins, sem sagt hefir til sín í sívaxandi mæli, á **nýjum** sölumarkaði fyrir ferska síld til bræðslu. Við sjálfstæðismenn höfum gengið inn á, til að bæta úr þessari þörf, að ríkið leggi fram fé til að stofna og starfrækja nýjar síldarbræðslustöðvar, en viljum hinsvegar ekki, að ríkið taki á sig áhættuna af rekstri eða kaupum þeirra bræðslustöðva, sem fyrir eru í landinu og hingað til hafa verið starfræktar og allar líkur benda til, að áfram verði starfræktar. Af þessum ástæðum hefi ég ekki getað verið samferða hv. meðnm. mínum um flutning þessa máls. Það má að vísu til sanns vegar færa, að ekki sé full trygging fyrir því, að síldarverksmiðjan, sem hér er um að ræða, verði rekin, þó hún komist ekki í hendur ríkisins. En alveg það sama mætti segja um ýms önnur framleiðslutæki, sem þjóðarnauðsyn er, að starfrækt séu. Það er t. d. engin almenn trygging fyrir, að togararnir verði gerðir út á saltfisksveiðar á næstu vertíð, þó almenningi sé nauðsynlegt, að það verði gert. En það hefir ekki komið fyrir enn, að þeir væru ekki starfræktir, og það hefir ekki heldur komið fyrir, að Sólbakkaverksmiðjan væri ekki starfrækt. Það er því ástæðulaust fyrir ríkisvaldið, eins og nú standa sakir, að fara að leggja fram fé til að tryggja þá starfrækslu, sem ætla má, að sé trygg. Ég hygg, að Útvegsbankinn sjái sér ekki fært annað en reka verksmiðjuna sjálfur, ef enginn fæst til þess að leigja hana. Og ef ríkið ætlaði að leggja fram meira fé til síldarbræðslustöðva heldur en þegar er ákveðið, þá væri miklu eðlilegra að gera það á þann hátt að reisa nýja verksmiðju. Það eru engin rök í þessu máli, þó segja megi, að ríkissjóður þurfi ekki að leggja fram neitt fé til þess að kaupa þessa verksmiðju, — að hann geti fengið að skulda Útvegsbankanum kaupverðið. Við erum nýbúnir að samþ. hér ríkisábyrgð fyrir láni handa Útvegsbankanum, svo hann geti haldið áfram starfsemi sinni, rekstrarlánastarfsemi til framleiðslunnar. Við getum alveg eins ákveðið, að ríkið sjálft taki slíkt lán til stofnunar og starfrækslu nýrrar síldarbræðslustöðvar, ef við viljum halda áfram á þessari braut.

Af þessum ástæðum get ég ekki samþ. þá till., sem hér liggur fyrir. Ég skal taka það fram, áður en ég sezt niður, að ég vænti þess, að ég hljóti ekki ámæli fyrir afstöðu mína í þessu máli af þeim sökum, að félag, sem ég er við riðinn, hefir

leigt Sólbakkaverksmiðjuna. Því fremur get ég hiklaust talað um þetta mál, að ég er hér í fullu samræmi við stefnu Sjálfstfl., og þessi bræðslustöð mun heldur aldrei leigð þessu ákveðna félagi, nema því aðeins, að aðrir vilji ekki leigja hana.

Jóhann Jósefsson: Hv. þm. G.-K. talaði hér um stefnu Sjálfstfl. í sambandi við þetta mál. Ég verð fyrir mitt leyti að lýsa því yfir, að þó ég kannist við, að það sé stefna Sjálfstfl., að ríkið blandi sér ekki inn í atvinnurekstur, þar sem það annars er vel afstýranlegt, þá fann ég ekki ástæðu til, eftir því sem atvik liggja til í þessu máli, að gera ágreining í sjútvn. um þá till., sem meiri hl. hennar féllst á að leggja hér fyrir d.

Það er nú einu sinni svo, að ríkið starfrækir aðalsíldarverksmiðju landsins. Og á síðasta þingi var stigið það spor, að kaupa til viðbótar verksmiðju, sem byggð var af öðrum, hina svokölluðu dr. Pauls verksmiðju. Var það gert með samþykki a. m. k. margra sjálfstæðismanna, þó e. t. v. hafi ekki verið gerð sérstök flokkssamþykkt um það. Nú er til umr. að stíga annað mjög hliðstætt spor, og liggur málið þannig fyrir, eins og hv. frsm. lýsti, að bankinn, sem kallaður er eigandi Sólbakkaverksmiðjunnar, vill freista þess, hvort ríkið, sem hefir þessi mál í höfuðatriðum í sínum höndum, vill ekki fá umráð yfir þessari verksmiðju einnig. Og þegar þess er gætt, að lítið þarf út af að bera til þess, að þeir, sem hingað til hafa tekið verksmiðjuna á leigu, kæri sig ekki um það lengur, eða dragi svo lengi að segja til þess, að bagalegt sé fyrir bankann og e. t. v. útgerðarmenn líka, sem vilja gera út á síld, en skortir sölumöguleika, þá virðist heppilegt, að Sólbakkaverksmiðjan komist inn í það kerfi, sem er að myndast á þessu sviði. Því eins og við vitum er talað um, að ríkið bæti við sig fleiri bræðslustöðvum, jafnvel láti reisa nýja verksmiðju við Húnaflóa. Þá er hægra fyrir yfirstjórn síldarverksmiðja ríkisins að taka afstöðu til okkar útgerðarmannanna í tíma, þegar við á vorin sendum umsóknir um að fá að komast í viðskipti við verksmiðjurnar. Formaður stjórnar síldarbræðslustöðvar ríkisins skýrði svo frá á sjútvn.fundi, þó ekki væri í sambandi við þetta mál, að síðastl. sumar hefði hann orðið að vísa á bug fjölda mörgum umsóknum. Þó aldrei nema möguleikar séu fundnir fyrir því, að Sólbakkaverksmiðjan verði ávallt rekin án afskipta ríkisins, þá álít ég samt sem áður, — ég tek það fram **eftir atvikum**, hvað sem annars má segja frá stefnusjónarmiði —, að úr því ríkið er komið út á þessa braut, þá sé að öllu leyti heppilegra, að þessi verksmiðja komist inn í það verksmiðjukerfi, sem ríkið hefir umsjón með.

Hv. þm. G.-K. var að tala um, að þessa röksemdafærslu mætti færa yfir á önnur svið, t. d. togaraútgerðina. En þetta er alls ekki sambærilegt, því þar liggja ekki fyrir sömu atvik og í þessu máli. Ríkið hefir ekki ennþá stigið út á þá braut, að taka stórlán til togaraútgerðar, og ríkið hefir ekki með höndum stærstu togaraútgerð landsins. En ríkið hefir tekið stórlán til þess að greiða fyrir síldarútgerðinni á þann hátt, sem allir vita, og ríkið rekur þegar stærstu síldarbræðslustöðina. Svo allt þetta tal er ekki annað en „teoriur". Það getur verið rétt í „teoriunni" að vísu, en í „praksis" er allt öðru máli að gegna, ef tekið er tillit til þess, hvernig sakir standa.

Á undanförnum sumrum hefir ekki þótt svo mjög álitlegt að reka síldarbræðslustöðvar, t. d. sérstaklega á Siglufirði. Hefir margt borið til, ekki einasta það, að lýsið hefir verið í lágu verði og útlitið slæmt, heldur líka allskonar baldni þess fólks, sem þar byggir staðinn og hefir gert atvinnureksturinn ótryggan. En þrátt fyrir það hefir þó verið horfið að því ráði að reka þessa verksmiðju á Siglufirði með tilliti til útgerðarinnar. Maður getur vel hugsað sér, að slíkt og þvílíkt gæti komið fyrir að því er snertir verksmiðjuna, er hér um ræðir, að til atvinnu þeirra, sem útgerð stunda, yrði að taka meira tillit af hálfu ríkisins heldur en af hálfu einhvers einstaklings, sem vildi leigja verksmiðjuna, ef vel horfir við, en annars ekki. Það er ekki sanngjarnt að ætlast til þess af neinum einstaklingi, að hann leggi út í slíkan atvinnurekstur, nema allar líkur bendi til, að hann sleppi skaðlaus. Ég segi, að það **geti** legið þannig fyrir, að það verði trygg-

ara fyrir atvinnu þeirra manna, sem stunda útgerð, að Sólbakkaverksmiðjan tilheyri síldarbræðslu ríkisins, heldur en að hún og rekstur hennar sé háður duttlungum eða ákvörðunum Útvegsbankans eða einhvers, sem ef til vill væri til með að taka verksmiðjuna á leigu. Þess vegna hefi ég hallazt að því að gefa stj. þá heimild, sem hér er farið fram á. Það er ekki stærra spor stigið af hálfu meiri hl. n. en það, að gefa stj. heimild til að semja við bankann um kaup á verksmiðjunni eða leigu. Það er alls ekki bundið við að semja um kaup; það er jafnheimilt að semja um leigu. Slíkt mætti því reyna eitt útgerðartímabil. Ég sé því ekki, að nokkur hafi verulega ástæðu til að leggjast mjög á móti slíkri heimild.

Pétur Ottesen: Ég vildi aðeins áður en til atkvgr. kemur gera grein fyrir atkv. mínu. Ég hefi á þessu þingi og áður, þegar síldarbræðsluverksmiðja ríkisins var sett á stofn á Siglufirði, verið með því, að það væri gert. Ég hefi ennfremur greitt atkv. með því, að ríkið byggði nú nýja síldarbræðsluverksmiðju, eins og till. hafa hér legið fyrir um. Ástæðan til þess, að ég hefi fylgt því, að ríkið skærist þar í leikinn, var eingöngu sú, að eins og þá stóð á og eins og enn stendur á, virðist ekki tök á því fyrir einstaklinga, svo mjög sem atvinnuvegirnir berjast nú í bökkum, að koma jafndýrum framkvæmdum á laggirnar, en nauðsynin á því, að það sé gert, er hinsvegar rík. Það var eingöngu með hliðsjón af þessu, sem ég hefi greitt atkv. með því, að þessu yrði komið í framkvæmd á þennan hátt, og ég hefi gert það með það fyrir augum, að þegar betur rættist úr, þá seldi ríkisvaldið þessar verksmiðjur í hendur samvinnufélagi síldarútgerðarmanna, sem þá væru þess umkomnir að taka við þeim og reka þær. Þetta hefi ég talið þá eðlilegu þróun í þessu máli, að verksmiðjurnar yrðu seldar í hendur þeirra manna, sem bera hita og þunga af þessum atvinnurekstri þjóðfélagsins, þegar skilyrði til þess væru fyrir hendi. Nú er hér um að ræða verksmiðju, sem hefir verið í fullum gangi undanfarið án þess að ríkisvaldið hafi þurft að leggja henni nokkurt lið. Ég er því eindregið á móti því, að ríkisvaldið fari að taka í sínar hendur þessa verksmiðju, sem hefir verið í fullum gangi og engin ástæða til að ætla, að geti ekki haldið áfram á sama grundvelli og verið hefir, því mér virðist, að reynsla undanfarinna ára gefi vonir um, ef vel er á haldið, að hér sé um að ræða nokkuð öruggan atvinnurekstur. Það er því fjarri öllum sanni að gera ráð fyrir, að ekki sé hægt að halda áfram rekstri þessarar verksmiðju, t. d. næsta ár. Það getur því ekkert legið til grundvallar fyrir því að fara að skerast í leikinn á þennan hátt annað en hrein og bein tilhneiging til þess gersamlega að þarflausu að draga þetta undir ríkisvaldið. Þess vegna greiði ég jafnhiklaust atkv. gegn þessari till. eins og ég greiddi atkv. með, að ríkið kæmi upp nýjum bræðslum, þar sem því, sökum hins erfiða ástands hjá útgerðarmönnum nú, yrði ekki hrundið í framkvæmd á annan hátt.

Mér virtist hv. þm. Vestm. vera kominn nokkuð langt inn á þessa hugsun, þar sem hann er farinn að tala um duttlunga þeirra manna, sem bera hita og þunga af þessum atvinnurekstri. Mér virðist hann vera kominn leiðinlega langt inn á hugsunargang þessara manna, sem vilja koma þessu öllu í hendurnar á ríkisvaldinu með þeirri áhættu, sem það vitanlega hefir í för með sér, sem hefir sýnt sig ljóslega, þar sem það hefir tekizt að taka framkvæmd slíkra mála úr höndum einstaklinga og leggja í hendur ríkisvaldsins.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta, en mér þótti rétt að gera þessa grein fyrir atkv. mínu, jafnframt því, sem ég bendi á, hver eðlismunur er á þessari till. og þeim till., sem hér hafa legið fyrir um bygging nýrra síldarbræðslustöðva.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Tveir hv. þm. hafa látið þess getið í þessu sambandi, að þeir hafi áður fylgt stofnun nýrra verksmiðja eða rekstri verksmiðja, sem annars mundu ekki hafa gengið.

Nú er hér sama máli að gegna, því hér er um að ræða heimild til þess, að stj. geti tryggt, að þessi verksmiðja verði rekin. Og án þess að stj. fái slíka heimild

er ekki fyllilega tryggt, eins og komið hefir fram í umr., að þessi verksmiðja verði rekin. Nú hefir saga málsins verið sú á þessu þingi, að allir viðurkenna, að það vanti verksmiðjur, en það þýðir þá um leið, að það má ekki koma fyrir, að neinar af eldri verksmiðjunum liggi ónotaðar. Það skyldi maður því ætla, að væri höfuðatriðið, að tryggja það a. m. k. Nú er Útvegsbankinn ófáanlegur til að reka þessa verksmiðju sjálfur og vafasamt, hvort það er tryggt, að hún verði rekin. Ef þing og ríkisvald getur tryggt það með einhverju móti, þá er það jafnskylt, ef ekki skyldara heldur en að afgr. nýjar verksmiðjuheimildir, sem hafa fengið svo góðar undirtektir hér á þinginu.

Það er víst, að Útvegsbankinn mun ekki reka þessa verksmiðju, jafnvel þó hann gæti ekki leigt hana. Þegar heimildin um að kaupa verksmiðju dr. Pauls á Siglufirði var gefin, þá var ekki hægt að segja, að útilokað væri, að verksmiðjan yrði rekin. En þessi verksmiðja var samt keypt, og það, sem réð mestu, að það var gert, var það, að aðstaðan þótti góð og skipulagið á verksmiðjunni tryggara með þessu móti en öðru. Það jafnar og tryggir aðstöðu allra síldarútgerðarmanna að hafa slíka verksmiðju, sem er ríkiseign, að snúa sér til. Það hefir gengið svo til með þessa Flateyrarverksmiðju, að aldrei hefir verið fullráðið fyrr en á síðustu stundu, hvort hún skyldi rekin.

Á síðasta þingi mun þetta mál hafa verið lagt fyrir sjútvn., og þó stj. hefði enga formlega heimild til þess að leigja verksmiðjuna, þá tjáði n. sig samþykka því, að stj. skyldi heldur taka verksmiðjuna á leigu heldur en að láta hana standa ónotaða. Það kom ekki til fyrir stj. að taka ákvörðun um þetta þá, því verksmiðjan var leigð, þó seint væri. Í þessu tilfelli er ekki um það að ræða að taka nein ný lán erlendis. Að vísu munu myndast nýjar skuldir móti þessari eign, en afborganir geta farið fram á þann hátt, að eitthvað af eftirstöðvum enska lánsins frá 1921 verði flutt í ríkissjóð.

Hv. þm. Borgf. hefir látið í ljós, að fylgi sitt við þessa ráðstöfun hafi miðazt við það, að einstaklingarnir fái þessar stofnanir í hendur svo fljótt sem auðið er, á þann hátt, að þeir ráði verksmiðjunum einir án íhlutunar ríkisvaldsins. Hv. þm. sagði: Þeir, sem bera hitann og þungann, eiga að ráða yfir þessum dýru og stóru framleiðslutækjum. — Ég er sammála honum um það, að þeir, sem bera hitann og þungann af þessum atvinnurekstri, eigi að ráða yfir þessum tækjum, en það eru útgerðarmenn, sjómenn og yfirleitt allir, sem nálægt þessum atvinnurekstri koma. Það er ekki fjármagnið eitt og yfirstjórnin, sem bera hitann og þungann. Hitinn og þunginn er borinn af öllum almenningi, sem leggur lið sitt til þessarar starfsemi og á afkomu sína undir henni. Þess vegna hygg ég, að hagur þeirra, sem bera hitann og þungann og eiga mest undir um afkomu sína, sé bezt tryggður með því, að ríkið eigi þessar dýru stofnanir. Hér er um svo dýr framleiðslutæki að ræða, að einstök félög hafa á seinni árum ekki haft bolmagn eða ekki þorað að ráðast í að kaupa þau. Og þess vegna hefir ríkið lagt lið sitt til. Þetta kemur ekki til að breytast, og ef svo á að vera, að vinna og fjármagn eigi að njóta nokkurnveginn jafnréttis og að sem mest trygging sé fyrir því, að stofnanirnar séu reknar, þá hygg ég, að þessu sé bezt komið í höndum ríkisvaldsins.

Ég verð því sem þm. þessa kjördæmis að mæla með þessari till., og líka af því, að ég lít almennt svo á, að ríkisrekstur sé eðlilegur og gefist þar vel, sem um dýr framleiðslutæki er að ræða og þar sem hægt er að koma á samvinnufélagsskap.

Ólafur Thors: Hv. þm. Borgf. hefir sett hér fram sína skoðun á þessu máli. Ég get verið stuttorður, því ég get skrifað svo að segja undir hvert einasta orð, sem hann sagði.

Mér kemur það ekki undarlega fyrir sjónir, þó hæstv. forsrh. talaði eins og hann talaði. Það er ekki fjarri hans skoðunum og í fullu samræmi við aðstöðu hans til ýmissa mála bæði fyrr og síðar hér á þingi. Um einstök atriði er ég honum vitanlega ósammála og álít jafnvel, að þar hafi kennt rökvillna. Ég vil benda hæstv. forsrh. á það, að þau rök, sem hann færði fram fyrir nauð-

syninni á að samþ. þessa till., til þess að tryggður yrði rekstur þessarar verksmiðju, leiða til þess, að það á að útfæra þessa till. til þess að ná til allra annara verksmiðja á landinu. Ég vil segja hæstv. forsrh. það, að ef honum finnst nauðsynlegt að kaupa Sólbakkaverksmiðjuna, til þess að tryggt sé, að hún verði rekin, þá er engu síður nauðsyn á því, að stj. fái samskonar heimild um aðrar verksmiðjur, sem eru i eign einstakra manna eða firmna. Það er jafnnauðsynlegt þjóðinni, að þær verksmiðjur séu reknar, þó hans kjósendur á Sólbakka finni ekki eins til þess. En það hefir nú kannske verið þm., en ekki ráðh., sem talaði þarna, enda lýsti hann því líka yfir.

Það fordæmi, sem við gáfum í fyrra, er ekki hliðstætt við þetta. Þá var um að ræða verksmiðju, sem var í höndum útlendings, sem ríkið hafði engin tök á að láta reka og sem á undanförnum árum ekki hafði verið rekin. En hér er um verksmiðju að ræða, sem hefir verið rekin að undanförnu og er eign Íslendinga, og einmitt þess aðila, sem ríkið hefir óvenju sterk tök á, bæði vegna þess, að fjmrh. ræður æðstu stjórn bankans og einnig vegna þess, að bankinn er sí og æ með nýjar og nýjar bænir til þings og stjórnar. Ég tel þess vegna hvað minnsta hættu á, að þessi verksmiðja verði ekki rekin. Og ef á að tryggja hugmynd hæstv. forsrh. um sem viðtækastan rekstur bræðslustöðva, þá væri minnst hætta á að sleppa þessari verksmiðju og meiri nauðsyn á að taka einhverjar aðrar, eins og ég hefi þegar bent á.

Hæstv. forsrh. sagði, að hér væri ekki farið fram á nema heimild. En hvernig ætlar hæstv. stjórn að nota heimildina, ef hún fær hana? Það mál fellur undir hæstv. dómsmrh. Ætlar hann, ef einhver býðst til að reka verksmiðjuna, að hlaupa í kapp við hann? Ef heimild er gefin, á þá að nota hana til þess, að ríkið taki að sér starfrækslu, sem einstaklingarnir hafa haft með höndum og sem ég tel betur fara á, að þeir hafi með höndum? Mér finnst það undarlegt, ef hæstv. ráðh. vill færa það fram sem rök í þessu máli, að ekki þurfi að taka nýtt lán, nema ráðh. telji, að Útvegsbankinn muni reynast ófær til að greiða lán, sem ríkið hefir ábyrgzt fyrir hann. Auk þess er það lán, sem ætlazt er til, að ríkið tæki á sig, mjög dýrt lán.

Við höfum nú verið þessa dagana að samþ., að gengið væri í nýja ábyrgð fyrir þennan banka. Við getum því alveg eins samþ. að ganga í ábyrgð fyrir okkur sjálfa, til þess fyrir þá peninga að setja upp nýja bræðslustöð.

Það er rétt hjá hæstv. ráðh., að þessi tæki eru dýr, en þau eru ekki svo dýr, að það sé ekki á færi einstakra hlutafélaga að eignast þau. Ég geri ráð fyrir, að þessi verksmiðja sé ekki meira virði en einn togari, og það hafa margir reynt að komast yfir það að eignast einn og jafnvel fleiri togara.

Hæstv. ráðh. veit það, að það er engin þörf fyrir ríkið að eignast þessi framleiðslutæki til þess að skapa samræmi milli vinnu og fjármagns. Hæstv. ráðh. veit, að á undanförnum árum hefir vinnan haft í fullu tré við fjármagnið, að ekki sé meira sagt. Það er því **þess vegna** óþarfi, að ríkisvaldið blandi sér inn í þann atvinnurekstur, sem einstaklingarnir hafa til þessa haldið uppi.

Mörgu af því, sem hv. þm. Vestm. sagði, hefi ég svarað með þessum orðum mínum í tilefni af ræðu hæstv. forsrh. Það eru þó örfá atriði, sem ég vildi sérstaklega víkja að. — Hv. þm. gat um það og hélt, að það væri sönnun fyrir sínu máli, að formaður síldarbræðslustöðvarinnar á Siglufirði hefði skýrt sjútvn. frá því, að hann yrði á hverju ári að vísa frá viðskiptum við ýmsa útgerðarmenn. Meðan þessi verksmiðja hefir verið starfrækt og meðan ekki eru líkur til þess, að hún verði ekki starfrækt, þá eru þetta engin rök í málinu, því, verksmiðjan afkastar ekki meiru, þó hún sé rekin af ríkinu. Hv. þm. hélt, að hætta væri á því, að þessi starfræksla yrði látin niður falla, þegar árferði væri vont. Ég vil benda honum á, að árin 1932 og 1933 hafa verið með einsdæmum vond. Árferðið 1932 var svo illt, að fyrirsjáanlegt var, ef ekki yrði kippt í lag frá því, sem líkur bentu til, þá yrði slík verksmiðja aldrei rekin nema með tapi. En samt sem áður var verksmiðjan rekin það ár, og sömuleiðis í fyrra. Og það eru engar líkur til,

að árferðið 1934 verði verra en 1933, hvað þá 1932. En úr því að þessi verksmiðja var rekin í versta árferði, er engin ástæða til að ætla, að hún verði ekki rekin í betra árferði. Hv. þm. hefir einmitt sjálfur fært rök fyrir því, að ekki sé nauðsynlegt að bera fram slíka till. sem hér liggur fyrir til þess að tryggja þessa starfrækslu.

Þessi skýri maður hefir hér látið villast og dregið illan dám af meðnm. sínum, hv. 1. þm. S.-M., hv. þm. Barð. og hv. þm. Ísaf. Hv. þm. sagði, að eðlilegast væri eða heppilegast, að ríkið tæki að sér rekstur þessarar verksmiðju, úr því að ríkið væri komið út á þessa braut. Út á hvaða braut er ríkið komið? Út á þá braut, að Alþingi hefir viðurkennt, að það sé mikil og vaxandi þörf fyrir því að útvega nýjan markað fyrir þessa framleiðsla landsmanna. Og til þess að fullnægja þeirri þörf hefir þingið samþ., að ríkið legði fram fé til þess að reisa **nýjar** verksmiðjur, en ekki til þess að kaupa eldri verksmiðjur. Ég vil undirstrika þau orð hv. þm. Borgf., að hugsun hans og mín og flestra flokksbræðra okkar hefir verið sú, að ríkið innti þessa starfrækslu af hendi meðan einstaklingarnir geta það ekki, en um leið og útvegsmenn reynast hafa fjármagn, vilja og getu til þess að taka hana að sér, þá afhendi ríkið þeim þessa starfrækslu. Nú vil ég spyrja hv. þm., hvort það sé hans vilji, að ríkið eignist allar slíkar verksmiðjur, og vænti, að hann svari því skýrt og skorinort, eða hvort hann vilji, eins og við flokksbræður hans, að ríkið undirbúi jarðveginn fyrir útvegsmenn, af því að þeir séu sem stendur ekki færir um það sjálfir, til þess að þeir geti svo síðar tekið við. Það eru náttúrlega engin rök í málinu, að ríkið eigi að eiga og reka þessa verksmiðju af því að það á aðra verksmiðju. Eða ætla hv. þm., ef ríkið einhverntíma skyldi eignast t. d. einn togara, að slá því föstu, að úr því ríkið á einn togara, eigi það að eiga þá alla?

Hitt, að ríkið eigi að eigi þessa bræðslustöð af því, að þjóðarnauðsyn mæli með, að hún sé rekin, eru rök, sem tekin eru úr handbók sósíalista, sem þessi hv. þm. hefir villzt í og gælpzt á. Með sömu rökum á ríkið að eiga öll eða flest framleiðslutæki, þ. á m. alla vélbáta Vestmannaeyinga.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Ég þarf ekki að svara mörgu þessari ræðu, en þar sem hv. þm. G.-K. segir, að tryggara sé, að verksmiðjan sé rekin í sjálfseign en í ríkiseign, þá er það algerlega rangt. Það er þvert á móti; það er miklu meiri óvissa um rekstur hennar í sjálfseign. (**ÓTh:** Hver veit um það?). Ég veit um það, og bankastjórn Útvegsbankans veit um það. (**ÓTh:** Ég fullvissa hæstv. ráðh. um, að hann fær mig ekki til að trúa því, að Jón Baldvinsson geti ekki látið reksturinn falla niður). Bankinn hefir tekið þá stefnu upp, að hann vill ekki reka þetta atvinnufyrirtæki, og það er holl stefna, að vilja heldur losna við það, með því að fá það í hendur ríkinu eða einstaklingum. En ef það hinsvegar væri tryggt, að bankinn ræki verksmiðjuna, þá væri sjálfsagt að fallast á þessar röksemdir. En nú er ekki því að fagna. Ég get sagt hv. þm. það, að ekki eingöngu bankinn, heldur allir verkamennirnir, sem vinna við þessa verksmiðju þar vestra, hafa á hverju einasta sumri verið í óvissu um það, hvort verksmiðjan verði rekin eða ekki. Það er ekki gaman fyrir heilt þorp að vera í hvert einasta skipti í þessari hræðilegu óvissu um, hvort þessi atvinna, sem tilvera alls fólksins og staðarins þar byggist á, bregzt eða ekki. Þau skilyrði eru þreytandi, enda auðskilið, þegar öll afkoma byggðarinnar er í húfi. Þegar bæði eigandi og starfsmenn telja, að til tvísýnu horfi, þarf ég sem þm. ekki að efast um, að svo sé. Það er heldur ekki útlit fyrir, að nokkurt öryggi fáist í þessu, óvissan helzt og gerir öllum erfitt fyrir. Um heimildina er það að segja, að hún verður notuð þannig, að séð verður fyrir því, að öruggt verði um rekstur verksmiðjunnar; að öðru leyti heyrir hún ekki undir mig eingöngu, heldur og hina ráðh.

Bezta tilhögunin er sú, að hlutfall sé látið haldast á góðum og vondum tímum, og mönnum sé opið að leita til ríkisins um aðstoð. Hv. þm. segir, að hér eigi að byggja á einstaklingum. En ég verð að vekja athygli hans á því, að það eru til

fleiri einstaklingar en útgerðarmenn. Það er líka hagur og heill almennings, sem þarf að sjá borgið sem bezt. Það er engin tilviljun, hvernig ástatt er um síldarbræðsluverksmiðjurnar nú á tímum. Það liggur í eðli skipulagsins, sem nú er. (**ÓTh:** Það mundi breytast, ef sjálfstæðismenn kæmust til valda). Þetta er rangt. Ég efast um það, að sjálfstæðismenn mundu, þó að þeir kæmust í meiri hl., rífa niður það, sem þeir og aðrir hafa byggt upp. Það er líka ósambærilegt, sem hv. þm. sagði um útgerð ríkis og verksmiðjurekstur. Það er allt annað að gera út mótorbáta eða að vinna úr hráefni því, sem bátarnir hafa fært á land. Það álít ég líka, að sé miklu heppilegra, að ríkið reki þá iðju, að vinna úr hráefninu, en hitt er betur fallið til einstaklingsrekstrar, að ausa fiskinum úr sjónum. Þessi iðja, sem er einna næst stóriðju, er mjög vel fallin til ríkisrekstrar, enda veit ég ekki til þess, að nokkur einstaklingur hafi sett slíkt fyrirtæki á stofn til þess að reka það ásamt stórum skipaflota. Þess vegna styð ég þetta og þá stefnu þingsins, að ríkið bæti aðstöðu smáútgerðarmanna og rétti hlut þeirra gagnvart stóriðjunni.

Finnur Jónsson: Við jafnaðarmenn getum ekki annað en verið ánægðir með rök þau fyrir ríkisrekstri, sem fram hafa komið í d., því að þau rök gilda almennt. Hv. þm. G.-K. sagði, að ekki væri meiri trygging fyrir því, að togurunum yrði haldið út, en að Sólbakkaverksmiðjan yrði starfrækt. Það er alveg rétt, en hvað mundi verða uppi á teningnum, ef öllum togurunum yrði lagt upp? Það er alveg rétt, að Sólbakkaverksmiðjan hefir aldrei legið ónotuð, en á hverju ári hefir ríkt um það hin mesta óvissa, eins og hæstv. forsrh. tók fram. Ég vil þá undirstrika það, að þó að kaup færu fram á þessari verksmiðju, þá hljóta till. um síldarbræðsluverksmiðju á Norðurlandi engan skaða af því. Enn má geta þess, að með þessu á ríkið að geta bætt sinn hag með kaupunum. A. m. k. höfðu kaupin á verksmiðju dr. Pauls á Siglufirði þau áhrif, og þar eð hv. þm. G.-K. hefir nú upplýst, að þessi verksmiðja á Önundarfirði sé ekki virt hærra en venjulegur togari, þá á ríkissjóður að græða á þeim kaupum, jafnvel þótt verksmiðjan væri keypt nokkuð hærra verði. Hinsvegar var ríkisverksmiðjan á Siglufirði allt of dýr, og var ætlazt til þess, að ákveðið krónutal rynni árlega í fyrningarsjóð, og var því sú upphæð of hátt ákveðin, en eftir því sem ríkið eignast fleiri ódýrar verksmiðjur, því lægra getur hið óhæfilega háa fyrningargjald orðið að tiltölu, og þannig verður hægt að greiða útgerðarmönnum og sjómönnum hærra verð fyrir síldina. Í þessu sambandi má og benda á það, að mjög hentugt er að hafa þessa verksmiðju í gangi, svo að hægt sé að flytja skipin þangað, þegar fullt er í hinum ríkisverksmiðjunum; t. d. væri það ekki sízt þægilegt að geta sent stærstu línuveiðarana til Flateyrar til þess að forða ofþrengslum í verksmiðjunni á Siglufirði. Þetta finnst mér allt mæla með því, að verksmiðjurnar verði sameinaðar undir eina stjórn. Þó að í upphafi hafi verið gert ráð fyrir því, að útgerðarmenn tækju síðar við þessum verksmiðjum sjálfir, þá er þetta nú miklu fjær öllum sanni en áður virtist vera, að þessi iðjugrein geti verið á valdi einstaklinga; það er of stórt verkefni fyrir nokkurn eða nokkra einstaka menn, og hlýtur því að vera í höndum ríkisins. Hitt er annað mál, að ríkið getur stuðlað að því að hjálpa útveginum á fót aftur og stækka hann, með því að byggja sjálft verksmiðjur og kaupa þær. Það vantar enn mikið á, að þessi iðja sé rekin svo sem vera ber, a. m. k. samanborið við Norðmenn. Forstjórar síldarverksmiðju ríkisins á Siglufirði hafa bent á það, að af öllum fyrirtækjum Norðmanna eru það síldarbræðsluverksmiðjurnar, sem bera sig einna bezt, og slíkt ætti að vera hægðarleikur einnig hér á landi. Ég vil minna á það, að nú á síðustu tímum hafa komið fram sífellt fleiri kröfur um það, að ríkið taki sér fyrir hendur að efla þennan mikilsverða og þýðingarmikla atvinnuveg. Það væri æskilegt, að hæstv. dómsmrh. vildi á þessu stigi málsins gefa þær skýrslur um afkomu ríkisverksmiðjanna á Siglufirði, sem hann lofaði við umr. um verksmiðjuna á Norðurlandi. Það eru mjög ákveðin meðmæli frá ýmsum smærri útgerðarmönnum,

þess efnis, að verksmiðjan á Sólbakka verði opnuð almenningi til afnota, og vonandi sér þessi hv. d. sér fært að afgr. málið sem fyrst.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Um þessa till. vil ég fyrir mitt leyti segja, að ég hefi ekkert á móti henni, því að hún er aðeins heimild. En að því er til mín kemur, þá mun ég ekki nota hana, ef áreiðanlegt þykir, að verksmiðjan verði rekin hvort sem er af eigendunum eða öðrum. Ég álít ekki, að meiri hl. þessa þings geti verið það keppikefli að bægja einstaklingum frá sjálfstæðum atvinnurekstri. En hinsvegar skil ég, að mörgum sé það bæði atvinnuspursmál og kappsmál, að þessi verksmiðja verði rekin. Mér sýnist, að litlar líkur séu til þess, að ríkið þurfi þarna að taka fram fyrir hendurnar á einstaklingum. Það atriði, hvort rétt sé að kaupa þetta fyrirtæki, álít ég, að sé undir verðinu komið. Ég er ófróður um þá hlið málsins, enda hefir bankinn ekkert látið uppi um það. Reyndar hefir mér verið tjáð af bankastj., að þessi verksmiðja standi bankanum í um 1½ millj. kr., en aðra eins upphæð eða nokkuð í námunda við hana getur bankinn vitanlega aldrei gert sér í hugarlund, að hann fái fyrir hana. Ég get til samanburðar nefnt það, að verksmiðja dr. Pauls kostaði um 300 þús. kr., og sýnir það, að hlutfallslega ætti ekki Sólbakkaverksmiðjan að verða mjög dýr, eftir því sem mér er kunnugt um afkastamöguleika hennar. (**FJ:** Í fyrra afkastaði Sólbakki 1100 málum á sólarhring, en verksmiðja dr. Pauls 1300). Já, ekki ætti hún eftir því að vera dýrari. Ef til vill verður verksmiðjan svo ódýrt metin, að rétt reynist að kaupa hana; en það ætti hinsvegar að nægja fyrst um sinn, að hún verði rekin, hvort sem það er fyrir ríkisins tilstilli eða ekki, þar eð ríkið hefir nóg annað við sitt fé að gera.

Hv. þm. Ísaf. bað mig um að gefa skýrslu um starfsemi og hag ríkisverksmiðjanna á síðastl. ári, en ég hefi því miður ekki skjöl um þetta meðferðis, því að ég bjóst ekki við, að til þeirra þyrfti að grípa í þessu máli. En ég held samt, að ég muni nokkurnveginn helztu atriðin úr þessum skýrslum, og ég ber það nú á borð, sem ég frekast man. Aðalniðurstaðan hefir verið ágæt, eða a. m. k. óvenjulega góð; síldin hefir verið nægileg og vel úr henni unnið. Ég hygg, að mér sé óhætt að segja, að ágóði af rekstri verksmiðju dr. Pauls hafi verið 100 þús. kr., og ríkisverksmiðjunnar tvöfalt á við það, án þess þó að tillit sé tekið til vaxta, afborgana og fyrningar. Þetta mun vera fyrsta árið, sem ríkisverksmiðjan getur staðizt það, sem hún á að greiða samkv. lögum. Ég veit ekki, hvort hv. þm. óskar nánari skiptingar og sundurliðunar á reikningunum; ég man ekki svo nákvæmlega tölurnar, en honum er velkomið að sjá það, þegar hann vill. Þó held ég, að síldarkaup hafi numið um 700 þús. kr., og verkalaun voru mjög há, eða sú upphæð, sem til þess var greidd samtals.

Ég vil svo að lokum endurtaka það, að ég vil gjarnan, að stuðlað verði að því, að þessi verksmiðja verði rekin framvegis, en óska þess hinsvegar, að einstaklingar reki hana, ef unnt er, því að ella mundi því fylgja áhætta fyrir ríkissjóð, meiri en honum er hollt, því að hann hefir sem stendur ekki fjármagn til þess að standast það áfall, sem þetta ef til vill gæti valdið honum.

Jakob Möller [óyfirl.]: Ég stend hér upp til þess að lýsa eftir samvinnumönnunum á þingi. Hér hafa þm. ruðzt hver um annan þveran til þess að færa fram rök til stuðnings ríkisrekstri, svo að jafnaðarmenn hafa ekki komizt að, nema til að færa fram þakklætisyfirlýsingar. Samvinnuhugurinn virðist vera farinn forgörðum, jafnvel hjá hæstv. forsrh. (**TT:** Hann kom þó í ljós við forsetakosningar í Sþ!). Já, en síðan hefir þá flokka greint á, þó sá ágreiningur hafi reyndar allt aðrar rætur en hér ætti að vera. Ég get ekki sagt, að þetta sé í fyrsta skipti, sem mig furðar á framkomu hinna svonefndu samvinnumanna í dagskrármálum þjóðarinnar. T. d. horfir til stórvandræða í bæjarstj., þar sem þeir hafa í frammi fagurgala mikinn um samvinnuna og allan þann blessunarríka boðskap, en greiða síðan atkv. sitt frá hreinræktuðu sósíalistasjónarmiði, og er engu líkara en ríkisrekstur sé orðinn stefnuskráratriði í stað samvinnu. Mér skilst, að eins

sé ástatt hér. Hæstv. forsrh. segir: Er ekki bezt, að þessi stóri atvinnurekstur landsins sé í höndum ríkisins, og að menn snúi sér bara til ríkisins, ef eitthvað bjátar á? Þetta er alveg sama og jafnaðarmennirnir bera fram. Ef svo er, að bankinn er ekki fær um að reka verksmiðjuna, þá er mér spurn, hvað afstaða hæstv. ráðh. á að þýða. Hann, sem hefir svo góða aðstöðu til þess að leysa málið, þar eð hann á sæti í yfirstjórn bankans, — hvers vegna beitir hann sér ekki fyrir því, að verksmiðjunni verði komið í samvinnurekstur? Ég veit það, að hvorki þessi hæstv. ráðh. né bankastj. hefir gert nokkurn skapaðan hlut í þessum efnum, engar athuganir gert. Það er ekki nokkur vafi á því, að Útvegsbankinn hefir mjög góða aðstöðu til þess að koma á slíkum samvinnufélagsskap meðal útgerðarmanna og sjómanna. Það er ekkert því til fyrirstöðu, svo að ef nokkur trú er enn í landinu á þesshättar félagsskap, þá ætti það að vera í lófa lagið að sameina þessi félög undir eitt. En til slíkra ráðstafana er ekki nokkur tilhneiging hér á þingi; þessir samvinnumenn sjá nú enga aðra leið en ríkisrekstur. Og hvernig var svo varið þessum ríkisrekstri? — Jú, hæstv. dómsmrh. lýsti glæsilegri útkomu á rekstri ríkisverksmiðjunnar síðastl. ár. En að svo varð, stafar af því, að verksmiðjan varð fyrir happi, sem marga furðar á, að fyrir skyldi geta komið, eins og allt var í pottinn búið. Þetta fyrirtæki hefir verið stjórnlaust síðan þingið kom saman og jafnvel lengur. Og það er helzt ekki að sjá, að ríkisstj. muni takast að finna því neina forstöðu. Þetta er þá allur glæsileikinn, sem hvílir yfir þessum ríkisrekstri. Og hinu sama má gera ráð fyrir í öllum ríkisrekstri. Alstaðar mistök og vanræksla.

Ég get tekið undir það með hv. þm. Borgf. og hv. þm. G.-K., að þetta er ekki sambærilegt við það, sem ríkið hefir áður gert í slíkum málum. Kaupin á verksmiðju dr. Pauls byggðust á því, að óvíst var um, hvort það fyrirtæki yrði rekið. Auk þess var það í höndum útlendings, svo að þó það væri rekið, þá var óvíst, hvort Íslendingar hefðu nokkuð gott af því. Sú ráðstöfun var því beinlínis gerð til þess að tryggja íslenzkri útgerð hærra verð og vissari sölu síldar. En þetta fyrirtæki, sem hér um ræðir, er í höndum Íslendinga sjálfra. Og þótt einhver tregða kynni að vera um rekstur þess frá hálfu Útvegsbankans, þá er afstaða ríkisins til þess banka sú, að ríkisstj. ætti ekki að vera örðugt um að sjá til þess, að verksmiðjan verði rekin. Hér er því ekki um neina slíka nauðsyn að ræða og þá, sem var til staðar þegar verksmiðja dr. Pauls var keypt, eða þegar síldarbræðsluverksmiðja ríkisins var stofnuð. Hæstv. ráðh. talaði um, að það væru engin útlát fyrir ríkið að kaupa þessa verksmiðju. Ríkið ætti fé hjá bankanum, þar sem væri enska lánið. Mig minnir nú, að úr herbúðum hæstv. ráðh. hafi á sínum tíma heyrzt raddir um kostakjör þessa 7% láns, sem nú þykir heppilegt að taka til rekstrar þessarar verksmiðju. Nei, slíkt er bezt að láta vera. Ég tel sjálfsagt, að hægt muni vera að koma rekstri þessarar verksmiðju á hendur einstaklings eða félaga. Með því móti verður komizt framhjá því álagi, sem hefir verið, er og mun verða á ríkisrekstri slíkra atvinnufyrirtækja, að því er rekstur þessarar verksmiðju snertir.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Hv. 1. þm. Reykv. telur, að dýrt muni vera að kaupa þessa verksmiðju á þann hátt, að ríkið yfirtaki eitthvað af enska láninu frá 1921. Það er satt, að það lán var dýrt. En vitanlega hefir vaxtaupphæð lánsins áhrif á kaupverð verksmiðjunnar. Hv. þm. var að lýsa eftir samvinnumönnum. Ég hefði getað lýst eftir sjálfstæðismönnum, þegar verksmiðja dr. Pauls var keypt og þegar síldarbræðsluverksmiðja ríkisins var stofnuð. Þá vildu sjálfstæðismenn hafa ríkisrekstur á henni. Ég vildi láta reka hana sem samvinnufyrirtæki, þannig að verksmiðjan tæki vöruna til vinnslu og skilaði aftur andvirði hennar að frádregnum rekstrarkostnaði. En útgerðarmenn, sem flestir eru sjálfstæðismenn, hafa einatt þvingað fram, að verksmiðjan keypti síldina og ynni úr henni á eigin ábyrgð. Hv. þm. telur hægt að láta Útvegsbankann gera þessa verksmiðju

að samvinnufyrirtæki. Bankinn hefir nú bæði viljað selja einstaklingum og samvinnufyrirtækjum verksmiðjuna, en ekki tekizt. Hann hefir orðið að sætta sig við vafasama leigjendur ár frá ári. Það er að vísu ekki mikill munur á, hvort ríkið eða bankinn rekur þessa verksmiðju. Eðlilegra er þó, að ríkið geri það, enda er bankinn ófús til þess.

Umr. frestað.

Á 23. fundi í Nd., 30. nóv., var till. tekin til frh. fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Nd., 2. des., var fram haldið fyrri umr. um till.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt ósk um það frá einum manni úr sjútvn., að fresta framhaldi þessarar umr. til mánudags. En þessu hefir verið mótmælt af tveimur mönnum úr sjútvn. Ég mun því láta deildina skera úr.

ATKVGR.

Fellt að fresta málinu til mánudags með 13:10 atkv.

Jóhann Jósefsson: Ég get fallið frá orðinu, þar sem sá þm., er ég helzt þurfti að svara, hv. þm. G.-K., er ekki viðstaddur.

Pétur Ottesen: Ég verð að segja, að það er harla hart í svona máli, þar sem tilmæli hafa komið frá einum nm. — og annar er fjarverandi — um að fresta umr. um einn dag, að sú ósk skuli ekki vera tekin til greina. En máske ber að rekja þessa neitun til þeirrar óskapa tilhneigingar, sem menn virðast hafa nú um að koma öllu undir ríkisrekstur. Það er eins og menn fari á allskonar víxlgangi í málum nú, og það jafnvel þeir menn, er maður skyldi sízt ætla, að svo gerðu. Þessa er eigi langt að minnast, þar sem er síðasta mál, ölbruggið. Þar féllu sumir þeir menn frá, á þeirri freistingarinnar stund, sem maður vissi ekki betur en hefðu helgað huga sinn því að berjast gegn brugginu. En þótt þeir hafi talað fjálglega um þau mál, þá nota þeir nú allra fyrsta tækifærið, sem þeir fá, til þess að renna eins og raggeitur frá sinni fyrri skoðun. Eins er því varið með það mál, sem nú er til umr. Þeir, sem hingað til hafa talið það skoðun sína, að heppilegast væri, að sem allra mest af atvinnufyrirtækjunum hvíldi í höndum einstaklinga eða félaga, renna nú frá þessari skoðun sinni og falla nú í faðm þeirra, sem fylgja þjóðnýtingarstefnunni, sem náð hefir yfirtökum sumstaðar úti um heim og teygir nú anga sína hingað, svo holl sem hún þó er!! eins og dæmin sýna.

Ég skal þá víkja orðum mínum að hæstv. forsrh., ef hann þá er svo nærri, að hann megi mál mitt heyra. Þætti mér líklegt, að hann léti sig ekki vanta, þegar þetta ástfóstur hans er til umr. Það er ekkert undarlegt, þó sócialistarnir fagni þessum nýju samherjum, hæstv. forsrh. og fleirum, og taki þeim opnum örmum, enda létu þeir í ljós einlægt þakklæti til þeirra, er þeir svo skyndilega fengu þennan óvænta reka á fjörur sínar. Það kom í ljós fyrir nokkrum árum, að framsóknarmenn létu hrekja sig af samvinnugrundvelli og yfir í þjóðnýtingu í máli skyldu þessu. Nú munu sócialistar tæplega hafa átt von á svo viðtækri þátttöku sem raun hefir á orðið í því að reyra starfandi atvinnurekstur einstaklinga í þjóðnýtingarfjötra. En þegar það kemur í ljós, verður vitanlega fögnuðurinn þeim mun meiri.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, ber ekki með nokkru móti að samþ. Það er alveg óþarft og óforsvaranlegt, að ríkið fari að sölsa undir sig fyrirtæki, sem er í fullum gangi. Það var allt annað mál, þegar verið var að stofnsetja síldarbræðslustöð ríkisins. Þá varð ríkið að hjálpa til að koma því fyrirtæki á fót, og sú heilbrigða hugsun fylgdi frá mörgum, að félagsskapur sjómanna og útgerðarmanna, þegar á fót væri kominn og þess megnugur, keypti verksmiðjuna af ríkinu og ræki hana á samvinnugrundvelli. En hér er stefnt í þveröfuga átt. Útvegsbankinn, sem á þessa verksmiðju, hefir leigt hana privatfélagi, sem hefir notað hana út í yztu æsar, svo þar hefir aldrei fallið niður starf á þeim tíma, sem síldarverksmiðjur annars eru starfræktar. Og það er ekkert, sem bendir í þá átt

nú, að verksmiðjan verði ekki rekin, þó ekkert sé farið að blanda ríkinu þar inn í heldur hið gagnstæða, því það virðist horfa nú vænlegar til með slíkan rekstur yfirleitt en oft áður. Hér er því eingöngu um að ræða að flana í flaustri og fyrirhyggjuleysi með starfandi einstaklingsrekstur yfir í þjóðnýtingu, öllum til tjóns og skaða, nema kannske Útvegsbankanum, sem í skjóli þessarar heimildar gæti ef til vill skrúfað ríkisstjórnina upp í það að kaupa verksmiðjuna fyrir óeðlilega hátt verð, og haft af því einhvern stundarhagnað. Það, sem skilur mig og hæstv. forsrh. ásamt hv. þm. Vestm., sem í þessu máli hefir sogazt inn í þjóðnýtingarhringiðuna, er það, að ég tel, að fyrirtækið sé betur komið hjá einstaklingum eða félögum, en þeir taka ríkisrekstur fram yfir. Ég vil benda hv. þm. á samstæður við þessa skoðun. Eftir þeirra skoðun, sem halda ríkisrekstri fram, ætti þá að vera betra að taka t. d. tóvinnuvélarnar af samvinnufélögunum og láta ríkið reka þær. — Þannig er hæstv. forsrh. horfinn af grundvelli samvinnustefnunnar yfir á grundvöll þjóðnýtingarinnar. Það er því ekkert undarlegt, þótt hv. 1. þm. Reykv. væri að lýsa eftir samvinnustefnunni hér í þinginu, þegar einn af helztu boðberum hennar hefir tekið slíkum sinnaskiptum. Hæstv. ráðh. fór þá að tala um einhver stefnuskipti hjá sjálfstæðismönnum í þessum málum og minntist í því sambandi á kaupin á síldarverksmiðju dr. Pauls á Siglufirði. En það mál horfði allt öðruvísi við; sú verksmiðja var í eigu útlendinga og hafði ekki verið starfrækt í fleiri ár, enda var svo til ætlazt, að sjómenn og útgerðarmenn gætu með tímanum orðið eigendur verksmiðjunnar, keypt hana af ríkissjóði.

Hæstv. ráðh. hélt því fram, að sjómenn og útgerðarmenn væru ekki eins fráhverfir þessum ríkisrekstri og af væri látið, og byggði hann það á því, að þeir ýttu undir það eftir að ríkisbræðslan var sett á stofn, að ríkið keypti af þeim síldina jafnóðum, en vildu ekki bíða eftir því verði, sem endanlega fengist fyrir hana. Þetta er rétt, en af þessu verður alls ekki dregin sú ályktun, að þeir kysu ekki frekar að reka þessa stofnun sjálfir, ef þeim væri ekki fyrirmunað það með því fyrirkomulagi, sem nú er, heldur hitt, að sjómenn og útgerðarmenn vantreysta þeim mönnum, sem veita verksmiðjunni forstöðu, til þess að selja síldina með viðunanlegum kjörum fyrir þá, og kjósa því heldur lágt verð út í hönd. Þeir hafa ekki þorað að eiga undir hinni endanlegu útkomu. Þetta er ekki heldur að ástæðulausu, því að verksmiðjustjórninni hefir farnazt illa í ýmsum greinum og bakað bæði útgerðarmönnum og ríkinu stórtjón. Þar hefir hver höndin verið upp á móti annari, jafnvel svo, að tveir meðstjórnendur hafa sent kæru á aðalmanninn í stjórninni. Má af þessu sjá, hvílíkt öryggi sjómönnum er búið með þessu háttalagi, og hve veigalítil þessi rökleiðsla hæstv. ráðh. er fyrir því, að sjómenn og útgerðarmenn séu ánægðir með viðskipti sín við verksmiðjuna, eða ríkisrekstur í þessari grein.

Ég hefði viljað svara hv. þm. Vestm. nokkrum orðum, en ég sé, að hann hefir af einhverjum ástæðum horfið úr deildinni. En ég verð þó að endurtaka það, að ég get ekki annað en furðað mig á því að sjá hann vera kominn í slagtog með sósíalistum um það að hneppa atvinnurekstur landsmanna í þjóðnýtingarfjötra. (**BÁ**: Á hv. þm. ekki við „nationalsósíalista?). Ég skal ekkert segja um það, til hvers ráðs þeir menn grípa, sem nú styðja sósialistana í því að koma á ríkisrekstri í þessari verksmiðju, þegar þeir sjá að sér, sem vonandi verður einhverntíma; það getur vel skeð, að þeir reyni að bera það fyrir sig, að þeir hafa staðið á grundvelli þessa eða hins afbrigðis af hinum eiginlega sósíalisma, en það dugir ekkert, heldur hitt, að þeir hverfi nú þegar frá villu síns vegar og standi fast á þeim grundvelli, sem bezt hefir reynzt hingað til og framfarir allra alda hafa byggzt á, sem er framtak einstaklingsins.

Ég get látið þetta nægja, en vil endurtaka það, að ég hefi bent á, að það getur orðið afleiðingaríkt að hverfa frá réttri stefnu í þessu máli. Sú þjóðnýting, sem við höfum hingað til haft af að segja, ætti samkv. fenginni reynslu að vera öllum hv. þm. frekar til aðvörunar en eftirbreytni.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 16:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: FJ, HStef, HJ, HG, HV, IngB, JJós, JÓl, VJ, ÞorlJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, EystJ, JörB.
nei: GSv, GÍ, JakM, JP, JS, PHalld, PO, TT.
Fjórir þm. (MG, ÓTh, TrÞ, ÞÞ) fjarstaddir.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 13:6 atkv.

Á 25. fundi í Nd., 4. des., var till. tekin til síðari umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Till. samþ. með 15:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: VJ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, EystJ, FJ, HStef, HJ, HG, HV, IngB, JJós, JÓl, JörB.
nei: PHalld, PO, TT, ÞÞ, GSv, GÍ, JakM, JP, JS.
Fjórir þm. (MG, ÓTh, TrÞ, BJ) fjarstaddir.
Till. afgr. til Ed.

Á 25. fundi í Ed., s. d., var till. útbýtt eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 168).
Á 26. fundi í Ed., 5. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 27. fundi í Ed., 6. des., var till. tekin til fyrri umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 8:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 9 shlj. atkv.
Fellt að vísa till. til sjútvn. með 7:3 atkv.

Á 28. fundi í Ed., 7. des., var till. tekin til síðari umr.

Jón Þorláksson: Ég hefi verið að velta því fyrir mér, hvort rétt sé að samþ. till. eins og þessa. Það er kunnugt, að ríkið hefir á síðari árum hlaupið í skörðin til að sjá fyrir því, að síldarbræðslustöðvum fjölgaði hér á landi eða ykju bræðslugetu sína, svo hægt væri að koma meiri síldarafla í lóg. Þangað til ríkisbræðslan var reist á Siglufirði var þessi atvinnuvegur í einstakra manna höndum, en þá þótti þörfin svo knýjandi fyrir aukna bræðslu, að hið opinbera gæti ekki skorazt undan að styðja að slíku. Þessari stefnu var haldið á síðasta þingi og stj. heimilað að kaupa aðra bræðslustöð á Siglufirði, af því að sýnilegt þótti, að ekki myndi verða starfræktar allar stöðvar þar. Þessi stöð, sem hér ræðir um, hefir verið eign Útvegsbankans og alltaf starfrækt að undanförnu, nema e. t. v. eitt sumar. Ef nú á að fara að ýta undir það, að ríkið kaupi þessa stöð, þá er ekki hægt að skilja það svo, að verið sé að auka möguleika til þess, að síld fáist bræðd, því að ekki er neitt líklegt, að þessi stöð heltist úr lestinni. Hinsvegar er það vitað, að Útvegsbankanum hefir þótt erfitt að halda uppi þessu fyrirtæki, hefir haft það til sölu og leigt út á sumrum. Ef skilja á till. sem hjálp til Útvegsbankans, þá mætti athuga hana frá því sjónarmiði. En þá væri ástæða til að athuga aðrar ráðstafanir, sem eru brýnni, og kæmi þar þá ekki sízt til greina skipun heimildar til seðlaútgáfu, sem er ekki enn komin í hendur Landsbankans. — Þessi till. leysir að óverulegu leyti vandræði Útvegsbankans, en veltir í staðinn öðrum eins yfir á ríkið. Held ég, að ekki sé rétt að setja stj. í þennan vanda að óathuguðu máli og að þetta sé yfirleitt ekki tímabært. Get ég því ekki greitt till. atkv. mitt.

Jón Baldvinsson: Það hefir farið svo undangengin ár, að nokkrar síldarstöðvar hafa komizt í hendur ríkisins, og fer þetta vaxandi, eftir því sem virðist af frv. því, sem nú er búið að samþ. í Nd. Er það líka eðlilegt, að ríkið taki sem flestar innlendar verksmiðjur í sínar hendur, og fengist með því meira og betra yfirlit um reksturinn. Um Siglufjörð er það svo, að þangað komast ekki

öll okkar stórgufuskip til að afhenda síld, a. m. k. ekki úr Reykjavík og jafnvel ekki af Vestfjörðum heldur. Er því eðlilegra, að ríkið ræki líka þessa verksmiðju, sem er í rauninni ríkiseign, þó að hún teljist eign Útvegsbankans, því að ríkið á Útvegsbankann með húð og hári. Slíkur rekstur er ekki hlutverk bankans, enda hefir hann ekki getað rekið verksmiðjuna hin síðari ár. Það er rétt, að starfræksla hefir aldrei fallið niður á síðari árum, þó að við það lægi tvisvar sinnum. Frá skipum, sem heima eiga á Patreksfirði, Arnarfirði, Þingeyri og Ísafirði, hafa komið margar óskir um, að þessi verksmiðja yrði rekin og að þau gætu átt aðgang að henni, en um það hefir ekkert loforð verið hægt að gefa, þar sem svo er ástatt, að fyrirtæki það, sem á verksmiðjuna, vill ekki reka hana og þingið hefir hinsvegar viðurkennt, að einstakir menn geti nú ekki ráðizt í að koma upp eða reka slíkar verksmiðjur. Finnst mér því eðlilegt, eins og nú horfir við, að stj. fengi þá heimild, sem till. fer fram á að veita henni, og notfærði sér hana.

Sjómannafélagið hér í Reykjavík, sem er mjög fjölmennt, hefir mikinn áhuga á því, að stöðin gangi. Má búast við, að margt fólk missi atvinnu sína, ef stöðin á Önundarfirði, sem getur tekið 60—70 þús. mál til bræðslu, verður ekki rekin, og yrði þá af því mikið tjón, ef þessi stöð yrði óstarfrækt. Hinsvegar gæti ekki orðið mjög aukinn kostnaður vegna stjórnar eða sölu, þótt ríkið ræki verksmiðjuna. Má gera ráð fyrir, að ríkið eða stj. verksmiðjunnar gæti selt afurðir þessarar verksmiðju jafnframt og afurðir verksmiðjunnar á Siglufirði. Renna því flestar stoðir undir það, að eðlilegt sé, að till. þessi verði samþ., enda hafa síðustu þing lagt grundvöll að því, að koma síldarbræðslustöðvum hér undir eina stjórn.

Bjarni Snæbjörnsson [óyfirl.]: Það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði í niðurlagi ræðu sinnar, að grundvöllur hefði verið lagður að því á undanförnum þingum að koma öllum síldarbræðsluverksmiðjum hér undir ríkisstjórn, er ekki rétt með farið að því er til mín tekur. Það, sem gert hefir verið, er þetta, að í fyrra var keypt síldarbræðslustöð á Norðurlandi af útlendingi, sem ekki hefir starfrækt hana undanfarin ár. Landsmenn gátu því ekki framkvæmt starfrækslu þessarar stöðvar nema með því að taka hana eignarnámi eða kaupa hana, eins og gert var. Eins er það, að þegar ríkið lét reisa síldarbræðslustöð á Norðurlandi, þá var það gert af því, að talin var brýn þörf á því og ekki álitið, að einstaklingar gætu reist stöðina á svo skömmum tíma sem nauðsynlegt var til að bæta úr vandræðum útvegsmanna. En hér er til umr. stöð, sem er í eigu Íslendinga sjálfra, sem sé Útvegsbankans, og hefir alltaf verið starfrækt að undanförnu. Mér finnst því það, sem máli skiptir, vera þetta, hvort stöðin verður starfrækt í framtíðinni eða ekki. Hv. 2. landsk. taldi vafasamt, að það gæti orðið. Hann hélt því fram, að ríkið yrði að taka að sér starfræksluna, til þess að greiða fyrir skipunum. En ef líkur væru til, að stöðin yrði ekki starfrækt næsta sumar, af því að ekki fengist leigjandi, mætti bæta úr því með því að heimila stj. að leigja hana. Væri það mikill kostur. (**JBald:** Þetta felst í till.). Já, en ég vil ekki heimila kaup að svo stöddu. Ef það kemur til mála seinna að kaupa stöðina, þá getur ríkið athugað, hvaða sparnaður gæti orðið að því að starfrækja hana í sambandi við ríkisbræðsluna. Það er skóli, sem fengizt gæti með því að leigja stöðina í eitt ár. Er ekki vert að ráðast í slík kaup fyrr en sú reynsla er fengin. Allir vita, að síldarbræðslustöðvum er það sameiginlegt, að áhættusamt er að reka þær. Ef reksturinn er áhætta fyrir Útvegsbankann, eins og virðist vera, þar sem hann hefir heldur viljað leigja hana undanfarin ár, þá er það líka áhætta fyrir ríkið. Ég vildi þess vegna leyfa mér að koma fram með brtt. við þessa till., þó að seint sé, svo hljóðandi:

Tillögugr. orðist svo:

Alþingi heimilar ríkisstjórninni að leigja síldarbræðslustöð Útvegsbanka Íslands h/f á Önundarfirði með hagkvæmum kjörum, ef ekki fæst annar leigjandi, svo að líkindi séu til, að stöðin verði ekki starfrækt, og starfrækja hana í sambandi við aðrar síldarbræðslustöðvar

ríkisins, enda séu o. s. frv. eins og tillögugr. er.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 344) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 344 felld með 7:5 atkv.

Till. samþ. með 8:6 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 352).

20. Kartöflusýki.

Á 25. fundi í Ed., 4. des., var útbýtt:

Till. til þál. um rannsókn og útrýmingu á kartöflusýki (A. 281).

Á 27. fundi í Ed., 6. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 28. fundi í Ed., 7. des., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Eiríkur Einarsson): Það þótti gæfulegt og til þjóðþrifa, þegar Íslendingar urðu til þess fyrir og eftir aldamótin 1800 að efla sjálfir með þekkingu og áhuga jarðepla- og garðrækt á Íslandi. Og síðan það hófst fyrir alvöru fyrir áeggjan þeirra manna, sem framkvæmdasamastir voru á þessu sviði, þá hefir þessi ræktun aukizt mjög hér á landi, svo að nú á 20. öldinni er jarðeplarækt-in orðin öruggasta og bezta landbúnaðarstarfið, næst túnræktinni og öðru, er hefir bætt heyaflann, er auðvitað verður að teljast fyrst.

Það er því ekki að ástæðulausu, þegar stefnir í voða um slíkt bjargræði sem karftöflurnar eru Íslendingum, að leitað sé allra úrræða til að bæta úr því, sem nú horfir til eyðileggingar á slíkri björg í búi landsmanna. Hér á ég við það, sem till. hljóðar um, en það er kartöflusýkin, sem hefir útbreiðzt um landið, sérstaklega suðvesturhluta þess, og er nú það útbreidd, að hún er orðin hrein plága. Hér er því nauðsyn á að leita einhverra úrræða; fyrst að afla fullrar þekkingar á eðli sjúkdómsins og síðan að reyna að útrýma honum.

Sem dæmi þess, hve mikinn skaða þessi sýki gerir nú orðið, skal ég nefna ástandið í 2 sjávarþorpum austanfjalls, Eyrarbakka og Stokkseyri. Það mun láta nærri, að í hvoru þorpi hafi árlega verið framleitt um 3 þús. tunnur af kartöflum nú síðari árin, og ef maður verðleggur hverja tunnu á 15 kr., þá er það milli 40 og 50 þús. kr., sem íbúar þessara kauptúna, hvors um sig, eiga á hættu, ef þessi framleiðsla eyðileggst. En nú hefir kartöflusýkin breiðzt þar svo mjög út, að ef hún eykst eins mikið á næstu árum hlutfallslega og orðið hefir síðustu ár, þá verður öll uppskera þessara manna gereyðilögð nú á næstu árum. Er illt til þess að vita, og því nauðsynlegt að ráða bót á, ef hægt er.

En þá er eftir að vita, hvort kunnáttumenn geta fundið orsökina til þessarar sýki og ráð til að stemma stigu fyrir henni, og svarið hjá þeim, er þekkinguna þykjast hafa, er ekki eitt og hið sama. Till. mín gengur því út á, að það verði þrautrannsakað. Við erum svo heppnir að eiga ágæt tæki til að rannsaka allar meinsemdir landbúnaðarins. Það eru þau tæki, sem þýzka ríkið gaf okkur á alþingishátíðinni, og ekki er ómögulegt, að kunnáttumenn geti með hjálp þessara ágætu tækja fundið eitthvert ráð til að stemma stigu þessa vágests. Hér má einskis láta ófreistað. Ég álít tiltækilegt, ef til þyrfti að taka og álitið væri nauðsynlegt, að leita til erlendra sérfræðinga um þetta efni; þá verður að gera það, hvað sem sérstökum fjárveitingum líður. Þar verður nauðsynin að ráða, og ekkert annað. Ég skal verða fyrstur manna til að fordæma það, ef landslög eru ekki virt, ef um fjárveitingar er að ræða umfram heimildir, þar sem fresta má aðgerðum, en ég vil ekki láta það hefta hinar bráðustu nauðsynjar, að engin fjárveiting sé heimiluð til þeirra í það eða það skiptið.

Það er um mig eins og ég hygg, að sé um fleiri þm., að máli þessu fylgir engin sérþekking af minni hálfu, heldur skilningur á því, að mikið er í húfi, og vilji til að ýta undir að rannsaka málið og hefta sýkina, ef mögulegt er. Mér virðist því sjálfsagt, að d. sinni þessu máli og samþ. till., svo að stj. sjái, að Ed. álítur skylt að gefa því gaum. Og því meiri

nauðsyn er til að bæta úr þessu, að hér er að ræða um þá framleiðslu, sem helzt er lífsbjörg fátækari manna landsins, því að segja má, að því fátækari sem heimilin eru, því meiri not hafa þau af þessari framleiðslu, og við vitum það, að í mörgum kauptúnunum er þessi uppskera höfuðbjörg hinna fátækari. Vænti ég því, að hæstv. landsstj. geri það, sem í hennar valdi stendur, til að stemma stigu fyrir kartöflusýkinni hér á landi, nú að þessari till. samþykktri.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. afgr. sem ályktun efri deildar Alþingis (A. 353).

21. Útvarpsnot blindra manna.

Á 19. fundi í Ed. 25. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um að gera blindum mönnum hægara fyrir um afnot útvarps (A. 162).

Á 20. fundi í Ed., 27. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 21. fundi í Ed., 28. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Magnús Jónsson): Þessi till. er svo einföld, að grg. nægir til að átta sig á henni, þótt stutt sé. Allir vita, hve útvarp er mikils virði fyrir blinda menn. Það, sem aðrir fá með heyrn og sjón, verða þeir að fá með heyrninni einni saman. Blindir menn eru allra manna þaulsætnastir við útvarp og láta þar ekkert framhjá sér fara, og margt blint fólk lærir ótrúlega mikið af útvarpinu. En hér er sá ljóður á, að oft eru litlir möguleikar fyrir slíkt fólk til að eignast þetta tæki. Yfirleitt er þetta fátækt fólk, og þótt útvarpstæki séu ekki mjög dýr nú orðið, sérstaklega þau, sem ætluð eru fyrir stöðina í Reykjavík og notuð eru í nágrenni hennar, þá er verðið samt svo mikið, að þessir menn geta sjaldnast eignazt tækin, nema ef þeir eru svo heppnir, að einhverjir vinir þeirra gefi þeim þau. En þá kemur til greina annar ljóður á þessu, sem sé, að gjöfinni fylgir nokkurskonar skattgjald, sem er afnotagjaldið. Síðan Blindravinafélagið fór að starfa, hefir þetta mál verið tekið upp, og hafa farið fram bréfaskipti milli stj. þess og stj. útvarpsins og viðtækjaverzlunarinnar. Hefir þá komið í ljós, að ekki er fært að sleppa þessum mönnum við afnotagjald án heimildar stj., þeirrar, sem farið er fram á með þessari þáltill.

Þá eru hinir, sem enga eiga að, er geti gefið þeim þessi tæki. Hefir stj. Blindravinafél. hugsað sér þá aðferð, að ríkisstj. léti í té nokkur tæki, sem lána mætti ókeypis. Býst ég ekki við að þurfa að tala mikið fyrir þessu. Veit ég, að ríkið getur hér gert góðverk sér að meinfangalitlu við þá, sem svo eiga erfitt sem blindir menn. Getur vart orðið ágreiningur um þetta mál. En þó ber þess að geta, að komið gæti til mála, að þessi hjálp yrði misnotuð. Er vafalaust til fólk, sem fengið gæti af sér að misnota þetta og spilla svo fyrir málinu. T. d. gæti fólk, sem þyrfti að fá sér útvarpstæki, ef blindur maður væri t. d. á heimilinu, látið skrifa hann fyrir tækinu. Þarf því að setja reglur um, að stj. Blindravinafél. beiti sér fyrir því, að þessi heimild yrði ekki misnotuð, þó ekki væri vegna annars en þess, að það gæti orðið til þess, að þeir yrðu líka sviptir þessari hjálp, sem ættu hana skilið.

Held ég, að rétt sé, að till. verði vísað til n., þótt einföld sé, og þá líklega allshn. Vil ég þá um leið biðja hv. n. að flýta sem mest fyrir henni. En áður en ég lýk máli mínu, vil ég benda á eitt atriði, sem stendur til bóta. Í 2. tölul. er talað um að lána blindum mönnum tæki eftir sérstökum reglum. Væri, held ég, rétt að gera 2. málsl. að sérstökum lið, er ætti við báða töluliðina.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., 4. des., var till. tekin til síðari umr. (A. 162, n. 238).

Frsm. (Jónas Jónsson): N. hefir athugað þessa till. og komizt að þeirri niðurstöðu, í samráði við stjórn útvarpsins, að réttara sé að gera orðabreyt. á till., en þó þannig, að kostnaðurinn við þessa hjálp komi á útvarpið.

Ég hygg, að ekki þurfi miklar umr. um þessa till., því að flestum mun finnast hún sanngjörn, en þörf að hraða málinu, því að það á tvær umr. eftir í Nd.

Magnús Jónsson: Ég vil aðeins þakka n. fyrir afgreiðslu þessa máls. Breyt. sú, sem n. vill gera á till., er með þeim hætti, að ég get alveg eins unað till. í því formi, sem n. vill hafa á henni. Á hinn bóginn vill n. koma með þá breyt., að atvmrn. geti sett reglugerð um þetta. — Ég hefi svo ekkert meira að segja nema óska, að d. geti afgr. þessa till. svo fljótt, að við getum haft von um, að hún komist nú gegnum þingið, því að þetta er áreiðanlega gott mál, þó að það sé að vísu smámál.

Jón Jónsson: Mér sýnist þessi till. hafa tekið nokkrum breyt. hjá n. Ég sé nefnilega, að hér er farið fram á aukin útgjöld ríkissjóðs, en til þess var ekki ætlazt upphaflega í till. (**JónasJ:** Það er um þetta í niðurlagi brtt.). Ég sé ekki, að það breyti svo miklu, því að þar er gert ráð fyrir, að þetta sé einskonar kostnaður við útvarpið, og af því að þetta er aukaþing, finnst mér þessi stefna varhugaverð. Ég vil ekki leggjast á móti till. sjálfri, því að blindir menn eiga mjög erfiða aðstöðu, en mér finnst bara athugavert að samþ. slíkar fjárveitingar á aukaþingi.

Magnús Jónsson: Ég er alveg sammála hv. 3. landsk. um það, að varhugavert sé að samþ. fjárveitingar á þessu þingi, og það var einmitt þess vegna, að ég tók ekki til greina þá ósk frá Blindravinafél., sem mér fannst þó hliðstæð þessari, að greiða laun kennara, sem félagið vill hafa við blindraskólann. Ég vildi ekki taka það upp, af því að ég vildi ekki, að samþ. væri slík bein fjárveiting á þessu þingi. Þess vegna sneið ég till. þannig, að útvarpið skyldi kosta þetta. Ég fór fram á það við n., að hún gerði þetta, og það hefir hún líka gert með því að setja það ákvæði, að þessi útgjöld skuli færð inn á fjárhagsáætlun útvarpsins. Þetta kemur auðvitað í sama stað niður, því að útvarpið er rekið með halla, sem verður vitanlega þeim mun meiri, ef þessi till. verður samþ., og hallinn lendir vitanlega á ríkissjóði. En mér finnst samt rétt að hafa þetta form, svo að ekki verði með þessu veitt fordæmi fyrir fjárveitingum úr ríkissjóði á svona aukaþingi. Þess vegna fór ég fram á það við n., að hún flytti brtt. um þetta, eins og hún hefir nú gert.

Frsm. (Jónas Jónsson): Ég held, að hv. 3. landsk. hafi ekki athugað brtt. n. nógu vel, því að í niðurlagi hennar stendur, að atvmrn. láti færa þessi útgjöld á fjárhagsáætlun útvarpsins, en eins og hv. 3. þm. Reykv. sagði, þá kemur þessi kostnaður endanlega niður á ríkissjóði, en af því að útvarpið óskaði eftir að hafa það svona, þótti n. rétt að breyta till. í þá átt. Nú á fjöldi manna erfitt með að greiða kostnaðinn við útvarp, svo að eftir því, sem mér skilst, ætti nú að vera búið að loka útvarpinu hjá mörgum notendum. En ef þingið færi að semja l. um það, að einhverjar vissar tegundir manna skyldu undanþegnar skatti, þá yrði erfitt fyrir útvarpið að halda góðri reglu um skattgreiðslu margra manna. Ég hugsa því, að hv. þm. sjái við nánari athugun, að hann hefir ekki skilið þetta rétt.

Atvmrh. (Þorsteinn Briem): Ég hefi ekki hlustað á þessar umr., en ég hjó eftir því, sem hv. frsm. sagði, að ekki væri ætlazt til, að þetta yrði greitt úr ríkissjóði. Er það ekki rétt? (**JónasJ:** Jú). Þá sé ég ekki, að brtt. sé önnur en sú, að þetta framlag sé bundið við ákveðna upphæð, og er að ýmsu leyti þægilegra í framkvæmdinni, að svo sé. Ég mæli með brtt., enda kemur hún nákvæmlega heim við þær till., sem ég hafði þegar gert í samráði við tvo starfsmenn útvarpsins.

ATKVGR.

Brtt. 238 samþ. með 12 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 26. fundi í Nd., 5. des., var till. útbýtt eins og hún var samþ. við síðari umr. í Ed. (A. 292).

Á sama fundi var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 27. fundi í Nd., 6. des., var till. tekin til fyrri umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 15 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 7. des., var till. tekin til síðari umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 358).

---

22. Sundhöll í Reykjavík.

Á 11. fundi í Ed., 16. nóv., var útbýtt: **Till. til þál. um sundhöll í Reykjavík** (A. 45).

Á 12. fundi í Ed., 17. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 13. fundi í Ed., 18. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Eins og hv. þd. getur séð af grg. till., er hér aðeins um endurveitingu að ræða. Með lögunum um sundhöll frá 1928 var þetta fé bundið við það, að verkinu væri lokið 1930. Verkið tafðist af ýmsum ástæðum, og nú mun hæstv. stjórn ófús á að greiða hina lögmæltu upphæð, nema með endurveitingu. Á þessu stigi málsins mun ég ekki fara mörgum orðum um málið, en geta þó þess, að sundlaugarnar eru í afarslæmu ástandi og fjöldi fólks fer heldur út úr bænum til hinna nýju og fullkomnu sundlauga utan bæjarins, sem hefir verið komið upp á seinni árum, og af því er augljós sú þörf, sem knýr til þess, að bærinn eignist fullkomna laug. Reyndar var komið fyrir lítilli laug í Austurbæjarbarnaskólanum og einum íþróttakennara bæjarins, Aðalsteini Hallssyni, gefið leyfi til þess að kenna þar sund í sumar sem leið. Ég var nú reyndar lítið heima í sumar, en mér skilst, að þar hafi mörg hundruð manna lært sund á fáum vikum, mjög margt af því fólki var fullorðið, bæði karlar og konur. Þegar sundhöllin er fullger, verður því bætt úr brýnni þörf, og þá aukast og glæðast allir möguleikar sundíþróttarinnar. Ég vil að lokum leggja til, að málinu verði vísað til fjhn., og beini því til hv. n., að hún flýti fyrir afgreiðslu málsins eins og unnt er, til þess að hægt verði að hefjast handa sem fyrst.

Jón Þorláksson: Ég get gefið þær upplýsingar, að Rvíkurbær hefir þegar lagt fram til þessa verks 280 þús. kr. án þess að nokkuð kæmi í móti því af ríkissjóðs hálfu. Upphaflega var tilætlunin sú, að ríkissjóður kostaði þessar framkvæmdir að hálfu, en þá höfðu menn allt aðrar hugmyndir um kostnaðinn heldur en reynslan hefir síðar leitt í ljós. Á þessu ári hefir bæjarstjórn snúið sér til ríkisstj. og spurzt fyrir um hið fyrirhugaða 100 þús. kr. framlag. En með tilvísun til laganna hefir stj. ekki álitið sér skylt að greiða þetta fé af hendi. Það er mjög líklegt, að hún hafi þar nokkuð til síns máls, því að skilyrði var, að verkinu yrði lokið 1930. En að því er snertir möguleikana til þess að fullgera þetta mannvirki, sem öllum kemur saman um, að sé mjög æskilegt að verði sem fyrst tilbúið, og þar að auki er mjög leiðinlegt að láta húsið standa til engra nota, þar sem það er nú fullgert utan, en alveg ó-

innréttað, þá er ég hræddur um, að hugmynd hv. flm. hrökkvi nokkuð skammt, og mér virðist það tálvon, að einar 100 þús. kr. nægi til þess, að hægt sé að ljúka við verkið. Ég hygg, að það verði ekki mikill munur á því fé, sem til þarf að kosta í viðbót, og því, sem þegar hefir farið í þetta. Það er eftir að setja upp vélarnar, sem vatnið á að hreinsa í, og það á eftir að skipta niður rýminu og sundurhólfa í baðklefa, og yfirleitt er allt eftir að vinna til þess, að húsið verði nothæft innan. Þó að engin áætlun liggi fyrir um þetta allt saman, þá hygg ég, eftir þeirri þekkingu, sem ég hefi á hlutfallinu milli þess kostnaðar, sem það hefir í för með sér að útbúa hús utan og innan, að ekki verði komizt af með minna en 200 þús. kr. eða þar yfir til viðbótar. En ég geri hinsvegar ráð fyrir því, að ef þessar 100 þús. kr. fást — og eru þær þó lítið framlag úr ríkissjóði samanborið við það, sem bæjarsjóður hefir þegar lagt fram til verksins —, þá muni bæjarstjórn reyna til að ljúka verkinu, en þá vildi ég geta þess, að það er mjög æskilegt, að tíminn sé ekki aftur ákveðinn of naumum, og vil skjóta því til n., hvort ekki væri réttara að hafa tímatakmarkið rýmra en till. greinir, en þar er nefnt 1. október næstk., því að verkið er mjög seinlegt og tafir geta alltaf orðið af ófyrirsjáanlegum orsökum.

Flm. (Jónas Jónsson): Ég býst við, að hv. 1. landsk. eigi kost á því að láta álit sitt uppi um þetta atriði, þar eð ég lagði til, að málið kæmi fyrir nefnd þá, sem hann er form. fyrir. Það er alls ekki mín ósk, að tímatakmarkið verði sett svo þröngt, að það tefji fyrir málinu.

Jón Jónsson: Ég er alveg samdóma hv. flm. um, að það sé mjög leiðinlegt, að þetta verk er ekki komið lengra áleiðis, úr því að ráðizt var í það á annað borð. En hinsvegar eru nú þeir tímar, að fyllsta ástæða er til, að við athugum okkar hag, áður en við stuðlum að því, að svona stór upphæð sé greidd úr ríkissjóði. Þess er að gæta, að fjárlögin fyrir næsta ár voru afgr. með greiðsluhalla; ég verð því að telja mjög illa farið, ef þetta aukaþing fer að auka þann halla með nýjum fjárveitingum, sem enginn veit, hvar staðar nema, ef á þá braut er farið. Þetta er náttúrlega ákaflega gott og þarft verk, en mér finnst rétt að geyma það til næsta reglulegs þings, enda liggja ekki fyrir neinar upplýsingar frá bæjarstjórn, hvað hún ætlast fyrir í málinu. Einnig virðist séð fyrir þörfinni, a. m. k. til bráðabirgða, með lauginni í nýja barnaskólanum. Ég vona, að hv. d. taki allt þetta til athugunar, og líka það, að þetta virðist vera fjárveiting eingöngu og ekkert annað, og á því heima í fjvn., en ekki í fjhn., eins og hv. flm. stakk upp á.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Stjórninni hefir borizt erindi frá borgarstjóra um sundlaugarframlagið. En bæði var þá lítið um fé og í mörg horn að líta, og gömul fjárveiting fallin úr gildi. Svo að á því stigi málsins gat stj. ekki svarað öðru en því, að hún teldi ekki rétt að greiða þetta fé af hendi, en stakk hinsvegar upp á, að endurveiting væri fengin, sem nota mætti, þegar betur stæði á. Það er mjög æskilegt, að ekki þurfi að neita um framlagið, því að bæði hefir Rvík ekki hlotið svo miklar fjárveitingar í sinn hlut, og auk þess er Rvík svo illa sett um möguleika til íþróttaiðkana og útivistar, og þá einkum á vetrum, að engin önnur höfuðborg á Norðurlöndum þarf meiri umbætur til að skapa íþróttalíf og hollar skemmtanir. Þegar sundhöllin kemst upp, mun hún eiga mikinn þátt í því að bæta möguleika unga fólksins til þess að skemmta sér á heilbrigðan og hollan hátt. Sú stjórn, sem nú situr, mun gera sitt til, að hægt verði að greiða þessar 100 þús. kr. á sínum tíma.

Jón Þorláksson: Ég ætla aðeins út af ummælum hv. 3. landsk. um það, að ekki lægi neitt fyrir um þetta mál af bæjarstj. hálfu, að vekja athygli á því, að nú er einmitt sá tími kominn, að bærinn fer að útbúa fjárhagsáætlun sína. Með tilliti til þessara góðu undirtekta hæstv. stj., geri ég ráð fyrir, að bæjarstj. muni kosta kapps um að finna þessari nauðsynlegu viðbót stað á fjárhagsáætluninni. En verði hinsvegar endurveitingin ekki veitt, þá er það alveg undir vilja hæstv. stj. komið, hvort nokkurntíma tekst að

ljúka verkinu til fulls. Ég geri ekki ráð fyrir, að bæjarstj. muni slá þessu á dreif, en hinsvegar býst ég við, að hún muni þá frekar telja sjálfsagt að leggja í að bæta þann útisundstað, sem bærinn hefir nú, nefnilega sundlaugarnar, sem eru mjög ófullnægjandi, og sem miður góð rækt hefir verið lögð við síðan sundhallarmálið kom fyrst upp. Nú held ég, að þolinmæðin sé brostin, svo að ef ekki verður hægt að fullgera sundhöllina, þá muni bæjarstj. snúa að hinum staðnum, enda er það miklu betur meðfæri bæjarsjóðs heldur en hitt yrði, að ljúka við sundhöllina án ríkisframlags. Það væri því mjög æskilegt, að við hinar fyrri ákvarðanir yrði staðið og að málinu verði ráðið til lykta nú þegar.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 7 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 7 shlj. atkv. og til fjhn. með 8:1 atkv.

Á 17. fundi í Ed., 23. nóv., var till. tekin til síðari umr. (A. 45, n. 106).

Frsm. (Jón Baldvinsson): N. hefir gert grein fyrir áliti sínu á málinu á þskj. 106 og breyt. þeirri, er hún ber fram við þáltill. Í fjárl. er styrkur til byggingar sundlauga miðaður við það, að ríkissjóður leggi fram helming kostnaðar, og þó þetta heiti sundhöll í Rvík, þá er hún þó hliðstæð við sundlaugarnar úti um héruðin, nema hvað hún mun koma fleirum að gagni hér. Því er það, að n. fer fram á, að framlagið til sundhallarinnar í Rvík verði $^2/_5$ alls kostnaðar, þegar byggingin er upp komin, og af því greiðist 100 þús. kr. á árinu 1934, en síðar skuli greiða til viðbótar það, sem á vantar til þess að ríkissjóðsframlagið samsvari þessum hluta kostnaðarins, eigi síðar en árið eftir að verkinu er lokið.

Í frv. til l. frá 1928 um sundhöll í Rvík, sem borið var fram á Alþ. og þá samþ., var eiginlega gert ráð fyrir því, að kostnaðurinn yrði 200 þús. kr. Það er að vísu áður en nokkrar áætlanir lágu fyrir og því hefir ekki verið ákveðið hærra framlag úr ríkissjóði en 100 þús. kr. Það er því sýnilegt, að Rvík hefir átt að njóta sömu hlunninda eins og önnur héruð. En vegna þess að fjárhæðin verður svo há í þetta mannvirki, hefir n. komið sér saman um að leggja til, að framlagið úr ríkissjóði verði $^2/_5$ alls kostnaðar. Þetta er því sjálfsagðara, sem bæjarstj. er með l. frá 1928 lögð sú skylda á hendur að byggja sundlaug eftir þeim teikningum, sem ríkisstj. hefir samþ. Ég geri ráð fyrir, að ríkisstj. hafi samþ. þessa byggingu sundhallarinnar. Það er því ríkisstj. sjálf, sem hefir ráðið miklu um það, að sundhöllin verður svona stórt og dýrt fyrirtæki, auk þess sem ég ætla, að ríkisstj. hafi haft hönd í bagga með undirbúning málsins, jafnvel lagt til mann til þess að gera áætlanir.

Það ber því allt að sama brunni um það, að í l. eru fyrirheit um framlag helmings kostnaðar. En n. fer þó ekki lengra en að leggja til, að ríkissjóður skuli greiða $^2/_5$ hluta byggingarkostnaðar.

Í sjálfri till. á þskj. 45 er gert ráð fyrir því, að sundhöllin verði nothæf fyrir almenning eigi síðar en 1. okt. næstk. Þessu hefir n. breytt þannig, að þetta sé ekki bundið við svo þröngt tímatakmark, því þá gæti farið á svipaðan hátt og með l. frá 1928, að stj. gat ekki séð sér fært að greiða framlagið, sem þá var miðað við, að sundhöllin væri komin upp 1930. Þetta rýmkar n. í till. sinni á þskj. 106 og væntir þess, að d. geti fallizt á þá brtt.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Við síðustu umr. gat ég þess, að stj. væri því hlynnt, að endurnýjuð yrði 100 þús. kr. fjárveiting til sundhallarinnar í Rvík. Ég gat þess þá, að náttúrlega væru erfiðleikar á því fyrir ríkissjóð og ekki fyrirsjáanlegt nú, hvort hægt væri að nota þá heimild. En núv. stj. hefir fullan hug á að nota heimildina, og mun vitanlega áður en til framkvæmda kæmi veita borgarstjóranum í Rvík úrslitasvör í því efni. Hér er um töluverða fjárhæð að ræða, og liggja sérstakar ástæður til, að stj. telur sig knúða til þess að standa ekki á móti endurveitingu á hinni upphaflegu fjárhæð. En þegar um það er að ræða að breyta hinum gömlu skilyrðum og hækka fjárveitinguna upp í 200 þús. kr., þá verð-

ur stj. vitanlega að mælast eindregið til, að allar slíkar ákvarðanir bíði næsta þings. Því ákvörðun um 200 þús. kr. ný útgjöld heimta nýja tekjustofna. Það verður að breyta þeim gamla vana að mæla fyrir um hin og þessi útgjöld, án þess að séð sé fyrir tekjum um leið. Tekjuöflunin hefir verið erfitt viðfangsefni á undanförnum þingum, vegna þess að fjármál ríkisins hafa blandazt svo mjög saman við önnur viðfangsefni. En þegar þessháttar þvergirðing stendur ekki lengur í veginum, má þingið ekki stofna til nýrra útgjalda án þess að skapa nýjar tekjur um leið. Brtt. n. að því er snertir hækkun tillags úr ríkissjóði á því að bíða næsta þings, en ekki að koma fram núna.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Ég sé ekki, að það sé ástæða til þess, að þetta þurfi að bíða næsta þings, eins og hæstv. ráðh. fer fram á.

Hæstv. ráðh. sá við fyrri umr. till. fært að taka til athugunar að greiða þá fjárhæð, sem þá var farið fram á, 100 þús. kr. En nú geri ég ekki ráð fyrir, að það komi til meiri útborgun en 100 þús. kr. þangað til næsta þing kemur saman, því í brtt. n. er því slegið föstu, að bygging sundhallarinnar skuli ekki vera lokið 1. okt. 1934, eins og þál. fer fram á, heldur verði verkinu haldið áfram með hæfilegum hraða og því lokið svo fljótt sem unnt er. Það er nú þegar komið svo mikið fé í þessa byggingu, að þetta 100 þús. kr. framlag ríkissjóðs mætti vel koma á árinu 1934, þó byggingunni væri þá ekki lokið til fullnustu. N. gerir ráð fyrir, að verkinu verði haldið áfram með hæfilegum hraða, og má því telja víst, að verkinu verði ekki lokið á árinu 1934. Þá kemur því ekki til meiri greiðsla en sem hæstv. ráðh. lofaði við fyrri umr. till. að greiða, ef till. yrði samþ. Það er því nægilegur tími til þess að taka það til athugunar, hvaða tekjustofna eigi að skapa til að standa á móti þeim útgjöldum, sem af þessu munu verða á árinu 1935, eða jafnvel 1936, því í niðurlagi brtt. er gert ráð fyrir, að síðari greiðsla fari fram eigi síðar en ári eftir að verkinu er lokið. Það getur því orðið eftir 2—3 ár, sem síðari greiðsla fer fram, og á þeim tíma kemur þingið væntanlega 2—3 sinnum saman.

Ég sé því ekki ástæðu til frá n. hálfu að breyta um afstöðu til till., því þetta fer allt saman, sem hæstv. forsrh. hefir lofað og það, sem n. leggur til, þegar það er skoðað niður í kjölinn.

Jónas Jónsson: Ég vildi þá fyrst beina fyrirspurn til hv. 1. landsk., sem er form. þeirrar n., sem hefir haft þetta mál til meðferðar, og sem einnig er form. þess flokks, sem var nokkuð tregur til að styðja þetta mál, þegar það fyrst var borið fram. En ég vildi aðeins benda á það, að sá grundvöllur, sem málið var byggt á 1928, var, að það þótti sanngirnismál, — líka af þeim flokki, sem ekki hafði mikið fylgi hér í Reykjavík —, að íþróttaskilyrði og heilsuskilyrði í sambandi við þessa byggingu yrðu notuð hér ekki síður en annarsstaðar. Nú var treglega tekið í þetta af ýmsum mönnum í flokki hv. 1. landsk. og okkur legið á hálsi í blöðum flokksins, að við fulltrúar sveitanna værum að leggja óþarfa byrði á landið vegna Rvíkur. Ég minnist nú ekki á þetta til þess að ýfa upp gamlar væringar, heldur af því, að frá sjónarmiði okkar, sem viljum, að málið gangi fram, þá er ég ekki viss um nema þessi till. frá n., sem eitt og annað mælir með, verði til þess, að málið strandi í Nd. Þess vegna vildi ég spyrja hv. 1. landsk., hvort hann geti tryggt það, að till. nái fram að ganga í Nd., ef þessi hækkun verður samþ. Till. er að formi til nokkuð nýtt í málinu, þar sem aftur á móti, eins og hæstv. ráðh. tók fram, till. um 100 þús. kr. framlagið er aðeins endurveiting og áframhald af því, sem ein fyrrv. stjórn gekk inn á.

Ég skil það vel, að hæstv. forsrh. líti öðruvísi á þetta eftir að til greina kemur aukning í þessu efni. En ég ætla þó ekki að fara sérstaklega út í það, heldur aðeins skýra lítilsháttar frá því, að þegar þetta mál kom fyrst fram, þá var ekki til sú áætlun og teikning, sem að lokum var samþ. Þá var þetta álitinn mjög heiðarlegur styrkur til Rvíkur, þessar 100 þús. kr. En þá kom fram krafa frá íþróttamönnum bæjarins um það, að hafa þessa byggingu veglegri en upphaflega hafði verið hugsað. Þess vegna er ekkert, að ég

hygg, um þetta ákveðið nema það, sem lögin segja. Landið leggur til þetta framlag með vissum skilyrðum, en bærinn á verkið og byggir sundhöllina, og það er á ýmsan hátt komið undir bænum, hvernig gengið er frá akkorðum og mörgu þesskonar, sem ég ætla ekki að fara neitt út í hér. Þess vegna held ég, að það sé ekki hægt, eins og hv. frsm. n. gerði, að halda því fram, að í raun og veru séu það gamlar skyldur frá 1928, sem bindi þingið nú. En á hinn bóginn ætla ég að greiða atkv. með þessari till., ef ég hefi von um, að það sé gott fyrir málið í sjálfu sér, og þá atkvgr. byggi ég á því, að það sé í sjálfu sér ekkert við það að athuga, þó Rvík fái hækkun í þessa byggingu eins og hvert annað kjördæmi á landinu. En ég álít, að n. hafi gert rétt í því að halda ekki fram ýtrustu kröfu um helmingsframlag, af því að Rvík er auðugasta bæjarfélagið á landinu.

Ég lít svo á, að fyrir fjármálastjórn landsins sé þessi till. ekki svo hættuleg, af því að það er sennilegt, að verkið gangi ekki eins fljótt og búizt hafði verið við, og þess vegna kæmi þetta til að ná yfir lengri tíma. Það væri t. d. hægt að lengja frestinn um eitt ár. En þar sem borgarstjóri hefir upplýst, að til þessa verks séu farnar 300 þús. kr. og byggingin er undir skemmdum, þá finnst mér það ætti að vera metnaðarmál fyrir bæinn og landið, að lokið sé við þetta verk eins fljótt og unnt er.

Að lokum vildi ég beina þeirri fyrirspurn til borgarstjórans, hv. 1. landsk., hvort hann vildi ekki, ef það gengi betur að þoka málinu áfram, gera skriflega brtt. um, að í staðinn fyrir eitt ár komi 2 ár, ef fjármálastjórn landsins líkaði það betur.

Jón Jónsson: Ég vék að því við fyrri umr. þessa máls, að það væri varhugaverð leið, sem þingið væri hér að leggja út á, ekki sízt af því, hve stutt seta er því ætluð, með því að fara að samþ. þessa till. Þá minnti ég líka á það, að fjárlögin frá síðasta þingi virtust vera fulláskipuð að því er útgjöld snerti, og því viðsjárvert að auka útgjöldin án þess að tekjur væru nokkuð auknar. Ég er smeykur um, að erfitt reynist ríkissjóði að standast þessi auknu útgjöld án þess að honum sé jafnframt séð fyrir auknum tekjum. Ég get ekki neitað, að það er leitt, hve illa gengur um framkvæmdir á þessu mannvirki, úr því að svona langt er komið á annað borð. En ég held líka, að nokkurs ráðleysis hafi þar kennt um undirbúning málsins, líklega bæði frá þáv. ríkisstj. og bæjarstj. Fyrirhyggjulítið að stækka fyrirtækið stórlega frá því, sem ráðgert var í upphafi, og án þess að tryggja því fé. Það er sorglegt um svo dýran hlut, að hann skuli standa þarna, engum til gagns. En það er komið sem komið er, og það virðist geta komið til mála að leggja fram 100 þús. kr., eftir undirtektum hæstv. fjmrh., er hann lét í ljós, að hann treystist til þess, en mér finnst það ekki ná nokkurri átt að fara að lofa viðbótarframlagi, sem engin leið er að standa við, heldur verður aðeins nefnt vanefndir af ríkisins hálfu. Hitt er ekkert athugavert við, þó að ríkið athugi sinn gang í málinu, jafnframt ástæðum hlutaðeigenda. Það er heldur ekki óeðlilegt, þó að örsmáir staðir í fátækum og strjálbýlum héruðum fái að tiltölu hærri styrk til þess að koma upp hjá sér sundlaugum heldur en svo stór og fjölmenn og efnahagslega vel stæð borg eins og Rvík. Þess vegna álít ég ekki, að ástæða sé til þess fyrir ríkið að binda sig meira en raun er þegar á, og mælist ég því til þess við hæstv. forseta, að málsliðir till. verði bornir upp hvor í sínu lagi. Ég get vel fallizt á það, að tímatakmarkið verði lengt, en ég vænti þess, að hinu atriðinu verði frestað.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Hv. frsm. telur, að till. n. feli í sér lítið annað en það, sem stj. var áður búin að viðurkenna. Það er rétt, að á næsta ári kemur ekki meira til útborgunar en 100 þús. kr., og hinar seinni 100 þús. þarf ekki að greiða fyrr en ári eftir að verkinu er lokið. Ég verð að játa það, að með undirtektum stj. um 100 þús. kr. var teflt á tæpasta vað. En þar var ekki um annað að ræða en endurveitingu á fjárhæð, sem þegar átti að vera búið að greiða. Í öðru lagi var stj. skýrt svo frá, að 100 þús. kr. mundu nægja til þess, að sundhöllin yrði nothæf. Að 200 þús. þurfi til þess, eru nýjar upplýsingar fyrir stj. Það

hafði verið gert ráð fyrir, að miklu minni fjárhæð dygði, og að eingöngu stæði á þessum 100 þús., sem upphaflega var um rætt. 400 þús. kr. höfðu virzt fullhá upphæð, hvað þá 500 þús., fyrir ekki margbrotnari byggingu, ekki sízt þegar þess er gætt, að hér er ekki um fullkomið baðhús með gufuböðum o. fl. að ræða. Það er hættuleg regla, sem fylgt hefir verið undanfarin ár, að hækka stöðugt útgjöldin og láta bíða að sjá fyrir tekjum á móti. Því vil ég fastlega vara við nú sem oftar. Þetta háttalag gat gengið nokkur ár í skjóli hækkandi verðlags og aukinnar framleiðslu. Þá fóru tekjur ríkissjóðs vaxandi og honum var kleift að standast ýmsar aukagreiðslur að skatta- og tollalögum óbreyttum. En nú er komið á þriðja ár síðan þessi aðstaða breyttist. Það er því mikill ábyrgðarhluti að viðhafa aðra reglu um þetta en að þegar nýjar fjárveitingar eru samþ., þá sé jafnframt séð fyrir nýjum tekjum. Þeir, sem hafa viljann til framfara, verða líka að sætta sig við nýja og aukna skatta. Ég legg mikla áherzlu á það, bæði hér og í hv. Nd., að þessi regla sé haldin og aukning á þessum styrk bíði næsta þings, og að nú verði aðeins afgr. endurveiting á 100 þús. kr., sem raunar eru fallnar í gjalddaga gagnvart bæjarfélaginu.

Jón Þorláksson: Hv. 4. landsk. beindi til mín nokkrum orðum, sumpart um undirtektir þær, sem þetta mál fékk á fyrri þingum, og sumpart um afgreiðslu málsins nú. Ég held, að hv. þm. misminni hrapallega, er hann gat um það, að sá flokkur, sem ég hefi þann heiður að vera í, hefði verið tregur til fylgis við málið, þegar það var tekið upp á þingi 1928. Ég átti þá sæti í þessari hv. deild, en ég get ekki minnzt þess, að á nokkurri tregðu til fylgis við málið hafi bryddað hér í d. Ég get reyndar játað það, að ég fylgdist ekki eins vel með því, hvernig umr. og atkvgr. fóru fram í Nd., en hv. þm., sem þá var ráðh., átti öllu betur kost á því, og má vera, að andmæla hafi þar orðið vart hjá einhverjum flokksmanna minna; það treysti ég mér ekki til þess að fortaka.

Hv. þm. spurði einnig um það, hvort ég treysti mér til að tryggja málinu fylgi í Nd., ef það yrði samþ. hér. Þar til er því að svara, að það er ekki siður sjálfstæðismanna að binda hendur einstakra flokksmanna sinna í málum yfirleitt; það hefir heldur ekki verið minnzt á það á flokksfundi; en ég býst hinsvegar við, að menn telji till. sanngjarnar og réttmætar og greiði atkv. samkv. því. Þá spurði hann loks, hvort það gæti orðið til að greiða fyrir gangi málsins, að fresturinn yrði hafður 2 ár, í stað eins. Ég segi honum fúslega, að ef það getur oltið á einhverju slíku um málið, þá vil ég það gjarnan til vinna. Hinsvegar getur hann ekki vænzt þess, að ég fari að bera fram brtt. í þá átt, en ef hún kæmi annarsstaðar að, þá tel ég ekkert athugavert við það, og mun líklega ljá henni fylgi mitt. Hvort sem greiðslufrestur ríkissjóðs á lokaframlaginu er 1 eða 2 ár, mun bæjarsjóður verða að taka bráðabirgðalán til þess að inna þetta framlag af hendi, og munar þá aðeins einhverri dálitilli vaxtaupphæð. Eins og lögin og umr. frá 1928 bera með sér, héldu menn, að 200 þús. kr. mundu nægja til þess að koma upp sundhöllinni, og þar var fjárveitingin bundin því skilyrði, að Reykjavíkurbær legði fram aðrar 100 þús. kr. á móti framlagi ríkissjóðs. Nú er svo komið, að Reykjavíkurbær hefir lagt fram nær þrefalda þessa upphæð án nokkurrar aðstoðar af ríkissjóðs hálfu. Ég get ekki séð, að það sé hlutverk Rvíkur frekar en ríkissjóðs að hlutast til um það, að verkinu verði lokið að fullu. Það er nú auðséð, að mönnum skjátlaðist um það 1928, hve mikillar upphæðar væri þörf í heildinni. Ég geng þess ekki heldur dulinn, að ýmislegt má finna að grundvelli framkvæmdanna. Þó kemur þar til sérstaklega eitt atriði, sem bæjarstj. Rvíkur er vítalaus af, en var framkvæmt upp á ábyrgð ríkisstj. og eftir hennar kröfu, en það var, að ekki skyldi höfð ein laug, heldur tvær undir þessu þaki. Mótin eru þegar steypt, og þær eru þar báðar komnar og verkið allt er meira og kostnaðarsamara fyrir þessa kröfu frá ráðuneytinu, sem bæði var óþörf og óvenjuleg. Um það get ég vel borið, því að ég hefi erlendis komið í margar stofnanir af þessu tægi og hefi þar hvergi rekið mig á, að notaðar væru fleiri en ein laug. Það

mætti vel finna ummælum hv. 3. landsk. stað, en það hlýtur bæði hann og aðrir að sjá, að ríkisstj. getur ekki skellt öllu upp á bæjarstj. eina og engan annan. Hann lét svo um mælt, að Rvík hefði svo miklu betri aðstöðu vegna þess að hér er fjölmenni og má búast við, að hægara sé um vik við slíkar framkvæmdir. Þetta er vitanlega alveg rétt hjá hv. þm., en í slíkum bæ, sem hefir farið svo hraðvaxandi síðustu 25 árin, sem raun er um, er í mörg horn að líta. Þetta mál horfir mjög misjafnlega við. Margar óskir eru um það, að sundhöllinni verði komið upp, enda ber þar margt til. Hún er hinn ákjósanlegasti staður til sundkennslu, ekki sízt vegna þess, hve gott er að koma því við á vetrum, þegar margt er í bænum af aðkomufólki, og það er mjög miklu hentugra að því er tíma snertir að eiga kost á að fara í stofnun, sem er inni í bænum, heldur en alla leið inn í sundlaugar. En af hálfu íþróttamanna og annara bæjarbúa, sem áhuga hafa fyrir sundinu sem íþrótt og til heilsubótar, er lögð enn meiri áherzla á það, að bættur sé sundstaður utanbæjar. Svo að þótt sundhöllin væri komin upp, þá gæti bæjarstj. ekki komizt hjá því að bæta hinn staðinn, en til þess þyrfti hún og að verja stórfé. Það er ekki hægt að skjóta á frest alnauðsynlegustu endurbótum á sundlaugunum, því að þörfum bæjarbúa er ekki fullnægt, þótt þeim sé gefinn kostur á að fara í sundlaug inni í húsi í bænum um sumartímann. Til þess að geta haft veruleg not af þessu, þurfa þeir að geta komizt út úr bænum og bæjaróloftinu, og það þarf þá að vera til útisundstaður, helzt með volgu sjóvatni. Sundlaugarnar eiga í þessum efnum öllu hægara um vik en sundhöllin.

Þannig horfir þá málið við. Áhugamenn bera almennt fram mjög ákveðnar óskir um það, að sundhallarbyggingunni verði lokið, og sjá það, að hún muni verða lyftistöng undir, að æskulýður bæjarins og landsins læri sund, en það er bara byrjunin. Síðan á að taka við hollt loft og útilíf í sambandi við iðkun þessarar íþróttar, þegar menn eru búnir að læra hana.

Á mótbárur hæstv. fjmrh. get ég ekki fallizt, því að ef fresturinn gefur nægilegt svigrúm, þá má alltaf sjá fyrir tekjum til þess, að hægt verði að standa við loforðið. Eftir till. n. er ekki heldur farið fram á meira en uppfyllingu á þegar gefnu loforði, og ríkisstj. verður auðvitað að taka afleiðingunum af því að hér er allt orðið dýrara en upphaflega var til ætlazt, ekki sízt vegna þess, að kröfur ríkisvaldsins sjálfs hafa átt mikinn þátt í, að svo er komið um framkvæmd málsins.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 140) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 106, fyrri hluti, samþ. með 12 shlj. atkv.

— 140 samþ. með 8 shlj. atkv.

— 106, síðari hluti, svo breytt, samþ. með 8:5 atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 7:5 atkv. og afgr. til Nd.

Á 18. fundi í Nd., 24. nóv., var till. útbýtt eins og hún var samþ. við síðari umr. í Ed. (A. 141).

Á 19. fundi í Nd., 25. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 20. fundi í Nd., 27. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 18 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 27. fundi í Nd., 6. des., var fram haldið fyrri umr. um till. (A. 141, n. 304).

Frsm. (Tryggvi Þórhallsson): Þetta mál var þannig borið fram í Ed., að raunverulega var eingöngu um að ræða endurveitingu á 100 þús. kr. framlagi, sem upphaflega hafði verið ákveðið að veita til sundhallarinnar. Meiri hl. n. þeirrar, sem um málið fjallaði í Ed., bar fram brtt. við þáltill., og er því í henni eins og hún nú er gert ráð fyrir, að framlag ríkissjóðs til þessarar byggingar geti orðið töluvert hærra en áður var farið fram á, en þó í samræmi við það, sem ríkið leggur til samskonar framkvæmda annars-

staðar á landinu, en það eru ⅖ hlutar kostnaðarins. Fjvn. leggur til, að till. verði samþ. óbreytt. Að vísu áleit hún, að menn teldu ef til vill æskilegra að afgr. hana eins og hún upphaflega var, en það er hinsvegar mjög hætt við, ef farið verður að breyta till. nú og setja hana í Sþ., þá verði hún ekki afgr. frá þinginu að þessu sinni.

Þar sem hér er um mjög mikið menningar- og heilbrigðismál að ræða fyrir fjölmennasta stað landsins, þá lítur n. svo á, að ekki beri að horfa í það, þó að um nokkuð hærra framlag sé að ræða til þess að hrinda verkinu í framkvæmd en upphaflega var ákveðið.

Það er blátt áfram óviðeigandi að láta slíkt nauðsynjamál sem þetta stranda á smáagnúum milli ríkisstj. annarsvegar og bæjarstj. hinsvegar.

Ég þarf ekki að hafa miklu fleiri orð um þetta, en ætla að bæta því við, aðeins til gamans, að ég hefi sjálfur haft tækifæri til að sjá það á mínum eigin börnum, hve holl og góð áhrif það hafði á heilsu þeirra að stunda þessa íþrótt. Með því að hrinda þessu máli í framkvæmd má álíta, að stærra spor sé stigið í menningarmálum þessa bæjar en ef til vill hefir lengi verið stigið.

Eins og áður er sagt leggur n. eindregið til, að till. verði samþ. Að vísu voru tveir nm. fjarstaddir, þegar nál. var skrifað, en um annan þeirra veit ég, að hann er málinu meðmæltur, en hinn er mér ókunnugt um.

Pétur Ottesen: Ég mun greiða þessari till. atkv. mitt, en ég vil aðeins benda á það, að á þinginu 1928 var borið fram frv., að ég ætla af stj., um að veita 100 þús. kr. úr ríkissjóði til sundhallarbyggingar hér í Reykjavík. Átti þetta að verða helmingur alls kostnaðarins, því að þá var gert ráð fyrir, að sundhöllin myndi kosta 200 þús. kr. Í þessari fjárveitingu fólst allmiklu hærra framlag til sundhallarinnar en áður hafði verið veitt til sundlauga hér á landi. Áður hafði ríkissjóður aðeins lagt fram ⅓ kostnaðar við þessar framkvæmdir, en þegar þetta frv. var samþ., þá varð það til þess, að hlutfallið breyttist þannig, að síðan hefir ríkissjóður veitt styrk til sundlauga, sem nemur helmingi kostnaðar. Eftir þeirri samþykkt, sem þingið gerði 1928, liggur þess vegna fyrir að greiða 100 þús. kr. úr ríkissjóði til þessa fyrirtækis. Þeir, sem samþ. þetta mál þá, ætluðust vitanlega til, að ekki yrði ráðizt í stærri byggingu en það, að fjárupphæð sú, sem þá var ákveðin, hrykki til að fullgera hana. Nú hefir reyndin orðið allt önnur. Mér hefir verið sagt, að búið sé að verja til hennar hátt á þriðja hundrað þús. kr. og gert sé ráð fyrir, að allur kostnaður við byggingu sundhallarinnar muni nema ½ millj. kr. Hér í þessari till. er farið fram á, að ríkissjóður veiti ekki helming, heldur ⅖ hluta kostnaðarins. Ég tel, að þingið sé að sjálfsögðu bundið við að veita þessar umtöluðu 100 þús. kr. til sundhallarinnar, en lengra nær sú skuldbinding ekki, og um það, hversu kostnaður við þetta fyrirtæki hefir farið svona gífurlega fram úr áætlun, hefi ég fengið þær upplýsingar, að sú aukning, sem hefir orðið á stofnkostnaði þessa fyrirtækis, muni stafa af því, að í lögunum um þetta frá 1928 er ákveðið, að viðkomandi ráðh. skuli ráða því, hvernig fyrirtækinu skuli hagað, og afskipti hans af málinu hafa því leitt til þess, að fyrirtækið er orðið svo miklu dýrara en gert var ráð fyrir í fyrstu. Þrátt fyrir þetta er ekki rétt eins og nú er komið að skorast undan, að ríkissjóður inni af hendi sanngjarna þátttöku við þennan kostnað, og þar sem líka verkinu er svo langt á veg komið, en hinsvegar skortir allmikið á, að hægt sé að taka sundhöllina til notkunar. Ég mæli því með þessari till., af því að ég tel sjálfsagt að fullgera þetta fyrirtæki, svo að það komi að þeim notum, sem til var ætlazt í upphafi.

Jón Sigurðsson [óyfirl.]: Ég var ekki á fundi, þegar fjvn. tók ákvörðun um þetta mál, og vil þess vegna gera grein fyrir mínu atkv. Ég lít svo á, að þetta sundhallarmál, í þeim búningi, sem það nú er í, sé í raun og veru komið inn á dálítið hættulega braut. Það er kunnugt, að í lögunum frá 1928 var svo ákveðið, að ríkissjóður skyldi leggja fram 100 þús. kr. til sundhallarbyggingar í Rvík, gegn því ákveðna skilyrði, að hún væri fullgerð á árinu 1930. Það varð ekki, en eigi að

síður mun ríkissjóður hafa verið krafinn fjárins, en það þá ekki verið til. Það má því líta svo á, að sanngjarnt sé að veita þessar 100 þús. kr. frá ríkinu, þar sem því hefir verið lofað með þessum lögum, sem þó að vísu voru bundin ákveðnu tímatakmarki. Ég get á hinn bóginn ekki fallizt á, að rétt sé að taka nú á þessu þingi ákvörðun um að bæta við sennilega öðru eins, þar sem hér er um að ræða þáltill., en ekki lög, og slík ákvörðun sem þessi verður að sjálfsögðu að færast inn á næsta árs fjárlög, því að eftir till. er svo ákveðið, að þetta verði greitt ekki síðar en tveimur árum eftir að verkinu er lokið.

Ég verð því að líta svo á, að í þessu tilfelli sem öðrum sé í fyllsta máta ógætilegt að ákveða slíkar háar fjárveitingar án þess að sjá um, að tekjur komi í staðinn. Ég tek algerlega undir það, sem hæstv. fjmrh. segir um þessi efni, að þetta eigi ekki að eiga sér stað, og þegar þar að auki er um að ræða þáltill., sem mér skilst, að tæplega muni vera bindandi fyrir næsta þing, því að nú er það ekki vitað, hvernig næsta þing verður skipað. Ég álít þess vegna, að óhætt sé að sleppa síðari hluta till. Þar sem mér skilst, að þingheimur muni vera fylgjandi þessari till., þá hefi ég ekki talið ástæðu til að koma með brtt., en mun sitja hjá við atkvgr.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég var fylgjandi þessari till. eins og hún fyrst var borin fram í Ed. Þá var hún aðeins endurveiting á fjárhæð, sem ekki hafði verið greidd úr ríkissjóði, þó að í rauninni væri skylt að gera það á árinu 1931. Aftur á móti var í Ed. bætt inn í till. nýrri fjárveitingu, án þess að séð væri fyrir tilsvarandi tekjum. Ég legg áherzlu á það, að seinni hluti till. komi ekki til samþ. fyrr en á næsta þingi. Í sjálfu sér hefi ég ekki lagt á móti seinni hluta till. að efninu til, en eingöngu lagt áherzlu á, að þessi útgjöld verði ekki lögð á ríkissjóð án tilsvarandi tekjuaukningar.

Mér hefir verið sagt, að það muni vera hægt að gera sundhöllina vel nothæfa fyrir rúmar 100 þús. kr., þó að hún verði ekki alveg fullgerð fyrir þetta verð. Ég álít þess vegna, að það muni verða til mikils gagns fyrir bæinn, þó að aðeins verði framkvæmt það, sem fyrri hluti till. fer fram á.

Af þeim ástæðum, sem ég hefi nú greint, og sömuleiðis hv. 2. þm. Skagf., þá vildi ég óska þess, að till. yrði borin upp í tvennu lagi.

Frsm. (Tryggvi Þórhallsson): Ég tel alveg óþarft að fara að stofna til deilu út af fyrri sögu þessa máls. Ég hygg, að þær aths., sem fram hafa komið, stafi af ókunnugleika, og tel ekki rétt að fara inn á það svið. Það, sem liggur fyrir nú, er það, eins og vitað er, að búið er að verja ¼ millj. kr. í þetta fyrirtæki, og þó er það ekki nothæft ennþá. Spurningin er því um það, hvort Alþ. vilji nú stíga nauðsynlegt spor til þess að gera sundhöllina nothæfa. Vill þingið, án þess að fara út í smásmugulegar þráttanir um, hvort bærinn eigi að gera þetta eða ríkið eigi að gera það, setja höggið á hnútinn, með því að samþ. till. eins og hún nú liggur fyrir?

Ég álít, að eins og sakir standa sé það aðalatriðið, að sporið sé stigið á þennan hátt, en ekki haldið áfram þeirri togstreitu, sem verið hefir um þetta mál. Ég tel, að með því að samþ. till. nú sé vissa fengin fyrir því, að unnið verði að því með hæfilegum hraða að ljúka verkinu, svo að bæjarbúar geti sem fyrst notið þess gagns, sem tvímælalaust mun leiða af framkvæmd þessa verks.

Jón Pálmason: Þetta sundhallarmál er að verða eitt af þeim málum hér á þinginu, sem kalla má vandræðamál, og er það vegna þess, að hér hefir verið ráðizt í að framkvæma verk á grundvelli, sem ekki hefir verið réttilega byggður. Upphaflega var gert ráð fyrir, að kostnaðurinn við þessa byggingu myndi verða 200 þús. kr. og að ríkissjóður legði fram helming hans. Nú er það upplýst, að kostnaðurinn er kominn hátt á þriðja hundrað þúsund, og að bæjarsjóður hefir lagt hann allan fram, en ríkisstj. hefir, af þeirri orsök, að verkinu var ekki lokið svo fljótt sem tilskilið var, ekki lagt fram sitt tillag. Eins og sakir standa finnst mér alveg óviðeigandi að afgr. þetta mál á þessu aukaþingi, sem auk þess hefir ekki

fjárveitingavald fram yfir það, að skora á stj. að nota heimildir, sem áður hafa verið samþ. á Alþingi.

Ég hefi talað um þetta mál við einn af beztu íþróttamönnum þessa bæjar. Hann áleit, að þó að sundhallarbyggingunni yrði lokið, þá yrði þetta samt mikið vandamál, vegna þess, að rekstrarkostnaðurinn mundi verða svo hár. Taldi hann jafnvel, að kostnaðurinn myndi verða svo hár, að vafasamt yrði, hvort þetta fyrirtæki myndi ná tilgangi sínum. Ég held því, að ef ríkissjóður á að leggja fram þessar 100 þús. kr., sem er skylt og eðlilegt að leggja fram til sundmenntar hér í höfuðstað landsins, þá verði þeim eins vel varið til að endurbæta sundlaugina, sem er fyrir hér í Rvík, eins og að leggja þær í þetta fyrirtæki. Sem sagt lít ég svo á, að þetta mál sé á því stigi, að þar sé ekki fyrir hendi svo ýtarleg rannsókn, að rétt sé að taka fasta ákvörðun um það. Ég mun því við þessa atkvgr. greiða atkv. á móti þessari till. á þeim grundvelli, að hér liggi ekki allt svo ljóst fyrir sem vera ætti, og allra sízt mun ég ljá atkv. mitt með till., sem gerir ráð fyrir hærri fjárhæð en upphaflega var gert ráð fyrir í þeim l., sem um það fjalla.

Halldór Stefánsson: Ég hefði fylgt þessari till. eins og hún var borin fram, þó að ekki hefði verið þetta skilyrði, sem var í niðurlagi till., og sömuleiðis mun ég, ef till. verður borin upp í tvennu lagi, greiða fyrri hl. hennar atkv., en vera á móti seinni hlutanum. Mér skilst, að ástæðan fyrir seinni hluta till. vera það, að fá samþ. sama hlutfall um framlag til sundhallarinnar og gilt hefir um sundlaugar annarsstaðar, en ég tel þar ekki rétt að farið. Víðast á landinu er það svo, að menn geta ekki byggt hallir, en í Rvík er fjárhagur það góður, að þar geta menn leyft sér það, en þá eiga Reykvíkingar að gera það á sinn kostnað að meira leyti en aðrir landsbúar kosta byggingu á sínum fátæklegu sundlaugum. Ég álít, að þar sem fjárhagslegar ástæður í Rvík eru svo góðar, þá eigi bæjarbúar að kosta sína sundhöll hlutfallslega meira en aðrir landsbúar leggja fram til sinna sundlauga, því að þar sem efnahagur manna er svo góður hér, þá er engin ástæða til, að ríkið leggi fram eins mikið hlutfallslega eins og til hinna fátækari héraða, enda hefði líka mátt við þessa sundhöll sýna meiri hagsýni en gert hefir verið.

Jakob Möller: Ég held, að ekkert sé á móti því, að rifjuð sé upp saga þessa máls, og ég hygg, að hægt sé að gera það alveg illindalaust og að það þurfi ekki að skapa neina misklíð í sambandi við afgreiðslu þessa máls. Mér finnst engin vanþörf á þessu, og sérstaklega skildist mér það á hv. síðasta ræðumanni, að hann mundi hafa rifjað nokkuð upp, hvernig þetta mál er frá upphafi tekið upp.

Ég hygg, að frumkvæðið um byggingu sundhallarinnar sé komið frá Alþingi, og víst er það, að þegar fyrst var veitt fé til sundhallarinnar, þá var það með þeim forsendum, að sundhöllin yrði byggð samkv. uppdrætti, sem ráðuneytið samþ. Það er þess vegna engan veginn rétt, að það sé Rvík, sem hefir ráðið því, hvað stórt var byggt, heldur er það beinlínis fyrir tilhlutun þingsins og meðferð stj. á málinu. Upphaflega var gert ráð fyrir, að kostnaðurinn yrði 200 þús., og átti ríkissjóður að bera helming þess kostnaðar, og á þeim grundvelli samþ. bæjarstj. að ráðast í fyrirtækið. En svo þegar til kemur, þá er af stj. hálfu gerð krafa til byggingarinnar, sem olli því, að hún varð margfalt dýrari en gert var ráð fyrir og bæjarstj. hafði ráð fyrir gert. Svo þegar leitað var eftir því, hvort ríkissjóður mundi taka afleiðingunum eftir sem áður og greiða helming kostnaðar, þá var veitt afsvar við því, og af þeim ástæðum stöðvaðist byggingin.

Nú hefir verið leitað fyrir sér um það af bæjarstjórn, hvort stj. vildi eigi að síður leggja fram fé, en það hefir ekki fengizt, en mér skilst það á hæstv. fjmrh., að það sé ekki af því, að hún hafi ekki vilja á að greiða það, heldur hafi fé ekki verið fyrir hendi.

Þá vil ég benda hv. 2. þm. N.-M. á það, að þetta er ekki það eina, sem Reykvíkingar leggja fram í þarfir sundsins, því að sjálfsögðu verður haldið áfram að starfrækja gömlu sundlaugina og á henni gerðar nauðsynlegar umbætur, sem kostaðar verða af bænum. Ég leyfi mér þess

vegna að mæla mjög eindregið með, að þessi till. verði samþ. eins og hún er, hvort sem hún verður borin upp í einu eða tvennu lagi.

Frsm. (Tryggvi Þórhallsson): Ég verð að láta í ljós undrun mína yfir þeim mótmælum, sem hér hafa komið fram frá hv. þm. A.-Húnv. og hv. 2. þm. N.-M. Mér virðast aths. þeirra stafa af allmiklum ókunnugleik á málinu, og sumpart að þá vanti það viðsýni, sem hafa þarf í slíkum málum.

Hv. þm. A.-Húnv. gat þess, að rekstrarkostnaður mundi verða mjög mikill, en ég er ekki í vafa um, að dýrast af öllu verður það þó að láta þessa byggingu standa ófullgerða og ónotaða, en hrinda þessu verki ekki það áfram, að unga kynslóðin og jafnvel sú eldri líka geti notið þessarar ómissandi stofnunar.

Þá vil ég geta þess í sambandi við það, sem hv. þm. A.-Húnv. sagði, að í staðinn fyrir að fullgera sundhöllina ætti að endurbæta sundlaug þá, sem bæjarbúar nota nú, að það, sem gera á, er bæði það, að fullgera sundhöllina og endurbæta gömlu laugina.

Hv. þm. sagði, að það lægju ekki fyrir nægar upplýsingar í málinu. Það er þó upplýst, hvað þetta kostar, og það liggur líka fyrir, að þörfin er ákaflega mikil. Úti um byggðir landsins hafa verið byggðar sundlaugar, en sá fólksfjöldi, sem notar þær, er ekki nema hverfandi lítill partur af þeim fólksfjölda, sem hér um ræðir. Ég hefi ekki talið eftir það fé, sem farið hefir til þessara lauga, og ég er fremur þekktur fyrir að draga fram kröfur hinna dreifðu byggða, en ég hlýt einnig að ljá þessari till. fylgi mitt, því að hún nær til svo mikils hluta landsmanna og er svo nauðsynleg heilbrigðisráðstöfun, að ég álít sjálfsagt að samþ. þessa till. Aðalatriðið er því að koma þessu í framkvæmd sem allra fyrst, svo að menn njóti þess gagns, sem af því leiðir.

Hv. 1. þm. Reykv. mælti eindregið með till., eins og eðlilegt og sjálfsagt var, og þarf ég ekki að fara mikið út í ræðu hans, en vil þó minnast á eitt atriði. Hann sagði, að stj. hefði orðið þess valdandi, að sundhöllin varð svona dýr, en ég hygg, að þetta sé ekki rétt, heldur hafi það verið fyrir kröfur bæjarbúa. Það voru ungir menn í Rvík, sem báru fram kröfur um, að sundhöllin yrði þetta stór, svo að hún gæti fullnægt sem bezt þeirra kröfum. En ég vil ekki horfa í það, þó að kostnaðurinn fari fram úr fyrstu áætlun; það er svo algengt, að mannvirki verði miklu dýrari en upphaflega er gert ráð fyrir. Um það þýðir ekki að sakast, en það, sem nú liggur fyrir að gera, er að fullgera þessa byggingu, svo að hún verði nothæf.

Thor Thors: Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta mál. Eins og það var tekið upp í Ed. nú, þá var það í raun inni hrein markleysa, því að upphaflega var ekki farið fram á annað í till. en að nota lagaheimild frá 1928. Sé ég ekki betur en að málið hafi því verið eingöngu skrumauglýsing, og er það í samræmi við aðrar gerðir hv. flm. (**TrÞ:** Heimildin var fallin niður). Fjhn. Ed. breytti þessu og kom viti í það og fjvn. Nd. hefir tekið undir þá till.

Upphaflega var ætlazt til, að ríkissjóður legði fram helming kostnaðar, en nú hefir verið horfið frá því og það látið nægja, að ríkissjóður leggi fram $^2/_5$ kostnaðar. Hygg ég það nægilegt til að málið fái þá lausn, sem nauðsynleg er. En út af því, sem ýmsir hv. þm. hafa verið að tala um, að þetta væri sérhagsmunamál fyrir Rvík, vil ég leyfa mér að vekja athygli á því, að þetta er hagsmunamál alls landsins í heild. Ég vil benda á, hve mikill fjöldi unglinga af öllu landinu sækir til Rvíkur til skólanáms, og það er vitanlega ákaflega þýðingarmikið fyrir þennan ungdóm að geta notið þeirrar heilbrigði, sem sundiþróttin veitir. Og þó að þetta væri eingöngu gert fyrir Rvík, þá má ekki ganga framhjá því, að þar eru búsettir rúmlega 30 þús. menn, eða því nær $^1/_3$ allra landsbúa. Og þegar litið er á heilbrigðisástæður þjóðarinnar í heild, þá verður því ekki neitað, að það hefir geysilega mikla þýðingu fyrir framtíð þjóðarinnar að gera það, sem unnt er, til að auka heilbrigði manna í þessum bæ, og er einmitt enn meiri þörf á því í Rvík en annarsstaðar á landinu, því að Reykjavíkurbúar hafa ekki við að búa það

hreina og heilnæma loft, sem strjálbýlið veitir. Ég álít því, að þetta sé stórkostlegt menningarmál, sem snertir ekki eingöngu Rvík, heldur alla þjóðina í heild, og greiði því hiklaust atkv. með till. eins og hún nú liggur fyrir.

Jón Pálmason: Ég játa, að þetta sé þýðingarmikið mál, en eftir þeim upplýsingum, sem ég hefi fengið, þá er það byggt á skökkum grundvelli.

Hv. þm. Str. sagði, að það yrði bæði að endurbæta gömlu laugina og fullgera sundhöllina. Það má vel vera, að þetta væri það æskilegasta, en það má því aðeins gera það, að það hafi ekki í för með sér óhæfilegan kostnað fyrir bæjarfélagið og ríkissjóð.

Það var ráðgert upphaflega, að ríkið legði fram helming kostnaðar, sem átti að vera 100 þús. kr., og sundhöllin átti að vera fullgerð 1930. Nú er komið að árslokum 1933, og ríkið hefir ekki enn lagt fram þessar 100 þús., en aftur á móti hefir bærinn lagt fram 280 þús. Nú veltur mest á því, hvort þetta fyrirtæki er reist á heilbrigðum grunni. Ef svo er, þá er ekki áhorfsmál að greiða þessar 100 þús., en þar sem ég álít, eftir þeim upplýsingum, sem ég hefi fengið, að svo sé ekki, þá get ég ekki talið rétt að samþ. till.

Það er alveg rétt, sem hv. 2. þm. N.-M. tók fram, að hér eru allar aðstæður betri en úti um land. Hér er saman komið svo mikið fjölmenni og fjármagn, að það er ekki rétt að heimta sömu hlutföll í framlögum ríkissjóðs hér eins og úti um land. Það, sem hér er um að ræða, er þetta: Er ekki betra að verja þessum 100 þús. til endurbóta á lauginni, þessari sjálfgerðu sundhöll, heldur en að kasta þeim í fyrirtæki, sem er efasamt? Hv. þm. Str. segir, að það eigi að gera hvorttveggja, endurbæta sundlaugina og veita 200 þús. til sundhallarinnar. En hvað kostar það mikið? Hann hefir engar upplýsingar gefið um það, hversu mikilla umbóta sundlaugarnar þurfa við til þess að fullnægja kröfunum, og ég er svo ófróður, að ég veit það ekki.

Ég hefi svo ekki fleiri orð um þetta, en eins og þessi till. liggur nú fyrir get ég ekki lið henni mitt atkv.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég get tekið undir allt gott, sem sagt er um sundhöllina, en því má ekki gleyma, að það verður þó að vera hægt að greiða þá peninga, sem samþ. er að greiða til hennar. Nú koma till. og áskoranir um að greiða úr ríkissjóði svo skiptir hundruðum þúsunda. Í þessari till. var upphaflega áskorun um, að stj. skyldi greiða til sundhallarinnar þær 100 þús., sem eitt sinn var ákveðið að veita. Nú er bætt þar við öðrum 100 þús. Þar eru 200 þús. Þá var samþ. till. um að kaupa hús og lóð af templurum og veita þeim styrk, til samans 150 þús. kr., og 50 þús. á að leggja til hafnar á Skagaströnd. Þetta er til samans 400 þús. Hvar á að taka þetta fé? Nú er 40% álag á tekju- og eignarskatti, og þykir mikið, en það veitti ekki af að bæta öðrum 40% við til að fá allt þetta fé. Það, sem ég óska eftir, er, að séð verði fyrir tekjunum, þegar útgjöldin eru ákveðin. Menn verða að neyta þess sæta og súra í einu, en ekki eta sykurmolann á þessu þinginu og geyma beiska meðalið þangað til á næsta þingi. Umbæturnar eru ágætar í sjálfu sér, en þeir, sem vilja umbætur, verða jafnframt og á sömu stundu að leggja á sig gjaldabyrðina. Þessi breyting má til að verða á fjármálaafgreiðslum þingsins, að hvenær sem útgjöld eru heimtuð, þá verði um leið séð fyrir tekjunum. Þessi krafa er ekkert einstök fyrir þetta mál. Þetta er krafa, sem alltaf verður að gera. Það er allt annað nú en á uppgangsárunum, þegar tekjur jukust ár frá ári með óbreyttum toll- og skattalögum. Þá var öllu fremur óhætt að stofna til aukinna útgjalda án þess að sjá um leið fyrir auknum tekjustofnum. En þegar allar tekjur lækka svo sem verið hefir, þó að nokkuð hafi lagazt þetta ár, þá dugir ekki að hafa þessa aðferð, heldur verður að taka það ráð, sem haft er í þroskuðustu þingræðislöndunum, að stórauknum útgjöldum fylgi nýjar tekjur. Það er ekki hollt, að sumir þm. taki að sér að heimta umbætur, en láta svo aðra hafa fyrir að sjá fyrir því fé, sem til þeirra þarf. Mér er ljóst, að hér er um nauðsynjamál að ræða, þar sem sundhöllin er, og ein aðalnauðsynin er að sjá fyrir þeim peningum, sem til fyrirtækisins þarf að greiða.

Pétur Halldórsson [óyfirl.]: Ég held, að ekki sé hægt að gera neitt það, sem nauðsynlegra er og hentugra fyrir íþróttamál þessa bæjar en að reyna nú að koma sundhallarmálinu í sem bezt horf, og hver nauðsyn er á því, má sjá á því, að svo mikil aðsókn hefir verið að sundlauginni, að það hefir komið fyrir, að 1200 menn hafi komið þangað á einum degi. Þetta er einhver ljósasti vottur þess, að það er bráðnauðsynlegt að gera það, sem hægt er, til að auka möguleika hér í bæ til að iðka sundíþróttina. Mér sýnist það vera það fyrsta og bezta, sem hægt er að gera fyrir íþróttalífið, þegar fjárhagurinn leyfir. Og ég sé ekki betur en að stærsta atriðið í þessu sambandi sé nú að koma sundhöllinni svokölluðu af og gera hana nothæfa. Þar fyrir utan þurfum við, auk þess að lagfæra gömlu sundlaugarnar, að koma upp nýrri, stórri og góðri sundlaug undir opnum himni, þegar möguleikar eru á því, og fyrri er ekki vel séð fyrir þörfum Rvíkur á þessu sviði.

Nú er deilt um það hér, hvort rétt sé að ríkið taki þann þátt í því að fullgera sundhöllina, sem hér er farið fram á. Ég skal ekki fara mörgum orðum um það efni; ég er sammála hv. samþm. mínum, hv. 1. þm. Reykv., um það, sem hann hefir tekið hér fram, og vil ekki eyða tíma í að endurtaka það. En ég vildi benda á það, að ekki er rétt það, sem hv. 2. þm. N.-M. og hv. þm. A.-Húnv. héldu hér fram, þar sem þeir vildu láta líta svo út, að hér væri að ræða um fátækrastyrk, sem fyrst og fremst ætti að veita þeim stöðum, sem fátækastir væru og fámennastir á landinu, til sundlaugabygginga og annara íþróttamála. Ég skil ekki, að hv. þm. haldi slíku fram, ef þeir hugsa málið betur. Það getur ekki komið til nokkurra mála, að Rvík, sem leggur til 60 kr. af hverjum 100 kr., sem í ríkissjóðinn koma á ári hverju, eigi ekki sanngirniskröfu á, að til hennar þarfa sé litið eins og þarfa annara staða, þegar um svipuð mál er að ræða. Það nær ekki nokkurri átt, að hér sé um fátækrastyrk að ræða. Það er að ræða um framlag úr ríkissjóði, sem leggja á fram vegna þess, að það er álitið til hagsmuna fyrir þjóðfélagið og blessunar fyrir borgara þess. Og það er þá rétt að láta þann fjárstyrk fyrst og fremst koma niður þar, sem hann verður að mestu og almennustu gagni, en það er þar, sem fjölmennast er og aðsóknin mest að þessum þægindum, nefnil. fyrst og fremst hér í Rvík. Ég vona því, að þessi röksemdafærsla hv. þm. hafi ekki áhrif í þá átt að spilla fyrir till.

Hitt, sem hæstv. fjmrh. lagði til málanna, að það yrði að sjá fyrir fjáröflun í hvert skipti sem samþ. væri fjárveiting, er e. t. v. rétt, þegar um stórkostlegar nýjungar er að ræða. En ekki skilst mér, að hann haldi þessu fram að því er snertir fyrri 100 þús. krónurnar. Hann viðurkenndi, að það væri gömul skuld, sem rétt væri að samþ. greiðslu á. En ekki er þó sú upphæð í fjárl., og ekki verður hún framar greidd af fénu, sem inn kom á árunum 1928 til 1930, þegar hefði átt að leggja þetta fé fram.

Mér finnst, að hæstv. ráðh. ætti nú að kvarta hóflega, þegar tekið er fram í till., að framlag ríkisins skuli greiða í síðasta lagi tveimur árum eftir að mannvirkið er fullgert. Það er nokkur tími til undirbúnings, og hæstv. ráðh. getur tekið þessa greiðslu upp í fjárl. 1935 til 1937, eftir því sem hann vill. Ekki getur hæstv. ráðh. haldið fram, að ekki sé hægt að fella niður af þeim fjárlögum, sem þessu svarar, því það er ekki rétt, að svo sé bundinn hver einasti eyrir, sem í ríkissjóðinn kemur framvegis, að ekki sé hægt að sjá af nokkrum tugum þúsunda til þeirra nauðsynja, sem eftir ákvörðun Alþ. þykja ríkastar á hverjum tíma. Ég vona, að hv. d. þyki í þetta sinn sú fjárveiting mjög nauðsynleg, sem hér er um að ræða, og telji því rétt að mæla svo fyrir, að ríkisstj. sjái um að hafa til fé til þeirrar útborgunar eftir tvö til þrjú ár. Get ég ekki séð, að það sé nein fjarstæða, þó um 200 þús. kr. væri að ræða.

Jón Pálmason: Ég get vel skilið það, að hæstv. fjmrh. þyki ekki horfa vel með allar þær kröfur, sem samþ. eru á ríkissjóðinn nú. Hann nefndi hér til þrjár fjárveitingar, sem mér virtist hann telja sambærilegar, þessar 100 til 200 þús. kr. til sundhallarinnar, 150 þús. kr. til góðtemplara og 50 þús. kr. til hafnarinnar á Skagaströnd. Hér er gersamlega ólíku saman að jafna, því þessar 50 þús. kr. til

Skagastrandarhafnar eru ætlaðar til þess að styrkja grundvöll íslenzkrar framleiðslu, styrkja það, að atvinnuskilyrði þessa lands geti batnað, en hitt stefnir hvorugt í þá átt. Nú er það svo, að árið 1932 fjölgaði þjóðinni um rúmlega 1700 manns, og það er alls ekki sama, hvað verður af því fólki, sem árlega bætist við í þessu landi. Mér skilst, að höfuðborg okkar sé orðin nógu mannmörg fyrir þann atvinnurekstur, sem þar er. Þess vegna má frá mínu sjónarmiði allra sízt spara þau framlög, hvað sem um nauðsyn annara hluta er hægt að segja, sem stefna að því að tryggja atvinnurekstur í landinu. Um fjárveitingar, sem ganga í aðra átt, er allt öðru máli að gegna. Ég skal játa, að þó lagðar væru 200 þús. kr. til sundhallar hér í Rvík, þá er það hátíðlegt hjá því að kasta 150 þús. kr. til góðtemplara til samkomuhúsbyggingar eins og nú standa sakir, því það tekur út yfir allt, sem samþ. hefir verið á þessu þingi, og ég get virt það við hæstv. fjmrh., að hann greiddi atkv. gegn þeirri till.

Hv. síðasti ræðumaður sagði, að frá mínu sjónarmiði væri hér um einskonar fátækrastyrk að ræða til Rvíkurbæjar. Það var alls ekki meining mín, að svo væri. Ég viðurkenni, að hér er um menningarmál að ræða. En það eru svo ákaflega margar umbætur, sem við þurfum að gera, og þá er að velja um, hvað á að sitja fyrir. Ég álít, að alltaf eigi að sitja í fyrirrúmi þær umbætur, sem treysta grundvöll framleiðslunnar, því hún virðist nú vera að sligast undir þeim byrðum, sem á hana hafa verið lagðar. Hefi ég svo ekki fleira um þetta að segja.

ATKVGR.
Tillgr., fyrri hl., samþ. með 22:1 atkv.
Tillgr., síðari hl., samþ. með 17:6 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 19:2 atkv.

Á 28. fundi í Nd., 7. des., var till. tekin til síðari umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Till. samþ. með 13:2 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 359).

---

23. Veðurathuganir.

Á 18. fundi í Nd., 24. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um veðurathuganir (A. 139).

Á 19. fundi í Nd., 25. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 20. og 21. fundi í Nd., 27. og 28. nóv., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 28. fundi í Nd., 7. des., var till. enn tekin til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. afgr. sem ályktun neðri deildar Alþingis (A. 360).

---

24. Samvinnufélagið Grímur.

Á 14. fundi í Nd., 20. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um ríkisábyrgð fyrir láni handa samvinnufélaginu Grími í Borgarnesi til kaupa á fiskiskipi (A. 82).

Á 15. fundi í Nd., 21. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 16. fundi í Nd., 22. nóv., var till. tekin til fyrri umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Till. vísað til sjútvn. með 11:6 atkv. og umr. frestað.

Á 23. fundi í Nd., 30. nóv., var fram haldið fyrri umr. um till. (A. 82, n. 205).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Sjútvn. hefir gefið álit um þetta mál á þskj. 205 og einróma lagt til, að till. verði samþ.

með þeirri breyt., er þar segir. Var þar aðallega haft til fyrirmyndar það form, sem verið hefir á slíkum ábyrgðum, sem áður hafa verið veittar til annara staða, t. d. til Eskifjarðar síðast. Einn nm. skrifaði undir nál. með fyrirvara, og mun hann sjálfsagt gera grein fyrir því.

N. er ljóst, að Borgarnes hefir hingað til ekki verið útgerðarstaður. Hinsvegar er þar ótrúlega margt fólk, samanborið við lífsbjargarmöguleikana, eða um 500 manns. N. hefir fengið upplýsingar um það, er ræktun og annað snertir viðkomandi lífsbjargarmöguleikum þar. Ferðamannastraumur um staðinn hefir veitt Borgnesingum talsverða atvinnu. En n. hefir verið tjáð það af kunnugum mönnum, að samt liggi ekki annað fyrir þorpinu en atvinnuleysi, ef ekki verður að gert. Það er því alls ekki hægt að lá Borgnesingum það, þó að þeim hafi komið í hug að auka atvinnu sína með því að eignast fiskiskip.

Vart getur þarna komið til greina báta-útgerð, og varla önnur útgerð en með gufuskipum, sem ekki eru stærri en það, að þau geti lagzt að bryggjunni, sem nú er í Borgarnesi.

Frá mönnum, sem gott vit hafa á skipum, lágu fyrir n. upplýsingar um, að þetta skip, sem hér er um að ræða, væri prýðilegt í alla staði og þannig útbúið, að mjög líklegt má telja, að það geti gefið þarna sæmilegan arð. Þegar um svona prýðilegt skip er að ræða, þá liggur það í augum uppi, að félagið getur átt völ á ágætum skipstjóra. Fyrirkomulag þessa félagsskapar er þannig, að ekki er hugsanlegt, að vandræði vegna kaupdeilna verkafólks í landi geti orðið félagsskapnum farartálmi. Að öllu þessu athuguðu fannst n. því ekki rétt að leggjast á móti því, að þessi tilraun gæti átt sér stað, og n. telur nauðsyn á því að hlaupa undir bagga með Borgnesingum í þessari viðleitni þeirra í að hjálpa sér sjálfir á þennan hátt. Tel ég víst, að hv. d. muni geta fallizt á þessa málaleitun þeirra og samþ. till.

Jakob Möller: Ég varð mjög hissa, þegar ég sá þáltill. þessa. Hún verkaði á mig sem sterk sönnun þess, hvaða öfgar er hægt að komast út í, þegar verið er að sækja um ríkisábyrgðir fyrir allskonar fyrirtæki. Eins og allir vita, er Borgarnes byggt upp á allt öðru en útgerð. Frá alda öðli hefir mönnum ekki komið til hugar, að útgerð frá Borgarnesi gæti gengið. Þeir menn, sem þar hafa setzt að, hafa byggt sína afkomumöguleika á allt öðrum hlutum en útgerð.

Mér finnst eðlilegast, bæði vegna þess, hvernig þetta þorp er til orðið, og einnig vegna þess, hvernig það er í sveit sett, að atvinnuvegum sé haldið þar áfram í því sama horfi, sem verið hefir, en að ekki sé verið að reyna atvinnu þar á annan veg.

Það eru ekki fiskimenn, sem setzt hafa að í Borgarnesi, heldur þeir, sem hafa stundað landbúnað, og hafa þeir haldið áfram að stunda landbúnað að meira eða minna leyti. Hér er ekki að ræða um fólk, sem lifi einungis á eyrarvinnu, heldur lifir það á jarðrækt og kvikfjárrækt. Ef þetta þorp fengi þessa ríkisábyrgð, þá gæti ég alveg eins búizt við því, að farið yrði að stinga upp á fiskveiðaútgerð frá ýmsum sveitarfélögum, t. d. að hæstv. forseti færi að biðja um ábyrgð ríkisins fyrir Biskupstungnahrepp til kaupa á línuveiðara. Einhvernveginn mun vera hægt að komast að sjó frá Biskupstungum, a. m. k. með hjálp flutningatækja. (**TT:** Væri ekki fyrirtak að hafa útgerð á Þingvallavatni?).

Ég held, að í þessu sambandi væri mjög tilhlýðilegt að athuga vel, hvernig reitt hefir af þeim fyrirtækjum, sem komið hefir verið á fót með þessum hætti og í sama augnamiði. Mér er kunnugt, að ýms af þeim hafa farið illa, t. d. samvinnufélag á Akureyri, sem maður skyldi þó halda, að hefði haft töluvert betri aðstöðu heldur en „Grímur". Mér hefir verið sagt svipað um samvinnufélag í Stykkishólmi, sem líka hefir haft betri aðstöðu, bæði vegna legu og líka vegna þess, að íbúar þess þorps eru uppaldir við að stunda fiskveiðar.

Þó að ég unni Borgnesingum alls hins bezta, þá get ég ekki talið mér fært að greiða till. þessari atkv. mitt. Mér finnst hún svo vanhugsuð og flaustursleg, að ég er hissa á því, að hún skuli hafa verið borin fram. Og enn meira er ég hissa á því, að hv. sjútvn. skuli mæla með henni.

Bjarni Ásgeirsson: Ég þakka hv. sjútvn. fyrir till. hennar í þessu máli, þann skilning, sem hún hefir sýnt á þörfum Borgnesinga á því, að komið verði á fót útgerð hjá þeim, og alla meðferð á málinu.

Hinsvegar get ég ekki þakkað hv. 1. þm. Reykv., sem stóð hér upp og talaði í málinu. Hann virtist vera mjög utan garna um ástæður, bæði þarna og annarsstaðar á landinu, til að koma á fót útgerð. M. a. kom hann með þá fjarstæðu, að ef ríkisábyrgð yrði veitt til þess að hægt væri að koma upp útgerð í Borgarnesi, þá mundi eins líklegt vera, að farið yrði fram á hið sama t. d. fyrir Biskupstungur. Ég vil ráðleggja hv. þm. að rifja upp sína landfræðikunnáttu, sem sýnilega er farin að ryðga. Í barnaskólum er t. d. notuð landafræði Karls Finnbogasonar. Væri kannske ekki úr vegi fyrir hv. þm. að líta í hana, og þá mundi hann sjá, að Biskupstungur eru langt uppi í landi, en Borgarnes við sjó.

Á þessum stað, Borgarnesi, hefir verið löggilt höfn í tugi ára, og reglubundnar skipaferðir hafa verið þaðan og til Rvíkur vikulega, og suma tíma árs daglega síðari árin. Kemur það sjaldan fyrir, að skip geti ekki komizt á þessa höfn a. m. k. að degi til, sem þó er ekki hægt að segja um ýmsar aðrar hafnir á landinu, þar sem menn byggja þó að miklu leyti tilveru sína á útgerð.

Hv. þm. hélt því fram, að af því að Borgarnes væri byggt upp af öðrum atvinnuvegum heldur en útgerð, þá kæmi ekki til greina að koma þar á fót nýjum atvinnuvegi, sem ekki hefði þekkzt þar áður. Allir sjá, hvílík fjarstæða þetta er. Var ekki Reykjavík byggð á verzlun upphaflega? Jú, eingöngu, eða því sem næst. Útgerðin var a. m. k. engin í Rvík á fyrstu tímum bæjarins, heldur annarsstaðar við Faxaflóa, svo sem úti á Nesi. En þegar kom hér öflug höfn, þá skapaðist hér í bænum hin langstærsta útgerð landsins með tilstuðlun þings og stjórnar. Upphaflega voru hér í Rvík hin lökustu skilyrði til landbúnaðar. Þó hafa hér í grennd risið upp hin myndarlegustu bú landsins, eftir að markaðs- og atvinnuskilyrði breyttust. Þannig er hægt að skapa atvinnuvegi með því að breyta aðstöðunni frá því, sem einu sinni var.

Það er rétt, að Borgarnes var byggt upp í fyrstu aðallega á verzlun milli Rvíkur og útlanda annarsvegar og sveitanna umhverfis þorpið hinsvegar. Þegar fólki fjölgaði þar, sköpuðust einnig skilyrðin til þess, að jarðrækt gæti gefið þar arð, og Borgnesingar hafa notað sér skilyrðin til jarðræktar til hins ýtrasta. Á þessum hrjóstruga skaga, þar sem áður var mjög grýtt og gróðurlaust, eru nú græn tún og garðar.

Þegar smábátaútgerðin var eingöngu stunduð hér áður fyrr, þá var óhugsandi að gera út frá Borgarnesi, vegna þess hve langt er þaðan á fiskimiðin. En möguleikarnir til útgerðar þar hafa skapazt með því að farið er að nota stærri skip til veiða og eftir að góð höfn er nú komin þar. Síðan höfnin kom er aðstaðan ekki miklu verri þar til fiskveiða en á Akranesi eða hér í Rvík. Ég skal viðurkenna það, að stór skip verða að sæta sjávarföllum og sigla þar inn að degi til á sumum tímum árs. En línuveiðara er vel hægt að sæta sjávarföllum og hafa innsiglingu að degi til, án þess að það þurfi neitt að hamla fiskveiðunum, því að línuveiðarar leggja miklu sjaldnar upp heldur en smábátar. Að þessu leyti hefir aðstaðan því gerbreytzt og batnað fyrir sjávarútveg í Borgarnesi, alveg eins og skapazt hafa möguleikar til landbúnaðar hér í Rvík. Þótt einhver atvinnuvegur hafi í fortíðinni ekki þrifizt á einhverjum stað, þá er ekki hægt að slá því föstu, að hann geti ekki þrifizt þar í framtíðinni. T. d. þótt ekki hafi verið stunduð útgerð á Skagaströnd, svo neinu nemi, þá verða þar skilyrði til þess, þegar ríkið er búið að skapa þau með því liðsinni, sem það veitir viðvíkjandi hafnargerð þar.

Ég skil ekki í því, að hæstv. Alþ. þurfi að setja Borgarnes á neinn „svartan lista“ í þessu efni, þó að það hafi ekki hingað til haft skilyrði til þess að hafa útgerð hjá sér.

Til viðbótar því, sem hv. frsm. n. sagði, vil ég taka það fram, að nú á síðari árum hefir atvinnuleysi aukizt í Borgarnesi. Bæði hefir dregið úr viðskiptum sveitanna umhverfis við Reykjavík og útlönd, vegna yfirstandandi kreppu, sem kemur niður á Borgnesingum, og einnig hafa samgöngur milli Suður- og Norður-

lands færzt suma tíma árs, eða um sumartímann, inn fyrir Hvalfjörð. En áður lágu þær samgöngur nær allar gegnum Borgarnes. Hefir þetta tvennt, ásamt því, að fólki hefir samtímis fjölgað í þorpinu, orðið til þess, að atvinna þar hefir stórum minnkað. En Borgfirðingar eru úrræðagóðir menn, og hafa þorpsbúar tekið til þess ráðs, sem næst var hendi, og tekið til ræktunar það af landi, sem þeir höfðu ræktanlegt, og meira en það. En nú eru þau þröngu skilyrði, sem fyrir hendi voru í Borgarnesi, svo að segja notuð út í æsar. Því finnst mér það eðlilegt, að þeir líti nú til sjávarins, þar sem skilyrðin hafa skapazt fyrir þá til útgerðar álíka góð og annarsstaðar við Faxaflóa.

Mér virðist, að ekki sé nema um tvennt að gera til þess að fólkið geti lifað á þessum stað. Annaðhvort verði ríkið að hlaupa hér undir baggann með Borgnesingum og veita þessa ábyrgð, eða að kostað verði miklu fé til atvinnubóta með öðrum hætti. En því fé, sem hingað til hefir verið veitt til atvinnubóta, hefir sama sem verið kastað í sjóinn að öðru leyti en því, að það hefir haldið lífinu í fólkinu, sem hefir notið þess. En það, sem hér er farið fram á, er, að ríkið hjálpi því fólki, sem vill vinna, til þess að hjálpa sér sjálft. Það eru einu atvinnubæturnar, sem vit er í.

Enn sem komið er hafa Borgnesingar ekki menn, sem geta stjórnað skipum. Þó er það alveg víst, að ef þeir eignuðust skip það, sem hér er um að ræða, þá mundu þeir geta valið úr skipstjórum á það. Eru því fyllstu líkur til, að þeim gæti orðið hjálp að því, sem hér er farið fram á, bæði með því, að ungir menn þeirra gætu fengið vinnu á skipinu við fiskveiðar, og einnig á þann hátt, að þeir, sem ekki geta farið á sjó, gætu fengið vinnu við fisk, sem upp væri lagður þar.

Sé Borgnesingum ekki veitt þessi hjálp til að auka atvinnu heima hjá sér, þá sé ég ekki annað en að þeir hljóti að flykkjast þaðan burt til einhverra annara staða, og þá auka atvinnuleysið þar, en það álít ég ekki heillavænlegra.

Finnur Jónsson: Ég ætla aðeins að gera grein fyrir fyrirvara mínum við undirskrift nál. Ég er því yfirleitt meðmæltur, að ábyrgðir séu veittar til slíkra útgerða. Hinsvegar hefi ég ekki komið auga á þá möguleika, sem haldið hefir verið fram, að Borgarnes hefði til þess að slík útgerð geti þrifizt þar. Þar vantar m. a. íshús til beitugeymslu og annað, sem þarf til þess að verulega hentugt sé að reka útgerð þar. Af þessum ástæðum er ég ekki með þessu máli.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Hv. flm. frv. hefir nú enn á ný tekið fram rökin fyrir því, að þetta mál er flutt hér á þingi fyrir Borgnesinga. Hefi ég engu við það að bæta né heldur við það, sem ég áður tók fram fyrir hönd — ja, nú verð ég víst að segja meiri hl. n., því að nú heyrði ég, að hv. þm. Ísaf. er á móti málinu.

Hv. þm. segir, að ekki séu skilyrði fyrir hendi til að reka útgerð þarna í Borgarnesi. Ég get ekki verið samdóma hv. þm. í þessu atriði, þegar um er að ræða að gera út línubáta, sem eru lengi úti í túrum, en þurfa ekki að leggja upp afla sinn daglega, eins og smábátarnir. Ég get ekki séð, að neitt sérstakt mæli á móti því, að Borgnesingar geti átt slíkan línuveiðara, sem ekki þarf að leggja upp afla nema á 10 daga eða hálfs mánaðar fresti, eftir því sem atvik standa til.

Ég sé ekki heldur neitt á móti því, að Borgnesingar eigi skip það, sem hér er um að ræða, og geri það út til síldveiða. Það virðist, eftir reynslu annara línubáta að dæma í þessu efni hin síðari ár, ætti að geta borið góðan árangur.

Sú mótbára hv. þm., að ekki sé til íshús í Borgarnesi til beitugeymslu, vegur ekkert á móti till. að mínu áliti. Hér er ekki um það að ræða, að grípa þurfi daglega til beitu í landi handa skipinu. Akranes er ekki langt frá, og ætti skipið að geta tekið beitu þar og birgt sig upp til nokkurs tíma, því sjálfsagt er beitugeymsla í skipinu. Og enda þótt ekki fengist einhverju sinni beita á Akranesi, þá er þó stutt til Rvíkur og færi lítill tími í að sækja beituna þangað.

Hv. 1. þm. Reykv. taldi það hina mestu firru að hugsa um útgerð frá Borgarnesi, vegna þess að Borgnesingar væru upphaflega sveitamenn, sem hefðu að töluvert miklu leyti atvinnu af ræktun. Ég

er ekki sammála hv. þm. um, að þessi rök geti verið nægileg mótmæli gegn þessari útgerð til þess, að leggjast beri á móti málinu þeirra vegna.

Því hefir verið lýst hér í þessari hv. d., og það hefir mér verið tjáð af Borgnesingum sjálfum, að ræktunarmöguleikarnir í Borgarnesi séu svo að segja tæmdir, og að það sé ekki hægt að benda á fleiri leiðir til framdráttar fólkinu þar, sem byggðust á atvinnu þar heima. Hitt, að sveitamenn geti ekki komið til greina í þessu efni, er mjög fjarri sanni. Við vitum það allir, og hv. 1. þm. Reykv. er kunnugt um það líka, að togaraflotinn fær ekki lítið af sínum góðu kröftum einmitt úr sveitunum. Mér er sérstök ánægja að nota tækifærið til þess að lýsa því yfir, að ég tel, að í Vestmannaeyjum hafi útgerðinni komið mikill og góður styrkur í vinnuafli þeirra manna, sem heima hafa átt í sveit og stundað hafa sveitabúskap jöfnum höndum. Auk þess eru flestir þeirra manna, sem mest eru þar við útgerð riðnir, ýmist fluttir úr sveit eða afkomendur þeirra manna, sem þaðan hafa flutzt, bæði úr Árnessýslu, Skaftafellssýslum, Rangárvallasýslu og víðar að. Það er því sízt ástæða til að ætla, að útgerð gæti ekki blessazt Borgnesingum fyrir þá sök, að þeir séu sveitamenn.

Ég ætla ekki að fara að eltast við þá firru, að þeir hreppar, sem liggja langt inni í landi og ekki hafa aðgang að sjó, geti með sama rétti og Borgarnes beðið um ríkisábyrgð til þess að stofna til útgerðar, þó að innsigling í Borgarnesi sé erfið. Borgnesingar hafa bryggju, sem er hæfileg fyrir slík skip, sem hér er um að ræða.

Á síðastl. sumri var í fyrsta sinn verkaður fiskur í Borgarnesi að nokkru ráði. Ég held, að ég hermi það rétt, að Kveldúlfur hafi látið þá fá fisk til að verka. Mér er ekki kunnugt um, að nein mistök hafi verið á því hjá þeim. Það sýnir, að þeir geta verkað fisk og hafa tæki til þess. Hér er því um það að ræða, hvort þingið vill fallast á að styðja þá framtakssömu menn, sem Borgarnes byggja, til þess að afla sér með eigin fiskiveiðum aukatekna heima í byggðarlagi sínu.

Mér virðist líka, eftir því sem málið var flutt í n. af hálfu þeirra Borgnesinga, að það vera á fyllilega heilbrigðum grundvelli byggt, miðað við annað, sem fram hefir verið flutt hér á þingi um útgerðarmál, þar sem Borgnesingar hafa augastað á að fá skip, sem telja má fyrsta flokks, miðað við alla staðháttu. Hinsvegar áliti ég það ekki nein verðmæti, ef þeir væru að hugsa um kaup á skipi, sem væri að verða úrelt. Hv. 1. þm. Reykv. ætti að athuga það, að þau skip, sem við Íslendingar höfum til fisköflunar, eru óðum að ganga úr sér. Marga togara hér í Rvík þyrfti talsvert að endurnýja. — Þessar mótbárur, sem komið hafa gegn þáltill., og sú gagnrýni, sem gerðir n. hafa orðið fyrir í hv. d., eru harla lítils verðar, að því er mér virðist. Hv. flm. lýsti því líka mjög greinilega, að þó jafnvel áður fyrr hafi verið slæm skilyrði til útgerðar í Borgarnesi, þá er aðstaðan þar svo breytt orðin, að það er langt frá því, að það sé nokkurt óvit fyrir Borgnesinga að leggja í að kaupa línubát. Náttúrlega getur slíkt fyrirtæki misheppnazt, ef óheppnin er með, en mér finnst málið bera þannig að, að engin ástæða sé til að ganga út frá því sem gefnu, að hér sé um óviturlegt fyrirtæki að ræða.

Að öllu athuguðu vil ég halda fast við skoðun meiri hl. n. og verð að harma, að hv. þm. Ísaf. skuli skipa sér á öndverðan meið í þessu máli, þar sem hér er þó um augljóst framfaramál að ræða fyrir þá mörgu menn í Borgarnesi, sem þurfa á bættum atvinnumöguleikum að halda.

Jakob Möller: Ég er ekki svo hissa á því, þó hv. þm. Vestm. skildi ekki þá hugsun, sem liggur á bak við afstöðu mína til þessa máls. Ég er miklu meira hissa á, að hv. þm. Mýr. skuli ekki geta fundið aðra skýringu á henni en þá, að ég sé illa að mér í landafræði. Ég hélt, að engum gæti dulizt það, að það, sem á bak við liggur hjá mér, er andstaðan gegn því, að beinlínis sé verið að seilast til þess að breyta landbúnaðarhéruðum í sjávarútvegspláss. Þetta finnst mér, að hv. þm. Mýr., sem telur sig fulltrúa bænda, ætti að geta komið auga á. Ég talaði um uppruna þessarar byggðar, hvernig fólkið hefir lifað þar til þessa dags. Og ég taldi æskilegt, að það gæti haldið áfram að lifa

á sama hátt, en óheppilegt, að atvinnulífinu væri beint inn á nýjar brautir og byggðin gerð að fiskiplássi. Hitt vissi ég vel áður og þurfti því ekki hina nákvæmu skýringu hv. þm. Vestm. á því, að hægt er að gera þá, sem stundað hafa landbúnað, að sjómönnum. Ég tel það bara ekki æskilegt. Ég tel æskilegra vegna heildarinnar, að stuðlað sé að því að halda þeim mönnum við landbúnaðinn, sem hann hafa stundað og þannig eru settir, að eðlilegast er, að þeir haldi því áfram. Þetta er ekki í fyrsta sinn, sem ég verð að verja þessa afstöðu gagnvart „bændaflokks"-þm., og ég mun gera það framvegis eins og hingað til, þegar ástæða er til.

Í þessu máli hefi ég heyrt mikið lagt upp úr því, hvað skipið, sem gert er ráð fyrir að kaupa, sé mikið fyrirtaks skip. Ég efast ekki um, að það sé rétt. En ég vil vekja athygli hv. sjútvn. á því, að það er á engan hátt tryggt, að þetta skip verði keypt, en ekki eitthvert annað. Nú, við því mætti náttúrlega gera. En felst nú ekki nokkur vísbending í því, að þetta ágæta skip skuli vera til sölu og helzt lítur út fyrir, að ekki sé hægt að selja það nema til þessa nýja útgerðarpláss? Er það ekki einmitt bending um, hvað þessi atvinnuvegur á erfitt uppdráttar nú og hvað óeðlilegt er því að beina nýjum mönnum inn á þá braut að hverfa frá sinni fyrri atvinnu og fara að stunda fiskiveiðar? Þrátt fyrir ágæti þessa skips virðist ekki muni vera orðið hægt að láta útgerð þess borga sig frá þeim útgerðarstöðvum, sem miklu betri skilyrði hafa til þess að bera uppi útgerð heldur en Borgarnes.

Það voru náttúrlega öfgar, þegar ég tók Biskupstungur til samanburðar. En ég vildi með því beina athygli að því atriði, að tilgangurinn með þessu frv. er að breyta landbúnaðarsveit í fiskipláss. Nú hefir hæstv. forseti bent mér á, að e. t. v. séu möguleikar á að komast vatnaleiðina upp í Biskupstungur með því að fara Hvítá, og svo sé þar fyrirtaks höfn, þegar komið er á leiðarenda. Leiðin inn á þessa ágætu höfn í Borgarnesi er einnig vandkvæðum bundin, eins og hv. þm. Mýr. viðurkenndi.

Hv. þm. Mýr. lagði mikið upp úr því, að atvinnuleysið væri stöðugt að aukast í Borgarnesi. Þetta þarf engum að koma á óvart, því yfir atvinnuvegina ganga nú þeir tímar, að meiri og meiri aðþrengingar eru alstaðar. Og þegar þannig er ástatt, ekki síður að því er snertir útgerðina heldur en aðra atvinnuvegi, þá er það vissulega að bæta gat með gati að vísa atvinnuleysinu í Borgarnesi á það að fara að stunda sjávarútveg.

Ég vakti athygli á því áðan, að réttara væri af Alþ., áður en það tekur ákvörðun um að veita ríkisábyrgð til þess að stofna til útgerðar á stað eins og Borgarnesi, þar sem engin útgerð hefir áður verið, að athuga, út á hvaða braut er verið að leggja með því að veita þessar ábyrgðir samvinnufélögum víðar og víðar á landinu. Benti ég í því sambandi á tvö samvinnufyrirtæki, þar sem ég vissi ekki betur en reynslan hefði orðið allt annað en góð. Hv. þm. Mýr. vildi ekki eyða orðum að þessu, en ég tel mér það til inntekta, að hv. þm. Ísaf. virðist hafa beyg af því að samþ. þessa till. Ég geri ráð fyrir, að hans beygur byggist á reynslu hans sem framkvæmdarstjóra samvinnuútgerðarfélags á þeim stað, sem frá fornu fari hefir verið viðurkennt útgerðarpláss og þar sem frá því fyrst sögur fara að hafa alltaf verið stundaðar fiskiveiðar. Ég veit, að hann þekkir vel þá örðugleika, sem útgerðin á nú við að stríða. Ég hefði hiklaust greitt atkv. með því, þegar ríkisábyrgðin var veitt samvinnufélaginu á Ísafirði, eins og þá stóðu sakir. En það, sem hér er um að ræða, tel ég alls ekki sambærilegt. Á Ísafirði var útgerðin fallin í kaldakol og það virtist a. m. k. óumflýjanlegt að gera eitthvað til að rétta hana við. Þeir menn, sem félagið mynduðu, höfðu engin skilyrði til annars atvinnurekstrar. Afkoma þeirra hefir frá upphafi byggzt á útgerð og þeir höfðu ekki aðstöðu til að sjá sér farborða á annan hátt. Þessu er, eins og menn vita, allt öðruvísi háttað í Borgarnesi. Hinsvegar hefir samvinnufélagið á Ísafirði átt við mjög mikla örðugleika að stríða og fjárhagsafkoma þess hefir verið mjög erfið. Hv. þm. vita, að það hefir orðið að leita aðstoðar ríkissjóðs, a. m. k. í bili, til þess að geta haldið starfrækslu sinni áfram, vita, að það er í miklum skuldum og framtíð þess töluvert ó-

viss. Það mun hafa átt mjög erfitt með að standa við skuldbindingar sínar gagnvart bæjarfélaginu, að því er snertir gjöld af eignum, sem það hefir til afnota og þessháttar.

Um samvinnufélagið á Akureyri, sem ég gat um í ræðu minni áðan, er það að segja, að „það var stofnað með því skipulagi, sem þroskuðustu samvinnufélögin hafa", eftir upplýsingum þess manns, sem flutti till. um ríkisábyrgð því til handa. Og hvernig fór? Eftir að félagið hafði gert út þrjú skip í hálft annað ár, að ég hygg, varð það gjaldþrota. Skuldir þess höfðu farið sívaxandi, og eftir því sem mér er sagt voru þær orðnar 170 þús. kr. umfram eignir eftir þennan stutta rekstur. Þannig er nú ástatt um afkomumöguleika útgerðarinnar; þannig er reynslan af þeim ábyrgðum, sem ríkið hefir tekið á sig fyrir útgerðarsamvinnufélög.

Menn verða að gá að því, að ef veita á ríkisábyrgð þessu félagi í Borgarnesi, þá tekur Alþ. um leið á sig þá skyldu að veita öllum samvinnufélögum, sem stofnuð kunna að verða til útgerðar, samskonar stuðning, hvar sem þau eru á landinu, hvað ólíklegt sem plássið er til sjávarútvegs, og jafnvel þar, sem aldrei hefir verið rekin útgerð áður. Ég tel alveg óforsvaranlegt af Alþ. að halda áfram á þessari braut, meðan ekki er séð að fullu, hvernig þeim fyrirtækjum reiðir af, sem búið er að koma af stað.

Ef Borgnesingar eru í vandræðum með atvinnu, þá tel ég eðlilegra og sjálfsagðara að veita þeim á einhvern hátt styrk til að auka þann atvinnurekstur, sem þeir hafa stundað og sem stendur allur í sambandi við landbúnaðinn, heldur en að leiða þá út á þá braut að fara að stunda sjávarútgerð. Slík hjálp getur orðið þeim hreinasta hefndargjöf, vegna þess hvað staðurinn er óhentugur til útgerðar og vegna hinna almennu örðugleika, sem útgerðin á við að stríða.

Bjarni Ásgeirsson: Ég held, að hv. 1. þm. Reykv. og hv. þm. Ísaf. séu hálfhræddir um, að þetta nýja fyrirtæki í Borgarnesi verði til þess að kollvarpa alveg útgerðinni í Rvík og á Ísafirði. Ég get varla skilið afstöðu þeirra öðruvísi. Annars er það um hv. þm. Ísaf. að segja, að hann hefir þegar tjáð sig meðmæltan þessu máli, og vænti ég, að hann hlaupi ekki frá því, sem hann er búinn að skrifa undir í nál., þó það væri eftir upplýsingum hans sjálfs fremur gert af ást á ábyrgðunum yfirleitt heldur en af ást á því fyrirtæki, sem hér er um að ræða.

Hv. frsm. þessa máls hefir raunar svarað mótbárunum gegn því á fullnægjandi hátt. Það er alls ekki óhugsandi, að Borgnesingar geti með tíð og tíma komið sér upp íshúsi, og það mun ekki vera svo nauðsynlegt til að byrja með, að málið þurfi að stranda á því. Auk þess eru þarna til hús, sem standa ónotuð nema 2 til 3 mánuði ársins og eru ágæt til fiskgeymslu og annars, sem útgerðin þarf með, þann tíma sem þau eru ekki notuð til annars.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að með þessu væri verið að breyta landbúnaðarhéraði í sjávarpláss. Það lá beinast við að skilja hann þannig, að hann áliti, að Mýramenn og Borgfirðingar allir mundu hverfa að Borgarnesi til þess að stunda sjó á þessum eina línubát. Slíkar fjarstæður ná ekki neinni átt. Hér er aðeins að ræða um eina af þörfum þorps, sem tilheyrir bæði sjávarsíðunni og sveitunum og hefir möguleika á báðar hendur, ef því er veittur þessi litli og sjálfsagði stuðningur.

Ég geng ekki inn á það, að þó ég flytji þetta mál og hafi oft sýnt það með atkv. mínu á þingi, að ég vil styðja sjávarútveginn, þá þurfi það að vera af vantrú á landbúnaðinum. Það lýsir þá a. m. k. ekki síður vantrú á sjávarútveginum hjá hv. þm., að hann lítur svo skökkum augum til þess, að Borgnesingar vilja fylla upp í atvinnulíf sitt með því að gera út einn bát, að hann telur það vera að bæta gat með gati. Hafi ég sýnt vantrú á landbúnaðinum, þá hefir þessi fulltrúi sjávarútvegsins ekki síður sýnt vantrú á útgerðinni. Ég hefi þá trú, að þjóðinni sé bezt í framtíðinni, að þessir tveir aðalatvinnuvegir hennar, landbúnaðurinn og sjávarútvegurinn, leiðist hönd í hönd og styðji hvor annan. Ég er sannfærður um, að það getur orðið þessu mikla landbúnaðarhéraði styrkur, ef það fær þarna útgerðarstöð, þar sem það getur átt aðgang að ódýrum fiski til heimilisnotkunar. Það hefir verið svo, að Borgfirðingar og Mýra-

menn hafa ekki átt kost á að fá sér fisk nema endrum og eins frá Reykjavík, og þá miklu dýrari heldur en þyrfti að vera, ef hann fengist nær. Á hinn bóginn gæti það orðið þessu fyrirtæki mikill styrkur að fá markað fyrir fisk í héraðinu upp frá þorpinu, og þannig yrði þetta báðum aðilum til hjálpar.

Hv. þm. vildi sömuleiðis gera það tortryggilegt, að hér væri nýtt og vandað skip til sölu með góðum kjörum. Hann benti á, að örðugt mundi vera að láta þetta skip bera sig þar, sem aðstaðan væri ekki betri en í Borgarnesi, úr því það væri svona á boðstólum. Mér er skýrt svo frá ástæðunni fyrir því, að þetta skip er á boðstólum, að félagið, sem stóð að byggingu þess og annars skips til og ætlaði þau til fiskveiða við Grænland, hafi ekki verið sterkara en það fjárhagslega, að það hafi farið á höfuðið áður en að veiðiskapurinn byrjaði og bankinn hafi orðið að taka skipin til sín með þeim skuldum, sem á þeim hvíldu. Þess vegna standa mönnum þessi skip til boða, en ekki af því, að þau séu ónothæf eða það hafi sýnt sig, að útgerð þeirra geti ekki borið sig.

Þetta um Biskupstungurnar tek ég ekki alvarlega og mun bíða með að ræða það mál þangað til búið er að stofna skipafélag til fiskveiða í Hvítá.

Hv. þm. talaði um, hver reynsla væri fengin um rekstur samvinnuútgerðar. Hélt hann m. a. fram, að samvinnuútgerðin í Stykkishólmi hefði gengið mjög illa. Það er rétt, að fyrsta árið, sem var eitt hið versta ár, sem yfir sjávarútvegginn hefir komið, stóð félagið völtum fótum. En síðan hefir því gengið vel, og ber öllum, sem til þekkja, saman um, að það hafi orðið til stórmikils gagns fyrir kauptúnið, og vænta menn mikils af starfsemi þess eftirleiðis.

Hitt er rétt, að útgerðarsamvinnufélagið á Akureyri varð gjaldþrota, en það hafa nú svo mörg fyrirtæki orðið gjaldþrota á síðustu tímum, að ef menn ætluðu alltaf að hræðast ný fyrirtæki, ef hægt væri að benda á, að annað fyrirtæki sama eðlis hefði einhverntíma farið á höfuðið, þá mundi lítið verða um framkvæmdir. Alstaðar hafa orðið einhver mistök. Og ekkert réttlætir þá skoðun, að öll fyrirtæki, þó af sömu rótum séu runnin, þurfi að fara sömu leið og þau, sem verst hefir tekizt til um. Hitt er aðalatriðið, að dæma í hverju einstöku tilfelli út frá þeim kringumstæðum, sem fyrir hendi eru. Fyrir þá, sem vilja líta á þetta mál með skilningi og réttsýni, er ekki síður ástæða til að vænta góðs af þessu fyrirtæki heldur en af útgerðarfyrirtækjum á öðrum stöðum við Faxaflóa. Það er kunnugt, að útgerðin á Akranesi hefir borið sig prýðilega, og ég sé ekki, að það sé mikill munur á aðstöðu Borgarness til útgerðar, eins og nú er komið.

Hinu mótmæli ég einnig, að þó Alþ. samþ. þessa ábyrgðarheimild, taki það um leið á sig skyldu til að samþ. ríkisábyrgð fyrir hvert einasta útgerðarsamvinnufélag, sem mönnum kann að detta í hug að stofna á landinu. Það verður í hvert skipti að athuga, hvað miklar líkur eru fyrir, að það fyrirtæki, sem um er að ræða, sé á viti byggt, og sú athugun á að ráða atkv. þm., en ekki nein allsherjarregla.

Ég held, að það sé þá ekki fleira, sem ég þarf að taka fram um þetta mál, enda býst ég ekki við, að það skýrist mikið við langar umr.

Finnur Jónsson: Það er ekki rétt hjá hv. þm. Mýr., að ég sé á móti þessari fyrirhuguðu útgerð í Borgarnesi af því ég búist við, að hún muni kollsteypa útgerðinni á Ísafirði, enda býst ég við, að það hafi verið sagt í gamni. Hv. 1. þm. Reykv. dró samvinnuútgerð Ísfirðinga inn í þessar umr. og vildi draga þá ályktun af henni, að samvinnuútgerð reyndist yfirleitt hraklega. Nefndi hann og til tvö önnur samvinnufélög. Þó nú svo væri, að ekki hafi gengið eins vel með þessi þrjú samvinnufélög eins og æskilegt væri og búizt var við, þá er það ekki sönnun þess, að samvinnuútgerð geti ekki borið sig eða verið heppileg. Það vita allir, að öll þessi félög fengu yfir sig þegar í byrjun versta árið, sem komið hefir á landi hér síðan vélbátaútvegurinn hófst. En þó samvinnufélag Ísfirðinga kæmist í örðugleika það ár, þegar allir útgerðarmenn töpuðu, þá voru þeir örðugleikar ekki meiri en það, að ef félagið hefði ekki haft lán sín í útlöndum og fyrir þeim ríkis-

ábyrgð, svo það gat ekki fengið greiðslufrest eins og önnur útgerðarfyrirtæki, þá hefði það ekki þurft að leita neitt til ríkissjóðs. Nú hefir félagið þegar borgað nokkuð af þessari upphæð, og ég vona, ef ekki kemur beinlínis hrun í sjávarútveginn, að félagið standi við sínar skuldbindingar, og þá einnig gagnvart ríkissjóði.

Hv. 1. þm. Reykv. talaði hér eins og *engin útgerð gengi illa nema samvinnufélagsútgerð*. En hvers vegna er það, að verið er að leitast fyrir um ábyrgð handa samvinnufélögum? Það er af því, að einstakra manna útgerð er á slíkri heljarþröm, að hún getur ekki haldið uppi atvinnurekstri.

Hv. 1. þm. Reykv. var að tala um, að framtíð samvinnufélagsins á Ísafirði væri í óvissu. En þessi sama óvissa er um alla aðra útgerð í landinu. En ég verð þó að segja það, eftir minni reynslu, að ef samvinnufélagið á Ísafirði hefði verið búið að lifa tvö sæmileg aflaár í viðbót við þau tvö ár, er það þegar hafði starfað, og svipuð þeim fyrir árið 1931, þá er ég ekki í vafa um, að það hefði lokið öllum sínum skuldbindingum, og það jafnvel á þessum verstu tímum.

Um samvinnufélagið á Akureyri er það að segja, að það henti það, sem marga aðra hefir hent, að kaupa gömul skip, og lenti svo strax á 1. eða 2. ári í því slæma ári, sem ég nefndi áðan, því ári, sem enginn vafi er á, að allir útgerðarmenn á landinu hafa tapað á. Þetta félag hafði enga ríkisábyrgð. — Svo er samvinnufélag í Stykkishólmi. Ég veit ekki, hvort það hefir ríkisábyrgð, en mér er nær að halda, að svo sé ekki.

Að draga þessi samvinnufélög inn í umr. er málinu óviðkomandi, og þegar verið er að tala um, hvað hafi tapazt á ríkisábyrgð, þá er það vitanlegt, að það, sem ennþá hefir tapazt á útgerð, er að mestu leyti á hlutafélögum, og ég býst við, að hv. 1. þm. Reykv. vilji ekki telja það sönnun þess, að hlutafélagsrekstur eigi ekki að eiga sér stað nú.

Ástæðan fyrir því, að ég skrifaði undir nál. með fyrirvara, er ekki sú, eins og ég tók fram áðan, að ég sé á móti ábyrgð til samvinnufélaga, heldur aðeins af því, að ég álít, að Borgarnes hafi ekki eins góð skilyrði og mörg önnur útgerðarpláss hér á landi hafa. Vitanlega þyrfti þegar á næsta ári að leggja fram mikið fé til þess að þarna verði sú aðstaða, sem verður að vera í hverju útgerðarplássi, svo það sé hentugt til útgerðar. Og meðan aðstaðan er slík, að ýmsa veiðistaði úti um land, sem hafa góð skilyrði til útgerðar, vantar fé, finnst mér ekki ástæða til að flytja útgerðina í sveitahéruð.

Við *höfum ekki hér í landi neitt*, sem heitir lánsstofnun fyrir sjávarútveginn, þar sem menn geti fengið ódýr og hentug lán, ef þeir vilja kaupa skip. Nágrannaþjóðir okkar, bæði Norðmenn, Danir og Svíar, hafa sérstakar lánsstofnanir, sem veita fiskimönnum lán til skipakaupa, þar sem þeir geta fengið svo og svo mikinn hluta af kaupverði skipsins, allt að ⅘ hlutum, að láni til 15 til 20 ára með 3½% vöxtum. Við höfum enga slíka stofnun hér í þessu landi, nema hv. þm. vilji telja fiskiveiðasjóðinn, sem ennþá er lítils umkominn í þessu efni.

Fiskiskip landsmanna umhverfis allt land eru farin að ganga úr sér, og ekkert kemur í staðinn. Hvað eigum við að gera í þessu efni? Hvað eigum við að gera til þess að halda uppi aðalatvinnuvegi landsmanna, sjávarútveginum? Ég get ekki séð neitt annað ráð hentugra en að ríkið hlaupi undir bagga með því að veita slíkar ábyrgðir og hér er um að ræða, og sem ríkið hefir þegar veitt samvinnufélögunum á Ísafirði og Eskifirði. Það er ekki þar með sagt, að þessi félög geti ekki farið á höfuðið. Það er síður en svo, þau eiga sjálfsagt eftir að reka sig á ýmiskonar agnúa og vandræði. En þó held ég, eftir minni reynslu, þeirri reynslu, sem hv. 1. þm. Reykv. vitnaði til, að þar höfum við fundið heppilega leið í útgerðarmálunum, *enda fylgi hæfilegur stuðningur ríkissjóðs*.

Það verður, eins og ég sagði áðan, eitthvað að koma í staðinn fyrir þau ódýru fiskiveiðasjóðslán, sem aðrar þjóðir veita sínum fiskimönnum til skipakaupa, og meðan ríkið ekki leggur fram fé til slíks, þá er ekki önnur leið heppilegri en að veita samvinnufélögunum ábyrgð.

Jakob Möller: Við hv. þm. Ísaf. erum það mikið sammála um þetta mál, að það

er í raun og veru óþarfi að vera að deila. En það var dálítið skrítið, að hann fann það út úr mínum orðum, að ég mundi álíta, að engin útgerð bæri sig illa nema samvinnuútgerð. Ég er hræddur um, að hv. þm. Mýr. hafi komizt að allt annari niðurstöðu, sbr. það, sem hann sagði: „Að bæta gat með gati“. Enda er sannleikurinn sá, að það er fullkomlega viðurkennt af mér, að útgerðin yfirleitt hefir gengið ákaflega erfitt undanfarin ár. En um samvinnuútgerðina er það sérstaklega að segja, að eins og til hennar hefir verið stofnað hér, þá er aðalhættan fólgin í því, að hún verði rekin meir með tilliti til atvinnu heldur en með tilliti til þess, hvaða möguleikar eru til þess að útgerðin beri sig. Og það er rangt hjá hv. þm. Ísaf., að það hafi orðið samvinnufélagi Akureyrar að falli, að það keypti gömul skip, því að þau öfluðu í sjálfu sér vel, en það var reksturinn á útgerðinni, sem leiddi til þess, hvernig fór, sem sést m. a. á því, að þegar svo var komið fyrir félaginu, að það var alveg augljóst, að það mundi verða gjaldþrota og ekki geta fullnægt sínum skuldbindingum, þá samþykktu félagsmenn á fundi að halda útgerðinni áfram. Það, sem vitanlega hefir vakað fyrir þeim, hefir ekki verið annað en atvinna líðandi tíma. Þeir gerðu út eitt skip mánuðum saman til ísfisksútflutnings, þrátt fyrir það, að hver veiðiferð skilaði stórtapi. Það var þetta, sem aðallega fór með félagið, og það er þessi hætta, sem er alvarlegust í sambandi við svona útgerð, sem hér um ræðir. Sú ályktun, sem hv. þm. Ísaf. vildi draga af mínum orðum, að ef ríkið tapaði á ábyrgðum fyrir hlutafélög, þá ætti niðurstaðan að verða sú, að það ætti ekki að reka hlutafélög, er alveg röng. En ályktunin er rétt, ef hún er sú, að ríkissjóður eigi ekki að takast á hendur ábyrgð fyrir hlutafélög. Um annað hefi ég ekki talað. Ég hefi ekki heldur neitað því, að það mætti reka samvinnuútgerð, en ég hefi haldið því fram, að það væri varasamt fyrir ríkissjóð að ganga í ábyrgð fyrir slíka útgerð. Það er bezt, að ábyrgðin hvíli sem mest á þeim mönnum, sem reka fyrirtækið.

En við, hv. þm. Ísaf. og ég, fáum sennilega betra tækifæri til þess að ræða um þetta mál í sambandi við annað frv., sem er á ferðinni, og á ég þar við ábyrgð fyrir Reykjavík.

Ólafur Thors: Ég er einn þeirra, sem hafa skrifað undir nál. frá sjútvn. um meðmæli með þessu frv. — Hv. 1. þm. Reykv. hefir nú gert harðvítuga árás á þessa aðstöðu n., með rökum, sem eru bæði sterk og að sumu leyti rétt, og ég finn þess vegna meiri þörf til þess að láta í ljós, hvað það er, sem hefir valdið því, að ég hefi léð fylgi mitt með þessu frv.

Ég vil fyrst byrja með að viðurkenna, að ég játa fyllilega, að það er ákaflega varhugaverð braut, sem hæstv. Alþ. hefir lagt út á með því að taka hvað eftir annað ábyrgð á skuldbindingum samvinnufélaga, sem eru stofnuð á jafnveikum fjárhagslegum grundvelli eins og bæði þetta samvinnufélag og þau önnur samvinnufélög, sem ríkið er í ábyrgð fyrir. Það er rétt hjá hv. 1. þm. Reykv., að reynslan hefir kveðið upp þann dóm, að slíkum ábyrgðum ríkissjóðs fylgir alvarleg fjárhagsleg áhætta. Þetta hefir sýnt sig um ýms félög, sem hann nefndi, og raunar fleiri, og það hefir ekki komið fram við þessar umr. nein skýring á því, að þessi áhætta stafi af orsökum, sem ekki er full ástæða til að halda, að komið geti fyrir hvenær sem er.

Hv. þm. Ísaf. vildi reyna að bera í bætifláka fyrir vondri fjárhagslegri afkomu þess félags, sem hann stjórnar, með þeirri staðreynd, að eitt þeirra ára, sem félagið var starfrækt, var lélegt útgerðarár. Það er rétt, að árið 1931 var óhagstætt fyrir útgerðina, en hann veit sjálfsagt, að það er full vissa fyrir því, að slíkt árferði skellur yfir alltaf öðruhverju. Þessi hv. þm. kom inn á kjarna þessa máls. Hann sagði, og beindi því til hv. 1. þm. Reykv.: „Hvers vegna er verið að beina sífelldum óskum til Alþingis um ríkisábyrgð fyrir útgerðarfélög?“ „Það er,“ segir hann og svarar sér sjálfur, „vegna þess, að útgerð landsmanna er á heljarþröminni.“ — Það er ákaflega vel til fallið, að þessi aðvörun til Alþingis skuli einmitt koma fram frá manni úr Alþfl. Þeir, sem kunnugir eru útgerðarmálum hér á landi, vita, að útgerðin er búin að gera margþættar og margvíslegar ráðstafanir til

þess að draga úr framleiðslukostnaðinum. Útgerðin er búin að stofna til víðtækara skipulags um sölu á sínum afurðum, til þess að verðlyfta framleiðsluvörunni, heldur en þekkist á sama sviði með nokkurri annari þjóð. Útgerðin hefir einnig á öðrum sviðum gert þýðingarmiklar ráðstafanir til þess að draga úr framleiðslukostnaðinum, en samt sem áður er það rétt, sem hv. þm. Ísaf. sagði, að útgerðin er á heljarþröminni.

En eitt af því, sem veldur miklu um, að sú staðreynd er fyrir hendi, er, að útgerðin hefir aldrei fengið þá menn, sem standa fyrir málefnum verkalýðsins, til þess að hlusta á sanngjarnar kröfur útgerðinni til framdráttar, um niðurfærslu verkakaups. Það er þess vegna aðstaða þessara manna að sverfa svo að útgerð einstaklinganna, að hún leggist í rústir, og þegar búið er að gera það, þá á að koma til þingsins og krefjast þess, að ríkissjóður taki ábyrgð á samvinnuútgerð, sem sögð er vera nauðsynleg af því að útgerð einstaklinganna er komin í rústir. Þetta er hættuleg svikamylla, sem Alþingi er leitt inn á með þessu, og Alþingi verður að gera sér það ljóst, að þó það geti verið, að svo hagi til, að réttmætt sé að ganga í einhverja ábyrgð fyrir samvinnufélag, sem starfrækir framleiðslu til lands eða sjávar, þá verður undir þeim kringumstæðum, sem nú eru fyrir hendi um fjárhagslega afkomu atvinnurekstrar landsmanna yfirleitt, að gera sér ljóst, af hvaða orsökum fjárhagsafkoman er svo slæm sem raun ber vitni um, og í öðru lagi, hvort eðlilegt sé, að Alþingi leggist á sveif með þeim mönnum, sem mestu valda um, að ekki fæst eðlileg leiðrétting þessara mála, með því að taka á sig áhættuna af atvinnurekstri, sem nú er talinn nauðsynlegur, af því að búið er að leggja atvinnurekstur einstaklinganna í rústir. Ég verð þess vegna að játa það, að sú stefna, sem hefir verið ofarlega á baugi með löggjafanum á undanförnum árum, er varhugaverð, og það er full ástæða til þess, að hæstv. Alþingi athugi vel hvert spor, sem stigið er í þessu efni.

Af þessum ástæðum er ég að sjálfsögðu hikandi í þessu máli. Að ég þó hefi léð því fylgi, er af því, að ég er ekki sammála hv. 1. þm. Reykv. um, að þessi útgerð frá Borgarnesi þurfi að vera dauðadæmd, ef útgerð yfirleitt getur borið sig. Ég verð að vísu að játa það, að það er rétt, að það má benda á marga útgerðarstaði hér á landi, sem eru betur fallnir til útgerðar en Borgarnes. En hinsvegar hefir það verið upplýst við umr., að margvísleg þörf kallar á þennan atvinnurekstur frá Borgnesingum.

Höfuðannmarkinn á útgerð frá þessum stað er sá, að skipin geta ekki tekið þar land nema eftir sjávarföllum, og leiðin frá djúpmiðum til lendingarstaðar er skerjótt, og það svo hættulega, að í dimmviðri er talið, að kunnugir menn megi tæplega óhultir stýra skipi til hafnar. En ég er ekki frá því, að ráða megi bót á þessum annmarka með því að þetta útgerðarfélag kæmi sínum málum þannig fyrir, að það léti þetta skip sitt sigla til Reykjavíkur eða annarar hafnar til þess að losa sig þar og taka sínar nauðsynjar í nýja veiðiferð, þegar ekki þykir fært að taka land í Borgarnesi.

Það hefir upplýstst hér við umr., að eitt útgerðarfélag hér í Rvík hefir talið sér hag að því að senda fisk, sem veiðiskip þess hafa flutt frá djúpmiðum og sett upp í Reykjavík, til Borgarness, til þess að láta verka hann þar. Þetta kemur til af því, að Borgnesingar telja sér hag í því að verka fiskinn, þó að þeir taki minna fyrir það en tíðkast hér í Rvík. En úr því að einstakt útgerðarfélag hér í Rvík telur sér hag að þessu, þá er það ekki dauðadómur fyrir félag í Borgarnesi að gera það sama. En væntanlega verður maður að gera ráð fyrir því, að allajafna megi taka land í Borgarnesi.

Ég hygg, að áhætta ríkissjóðs af þessari ábyrgð sé minni heldur en af ýmsum ábyrgðum, sem ríkissjóður hefir tekið undanfarið fyrir slík útgerðarsamvinnufélög. Það er af því, eins og hv. þdm. hafa tekið eftir, að í brtt., sem sjútvn. flytur, er tilskilið, að auk sjálfskuldarábyrgðar félagsmanna, sem sennilega er ekki rétt að leggja mikið upp úr, á lánið að vera tryggt með ábyrgð Borgarneshrepps og fyrsta veðrétti í skipinu, en lánið, sem ríkissjóður ábyrgist, er ⅔ hlutar af kaupverði skipsins eins og það er fullbúið til fiskiveiða. Mér er sagt, að Borgarneshreppur sé vel stæður fjár-

hagslega og að þeir menn, sem um þetta mál eiga að sjá, séu duglegir og ráðdeildarsamir, en þetta hvorttveggja dregur auðvitað mikið úr áhættu ríkissjóðs af ábyrgðinni. En hitt er svo staðreynd, sem vert er að taka til athugunar í því sambandi, enda þótt ég treysti mér ekki til að taka eins djúpt í árinni eins og þeir hafa gert, sem eru mér sammála í þessu efni og styðja vilja félagið, um ágæti þess skips, sem til stendur að kaupa, að eftir þeim upplýsingum, sem ég hefi fengið, megi fullyrða, að hér sé um gott skip að ræða. Ég verð að játa, að þær upplýsingar, sem sjútvn. hefir fengið um skipið, eru ekki alveg óyggjandi, og ég hygg, að menn hafi dæmt nokkuð fljótfærnislega um þær. En samt sem áður segi ég, að **sterkar líkur** bendi til þess, að skipið sé gott.

Það má ekki bera skipið saman við ýms önnur línuveiðaskip, sem gerð eru út héðan, af því að það er bæði stærra, nýrra og betra heldur en þau. Og það hefir verið upplýst, að þetta skip kostaði meira en tvöfalt á við það, sem nú á að selja það fyrir, og að það sé til sölu af því, að það útgerðarfyrirtæki, sem réðist í að byggja það, hafði orðið gjaldþrota meðan á byggingunni stóð og bankinn, sem hafði fjárhagslegra hagsmuna að gæta hjá því útgerðarfyrirtæki, hafði neyðzt til þess að yfirtaka skipið. En það vita menn, að þegar svo stendur á, þá eru bankarnir oft tilleiðanlegir til þess að selja slík skip eingöngu við því verði, að þeir geti bjargað þeim peningum, sem þeir sjálfir hafa lánað útgerðarfyrirtækinu. Það eru líkur til, að hér sé um verðmætt skip að ræða. Í fyrsta lagi af því, að það er byggt í Noregi, á þeim stað, sem ekki er ástæða til að halda, að sé mjög dýr, en samt hefir það kostað tvöfalt við það, sem nú á að selja það fyrir. Og í öðru lagi benda lýsingar þær, sem skipinu fylgja, til þess, eins og ég sagði áðan, að hér sé um bæði sterkt og gott skip að ræða.

Ég hygg, að þeir línuveiðarar, sem gerðir eru út frá íslenzkum höfnum, séu flestir um það bil 95 til 100 fet á lengd, eða rúmlega það, en þetta skip, sem hér um ræðir, er talið að vera 124 fet á lengd, 24 fet á breidd og 12 fet á dýpt. Það er með öðrum orðum næstum því eins stórt og þeir togarar, sem gerðir voru út frá Rvík fyrir og um byrjun ófriðarins mikla. Þá voru íslenzku togararnir frá 122 fetum og upp í 130 fet á lengd, og þeir voru ekki eins breiðir og þetta skip, eða um 22 til 23 fet á breidd, en lítið eitt dýpri. Þetta skip er því töluvert stærra heldur en aðrir íslenzkir línuveiðarar, og það hefir þá miklu þýðingu, að líkur eru til þess, að það sé hægt að reka það lengri tíma á ári heldur en aðra línuveiðara, sem gerðir eru út hér á landi, og það eru líkur til þess, að skipið verði hentugt til þess að sigla með ísfisk frá Íslandi á erlendan markað, og fær það með þeim hætti allt aðra aðstöðu til þess að gefa sæmilega fjárhagslega afkomu eigendum sínum. Auk þess verður rekstrarkostnaður við skipið tiltölulega lítill. Það hefir, að mig minnir, Bolindermótor, sem talinn er mjög spar á olíu. Mér er sagt, að skipið eyði um 47 krónum um sólarhringinn á línuveiðum hér við land. Þetta skiptir líka miklu máli; og áhættan, sem ríkissjóður tekur á sig við þessa lánsábyrgð, er minni heldur en við þær ábyrgðir, sem áður hafa verið veittar samskonar félögum. Ég vil benda hv. 1. þm. Reykv. á þessa hlið til jafnvægis við það, sem hann bar fram, að útgerð í Borgarnesi myndi reynast mjög óhentug.

Hinsvegar er ég ekki sammála hv. flm. þessa máls um samanburð á Akranesi og Borgarnesi, því að þar er ólíku saman að jafna. En ég held, ef Borgnesingar tryggja sig á þann hátt, sem vitrustu menn í þeirra hópi telja heppilegastan, þá sé ríkissjóði ekki stefnt í neinn voða með þessari ábyrgð. Ég tel, að miklu varði, ef þeir fengju í félagsskap sinn duglegan skipstjóra, vel kunnan aflamann, því að reynslan sýnir, að á því veltur hvað mest öll útkoma vertíðarinnar.

Mér þótt nauðsynlegt að gera þessa grein fyrir skoðun minni á þessu máli, eftir þau andmæli, sem komu fram í ræðu hv. 1. þm. Reykv. Ég tel þessa braut í raun og veru hættulega, og það er skylda löggjafarvaldsins að gera sér kunnugt, hvers vegna kröfurnar um stofnun slíkra félaga verða æ háværari, en það er vegna þess, að útgerðin ber sig ekki. Hún er rekin þessi ár með halla, og allir vita,

hvert stefnir fyrir landið, ef hún verður að hætta. (**TrÞ:** Þá er að lækka krónuna). „Lækka krónuna," segir hv. þm. Str. Við höfum staðið saman um þetta fyrr (**TrÞ:** Og gerum enn.), og ef ekki er hægt að bjarga framleiðslunni á annan hátt, þá verður að grípa til þess ráðs áður en hún sekkur í enn dýpra fen en orðið er, svo að möguleikar séu fyrir hendi til þess að draga hana upp úr því.

Hv. þm. Ísaf. gat þess, að honum væri ekki kunnugt um, að ríkið hefði fengið tap af samvinnufélögum; þau töp, sem ríkið hafi hlotið, hafi það fengið af hlutafélögum. Honum ætti þó að vera þetta kunnugt, því einmitt það félag, sem hann stjórnar, stendur í miklum vanskilum við ríkissjóð. Mér er ekki kunnugt um mörg töp ríkissjóðs á hlutafélögum. Ég man aðeins eftir einu tilfelli, félaginu „Kára", og er það þá sambærilegt við það, ef samvinnufélag Ísfirðinga yrði gert upp á næstunni. (**FJ:** Það verður ekki gert). Það fer nú eftir því, hver verður fjmrh. framvegis og hversu hann vill lengi halda þessu félagi á spenanum. Það er vitanlega rétt af kröfuhöfum að halda við öllum þeim rekstri, sem vonir standa til, að geti staðið, ef eitthvað birtir í lofti, en eftir því, sem mér er sagt um fjárhagsafkomu samvinnufélags Ísfirðinga, þá mun fljótt koma röðin að því, og fljótar en að flestum hlutafélögunum.

Ég vænti þess, að hv. dm. geti orðið samferða meiri hl. sjútvn., og ég verð að segja það, að mér finnst það koma úr hörðustu átt, þegar maður, sem stendur fyrir félagi, sem stofnað var með ríkisábyrgð, og ætti því að vita um þörfina í þessu efni, að hann einn nm. skuli leggjast á móti þessu frv. og andmæla því. Það er ekki nóg að líta á Ísafjörð einan, það þarf líka að líta á aðra staði á landinu, þar sem svipað stendur á. Það er ekki nóg að hringsnúast stöðugt um sitt eigið heimilisfang; menn verða að hafa svolítið víðari sjóndeildarhring. Mér virðist það næsta undarlegt, úr því menn, sem telja þessa braut jafnvarhugaverða og ég, vilja greiða fyrir þessu máli af þeim rökum, sem ég hefi áður bent á, þá skuli þeir menn, sem alltaf hafa talið þessa braut til þjóðþrifa, nú finna hvöt hjá sér til þess að rísa upp gegn þessu máli. Ég hefi fært rök að því, að útgerð í Borgarnesi er engan veginn dauðadæmd, ef samvinnufélag Ísfirðinga á að teljast lífvænlegt, og ef verðmæti skipsins er athugað, þá vil ég segja, að áhættan við þessa ríkisábyrgð er engan veginn meiri — ég hygg minni — heldur en ábyrgðin fyrir samvinnufélag Ísfirðinga var á sínum tíma. Og ef afstaða hv. þm. Ísaf., sem sjálfur býr í skjóli slíkrar ríkisábyrgðar, er athuguð, þá virðist sem hann einn vilji njóta hér góðs af, en vill ekki rétta öðrum hjálparhönd, sem líkt er ástatt fyrir. Þetta er ámæli, sem mun loða við hann á meðan hann hefir ekki hreinsað sig af því með sterkari rökum en hann hefir enn komið með.

Finnur Jónsson: Ég þyrfti nokkuð langan tíma, ef ég ætti að fara að svara öllu því, sem hv. þm. G.-K. sagði. En rómverskur hershöfðingi (**ÓTh:** Var það ekki íslenzkur landlæknir?) hafði það að reglu að gera aldrei það, sem óvinir hans vildu, að hann gerði, og slíkt hið sama ætla ég mér að gera. Með lýsingum sínum um breidd og dýpt skipa og þá ekki síður með fádæma svívirðingum um samvinnufélag Ísfirðinga vill hann fá mig til málþófs við sig, af því að hann vill tefja það mál, sem er hér næst á dagskrá. Annars ferst hv. þm. G.-K. ekki að vera með þessar svívirðingar um samvinnufélag Ísfirðinga, því á sama tíma og samvinnufél. Ísfirðinga varð ríkissjóði skuldugt um rúmar 40 þús. kr. er talið, að félag það, sem hann er sjálfur óstarfhæfur og einskonar heiðursforseti fyrir, hafi safnað um 5 millj. lítt tryggðra eða ótryggðra skulda hér í bönkunum.

Ólafur Thors: Hv. þm. N.-Ísf. tókst að kenna sessunaut sínum eina setningu úr sögunni, en honum tókst ekki að kenna honum að breyta eftir henni. Þessi hv. þm. segir, að hann ætli sér ekki að fara að rökræða við þm. G.-K., af því að það tefji umr. og hér séu önnur mál síðar á dagskrá, sem ég vilji gjarnan tefja. Þetta var það, sem hv. þm. N.-Ísf. tókst að koma inn hjá hv. þm., en þegar hann fór að lifa eftir því, þá fór allt á annan veg. Hann varpar fram rakalausum staðhæfingum um mig og mitt félag, sem gefa

mér tilefni til margra klukkutíma ræðu. Auk þess er það hlægilegt að halda því fram, að ég vilji beita málþófi í þessu máli til þess að tefja fyrir máli, sem kemur hér fyrir á eftir. Það er nú orðið lítið eftir af fundartíma og því hægurinn hjá að tefja það mál, þegar það verður tekið fyrir.

Í sambandi við þann óhróður, sem hv. þm. bar fram á mitt félag, þá vil ég segja, að honum og hans hyski, sem lifað hafa sem sníkjudýr á ríkissjóði og viljað fá allt lagt upp í hendurnar án þess að gera nokkurn skapaðan hlut, ferst ekki að tala um þá menn, sem borið hafa hita og þunga atvinnurekstrarins og alltaf staðið við sínar skuldbindingar. Og þó að ég vilji á engan hátt þakka mér sérstaklega rekstur þess félags, sem ég veiti forstöðu, því þar vinna einnig aðrir mér fremri menn, þá þori ég fyllilega að láta gera samanburð á mér og hv. þm. Ísaf. Mitt félag hefir alltaf greitt stórfé í ríkissjóð, m. a. til þess að borga til þessara sníkjudýra eins og hv. þm. og samvinnufélags Ísfirðinga. (FJ: Samvinnufélag Ísfirðinga hefir aldrei þegið einn eyri frá Kveldúlfi; það eru hrein ósannindi.) Jú, samvinnufél. Ísfirðinga hefir étið upp það, sem við skilamennirnir greiðum í ríkissjóðinn. Það er eftirtektarvert, þegar ég stend upp og legg fyrir hv. þm. þá spurningu, hvernig standi á því, að hann sé á móti þessari ábyrgðarheimild, þegar ég heimta, að hann hreinsi sig af því ámæli, sem ég bar á hann, að hann hugsaði bara um að skara eld að sinni köku, þá stendur hv. þm. upp og eys úr sér svívirðingum, í stað þess að svara. Mér er það að vísu ljóst, að honum veitist erfitt að færa rök fyrir sinni afstöðu í þessu máli, og líklega verður bezt fyrir hann að fá einhvern sér meiri mann til þess að semja þá greinargerð. En svívirðingar hv. þm. gerðu ekki annað en að sverta þann blett, sem ég setti á hann. Ef hv. þm. hefði í stað þessa sagzt geyma sér frekari umr. um málið til 3. umr. — með það líka fyrir augum að láta sér færari menn semja ræðuna —, þá hefði engum dottið í hug að álasa honum fyrir það, og sízt mér, sem veit, hve illa hann sjálfur er fær um það. Ég vil nú gefa honum enn tækifæri og skora á hann að hreinsa sig af þessu, og vænti þess, að hæstv. forseti leyfi honum nokkur orð. En ef hv. þm. hefir ekki í sér manndóm til að svara núna, þá ætti hann að geyma sér það til síðari umr. og fá t. d. sessunaut sinn til að semja ræðuna fyrir sig.

ATKVGR.

Brtt. 205 (ný tillgr.) samþ. með 13:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 12:6 atkv.

Á 24. fundi í Nd., 2. des., var till. tekin til síðari umr. (A. 251).

Jón Pálmason [óyfirl.]: Ég verð að segja það, að ég er talsvert hissa á ýmsu því, er fram kemur í starfsemi þessa þings um meðferð mála. Og það er einmitt í sambandi við þetta mál, sem mér þykir ástæða til að rifja upp, þó það lengi eitthvað umr., sumt af því, sem áður hefir verið afgr. og er í sama flokki og þetta mál, t. d. ríkisábyrgð vegna samvinnuútgerðar á Stokkseyri.

Það er talið glæsilegt að vera ríkur maður og gaman að geta ausið peningum á báðar hendur. Og vissulega hefði það verið skemmtilegt á þessu þingi, ef hægt hefði verið að ausa peningum úr ríkissjóði í allar áttir og sem víðast um. Nú, það virðist svo, ef litið er á starfsemi þessa þings og afgreiðslu mála, sem svona sé ástatt í þjóðfélaginu. Ég verð því miður ekki var við, að hér á Alþingi sé neitt vald, er beri vott um þá ábyrgðartilfinningu, er sporni við því, að afleiðingarnar af störfum þingsins komi óþægilega við ríkissjóð. Það virðist svo sem ríkisvaldið hafi hér engan málsvara. Ég var að athuga það í gær, að nú á þinginu hafa verið fluttar till. til útgjalda úr ríkissjóði, er nema samtals um 1600 þús. kr. Þar af til nýrra launa og launabóta handa opinberum starfsmönnum 30—40 þús. kr., og þó er ótalin stór upphæð til dýrtíðaruppbótar á laun embættis- og starfsmanna ríkisins, ég veit ekki, hvað mikil, ef hún verður framlengd, sem líkur benda til. Í þessari 1½ millj. kr. upphæð eru sjálfsagt margir liðir, sem á að verja til þess að koma atvinnuvegunum

á traustari grundvöll. Og stærsti liðurinn er auðvitað til síldarbræðslustöðvar á Norðurlandi, 1 millj. kr.

En svo er ekki nóg komið með þessu. Til viðbótar má telja till. um ábyrgðarheimildir til ríkisstj. vegna ríkissjóðs, og þær nema samtals ca. 5 millj. kr., eftir því sem mér reiknast til. Ég veit satt að segja ekki, hvað vakir fyrir hv. þm., að þeir skuli geta lagt út í að samþ. þetta allt með köldu blóði. Auðvitað eru margar af þessum till. um ábyrgðarheimildir ekki ófyrirsynju fram komnar, og verður sjálfsagt ekki komizt hjá að samþ. ýmsar þeirra. En þar á meðal eru líka margar till., sem segja má um með fullum rökum, að þingið geti vel sóma síns vegna látið vera að afgreiða. Það má náttúrlega segja, að sú till., sem hér liggur fyrir, um 125 þús. kr. ábyrgð fyrir samvinnuútgerð í Borgarnesi, sé ekki nema dropi í hafinu.

Mér hefir talizt svo til, að ábyrgðarheimildir fyrir lánum til rafveitna nemi um 960 þús. kr., vegna banka um 1100 þús. kr., til togaraútgerðar 2½ millj. kr., til lendingarbóta 75 þús. kr., til samvinnuútgerðar 220 þús. kr., og til ýmsra annara fyrirtækja um 200 þús. kr. Um þessar ábyrgðarheimildir til útgerðarsamvinnufélaga er það að segja frá mínu sjónarmiði, að það var á sínum tíma vel forsvaranlegt af þinginu að gera tilraun í þessu efni, fyrir útgerðarfélag, sem hafði þægilega aðstöðu, eins og samvinnufél. Ísfirðinga. Ég tel, að sú tilraun hafi ekki gefizt vel að öllu leyti, en að sumu leyti má margt gott um hana segja, þó að því sé nú vitanlega ekki lokið. En það er allt annað mál að veita ríkisábyrgð til útgerðar á miður heppilegum stöðum. Og ef þingið ætlar sér að taka þetta skref fullt og veita ábyrgðir til þessara hluta víðsvegar um land, eins og í Borgarnesi og á Stokkseyri, þá lízt mér ekki á blikuna. Og mig undrar, að það skuli ekki vera lagðar hér fram í þessum málum fyllri rannsóknir og upplýsingar um það, að hverju þetta getur leitt fyrir ríkissjóð. Samkv. þessu viðhorfi lítur svo út sem þingið muni samþ. allar till. um fjárgreiðslur og ábyrgðarheimildir, sem fyrir því liggja. Margar þeirra eru náttúrlega nauðsynlegar eða óhjákvæmilegar, en ýmsar af þeim eru aftur á móti þannig gerðar, að það er ekki sæmilegt af aukaþingi að gera meira en annaðhvort að ganga framhjá þeim eða vísa þeim til stj. til fyllri athugunar.

Ég skal svo ekki fara lengra inn á þetta svið. Þm. hafa allt aðra afstöðu til þessara mála á fjárlagaþingi, þar sem lögin heimta, að tekin sé ákveðin afstaða til fjárhags ríkissjóðs, heldur en á þessu aukaþingi. En þó er hér hrúgað inn ábyrgðarbeiðnum og till. um fjárframlög úr ríkissjóði svo skiptir millj. kr., án þess að athuga á nokkurn hátt, hvaða áhrif þær hafa á fjárhag ríkissjóðs. Með tilliti til þess, sem ég nú hefi sagt, greiði ég atkv. á móti þessari þáltill. og ýmsum öðrum, sem koma síðar til atkv. hér í þd. — Ég geri það ekki af því, að ég vilji neita því, að þetta geti orðið til hagsbóta fyrir hlutaðeigandi héruð. En ég lít svo á, að það sé fyrst og fremst hlutverk bankanna að lána fé til slíkra fyrirtækja, en að ríkissjóður eigi að vera laus við alla áhættu af þeim, að öðru leyti en því, sem hann er í bakábyrgð fyrir bönkunum.

Bjarni Ásgeirsson: Ég ætla ekki að halda hér langan fyrirlestur við þessa umr. málsins, en vil aðeins geta þess, að mér þykir það koma úr hörðustu átt, að hv. þm. A.-Húnv., sem ekki klígjar við að biðja um mörg hundruð þús. kr. framlög og ábyrgð fyrir sitt kjördæmi úr ríkissjóði, skuli ætla að springa af vandlætingu út af þessari 125 þús. kr. ábyrgðarheimild til nauðsynjafyrirtækis, sem ekki er sjáanlegt, að hafi neina áhættu í för með sér fyrir ríkissjóð.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 25. fundi í Nd., 4. des., var fram haldið síðari umr. um till.

ATKVGR.

Till. samþ. með 10:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HJ, JJós, TrÞ, VJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, EystJ, JörB.

nei: GÍ, IngB, JakM, JP, MG, PHalld, ÞÞ, GSv.

Tíu þm. (HStef, HG, HV, JÓl, JS, ÓTh, PO, TT, ÞorlJ, FJ) fjarstaddir.

Till. afgr. til Ed.

Á 26. fundi í Ed., 5. des., var till. útbýtt eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 251).

Á 27. fundi í Ed., 6. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 28. fundi í Ed., 7. des., var till. tekin til fyrri umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 8 shlj. atkv.

Till. um að vísa málinu til sjútvn. felld með 6:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PHerm, BSn, EE, GL, JónÞ, KS.

nei: MJ, IP, JBald, JónJ, JónasJ, EÁrna.

Tveir þm. (PM, BKr) fjarstaddir.

Á 29. fundi í Ed., 8. des., var till. tekin til síðari umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 8 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 368).

---

25. Verðuppbót á útflutt kjöt.

Á 20. fundi í Ed., 27. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um verðuppbót á útflutt kjöt (A. 183).

Á 21. fundi í Ed., 28. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 22., 24., 25. og 27. fundi í Ed., 29. nóv., 2., 4. og 6. des., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Ed., 8. des., var till. enn tekin til einnar umr.

Frsm. (Páll Hermannsson): Á síðasta þingi var samþ. heimild í 22. gr. fjárl., sem gefur ríkisstj. leyfi til að verja miklu fé til þess m. a. að bæta nokkuð upp verð á útfluttu dilkakjöti á þessu ári. Ætla ég ekki, nema sérstakar ástæður gefist til, að fara langt út í þær ástæður, sem til þess lágu, að þessi heimild var gefin. Ég veit, að hv. dm. er öllum kunnugt, hverjar ástæður ollu því, að ráðizt var í að heimila svo mikið fé í þessu augnamiði. Kreppan og vandræði manna, ekki sízt þeirra, sem búa í sveitum landsins, er alkunnur hlutur. Ég vil hinsvegar upplýsa það, af því að það kemur þessu máli við, að svo lítur helzt út fyrir, að í ár muni verða gott verð á útfluttu frystu kjöti. Að vísu er ekki enn hægt að segja, hvað verðið muni verða, af því að enn hefir ekki verið flutt út nema sem svarar helmingi af freðkjötinu, en verðið á þessu, sem selt hefir verið, hefir verið gott. Um verðið á því kjöti, sem enn er óselt, verður maður að geta í lófa sinn, en kunnugir menn þessum málum telja, að vænta megi góðs verðs á því í ár, og m. a. s. mjög góðs í samanburði við verðlagið síðastl. ár, enda var full nauðsyn á því, því að verðið síðastl. ár var hraklágt, langt fyrir neðan allt, sem vit var í. Hinsvegar er nokkurn veginn vitanlegt um verðið á saltkjötinu. Samband ísl. samvinnufélaga, sem hefir mikið af þeirri sölu með höndum, hefir tjáð n., að búast megi við, að verðið muni verða 60 au. kg. af fyrsta flokks saltkjöti og 50 au. af annars flokks kjöti.

Mér dettur ekki í hug að leggja dóm á það, hvaða verð framleiðendurnir verða að fá í framtíðinni til þess að geta lifað á framleiðslunni, enda veit ég það ekki, og tel mér ekki skylt að vita það fremur en aðrir. En það er ljóst, að ekki verður hjá því komizt, að kjötframleiðendur fái svo mikið fyrir vöru sína, að atvinnugreinin sé lífvænleg. Það framleiðir enginn þá vöru, sem ekki getur gefið honum lífsbrauð, og kjöt verður væntanlega etið hér á landi framvegis eins og hingað til, og mun enginn láta sér detta í hug, að farið verði að flytja það inn í landið.

Landbn. hefir leyft sér að flytja þáltill. á þskj. 183, eingöngu í því augnamiði að láta í ljós þann vilja sinn, og væntanlega einnig vilja hv. d., að ríkisstj. noti fjárlagaheimildina í ár til þess að bæta upp

kjötverðið að því leyti, sem þörf krefur, en n. hefir látið það algerlega undir mati og dómi stj., hver þörfin verður í þessu efni. Ég get sagt það fyrir mína hönd, og ég ætla f. h. n. líka, að verðið á saltkjötinu er nú langt fyrir neðan það verð, sem bændur þurfa að fá. En eins og ég sagði, hefir stj. málið á valdi sínu, og er þess að vænta, að stj. noti heimildina, ef hún telur þess þörf. Annars auðvitað ekki. Fyrir mitt leyti get ég lýst yfir því, að ég treysti núv. hæstv. atvmrh. fullkomlega til að fara samvizkusamlega og sanngjarnlega með þessa heimild, og það er fremur styrkur fyrir hæstv. ráðh. að fá slíka yfirlýsingu sem þessa frá d., um það, að hún ætlist til þess, að heimildin sé notuð, ef þörf krefur.

Ég sé svo ekki brýna ástæðu til að fara fleiri orðum um þessa till. að svo stöddu, en ég er við því búinn að fara lengra út í aðdragandann að þessari þáltill., ef umr. skyldu gefa tilefni til þess.

Atvmrh. (Þorsteinn Briem): Það gat ekki leikið á tveim tungum meðal þeirra, sem þekktu ástand landbúnaðarins og söluhorfur á landbúnaðarafurðum á síðasta þingi, að full þörf var á að veita heimild til þess að greiða verðuppbót á útflutt kjöt, ef verðið yrði jafnlágt og þá voru horfur á. Sem betur fór, rættist betur úr þessu en menn höfðu gert sér vonir um, og síðasti farmurinn af freðkjöti, sem fluttur var út síðastl. vetur, seldist við hærra verið en áður. Heildarútkoman af sölu síðasta árs varð sú, að freðkjöt seldist fyrir 50 au. kg., en saltkjöt þetta frá 40 au. upp í 48—50 au., og varð það skárra verð en við var búizt á tímabili. Og nú er þau gleðitíðindi að segja, að verðið á freðkjötinu hefir hækkað töluvert frá því, sem var síðastl. ár. Mun mega gera ráð fyrir því með nokkurn veginn vissu, að freðkjötið, sem selt er til Englands, muni nú seljast fyrir 80 au. kg., en hinsvegar er rétt að geta þess, sem hv. frsm. drap á, að enn er ekki selt nema um helmingur af freðkjötinu, en þótt gert sé ráð fyrir allt að 20% verðlækkun á því óselda, mun mega telja víst, að bændur fái a. m. k. 72 au. fyrir kg. Dreg ég það í efa, að þessi heimild í fjárl., sem samþ. var af þinginu í fyrra, hefði náð fram að ganga, a. m. k. að því er freðkjötið snertir, ef menn hefðu vitað þessi tíðindi fyrir. Hinsvegar er mikill verðmunur á útfluttu saltkjöti og freðkjötinu. Mun vart mega vænta hærra verðs en 60 au. fyrir kg. af fyrsta flokks dilkakjöti, sem nefnt er I.A, en þess verðs mun þó a. m. k. mega vænta um allt það kjöt, sem Sambandið sér um sölu á. Þess er og að gæta, að saltkjötið, sem selt er til Noregs, er yfirleitt lakara en það kjöt, sem selt er til Englands og á markaðinum hér innanlands. Úr beztu sauðfjárhéruðum landsins, Dalasýslu, Strandasýslu og Norður-Múlasýslu, hefir kjötið aðallega verið selt á innanlandsmarkaðinum, og geri ég ráð fyrir, að verðið muni verða 70—75 au., og er það nokkur hækkun frá því, sem var í fyrra, og mun sú verðhækkun að einhverju leyti koma til uppbótar á saltkjötið, sem selt er til Noregs. En þótt söluhorfurnar hafi þannig batnað verulega frá því í fyrra, er þó svo mikill verðmunur annarsvegar á hinu útflutta saltkjöti og hinsvegar á freðkjötinu og spaðsaltaða kjötinu, sem selt er hér innanlands, að stj. mun taka það til athugunar, hvort ekki sé nauðsynlegt að bæta þennan mikla mun að einhverju leyti upp með verðuppbót úr ríkissjóði, ef fjárhagur ríkisins leyfir. Vildi ég einmitt mega beina því til hv. frsm. í þessu sambandi, að hann skýrði það nánar, hvað fyrir n. vakir með orðalagi till., „eftir því, sem þörf krefur". Hvort n. á við það, að stj. noti heimildina til að greiða verðuppbót á freðkjötið jafnframt, eða hvort n. á eingöngu við saltkjötið, sem selt er til Noregs, ef verðið fer ekki yfir það, sem ég gat um, 60 au. fyrir fyrsta flokks kjöt. Ég vænti, að hv. frsm. skýri þetta nánar. Ég fyrir mitt leyti tel, að þarna verði að gera á mikinn mun, því að auk verðmismunarins kemur hér einnig til greina, að þau héruð, sem aðstöðu hafa til þess að flytja út frosna kjötið, hafa fengið sérstakan styrk til hagsbóta fyrir freðkjötsframleiðsluna, þar sem er styrkurinn til frystihúsanna, sem samtals mun nema fullum 400 þús. kr. Verð ég að telja frystihúsastyrkinn verulega hjálp fyrir hlutaðeigandi héruð, sem þannig standa betur að vígi um að hagnýta sér markaðinn, og má telja það

verulega verðuppbót á það kjöt, sem framleitt er fyrir enskan markað, ekki aðeins í ár, heldur einnig í framtíðinni.

Ég óska, að n. skýri ljósar, hvað hún á við með till., og sérstaklega, að hún taki það nánar fram, hvort hún á við saltkjötið eingöngu eða við útflutta kjötið yfirleitt.

Frsm. (Páll Hermannsson): Ég vil f. h. n. þakka hæstv. atvmrh. fyrir góðar undirtektir við málið. Ég bjóst alltaf við þeim, og ég tel, að þær hafi líka komið.

Eins og ég tók greinilega fram í fyrri ræðu minni, leggur n. það algerlega á vald stj. að meta það, hvort þörf muni verða á að gefa uppbót á kjötið. Er og varla við því að búast á þessu stigi málsins, að landbn. vilji fara að gera um það ákveðnar till. Ég vil þó taka það fram, að saltkjötið vakti sérstaklega fyrir n. N. er kunnugt um það, að útlit er fyrir, að mikill verðmunur muni verða á útfluttu saltkjöti og freðkjöti. Hefi ég ekki leyfi n. til þess að gefa neinar yfirlýsingar um það, hvort n. ætlast til, að freðkjötið verði bætt upp, ef verð á því verður 72 aura kg., eins og hæstv. ráðh. taldi, að óhætt væri að gizka á, en ég get sagt það fyrir mig, að þótt ég telji það verð of lágt eftir þörfinni, get ég þó ekki búizt við, að stj. sjái sér fært að taka fé úr okkar hálftóma ríkiskassa til þess að bæta það verðlag upp. En fyrst verðmunur er á saltkjötinu og freðkjötinu, tel ég hinsvegar nauðsynlegt, að gefin verði uppbót á saltkjötið að einhverju meira eða minna leyti, til þess að reyna að samræma verðið á því við verðið á freðkjötinu. Stór svæði á landinu, sem lifa eingöngu af sauðfjárrækt, hafa ekki getað notað sér frosna markaðinn, og eru það bæði kaupfélög og kaupmannaverzlanir, sem hafa verið útilokuð frá fyrsta markaðinum. Það má að vísu búast við því, að sumt af saltkjötinu sé lélegri vara en freðkjötið, en það er líka jafnvíst, að mikið af saltkjötinu er góð og fullboðleg vara.

Ég veit ekki, hvort hæstv. atvmrh. er ánægður með þessi svör, en ég legg áherzlu á það enn og aftur, að n. leggur það á vald stjórnarinnar að meta þörfina í þessu efni. — Ég vænti þess, að menn. mínir skýri frá því, sem fyrir þeim hefir vakað, ef skoðanir þeirra eru að einhverju leyti í ósamræmi við það, sem ég hefi sagt.

Atvmrh. (Þorsteinn Briem): Ég skildi ræðu hv. frsm. svo, að hann vildi ekki leggja til, að uppbót yrði gefin á útflutt freðkjöt, sem selt yrði fyrir 72 aura kg., en hinsvegar, að verðuppbót yrði veitt á saltkjötið, til þess að samræma verðið á því við verðið á frosna kjötinu. Ég get tekið undir orð hv. frsm. og lýst jafnframt yfir fyrir mitt leyti, að stj. mun taka þetta til rækilegrar athugunar og reyna að létta undir með þeim bændum, sem erfiðasta eiga aðstöðu, að svo miklu leyti sem hagur ríkissjóðs leyfir. Hér er um svo mikinn aðstöðumun fyrir héruðin að ræða, að sanngjarnt er, að ríkissjóður hlaupi undir bagga, svo framarlega sem honum er það kleift.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. afgr. sem ályktun efri deildar Alþingis (A. 369).

26. Landhelgisgæzla.

Á 17. fundi í Ed., 23. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um bætta landhelgisgæzlu við austur- og norðausturströnd landsins (A. 127).

Á 19. fundi í Ed., 25. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 20. fundi í Ed., 27. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Ingvar Pálmason) [óyfirl.]: Eitt af því, sem mjög grípur inn í afkomumöguleika þeirra manna, sem stunda útgerð í smærri stíl, er landhelgisgæzlan. Það er nú svo ástatt, að meiri hluti sjómannanna hér á landi sækir sjóinn á smábátum, árabátum og svo nefnd-

um trillum; svo er þetta a. m. k. á Austfjörðum og að ég held einnig á Vestfjörðum. Það liggur því í augum uppi, að ef misbrestir koma á landhelgisgæzluna, þá hljóta afleiðingarnar aðallega að koma niður á smábátaútgerðinni, sem aðallega notar grunnmiðin. Er því ekki nema eðlilegt, að þá þyki þeim, sem gengið sé á hag sinn. Landhelgisgæzlan er svo þýðingarmikil fyrir bátaútgerðina, að það má vissulega líkja henni við varnir þær, sem á landi eru notaðar gegn því, að stórgripastóð gangi óhindrað um tún manna og engjar. Varnir þessar eru nú víðast hvar orðnar harla fullkomnar á landi og tryggja mjög lífsbjargarmöguleikana þar. Nú orðið mundi það talið óviðunandi, ef slíkar varnir féllu niður og skepnurnar gengju hindrunarlaust um slægjulöndin, en það er alveg hliðstætt því, er stórskip koma í hópum og skafa grunnmið smábátanna. Eins og kunnugt er, er á sjónum haldið uppi vörnum gegn stórskipunum með allálitlegum skipastól, auk smærri fleytna, sem einnig hafa verið notaðar til uppbótar, en ég skal láta ósagt um, hvernig reynzt hafa; má vera, að þær séu heppilegar. En hvað sem þeim líður, þá er það víst, að meðfram öllu Austurlandi og austurhluta Norðurlands hafa miklir misbrestir verið á landhelgisgæzlunni á síðastl. sumri. Það er almæli meðal sjómanna á Austurlandi, að aflamöguleikar smábáta þar hafi algerlega verið eyðilagðir síðari hluta ágústmánaðar í sumar vegna slælegrar landhelgisgæzlu. Ég veit, að oft hafa fyrr heyrzt kvartanir um ónóga landhelgisgæzlu, og oft hefir þá verið sagt, að slíkar kvartanir hefðu við lítil rök að styðjast. En að því er snertir ágengni togara á grunnmiðin á Austfjörðum á síðastl. sumri, þá eru svo glöggar sannanir fyrir því, hve gífurlega hún hefir aukizt, að því verður ekki móti mælt, að gæzlan hefir þar af einhverjum ástæðum mistekizt hrapallega. Til sönnunar þessu skal ég nefna nokkur dæmi, sem ekki verða hrakin:

1. júlí síðastl. hitti vélskipið Drífa togara að veiðum út af Sandvík. Þetta var tilkynnt lögreglustjóranum á Norðfirði, sem kallaði fyrir rétt bæði skipverja og farþega á Drífu og fekk það staðfest, að togarinn hefði verið að veiðum í landhelgi. Ég hygg, að dómsmrn. hafi verið send aðvörun um málið. — Þá var það í september, að vélbáturinn Fylkir frá Norðfirði hitti togara í landhelgi úti fyrir Dalvík. Togarinn var að veiðum og hafði breitt fyrir nafn og númer og dimmt var af nótt. Það sannaðist við próf í málinu, að togarinn hafði verið í landhelgi.

Þá hefir verið prentuð opinberlega umsögn frá ábúendunum í Sandvík um aðferðir og yfirgang togaranna þar í víkinni, og þeir hafa boðizt til að standa við þau orð, ef þess yrði krafizt. Ég þarf ekki að endurtaka það vottorð, en vil aðeins benda á það, að það er staðhæft, að nótt eftir nótt hafi fleiri togarar verið að toga í landhelgi, og það einmitt á þeim tíma, sem búizt var við, að varðskipið væri fyrir Austurlandi. Ennfremur vil ég benda á skýrslu, sem fulltrúi Fiskifélags Íslands á Austfjörðum hefir gefið Fiskifélaginu og prentuð er í Ægi. Ég geri ráð fyrir, að margir hv. þm. hafi séð þessa skýrslu. Ég skal geta þess, að þessi maður er mjög glöggur og gætinn og ekki kunnur að því að fara með annað en það, sem hann getur fyllilega staðið við. Auk þess tel ég rétt að taka það fram til áréttingar, vegna misskilnings á þessari skýrslu, að þessi maður er alkunnur stuðningsmaður Sjálfstfl., og getur því ekki verið hér um pólitíska árás að ræða.

Þá vil ég enn taka það fram, að á síðastl. hausti hefir það komið fyrir, sem ég veit ekki til, að hægt hafi verið að staðfesta nokkurntíma áður viðvíkjandi yfirgangi togaranna, að þeir hafa leyft sér að toga um hábjartan daginn úti og inni á firðinum, frá legu og út til hafs.

Þetta er gengið svo langt, að það má segja, að það sé þjóðarhneisa, ef ekkert er að gert. Þessu til sönnunar skal ég geta þess, að sunnudaginn 17. sept. nú í haust var ég ásamt fleirum staddur á bátabryggjunni á Norðfirði. Togari lá á legunni. Þeir koma venjulega inn, þegar þeir koma af hafi og lagfæra veiðarfæri sín inni á höfn. Hvort þessi togari var í þeim erindum eða hefir komið með rifna botnvörpu veit ég ekki, en hann kom inn um nóttina og lá á höfninni fyrri part dagsins. Rétt fyrir hádegi léttir hann og fer út fjörðinn. Þegar hann kem-

ur í stefnu á Barðsnes, þá snýr hann út fjörðinn og kastar botnvörpunni stjórnborðsmegin. Ég horfði á þetta með 3 mönnum, sem ég veit, að eru fúsir til þess að staðfesta þetta.

Ennfremur get ég sagt frá atviki, sem gerðist í haust. Vélbátur frá Norðfirði var að koma af sjó. Þegar hann kemur fyrir Horn, sér hann, að togari er að halda inn fjörðinn. Það var orðið skuggsýnt og togarinn því upplýstur. Þegar stefnur þeirra skárust, er mótorbáturinn rétt fyrir aftan togarann. Þó það sé orðið skuggsýnt, tekur maður, sem er uppi á mótorbátnum, eftir því, að togarinn er með vörpuna aftan í. Vélbáturinn ætlar þá að sigla upp að togaranum, en þegar hann verður þess var, herðir hann á ferðinni. Það dró því sundur með þeim og togarinn varð fljótari inn á leguna en vélbáturinn. En inni á legunni voru fleiri togarar fyrir, svo vélbáturinn var ekki viss um, þegar hann kom inn, hvaða togari þetta hafði verið, og gat því ekki tekið nafnið á honum. En formaðurinn, sem var við stjórn á vélbátnum, er fús til að staðfesta, að togarinn var með vörpuna aftan í, þegar hann hélt inn fjörðinn. Það hafa gengið sögur um þetta fyrr í sumar. Íbúarnir á Barðsnesi hafa oft sagt, að þeir hefðu grun um, að togararnir köstuðu vörpunni og toguðu, þegar þeir færu út fjörðinn og sneru við.

Bæði þessi tilfelli, sem ég hefi nú nefnt, hafa verið framin undir þeim kringumstæðum, að ekki hefir verið hægt að staðfesta þau. En ég veit, að það muni vera hægt að fá staðfestingu formannsins á vélbátnum, sem sá togarann toga inn fjörðinn.

Þá vil ég enn benda á atriði, sem ég tel hafa nokkra þýðingu í þessu máli, þó það sé nokkuð veikara en þau dæmi, sem ég hefi nefnt hér.

Einhvern daginn snemma í september var það, að Sandvíkingar álitu, að togari væri að toga í víkinni, en veittu honum ekki frekari eftirtekt en venjulega. Þó sáu þeir eftir nokkurn tíma, að togarinn var lagztur suður undir Gerpi, eða a. m. k. lá þar hreyfingarlaus, og þeir gátu ekki annað formerkt en að hann væri að toga. En rétt á eftir kemur Ægir að togaranum og stanzar við hjá honum langan tíma, en fer síðan norður fyrir Horn og hverfur úr augsýn. En þegar Ægir er horfinn, léttir togarinn og hverfur.

Nú hefir mér verið sagt af sjómanni fyrir austan, sem segist hafa haft tal af einum stýrimanni á Ægi, að þetta sé rétt að því leyti, að Ægir hafi hitt togarann undir Gerpi, en hann hafi legið þar við vír og ekkert hafi verið við hann að athuga og þess vegna hafi varðskipið ekkert skipt sér af honum meir. Nú staðhæfa Sandvíkingar, að ef togarinn hafi legið þarna, þá hafi hann ekki legið við annað en vörpu. Ég skal ekki segja, hvað mikið má á þessu byggja. En mér þótti rétt að hreyfa þessu, af því að þetta mál liggur þannig við, að það má ganga úr skugga um, hvort nokkuð er til í þessu, því það hlýtur að sjást í bókum varðskipsins, hvort það hefir hitt togarann. — Þetta er eftirtektarvert, ef það er rétt, að varðskipið hafi hitt togarann. Þá eru miklar líkur til þess, að Sandvíkingar hafi rétt fyrir sér, að togarinn hafi verið að toga, en orðið var við varðskipið og lagzt við vír.

Ég ætla ekki að gera mikið úr þessu atriði, þess þarf ekki með. En ef það bætist ofan á annað, sem þegar er hægt að staðfesta, þá vil ég segja, að landhelgisgæzlan sé farin að verða slæm, ef ekki er betra eftirlit á sjálfu varðskipinu en það, að togarar þurfi ekki annað en að bregða vírum fram á stefni togarans á meðan varðskipið fer hjá. Ég skal ekki gera mikið úr þessu fyrr en Ægir hefir staðfest, að varðskipið hafi hitt togarann, en þá geri ég mikið úr því.

Ég held, að ég hafi þá með nokkrum rökum sýnt fram á, að það er ekki ofmælt, sem sagt er í grg. fyrir till., að ágangur togara í landhelgi við Austfirði hafi aukizt svo mjög á síðasta missiri, að ekki sé við það unandi. Í sumar höfðu trillubátar frá Norðfirði sæmilegan reytingsfisk í Sandvík og fyrir sunnan Horn allan júlí og fram í ágústmánuð, en eftir að kom fram í miðjan ágúst og togararnir toguðu þarna 10—11 á hverri nóttu, þá tók fyrir allan afla. Frá Norðfirði gengu 40 árabátar og trillubátar í sumar. Það er því skiljanlegt, að þessum mönnum sárni, þegar brauðið er svo að segja tekið frá munni þeirra.

Ég vildi því vænta þess, að d. taki vel í þessa þáltill. og samþ. hana og að ríkisstj., hver sem hún verður, láti ekki undir höfuð leggjast að bæta úr landhelgisgæzlunni á þessu svæði, a. m. k. á tímabilinu frá ágústmánuði til jóla.

Ég ætla ekki að fara frekar út í landhelgismálin að þessu sinni. Ég ber þetta mál fram sem nauðsynjamál án ýfinga, þó að ég sjálfur telji, að misráðnar hafi verið ýmsar ráðstafanir, sem gerðar hafa verið á landhelgisgæzlunni. Ég ætla að meta það meira að reyna að fá viðurkennt, að landhelgisgæzlan hafi verið ófullnægjandi og úr því þurfi að bæta.

Ég skal geta þess, að dómsmálaráðuneytið gerði ráðstafanir til þess að leigja bát til landhelgisgæzlu á Austfjörðum í haust. Án þess að ég vilji leggja dóm á það, hvort það er rétt aðferð eða ekki, þá skal ég viðurkenna, að þetta var þó viðleitni til þess að bæta úr því, sem þarna fór aflaga, en stærsti gallinn á því var, að þetta kom of seint, en ég geri ráð fyrir að það hafi stafað af ókunnugleika frekar en af trassaskap.

Þó að ég hafi aðeins dregið fram dæmi á þessu litla svæði, þá vil ég geta þess, að — að svo miklu leyti sem mér er kunnugt — þá er ástandið mjög líkt um allt Norðausturland. En ég tók dæmi af þessu svæði af því, að mér var það kunnugast.

Ég ætla að láta lokið hér máli mínu í þetta sinn og heyra, hverjar undirtektir till. fær hjá hæstv. dómsmrh. og hv. d.

Umr. frestað.

Á 22., 24., 26. og 28. fundi í Ed., 29. nóv., 2., 5. og 7. des., var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Ed., 8. des., var fram haldið einni umr. um till. (A. 127, 202).

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Þar sem svo langt er síðan till. þessi var hér til umr., er ég að mestu búinn að gleyma því, sem hv. 2. þm. S.-M. sagði, er hann mælti með henni. Aðalatriðið var, að hann var óánægður með landhelgisgæzluna fyrir Austfjörðum, og að togararnir sýndu þar mikinn yfirgang. Í sambandi við þetta vil ég benda á, að til landhelgisgæzlunnar eru ekki veittar úr ríkissjóði nema 300 þús., og úr landhelgissjóði 250 þús. En um landhelgissjóðinn er það að segja, að hann er uppetinn. Það eina, sem þá gæti komið í staðinn fyrir hann, eru sektir og björgunarlaun. Nú hefir stj. litið svo á, að henni bæri að fara sem mest eftir fyrirmælum þingsins, eins hvað snertir þessa fjárveitingu sem aðrar. Var því ekki í fyrra notað meira fé til gæzlunnar en veitt var, og eins mun það verða í ár. Eigi að nota skipakost ríkissjóðs til hlítar við gæzluna, vantar mikið á, að þessi fjárveiting dugi. Sé ætlazt til þess með till. þessari, að farið sé fram úr áætlun með fé til landhelgisgæzlunnar, þá er hún ekki í réttu formi. Stj. lítur svo á, að henni sé skylt að halda sig innan þess ramma, sem þingið setur, um greiðslur úr ríkissjóði, og því dugi ekki fyrir þingið að koma með þál. eftir á, sem heimti útgjöld, án þess þá að sjá um leið fyrir auknum tekjum. Hún telur því ósanngjarnt að heimta meiri landhelgisgæzlu en fé það leyfir, sem til hennar er veitt. Annars er það eftirtektarvert, hversu sektir til landhelgissjóðsins hafa farið minnkandi nú hin síðari árin. Þannig námu þær 1928 550 þús. kr., en 1929 285 þús. Fyrir árið 1930 hafa engir reikningar verið birtir, og verður því ekki séð, hverju þær hafa numið þá. Árið 1931 námu þær alls 155 þús. kr. og 1932 81500 kr. Hæstar urðu þær 1926; þá komust þær upp í 625 þús. Það þýðir vitanlega ekkert að byggja á þessum sektum eins og þær voru áður. Eigi því að auka gæzluna, er ekki nema eitt til, og það er að láta ríkissjóð leggja meira fé fram til hennar en gert er ráð fyrir í fjárl. Sé ekkert hugsað um að halda sér við þann ramma, sem fjárl. setja, er vitanlega hægt að fara að eins og fyrrv. stjórn fór að 1931, þegar hún eyddi til gæzlunnar yfir 800 þús. kr. í stað 500—600 þús. kr., sem veitt var til hennar. En þetta vill núv. stj. bara ekki gera. Hún telur sig eiga að halda sér við ákveði fjárlaganna. Ef hv. 2. þm. S.-M. heldur, að Austfirðir hafi orðið útundan með landhelgisgæzluna, þá held ég, að það sé ekki rétt; a. m. k. hefir

það ekki orðið með mínum vilja. Skipherrar varðskipanna hafa fengið skipun um að vera jafnan þar, sem þörfin er mest á hverjum tíma. Hvort þeir hafa fylgt þessari skipun, veit ég ekki með fullri vissu, en geri þó fastlega ráð fyrir því, þar sem þeir eru allir mjög ábyggilegir og samvizkusamir menn. Annars vil ég segja hv. þm. það, að ég er reiðubúinn að ræða við hann um það, hvernig gæzlunni fyrir Austurlandi yrði haganlegast fyrir komið.

Mér virtist anda heldur kalt frá þessum hv. þm. í garð skipherranna á varðskipunum, eins og t. d. er hann sagði, að einn þeirra hefði látið togara blekkja sig þannig, að látast liggja við akkeri, er hann lá við vörpuna. En á slíkar sögur legg ég ekki trúnað. Ég býst við, að finna megi dæmi um landhelgisbrot, þó að skipin væru öll þrjú stöðugt við gæzlu, — svo erfið er landhelgisgæzla okkar.

Þegar kvartað var í haust frá Austfjörðum um yfirgang veiðiskipa þar í landhelgi, var þegar brugðið við og fenginn bátur til gæzlu, enda viðurkenndi hv. þm. það.

Að endingu vil ég svo taka það fram, að það er ekki hægt að auka landhelgisgæzluna frá því, sem nú er, með því fé, sem fyrir hendi er, en ég er fús að ræða við hvern sem er um skiptingu hennar, svo hún megi verða að sem mestu og beztu gagni fyrir landsmenn, innan þeirra fjártakmarka, sem þingið sjálft hefir sett.

Jón Baldvinsson: Það er orðið nokkuð langt síðan mál þetta var hér til umr., en þá flutti ég við það brtt. þess efnis, að í staðinn fyrir orðin „Austur- og norðausturströnd“ í tillgr. komi: „strendur“, því að ég veit, að það er víðar en við norðausturströndina, sem gæzlunni þykir ábótavant. Þannig var mér t. d. skýrt frá því, að sama daginn, sem þáltill. þessi var rædd hér um daginn, hafi 3 ljóslaus skip sézt að veiðum inni á Ísafjarðardjúpi, og að eitt þeirra hafi nærri því verið búið að granda bát, sem var þar á ferð. Sömu söguna er og að heyra víðar, frá Vestfjörðum og af Snæfellsnesi, alstaðar eru togararnir að veiðum, ljóslausir nær uppi við landsteina.

Þegar verið var að ræða mál þetta hér, stóð svo á um varðskipin, að Þór lá inni á Skerjafirði, Óðinn bundinn við bryggju hér í Reykjavík, en það þriðja að hjálpa strönduðum togara norður í landi. Var ekkert þeirra því við landhelgisgæzluna, svo engan þarf að undra, þó að togararnir notuðu tækifærið. Mér hefir nú þótt rétt að láta stj. vita, að menn væru ekki almennt ánægðir með gæzluna, og því hefi ég flutt brtt. mína, og vona, að hv. flm. þáltill. hafi ekki neitt við hana að athuga.

Flm. (Ingvar Pálmason) [óyfirl.]: Þáltill. þessi hefir orðið fyrir nokkrum hrakningum hér í d., þar sem liðinn er nær mánuður frá því að hún kom fram. Stundum hefir hún verið tekin á dagskrá, en ekki rædd nema að litlu leyti fyrr en í dag. Að hún þó er tekin til umr. í dag, er sakir þess, að ég taldi ekki viðeigandi, að þessu þingi væri lokið án þess að hún yrði útrædd.

Hæstv. dómsmrh. hefir nú svarað því, sem að honum var beint, og reynt að bera í bætifláka fyrir hina ófullkomnu gæzlu með því að sýna fram á, að ekki væri nægilegt fé fyrir hendi til þess að hafa hana fullkomnari. Ég skal ekki fara langt út í þessa sálma, en lítilsháttar vil ég þó að honum víkja. Það er rétt, að fé það, sem veitt er í fjárl. til landhelgisgæzlunnar, er takmarkað, en þess ber að gæta, að hér er um framkvæmd að ræða, sem ekki aðeins er undirstaða afkomu þess mikla fjölda manna, sem sjávarútveg stunda og vinnu hafa í sambandi við hann, heldur og líka um framkvæmd, sem afkoma ríkissjóðs er allmjög undir komin. Ég held því, að það sé ekki rétt af ríkisstj. að halda mjög í fé til þessara hluta, þar sem það er víst, að sparnaður í því skaðar ekki aðeins þá, sem sjávarútveg stunda, heldur og líka ríkissjóðinn sjálfan.

Hæstv. ráðh. gat þess, að sektarfé fyrir landhelgisbrot færi minnkandi ár frá ári, og virtist helzt draga þá ályktun, að það stafaði af bættri landhelgisgæzlu, en ég verð að telja mjög vafasamt, að svo sé. Það má miklu frekar líta svo á, að það geti stafað af lélegri gæzlu, a. m. k. er það almannamál á Austfjörðum, að með

öruggari landhelgisgæzlu þar væri hægt að afla ríkissjóði mikilla tekna fyrir sektarfé, umfram það, sem nú er. Hæstv. ráðh. mótmælti því ekki, að landhelgisgæzlan fyrir Austfjörðum hefði verið léleg síðastl. haust, enda var það ekki hægt. Vanræksla hennar gekk svo úr hófi fram, að slíkt mun með einsdæmum.

Þá sagði hæstv. ráðh., að það hefði andað kalt frá mér til foringja varðskipanna með dæmi því, sem ég nefndi. En þetta er ekki rétt. Dæmið nefndi ég aðeins til þess að sýna fram á, að ekki væri útilokað, að varðskip hefði hitt togara fyrir austan, sem sagzt hafði liggja við akkeri, en ekki hefði verið grunlaust um, að lægi við vörpuna. Þetta er vitanlega ekki sannað, en hitt er víst, að togari þessi var að veiðum inni á Sandvík rétt áður en varðskipið bar þarna að. Með þessu er ég alls ekki að segja, að varðskipsforingjarnir hafi með vilja sleppt þessu skipi, en ég tel, að þetta sé rannsóknarefni, því að ég hefi t. d. heyrt það haft eftir skipverjum varðskipsins, að togarinn hafi ekki haft nema aðra vörpuna inni, og á hinni hliðinni hafi hvorki verið varpa né hlerar, og hafi skipstjóri togarans átt að segja, að hann hefði misst vörpuna á hrauni. Þetta er vitanlega ekki nema sögusögn, og ég vona, að hæstv. ráðh. skilji, að hér er engin árás á varðskipsforingjana, heldur er aðeins farið fram á rannsókn, vegna áhuga okkar sjómanna og útgerðarmanna á því að hafa gæzluna í sem beztu lagi. (**Dómsmrh.**: Var varðskipið Ægir?). Já. Það var Ægir, í september.

Hæstv. dómsmrh. hefir nú fundið afsökun fyrir hinni lélegu landhelgisgæzlu fyrir Austurlandi í því, að ekki sé nægilegt fé fyrir hendi til þess að hafa hana sæmilega. Út af þessu vil ég benda honum á, að það eru tímaskipti að því, hversu nauðsynleg og áríðandi landhelgisgæzlan er á hinum ýmsu svæðum kringum landið. Þannig er t. d. mest nauðsyn á gæzlu fyrir Norður- og Austurlandi frá því um miðjan ágúst og til septemberloka. Hið sama mun og gilda fyrir Vesturlandi. Eigi því að vera gagn að landhelgisgæzlunni, þarf hún að vera góð á þessum svæðum, a. m. k. þetta tímabil. Mér er ókunnugt um, hversu mikið sparast á því að láta þessi tvö aðalvarðskip okkar aðeins starfa að gæzlunni á víxl. Við sjáum ekki, að annað sparist við það en aflgjafi skipanna, þar sem gjalda þarf mönnunum kaup hvort sem skipin eru úti að gæzlu eða liggja bundin inni á höfn. Annars er það svo, að fiskimennirnar telja sig eiga kröfu á því, að hið opinbera geri sitt til þess að verja fiskimiðin; svo mikið greiða þeir í ríkissjóðinn og til almenningsþarfa.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða mikið meira um þetta mál. Ég hafði hugsað mér að mæla fyrir því hér á Alþ. áreitnislaust, en þó með fullri alvöru. Og þó hæstv. dómsmrh. hafi nú viljað afsaka stj. og gerðir hennar í þessu efni, þá vænti ég þess, að hv. d. líti þannig á, að þessi umkvörtun okkar, sem við norðausturströnd landsins búum, sé ekki að ófyrirsynju fram komin, enda þykist ég hafa fært rök fyrir því.

Ég skal geta þess, að ég fyrir mitt leyti get vel greitt atkv. með brtt. hv. 2. landsk., því ég get vel trúað, þó ég þekki ekki til þess sjálfur, að víðar sé pottur brotinn í þessu efni heldur en á Austurlandi.

Ég veit ekki, hvort það er fyllilega þinglegt, en mig langar samt sem áður til að mega í sambandi við þetta mál víkja ofurlítið að öðru máli, sem snertir sjávarútveginn. Ég ætlaði mér að gera það í sambandi við annað dagskrármál, sem ég þykist nú sjá, að ekki muni vinnast tími til að taka fyrir. Getur hæstv. forseti sagt mér til, ef hann telur mig fara of langt frá því efni, sem fyrir liggur.

Ég vil þá byrja á að lýsa óánægju minni yfir því, hvernig til hefir tekizt um skipun mþn. í sjávarútvegsmálum. Eins og allir vita, skipa hana þrír menn, og eru tveir þeirra búsettir á Ísafirði, en einn í Vestmannaeyjum. Þessi aðfinnsla er alls ekki byggð á því, að ég hafi nokkuð á móti þessum mönnum persónulega. Ég þekki þá alla persónulega og skal lýsa því yfir, að ég þekki þá að góðu einu. En mér þykir nefndarskipunin dálítið einkennileg, fyrst og fremst fyrir það, að í n. eru valdir menn, sem ekki hafa staðþekkingu nema í tveimur landshlutum, og auk þess eru teknir tveir menn úr sama byggðarlagi. Það hefir út af fyrir sig ekki mikið að segja, að þessir tveir menn

eru bræður. En hitt skiptir máli, að tveir af landsfjórðungunum hafa orðið algerlega afskiptir hvað snertir sérþekkingu innan nefndarinnar. Það má þó vera, að einn af nm. hafi nokkra þekkingu á staðháttum og útgerðarháttum í Norðlendingafjórðungi, en ég þori að fullyrða, að þeir eru allir gersamlega ókunnugir staðháttum á Austurlandi, sem eru bæði hvað snertir fiskimat og veiðiaðferðir talsvert frábrugðnir því, sem er annarsstaðar á landinu, og sama er að segja hvað snertir afkomu manna. Það má e. t. v. segja, að þetta sé ástæðulítil aðfinnsla, þar sem ég viðurkenni, að í n. séu hæfir menn, því um það sé mest vert. En mér þykir undarlegt, ef svo er ástatt á meðal sjómanna og útgerðarmanna á Austurlandi, að enginn sé þeirra á meðal hæfur til að starfa í mþn. sem þessari. Ég tel, að hér hafi orðið mistök, sem valdið geta nokkrum óþægindum og sem ég vænti fyllilega, að hæstv. stj. vilji bæta úr. En það sé ég ekki, að hægt sé að gera, úr því sem nú er komið, á annan hátt en þann, að einum nm. sé falið að fara til Austurlandsins og dvelja þar nokkurn tíma. Ég held, að það sé enginn vafi á því, að þegar störf þessarar n. verða lögð fyrir þing og stj., þá komi það í ljós, að ókunnugleiki n. í ýmsum landshlutum valdi töfum og e. t. v. ágreiningi um árangurinn af starfi hennar.

Það má vel vera, að hæstv. stj. líti á þetta sem óþarfar aðfinnslur, en mér þótti rétt að láta það koma fram áður en þingi lýkur, og jafnframt, hvernig ég álít, að bæta eigi úr þessum misfellum. Stj. er vitanlega sjálfráð, hvernig hún tekur þessu. Ég þykist hafa komið fram með aðfinnslur mínar áreitnislítið og algerlega áreitnislaust í garð nefndarmannanna. Hinsvegar get ég ekki séð, að þó tekin væri til greina uppástunga mín um að láta einn af nm. kynna sér ástand sjávarútvegsins á Austurlandi og e. t. v. Norðurlandi, þá þyrfti að leiða af því mikinn kostnaðarauka. Ég býst við, að n. starfi nokkuð mikið hér í Rvík, og ég ætla, að hún gæti starfað hér með tveimur mönnum, þó einn maðurinn væri nokkurn tíma á ferðalagi úti um land.

Ég vil svo þakka hæstv. forseta fyrir, að hann hefir lofað mér að skjóta þessu hér að. Skal ég ekki fjölyrða um það frekar og ætla ekki að taka til máls um það aftur, þar sem ég vænti, að hæstv. stj. taki bendingum mínum vinsamlega.

Forseti (EÁrna): Fundartíminn er nú nær liðinn, sá, sem ég hefi umráð yfir, en hinsvegar þarf að afgr. eitt eða tvö nauðsynjamál. Vil ég því vænta þess, að umr. um þetta mál geti orðið lokið þegar hæstv. dómsmrh. hefir svarað; annars verður að taka það út af dagskrá.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Ég skal vera mjög stuttorður. Mun ég byrja á að svara því, sem hv. 2. þm. S.-M. talaði um og ekki er á dagskrá, nefnilega skipun mþn. í sjávarútvegsmálum. Mér skildist hann vilja hafa í henni einn mann úr hverjum landsfjórðungi, en það er nú nokkuð erfitt, þar sem ekki áttu að vera nema þrír menn í n., að taka menn úr fjórum landshlutum. Svo vil ég benda hv. þm. á það, að í fyrra var skipuð hliðstæð n. fyrir landbúnaðinn. Ekki var tekinn sinn maðurinn úr hverjum landsfjórðungi í hana, og olli það ekki neinni óánægju. Vitaskuld er þessum n. aðallega ætlað að safna skýrslum, og þess vegna skiptir engu máli, hvar nm. eru búsettir. Ég held, að hv. 2. þm. S.-M. geti útbúið skýrslur fyrir nágranna sína, ef þeir geta það ekki sjálfir, sem ég er ekkert hræddur um. Þessar aðfinnslur hv. þm. eru því alveg út í bláinn og ástæðulausar.

Þá vík ég að því máli, sem hér er til meðferðar. Hv. 2. landsk. sagði, að það hefði hvergi verið nein gæzla við strendur landsins, þegar Ægir var fyrir norðan að bjarga togara nú fyrir skemmstu. Þetta er ekki rétt. Auk varðskipanna eru hafðir bátar við gæzlu hingað og þangað. Í þetta skipti var bátur við gæzlu hér á Faxaflóa og annar fyrir austan. Á hinn bóginn er ekki gott að fyrirbyggja, að skip, sem hafa gufukatla, þurfi að hreinsa þá við og við, og hitt varðskipið var, eins og menn vita, við björgun.

Hv. 2. þm. S.-M. taldi það varasamt, ef stj. ætlaði sér að halda fast við að fara ekki fram yfir fjárveitingu fjárl., því það gæti komið ríkissjóði í koll síðar. Það getur vel verið, að það komi ríkissjóði í koll, en þingið hefði þá átt að sjá það fyrir og hafa fjárveitinguna rífari, ef

það hefði séð sér fært. En hluturinn var sá, að þegar fjárl. voru samin, sáu þm. ekki fært að hafa fjárveitinguna hærri. Og ég vil einmitt leggja áherzlu á það, að stj. **verður** að halda sér við ákvæði fjárl. (**IP:** Á sjó a. m. k. Það gerir minna til, þó farið sé út fyrir fjárl. á landi!). Hún er venjulega á landi, ríkisstj., og þessi regla gildir bæði hvað snertir framkvæmdir á sjó og landi. Það er nú svona, að þegar illa lætur í ári, verður einhversstaðar að spara. Heldur hv. þm., að það sé alltaf hægt að halda áfram eins og gert var á árinu 1930, þegar varð svona 6 til 7 millj. kr. tekjuhalli? Seinni hluta ársins 1932 var sparað sem svarar ¼ millj. kr. á þeim lið, sem hér er um að ræða, miðað við árið 1931, og var þó notað allt það fé, sem veitt var í fjárl. Vilji þm. skilja sín eigin fjárl. þannig, að stj. eigi ekkert að fara eftir þeim, þá geta þeir alveg eins hætt að setja fjárl. og falið stj. fjárveitingavaldið í hendur.

Vitanlega er mismunandi þörf á landhelgisgæzlu á ýmsum stöðum eftir árstíðum, og það er reynt að fara eftir því. Þess vegna eru bátar notaðir við gæzluna þegar mest kallar að á einhverjum stað, því að þeir eru miklu ódýrari en stór skip.

Hv. þm. hélt, að það mundi vera lítill sparnaður við að láta skipin skiptast á við gæzluna, því að á mannahaldi gæti ekkert sparazt á þann hátt. Það er nú þó svo, því allir hásetarnir eru skráðir úr skiprúmi í hvert skipti, og sparast við það mikið fé. En á hinn bóginn er ekki hægt að hafa skipin alltaf úti hvort sem er. Þau þurfa alltaf að koma í höfn við og við, bæði vegna skipshafnanna og til þess að láta hreinsa katla og vélar.

Ég ætla svo að taka það tillit til tilmæla hæstv. forseta, að hafa ekki mál mitt lengra. Ég skal lofa hv. 2. þm. S.-M. því, að ég skal rannsaka, hvernig því var varið með þennan togara, sem hann heldur, að hafi legið fyrir vörpunni, en ekki akkeri. Ægir var þarna fyrir austan 8—10 daga af september, og ætti það að sýna, að Austfirðir hafa ekki orðið útundan þann mánuð. (**IP:** Gæzlan var samt afarslæm). Þó að skipið væri þarna eystra 8—10 daga af mánuðinum, þá er hv. þm. samt óánægður. Meira var ekki hægt að gera fyrir Austfirði þann mánuð vegna annara landshluta, og meira hefði ekki komið í hlut þessa svæðis, þó öll þrjú skipin hefðu verið úti.

Flm. (Ingvar Pálmason) [óyfirl.]: Mér þykir hæstv. ráðh. hafa nú valið sér hið slæma hlutskipti, þar sem hann hefir tekið fremur illa báðum þeim málum, sem ég hefi hér hreyft. Hitt treystir hann á, af því að komið er að þinglokum og hvorki ég né aðrir þm. vilja teygja úr umr., að hann geti nú sloppið með snakk. Varnir hans voru ekki annað. Og það sjá t. d. allir, að sparnaðurinn, sem hann var að tala um, við að geta sagt upp hásetunum á varðskipunum, við skulum segja annanhvern mánuð, getur ekki numið stórfé. Það þarf ekki reikningsmann til að reikna það í huga sínum. Við skulum segja, að hér væri að ræða um 15 menn, sem hefðu 500 kr. á mánuði, sem mun vera of vel í lagt; það sjá allir, að ekki kemur út há tala.

Af því að ég vil ekki tefja tímann mun ég ekki hafa þessi orð fleiri, en ég get sagt hæstv. ráðh. það, út af undirtektum hans undir þær sanngjörnu málaleitanir, sem ég hefi borið hér fram, að það getur farið svo, að hann sé ekki alveg sloppinn. Það getur verið, að þó það verði e. t. v. ekki ég, þá komi einhver Austfirðingur á þing, sem hefir hug á að taka í gegn það, sem hér hefir fram komið.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Ég mun láta mig litlu skipta hótanir hv. þm. Það er rangt hjá honum, að ég hafi tekið illa í þetta mál. Ég hefi aðeins viljað benda honum á, að hann hefir sjálfur átt þátt í að skammta það fé, sem nota átti til landhelgisgæzlunnar, og hann getur sjálfum sér um kennt, af honum þykir það of lítið, því hann flutti enga brtt. um að hækka það. Ætli hann sér að fara að prédika hér, að stj. eigi að brjóta fjárl. vitandi vits, þá neita ég því algerlega og segi honum, að slíkt geri ég ekki, nema ég sé neyddur til. Ég kippi mér ekki upp við reiging hv. þm., en segi honum hispurslaust, að það er ósvífni af hans hálfu að heimta nú, eftir að fyrir löngu er búið að semja og samþ. fjárl.,

miklu meira fé til landhelgisgæzlunnar en hann sjálfur gerði sig ánægðan með í fyrra, er fjárl. voru sett.

Ég veit ekki, af hverju hv. þm. var að tala um, að ég gæti sloppið nú. Ekki er það mér að kenna, að þessi till. kemur ekki til umr. fyrr en nú; hv. þm. hefði getað komið fram með hana í þingbyrjun. (IP: Það var ekki langt liðið á þingtímann). Hv. þm. getur þá beint skeytum sínum til hæstv. forseta, fyrir að till. hefir ekki komið fyrr til umr. Ég á þar engan hlut að máli. Sem sagt vil ég halda mér innan ramma fjárl. í þessu efni, en gera hinsvegar allt, sem ég get, til þess að landhelgisgæzlan sé sem bezt og sem jafnast skipt milli landshluta notunum af þeirri fjárveitingu, sem fyrir hendi er.

ATKVGR:

Brtt. 202,1 samþ. með 8 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PHerm. BKr, IP, JBald, JónasJ, KS, EÁrna.

nei: MJ, PM, BSn, EE, JónÞ.

JónJ greiddi ekki atkv.

Einn þm. (GL) fjarstaddur.

Brtt. 202,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 7 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 7:1 atkv. og afgr. sem ályktun efri deildar Alþingis (A. 370).

27. Eiðaskóli.

Á deildafundum 27. nóv. var úthýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um Eiðaskólann (A. 173).

Á 6. fundi í Sþ., 29. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 7. og 8. fundi í Sþ., 2. og 4. des., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 9. fundi í Sþ., 5. des., var till. enn tekin til einnar umr.

Páll Hermannsson: Það vill svo til, að 1. flm. þessarar till., hv. 1. þm. S.-M., er ekki viðstaddur. Verð ég því að koma í hans stað og láta fylgja þáltill. nokkur orð. — Það hefir verið svo á undanförnum árum, að uppi hefir verið nokkur meiningamunur hjá þjóðinni um alþýðuskólana. Þetta er eðlilegt, einkum þegar litið er á það, að í þessum efnum hafa orðið stórstígar framkvæmdir og breyt. á síðasta áratug. Það er eðlilegt, að allir hafi ekki verið jafnvongóðir og vissir um, að alþýðuskólarnir myndu svara þjóðinni aftur þeim tilkostnaði, sem í þá hefir verið lagður. Þótt svona hafi verið, býst ég við, að flestir játi nú orðið þann þýðingarmikla þátt, sem alþýðuskólarnir eiga í lífi þjóðarinnar, sérstaklega þess hluta hennar, sem í sveitunum býr. Ég verð að líta svo á, að svo sé nú komið, að alþýðuskólarnir komist ekki lengur undan því að svara þeirri spurningu, hvort þeir muni verða við þeim vonum, sem ýmsir hafa til þeirra borið, eða hið gagnstæða. En til þess að réttmætt sé að óska eftir réttu svari frá skólunum um þetta, verður tvennt að vera fyrir hendi: Í fyrsta lagi þurfa skólarnir að eiga velvild og skilning fólksins, sem að þeim býr, fólksins, sem á að njóta þeirra og þá líka eðlilega að styðja þá. Í öðru lagi þarf útbúnaður skólanna ytra og innra að vera þannig, að þeir geti leyst hlutverk sitt af hendi. Þegar litið er á þann skóla, sem þessi þáltill. fjallar um — Eiðaskólann —, þá vil ég virða fyrir mér og skýra frá, hvernig þessum tveim atriðum er háttað þar, þ. e. a. s. hvernig fólkið hefir búið að skólanum fyrir sitt leyti og hvernig hann er útbúinn frá hendi þeirra, sem það áttu að annast. Eiðaskóli er eiginlega elztur alþýðuskóli hérlendis. Hann tók til starfa árið 1919. Hann hvílir á l. settum 1917, og um hann er það að segja, að hann var sóttur svo, að hann var alltaf yfirfullur fyrstu árin. Varð að vísa frá mörgum umsækjendum og stundum eins mörgum og hægt var að taka við. En þetta breyttist eftir að fleiri alþýðuskólar risu upp, og ekki sízt vegna þess, að hinir nýju skólar voru að ýmsu leyti mun betur úr garði gerðir. Og svo var skólinn kominn djúpt niður árið 1932, að útlit var fyrir, að honum yrði að loka vegna þess að engir sóttu um hann. Það kom til orða jafnvel í sjálfu

stjórnarráðinu að loka þessari menntastofnun. Það er ekki hægt að halda skóla starfandi, sem kostar mikið fé, nema hann sé sóttur og því einhver líkindi til, að starf hans beri árangur. En það var nú svo um Austfirðinga, að þeir höfðu ekki veitt því eftirtekt til fulls, hvað þeir áttu, þar sem Eiðaskóli var, fyrr en að því var komið, að þeir áttu að missa hann. Ég held, að þetta hafi vakið fólkið til skilnings á því, hve mikils virði þessi stofnun var því. Og eftir að svo var komið, að sama og engar umsóknir lágu fyrir, þá er umsóknarfrestur var útrunninn 1932, var hafizt handa um allar Múlasýslur og vakin hreyfing fyrir því, að skólinn fengi nemendur. Bar það þann árangur, að yngri deild skólans mátti heita fullskipuð og nú er hvert rúm skipað í skólanum. Á síðastl. hausti varð að vísa umsóknum frá. Þetta bendir á, að fólkið hefir þörf fyrir þennan skóla og skilur hana. — Eiðaskóli átti 50 ára afmæli á þessu ári. Þar hefir starfað búnaðar- og alþýðuskóli í hálfa öld. Það var fullkomlega ljóst við þau tímamót í æfi skólans, að Austfirðingar kunna að meta þessa menntastofnun sína og vilja ekki missa hana, hvað sem á gengur. En hvernig er þá skólinn útbúinn? Það er um að ræða tvennskonar útbúnað á skóla. Í fyrsta lagi kennslukraftana. Um þá er það að segja, að þeir mega teljast góðir. Þeir hafa a. m. k. alltaf verið það síðan alþýðuskólinn tók til starfa. Og þeir tveir skólastjórar, sem verið hafa við hann. hafa báðir verið ágætir menn, svo að ekki þarf út á það að setja. En það er annað, sem ekki er eins vel úr garði gert. Hinn ytri aðbúnaður er gersamlega ófullnægjandi. Í fyrsta lagi er sú bygging, sem skólinn starfar í, ekki að öllu leyti haganleg. Hún er að vísu allstór, en hún samsvarar engan veginn þeim nýju skólum, sem reistir hafa verið á seinustu árum. Þetta stafar m. a. af því, að skólahúsin voru ekki í byrjun reist með það hlutverk í huga, sem þau nú eiga að inna af hendi. Árið 1907 var reist steinsteypuhús, og átti það að nægja búnaðarskólanum, en hann var einungis hugsaður ⅓ af þeirri tölu, sem nú sækir Eiðaskólann. Árið 1926 var byggt við þetta gamla hús, svo að húsin gætu fullnægt þörfum skólans eins og þær eru nú. En eins og menn skilja, þá er óþægilegt að koma öllu vel fyrir þegar byggt er smátt og smátt. Nú vil ég ekki segja, að byggingarnar á Eiðum nægi ekki sæmilega, en þó vantar þar mjög tilfinnanlega leikfimihús. Ekki hefir skólinn verið betur settur hvað samgöngur snertir. Árið 1930 — hátíðarárið mikla — varð að flytja þangað kol á klökkum. Nú er komið þolanlegt vegasamband, sem nota má þegar jörð er auð. Skólann vantar alveg það náttúruskilyrði, sem langmest mun lyfta undir hina alþýðuskólana, nefnil. jarðhitann, en hann er ekki til yfirleitt á Austurl. Úr þessu verður ekki bætt á annan hátt betur en með rafmagni. Skólinn er hitaður upp með kolum. Þar er engin sundlaug og engin rafhitun. Afleiðingin af þessu er sú, að fólkið, sem vildi sækja að Eiðum, hefir farið annað vegna betri skilyrða þar, og þannig hefir skólinn veslazt upp án þess nokkuð verulegt hafi verið aðhafzt til umbóta. Nú hefir fólkið veitt þessu eftirtekt og það vill ekki láta þessa menntastofnun drafna niður fyrir áhugaleysi hjá sér. Það er upplýst, að samtímis því, að Eiðaskóli stóð nærri tómur, voru um 20 nemendur úr Múlasýslum í öðrum alþýðuskólum, og ég veit vel, hvers vegna þessir nemendur fóru ekki að Eiðum. Það var ekki af því, að þeim þætti ekki eins vænt um Eiða, og ekki heldur af því, að þeir vantreystu kennslukröftum skólans, heldur af því, að þar vantaði skilyrði, sem aðrir skólar höfðu. Ég hitti ungan mann frá einu bezta heimilinu á Austurlandi. Hann sagði mér í vor, að hann ætlaði í Laugarvatnsskólann. Ég spurði, hvers vegna hann færi ekki heldur að Eiðum. Á Laugarvatni er sundlaug, var svarið. Merkur alþýðuskólastjóri hefir verið spurður til ráða um, hvernig ætti að auka aðsóknina að Eiðum. Byggið þið sundlaug og byggið þið rafstöð, ráðlagði hann hiklaust. Án þess er vonlaust að auka aðsóknina.

Þessum góða skólamanni skjátlaðist að því leyti, að skólasókn hefir nú aftur aukizt að Eiðum, án þess að þar hafi komið sundlaug eða rafstöð. En ég býst við, að hún vari ekki nema um stundarsakir og að álit skólamannsins hafi ver-

ið rétt, þegar litið er á framtíðina. Ég verð að líta svo á, að hv. Alþingi verði að virða mjög mikils áhuga manna á Austurlandi, sem hefir orkað því, að skólinn, sem áður var nálega tómur, hefir nú verið endurreistur og er fullskipaður, án þess að nokkuð hafi verið að því stutt af hinu opinbera. Ég álít, að Alþingi eigi að sjá svo um, að eini skólinn í þessum landsfjórðungi sé ekki svo illa útbúinn, að það ýti unga fólkinu burt úr héruðunum til náms á öðrum skólum, og þá sumu algerlega úr landsfjórðungnum í bráð og lengd. En það rekur að því aftur, að fólkið sækir burt, ef ekki verður hafizt handa og Eiðaskóli gerður samkeppnisfær við hina aðra alþýðuskóla. Það vita allir, að sundíþróttin verður oft til þess að bjarga lífi manna. Og það er einmitt gott að kveikja þrá hjá unglingum til hollra íþróttaiðkana; það þroskar þá og hjálpar þeim á öðrum sviðum.

Ég er enganveginn á móti því, að útþráin fýsi unga menn til þess að sækja skóla í fjarlægum héruðum. En ég hefi mikið á móti því, að ungmennin sópist mjög burt úr einum landshluta til náms, án þess að nokkrir komi þangað í staðinn. Ég ætlast ekki til, að námsfólk í Múlasýslum hætti að sækja skóla annað en að Eiðum, en ég ætlast til, að þangað verði líka sótt úr öðrum landshlutum, þegar búið er að búa þann skóla eins vel úr garði og hina héraðsskólana. Ég lít þess vegna svo á, að það sé skylda Alþingis að vikjast svo vel við þessu máli, að Eiðaskóli verði fyllilega samkeppnisfær við hina skólana. Það er tvímælalaust lagaskylda. Ríkið á skólann og Eiðaeignina alla og hefir undirgengizt að reka á Austurlandi skóla og búa skólann sem bezt úr garði. Nægir þessu til sönnunar að benda á stofnlög skólans: lög nr. 36 frá 26. okt. 1917. Þar er svo að orði komizt í 1. gr., að Múlasýslur afhendi landssjóði Eiðastólseignir, og að landssjóður taki við þeim „með því skilyrði fyrir afhendingunni, að landssjóður starfræki framvegis á Eiðum, eða á öðrum hentugum stað í Múlaþingi, vel útbúinn æðri alþýðuskóla, er samsvari kröfum tímans". Ég ætlast ekki til, að Eiðaskóli verði fyrst um sinn rekinn sem æðri menntastofnun. En skólinn svarar alls ekki kröfum tímans nú. Austfirðingar ætlast til, að svo verði og gera kröfu til Alþingis um það.

Í þáltill. þeirri, sem fyrir liggur, er tvennskonar efni. Í fyrsta lagi er ætlazt til þess, að stj. láti rannsaka og gera áætlanir um nokkrar umbótaframkvæmdir á Eiðum á næsta sumri. Þessar framkvæmdir eru rafstöð, sundlaug og leikfimihús við skólann. Í öðru lagi er ætlazt til, að stj. taki upp í fjárlfrv., sem hún leggur fyrir næsta þing, fjárveitingu til þessara framkvæmda.

Við flm. þáltill. förum fram á þetta af þeirri ástæðu, að það er ósk okkar og fullkominn vilji, að stj. hafi þessa fjárveitingu í huga strax og byrjað er að undirbúa fjárl. fyrir árið 1935. Það er meiningin að ýta svo á eftir þessu máli, að það verði helzt að öllu leyti unnið að þessum framkvæmdum á árinu 1935. Hinsvegar liggur það í hlutarins eðli, að öll fjárframlög til framkvæmdanna verða að ákveðast af því nýkosna fjárlagaþingi, sem væntanlega verður háð síðari hluta næsta árs.

Forseti (JBald): Mér hafa borizt tilmæli um að fresta fundi, frá stjskrn. Nd., þar sem hún óskar að geta nú fengið tíma til nefndarfundar um aðalmál þessa þings — kosningalögin. En það getur hún ekki, ef umr. verður haldið áfram í sam. þingi. Ég mun því fresta umr. um þetta mál og taka það út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 10. og 11. fundi í Sþ., 6. og 7. des., var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 12. fundi í Sþ., 8. des., var fram haldið einni umr. um till.

Atvmrh. (Þorsteinn Briem): Ég var ekki viðstaddur, þegar hv. frsm. mælti fyrir þessari till., en ég get gefið þær upplýsingar, að síðastl. sumar lét ráðuneytið fara fram bráðabirgðamælingu á því fallvatni, sem þarna kemur til álita. Samkv. þeirri athugun eru ekki líkur til, að vatnið veiti næga orku til framleiðslu rafmagns til ljósa, suðu, hitunar hússins

og sundlaugarinnar. En sjálfsagt er að athuga þetta rækilegar. Ráðuneytið myndi líka geta látið fara fram áætlun um byggingu sundlaugar og leikfimihúss, en um 2. lið till. tek ég fram, að þar sem þess má vænta, að það lendi á annari stj. að undirbúa fjárlfrv. fyrir 1935, vil ég ekki gefa neina yfirlýsingu í því efni. Þá get ég og tekið það fram, að samkv. lauslegri áætlun, sem gerð hefir verið, mun þessi rafmagnsstöð kosta allmikið fé. Er gizkað á 60—70 þús. kr., og er það talsverður útgjaldaliður fyrir ríkissjóð. Verð ég því fremur að hafa allan fyrirvara á um það, hvort hægt muni að taka svo stóran lið inn í fjárlfrv. það, sem leggja á fyrir næsta þing. Vil ég því leggja til, að till. verði borin upp í tvennu lagi, þannig að seinni aðalliðurinn, sem ræðir um, hvað taka skuli upp í fjárlög ársins 1935, verði borinn upp sér.

Ég mun láta halda þessum undirbúningsrannsóknum áfram, en tel ekki nauðsyn á, að aukaþingið taki að sér verkefni næsta fjárlagaþings.

Páll Hermannsson: Mér er kunnugt um, að síðastl. sumar hafði farið fram lausleg skoðun á fallvatni þessu. Hinsvegar veit ég, að mikið vantar á, að búið sé að athuga þetta svo sem þarf. Mér þótti vænt um, að hæstv. ráðh. lýsti yfir því, eins og líka við var að búast, að hann teldi rétt, að nánari rannsókn yrði gerð.

Ég tel rétt að geta þess, að þarna mun einnig á öðrum stöðum um vatnsmagn að ræða til rafmagnsframleiðslu, en þó býst ég við, að aðeins sé um einn stað að ræða, þegar á að fara að byggja rafmagnsstöð, sem nægir. Það fellur undir næsta þing að ákveða fjárl., en það er annars ætlun okkar að ýta undir þetta mál svo sem hægt er. Við viljum koma þessum umbótum á svo fljótt sem auðið er.

Eins og menn sjá, er till. í liðum, þannig, að þeir, sem væru t. d. á móti síðasta lið, geta greitt atkv. gegn honum, þótt þeir fylgi hinum.

Pétur Ottesen: Það kemur berar og berar í ljós, eftir því sem ríkið þarf að kosta meiru til alþýðuskólans á Eiðum, hve misjöfn er afstaða Austfirðingafjórðungs og annara fjórðunga að því er snertir alþýðumenntun. Árið 1917 skuldbatt ríkið sig til að halda þarna uppi alþýðuskóla og kosta hann að öllu. Hinsvegar er ákveðið í l. frá 1929 um slíka skóla, að ríkið leggi ekki fram nema helming stofnkostnaðar og leggi fram nokkurt fé til rekstrarkostnaðar, sem hvergi nærri er fullnægjandi. Í þessu er mikið ósamræmi, þótt segja megi, að ekki sé tímabært að tala um það nú, því að þetta hefði átt að koma fram 1929, þegar l. um héraðsskólana voru sett, eða þá að taka hefði átt það fram 1917, að þetta gæti leitt til þess, að aðrir landshlutar krefðust hins sama.

Þessi skóli var upphaflega stofnaður sem bændaskóli og rekinn líkt og skólarnir á Hólum og Hvanneyri til 1917. En sökum ósamkomulags milli Suður- og Norður-Múlasýslu, eða sjávar- og sveitahéraðanna í þessum sýslum, varð ekki af samkomulagi um að halda skólanum áfram á þessum grundvelli. Var þá farið þess á leit, að ríkið tæki við þessari eign ásamt skuldbindingu um að halda þarna uppi héraðsskóla. Bendi ég á þetta til þess að sýna, að ekki er að ástæðulausu, þótt fram komi raddir um, að þarna sé mikill aðstöðumunur, frá þeim, sem lagt hafa mikið á sig til að koma á fót samskonar skólum. Er ekki nema eðlilegt, að þeir menn, sem að skólanum standa, óski þess, að hann sé sem bezt úr garði gerður. Er þeim mun hægara um vik að halda fram ýtrustu kröfum í þessu efni, er við ríkið eitt er að eiga, en ekki þarf að leggja miklar byrðar á innanhéraðsmenn. Er það ekkert undarlegt, þótt menn þeir, er að skólanum standa, séu bráðlátari en ella myndi, ef þeir eiga ekki sjálfir að standa undir kostnaðinum. Það þekkjum við allir mjög vel.

Ég mun greiða atkv. með 2 fyrri liðum þessarar till., að gerð verði kostnaðaráætlun um rafmagnsstöð, sundlaug og leikfimihús. Mér skildist á hæstv. atvmrh., að fram hefði farið bráðabirgðaathugun og að ekki horfi svo vænlega við, að þarna sé hægt að fá nægilegt rafmagn til suðu, ljósa og hitunar fyrir skólann. Og ennfremur hafi það þegar komið í ljós við þessa bráðabirgðaáætlun, að stöðin muni, þrátt fyrir svona óhagstæða að-

stöðu, kosta 60—70 þús. kr., og gæti þá við nánari rannsókn komið í ljós, að hún myndi kosta 100 þús. kr., eða hver veit hvað, því að venjulega er fyrsta áætlun allt of lág. Um hina liðina liggur sjálfsagt ekkert fyrir, kostnaðinn við sundlaug og leikfimihús. En hvorttveggja mun kosta mikið fé, þó að þetta séu óhjákvæmilegir hlutir fyrir fjölmennan skóla. Er það víst, að rannsókn sú, sem hér á að gera, mun leiða í ljós, að ríkissjóður verður enn að leggja fram mikið fé til viðbótar því, sem þegar hefir verið varið til húsagerðar á Eiðum og annara umbóta þar. Nær það því engri átt að skora á stj. að taka þessa fjárhæð upp í fjárl. 1935, eins og gert er ráð fyrir í till. Myndi það stappa nærri því, að þetta aukaþing ætlaði að fara að segja fyrir um, hvernig fjárl. 1935 skyldu samin. Þótt ég geti greitt atkv. með 2 fyrri liðunum, er ég því andvígur síðasta lið. Við vitum ekki, hvaða möguleikar kunna að vera fyrir hendi 1935, hvað þá verður hægt að gera. En hitt er víst, að fyrir liggja mörg vandasöm verkefni, sem óhjákvæmilegt er að leysa. Nær því engri átt að fara nú að ákveða fjárhæðir til einstakra framkvæmda sem þessarar.

Ég gæti vænzt þess, að hv. flm. féllust á að taka aftur þennan lið og létu sér nægja að fá hinn tviskipta fyrri lið samþ., til þessa að þröngva ekki okkur, sem málinu erum hlynntir, til að fara að fella hann, en ríkisstj. sé látin hafa óbundnar hendur um það, hvað hún tekur upp í fjárlfrv. 1935.

ATKVGR.

Fyrri liður tillgr. (I. 1—2) samþ. með 31 shlj. atkv.

Síðari liður tillgr. (II.) felldur með 19:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÍP, JónasJ, JörB, PHerm, TrÞ, VJ, ÞorlJ, BSt, BÁ, BKr, EÁrna, EystJ, FJ, HStef, HJ, HG, HV, IngB, JBald.

nei: JJós, JÓl, JP, JS, JónÞ, KS, MG, MJ, ÓTh, PHalld, PO, TT, ÞÞ, ÁÁ, BSn, EE, GSv, GÍ, GL.

JónJ, PM greiddu ekki atkv.

Tveir þm. (JakM, BJ) fjarstaddir.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (A. 375).

28. Rafvirkjun í Hólshreppi.

Á 10. fundi í Nd., 15. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um ríkisábyrgð fyrir Hólshrepp í Norður-Ísafjarðarsýslu til rafvirkjunar (A. 41).

Á 11. fundi í Nd., 16. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 12. fundi í Nd., 17. nóv., var till. tekin til fyrri umr

Flm. (Vilmundur Jónsson): Ég vil gera það að till. minni, að umr. um þessa till. til þál. verði frestað og málinu vísað til fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 15 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 22. fundi í Nd., 29. nóv., var fram haldið fyrri umr. um till. (A. 41, n. 196).

Frsm. (Tryggvi Þórhallsson): Það er ósköp lítið um þessa till. að segja. Fjvn. hefir haft hana til meðferðar og kynnt sér rekstur málsins hér á þingi. Hefir hún sannfærzt um, að á sínum tíma var ákveðið að veita slíka ábyrgð og sömuleiðis fyrir Ísafjarðarkaupstað, og meiningin var, af rafveitan yrði gerð í einu lagi fyrir báða þessa staði. Telur n. sjálfsagt, að ábyrgðin nái einnig til Hólshrepps. Er það því till. n., að þessi till. verði samþ.

ATKVGR.

Brtt. 196 samþ. með 15 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 15 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., 30. nóv., var till. tekin til síðari umr. (A. 220).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Till. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 23. fundi í Ed., s. d., var till. útbýtt eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 220).
Á 24. fundi í Ed., 2. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 25. fundi í Ed., 4. des., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 26. fundi í Ed., 5. des., var till. aftur tekin til fyrri umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 9 shlj. atkv. og til fjvn. með 7:5 atkv.

Á 29. fundi í Ed., 8. des., var till. tekin til síðari umr. (A. 220, n. 338).

Frsm. (Jón Jónsson): Þessi ábyrgð fyrir rafvirkjunarláni til Hólshrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu hefir áður verið veitt hér á þinginu, árið 1929. Að sönnu var þá ekki gert ráð fyrir eins hárri upphæð, en heimildin var þó veitt.

Aðstaðan til rafvirkjunar á þessum stað er sæmilega góð, og höfum við fengið álit rafmagnsfræðings ríkisins, og sömuleiðis höfum við talað við vegamálastjóra og Steingrím Jónsson rafmagnsfræðing. Halldór Guðmundsson hefir gert mælingar og rannsóknir þessu viðvíkjandi.

Vatnið verður tekið úr Fossá í Hólshreppi, og er þar góð aðstaða til þess að fá þar geysimikla fallhæð, og með því að taka vatnið ofarlega má fá þar upp 420 hestafla stöð. Leiðslan er alldýr, fólkið eitthvað 700—800 manns, sem flest er búsett í Bolungavík. Í seinni tíð hefir verið talað um að hafa stöðina uppi í fjalli; með því yrði fallhæðin ekki eins mikil, en pípuleiðslan styttri.

Rekstraráætlun fyrir þessa stöð hefir verið lögð og áætlaður árlegur rekstrarkostnaður 26 þús. kr. Þá yrði að selja kílówattstundina á 5,4 aura að meðaltali, sem ekki er dýrt, ef miðað er t. d. við þennan bæ.

Fjvn. ofbýður að vísu sú fjáreyðsla, sem gefin er heimild til á þessu aukaþingi, og allar þessar lánsábyrgðir, sem samþ. eru í tugatali, en um þessa ábyrgð er það að segja, að hún hefir verið áður veitt, svo að nú er ekki nema um endurveitingu að ræða. Auk þess er hér um gott fyrirtæki að ræða, og er ábyrgðarhluti fyrir fjárveitingavaldið að verða þrándur í götu þess. Fjvn. vill hafa orðalag till. þannig, að ljóst verði, að Norður-Ísafjarðarsýsla sé í bakábyrgð fyrir láninu, og leggur til, að till. verði samþ. þannig breytt.

Páll Hermannsson [óyfirl.]: Ég skrifaði undir nál. með fyrirvara. Það stafar ekki af því, að ég sé ósammála hinum nm. um aðalatriðið, en ég leit svo á, að nægilegt væri að geta þess í nál. eða framsögu, að n. ætlaðist til, að bakábyrgð Hólshrepps yrði tekin.

Eins og hv. frsm. gat um, er hér aðeins um endurveitingu að ræða. 1929 var ríkisstj. heimilað að ábyrgjast lán til rafveitu í Hólshreppi og fyrir Ísafjarðarkaupstað. Ábyrgðin fyrir Ísafjarðarkaupstað var svo endurnýjuð næsta ár á eftir undir 18. lið 22. gr. fjárl. Þar er heimildin orðuð á sama hátt og till., en ég hefi veitt því eftirtekt, að við framsögu í Nd. er því lýst yfir, að fjvn. ætlist til, að bakábyrgð sé fengin frá Ísafjarðarkaupstað. Ég geri þetta ekki að ágreiningsatriði og mun fylgja till., þó að brtt. verði samþ., en þá verður till. að ganga til Sþ., og nú er eftir stuttur tími af þingsetu, en þó er ekki víst, að það verði till. að fótakefli.

ATKVGR.
Brtt. 338 samþ. með 8:1 atkv.
Till., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Sþ.

Á 12. fundi í Sþ., s. d., var till. úthýtt eins og hún var samþ. við síðari umr. í Ed. (A. 363).

Á sama fundi var till. tekin til einnar umr.

Of skammt var liðið frá úthýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 376).

29. Nýbýlahverfi í sveitum.

Á 20. fundi í Ed., 27. nóv., var úthýtt:
Till. til þál. um skipun mþn. til þess að undirbúa löggjöf um nýbýlahverfi í sveitum (A. 174).

Á 21. fundi í Ed., 28. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 22., 24. og 26. fundi í Ed., 29. nóv., 2. og 5. des., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Ed., 7. des., var till. enn tekin til fyrri umr. (A. 174, 319).

Flm. (Jón Baldvinsson): Þessi till. hefir legið lengi fyrir án þess að komast á dagskrá. Mér virðist því útilokað, að till. komist í gegn á þinginu í því formi, sem fyrirhugað var í fyrstu. En till. fer fram á það, að skipuð verði mþn. til þess að athuga og undirbúa löggjöf um, að reist verði nýbýlahverfi í sveitum. Ég sé ekki, að á öðrum málum sé brýnni þörf heldur en að athuga, hvað hægt sé að gera við alla þá fólksfjölgun, sem á hverju ári kemur fram hér á landi og leitar til kaupstaðanna og eykur á þá erfiðleika, sem þar er við að stríða. Hinsvegar er víða til gott, óræktað land, þar sem menn mundu geta framfleytt sér og sínum, ef þeim væri gert mögulegt að setjast þar að og frumræktun yrði framkvæmd. Ég veit, að erfitt muni að leggja út í mál eins og þetta að þessu sinni, en ég hefi ekki komið auga á, að annað lægi nær en að ríkissjóður beitti sér fyrir að reisa nýbýlahverfi í þeim sveitum, sem bezt hefðu skilyrði til ræktunar, og þar sem að öðru leyti væri hægt að koma þeim upp. Ég er ekki nógu kunnugur á öllu landinu til þess að geta bent á alla þá staði, sem heppilegir eru til slíkrar ræktunar, en ég get bent á a. m. k. þrjú svæði. Á svæðinu frá Snæfellsnesi og austur að Þverá í Rangárvallasýslu mætti reisa mörg hundruð býli án þess að íþyngja þeim til nokkurra muna, sem fyrir eru þar. Það eru sérlega heppileg svæði í Hnappadalssýslu, Ölfusi og í Holtum á Rangárvöllum. Í þessum sveitum er mjög mikið af ræktanlegu landi ónotuðu og alveg við þjóðvegina, svo að þeir, sem þar reistu býli, ættu kost á beztu samgöngum á þann markað, sem nú er beztur hér á landi, til Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.

Ég hefi í nokkur ár flutt frv. um nýbýlastofnun hér á Alþ., sem gerir ráð fyrir framlagi úr ríkissjóði til þess að koma þeim framkvæmdum áleiðis. Áhugasamir jarðræktarmenn hafa stutt málið og telja brýna þörf á því og að það muni líklegt til úrlausnar á miklu vandamáli. Það er alveg augljóst, að ekki yrðu gerðar framkvæmdir í stórum stíl hvað þetta snertir nema ríkissjóður legði til fé, og það ekki að alllitlu leyti, eða a. m. k. til bygginga að mestu leyti og frumræktunar.

Í frv. því, sem ég hefi flutt um þetta á undanförnum þingum, var gert ráð fyrir allmiklum byggingum og þar af leiðandi nokkuð miklu fé í hvert býli. En þá var ríkissjóður betur staddur og atvinnuvegirnir blómlegri en nú. Það verður þess vegna að mótast af þeim möguleikum, sem nú eru fyrir hendi, hve mikið fé skuli leggja í þessar byggingar. Það er eitt af því, sem mestrar athugunar þarf í þessu efni, hvernig byggja skuli, t. d., hvort byggja skuli fyrir eina kynslóð eða fleiri, og má segja margt bæði með því og móti. Þó verður það sennilega aðgengilegast hér að byggja aðeins fyrir eina kynslóð, og þá er hægt að nota ódýrara efni, t. d. timbur. Því ber samt ekki að neita, að hús eru varanlegri með því að

byggja þau úr steini. En steinhús þau, sem víða hafa verið reist í sveitum þessa lands, eru mjög óhaganlega gerð, bæði að utan og innan, og svara í engu kröfum þeim, sem yngri kynslóðin gerir um þetta. Kröfur manna breytast mjög á fáum áratugum, og er það því stór spurning, hvort ekki sé hentugt að byggja aðeins fyrir eina kynslóð. Byggingarnar yrðu þá ódýrari, og þar sem þörfin er svo brýn á að koma upp mjög mörgum af þessum býlum í sveitum landsins, þá er vafasamt, hvort það yrði ekki heppilegast.

Það er samt ekki ætlun mín að slá neinu föstu um þessi mál, en ég ætlast til, að skipuð verði nefnd til þess að undirbúa löggjöf um þetta, og ég hefi borið fram brtt. til þess að gera það kleift, að það geti orðið aðeins ályktun Ed., þannig að upphaf till. orðist svo: „Efri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstj.“ o. s. frv., og í öðru lagi til þess að fella niður ákvæðið um, að kostnaðurinn við störf n. skuli greiðast úr ríkissjóði. N. verður því að starfa kauplaust, nema þá að Alþ. veiti henni síðar einhver laun fyrir störf hennar, því að till., sem er afgr. aðeins úr annari d. þingsins má ekki fela í sér fjárveitingu. Ég tel það betra, að till. verði samþ. eins og hún er nú heldur en alls ekki. Mér þykir sennilegt, að í n. muni fást menn, þó að ekki sé fyrirfram ákveðið kaup til þeirra. Tel ég víst, að einn fengist skipaður að tilhlutun stjórnar Alþýðusambands Íslands í þessa nefnd, og ég tel líklegt, að fyrir tilhlutun stjórnar Búnaðarfélagsins fengist sömuleiðis maður í nefndina, sem fær laun frá því hvort sem er, og að í þriðja lagi yrði landbúnaðarráðh. væntanlega fáanlegur til þess að skipa mann í þessa n., og ætti að mega haga því þannig, að sá maður tæki þetta starf að sér án þess að fá sérstök laun fyrir. Ég þykist því hafa komið till. í það horf, að hún geti verið aðeins ályktun Ed. og að ríkisstj. jafnframt taki tillit til þess að skipa þessa n., ef till. verður samþ.

ATKVGR.

Brtt. 319 samþ. með 8 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 8 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., 8. des., var till. tekin til síðari umr. (A. 345).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 8 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun efri deildar Alþingis (A. 377).

---

30. Bættar samgöngur við Austfirði.

Á 30. fundi í Nd., 8. des., var útbýtt: **Till. til þál. um bættar samgöngur við Austfirði** (A. 364).

Á 31. fundi í Nd., 9. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 32. fundi í Nd., s. d., var till. tekin til einnar umr.

Of skammt var liðið frá því er umr. var ákveðin. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14:1 atkv.

Flm. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Till., shlj. þessari, var samþ. á síðastl. þingi, en hefir ekki borið verulegan árangur, og því flytjum við austanþm. nú þessa till. Ferðir til og frá Austfjörðum eru fáar; í ár áætlar Eimskipafélagið 10 ferðir til og 9 frá, þ. e. a. s. 9½ ferð fram og aftur. Þegar þess er gætt, að Eimskipafélagið fær 250 þús. kr. styrk úr ríkissjóði, þá tel ég Alþ. skylt að sjá um, að einstakir landshlutar verði ekki eins afskiptir og þarna á sér stað.

Thor Thors: Ég veit ekki, hvað er mikil alvara bak við þessa þáltill. austanþm., sem nú kemur hér fram í þinglokin. Ég held, að ef full alvara fylgdi till., hefði hún verið borin fram fyrr. Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að Eimskipafél. hefir áður haft fleiri ferðir til og frá

Austfjörðum, og hefir tapað allverulega á því. Ég er því ekki viðbúinn að greiða till. þessari játandi atkv. fyrr en málið hefir verið betur upplýst. Ég fæ ekki séð, að það sé Alþ. sæmandi að afgr. þetta mál á síðasta degi þingsins, rannsóknarlaust, svo að ég legg til, að málinu verði vísað til hv. samgmn. og umr. frestað.

Flm. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Hv. þm. Snæf. var að væna okkur, flm. þessarar till., um alvöruleysi. Það er ástæðulaust, en hinsvegar er framkoma hans í þessu máli mótuð alvöruleysi. Það er hreinasta firra að bera fram till. um að vísa málinu í n. nú á síðasta degi þingsins, þar sem alveg er óvíst um, hverjir þeirra, sem nú sitja á þingi, eiga þangað afturkvæmt. Þetta mál hefir legið fyrir tveimur síðastl. þingum, og er því gerkunnugt öllum þeim, sem áður hafa setið hér á þingi. Hv. þm. talaði um tap Eimskipafél. af Austfjarðaferðunum. Ég veit ekki betur en að tap verði á öllum strandferðum Eimskipafél., og ég hélt, að ríkisstyrkurinn, 250 þús. kr., ætti að vera nokkurskonar uppbót á því tapi. Sá hluti, sem Austfirðingar fá af ferðum félagsins, er hverfandi lítill. Eina skipið, sem gengur þar, er Lagarfoss, og svo í íhlaupum Selfoss. Tveir aðrir „fossar" koma þar við, en á svo óheppilegum tíma, að lítið gagn er að því. Hv. þm. mega vita, að ekkert er eins líklegt til þess að draga úr heilbrigðum atvinnurekstri eins og slæmar samgöngur, og ekki sízt þess vegna verður að gera eitthvað til þess að auka samgöngurnar við Austfirði.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Þessi till. er nú orðin gamall kunningi hér á þingi, samskonar till. hafa verið bornar fram áður, og hefir árangurinn orðið misjafn. Ég fyrir mitt leyti get ekki séð neitt á móti því, að till. verði samþ. Eimskipafél. er eins og allir vita félag einstaklinga og því ekki skyldugt til að fara eftir fyrirmælum stj. Þarna verður því að vera um samkomulag að ræða, en ég skal taka það fram, að venjulega hefir verið mjög gott að komast að samningum við Eimskipafél. En auðvitað verður það, eins og önnur slík fyrirtæki, að taka tillit til þess, hvaða ferðir borgi sig; án þess gæti það ekki haldið sér uppi. Ég hefi sem sagt ekkert á móti því, að till. sé samþ., en ég er hræddur um, að með henni náist ekki allt það, sem hv. flm. vilja. Forstjóri Eimskipafél. hefir sagt mér, að flutningar til og frá Austfjörðum séu venjulega fremur litlir, — en nú er meiningin að auka strandferðir til Austfjarða, og ég geri mér von um, að takast megi að samræma betur ferðir ríkisskipanna og skipa Eimskipafél. en hingað til.

Thor Thors: Hv. þm. Seyðf. má ekki bregðast reiður við, þó að ég beri á hann alvöruleysi í sambandi við þetta mál. Till. er ekki borin fram fyrr en það er orðið mjög vafasamt, að hún nái fram að ganga. Ef austanþm. hefði verið einhver alvara með hana, hefðu þeir auðvitað borið hana fyrr fram. Hv. þm. talaði um það, að greiða þyrfti fyrir atvinnuvegunum á Austurlandi með því að fjölga ferðum þangað. Mig minnir, að á síðastl. ári hafi Eimskipafél. ætlað að fjölga ferðum til Austfjarða, en orðið að hætta því, vegna þess að enginn flutningur væri fyrir hendi. Það er rétt, að Eimskipafél. fær styrk frá ríkissjóði, en sá styrkur nægir ekki til þess að vega upp á móti kostnaðinum, sem félagið hefir af strandferðunum. Og ég tel ekki, að vegna þess styrks sé hægt að leggja endalausar kvaðir á félagið. Mér þætti ekki ótrúlegt, ef kvaðirnar kostuðu félagið meiri útgjöld en styrknum nemur, að félagið afþakkaði styrkinn, til þess að geta stjórnað málum sínum án íhlutunar Alþ. Ég gæti alveg á sama hátt og hv. þm. Seyðf. borið fram till. þess efnis, að Eimskipafél. fjölgaði ferðum til Vesturlandsins. Það eru allmiklar kvartanir um það í kjördæmi mínu, að skip Eimskipafél. komi of sjaldan þangað. En ég hefi ekki borið slíka till. fram, af því að mér er ljóst, að hagnaður Eimskipafél. af ríkisstyrknum er ekki svo mikill, að Alþ. megi hans vegna leggja ótakmarkaðar kvaðir á félagið. Hæstv. dómsmrh. taldi sig fylgjandi till., af því, að mér skildist, að svo margir þm. bera hana fram. Það einkennir yfirleitt þessa stj., að hún vill eiga vingott við sem flesta þm. Ég vil ekki fara svo af þessu þingi,

að ég fái ekki átalið þennan samkomulagshug hæstv. stj. Jafnframt vil ég lýsa því yfir, að ég afneita fyrir mína hönd allri ábyrgð af stj. þeirri, er nú situr.

Flm. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Þetta er nú orðið miklu stærra pólitískt mál en ég gerði ráð fyrir í upphafi, þar sem hv. þm. Snæf. hefir notað það sem tækifæri til þess að lýsa yfir vantrausti sínu á hæstv. dómsmrh. En ég skal skýra fyrir þessum hv. þm., hvers vegna till. kom svona seint fram. Við höfum verið að semja við ríkisskipin um ferðir austur, og ætluðum einnig að reyna að ná samningum við Eimskipafél., en það hefir dregizt. En málið er svo alkunnugt flestum þm., að ég tel alveg áhættulaust að samþ. það á sama degi og það er borið fram. Hv. þm. talaði um það, að Eimskipafél. hefði á síðastl. ári ætlað að fjölga ferðum austur, en orðið að hætta því vegna vöntunar á flutningi. Við þetta er það að athuga, að þetta áttu ekki að vera áætlunarferðir, heldur byggðust þær á samkomulagi milli hæstv. stj., Austfjarðaþm. og Eimskipafélagsins. En við svona ferðir, sem ekki standa á áætlun, en eru bara tilkynntar, er ekki hægt að miða.

Jóhann Jósefsson: Hér hefir risið upp deila nokkur um það, hvernig beri að afgr. þessa till. Eftir hinar góðu undirtektir hæstv. ráðh. þykist ég þess fullvís, að hv. flm. standi á sama, þó till. væri vísað til stj., og teldi ég það heppilega afgreiðslu. Enda er nú svo fátt þm. í d., að óvíst er um afdrif till., ef menn færu að skiptast í flokka um afgreiðslu hennar. Ég geri það því að minni till., að málinu verði vísað til hæstv. stj. Það er rétt hjá hv. þm., að þessi till. hefði þurft að athugast í n., en þar sem hún er ekki borin fram fyrr en á síðasta augnabliki, er þess enginn kostur. Hinsvegar er öllum hv. þdm. kunnugt um samgönguerfiðleika Austfjarða, og vilja vafalaust allir stuðla að því, að úr þeim sé bætt eftir megni.

Thor Thors: Ég get vel tekið undir það, að hvað formið snertir, þá væri rétt að vísa þessari till. til stj. En þar sem ég ber mjög takmarkað traust til núv. stj., get ég ekki fallizt á þá uppástungu. — Það má vel vera, að hv. þm. Seyðf. hafi rétt fyrir sér í því, að ferðirnar, sem ég gat um, hafi ekki verið áætlunarferðir, en þar sem búið var að semja um þær við stj. og Austfjarðaþm., þá skiptir það minnstu máli. Hitt er aðalatriðið, að það varð að hætta við þessar ferðir sökum þess, að í tveimur tilfellum a. m. k. var enginn flutningur fyrir hendi. Ég vil að lokum endurtaka ávítur mínar um flaustурslegan flutning þessa mál og ósk mína um, að till. verði vísað til samgmn. og umr frestað.

ATKVGR.

Till. þm. Vestm. um að vísa málinu til ríkisstj. felld með 9:7 atkv.

Till. þm. Snæf. um að vísa málinu til samgmn. felld með 9:7 atkv.

Tillgr. samþ. með 11:4 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem ályktun neðri deildar Alþingis (A. 380).

31. Milliþinganefnd í launamálum.

Á 16. fundi í Nd., 22. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um skipun mþn. til þess að gera tillögur um launamál, starfsmannafækkun o. fl. (A. 116).

Á 17. fundi í Nd., 23. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 18. fundi í Nd., 24. nóv., var till. tekin til fyrri umr. (A. 116, 151).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 151. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Flm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Sviputð þál. till. þeirri, sem nú liggur fyrir, var borin fram af fjvn. Nd. á síðasta þingi og samþ. þá á þinginu og stj. falið að athuga launamálin. Stjórnin lýsti því yfir, að hún tæki við till. og myndi sjá um framkvæmd hennar fyrir „næsta

þing". „Næsta þing" er komið og nokkuð liðið á það, en eftir því, sem hæstv. forsrh. hefir tjáð mér, þá er ekki farið að vinna að þessu máli af stj. hálfu, og þar sem nú er sennilegt, að ekkert verði af framkvæmdum í þessu efni af stj. hálfu, þá töldum við flm. till. rétt að hrinda málinu í framkvæmd með skipun mþn., enda yrðu mál þessi með því móti rækilegar könnuð og undirbúin fyrir næsta þing.

Um fyrri lið till. þarf ég ekki að hafa mörg orð. Hv. þm. Borgf. hélt rækilega ræðu um þessi atriði hér í d. á síðasta þingi, og má vísa til þeirrar framsögu og raka um, hversu nú er orðið misskipt launakjörum starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana, einnig launum fyrir aukavinnu og annað þess háttar.

Um hinn lið till. er það að segja, að það er skoðun margra, að reka megi ríkisskipin ódýrara, þó að ekki verði lakari samgöngur heldur en nú er. Virðist því sjálfsagt að athuga vel þessa möguleika og gera till. um endurbætur þar á, ef ástæða þykir til. En reynist svo við athugun, að ekki sé ástæða til að breyta fyrirkomulaginu, þá er það þeim til góðs, sem veita þessari stofnun forstöðu. Nú horfir svo við, að útgjöld ríkissjóðs verða enn einu sinni meiri en tekjurnar, og munu flestir sammála um það, að svo má ekki lengi ganga hér eftir. Það er kvartað undan tollum og sköttum, hversu háir þeir séu, en þeir eru aðaltekjustofn ríkisins, og þá finnst mér ekki fjarri að athuga, hvort ekki megi draga úr rekstrarhalla ríkisins með því að spara útgjöldin, og virðist þá næst að taka til athugunar einstaka útgjaldaflokka, hvort ekki megi draga úr þeim. Og nú á undanförnum tíma hefir það mjög verið haft á orði, hvort ekki megi draga úr greiðslum til embættis- og starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana, og mörg dæmi nefnd þar um, sem hafa við gild rök að styðjast. Virðist mér því rétt og sjálfsagt að ganga nú svo frá þessu máli, að þar þurfi ekki frekar um að þreifa að sinni. Ég vænti þess og, að ef hér færi meiri sparnaðarandi að ríkja en áður hefir ríkt hér á Alþingi, þá mætti í næstu fjárlögum draga úr útgjöldum auk þess sparnaðar, sem vænta má fyrir atbeina þessarar fyrirhuguðu milliþinganefndar. Það er víst, að betur má halda í horfinu, ef að því er gengið með meiri festu og samhug en nú um nokkur ár hefir átt sér stað að rétta við fjárhag ríkisins.

Ég vil taka það fram út af þeim brtt., sem fram hafa komið við þessa till., að þar sem bankaráð Landsbankans og Útvegsbankans ákveða flest laun við þessar stofnanir, en þingið kýs menn í þessi ráð á fárra ára fresti, þá virðist það geta haft það í hendi sér, hversu fer um laun þessara starfsmanna, og því þótti mér ekki nauðsyn að taka þessar stofnanir nú til athugunar, en reyndar er Búnaðarbankinn þá eftir.

Ég tel vafasamt, að rétt sé að hafa verksvið þessarar n. víðara en gert er ráð fyrir í till. eins og hún er flutt, en sjá fyrst, hver uppskeran verður af starfi n., ef hægt verður að fá hana skipaða svo sem hér er ráð fyrir gert.

Eysteinn Jónsson: Ég tek það fram þegar í byrjun, að ég er sammála um, að þau mál, sem tekin eru til meðferðar í þessari þáltill., eru mjög nauðsynleg og mjög brýn þörf, að hér sé tekið til starfa til að samræma launakjör starfsmanna ríkisins, bæði þeirra, sem taka laun eftir launalögum, og eins hinna, sem ekki gera slíkt. Um þetta hygg ég, að geti ekki orðið neinn ágreiningur, því að öllum er það ljóst, og sérstaklega þeim, sem þekkja vel til í þessu efni, að þar ríkir allmikið misrétti. Ég get því komizt hjá að tala mikið um þessa till., a. m. k. fyrri lið hennar.

En ég vil þó vekja athygli á því í þessu sambandi, að það, sem ræður launagreiðslum almennt í þessu landi, er ekki það, hvað mikið ríkið greiðir starfsmönnum sínum, því að greiðslur til þessara starfsmanna hljóta alltaf að verða nokkuð hliðstæðar, þegar til lengdar léti, þeim greiðslum, sem almennt eru af höndum inntar fyrir störf við einstakra manna fyrirtæki. Það er kunnara en um þurfi að tala, að við mörg einkafyrirtæki og ennfremur þau, sem eru hálfvegis opinber, eru greidd laun, sem eru miklu hærri en þau laun, sem ríkisstofnanirnar greiða eða ríkið sjálft. Af þessu hefir það svo leitt, að ýmsir þeirra

manna, sem hafa verið á launum hjá ríkinu og hafa tilboð um betur launaðar stöður hjá öðrum stofnunum og hafa getað bent á hliðstæða menn í öðrum stöðum, sem hafa miklu betri kjör, hafa knúið út úr ríkisstj. og öðrum þeim, er með völdin fara, ýmiskonar uppbætur og glepsur til uppbótar á laun sín. Þetta er í raun og veru ástæðan til þess, að launakjörin eru í svo miklu ósamræmi.

Af þessum ástæðum er það höfuðatriðið í þessu máli, hvernig sem á er litið, að launakjör almennt séu þess eðlis, að ríkið geti komizt sæmilega frá því að greiða starfsmönnum sínum, en þurfi ekki að greiða þeim of há laun. Þess vegna fannst mér alveg sjálfsagt, að hér ætti ekki að hætta við hálfkarað verk, heldur taka til athugunar, hvort ekki væri hægt að hafa áhrif á launakjör almennt. Þá er kannske hægt að lækka launin hjá starfsmönnum ríkisins, því að þegar til lengdar lætur, fara laun starfsmanna ríkisins alltaf eftir launagreiðslum einkafyrirtækjanna. En verði farið að lækka launin hjá starfsmönnum ríkisins umfram það, sem tíðkast við einkafyrirtæki, þá mundi það, er frá liði, verða til þess, að ríkið sæti uppi með ófullnægjandi starfskrafta, eða að öðrum kosti að taka það ráð, að bæta starfsmönnum sínum upp.

Nú er það svo, að mörg þeirra fyrirtækja, sem um ræðir í brtt. minni, sérstaklega í fyrri lið hennar, eru að nokkru leyti ríkisfyrirtæki, eða a. m. k. bendluð við ríkissjóð, t. d. bankarnir, þar sem ríkið ábyrgist fyrir þá stórar upphæðir og leggur sumum þeirra til fé, og um alla þessa banka er löggjöf, sem Alþingi hefir sett. Í þeirri löggjöf er lítilsháttar minnzt á launakjörin að því er forstjóra þessara stofnana snertir. Allir vita, að launagreiðslur í bönkunum eru miklu hærri en góðu hófi gegnir, og miklu hærri en hjá ríkinu almennt. Í Landsbankanum eru nú margir menn, sem hafa yfir 10 þús. kr. í laun. Það eru að vísu ýmsir yfirmenn bankans, deildarstjórar o.þ.h., en ekki sýnist ástæða til að viðhalda slíkum launagreiðslum. Þær hafa m. a. mikil áhrif til hækkunar á launagreiðslum ríkisins. Einnig má benda á fyrirtæki eins og Eimskipafélagið, sem er styrkt af ríkinu. Við slíkt fyrirtæki, þar sem ríkið tekur þátt í rekstrinum, er alveg nauðsynlegt að sjá svo um, að launagreiðslur séu hæfilegar. Það er ekki skynsamlegt, þar sem ríkisvaldið getur ráðið við, að laun séu svo há, að þau gefi starfsmönnum ríkisins ástæðu til að krefjast launahækkunar og annara fríðinda. Sama máli gegnir um einkafyrirtæki; þau hafa ill áhrif í þessu efni. T. d. hafa forstjórar sumra slíkra fyrirtækja tvöföld ráðherralaun eða meira.

Ef á að fá viðunanlega leiðréttingu á þessu, þá verður að taka fyrir háar launagreiðslur almennt. Það sér hver heilvita maður, að það er ekki nema kák eitt og algerlega óréttmætt gagnvart þeim mönnum, sem eru í þjónustu ríkisins, að taka þá eina út úr, þegar Alþingi getur tekið fleiri og lækkað launin við þá, því að með l. má setja fyrirmæli um launagreiðslur fyrirtækja, sem eiga styrk að sækja til ríkisins.

Hv. 1. flm. minntist á, að sér þætti þessi liður um bankana óþarfur, vegna þess að þingið setti bankaráðið. Ég læt nú þessi rök sem vind um eyrun þjóta og vil bara benda á það, að á sama hátt mætti segja um allar launagreiðslur ríkisins, að ekki þyrfti að samþ. slíka þál. þeirra vegna, þar sem þær væru undir yfirráðum stj., sem sett er af Alþingi. Þetta eru engin rök, heldur aðeins tilraun til þess að skjóta sér hjá að taka alvarlega á þessu máli.

Það má náttúrlega segja, að verði erfitt að framkvæma þriðja lið brtt. og hafa áhrif á launagreiðslur einstaklingsfyrirtækja, en ég hygg það þó fullt rannsóknarefni, sem þessi n. ætti að taka fyrir, því að í launagreiðslum einstaklingsfyrirtækja er að finna grundvöllinn að launagreiðslum ríkisins. Það mætti t. d. hugsa sér, að þessu mætti koma fyrir með því móti, að þau fyrirtæki, sem að einhverju leyti þyrftu að sækja til bankanna um lán, væru háð lagafyrirmælum um þetta. Ég veit, að það mætti að ýmsu leyti fara í kringum slík fyrirmæli, en allt þetta er til athugunar, og þegar verið er að setja mþn. til að rannsaka launagreiðslur, þá er ekkert vit í öðru en að sú nefnd taki til ýtarlegrar athugunar ekki eingöngu launagreiðslur frá ríkisins hálfu,

heldur einnig, hvernig grundvöllur sá, sem settur kann að verða fyrir launagreiðslum, gæti haldizt, en raskist ekki fyrir áhrif frá launagreiðslum sérstakra stofnana og einkafyrirtækja. Að svo komnu máli vil ég ekki rekja einstök dæmi um launagreiðslur einstaklingsfyrirtækja eða hálfopinberra fyrirtækja, því að slíkt á ekki heima við byrjun umr., og togstreita um einstök atriði er ekki til þess fallin að flýta fyrir afgreiðslu málsins, því að út úr því verða oft persónulegar væringar, sem ekki koma málefninu við. En ef nokkur viðunandi lausn á að fást á þessu máli, þá verður að taka þennan lið fyrst og fremst til rækilegrar athugunar.

Um sparnaðarhlið þessa máls vil ég annars segja það, að það má að vísu lækka launagreiðslur til opinberra starfsmanna að verulegu leyti, en ég vil líka benda á það, að örðugt er að loka augunum fyrir því, að fjöldi af starfsmönnum ríkisins hefir ákaflega lág laun, miðað við það, sem tíðkast almennt, t. d. starfsmenn pósts og síma, og þaðan koma nú háværar raddir um launahækkun, og slíkar raddir hækka mjög, ef farið verður að taka þetta mál til athugunar. Ég segi þetta ekki til að mæla á móti till., en ég vil benda mönnum á, að vænta hér ekki of mikils um sparnað í sambandi við þessa till. En þar fyrir er nauðsyn að taka til rækilegrar athugunar og a. m. k. reyna að samræma greiðslur og hafa áhrif til heildarlækkunar og sparnaðar, eftir því sem reynist mögulegt.

Ég geri ráð fyrir, að það leiði af sjálfu sér, að þessi n. taki um leið til athugunar niðurskipun starfa við öll ríkisfyrirtæki og hvort hægt sé að koma þeim betur fyrir með sameiningu þeirra o. s. frv. Mér er nær að halda, að í því efni mætti framkvæma nokkurn sparnað, en það mun koma undir hlutverk þessarar n., þar sem hún á að gera till. um að lækka starfsmannakostnað í heild.

Um 2. tölulið þessarar till. vil ég segja það, að ég er vitanlega ekki á móti því, að athugað verði, hvort hægt er að reka skipaútgerð ríkisins með hagkvæmara móti en hingað til hefir verið. Hitt dylst mér ekki, að þessi liður er kominn fram í pólitísku árásarskyni á þessa stofnun. Þessi útgerð er ekki rekin með óhagstæðu móti, því að þeir, sem því eru kunnugir, vita, að það er ekki sambærilegt, hvað skipin eru nú rekin með meiri hagsýni en áður. Ég er því viss um, að rannsókn mundi leiða það í ljós, að nú eru þessi skip rekin á miklu hagkvæmari hátt en áður var, en þar var reyndar ekki við mikið að jafnast og ekki mikið að stæra sig af, þótt eitthvað skánaði í því efni. Ég nefni ekki dæmi um það nú, en gæti gert það, ef farið væri nánar út í þetta. En það er dálítið einkennilegt, að þessi stofnun skuli vera ein tekin út úr, því að þá má alveg eins telja nauðsyn að rannsaka fleiri greinar ríkisrekstrarins. Verið getur, að takast mætti að spara eitthvað á ríkisrekstrinum, en ef það ætti að vera hlutverk n. að athuga fleira en starfsmannakostnaðinn, þá á að bera þetta svo fram, að það sé ekki eingöngu bundið við skipaútgerðina, heldur sé þá rannsakað um allar greinar ríkisrekstrarins. Slík rannsókn gæti gert mikið gagn, og fer varla hjá því, ef setzt er á rökstóla og allt athugað, að hægt verði að finna eitthvað til bóta og sparnaðar. Ég vil beina því til fjhn., hvort ekki væri hægt að breyta í þá átt 2. tölul., sem nú er, en verður 3. liður, ef till. mín verður samþ.

Ég skal þá ekki fjölyrða meira um þetta mál, en ég get þó ekki stillt mig um að benda á, að það virðist sem sjálfstæðismönnum hafi snúizt nokkuð hugur um milliþinganefndir. Það hefir verið svo öll þau ár, síðan þeir létu af stjórn, að engin mþn. hefir verið sett án þess að þeir hafi verið með ýfingar og skammir og alltaf verið að tala um eyðslu á fé ríkisins í sambandi við þær. Hafa þeir komið fram í þeim málum eins og engin mþn. ætti nokkurn minnsta rétt á sér. Nú virðist hinsvegar um eitthvert hughvarf að ræða, því að nú sýnast þeir halda, að mþn. geti þó gert gagn.

ATKVGR.

Till. vísað til fjhn. með 15 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 26. fundi í Nd., 5. des., var fram haldið fyrri umr. um till. (A. 116, 151, n. 265, 266, 267).

Frsm. (Halldór Stefánsson): Það sést á nál. fjhn. á þskj. 265, að n. fellst á meginefni þáltill. óbreytt, að því er til fyrra liðs kemur. Um 2. tölul. eru atkv. nm. aftur óbundin, og hefir komið fram brtt. við hann frá n.mönnum. Efni fyrri tölul. er það sama og í þáltill., er borin var fram á síðasta Alþingi: að skora á stj. að gera það, sem þar segir. Munurinn er aðeins sá, að hér er lagt til, að skipuð verði mþn. til að athuga málið, í stað þess að skora á stj. að gera það sjálf. Það hafa fallið þau ummæli frá ríkisstj., að hún hafi ekki tíma né aðstöðu til að sinna þessu verki, og því hefir verið fallizt á að breyta til og fela þetta sérstakri n. Annars þykist ég vita, að nefndarmenn muni hafa misjafna trú á árangri slíkrar rannsóknar, hvort hún verði til sparnaðar eða ekki. Það er vitað, að laun þau, sem ríkið greiðir, geta ekki nema í fáum tilfellum talizt óhæfilega há. Hinsvegar eru laun margra starfsmanna ríkisins mjög lág, og stefnan virðist vera sú, að ekki hafi þótt fært að standa á móti því að bæta laun þeirra, er lægst voru launaðir, þegar till. um það hafa verið bornar fram, enda eru launaákvæði l. gömul og sett á tímum, sem voru mjög ólíkir þeim, sem nú eru. Annars verður um þetta að fara sem auðið er, og verður reynslan að skera úr um það.

Við 2. tölul. höfum við tveir nm. flutt brtt. á þskj. 266. Í 2. tölul. aðaltill. er farið fram á rannsókn á aðeins einu ríkisfyrirtæki, eins og gert sé ráð fyrir, að á því megi sjálfsagt spara öðrum ríkisfyrirtækjum fremur. Okkur 2 nm., hv. þm. V.-Húnv. og mér, þykir ekki rétt að takmarka till. við þetta eina fyrirtæki. Þykir okkur réttara, að till. sé almenn og athuguð önnur ríkisfyrirtæki á sama grundvelli, eins og segir í 1. tölul. till.

Þá hafa og komið fram brtt. eða viðaukatill. við aðaltill. frá hv. 1. þm. S.-M. Um þessar till. eru óbundin atkv. í n., og skal ég ekki gera þær að umtalsefni hér, því að til þess hefi ég ekkert umboð frá flm., sem er fjarstaddur. Ef hann hefir óskað, að eitthvað yrði tekið fram um þær, þá hefir hann sjálfsagt beðið einhvern um það. En n. hefir óbundna afstöðu til þessara tillagna.

Við hinir sömu 2 þm. höfum og gert brtt. á þskj. 267 við 3. tölul. í brtt. hv. 1. þm. S.-M., og er hún að mestu leyti tóm orðabreyting. Við viljum láta orða þennan lið þannig: „Hvernig samræma megi með atbeina löggjafar launagreiðslur einkafyrirtækja, sem ekki falla undir 2. (undir)tölulið, launagreiðslum ríkisins.

Það er alkunna, að almenningur, sem á við sérstakl. erfið kjör að búa um þessar mundir, lítur stórum augum á launatekjur starfsmanna ríkisins, og þá ekki síður þeirra manna, sem starfa við einkafyrirtæki. Hafi menn trú á, að hægt sé að spara stórfé á launagreiðslum ríkisins, þá er það ekki síður hægt á þessu sviði. Undir þetta svið heyra öll einkafyrirtæki. Menn kannast við, að laun þau, er ríkið greiðir, mega teljast lág samanborið við þau laun, sem einkafyrirtæki greiða eða eigendur þeirra greiða sjálfum sér. Hér er um stórum meiri sparnaðarvonir að ræða en eftir þáltill. Ef einhverjir vildu gera aths. við till. okkar, þá get ég beðið með að fara nánar út í efni hennar þangað til ef mótmæli eða aths. koma fram.

Þorsteinn Þorsteinsson: Við flm. þessarar þáltill. fórum að mestu eftir þáltill. þeirri, sem samþ. var á síðasta þingi, er málið var falið framkvæmd stj. Fyrir mér og öðrum flm. till. vakti að gera ekki verksvið n. þessarar víðtækara en gert er ráð fyrir í till. þeirri, sem vísað var til stj. Með því að auka verksvið n., verða auðvitað störf hennar og starfstími aukin, og um leið vex kostnaðurinn við n.

Ég hefi tekið það fram í flutningsræðu minni fyrri í máli þessu, að heppilegra myndi til árangurs að taka fyrir einn eða tvo gjaldaflokka í einu, eins og gert er í till. vorri, annarsvegar embættismenn og starfsmenn ríkisins og starfsmenn ríkisstofnana og hinsvegar ríkisskipaútgerðina. Nú hafa 2 úr fjhn. komið fram með viðtækari till. í þessa átt, á þskj. 266, og gæti ég eftir atvikum gengið inn á þá till. En um leið er verksvið n. orðið svo vítt, að ekki er á bætandi, ef hún á að geta lokið störfum eins og ráð er fyrir gert og rannsakað málið nógsamlega, án þess þó að verða of dýr. Ég neita því ekki, að rétt sé að rannsaka líka banka og aðrar ríkisstyrktar stofnanir, en þó held ég, að betra væri að bíða með

það, þangað til séð væri, hver verður uppskeran af þessu starfi mþn. á því þrengra sviði, sem henni er sett. Verði þessi uppskera góð, má og á að fela n. að athuga og gera till. um þau mál.

Þó að ég muni greiða atkv. á móti till. hv. 1. þm. S.-M., þá er það ekki af því, að ég sé ósamþykkur því, að þau atriði, sem fyrri liður þeirrar brtt. fjallar um, verði athuguð, heldur geri ég ráð fyrir, að n. fái ekki lokið störfum sínum nógu snemma, ef þau atriði eru tekin með.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég hefi í sambandi við aðrar till., er fram hafa verið bornar, vitnað til þessarar till. um skipun n. til að athuga kjör starfsmanna ríkisins og rekstur ýmsra stofnana í sparnaðar- og samræmingarskyni.

Ég legg þann skilning í þessa till., að ekki eigi að rannsaka, hvernig hægt sé að þjarma sem mest að starfsmönnum ríkisins, heldur eigi að rannsaka hitt fyrst og fremst og gera tillögur um, hvernig eigi að haga störfum svo, að ríkið fái sem mest starf og bezt fyrir launagreiðslur. En það fær áreiðanlega ekki mest í aðra hönd með því að gera mönnum ólíft í þjónustu sinni eða mismuna starfsmönnum stórlega. Þennan skilning legg ég í till., og mæli ég með því, að hún verði samþ. í þessum skilningi.

ATKVGR.
Brtt. 267,1 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 267,2—3 samþ. án atkvgr.
— 151,1—2, svo breytt, samþ. með 11:6 atkv.
— 266 samþ. með 13:2 atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 14:1 atkv.

Á 27. fundi í Nd., 6. des., var till. tekin til síðari umr. (A. 310).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 27. fundi í Ed., s. d., var till. útbýtt eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 310).

Á 28. fundi í Ed., 7. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 29. fundi í Ed., 9. des., var till. tekin til fyrri umr. (A. 310, 361).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 361. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 361,1 felld með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PHerm, BKr, IP, JBald, JónasJ.
nei: MJ, PM, BSn, EE, GL, KS, EÁrna.

JónJ greiddi ekki atkv.

Einn þm. (JónÞ) fjarstaddur.

Brtt. 361,2 samþ. með 9:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PHerm, PM, BKr, EE, GL, IP, JónJ, JónasJ, EÁrna.
nei: KS, MJ, BSn, JBald.

Einn þm. (JónÞ) fjarstaddur.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 8:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 8:1 atkv.

Á 30. fundi í Ed., 9. des., var till. tekin til síðari umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 8 shlj. atkv. og afgr. til Sþ.

Á 14. fundi í Sþ., s. d., var till. útbýtt eins og hún var samþ. við síðari umr. í Ed. (A. 372).

Á sama fundi var till. tekin til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 35 shlj. atkv.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég skal vera fáorður um till. Eins og ég hefi áður minnzt á, hefði ég viljað hafa þessa till. í færri liðum nú, því ég hefi, satt að

segja, litla von um, að n. verði búin í haust að fullgera till. um öll þessi mál, sem henni er falið að undirbúa undir næsta þing. Það, sem ég vil nú leggja áherzlu á, er það, að ef n. virðist svo, að hún fái ekki lokið að fullu störfum sínum fyrir næsta þing, þá leggi hún samt allt kapp á að hafa lokið við till. sínar út af 1. lið till. fyrir þann tíma, láti afgreiðslu hans sitja í fyrirrúmi. Veit ég, að það er vilji allra vor flm. aðaltill. og margra annara hv. þm., og ég geri ráð fyrir, að flestir hv. þm. séu því meðmæltir. Er og nauðsynlegt, að ákvörðun um þau atriði, er þar undir teljast, verði gerð á næsta þingi, og því máli ekki slegið á frest, vegna þess hversu verksvið n. var víkkað, og það sannist ekki, sem suma hefir grunað, að síðari liðirnir verði til þess, að þeir af starfsmönnum ríkisins, sem hlutfallslega hafa haft hæst laun, fái að njóta þeirra miklu lengur en skyldi.

Jónas Jónsson: Ég mun heldur ekki lengja umr. En út af því, sem hv. þm. Dal. sagði, þá er það augljóst, að hv. þm. hefir ekki skilið málið nógu vel, ef hann heldur, að það sé nóg lausn á þessu máli að fást aðeins við 1. lið till. Hv. þm. ætti að vera það kunnugt, að launagreiðslur til þeirra, er um getur í 3. lið, eru langhæstar. Það er sá liður og samkeppni einstaklingsfyrirtækja, sem erfiðast gerir fyrir um að leysa 1. lið till. Þegar launagreiðslur hjá einkafyrirtækjum og stofnunum, jafnvel þeim, sem eru styrktar af ríkinu, nema tugum og jafnvel fleiri tugum þúsunda, þá er sjáanlegt, að erfitt verður að þrýsta niður launum þeirra, sem taldir eru í 1. lið. Ég vil því algerlega mótmæla till. hv. þm. Dal. um að n. vanræki hina liðina.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég vil taka það fram, og það hefi ég gert áður hér, að ég ætlast ekki til þess, að hinir liðirnir verði vanræktir. En ég vil aðeins, að 1. liðurinn gangi fyrir, ef n. vinnst ekki tími til að ljúka við verkefni till.

ATKVGR.

Till. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 382).

Þingsályktun um skipun nefndar.

Stjórnarskrárnefnd.

Á 4. fundi í Ed., 9. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um skipun stjórnarskrárnefndar (A. 8).

Á sama fundi var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 5. fundi í Ed., s. d., var till. tekin til einnar umr.
Of skammt var liðið frá því er umr. var ákveðin. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Flm. (Jón Þorláksson): Till. þessi er flutt til þess að gera tilraun til að flýta fyrir störfum þingsins, með því að gera það mögulegt að vinna að stjskrfrv. og kosningalagafrv. hér í d. á meðan þau frv. eru enn til meðferðar í Nd., svo að það geti tekið styttri tíma að afgr. frv. hér í deildinni eftir að þau eru komin til okkar.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

NEFNDARKOSNING.
Samkv. till. fór síðan fram kosning á stjskrn. Hlutfallskosning var viðhöfð, og komu fram 3 listar, A-listi, með nöfnunum BKr, IP, B-listi, með nöfnunum JónÞ, PM, og C-listi, með nafninu JBald. Þar sem ekki var stungið upp á fleiri mönnum en kjósa átti í n., fór kosning fram án atkvgr., og varð nefndin svo skipuð:
Jón Þorláksson,
Björn Kristjánsson,
Pétur Magnússon,
Ingvar Pálmason,
Jón Baldvinsson.

Þingsályktunartillögur felldar.

1. Endurgreiðsla á skemmtanaskatti.

Á 16. fundi í Ed., 22. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að veita leikfélögum Reykjavíkur, Akureyrar og Ísafjarðar undanþágu frá skemmtanaskatti (A. 103).

Á 17. fundi í Ed., 23. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 18. fundi í Ed., 24. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Ed., 27. nóv., var till. aftur tekin til fyrri umr. (A. 103, 133).

Flm. (Guðrún Lárusdóttir): Það tókst svo illa til um orðalag till., að ég varð að bera fram við hana þá brtt., sem liggur hér fyrir, og bið ég hv. d. að lesa hana inn í málið.

Hv. þdm. eru svo kunnugir öllum málavöxtum viðvíkjandi leikíþrótt og leikfélögum landsins, að ég tel óþarft að fjölyrða um það. Get ég að mestu leyti látið grg. nægja. Mönnum er það yfirleitt ljóst, að fátækum félögum verður örðugt að standa í skilum og halda uppi kostnaðarsömu starfi, sem talsverðar kröfur eru gerðar til, svo framarlega sem starfið á að koma að tilætluðum notum, sem er að glæða menningarhugsun þjóðarinnar með því að veita mönnum göfgandi og menntandi skemmtanir.

Menn getur auðvitað greint á um það, hvort leikfélögum landsins hafi tekizt þetta, eða að hve miklu leyti þeim hafi tekizt það, en um hitt geta víst allir orðið sammála, að þrátt fyrir erfiða aðstöðu, hafa þau gert heiðarlegar tilraunir til þess oft og einatt, og stundum með góðum árangri. Í hópi íslenzkra leikenda hafa menn og konur komið fram á sjónarsviðið, sem sýndu á sér fullkominn listamannsbrag; sem báru það með sér, að vera gæddir meðfæddum hæfileikum leiklistar. Þeim, sem horft hafa á leiklist slíkra manna, blandast ekki hugur um það, að leikíþróttin ræður yfir áhrifavaldi, sem getur, þegar vel er á haldið, betrað og fegrað hugsunarhátt manna, enda er það sameiginlegt álit allra siðmenntaðra þjóða, og allar styðja þær meira og minna að leikmenntinni og vanda til hennar eftir föngum. Vor eigin þjóð hefir einnig gert þetta. Það þarf ekki annað en að benda á þjóðleikhússbygginguna hérna til þess að sjá vott þess áhuga, sem borinn hefir verið fyrir þessu málefni. Og þótt segja megi að vísu, að þar hafi menn reist sér hurðarás um öxl hvað kostnað snertir, þá orkar hitt ekki tvímælis, að það eru ekki áhugalausir menn, sem hafa staðið að slíkri framkvæmd.

Ríkis- og bæjarsjóðir hafa og viðurkennt störf leikfélaganna með fjárframlögum. Þetta sýnir, að áhuginn er til og löngun þess að styðja þessa íþrótt með því að hlynna að framtaki þeirra manna, sem bundizt hafa félagsskap til þess að halda uppi leiksýningum fyrir almenning. Að það sé ekki gert í fjáröflunarskyni, sést bezt á því, að íslenzkir leikarar eru allir fátækir menn, sem eingöngu þjóna listinni af áhuga fyrir listinni sjálfri.

Starfsemi leikfélaga er yfirleitt kostnaðarsöm. Hversu smár leikur sem er kostar hér í uppsetningu minnst 2000 kr. Stærri og umfangsmeiri leikrit kosta miklu meira. Allan þennan kostnað, fyrir utan þann kostnað, sem þess utan kemur til greina, verður að leggja á aðgöngumiðana, og verði þeir svo dýrir, að fólkið hiki við að kaupa þá, dregur úr aðsókninni, og þá verður halli á rekstrinum, og þann halla þola félögin ekki til lengdar. Slíkar fjárhagskröggur draga eðlilega úr starfinu og lama áhuga þeirra manna, sem bera hér hita og þunga dagsins. Rekur þá brátt að því, að störfin leggjast niður að meira eða minna leyti, eða félögin neyðast til þess að afla sér fjár með óvönduðum og miður heppilegum leikritum, sem í sjálfu sér kunna að vera meinlaus, en eru þó um leið gagnslaus til þess, sem fyrst og fremst á að vera takmark sannrar leikmenntar.

Það, sem er farið hér fram á, er að heimila hæstv. ríkisstj. að endurgreiða þeim þrem leikfélögum landsins, er notið hafa opinbers styrks úr ríkissjóði og bæjarsjóðum, skemmtanaskatt þann, er þeim ber að lögum að greiða, — endurgreiða hann um stundarsakir, eða á meðan hann rennur ekki til fyrirhugaðs þjóðleikhúss.

Ég veit, að hv. þm. sjá, að hér er um ekkert stórfé að ræða. Styrkur ríkissjóðs til Leikfél. Rvíkur hefir verið 6000 kr., en hefir í fjárlögum 1934 verið lækkaður í 4000 kr. Skatturinn mun aftur vera áætlaður hjá sama félagi þetta yfirstandandi leikár 3000 kr. Er því raunverulegur styrkur félagsins frá ríkinu einar þúsund krónur. Sami skattur hjá Leikfél. Akureyrar mun láta nærri að verði 400—600 kr., ef sæmilega gengur. Annars hefir illa árað hjá því félagi tvö undanfarin leikár. Það hefir 1000 kr. styrk úr ríkissjóði, gegn 500 kr. styrk úr bæjarsjóði.

Á Ísafirði mun vera líkt ástatt. Þar starfar leikfélag við mjög þröngan húsakost og varð m. a. fyrir því óhappi, er hús það brann, er félagið hafði sýningar í, að missa mikið af áhöldum sínum í brunanum. Til þess að koma sér upp nýjum tækjum varði félagið auðvitað miklu fé. Leikfélag Ísafjarðar nýtur 600 kr. styrks úr ríkissjóði, gegn 300 kr. styrk úr bæjarsjóði. Bæði þessi félög, þótt smá séu, hafa samt sem áður lagt drjúgan skerf til leikmenntar landsins, þar sem úr þeirra hópi hafa komið fram færir leikarar. Dvelur nú t. d. ein leikkona frá Akureyri við konunglega leikhúsið í Kaupmannahöfn.

Ég ætla þá ekki að orðlengja um þetta frekar. Ég veit, að með sanni má segja, að þeir tímar, er vér lifum á, séu örðugir alvörutímar og útheimti annað frekar heldur en leiki og skemmtanir. En er það þó svo mjög mikill óþarfi að stuðla ofurlítið til þess að gefa fólkinu við og við kost á þroskandi og hressandi ánægjustundum? Þjóðverjar segja: „Leikhúsið er eini háskóli almenningsins". Þar er auðvitað átt við fullkomin leikhús og fullkomna leiklist, en hvers getum vér krafizt af leikfélögum vorum í þeim efnum, ef fjárskortur þrengir eins að þeim framvegis og nú á sér stað.

Ég vona, að hv. þm. verði vel við þessari fjárbeiðni leikfélögunum til handa. — Læt ég þá útrætt um þetta að sinni. Ég óska þess, að till. verði vísað til fjárhagsnefndar.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Frá því að skemmtanaskatturinn var látinn falla til ríkissjóðs, 1. júlí 1932, hefir verið höfð sú regla, að veita engar undanþágur frá skemmtanaskatti. Frá þessum tíma hefir því verið greiddur skemmtanaskattur af öllum leiksýningum. En síðan sú breyt. var gerð, hækkaði skemmtanaskattur úr 10% upp í 18%, en þó voru leiksýningar undanþegnar hækkuninni. Leikhúsin njóta því nú þegar nokkurrar ívilnunar, því að þau greiða nú ekki nema rúman helming í skatt á við það, sem lagt er á flestar aðrar skemmtanir. Stj. ætlaðist til, að við þetta skyldi sitja, og að ekki yrði notuð sú heimild, sem felst í 3. gr. skemmtanaskattslaganna, til að veita algerða undanþágu frá skemmtanaskatti. Hér er að vísu ekki um mikla fjárhæð að ræða, og jafnframt hefir leiklistin menningargildi, en mér er þó skylt á þessu stutta þingi að leggjast frekar á móti öllum till., sem rýra tekjur ríkissjóðs, og öllum þeim till., sem auka stórlega útgjöld ríkissjóðs.

Flm. (Guðrún Lárusdóttir): Ég skal fúslega viðurkenna, að leikfélögin hafa notið góðs í þessu efni, þar sem þau hafa sloppið léttara en aðrir við þennan skatt. En þess ber að gæta, að þessi félög standa á öðru sviði en venjuleg skemmtifélög, eins og hæstv. fjmrh. tók fram, því að þetta eru félög, sem hafa með höndum menningarstarfsemi fyrir þjóðina. En þótt þau hafi notið þess að sleppa við viðbótarskattinn, þá eru þau illa stödd fjárhagslega eigi að síður og mundi muna afarmikið um það, ef þau gætu líka sloppið við þann skatt, sem þau greiða nú, á meðan skatturinn rennur ekki til þjóðleikhússins. Og af því að þetta er svo mikið smámál og munar svo litlu fjárhagslega fyrir ríkissjóð, þá þykir mér líklegt, að hv. dm. vilji greiða fyrir því.

Ég skil það vel, að hæstv. fjmrh. hlaut að taka svona í strenginn, en hann hlýtur þá að gera það í fleiri málum, því að hér rignir nú niður allskonar tilmælum um aukin útgjöld ríkissjóðs, og þessi till. er eins og kækiber í ámu hjá öllum þeim risavöxnu tillögum.

Jónas Jónsson: Ég vil ekki mæla á móti þessari till. hv. flm., en ég hefi hugsað mér, ef hún fer til n., að bera fram brtt. við hana. Það er rétt, að leikfélögin eiga nú við örðug kjör að búa, og forstjórn hjá þeim ekki alltaf eins góð og átt hefði að vera. Hér í Rvík var leikfélagið mjög illa statt, en þá fól það Haraldi Björnssyni forstöðu félagsins, og á þessum þremur árum tókst honum að minnka skuldir félagsins úr 20 þús. niður í 10 þús. En þá er gerður samblástur á móti þessum lærðasta leikara og duglegasta manni félagsins og hann ekki lengur látinn hafa forstöðu félagsins, heldur aðrir menn, sem ekki er vitað, að sé neitt öðrum fremur treystandi til að fara með þessi mál. Ég hefi því hugsað mér, að ef þessi till. yrði samþ., þá væri Haraldi Björnssyni falin endurskoðun á fjárhag þessara félaga, og þá fyrst og fremst hjá Leikfélagi Rvíkur, því að Haraldur er sá maður, sem hefir til að bera mikla þekkingu í leikmenntun og hefir þar að auki sýnt, að hann kann vel að fara með fjárstjórn félagsins.

Með því að ég lít svo á, að hér á landi eigi um langan tíma að vera leikflokkur eins og sá, sem nú starfar, en ekki leikarar, sem séu launaðir af því opinbera, þá er frá mínu sjónarmiði nauðsynlegt, að Leikfélagi Rvíkur, sem á að fá aðgang að hinu nýja leikhúsi, verði stjórnað vel í öllum þess fjármálum. Ég þykist vita, að hv. flm. hafi ekki á móti því, að svona sjálfsögð brtt. verði samþ. Sé ég svo ekki ástæðu til að ræða málið frekar, nema sérstakt tilefni gefist til.

Flm. (Guðrún Lárusdóttir): Hv. 4. landsk. gerði fjármálaástand leikfélagsins að umtalsefni. Virtist mér hann komast þar að þeirri niðurstöðu, að myndaður hafi verið samblástur gegn þeim mæta manni, leikaranum Haraldi Björnssyni. Mér er ekki kunnugt um þann samblástur, en hitt er mér kunnugt um, að myndað var ábyrgðarmannafélag, sem tók að sér stjórn og rekstur félagsins. Formaður var þar Haraldur Björnsson. Gjaldkeri var Ólafur Þorgrímsson, framkvæmdarstjóri Lárus Sigurbjörnsson. Aðrir menn í stjórninni voru þeir Friðfinnur Guðjónsson, Brynjólfur Jóhannesson og Indriði Waage. Skuldir félagsins voru 23 þús., er þeir tóku við því, en þeim tókst að lækka þær niður í 11 þús. Það verður ekki sagt, að Haraldur Björnsson hafi einn velt þessu stóra hlassi, að minnka skuldirnar um meira en helming á þrem árum. Það er gjaldkerinn, sem í þessu félagi eins og öðrum hefir mest með fjárstjórnina að gera, og það mun vera Ólafur Þorgrímsson, sem hér á sinn stóra þátt í, að fjárhagur félagsins batnaði svo mjög á svo tiltölulega stuttum tíma, sem raun ber vitni um.

Ég vil svo halda mér við mína upprunalegu till., að heimila stj. að endurgreiða leikfélögunum þennan skatt.

ATKVGR.

Till. vísað til fjhn. með 10 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 26. fundi í Ed., 5. des., var fram haldið fyrri umr. um till. (A. 103, 133, 244, n. 268, 269).

Frsm. (Jón Þorláksson): N. hefir athugað það, að þær upphæðir, sem hér

er um að ræða, virðast vera að því er snertir Leikfélag Rvíkur um 3000 kr. á ári, en hvað snertir hin félögin ýmist mjög óverulegar eða engar eins og nú standa sakir. Leikfélag Ísafjarðar virðist ekki hafa starfað um hríð að undanförnu, og frá Leikfélagi Akureyrar virðast hafa komið eitthvað innan við 200 kr. á ári.

Þegar þessi skemmtanaskattur var lagður á í þeirri mynd, sem hann eiginlega er í nú, — því það, að hann rennur í ríkissjóð, er aðeins bráðabirgðaákvæði —, þá var svo til ætlazt, að aðrar tegundir skemmtana, og þá einkum kvikmyndasýningar og annar léttari og útgengilegri varningur á þessu sviði, yrðu skattlagðar til þess að bæta skilyrðin fyrir hina innlendu leiklist. Það var því svo ákveðið, að skemmtanaskatturinn gengi fyrst um sinn til byggingar þjóðleikhússins. Nú hefir þetta snúizt við í framkvæmdinni sem stendur, þannig að sá vísir til innlendrar leiklistar, sem hér er og sem verður að geta haldið áfram að lifa, ef annars á að vera nokkur meining í þessari þjóðleikhúsbyggingu, er skattlagður með sérskatti til hagsmuna fyrir ríkissjóð. N. sýnist full ástæða til að kippa þessu í lag, þannig að meðan verið er að bíða eftir því, að fjárhagsgeta landsins leyfi það, að haldið sé áfram byggingu þjóðleikhússins, þá séu þó ekki lagðar sérstakar byrðar á þann vísi til innlendrar leiklistar, sem er óhjákvæmilegt skilyrði fyrir því, að þjóðleikhúsið verði nokkurntíma að nokkrum notum. Auk þess er á það að minnast, að þessari leiklist er nú lagður styrkur af opinberu fé, bæði ríkissjóði og bæjarsjóðum, og það getur a. m. k. ekki talizt sanngjarnt gagnvart framlögum bæjarsjóðs, að ríkissjóður taki aftur með annari hendinni að miklu leyti þann styrk, sem hann veitir leiklistinni með hinni.

Ég hefði nú fyrir mitt leyti helzt viljað vera laus við það á þessu aukaþingi að samþ. till., sem eru fjárveitingaeðlis, en mér finnst samt, að um þetta atriði standi svo sérstaklega á, að ekki sé forsvaranlegt annað en afgreiða þetta mál eins og farið er fram á, úr því það á annað borð kom fram.

Guðrún Lárusdóttir: Ég get verið hv. fjhn. þakklát fyrir hennar vinsamlegu undirtektir við þessa þáltill., því ég vonast til, að fyrirvarinn fyrir undirskrift hv. 2. landsk. þýði ekki það, að hann vilji á nokkurn hátt bregða fæti fyrir þetta smámál.

Ég hefi hér leyft mér að bera fram ofurlitla brtt. fyrir tilmæli leikfélagsins í Vestmannaeyjum, um að það félag megi einnig verða aðnjótandi þeirrar ívilnunar, sem hér er um að ræða. Þar eru sömu ástæður fyrir hendi og hjá hinum leikfélögunum, fátækt og féleysi annarsvegar, en hinsvegar viðleitni til að halda uppi ofurlítilli leiklist. Bæjarsjóður Vestmannaeyja hefir styrkt þetta félag eitthvað, og er það þó ofurlítil viðurkenning á starfi þess. Ég vil því mælast til þess, að hv. d. sjái sér fært að samþ. einnig þessa brtt.

Ég hafði búizt við, að hv. 4. landsk. mundi gera grein fyrir brtt. sinni áður en ég tæki til máls, en hann var þá ekki staddur í d. og hæstv. forseti lýsti yfir, að umr. væri lokið, svo ég þorði ekki annað en kveðja mér hljóðs, svo að umr. féllu ekki niður, til þess að gera aths. við þessa brtt. hv. 4. landsk. Um hana er það í stuttu máli að segja, að hún fer fram á að stofna nýtt embætti í sambandi við leikstarfsemina hér í bæ. Ég get ekki séð, að leikfélagið hafi frekar skyldum að gegna gagnvart þeim manni, sem á að stofna þetta embætti fyrir, heldur en öðrum félögum sínum, sem árum saman hafa starfað þar vel og dyggilega. Er mjög varhugavert, ef Alþ. fer að hlaða undir einstaka menn innan félagsskaparins, og ég held, að það gæti dregið óþægilegan dilk á eftir sér. Alþ. hefir nú þegar veitt sérstakri konu úr þessu félagi sérstakan styrk til leiksýninga. Ef svona er haldið áfram, getur það leitt til þess, að ýmsir fleiri úr leikfélaginu, sem starfað hafa vel og lengi fyrir leiklistina, fari að leita eftir því að þingið veiti þeim þannig sérstök laun eða krefjist þess, að leikfélagið fari fram á aukinn styrk handa þeim.

Það hafa þegar að undanförnu legið talsverðar kvaðir á Leikfélagi Rvíkur. T. d. kvöðin um alþýðusýningar, sem var skilyrði fyrir styrknum frá bæjarfélaginu. Þeirri kvöð var þó létt af þegar bær-

inn lækkaði styrkinn um helming, úr 6 þús. kr. niður í 3 þús. kr. Ríkissjóðsstyrknum, sem félagið nýtur á þessu ári, fylgir sú kvöð frá nýári, að menntamálaráðið á að leggja dóm á þau leikrit, sem leikin verða, eða vera einskonar kritiskur endurskoðandi á leikfélaginu. Og ef þessi brtt. hv. 4. landsk. á að þýða það, að vissum manni, sem hann tilgreinir, sé falið á hendur að kritisera leikritin eða segja til um þau, þá finnst mér, að ákvæðið um menntamálaráðseftirlitið fari að verða nokkuð óþarft, eða a. m. k. annað af tvennu megi missa sig. Ég sé enga ástæðu til að vera að setja mann til höfuðs menntamálaráðinu; ég held, að eftirlit þess ætti að vera nægileg trygging fyrir, að leikfélagið vandi sig og taki ekki til sýningar nema góð leikrit. Eigi það hinsvegar að vera hlutverk þessa manns, eins og till. bendir einnig til, að líta eftir fjárhagslegum rekstri félagsins, þá finnst mér það einnig með öllu óþarft, þegar þess er gætt, að viðurkenndir endurskoðendur hafa verið látnir endurskoða reikninga félagsins og munu verða látnir gera það eins framvegis.

Þá virðist mér einnig einkennilegt að binda þessa brtt. einungis við Leikfélag Rvíkur, að gera það að skilyrði, að þar sé settur sérstakur maður á laun til eftirlits, auk hinna löggiltu endurskoðenda, eða einskonar rekstrarstjóri við hlið framkvæmdarstjórnarinnar, auk íhlutunar menntamálaráðsins, sem ég hlýt að leggja mesta áherzlu á.

Ennfremur er það að athuga, að í brtt. kemur ekkert fram um, hvað há laun er ætlað að greiða þessum manni fyrir þetta tvíþætta starf. Og þar sem engin slík staða mun vera til sérlaunuð, hvorki við leikstarfsemi hér eða annarsstaðar, og þess vegna ekkert til samanburðar í þessu efni, þá verður varla hjá því komizt að áætla launaupphæðina með hliðsjón af þeim launum, sem þessum manni hafa verið greidd af leikfélaginu til þessa, bæði sem leikanda og forustumanni. Fyrir þremur árum höfðu leikendurnir í hæsta lagi 25 kr. fyrir leikkvöldið, og fyrir leiðbeiningu voru einnig greiddar 25 kr. Þegar Haraldur Björnsson tók við stjórn leikfélagsins og gerðist aðalleiðbeinandi þess, þá var kaupið hækkað eftir hans eigin kröfu upp í 75 kr. á leikkvöld, þ. e. 50 kr. fyrir leiðbeininguna og 25 kr. fyrir að leika. Og jafnvel þetta kaup, sem sýndist þó vera nokkuð hátt, var ennþá hækkað, sömuleiðis eftir hans eigin kröfum, því hann vildi einnig fá laun fyrir að vera formaður félagsins, en fyrir það hafði enginn fengið laun áður. Með þessu móti hefði kaupið komizt upp í 90 kr. á leikkvöldi. Þar sem svona reynsla er fengin af launakröfum þessa manns, þá er ástæða til að ætla, að það yrði ekkert smáræði, sem hann vildi hafa fyrir þetta tvöfalda starf, sem hér er ráðgert, og má búast við, að það yrði leikfélaginu um megn að standa straum af því; í öllu falli yrði leikfélaginu þá ekki kleift að fara þá leið, sem það hefir ætlað sér, að lækka til muna verð á aðgöngumiðum, til þess að almenningi gefist frekar kostur á að njóta þess, sem þar er boðið fram. Og á það verður að leggja áherzlu, svo framarlega sem maður vill stuðla að því, að leiklistin geti notið sín í landinu.

Ég tel með öllu óhæfilegt að samþ. slíka brtt., bæði frá því sjónarmiði, sem ég hefi nú bent á, og eins af því, að ég tel ófært, að Alþingi fari að hlutast til um það, hvernig „privat“ félög, þó þau njóti framlags úr ríkissjóði, hagi sínum innanhússtörfum. Ég vonast því fastlega til, að hv. dm. sjái sér fært að fella þessa till., en hinsvegar sjái sér fært að stuðla að viðgangi félagsins með því að gefa stj. þessa heimild, sem farið er fram á með þáltill.

Jónas Jónsson: Ég er þakklátur hv. síðasta ræðumanni fyrir að flytja þessa skynsamlegu till., sem ekki þarf nema að bæta dálitlu við til þess að verði góð, og taka orðið áðan til þess að ekki slitnuðu umr.

Ég álít eins og hv. frsm. og hv. flm., að leikfélögin í þessum kaupstöðum eigi nógu erfitt, þó þeim sé ekki skipað að greiða almennan skatt af leiksýningum sínum. En það, sem ég vakti eftirtekt á, þegar fyrst var talað um þetta mál, var það, að það hefði gengið ýmislegt upp og niður hjá leikfélaginu.

Ég vil fyrst spyrja hv. flm., af því að ég veit, að hann stendur nærri leiðandi mönnum í félaginu, hvernig stendur á

því, að það hefir neitað að auglýsa í einu dagblaði bæjarins. Það er eitt flokksblað hér í bænum, sem hefir orðið fyrir þessum árásum af nazistum og glæpamönnum í sambandi við þá. Það lítur út fyrir, að leikfélagið sé á valdi nazistanna hér í bænum og í einhverju sambandi við hótunarbréfin. Annars vil ég spyrja hv. flm. að því, hvort þm. haldi, að leikfélaginu verði það til framdráttar að gera þannig upp á milli hinna pólitísku flokka í bænum, að vilja einungis auglýsa fyrir íhaldsmenn. Hvað er þá eðlilegra en það, að þeir flokkar, sem leikfélagið ekki kærir sig um að kalla til, segi, að þá verði leikfélagið að lifa á náð þessara vissu flokka og þeir verði að halda því uppi sem flokksfyrirtæki.

Ég álít ekki, að þessi nýja stefna leikfélagsins skaði blöðin, sem fyrir því verða, en það er víst, að leikfélaginu verður ekki lengi látið haldast þetta uppi. Annaðhvort verður það að vera hlutlaust í pólitík eða að það verður að fá aðhald frá pólitískum flokkum. En þar sem hv. þm. mætti teljast móðir leikfélagsins eins og stendur, þá mætti kannske fá upplýsingar um þetta hjá þm. Þetta er smámál nema að því leyti, sem heimskan og illgirnin er nokkurs virði, sem lýsing á þeim mönnum, er þarna eiga hlut að máli.

En það er annað, sem miklu máli skiptir fyrir leikfélagið, og það er það, að áður en Haraldur Björnsson tók við, voru eilífar byltingar í félaginu og það hafði safnað allverulegum skuldum og engar líkur voru til, að það gæti haldið áfram starfsemi sinni. Það er vitanlegt, að síðan Haraldur Björnsson tók við félaginu, er kominn allt annar blær á fjárreiðurnar, vegna þess að honum er sýnt um slíka hluti. Hv. þm. (GL) ætti að spyrjast betur fyrir um það, hvernig var innra ástand félagsins í fyrra vetur; þá gæti þm. kannske sannfærzt um, að það var fullkomin þörf á því, að Haraldur Björnsson tæki í taumana og leiðrétti alla þá óreglu, sem þar var. Ef hv. þm. veit ekkert um þetta, þá ætti þm. að spyrjast fyrir um það hjá þeim mönnum, sem þar um fjölluðu. Þá getur hv. þm. e. t. v. skilið, hvers vegna þeir þm., sem vita, hvað Haraldur Björnsson hefir gert til þess að kippa ástandi félagsins í lag, sjái ekki ástæðu til að ausa peningum í félagið, nema trygging sé fyrir því, að fjármálunum sé skynsamlega stjórnað.

Nú er mér sagt, að af þeim tveim leikritum, sem félagið hefir sýnt í vetur, hafi verið verulegur tekjuhalli. Það kemur vitanlega af því, að af einhverjum persónulegum ástæðum hefir verið hallazt að því að kasta þeim manni, sem undanfarin ár hefir haft á hendi leikstjórn og umsjón með fjármálunum, og teknir í staðinn tveir viðvaningar. Annar þeirra leikur aldrei, og ekki vitanlegt að hafi neitt vit á slíkum hlutum, en hinn leikur stundum, og þá vanalega illa.

Þar sem þessi forstaða er á félaginu, er fullkomin ástæða til að benda félaginu á, að svona getur það ekki gengið lengur. Um leið og félagið fer fram á aukin hlunnindi, bægir það frá sér kröftum, sem það á völ á, ekki einasta þessum krafti, heldur er mér sagt, að í vetur hafi það átt kost á þekktum hæfileikamanni, sem kom frá annari heimsálfu, en fyrir innri heimilisástæður var honum hafnað. Það liggur því í tíll. ekki annað en bein ósk um það, að svo framarlega sem félagið á að fá aukin hlunnindi, þá fái það aukið eftirlit, til þess að þessum málum verði sem bezt borgið.

Hvað viðvíkur launagreiðslum til Haralds Björnssonar, þá get ég ekkert sagt um það. Ég hefi ekkert sett mig inn í það. En hitt veit ég, að félagið blómgaðist vel meðan hann stjórnaði því. En í till. er það tekið fram, að stj. skuli því aðeins skipa þennan mann, að um semjist um kaupgjaldið.

Hvað viðvíkur endurskoðuninni, þá er það fyrir misskilning hjá hv. þm., þegar hann heldur, að það sé sama, hver endurskoðandinn sé. Það er vitanlegt, að venjulegir endurskoðendur geta mjög lítið um það dæmt, hvort hægt sé að leggja út í kostnað við leiksýningar. Það getur ekki nema kunnugur maður. Þess vegna er hér farið fram á, að þetta sé maður, sem bæði hefir vit á fjármálum og því, hvernig störfum félagsins er fyrir komið.

Að öllu þessu athuguðu álít ég það rétt og eðlilegt að samþ. þessa viðbótartill.

Frsm. (Jón Þorláksson): Ég vil aðeins segja það út af till. hv. 4. landsk., fyrst

og fremst fyrir mig og ég held fyrir hönd meiri hl. n., að ég álít fjarstæðu, að þingið fari að blanda sér inn í það, sem kalla mætti persónuleg ágreiningsmál innan leikfélagsins, með því að binda gerðir sínar við nöfn einstakra manna. Ég játa það, að leikfélaginu í Rvík, eins og öðrum leikfélögum, hefir mistekizt um eitt og annað, en reynslan er beztur prófsteinninn þar á. Og það er ekki hætt við öðru en að þetta fyrirtæki eins og önnur læri af reynslunni á hverjum tíma og lagfæri það, sem kann að hafa mistekizt, en það verður sennilega ekki til umbóta, þó með atkvgr. á þingi séu heimtuð einhver viss nöfn í eina eða aðra stöðu innan þessara fyrirtækja. Ég fyrir mitt leyti álít það hreina fjarstæðu að bera slíka till. fram á þingi.

Guðrún Lárusdóttir: Ég ætla aðeins að leiðrétta misskilning, sem fram kom hjá hv. 4. landsk. um það, að leikfélagið hér starfi pólitískt og geri upp á milli blaða af pólitískum ástæðum, þar sem hann talaði um, að félagið hefði ekki viljað auglýsa í Nýja dagblaðinu. Það á sína einu orsök, sem er sú, að leikfélagið vill ekki eyða meiru í auglýsingar en brýnasta þörf krefur. Blaðið Heimdallur hefir einnig farið fram á, að leikfélagið auglýsti í því blaði, en það fekk sama svar. Ég sé því ekki annað en að þetta vegi salt milli þessara blaða. Og ég vona, að öllum skiljist það, að leikfélagsstarfsemin er svo ópólitískt starf sem frekast getur verið.

Hvernig svo sem hv. þm. tekst að útmála „illgirni“ og „heimsku“ þessara manna, sem hlut eiga að máli, þá læt ég mér það í léttu rúmi liggja. Þesshättar orðbragð óprýðir engan annan en sjálfan hann, hv. 4. landsk.

Hv. þm. sagði, að í stað Haralds Björnssonar hefðu komið 2 viðvaningar og annar þeirra léki aldrei, en hinn illa. Ég held nú, að þessi ummæli stafi af pólitískri óvild og engu öðru.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. minntist á Ragnar Kvaran, þá get ég upplýst það, að honum var boðin leikforusta, en hann hirti ekki um að taka hana að sér að svo stöddu.

Hvað viðvíkur óreiðunum á fjármálunum, sem hv. þm. talaði mikið um og sem mér skildist, að Haraldur Björnsson hefði allt átt að laga, þá veit ég, að það var ekki hann, sem það hefir gert. Því hann hefir aðallega haft með höndum leikstjórn leikfélagsins, en ekki fjármál þess í venjulegum skilningi, en það er sitthvað, eins og gefur að skilja, og þótt einhver maður, hvort sem hann heitir Haraldur Björnsson eða eitthvað annað, væri snillingur í leikstjórn, gæti hann sem bezt verið klaufi í fjármálum.

Jón Baldvinsson: Ég hefi skrifað undir þetta mál með fyrirvara, og hann er í því fólginn, að ég tel, að þegar farið verður að leysa undan l., sem voru samþ. á síðasta þingi um það að draga ýmsar tekjur, sem ætlaðar voru sérstökum fyrirtækjum, til ríkissjóðs, þá séu það ýmsar stofnanir, og þá sérstaklega ein, sem ætti að ganga á undan áður en farið verður að gefa leikfélaginu eftir skemmtanaskatt eða endurgreiða.

Jónas Jónsson: Hv. 5. landsk. hefir nú komið með sínar varnir, og þær voru ekki veigamiklar. Það er játað af hv. þm., að leikfélagið hafi neitað að auglýsa í einu dagblaði bæjarins. (GL: Tveimur). Nei, einu. Hv. þm. gætir þess ekki, að það blað, sem hann ber hér saman við Nýja dagblaðið, er ómerkilegur snepill, sem kemur út einu sinni í viku. Ég vil segja hv. þm. það, að þetta er skoðað af öllum, sem til þekkja, sem angi af því nazistaæði, sem er í bænum, og því verður náttúrlega svarað á viðeigandi hátt af þeim, sem fyrir þessu verða.

Það getur skeð, að það borgi sig fyrir leikfélagið að segja við einn pólitískan flokk í landinu: Við kærum okkur ekki um ykkur, viljum ykkur ekki sem okkar gesti og ekki sem okkar stuðningsmenn. Þá er ekkert við þessu að segja; þá er þetta stríð.

Út af orðum hv. 1. landsk. um það, að óviðeigandi sé að setja eftirlit á félög, þá vil ég taka það fram, að það er ákaflega óviðeigandi, að ekki skuli vera neitt eftirlit með félögum, eins og t. d. Eimskipafélaginu, þar sem hv. þm. sjálfur er í stjórn og þar sem margt hefir verið framkvæmt þess eðlis, að það getur verið

álitamál, hvort ekki hefði verið þörf á, að þingið liti betur eftir í þeim efnum. Þetta liggur náttúrlega ekki fyrir nú, en ég vildi aðeins benda hv. þm. á, að það er langt frá því, að slíkt eftirlit sé of víða.

Frsm. (Jón Þorláksson): Ég hefi ekki neitt á móti því að hafa eftirlit með þeim stofnunum, sem njóta framlags úr ríkissjóði. En ég held því fast fram, að það verði að vera stj., sem er á hverjum tíma, sem setur reglur um það, hvernig því eftirliti er hagað, en ég álít það fjarstæðu, að þingið fari að sletta sér í það að fyrirskipa einhverja menn til slíkra eftirlitsstarfa.

Annars var það vindhögg, sem hv. þm. reiddi að Eimskipafélaginu í þetta sinn, því það eru mörg ár síðan ég fór úr stj. Eimskipafélagsins. En það sýnir aðeins hugarþelið, að hv. þm. skyldi einmitt velja Eimskipafélagið að árásarefni.

ATKVGR.

Brtt. 244 samþ. með 8 shlj. atkv.
— 269 felld með 7:1 atkv.
— 133,1 samþ. með 8:1 atkv.
— 133,2 samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. felld frá síðari umr. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: GL, JónÞ, KS, MJ, BSn, EE.
nei: IP, JBald, JónJ, JónasJ, PHerm, PM, BKr, EÁrna.

2. Templaralóðin í Reykjavík o. fl.

Á 8. fundi í Nd., 13. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um kaup á húsi og lóð góðtemplara í Reykjavík (A. 24).

Á 9. fundi í Nd., 14. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 10. fundi í Nd., 15. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Pétur Halldórsson) [óyfirl.]: Hv. þdm. mun vera það kunnugt frá síðari þingum, að um skeið var uppi deila um það, hversu hagaði til um eignarrétt á góðtemplaralóðinni. Sagan er í stuttu máli sú, að 1887, þegar mælt er út land, sem þá var nokkur hluti Reykjavíkurtjarnar, var það gert með því skilyrði, að ef Alþingi þyrfti á að halda, félli það aftur til ríkisins. Þessu skilyrði vildu góðtemplarar ekki sæta, og fór því fram skilyrðislaus útmæling og lóðin var skoðuð sem kvaðalaus eign reglunnar. En þegar byggingarnefnd kemur á staðinn, lætur hún bóka, að hún hafi mælt út lóðina með sömu skilyrðum og í fyrstu.

Síðan er þessu máli ekki veitt athygli um langan tíma. Lóðin er veðsett sem þinglesin eign þessa félagsskapar án allra kvaða. Lóð Alþingis var ákveðin um aldamótin milli forseta og bæjarstjórnar og lóðin girt. En eftir 1920 ætluðu góðtemplarar að byggja hús á lóðinni vegna líknarstarfsemi, sem þá var rekin hér í bænum (Samverjinn). En þá beiddust forsetar Alþingis þess, að ekki væri leyft að byggja á lóðinni, með því að sú kvöð hvíldi á henni, sem sett hefði verið á hana við fyrstu útmælingu. Þetta varð til að stöðva húsbygginguna.

Nú var þetta mál fyrir dómstólunum, og niðurstaða hæstaréttar var sú, að kvöðin, sem upphaflega var sett, var metin gild. Á síðasta þingi var samþ. þál. þess efnis, að forsetum Alþingis skyldi falið að leita samkomulags við aðila um lausn á þessari deilu, því að nokkur hluti lóðarinnar er kvaðalaus; var þeim falið að leita samkomulags um verð á lóðinni. Kom þá fyllilega í ljós vilji Alþingis fyrir því, að þessi lóð væri keypt og sameinuð alþingishúslóðinni. Mælti enginn hv. þdm. á móti því. En þeir, sem töluðu í málinu, hvöttu forsetana til þessarar lausnar. Þó hefir ekkert orðið enn úr samningum milli forsetanna og þeirra manna hér í bænum, sem standa fyrir þessu máli af hálfu templara. Og ég get upplýst það, að eins og nú standa sakir, þá geta templarar, sem nú hafa umráð á lóðinni, ekki hagnýtt sér hana, enda þótt þeir hafi mjög ríka þörf fyrir aukið húsnæði. Af þeim ástæðum er þessi þáltill. hér flutt, og verði hún samþ., mega þeir vel við una þá lausn málsins.

Í þáltill. er gert ráð fyrir, að ríkið kaupi

þessa eign fyrir 200 þús. kr.; jafnframt er það upplýst, að lóðin er metin samkv. fasteignamati á 50300 kr. En söluverð lóðarinnar — kvaðalaust — verður að álítast töluvert hærra. Samkv. venju hér í bænum mun söluverð lóða á þessum stað vera ca. 50% hærra en matsverðið, og má þá gera ráð fyrir, að söluverð þessarar lóðar sé hæfilega talið 75 þús. kr.

Þá mun verða spurt: Hvers vegna er kaupverð þessarar eignar til handa ríkinu ákveðið svona miklu hærra heldur en hægt er að fá fyrir hana í frjálsri sölu? Svarið við þessari spurningu verður helzt á þá leið, að sá staður, þar sem hinn góði og göfugi félagsskapur templara hefir starfað og komið svo miklu góðu til leiðar í þágu alþjóðar, hann er þeim fyrst og fremst svo kær; í öðru lagi er hann svo vel settur, að það út af fyrir sig er afarmikils virði fyrir félagsskapinn, þannig að það verður erfitt að meta til verðs það mikla tjón, sem starfsemi templara kann að mæta, ef hún yrði að flytjast svo langt frá þessum stað, að þar yrði erfiðara til aðsóknar. Þess vegna verður það eðlilega hin fyrsta krafa þessara aðila — bindindismanna og templara —, að þeir geti fengið í staðinn allstóra lóð, sem væri ekki illa sett. En þær lóðir, sem helzt gætu komið til greina hér í miðbænum, eru að sjálfsögðu mjög dýrar.

Þá ber einnig á það að líta af hv. Alþingi, að nú eru tímamót, þar sem svo sérstaklega stendur á, að óhjákvæmilegt er að taka upp öfluga bindindisstarfsemi í landinu. Og það er fyrirfram vitað, að ekki er um annað að ræða heldur en að höfuðstöðvar þeirrar starfsemi verði hér í Rvík. Héðan frá höfuðstaðnum verða þeir kraftar að koma, sem knýja þá mikilsverðu hreyfingu fram með dugnaði. Það er augljóst, að Alþingi verður að styðja dyggilega þennan félagsskap, sem um undanfarin 50 ár hefir starfað af svo mikilli ósérplægni og fórnað kröftum sínum í þágu hins göfuga málefnis. Nú er þörfin fyrir bindindishreyfinguna brýnni en nokkru sinni áður, og getur hún því unnið öllum borgurum þjóðfélagsins, yngri sem eldri, ómetanlegt gagn.

Mér er óhætt að fullyrða, að ef þessi lausn fengist á málinu, sem hér er farið fram á, þá mundu templarar una því vel, ekki sízt ef þeir gætu fengið heppilega lóð á góðum stað í bænum til starfrækslunnar framvegis, enda er hún rekin í þágu allrar þjóðarinnar og til gagns fyrir hana.

Það er gert ráð fyrir, að ríkið kaupi þessa lóð við Vonarstræti og sameini hana alþingishúslóðinni, en þó ekki strax, heldur gætu núv. eigendur haldið áfram að nota lóðina fyrst um sinn það árabil, sem samið er um til greiðslu á lóðarverðinu og afborganir standa yfir.

Ég vona, að hv. þdm. geri sér það ljóst, að þar sem nú má búast við verulegum straumhvörfum í bindindismálunum á næstu missirum, þá sé það bæði viturlegt og gagnlegt af Alþingi að gera þær ráðstafanir, sem mest og bezt vega á móti þeirri óhófsöldu, sem búast má við, að hið innflutta áfengi reisi í landinu.

Ég leyfi mér að leggja til, að þáltill. verði að lokinni umr. vísað til fjvn.

Ólafur Thors: Sú þáltill., sem hér liggur fyrir, fer beinlínis fram á, að góðtemplarareglunni verði gefnar 150 þús. kr. úr ríkissjóði. Það má kannske með einhverjum rökum leiða einhverjar líkur að því, að reglan eigi meiri rétt til þessarar lóðar en talið er. En þetta mál var hér til athugunar í d. á síðasta þingi, og þá lá skjótlega fyrir fullkominn úrskurður um það, hver á lóðina, og er það mál endanlega útkljáð. Þess vegna er það sannmæli, sem ég varpaði fram, að með þessari till. er farið fram á, að ríkið gefi reglunni 150 þús. kr.

Ég geri nú ráð fyrir, að margir hv. þdm. hafi talsvert ríka tilhneigingu til þess, þegar sýnilegt er, að bannlögin verða afnumin, að sýna, að hugur hafi fylgt máli, þegar þeir hafa talað um nytsemi bindindisstarfseminnar í landinu. Ég geri ráð fyrir, að þeir, sem eru bannmenn, og hinir, sem greiddu atkv. á móti banni, vilji fúslega sameinast um að efla bindindisstarfsemina í landinu. Það væri því vel til fallið, að Alþingi rétti reglunni þá mikilsverðu gjöf, sem hér er um að ræða, þar sem vitanlegt er, að það á að verða hennar hlutverk að vinna gegn áfengisnautninni í landinu. Ég skil þá miklu þörf, sem þjóðin hefir fyrir starf-

semi reglunnar; en þó get ég ekki aðhyllzt þessa till.

Það viðurkenna allir, að hvert mál á að miklu leyti sitt gengi undir þeim flutningi og forstöðu, sem því er veitt. Góðum málum getur orðið tjón af lélegri forstöðu, að sínu leyti eins og slæm mál njóta góðs af því, ef góðir menn vinna fyrir þau. Á fyrstu starfsárum góðtemplararreglunnar hér á landi átti hún því verðskuldaða láni að fagna að hafa góða forstöðumenn. Á meðan hv. frsm. og hans líkar voru mestu ráðandi í þeim félagsskap, þá átti reglan skilið hvers manns virðingu. Aftur á móti finnst mér, að nú sé allmjög skipt um forstöðu reglunnar til hins verra, og ekki laust við, að núv. starfsemi hennar varpi skugga á fortíðina. Því verður ekki neitað, að góðtemplararreglan hefir nú í sínum æðstu stöðum ósiðaða dóna, sem ekki hika við án saka að bera út vísvitandi óhróður um andstæðinga sína. Bæði ég og aðrir, þ. á m. og sérstaklega hæstv. forsrh., hafa orðið fyrir barðinu á þessum dónum. Í útvarpsumr., sem fóru fram um bannmálið, varpaði stórtemplar því fram, þegar ég hafði ekki lengur tækifæri til andsvara á þeim vettvangi, að ég hefði lýst því yfir á opinberum fundi, að ég hefði grátbænt áfengislaunsala að svala drykkjufýsn minni, eftir að löglegur vínveitingatími var útrunninn. Því hefir verið lýst af umferðaprédikara reglunnar, Pétri Sigurðssyni, svo að þjóðfrægt er orðið, að nafngreindir þingmenn hafi legið fyrir hunda og manna fótum, ölóðir og vitlausir.

Ég verð nú að segja það, að meðan reglan misnotar það fé, sem hún fær úr ríkissjóði, á þann hátt að ala slíka dóna sem þessa menn, er ég nú hefi nefnt, sem ekki hika við að svívirða þing og stjórn með ósönnum óhróðri, þá er það hreint og beint vansæmandi fyrir regluna að ætlast til þess, að þingið veiti henni stórgjafir úr ríkissjóði. Hvenær sem hægt er að líta svo á, að reglan hafi sæmilega menn í sínum æðstu stöðum, og hverfi frá því að setja þar á oddinn slíka dóna sem nú eru, skal ég verða manna fyrstur til að veita málum hennar stuðning á Alþ.

Hinsvegar vil ég, að hv. þdm., líka þeir, sem ekki hafa orðið fyrir barðinu á þessum mönnum og svívirðingum þeirra, sýni þann drengskap og réttlæti að taka upp hanzkann fyrir okkur hina, og segi, að þrátt fyrir nauðsynina á að styrkja bindindisstarfsemina í landinu, þrátt fyrir verðleika reglunnar fyrr á tímum, þrátt fyrir það, þó þörf sé á aukinni bindindisstarfsemi í framtíðinni, þá vilji þeir ekki á þann hátt greiða fyrir húsbyggingu reglunnar með stórgjöfum úr ríkissjóði, meðan ekki er sýnt, að hún sé þess umkomin að velja sér betri forustumenn en raun hefir á orðið undanfarin ár, meðan forstöðumenn reglunnar eru ekki hæfir til að hafa bætandi áhrif á uppeldi unglinga í bindindismálum.

Einungis af þessari einu ástæðu er ég á móti þáltill. Meðan engin breyt. verður á stjórn reglunnar, meðan reglan sýnir ekki þann þroska að velja sér hæfari starfsmenn, þá skora ég á alla hv. þdm. að fella slíka till. sem þessa.

Forseti (JörB): Út af nokkrum ummælum í ræðu hv. þm. G.-K. vil ég beina þeirri ósk til hv. þdm., að þó þeir hafi einhverntíma orðið fyrir persónulegri móðgun frá utanþingsmönnum, þá gæti þeir þess að segja hér ekki annað en það, sem við á, sérstaklega þar sem hlutaðeigandi aðilar eru hér ekki við og geta ekki borið hönd fyrir höfuð sér á þessum vettvangi.

Ólafur Thors: Ég vil svara þessari umvöndun hæstv. forseta á þá leið, að ég var að andæfa móðgandi ummælum í minn garð, sem flutt voru á þeim vettvangi, þar sem ég átti þess engan kost að koma vörnum við. Hér í þessari hv. þd. eiga margir sæti úr hópi templara, og ef nokkur þeirra vill taka að sér að verja framkomu forustumanna reglunnar, er ég nefndi, þá skora ég á þá að gera það. En ef þeir gera það ekki, þá má líta á það sem vott þess, að umvöndun hæstv. forseta hafi ekki verið réttmæt.

Jakob Möller: Ég finn ástæðu til að segja nokkur orð út af ummælum þeim, sem hv. þm. G.-K. beindi í garð þeirra manna, sem veita góðtemplararreglunni forstöðu. Að vísu stendur svo óheppilega á, að ég hlustaði ekki á þær útvarpsumr.,

þar sem hv. þm. sakar stórtemplar um að hafa farið með ósæmileg og óviðeigandi ummæli í sinn garð. En eftir því sem vitnisburðir herma, þá veit ég ekki betur en að hv. þm. G.-K. hafi gefið fullkomlega tilefni til þess, að slík ummæli voru eftir honum höfð, sem hann var að fjargviðrast út af. Á stúdentafundi, sem haldinn var hér í bænum í hitteðfyrra (1931) um bannmálið, sagði hv. þm. G.-K., að Jóhannes Jósefsson á hótel Borg hefði verið dæmdur fyrir brot á áfengislöggjöfinni vegna þess, að hann sjálfur og ýmsir aðrir þm. hefðu leitað svo sterkt á hótelstjórann, með heitum bænum og harmatölum, að gera sér úrlausn um útvegun vínfanga utan hins lögákveðna veitingatíma; hótelstjórinn hefði veitt þeim þessa úrlausn og fengið sektardóm fyrir. Ég veit ekki, hvað stórtemplar kann að hafa sagt um hv. þm. G.-K. eða haft eftir honum, en ég hygg, að það hafi átt sér mikla réttlætingu. Hv. þm. G.-K. er sem sagt þekktur að því að hafa það til að tala nokkuð ógætilega, jafnvel um sjálfan sig. Meira að segja hafa verið höfð eftir hv. þm. frá framboðsfundum ýms óvarleg ummæli, sem hann hefir ekki mótmælt. (**ÓTh:** Hver hefir sagt hv. þm. frá þeim?). Ja, ég hefi ekki orðið þess var, að hv. þm. G.-K. hafi mótmælt þeim, og eftir því sem ég þekki hv. þm., þá veit ég, að hann er oft sérstaklega ógætinn í orðum.

Ég ætla mér ekki að öllu leyti að forsvara framkomu templara. Ég veit, að þeir menn, sem mest halda uppi svörum fyrir regluna, geta líka talað ógætilega, og máske um skör fram. En að ætlast til þess, að gott málefni verði látið gjalda þess, það er alls ekki rétt og nær vitanlega ekki nokkurri átt. — Ég ætla svo ekki að tala neitt frekar um efni þáltill.; það er hlutverk hv. flm. að mæla fyrir henni. Í ræðu hv. þm. G.-K. komu engin rök fram gegn efni þáltill., og engin önnur ástæða en sú, að einstakir þm. hefðu orðið fyrir árásum í ræðum frá hálfu þeirra manna, sem eru málsvarar templara. Ég álít, að framkoma Alþingis gagnvart reglunni í þessu máli hafi frá upphafi, eða síðan 1911, verið mjög óviðfelldin, mig langar til að segja ósæmileg. Góðtemplararegla hefir alltaf goldið þess, að ýmsir einstakir þm. hafa horn í síðu hennar og spilla fyrir málefnum hennar. Því að allt, sem sagt hefir verið um það frá upphafi, að Alþingi þyrfti einhverntíma að nota þessa lóð templara vegna stækkunar á þinghúsinu, er ástæðulaus þvættingur, sem ekki hefir við nein rök að styðjast. Ef Alþingi þykist hafa sakir á hendur góðtemplarareglunni, þá er ég viss um, að þær eru ekki síður á hinn veginn.

Ólafur Thors: Ég skal játa, að það kunni að vera eitthvað satt í því, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, að ég væri stundum fremur ógætinn í orði. En ég get bætt því við, ef á annað borð er út í það farið, að ég veit ekki nema ég gæti fundið eitthvað svipað að skapsmunum hans sjálfs, ef mannjöfnuður væri gerður okkar á milli í þeim efnum. Þó ætla ég nú að sýna honum þá skapstillingu í þetta sinn að bíða með að nefna nokkur dæmi því til sönnunar í fari hans sjálfs, þangað til við erum einir til viðræðu.

En út af þeirri sögu, sem um hefir verið getið, að ég hafi grátbænt leynivínsala að svala áfengisþorsta mínum, þá vil ég segja eins og er, hvað þar muni vera lagt til grundvallar. Á fundi, sem haldinn var hér í stúdentafélaginu 1931 um bannlögin, þar sem þau voru rædd sem einkamál í hópi stúdentabræðra, sem hvorki var ætlazt til, að skýrt yrði frá í sölum Alþingis né í útvarpinu, flutti ég ræðu, þar sem ég vék að meðferðinni á þeim mönnum, sem harðast höfðu orðið fyrir barðinu á sektarákvæðum bannlaganna. Framarlega í fundarsalnum sat einn af þessum mönnum, Jóhannes Jósefsson gestgjafi á Borg, sem þá var undir ákæru fyrir bannlagabrot. Ég mun þá hafa sagt eitthvað á þessa leið: Hér situr nú meðal vor einn af þessum glæpamönnum. Glæpur hans er nú í því fólginn, að hann hefir verið of undanlátssamur gagnvart áleitni manna úr öllum stjórnmálaflokkum um ólöglegar vínveitingar. En ef hann nú þarf að fara í tugthúsið fyrir þessar sakir, þá má það þó vera honum nokkur sárabót, að hann getur haft Jónas Jónsson undir annari hendinni og mig undir hinni sem samseka í þessu máli.

Það hefir þráfalt komið fyrir í þing-

veizlum, að veitt hefir verið vín eftir að löglegur vínveitingatími var liðinn. Þar sem þetta er á allra vitorði, þá verð ég að telja það óviðurkvæmilegt að bera fram þá slúðursögu í útvarpsumr., eftir að ég átti þess engan kost að bera hönd fyrir höfuð mér, að ég hefði með gráti og gnístran tanna beðið leynivínsala að svala áfengisþorsta mínum. Ég hygg, að ég hafi því eigi ofmælt í fyrri ræðu minni, er ég kallaði þennan sögumann siðlausan dóna.

Nú hefir mér verið sagt, að stórtemplar sé prúðmenni. (FJ: Já, hann er það). Má vera, að svo sé, en hann er þá litilmenni. Sjálfur þekki ég hann ekki, en þegar ég heyrði þetta, þá sagði ég: Þessi maður kann að vera prúðmenni, og ekki dóni nema þegar hann þarf þess.

Ég hygg, að ég hafi þá leiðrétt það, sem fram hefir komið hér í þessum umr. En í tilefni af umvöndun hv. 1. þm. Reykv. út af orðbragði mínu skal ég lesa yfir honum á eftir allar bænirnar og trúarjátninguna með.

Héðinn Valdimarsson: Mér finnst það ekki frambærileg ástæða gegn þessari þáltill., þó að einn þdm. hafi orðið fyrir persónulegri móðgun frá einhverjum forráðamanni góðtemplarareglunnar. Ég vil því ekki taka undir neitt af því, sem hv. þm. G.-K. hefir sagt um þetta mál.

Mér skilst, að hið raunverulega verð eignarinnar muni vera einhversstaðar á milli 50 og 75 þús. kr. Dómur hefir gengið í máli út af lóðinni milli góðtemplarareglunnar og Alþingis. Þar var dæmt, að góðtemplararegluan ætti helminginn af lóðinni, en hún var skyldug að flytja af henni, en þá átti ríkissjóður að útvega aðra lóð í staðinn.

Lóðin er að fasteignamati 23 þús. kr., og sé lagt þar við sem svarar 50% af þeirri upphæð, eins og lóðin mundi verða hærri að söluverði, þá verður það um 34—35 þús. kr. Auk þess átti ríkissjóður að borga þann kostnað, sem leiddi af flutningi hússins af staðnum. Það mundi verða um 15—16 þús. kr., svo það er víst, að skuldbindingar ríkissjóðs eru ekki nema um 40—50 þús. kr., og það gengur ósvífni næst að ætla sér að láta ríkissjóð greiða 200 þús. kr. fyrir þetta. Það liggur því ljóst fyrir, að það, sem meint er með þessari till., er ekkert annað en 150 þús. styrkur til bindindisstarfseminnar. Nú mundi ég vera með því, að ríkissjóður keypti þessa lóð fyrir matsverð, en með húsið hefir hann í raun og veru ekkert að gera, en það geta verið skiptar skoðanir um, hvort ætti að taka það með eða ekki. En hinsvegar finnst mér eðlilegt, sérstaklega ef sterkir drykkir verða leyfðir í landinu, að það verði að veita riflegan styrk til bindindisstarfsemi í landinu, og þá ekki einungis til góðtemplarareglunnar, heldur gengju ekki litlar upphæðir til skóla og hverskonar bindindisstarfsemi, sem er fyrir utan regluna, svo og til kennara og annara, sem gætu haft áhrif á þau mál í landinu. En till. verður a. m. k. að bera með sér, að hér sé ekki eingöngu um eignakaup að ræða, heldur líka styrk.

Þetta mál mun koma fyrir fjvn., svo ekki er þörf á að fara lengra út í það að sinni, en ef ekki verða gerðar breyt. á því, mun ég gera það frekar. En að samþ. það óbreytt, finnst mér ekki geta komið til mála.

Jakob Möller: Hv. þm. G.-K. sagði, að þau ummæli, sem féllu hjá honum á stúdentafundinum, sem ég gat um, hefðu verið flutt í þann hóp, að þau hefði mátt skoða sem einkamál meðal stúdentabræðra. En það er mesti misskilningur, eins og hv. þm. veit, því að á fundinum voru ýmsir aðrir en stúdentar, eins og t. d. Jóhannes Jósefsson, og fundurinn var opinber fundur, sem sagt var frá í blöðunum, bæði frá umræðum og ályktunum. Nú var ég á þessum fundi, en svo er ástatt með mitt minni, að ég þori ekki að fullyrða neitt um, að þetta, sem hv. þm. sagði, hafi verið nálægt orðalagi þeirrar ræðu, sem hann hélt, en hitt get ég látið mér skiljast, að þegar menn tala í hita, þá eigi þeir erfitt með að muna, hvað þeir hafi sagt. En ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að ef hann fann sig svo mjög meiddan af orðum þessa manns, þá gat hann farið aðra leið en að beita hér í þingsalnum þessum ummælum, til þess að vinna á móti bindindisstarfseminni. Hann gat stefnt þessum manni fyrir ummælin, og það hefði verið miklu sæmilegra heldur en að nota þau hér sem rök

gegn nauðsynjamáli þessa félagsskapar, sem hann segist meta mikils, og segir að líklegur sé til að geta gert mikið gagn meðal þjóðarinnar undir forustu annara manna en nú veita honum forstöðu.

Ég á dálítið bágt með að skilja þann mikla mun, sem hv. þm. G.-K. gerir á þessum tveimur mönnum, stórtemplar Sigfúsi Sigurhjartarsyni og hótelstjóra Jóhannesi Jósefssyni. Ég þekki Sigfús Sigurhjartarson sem einstakt prúðmenni og hefi aldrei séð eða heyrt annað til hans, en hinn manninn þekki ég að allt öðru.

Bjarni Ásgeirsson: Ég verð að geta þess, að ég get tekið undir hvert einasta orð hv. þm. G.-K., sem hann viðhafði um suma af þeim mönnum, sem hafa haft með höndum forustu góðtemplarareglunnar á undanförnum árum. Ef dæma ætti góðtemplararegluna eftir framkomu þeirra manna, þá ætti hún ekki skilið annað en kalda fyrirlitningu. En ég geri það alls ekki. Ég skil vel og kann að meta hugsjón hennar og það starf, sem eftir hana liggur í fortíðinni, þó hún sé í mestu niðurlægingu nú sem stendur. Kenni ég það áhrifum bannlaganna og því niðurlægingarástandi, sem af þeim hefir skapazt, og treysti ég því fyllilega, að þegar búið er að hreinsa þau í burt, komist reglan í sitt gamla og góða horf og verði þess megnug að inna af hendi svipað starf og hún orkaði í fortíðinni. Í þeirri von ætla ég að ljá henni mitt lið með því að greiða atkv. með þáltill., sem hér liggur fyrir.

Ólafur Thors: Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að sér hefði þótt miklu eðlilegra, að ég hefði dregið þennan stórtemplar fyrir lög og dóm heldur en að nota þá aðferð, sem ég nú hafði. Ég get ekki verið honum sammála um það, því að þótt ég hefði stefnt þessum manni og fengið hann dæmdan, þá geri ég ráð fyrir, að það hefði ekki haft nein áhrif á það álit og vinsældir, sem hann nýtur innan síns félagsskapar. En ef löggjafarnir, þingbræður mínir, vildu sýna mér og öðrum hv. þm., sem hafa orðið fyrir óverðskuldaðri árás af hendi þessa manns, drenglyndi, þá munu þeir neita reglunni um styrk þar til hún hefir fengið sér aðra og virðulegri forstöðu. Annars óska ég ekki, og að óreyndu treysti ég þingbræðrum mínum til þessa.

Ég vænti þess nú, að hv. 1. þm. Reykv. skilji það, að sú leið, sem ég hefi farið, er líklegri til þess að hafa þau áhrif, sem ég óskaði eftir.

Tryggvi Þórhallsson: Ég tel það óheppilegt, að þessar umr. skuli hafa komizt inn á þær brautir, að farið er að gera upp sakir við ýmsa menn, sem alls enga aðstöðu hafa til að svara fyrir sig á þessum vettvangi. Ég vil taka undir ummæli hv. 1. þm. Reykv., að þær eigi að gera upp á öðrum stað. Og ég skal taka það fram, að hvorki í till. sjálfri, sem hér liggur fyrir, né í framsöguræðu hv. fyrsta flm. var nokkurt minnsta tilefni gefið til þess að beina umr. inn á þetta svið.

Þá skal ég koma inn á það atriði, sem hv. þm. G.-K. hefir dregið fram. Það er, hvernig hann orðaði það, sem hér liggur fyrir, „að það sé, hvort eigi að gefa góðtemplarareglunni 150 þús. kr.“. Ég verð að segja, að það er rangt að túlka það mál með þeim orðum, sem hann gerði.

Ég hefi kynnt mér talsvert viðskipti þessara nágranna, Alþingis og reglunnar. Í raun og veru er hér um að ræða landamerkjamál, og ég vil taka undir ummæli hv. 1. þm. Reykv., að það er ekki vansalaust, hvernig það mál hefir verið flutt á hendur templurum. Þegar ég gerðist einn af flm. þessarar þáltill., var það meðfram af því, að ég áleit, að Alþingi hefði farizt illa við góðtemplararegluna í þessu máli, og þá þáltill., sem afgr. var frá síðasta þingi, mætti skoða sem viðurkenningu af hálfu Alþingis um, að reglan hefði orðið hart úti. Þetta er önnur ástæðan til þess, að ég hefi orðið meðflm. þessarar þáltill., vitandi vits, að við erum að kaupa þessa eign hærra verði heldur en hún í raun og veru er verð. Hin ástæðan er sú, að ég tel sérstaka ástæðu til þess að efla bindindisstarfsemina í landinu, og fyrst og fremst í þessum bæ.

Ég vil vekja athygli á því, hvernig þessi till. er orðuð. Það er beint tekið fram, að þessu fé skuli varið til þess að reisa nýtt hús, sem jafnan verði í eign og til afnota fyrir góðtemplararegluna,

m. ö. o., þessu fé á að verja til bindindisstarfsemi í landinu. Það er því alveg rangt orðað, að hér sé verið að „gefa" reglunni fé. Það er sérstakt tilefni til þess, og það er viðurkennt af hv. 2. þm. Reykv., að samhliða þeirri breyt., sem verður á þessari löggjöf, eigi að efla bindindisstarfsemina í landinu, og þegar hæstv. Alþ. hefir orðið til þess að gera þeirri starfsemi ómögulegt um sitt húsnæði, þá liggur það beint við, að ráðstafanir verði gerðar um fjárveitingar til þess að láta þennan félagsskap reisa sér nýjan samastað fyrir starfsemi sína hér og úti um land.

Jakob Möller: Ég vil aðeins vekja athygli hv. þm. G.-K. á því, að það er gömul, viðurkennd réttarfarsregla að heyra framburð beggja málsaðilja. Nú krefst hv. þm. þess, að Alþingi dæmi hinn málsaðilann eftir sinni málafærslu sem sækjanda málsins, án þess að heyra hinn málsaðilann.

Ég er sannfærður um, að hv. þm. G.-K. hefir ekki athugað, hvað hann var að fara fram á. Í þessu sambandi vil ég vekja athygli hv. þm. á því, hve mikill styrkur honum hefði verið við flutning þessarar kröfu, ef hann hefði getað vísað í dóm, þar sem yfirmaður reglunnar á Íslandi hefði verið dæmdur fyrir ósæmileg og staðlaus ummæli um þann hv. þm. En hann var svo óheppinn, að hann gætti þess ekki að hafa þessi gögn í höndunum, og ætlast nú til, að Alþingi dæmi þennan mann án þess að heyra hans framburð. Ég mótmæli þessu harðlega.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Hv. þm. Str. sagði, að sér þætti miklu miður, að umr. hefðu snúizt inn á þetta svið, sem raun hefir á orðið. Það skal mig ekki undra, þó að hv. flm. þyki það miklu miður, að umr. skuli hafa snúizt um efni og tilgang sjálfrar till. þeirrar, sem fyrir liggur!

Hv. 2. þm. Reykv. benti á, að sér þætti það nokkuð einkennilegt að kaupa þessa eign með margföldu verði, og benti á, að það mætti alveg eins hafa aðra aðferð, ef ætti að styrkja regluna, og sú leið finnst mér skemmtilegri og eðlilegri heldur en að stilla upp kaupum og sölu á verðmæti, sem ekki kemst í námunda við þess raunverulega verðmæti.

Út af þeim deilum, sem orðið hafa um það, hvort forsvaranlegt sé að fá leiðandi mönnum reglunnar svo mikið fé í hendur til þess að starfa með að þessum málum í landinu, vil ég segja það, að ég hallast að skoðun hv. þm. G.-K. í því efni, ekki fyrir það, að ég hafi orðið fyrir svipaðri árás og hann, sem sjálfsagt stafar af því, að ég hefi ekki gefið neitt tilefni til þess og verið mjög gætinn í öllum umsögnum um templara og það málefni.

En það getur verið, að hann sé eitthvað sekur í því efni, samanber orðatiltækin: „fullur í gær, fullur í dag og fullur á morgun líka". En það vil ég taka fram, að þau orð gefa ekkert tilefni til þess að ætla, að hann hafi með þessu háttalagi brotið áfengislöggjöfina. Hann hefir getað verið ölvaður og fylgt öllum strängustu kröfum áfengislaganna. Ég vil benda á, að það er ekki þýðingarlaust fyrir bindindisstarfsemina, að sú starfsemi, sem reglan rekur, sé fengin í hendur þeirra manna, sem einhver áhrif hafa meðal þjóðarinnar, og einnig hvort starfsaðferð þeirra er sigurvænleg, en ég hefi enga trú á þeirri starfsaðferð, sem leiðandi menn reglunnar hafa nú.

Ég var á fundi fyrir norðan skömmu áður en ég fór suður og heyrði á einn umferðaprédikara stúkunnar. Fór hann þeim orðum um einn þekktan mann í okkar þjóðfélagi, að allir fyriryrðu sig fyrir hann. Nú var það svo um þennan mann, að hann hafði tiltrú fjölda manna og hafði unnið talsvert að málum bindindismanna, en framkoma hans þarna var óskapleg, og þær svívirðingar, sem hann flutti, voru svo róttækar, að mér dettur ekki í hug að flytja þær hér. Þó að margt sé sagt hér í þingsalnum, kemst það ekki í hálfkvisti við þær svívirðingar, sem þessi maður flutti í dulbúnu máli, þó á þann hátt, að öllum gat skilizt, við hvern hann átti, en hann hafði ekki manndóm í sér til þess að nefna neitt nafn. Eftir þennan fræga fyrirlestur átti hann að vinna að því að endurreisa stúku þarna á staðnum, sem ekki hafði starfað um skeið, af því að hún hafði ekkert verkefni að vinna. En þeir menn, sem þarna voru á staðnum og eru bindindismenn

af lífi og sál, fengu svo mikla andstyggð á framkomu þessa manns, að þeir neituðu að taka nokkurn þátt í starfsemi hans. Hann fékk ekki einn einasta mann með sér, svo rótgróin var fyrirlitningin á því, hvernig hann hagaði sinni starfsemi á þessum stað. Hvernig getum við svo hugsað okkur að kasta 150 þús. kr. til þessara manna, sem hrinda frá sér samstarfsmönnum með svívirðilegum ummælum um einstaka menn? Það getur náttúrlega verið gott að forða því, að menn drekki sig fulla af áfengi, en ég veit ekki, hvort það fyllirí er verra en þegar þessir ofstækismenn eru ár eftir ár á „rúngandi fylliríi" í ofstæki sinnar eigin skoðunar. Þeir hafa timburmenn, sem stafa af ofnautn á þessu ofstækishjali þeirra. Ég held, að það sé ennþá verra, og þeir gera það illmögulegt fyrir þá menn, sem vilja vinna að þessum málum, að orka nokkurs, því að þeir koma eins og úlfar í hjörðina og eyðileggja alla starfsviðleitni manna. Mér finnst því fyllsta ástæða til þess að athuga, hvort það er forsvaranlegt að fá þessum mönnum fé í hendur til þess að útbreiða svívirðingar um einstaka ágæta menn þjóðarinnar og hrinda frá starfi mönnum, sem vilja vinna að því að minnka ofdrykkjuna í landinu, hvort sem það er af því, að þeir hafi verið svo sinnaðir frá upphafi, eða það eru menn, sem hefir þótt sopinn góður, en hafa svo áttað sig, eins og sumir hv. þingbræður mínir, sem sitja kannske ekki allfjarri mér, og tekið upp aðra stefnu í þessum málum. Það er virðingarvert, að þeir hafa séð að sér, en þeir eiga þá að gæta hófs í ummælum sínum um aðra menn.

Það er verið að ásaka hv. þm. G.-K. fyrir það, að hann hafi verið of örorður í garð manna, sem ekki voru hér viðstaddir, en mér fannst hann færa rök fyrir því, að þau orð féllu hjá honum. En ég varð því miður var við það hjá hv. 1. þm. Reykv., að hann kom með engu vægari árás á mann, sem ég veit ekki til, að hafi komið neitt opinberlega fram í þessu máli, og þurfi því ekki að kasta steini að honum.

Ég lýsi því yfir, að ég mun ekki fylgja þessari þáltill., vegna þess, að ég álít það ekki forsvaranlega aðferð að kaupa fasteignir með margföldu verði, og ef á að fara að veita stórstúkunni lífeyri í framtíðinni, verður það að vera gert með sérstöku tilliti til þess, að hún velji ekki þá menn til starfa, sem þjóðin getur ekki treyst, að ekki misbeiti svo stöðu sinni, að til tjóns verði fyrir það málefni, sem þeir eiga að vinna fyrir. — Ég mun svo láta þetta nægja frá minni hálfu og greiði atkv. á móti þessari þáltill. — og það strax, því að ég kæri mig ekkert um að hún sé að veltast lengur fyrir þinginu.

Flm. (Pétur Halldórsson) [óyfirl.]: Mér þykir það í sjálfu sér ekkert undarlegt, þó að menn láti ýmsar tilfinningar sínar í ljós í sambandi við þessa till., og ýmiskonar óánægja og gömul sár ýfist upp eftir þá baráttu, sem fram hefir farið á síðasta ári, og þá sérstaklega síðustu mánuðina. Ég vil samt skora á hv. þdm. að láta það ekki hafa áhrif á dómgreind sína að því er snertir þessa þáltill., sem hér liggur fyrir, því að það er annað og meira, sem hún fer fram á, heldur en hvernig orðum hefir verið hagað í viðskiptunum um bannmálið á síðasta ári. Mig tekur það sárt, þegar farið er út fyrir takmörk velsæmis, sérstaklega í þessu stóra vandamáli, sem nú aftur hefir verið leyst með atkvæðagreiðslu þjóðarinnar, og sem maður verður að vona, að verði ekki umræðuefni í bili í þessu landi. Og eftir þeim straumhvörfum, sem orðið hafa bæði hér á landi og víðsvegar úti um heim, virðist allt benda til þess, að svo verði ekki, a. m. k. ekki í bili.

Ég held, að nú megi svo heita, að úr því sé skorið í bili, hver leið verði farin í baráttunni gegn ofnautn áfengis. Og það væri göfugt, ef nú væru látin niður falla öll illindi í sambandi við þá baráttu, sem búin er. Mér finnst sú ástæða, sem hv. þm. G.-K. aðallega beitti fyrir sig, næsta veigalítil, nefnilega sú, að nú væru þeir menn við völd í reglunni, sem hefðu farið óvarlegum orðum um andstæðinga sína. Ég álít það, sem fór fram í baráttunni fyrir 2—3 mánuðum síðan, aukaatriði. Með atkvgr. hefir skapazt nýtt, algerlega nýtt ástand í þessu efni hér á landi, og ber eingöngu að líta á það, sem framundan er. Ég geri ráð fyrir því, að

baráttan gegn ofnautn áfengis og þeim hörmulegu afleiðingum, sem þar af koma, snúist nú í þá átt að verða barátta fyrir persónulegu bindindi. Allt bendir til þess, að reglan muni aftur taka að sér forstöðu þess starfs að aðstoða einstaka menn, sýna þeim góðvild og kærleika, hjálpa þeim til þess að verða nýtir borgarar; og jafnframt vernda aðra frá því að verða bæði sér og þjóðfélaginu til skaða og skammar. Og nú, þegar allar líkur eru á því, að þetta verði aðalverkefni reglunnar, þá álít ég, að deilur í sambandi við bannbaráttuna eigi niður að falla. Ég er einn af þeim góðtemplurum, sem hafa fundið til þess nú á síðari tímum, að reglan hefir ekki gefið nógan gaum að þessu verkefni, sem er og hlýtur að verða hennar aðalhlutverk. En nú er þess að vænta, að upp verði tekið sterkt, persónulegt starf á þessu sviði, að gera Íslendinga að bindindismönnum. Það er ekki von til þess, að aðrir en þeir, sem trúa því, að þetta sé gott og göfugt málefni, styðji það. En það eru ýmsir þeirrar skoðunar, þótt þeir séu ekki sjálfir bindindismenn, og er gott eitt um það að segja. En þeir, sem beita sér fyrir málefnum reglunnar, verða oftlega að leggja á sig mikla fyrirhöfn, fjárútlát og fórnir, — það kann alþýða manna að virða, og það er aðalatriði þessa máls. Í samræmi við þennan alþýðuvilja er þáltill. okkar flutt, og er mikið undir því komið, hvernig Alþ. snýst við henni. — Sú ástæða hv. þm. G.-K., að við templarar höfum verið tannhvassir eða jafnvel ókurteisir í viðræðum um bannið, er því alls ekki frambærileg í þessu máli. Ástæður hv. 2. þm. Reykv. eru heldur ekki sem haldbeztar. Hann hengir sig í það, að lóðin sé ekki nema 20 þús. kr. virði samkv. fasteignamati og vill, að ríkið kaupi lóðina fyrir 30 þús. kr. og hjálpi svo templurum til þess að flytja hús sitt á annan stað í bænum. Þetta er afstaða kaupmannsins, sem aðeins sér gildi hlutarins í krónum.

Ég vil taka undir það með hv. 1. þm. Reykv., að kynni maður sér sorgarsögu þessa lóðamáls allt frá 1887 til þessa dags, þá komast menn að þeirri niðurstöðu, að það eru hörð viðskipti, sem Alþingi hefir átt við templara út af þessari lóð. Enda þótt nokkur hluti þessarar lóðar sé með þeirri kvöð til Alþingis, að taka megi lóðina og láta flytja húsið burt, þá má Alþingi ekki einblína á þá kvöð. Þetta er ekki bara kaup og sala. Alþingi verður að taka það með í reikninginn, að þessi félagsskapur er búinn að hafa þarna heimili sitt í ein 40 ár, og eigi að hrekja hann þaðan, er það skylda Alþingis að sjá góðtemplarareglunni fyrir nýju, viðunandi heimili. Hver veit nema góðar undirtektir hv. þm. í þetta mál gætu orðið til þess, að templarar yrðu ekki framvegis eins tannhvassir í garð þeirra eins og stundum hefir orðið.

Sumstaðar hefir sú leið verið farin, að ríkisvaldið hafi bein afskipti af þessum málum. Nýlega hefir verið komið á því fyrirkomulagi í Danmörku, að sérstakur starfsmaður ríkisins hafi eftirlit með allri bindindisstarfsemi. Ég held, að þetta fyrirkomulag taki okkar ekki fram. Það mundi sýna sig, ef viðskipti góðtemplarareglunnar og Alþingis tækjust vel, að okkar leið — frjáls bindindisboðun — yrði áhrifameiri en það, að setja einhvern mann af ríkisins hálfu yfir þessi mál. Ég lít svo á, að leysi hv. Alþingi málið á grundvelli þessarar þáltill. okkar, þá sé þar með lagður grundvöllur fyrir mikið og blessunarríkt starf. Og ég vil láta þá ósk mína í ljós, að sú hv. n., sem fær mál þetta til athugunar, hafi það í hyggju, en ekki bara fasteignamatsvirðingu þessarar lóðar eða fornar væringar bannmanna og andbanninga.

Gísli Sveinsson [óyfirl.]: Mér finnst það vera við hæfi, að umr. um þessa þáltill. verði nokkurskonar forsöngur að atrennu þeirri, sem gerð verður á þessu þingi til þess að nema úr gildi bannlögin, sem svo mjög hefir verið þráttað um á síðari árum. Hv. flm. hafa vitnað í núv. ástand og skorað á þingið að létta undir með góðtemplurum við húsbyggingu þeirra. Ég geri ráð fyrir því, að góðtemplarareglan almennt geri sér það ljóst, eins og hv. aðalflm. tók fram, að nú væru straumhvörf með þjóð vorri í þessum málum. Rökrétt afleiðing afnáms bannsins er sú, að reglan taki upp sína fyrri baráttu, byrji að nýju, því það, sem náðst hefir — bannið —, er farið forgörðum, og því verður nú að fitja upp á nýju.

Að vísu á Alþ. eftir að samþ. afnám bannlaganna, en það er aðeins formsatriði, enda heyrist mér nú allir hv. þm. vera sammála um það, að þá leið beri að fara. Það má samt segja, að þessi till. sé komin of snemma fram, hefði gjarnan mátt bíða þar til búið var að koma aðalmálinu í það horf, sem sjálfsagt er. En vonandi fylgir hugur máli hjá forsvarsmönnum bannvina hér á Alþ., og þeir beygi sig fyrir þjóðarviljanum, þegar til kastanna kemur með afnám bannsins. Auðvitað getur Alþ. ekki tekið aðra afstöðu en þá, að fylgja meiri hl. þjóðarinnar, enda var svo mikill meiri hl. með afnámi bannsins, að það hlýtur að verða numið úr gildi. En síðar mun verða tækifæri til þess að ræða það nánar.

Þegar þessi straumhvörf eru að gerast, þá er eðlilegt, að templarar hugsi sig um og vilji vita fótum sínum forráð, — en það hafa þeir ekki vitað árin að undanförnu. Sem dæmi upp á það vilja þeir nú fara að reisa hús. Það er symbolskt. Því að það þarf ekki einungis að reisa nýtt hús, heldur líka nýja reglu og nýtt starf. Gamla byggingin er að falli komin, unnið starf reglunnar einnig. Bygging íslenzkra templara er hrunin til grunna, og þeir hafa sjálfir staðið að niðurrifinu. Nú vilja þeir reisa þessa byggingu sína af nýju, en til þess þurfa þeir aðstoð ríkissjóðs. Þeir hafa alltaf fengið fjárstyrk úr ríkissjóði, og þeir hafa ekki notað það fé réttilega meðan bannið hefir staðið. Þeir hafa ekki notað fé til þess að veita almenningi haldgóða bindindisfræðslu, heldur stöðugt hamrað á þessu banni sínu. Og sýnilega hafa ýmsir hv. þm. legið undir þeirri ýtni bannmanna, að þeir skyldu setja slíkan blett á löggjöfina sem áfengislögin eru.

Það er von, að þeir, sem hafa hvað eftir annað verið svívirtir í orðum af forvígismönnum þessa félagsskapar, minnist á það nú. En ég álít ekki rétt að taka afstöðu til þessarar till. á þeim grundvelli. Reynslan hefir sýnt, bæði á þessu sviði og öðrum, að varlegra er að fyrirskipa ekki, að mennirnir séu svo og svo góðir. Þó að menn séu góðir í dag, geta þeir verið orðnir allt öðruvísi á morgun. T. d. sagði einhver áðan af fullri sannfæringu, að stórtemplar væri prúðmenni. Hv. þm. G.-K. játar þessu, en sýnir jafnframt fram á það, hvernig þessi maður vann sér til óhelgi við eitt einasta tækifæri.

Ég tel fullkomlega eðlilegt, að templarar fari fram á styrk af opinberu fé, en ég álít þá aðferð óhæfa, að ætla að nota þetta lóðamál til þess að knýja fram stóreflis styrki. Styrkurinn gæti komið fram á annan hátt, og ég tel jafnvel sæmilegt, að nú, þegar reglan ætlar aftur að fara að starfa á ærlegum grundvelli, fái hún styrk til þess að koma sér upp húsi. — En lóðamálið er allt annað mál. Það hefir flækzt fyrir Alþ. um langt skeið og er ekkert annað en einber hégómi. Það er hreinasti misskilningur, að Alþ. hafi nokkurra hagsmuna að gæta í sambandi við þessa lóð. Þegar hér verður reist stærra og veglegra þinghús, verður það ekki á þessum stað. Templaralóðin getur því verið frjáls hverjum sem er þess vegna. Þetta hús er tilvalið sem þjóðmenjasafn þegar fram líða stundir, en nýtt þinghús á að vera á öðrum stað. Bezta lausn þessa máls teldi ég þá, að Alþ. afsalaði sér öllu tilkalli til þessarar lóðar og afhenti templurum hana kvaðalaust. Ég vil að lokum leggja það til, að máli þessu verði ekki strax vísað til síðari umr., heldur verði umr. nú frestað og málinu vísað til n.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.] Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið nú að sinni. En ég vildi samt minnast á þá áskorun hv. þm. G.-K. til þm., að þeir tækju upp þykkjuna fyrir hann og settu þessari fjárveitingu einhver sérstök skilyrði. Hann hefir hegðað sér hér í d. sem vanstilltur píslarvottur, barmar sér yfir því, að um sig sé ómaklega farið hinum hörðustu orðum, og lætur það skína í gegn, að sjálfur sé hann prúðmennskan uppmáluð. Ég vil nú leyfa mér að draga þá prúðmennsku í efa, og máli mínu til sönnunar benda á ræðu hv. þm. G.-K., sem hann flutti um áfengisl. á síðastl. Alþingi. Þar segir hann svo um þá menn, sem veita reglunni forstöðu:

„Ég er hræddur um, að menn fái óbeit á slíku máli, af því að þeir eru ógeðslegir, sem standa í fararbroddi".

Þetta er nú svo sem sýnishorn af

prúðmennskunni, og auk þess er puntað upp á ræðuna með orðum eins og „dónar“ og „dusilmenni“, þegar um andstæðingana er að ræða. Ennfremur segir í sömu ræðu, að áfengi sé sá notalegasti drykkur, sem geti komið inn fyrir varir þyrsts manns! — En það, sem ég vildi sagt hafa með þessu, er það, að sá, sem velur andstæðingum sínum slík orð á vettvangi, þar sem þeir hafa ekkert tækifæri til þess að bera hönd fyrir höfuð sér, ætti helzt ekki að kveinka sér undan hörðum orðum frá þessum sömu andstæðingum, og það því síður, ef þau eiga fullan rétt á sér, eins og samflokksmaður hv. þm., hv. 1. þm. Reykv., upplýsti.

Hv. þm. bar það, að hann hefði verið algerlega varnarlaus fyrir orðum stórtemplars. Ég vil þó benda á, að næst á eftir stórtemplar talaði samsinnismaður þessa hv. þm., Einar E. Kvaran.

Þá vil ég hvað mig snertir mótmæla sem algerlega tilhæfulausum orðum hv. þm. um framkomu þm. í þingveizlum. Hann var að lýsa því, að þegar löglegur vínveitingatími væri útrunninn, kæmi upp hjá þm. grátur og gnístran tanna, og heitar bænir stigi frá brjóstum þeirra til veitingamannsins um það, að halda áfram að veita vín! Ég veit með vissu, að það er mjög fjarri sanni að yfirfæra þetta á þm. almennt, þótt þessa kunni að vera dæmi.

Skilyrði þau, sem hv. þm. vill setja fyrir fjárstyrk til reglunnar, skildist mér vera þau, að þessir „dónar“, sem hann nefnir svo, væru látnir víkja sæti úr trúnaðarstöðum reglunnar, og í stað þeirra settir menn, er væru honum meir að skapi. Ég veit, að góðtemplararegluan gengur aldrei að því skilyrði að láta hv. þm. G.-K. segja sér fyrir um embættismenn sína, enda yrði þá varla von neins góðs starfs af hennar hendi.

Það er rétt hjá hv. 2. þm. Reykv., að sú upphæð, sem hér er nefnd, er allt of há sem kaupverð lóðarinnar. En ég lít svo á, sem þetta sé eins mikið beinn byggingarstyrkur til reglunnar, og fannst mér hv. aðalflm. enga dul draga á það. Og ég tel afgreiðslu þessa máls prófstein á þann bindindisáhuga, sem ýmsir andbanningar kjósa að skreyta sig með. En ég er undir niðri alveg vantrúaður á bindindisskraf þessara manna, sem vilja endilega styrkja bindindisstarfsemi í öðru orðinu, en segja svo í hinu, að áfengi sé sá notalegasti drykkur, sem fari inn fyrir varir þyrsts manns. Og ég hefi litla trú á löghollustu þeirra manna, sem hrósa sér af því að geta náð í eins mikið whisky og þeir bara kæri sig um, hvenær sem er. — Mér þótti leitt, að hv. þm. Mýr. og hv. þm. V.-Húnv. skyldu finna sig knúða til að standa upp og vitna, að þeir gætu tekið undir allt það, sem hv. þm. G.-K. hefði sagt. Frá eigin brjósti bættu þessir hv. þm. við bindindisáhuganum og brennivínsaðdáun.

Ég get svo látið niður falla umr. um þessa till. að sinni og mun greiða atkv. með því, að hún fari til síðari umr. og í nefnd.

Ólafur Thors: Hv. þm. Seyðf. sagði í ræðu sinni, að sér kæmi það undarlega fyrir sjónir, að ég væri að kveina og kvarta yfir því, þó á mig væri ráðizt, þegar ég hefði haft þau orð um menn reglunnar, sem hann vitnaði til úr ræðu frá síðasta þingi. Þessi ræða er óyfirlesin, og er varhugavert að vitna í slíkar ræður; það vita þingmenn sjálfir af eigin reynd. Hinsvegar man ég það, að ég fór allhörðum orðum um þessa menn. En margur mundi mæla, að það hafi ekki verið að ósekju, því á meðan ég talaði hélt ég á nýútkomnu blaði templara, Sókn, þar sem voru gífuryrði og meiðyrði um alla þá þm., sem fluttu till. um afnám bannsins þá í þinginu. Og ef það er ósæmandi að nota hörð orð um þá menn, sem notuðu þetta eitt til að svívirða flutningsmenn tillögunnar, þá veit ég ekki, hvað þarf til þess að verðskulda ill orð.

Í sambandi við útvarpsumr. vil ég geta þess, að stórtemplar notaði tækifærið, sem síðasti ræðumaður á undan Einari Kvaran, til þess að svívirða mig persónulega, og vissi hann, að ég gat ekki borið þar hönd fyrir höfuð mér. Ég kom að vísu boðum til Einars, þar sem ég bað hann að skila til þjóðarinnar, að þessi ummæli stórtemplars væru ranglega höfð eftir mér. En svo kom annar templari, alþekktur froðusnakkur og bjálfi, Felix nokkur Guðmundsson, og hóf máls

á enn verri illmælum um mig, af því að hann vissi, að enginn tók til máls á eftir honum, enda hefði hann annars brostið kjark til þess. — Hv. þm. Seyðf. vænir mig um að vilja ekki styðja bindindisstarfsemina í landinu. Hann heldur því fram, að ekki sé að marka orð í bindindisátt frá mönnum, sem segja, að vínið sé ljúffengur drykkur. Ég vil upplýsa hv. þm. um það, ef hann yrði regluboði — og það held ég liggi vel fyrir honum —, að honum þýðir ekki að segja almenningi, að vínið sé ekki gott á bragðið og áhrifin þægileg. Hann á að viðurkenna, að það geti verið ljúffengt og augnabliksáhrifin notaleg. En svo á hann að segja það, sem er mergur málsins, að þó að svo sé, þá sé vínið samt oft til mikillar bölvunar og nær undantekningarlaust rót alls ills hverjum æskumanni. Hann á að játa, að sumir kunni með vín að fara, og að „hóflega drukkið vin gleðji mannsins hjarta". En hann á samtímis að benda á, að mörgum breytir vínið í vitfirringa, og minna á hvílíkri ómælanlegri ógæfu vínið oft hefir valdið.

Thor Thors: Það er eðlilegt, að bannmálið hafi blandazt inn í þessar umr., en ég vænti þess, að tækifæri gefist síðar á þinginu að ræða það mál og mun því ekki fara út í það að þessu sinni. Ég vildi hér aðeins gera grein fyrir atkv. mínu um þessa till. Ég mun greiða atkv. á móti henni, af því að ríkið hefir ekkert með lóðina og húsið að gera. Ég er sammála hv. þm. V.-Sk. um það, að reisa þurfi í framtíðinni nýtt þinghús, en ekki komi til mála að gera breytingar á þessu húsi. Þá verður það hús reist á öðrum stað, á annari lóð, enda á ríkið stærri og hentugri lóðir annarsstaðar í bænum. Ég hefi heyrt því fleygt, að templurum hafi verið bannað að byggja á lóð sinni, vegna þess að það tæki af útsýn frá einni hlið hússins. Ég verð að segja það, að þau taka að stíga verðmætin á voru hrjóstruga og kalda landi, ef meta skal útsýn frá bakhlið þinghússins á 150 þús. krónur! Ég tel rétt og sjálfsagt að leyfa góðtemplurum að gera það við lóðina, sem þeir vilja.

Tryggvi Þórhallsson: Tveir hv. þm. hafa látið þau orð falla, að þeir teldu ekki ríkinu neinn akk í lóð templara, og telja, að templarar ættu að fá að halda lóðinni og fara með hana eins og þeim sýnist. Í sambandi við þetta vil ég geta þess, að til Alþ. hafa komið tilmæli frá templurum um, að þeir mættu nota lóðina, og voru meira að segja byrjaðir að byggja á henni, en þá var þeim neitað um það af Alþ. Einnig kom til mála, að lóðin yrði keypt til þess að byggja á henni nýju símastöðina, en Alþingi mótmælti því einróma. Ég man ekki betur en að sent hafi verið mótmælaskjal gegn þessum kaupum, undirskrifað af öllum forsetum Alþingis. (**TT:** Alþingi getur breytt um skoðun). Ég veit það, en hingað til hefir Alþingi neitað eindregið öllum tilmælum í þessa átt. En ég viðurkenni, að nýtt viðhorf skapist með nýjum vilja Alþingis, ef fram kæmi.

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 15 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 19. fundi í Nd., 25. nóv., var till. tekin til frh. fyrri umr.
Á sama fundi, utan dagskrár, mælti

Tryggvi Þórhallsson: Ég vil leyfa mér að beina þeirri ósk til hæstv. forseta, að hann taki nú til umr. 9. málið á dagskránni, sem er till. til þál. um kaup á húsi og lóð góðtemplara í Reykjavík.

Forseti (JörB): Ég hefi ekki ætlað að tefja fyrir því máli. En ég vænti, að hin málin, sem eftir eru á dagskránni, taki stutta stund, og vil ég reyna að afgr. þau fyrst, því að mér segir svo hugur um, að mörg orð verði leyst út af 9. málinu.

Ólafur Thors: Ég vil taka undir þessa ósk hv. þm. Str., með því skilyrði, að fundi verði þá haldið áfram í kvöld og að sorfið verði til stáls í þessu máli. Vænti ég, að hv. þm. Str. taki undir þá áskorun. Ég vil gjarnan vita, hversu mikil einlægni fylgir máli hjá honum. (**TrÞ:** Ég tek undir þessa uppástungu hv. þm. G.-K.

Forseti (JörB): Hv. þdm. geta gjarnan fengið að hafa fund um þetta mál í kvöld.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Nd., 27. nóv., var fram haldið fyrri umr. um till. (A. 24, n. 125 og 157).

Frsm. meiri hl. (Tryggvi Þórhallsson): Ég þarf ekki að segja nema örfá orð út af brtt. n. á þskj. 125.

Við fyrri umr. þessa máls kom fram sú aths., að ekki væri allskostar rétt að hafa í einu lagi kaupin á húsi og lóð góðtemplara og hitt, hvaða styrk Alþingi vildi veita reglunni til þess að koma upp góðu húsi hér í bænum. Fjvn. hefir fallizt á þetta og ber því nú fram till., þar sem þetta er sundurgreint. Hún leggur til, að húsið og lóðin verði keypt fyrir algengt söluverð hér í bæ, sem er 50% ofar fasteignamati. Húseignin er metin á 50 þús., svo að söluverð yrði 75 þús. kr. Jafnframt leggur n. til, að reglunni verði veittur 75 þús. króna styrkur til húsbyggingar. Það kom greinilega fram við fyrri hluta umr., að menn voru yfirleitt sammála um, að réttmætt væri að styrkja regluna í þessu augnamiði. Sumir vildu aðeins draga þessa styrkveitingu eitthvað á langinn, en ég sé ekki ástæðu til þess, þar sem tímarnir krefjast þess, að hafizt verði meira handa um alla bindindisstarfsemi en áður.

5 af 7 nm. hafa orðið á eitt sáttir um þessa till., og vænti ég þess, að hv. d. veiti henni einnig sitt samþykki.

Frsm. minni hl. (Jón Sigurðsson): Ég skal fylgja dæmi hv. frsm. meiri hl. og vera stuttorður. Ég og einn meðnm. minn, hv. þm. Dal., höfum ekki getað orðið meiri hl. n. samferða í þessu máli. Í fyrsta lagi um húsakaupin. Við höfum ekki séð ástæðu til að fara að setja fast verð á húseignina. Við teljum okkur skorta kunnleika til þess, að við gætum ákveðið fast verð, og þykir okkur rétt að fara með þetta eins og þegar vafi leikur á um verðmæti eigna, að kvaddir yrðu til óvilhallir menn, er dæmdu. Hv. frsm. meiri hl. gat þess, að eignin væri metin að fasteignamati á 50 þús. kr. En hann gat þess ekki, að í þessari upphæð mun vera falin lóð, sem Alþingi hefir viðurkenndan rétt á. Eftir því, sem skrifstofustjóri Alþingis hefir tjáð mér, hefir Alþingi eða ríkið rétt á nálega ⅔ templaralóðarinnar samkv. dómi hæstaréttar. Þegar því gert er ráð fyrir söluverði 50% yfir fasteignamati eða 75 þús. kr., þá er stefnt að því, að ríkið kaupi lóð, sem það á sjálft og reglan á aðeins ráð á að einum þriðja. Við töldum því rétt, að farin yrði sú leið, sem ég hefi bent á hér í upphafi máls míns.

Hitt atriðið er komið undir vilja Alþingis, hvað það vill veita mikinn styrk til byggingarinnar. Ef Alþingi ákveður að borga meira verð fyrir eign en hún yrði metin eða ástæða er til, væri þar um dulbúinn byggingarstyrk að ræða. Við minnihlutamennirnir í fjvn. lítum svo á, að það atriði eigi og ekki að koma til greina fyrr en á næsta fjárlagaþingi, enda fáum við ekki séð, að neitt kalli að um þetta, auk þess sem hér er um svo mikla fjárhæð að ræða, hvort sem till. verður samþ. óbreytt eða með breyt. meiri hl., að slík ákvörðun á að bíða reglulegs fjárlagaþings. Þá er og ekki hægt að binda hendur síðari þinga í þessu efni með þál. einni saman. Síðari þing mega vel líta á slíka samþykkt sem ómerka athöfn. Það getur því ekki verið kappsmál neinum að koma þessu máli fram í þessum búningi, þar sem þeir þm., sem síðar yrðu kosnir, mundu engan veginn þurfa að telja sig bundna af slíkum lauslegum ákvörðunum með þál. Það liggur ekkert fyrir í málinu, sem sýni, að því þurfi að hraða, og ég tel víst, að góðtemplarareglan megi eins vænta þess að fá styrk hjá komandi reglulegu Alþingi til starfsemi sinnar eins og hver annar góður og nytsamlegur félagsskapur, sem Alþingi hefir talið rétt að styrkja. Við í minni hl. fjvn. munum því greiða atkv. á móti því, að málið verði afgr. á þessa lund, en ég vil taka það fram, að við gerum það ekki af fjandskap til reglunnar, heldur af því, að við álítum, að hitt, sem við stingum upp á, sé réttari og eðlilegri leið.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Hæstv. forseti d. hefir lesið hér upp tilkynningu frá Stórstúku Íslands um það, að reglan skori á þingið að gera engar breyt. á áfengislöggjöfinni nú, og verð ég að taka það svo, að reglan ætlist til þess jafnframt, að engin ákvörðun verði

tekin um hús- og styrkmál reglunnar á þessu þingi. (**Nokkrir þm.: Heyr**).

Ég vil leggja áherzlu á það í þessu máli, að það er ekki hægt á þessu stutta aukaþingi að leggja þungar og nýjar kvaðir á ríkissjóðinn, án þess jafnframt að sjá fyrir nýjum og auknum tekjustofnum. Eins og stendur er ekki einu sinni séð fyrir, að tekjurnar hrökkvi fyrir þeim kvöðum, sem þegar hafa verið lagðar á ríkissjóð. Ég mun hinsvegar styðja það á næsta þingi, að lóð og hús templara, sem um er að ræða, verði keypt við sannvirði, og auk þess veittur sérstakur styrkur til starfsemi reglunnar, ef áfengislöggjöfinni verður breytt í samræmi við atkvgr. fyrsta vetrardag. Ég teldi þá sjálfsagt, að reglunni væri sýnd sérstök tillitsemi og nærgætni, svo að hún gæti aukið starfsemi sína af nýjum þrótti, en ég vil þó jafnframt taka það fram, að aukið starf reglunnar og von um árangur er ekki eingöngu komið undir húsbyggingunni hér í Reykjavík, heldur engu síður undir ýmiskonar starfsemi reglunnar úti um landið.

Ég vildi leggja áherzlu á þetta, að ekki væru lagðar neinar nýjar kvaðir á á þessu þingi, án þess að um leið væri séð fyrir auknum tekjum til að mæta þeim. Er þetta það, sem hver fjmrh. verður að leggja áherzlu á. Fram að síðasta þingi stóð svo á, að ekki var hægt að afgr. fjármálin nema með mestu harmkvælum, en eftir að stjskr. hafði verið samþ., rættist úr þessu, og jafnhliða þarf þingið að taka upp nýja stefnu, — þá stefnu, að leggja ekki nýjar kvaðir á án þess að sjá fyrir auknum tekjum um leið. Það er ekki nóg að hafa framfaraáhuga og vilja, þótt gott sé; áhuganum þarf líka að fylgja vilji til að bera auknar byrðar og skatta. Hver framfaramaður verður að leggja þetta á sig.

Fyrir löngu var talað um, að þetta þing ætti ekki að vera fjárveitingaþing. Um það virtist vera samkomulag allra flokka. Mér þykir því sem hv. fjvn. hafi verið fullörlát í afgreiðslu höfuðtill. sinnar að þessu sinni. Ég legg áherzlu á það sem fjmrh., að ekki verði farið að samþ. neitt, sem hefir aukin útgjöld í för með sér, nema um leið sé séð fyrir auknum tekjum á móti. Það er eðlilegt, að þetta mál verði borið fram á næsta þingi, ef áfengislöggjöfinni verður breytt í samræmi við atkvgr. fyrsta vetrardag, og þá skal ég ekki standa á móti því, að umrædd lóð og hús verði keypt fyrir sannvirði, en ef svo á að gera, á till. líka að vera orðuð eins og minni hl. fjvn. leggur til.

Frsm. meiri hl. (Tryggvi Þórhallsson): Ég þarf að svara hæstv. forsrh. og hv. frsm. minni hl. nokkrum orðum.

Hv. frsm. minni hl. lagði áherzlu á það, að út um þessi kaup ætti að gera eins og venja er til um slík kaup. Vil ég benda hv. frsm. minni hl. á það, að það stendur ekki svo á um þessa húseign eins og venja er til. Er það almennt viðurkennt, og sérstaklega af Alþingi, sem gert hefir sérstaka samþykkt með tilliti til þess, að það stæði sérstaklega á með þessa eign.

Að því er kaupverðið snertir, erum við í meiri hl. fjvn. þar algerlega á réttum grundvelli. Svo sem þm. er kunnugt, er söluverð eigna normalt 50% yfir fasteignamatsverði, og fasteignamatsverð lóðarinnar er rúm 50 þús. kr., svo að það kemur að þessu leyti heim við það söluverð, sem við gerum till. um, 75 þús. kr. Hv. frsm. minni hl. gat þess raunar í ræðu sinni, að fasteignamatsverðið mundi ekki eingöngu miðað við það, sem templarar eiga í þessari eign, en ég get fullvissað hv. frsm. minni hl. um það, að svo mun þó einmitt vera, að frádreginni þeirri kvöð, sem viðurkennt er, að á eigninni hvílir.

Hv. frsm. minni hl. taldi það óeðlilegt að taka ákvörðun um þetta nú, þar sem þing það, er nú sæti, væri ekki fjárlagaþing. Út af þessu vil ég minna á það, að þessi ákvörðun var einmitt tekin af síðasta þingi, en ég sem einn af þáv. forsetum Alþingis taldi þó rétt að bera málið aftur undir þingið. Þessi mótbára hefir því ekki við neitt að styðjast, þar sem ákvörðunin einmitt hefir verið tekin af fjárlagaþingi, sem síðasta Alþingi vitanlega var.

Þá fann hv. frsm. minni hl. að því, að þetta væri ekki nógu góður grundvöllur um málið, af því að síðari þing væru ekki bundin af þál. eins og þessari. Út af þessu vil ég aðeins benda á það, að ef till. verð-

ur samþ., leiðir það eðlilega af samþ. hennar, að stj. gerir samninga við regluna um málið á þessum grundvelli, sem till. gerir ráð fyrir, og síðari þing eru auðvitað bundin af samningum, sem stj. þannig hefir gert.

Hæstv. fjmrh. hefir lagt á móti málinu með þeim röksemdum, að þingið mætti ekki samþ. nein ný útgjöld án þess að sjá um leið fyrir nýjum tekjum á móti þeim. Ég er fullkomlega sammála hæstv. fjmrh. um þetta. En það er vitað, að auknar tekjur muni koma á móti. Það er vitað, að bráðlega verður gerð sú breyt. á áfengislöggjöfinni, að leyfður verður innflutningur sterkra drykkja, og hefir það í för með sér margfalt auknar tekjur á móts við þetta fyrir ríkissjóð. Rök hæstv. fjmrh. eiga því hér ekki við. Hinsvegar gæti fjvn. tekið það til athugunar, hvort ekki sé rétt að geyma þessar greiðslur þangað til tilsvarandi tekjur hafa komið á móti af breyttri áfengislöggjöf. En ég endurtek það, að þótt mótbára hæstv. fjmrh. eigi við almennt, á hún ekki við í þessu tilfelli, og áminning hæstv. ráðh. til fjvn. á ekki við að þessu leyti af sömu ástæðum.

Það er náttúrlega gott að gefa fyrirheit um það, hvað maður ætli að gera á næsta þingi. En það er nú svo, að enginn okkar veit, hvort hann situr næsta þing. Er það ekki einungis komið undir lífi okkar sjálfra og vilja, hvort svo verður, heldur fyrst og fremst undir kjósendunum, hvort þeir vilja kjósa okkur aftur. Ég held því, að það sé bezt fyrir alla að vera ekki að lofa neinu upp í ermina á sér að því er þetta snertir.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Hv. frsm. meiri hl. viðurkenndi þær ástæður, sem ég flutti gegn till., að þingið megi ekki samþ. ný útgjöld, nema það sjái um leið fyrir auknum tekjum á móti. Og ég þarf ekki að endurtaka það, að ég legg áherzlu á þessar ástæður. Hinsvegar gæti ég fallizt á þá miðlunartill. í málinu, sem hv. frsm. drap á, að útborganir til reglunnar fari ekki fram fyrr en í móti koma auknar tekjur í sambandi við breytta áfengislöggjöf. Ég vil því mælast til þess við hæstv. forseta, að hann taki málið út af dagskrá að þessu sinni, svo að þetta atriði geti komið til athugunar í fjvn. (Áköf mótmæli úr ýmsum áttum).

Umr. frestað.

Á 21. fundi í Nd., 28. nóv., var enn fram haldið fyrri umr. um till.

Jakob Möller: Það var aðallega út af ummælum hæstv. forsrh., að ég kvaddi mér hljóðs. Hann virtist setja þetta mál á einhvern hátt í samband við það, að stórstúkan hefir skorað á Alþingi, að ekki verði gerðar breyt. á núgildandi áfengislöggjöf á þessu þingi. Þetta sagðist hann skilja svo, að stórstúkan ætlaðist til þess, að þetta mál yrði heldur ekki afgr. á þessu þingi. Mér var ekki ljóst, í hverju hæstv. ráðh. taldi, að þetta samband fælist. Á síðasta þingi voru menn skipaðir til þess að semja um þetta mál, og var það þá ekki á nokkurn hátt sett í samband við áfengismálin, og ég get ekki heldur séð, að það sé hægt, nema hæstv. forsrh. hafi hugsað sér að hafa um þetta einskonar verzlunarviðskipti við góðtemplara, þannig, að ef þeir eru góðu börnin og þegja við því, hvernig fara á með bannið, þá geti þeir haft von um styrk úr ríkissjóði. Ég skal geta þess, að ég á sæti í framkvæmdarnefnd stórstúkunnar, en greiddi þó atkv. á móti því, að þessi áskorun yrði send. Þar fyrir held ég því fram, að ályktun hæstv. ráðh. sé með öllu óviðeigandi. Þó að ég hafi ekki verið sammála samnm. mínum um áskorunina, þá finnst mér það virðingarvert af félagsskap, að hann heldur fast við stefnuskrá sína, án tillits til þess, hve mikið hann á undir hinum aðilanum komið. Mér finnst það afaróviðfelldið og illa viðeigandi, að Alþingi sé að sveifla þessu bitra sverði yfir höfði þessa viðurkennda félagsskapar, þegar hann er að starfi sínu og að uppfylla stefnuskrá sína. Um áfengismálið eru hinsvegar skiptar skoðanir, eins og ég hefi áður tekið fram; jafnvel innan framkvæmdanefndar stórstúkunnar eru menn ekki sammála um, hvaða leið skuli farin. En eins og nú stendur á, mótmæli ég algerlega, að Alþingi eða ríkisstj. misnoti aðstöðu sína gagnvart templurum til þess að þvinga þá á nokkurn hátt, þó að þeir láti í ljós

skoðanir sínar á þessum málum, sem þeir hafa alla tíð barizt fyrir. Hv. þm. Str. lagði orð hæstv. ráðh. út á betri veg en ástæða var til, þar sem hann lagði þann skilning í orð hæstv. ráðh., að ekki væri fé fyrir hendi, sem verja mætti í þessum tilgangi, nema jafnframt væri gerð breyt. á áfengislögunum. En ég held, að erfitt reynist að skýra þessi ummæli á slíkan hátt, einmitt í sambandi við forsögu málsins. Þegar samningaumleitanir fóru fram milli þinga, var þetta atriði aldrei nefnt í sambandi við málið. Ég verð að líta svo á, að sé þetta sú ógnarfjárhæð fyrir ríkið, þá hefði verið sjálfsagt að nefna þetta sem tekjulindina, er öllu ætti að bjarga. Nei, ég tel það mjög æskilegt og rétt, að hæstv. forsrh. beri af sér þann grun, sem orð hans hafa vakið, að hér standi til, að templararegluan sé þvinguð til þess að láta af kröfum sínum og bregðast stefnu sinni, með því að setja það sem skilyrði fyrir því, að henni verði veittur styrkur af Alþingi til starfsemi sinnar.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Hv. 1. þm. Reykv. segir, að sér sé ekki ljóst sambandið á milli þessarar till. og áfengislöggjafarinnar, og á þá við hrein kaup á lóð og húsum góðtemplararegluunar. En þetta hefi ég ekki sett í neitt samband hvað við annað, enda hefi ég mælt með brtt. minni hl. n., sem leggur til, að lóðin sé keypt eftir mati dómkvaddra manna. Milli þeirra kaupa og áfengislöggjafarinnar hefi ég ekkert samband sett. En hitt er annað mál, að ef hv. þm. ætlast til, að reglunni sé veittur 100 þús. kr. styrkur um leið og keypt sé af henni lóð og hús, þá hlýtur eitthvert samband að vera á milli þess og væntanlegra breytinga á áfengislöggjöfinni. Undanfarin ár hefir góðtemplararegluunni verið veittur þetta 8—10 eða 12 þús. kr. styrkur, og hefir mikið verið um það fjasað, hvort sá styrkur skyldi vera 2 þús. kr. meiri eða minni. Hvers vegna á þá nú allt í einu að fara að styrkja regluna með 100 þús. kr. eða meiru? Það er engin goðgá og heldur engin vanvirða fyrir góðtemplararegluna, þótt slíkt sé sett í samband við áfengislöggjöfina. Það er ekki nema eðlilegur hlutur, að þegar breyt. verður gerð á áfengislöggjöfinni, þá taki þingið einnig ákvörðun um, hvort það vill veita sérstakan styrk til reglunnar vegna þeirrar breyt. og kveði þá á um tilgang hans og hvernig hann skuli notast. Þetta er engin verzlun, heldur er um eðlilegt orsakasamband að ræða. Hv. þm. taldi, að hv. þm. Str. hefði lagt orð mín út á betri veg. Það var auðheyrt, að hv. 1. þm. Reykv. gerði það ekki. En máske hefir hv. þm. gert það í þeim tilgangi, að mér gæfist betra tækifæri til að svara.

Annars hefi ég áður sagt það, að ég hefi ekkert á móti þessum kaupum, ef ríkissjóði er jafnframt séð fyrir nýjum tekjum, sem nægi til að fullnægja kaupunum. Sé það gert, losna hvatamenn þessarar till. við mína andúð. Ég hefi ekkert tilefni gefið hv. þm. til að segja, að ég vilji verzla við stúkurnar, vera með þessari till., ef þær slái af stefnumálum sínum. Ég vil einmitt ljá stúkunum lið til að vinna starf sitt á réttan hátt. Það dettur vitanlega engum í hug, að stúkurnar muni falla frá sínum tilgangi. Og vitanlega dettur heldur engum í hug, að þeim sé veittur styrkur, nema þær vinni að sínu málefni með þeim aðferðum, sem bezt gefast. Ég veit, að hv. 1. þm. Reykv. skilur nú og finnur, að hér er ekki um neina verzlun að ræða og að hann hefir lagt orð mín út á verri veg.

Jakob Möller: Því miður er skýring hæstv. forsrh. ekki eins ótvíræð og ég hefði á kosið. Úr skýringunni má sem sé fá það út, að styrkhæfni reglunnar fari að dómi hæstv. ráðh. eftir því, á hvern hátt hún vinnur verk sitt. Þetta má skilja á tvo vegu, og tekur því ekki af öll tvímæli, hvort hér sé um verzlun að ræða. Í starfsemi reglunnar eru tvö höfuðatriði: útbreiðslustarfsemi bindindis og löggjöf. Hæstv. ráðh. telur útbreiðslustarfsemina styrksverða og góða og gefur í skyn, að ef á þann hátt verði unnið, þá megi reglan vænta styrks síðar. En hið síðara telur hann ekki gott. Og það gefur tilefni til að ætla, að á bak við það geti falizt eitthvað, sem á skylt við verzlun.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Hv. 1. þm. Reykv. tekur skýringu mína

gilda að mestu leyti. Hann vill þó tvískipta starfsemi reglunnar í bindindisstarfsemi og löggjafarstarfsemi og gera á þessu tvennu eðlismun. En svo þarf ekki að vera. Reglan vinnur að bindindisstarfsemi og getur bætt skilyrðin til þess með því að styðja að heppilegri löggjöf. Þegar nú vænta má nýrrar áfengislöggjafar, þá er ekki nema eðlilegt, að stúkurnar láti sig það mál miklu skipta. Og opinber styrkur til þeirra mun vitanlega ekki takmarkast við afskipti þeirra af þeirri löggjöf.

Ég get þá ekki séð, að af tortryggni hv. 1. þm. Reykv. í minn garð standi annað eftir en það, að ég óska eftir því, að ríkinu sé séð fyrir nýjum tekjum, ef stúkuna á að styrkja svo ríflega næsta ár, sem till. meiri hl. n. gerir ráð fyrir. Móti slíku verð ég að vera, nema jafnframt sé séð fyrir því fé, sem skipað er að greiða af hendi.

Frsm. minni hl. (Jón Sigurðsson): Hv. frsm. meiri hl. dró í ræðu sinni nokkuð í efa ýms ummæli mín, m. a. það, sem ég sagði um till. þá, er samþ. var á síðasta þingi, um að fela forsetum að semja um þetta mál. Nú var hv. frsm. einmitt forseti og hafði því heimild til að semja um málið. Að hann gerði það ekki, hygg ég, að hafi stafað af því, að hann hafi verið vandari en svo að virðingu sinni, að hann vildi ganga að kröfu templara eins og hún kom fram í till.

Þá sagði hv. frsm., að fasteignamatsverð þess hluta lóðarinnar, sem templarar eiga, sé 24700 kr. Ég staðhæfi, að þetta er ekki rétt. Ég hefi aflað mér upplýsinga, sem ég tel ábyggilegar, um það, að góðtemplararreglan á ekki nema nokkurn hluta þeirrar lóðar, sem metin er á þessa upphæð, eitthvað minna en helming. Að svo sé, verður strax ljóst af því, að stærð lóðarinnar er talin hin sama í núgildandi fasteignamati og gert var í matinu frá 1916—1917, eða á þeim árum, er enginn ágreiningur var um lóðina og templarar töldu hana alla sína eign. Auk þess hefi ég aflað mér upplýsinga frá þeim mönnum, er störfuðu að fasteignamatinu hér, og staðfesta þeir, að sá hluti lóðarinnar, sem ríkissjóður á, sé þarna með talinn. Um það þarf því ekki frekar að deila. Er þar með kippt fótum undan þeim útreikningi hv. meiri hl., sem átti að sanna, að hér væri um hæfilegt verð að ræða, sem væri matsverð að viðbættum 50%. — Eins og af framansögðu er auðsætt, þá er fasteignamatsverð þess hluta lóðarinnar, sem góðtemplarar eiga, ekki yfir 8—10 þús. kr. Fer þá að skakka allverulegu um útreikninga hv. meiri hl. n., og er bersýnilegt, að 75 þús. kr. kaupverð á lóð og húsi er algerlega út í loftið. Hið eina sanngjarna er, að þessar eignir templara séu keyptar eftir mati dómkvaddra, óvilhallra manna.

Þá vildi hv. frsm. meiri hl. halda því fram, að hvað styrkinn snertir, þá mætti með till. til þál. binda hendur síðari þinga. En ég tel slíkt fjarri öllum sanni. Ég játa að vísu, að stj. gæti gert það með samningi. En meiri hl. n. er alveg mótfallinn því, að slíkir samningar séu gerðir að svo stöddu. Það liggja engar sjáanlegar knýjandi ástæður fyrir því, að þetta mál sé afgr. nú. Það getur að skaðlausu beðið fjárlagaþings.

Það hefir verið svo, að fjvn. er vön að leggja á móti flestum aukafjárveitingum, og n. hefir verið umhugað að halda fjárgreiðslum innan þess ramma, er fjárl. setja. Er því einkennilegt, að meiri hl. hennar skuli nú bregðast þeirri venju sinni og geta ekki fallizt á að láta þetta bíða reglulegs Alþ. Ég get ekki séð, að styrkveiting til reglunnar geti ekki beðið þangað til. Alþ. hefir undanfarið ekki verið neitt knappt í styrkveitingum til slíkrar starfsemi, svo sem reglunnar, hjálpræðishersins o. fl. — Á næsta þingi verða tekjur ríkisins athugaðar og útgjöldin þá sniðin eftir því.

Ég mun svo ekki orðlengja frekar um þetta. Á því er engin þörf. Ég vil enda mál mitt á því að taka það fram, að góðtemplarar eigi að mínu viti hvorki skyldukröfu né sanngirniskröfu um, að þessi lóð og hús sé af þeim keypt að sinni fyrir það verð, sem meiri hl. n. leggur til.

Pétur Halldórsson [óyfirl.]: Ég vildi segja nokkur orð um till. hv. minni hl. fjvn. í þessu máli. En fyrst vil ég þó láta ánægju mína í ljós yfir því, að efnislega séð hefir till. þessi ekki mætt mótspyrnu. Hv. frsm. minni hl. hefir sagt það í tveim

ræðum, er hann hefir haldið, að góðtemplararegluan þyrfti ekki að óttast um, að hún yrði ekki styrkt til húsbyggingar, ef hún yrði að hverfa af þessari umræddu lóð. Má því reglan vænta þess, að hún verði vel og drengilega studd til að eignast nýja lóð og nýtt hús. Er slíkt fyrirheit gott, enda þótt till. verði ekki afgr. nú, þar sem ekki er um fjárlagaþing að ræða. —

En þrátt fyrir þetta leggur þó hv. minni hl. n. til, að þetta mál sé leyst strax, og að því er mér skilst, þá er sú till. gerð af umhyggju fyrir góðtemplurum og í þágu þeirra. En það er alger misskilningur, að svo sé, því að ef eign góðtemplara er keypt eftir óvilhallra manna mati, þá er eingöngu um hagsmunamál ríkisins að ræða. Eftir því, sem hv. frsm. minni hl. farast orð, þá er fasteignamatsverð þess hluta lóðarinnar, sem góðtemplarar eiga, ekki nema 8—10 þús. kr. Og að kaupa þessa lóð því verði, þó með einhverju álagi sé, er hreint hagsmunamál fyrir ríkið. Þáltill. var flutt í því skyni, að góðtemplararegluuni væri gert fært að koma sér upp miðstöð hér í Reykjavík til styrktar starfsemi sinni í þágu bindindis, en þeirri starfsemi verður maður að vona, að hún haldi uppi framvegis. Nú hefir ekki fengizt að koma upp nauðsynlegu húsi á þessari eign, sökum mótstöðu forseta Alþ. Er því till. flutt með það fyrir augum, að tími sé til þess kominn, að reglunni sé gert fært að bæta aðstöðu sína, svo sem henni er nauðsynlegt. Till. hv. minni hl. bætir vitanlega ekkert úr þessu. En vitanlega ber að líta á góð fyrirheit og góðvild hv. minni hl. Og ég fyrir mitt leyti vildi alls ekki knýja þessa till. okkar fram á þessu augnabliki, ef hv. minni hl. gæti gefið okkur nokkra tryggingu fyrir því, að þau heit, sem hann gefur, verði efnd.

Ég get vel skilið afstöðu hæstv. fjmrh., sem lagði áherzlu á, að ekki væri veitt fé til þessa í fjárl. En ég vil benda á, að í till. er ekkert um það sagt, hvenær þessi kaup skuli fara fram. Stjórnin hefir því í hendi sinni að framkvæma ekki till. fyrr en fé er fyrir hendi; till. gefur þá fyrirheit um, að hún skuli efnd á sínum tíma. Og það er vitanlega ekkert atriði, hvort þetta er gert strax eða frestað um stund. Um það er hægt að semja, að útborgun fari ekki fram fyrr en heppilegt þykir fyrir ríkissjóð.

Ég varð dálítið hissa, þegar hæstv. fjmrh. fór að bera deilur fyrri þinga um 2000 kr. meiri eða minni styrk til góðtemplararegluunar saman við þessa till. Þessu má vitanlega ekki blanda saman. Þá var aðeins um ársstyrk að ræða, er vinna skyldi fyrir að bindindisstarfsemi í landinu. Um það starf og hvernig þeim styrk hefir verið varið hafa árlega verið gefnar fullnægjandi skýrslur. En vitanlega var engin heimild til þess að taka af því fé og leggja fyrir til húsbyggingar. Góðtemplarar eiga því enga digra sjóði til nauðsynlegra bygginga. Og því má heldur ekki gleyma, að móti þeim styrk, sem góðtemplurum hefir verið veittur af Alþ., hafa þeir lagt fram margfalt meira sjálfir. Mér er óhætt að fullyrða, að það fé, sem templarar sjálfir hafa lagt af mörkum til bindindisstarfseminnar í þessi 50 ár, skiptir hundruðum þúsunda, svo að það er næsta ómaklega mælt, þegar sagt er, að þeir hafi eingöngu farið með fé ríkissjóðs. Og ég verð að segja það, að mér finnst það engin goðgá, þótt templarar fari nú eftir 50 ára starf fram á þennan húsbyggingarstyrk, af því að mér er kunnugt um, hvert starf þeirra hefir verið og hve mikils virði. Ég þori því vel að mæla með því, að fé þetta verði veitt, og ég vil leyfa mér að fullyrða, að þeirri upphæð yrði betur varið en mörgu öðru fé, sem Alþingi hefir látið af mörkum úr ríkissjóði.

Ég mun fylgja þeirri brtt. meiri hl. fjvn., að upphæðin sé færð niður í 150 þús. kr. og skipt í húsbyggingarstyrk og starfsstyrk, enda þótt hún nái skemmra en þáltill., þar sem ég tel hana vænlegri til sigurs.

Það er óþarft að ræða margt um sambandið milli þessa máls og afnáms áfengislaganna. Hitt er mál, sem ekki mun verða um deilt, að æskilegt sé fyrir Alþ. og alla þá, sem siðmenningu unna, að bindindisstarfsemin í landinu sé tekin upp með auknum krafti. Og að því einu miðar sú þáltill., sem hérna liggur fyrir.

Pétur Ottesen: Það væri synd að segja, að ekki hafi skinið góðvilji og velvild til

bindindismálsins út úr ræðum allra þeirra, sem talað hafa í þessu máli. Það er vitanlega allrar virðingar vert að láta skína í góðan hug, en óneitanlega slær það nokkurri rýrð á alla þessa velvild, þegar tillögur og allt háttalag þessara sömu hv. þm. gengur í þveröfuga átt. En það hefir því miður viljað við brenna í þessu máli.

Á þessu þingi hefir komið fram mesti fjöldi af þáltill. um útgjöld úr ríkissjóði, án þess að ríkinu væri jafnframt séð fyrir nýjum tekjum. Í sumum þessum till. er farið fram á miklu hærri útgjöld úr ríkissjóði en í þessari till. felst. Ég hefi ekki heyrt hæstv. ráðh. mótmæla þessum útgjaldatill. með einu einasta orði, þangað til nú, að á að fara að styrkja bindindisstarfsemina. Ég hefi t. d. kynnt mér afstöðu hans í Ed. til þáltill. um 100 þús. kr. framlag til sundhallarinnar. Hæstv. ráðh. tók mjög vel undir þessa fjárveitingu og kveinkaði sér þá ekki yfir, að þröngt væri fyrir dyrum hjá ríkissjóði.

Það er fyrst eftir að fram er komin till. um nokkra fjárveitingu til styrktar og eflingar bindindisstarfseminni í landinu, að hæstv. ráðh. fær einhverja aðkenningu af umhyggju fyrir ríkissjóði, sem brýzt nú fram hjá honum í andmælum gegn þessari till. Þó skorti ekki hjá honum fremur en öðrum andmælendum till. fögur orð um góðan hug í garð bindindismálsins, en honum fer það ekki betur en öðrum að vera með slíkt orðagjálfur, samhliða því, sem hann af öllum mætti leggst á móti þeim stuðningi við þetta mál, sem í till. felst.

Hæstv. ráðh. var að tala um, að meiri hl. fjvn. sýndi óvarkárni í meðferð á fé ríkissjóðs með þessari till. Ég get vel fallizt á, að sérstakar ástæður þurfi að vera fyrir hendi til að fara fram á fjárveitingu úr ríkissjóði með þáltill., þegar tekjuvonir ríkissjóðs gera ekki betur en standast útgjöld í fjárlögum. En það hefir nú verið á það bent, að tilefnið til þess, að nú er farið fram á þessa fjárveitingu, eru einmitt þau straumhvörf, sem nú eru að verða í þessum málum hjá okkur og sem talið er, að leiða muni af sér auknar tekjur fyrir ríkissjóð. Það á því ekki við hér, að verið sé að stofna til útgjalda án þess að von sé tekna á móti. Það sýnir heldur ekki mikil heilindi hjá hæstv. ráðh. í umhyggju hans fyrir ríkissjóðnum, þar sem andmælin snúast eingöngu gegn þessari einu till., en engum andmælum er hreyft gegn miklu stærri fjárhæðum til annara hluta.

Þá vantaði svo sem ekki velviljann hjá minni hl. fjvn. Hv. frsm. minni hl. sagðist ekki þurfa að taka fram, að ekki mætti líta svo á, að í brtt. hans fælist nokkur fjandskapur gegn reglunni. En eins og hv. 4. þm. Reykv. hefir sýnt fram á, felst engin úrlausn fyrir regluna í brtt. minni hl., svo að miklu hreinlegra hefði verið af þessum hv. nefndarmönnum að leggjast alveg á móti málinu. Ef góðtemplararareglan byggir hús og vill selja hús sitt og lóð upp í kostnaðinn, getur hún ávallt gert það á þeim grundvelli, sem lagður er í brtt. minni hl. Í henni felst því í rauninni ekki annað en það, að vísa málinu á bug. Eðlismunur á þeirri brtt. og beinni andstöðu við málið er því enginn.

Eins og ég hefi áður tekið fram, liggja hér alveg sérstakar ástæður fyrir. Nú hefir farið fram þjóðaratkvgr. um áfengislögin, og í nokkrum hluta landsins hafa atkv. fallið svo, að nokkur meiri hl. hefir fengizt með afnámi laganna. Ég vil nota tækifærið til að lýsa yfir því, að þótt ég sé afnámi bannlaganna andvígur og telji það óráð, þá verður Alþingi að beygja sig fyrir því, sem ofan á hefir orðið við þessa atkvgr., þó þannig, að í engu sé vikið frá fullkomlega þinglegri meðferð málsins og að forsvaranlegar ráðstafanir séu gerðar samtímis til varnar þeirri auknu hættu af aukinni vínnautn, sem af þeirri breyt. leiðir óhjákvæmilega. En þó að lögin verði nú ekki afnumin á þessu þingi, er sannarlega ekki of snemmt að fara nú þegar að gera ráðstafanir til að efla bindindisstarfsemina og standa á móti voða þeim, sem af ofdrykkju leiðir. Nú stendur einnig svo á, að reglan á 50 ára starfsafmæli hér á landi á næstunni. Allir vita, að bindindisstarfsemin verður fyrst og fremst að byggjast á félagsskap og samtökum, en skilyrði fyrir því, að slíkt geti þrifizt, er, að félagsskapurinn eigi góð og vistleg húsakynni. Reynslan hefir orðið sú um allt land, að templarastarfsemin hefir þá

fyrst farið að blómgast, er góð húsakynni voru fengin. En Reykjavík hefir vaxið úr 4000 íbúum upp í 30 þús. síðan reglan hóf þar starfsemi sína, en þó verður hún enn að búa við hin sömu húsakynni og í öndverðu. Þegar þar bætist nú við, að nú á að opna landið aftur upp á gátt fyrir áfenginu, er óhugsandi annað en að þeir, sem ekki ætla alveg að leggja hendur í skaut, þótt svart sé framundan, reyni að bæta aðstöðu sína, áður en þeir leggja út í þessa baráttu.

Fyrir mörgum árum ætluðu bindindisfélögin að koma sér upp stærra húsi hér í Reykjavík, en voru hindruð í því. Og hverjir voru það, sem hindruðu þau í því? Það var Alþingi sjálft, eða réttara sagt forsetar þess, þótt furðulegt megi þykja. Þeir sendu lögreglustjóra og lögreglu til þeirra, sem að byggingunni stóðu, til að skipa þeim að hætta, af því að réttur góðtemplara til lóðarinnar væri ekki skýlaus og gæti komið í bága við hagsmuni Alþingis. Þannig var það Alþingi sjálft, sem hindraði, að þarna væri reist reisuleg bygging á þeim tíma, og síðan hefir reglan orðið að búa hér við sívaxandi þrengsli til stórhnekkis fyrir starfsemina.

Þegar nú er litið á þessi afskipti Alþingis áður af þessum byggingarmálum, verður skylda þess í þessu máli nú enn ótvíræðari, er það bætist við, að aldrei hefir verið meiri nauðsyn á að efla og styrkja bindindisstarfsemina en einmitt nú. Alþingi hefir undanfarin ár sýnt lit á að viðurkenna þessa nauðsyn með árlegum styrk til starfsemi reglunnar. En þetta er í fyrsta skipti sem reglan fer fram á styrk til að efla og bæta aðstöðu sína á þennan hátt. Við væntum þess, að Alþingi taki þessu máli því fremur vel sem hér í Reykjavík verður sjáanlega eftirleiðis sem hingað til höfuðvígi bindindisstarfseminnar, enda aðstaðan hér bezt og áhrifin héðan mest út um landið.

Nauðsynin á eflingu bindindisstarfseminnar er svo rík og aðkallandi, að Alþ. verður þegar í stað að láta í ljós undanbragðalaust, hvort það vill styðja regluna að þessu leyti í baráttu hennar eða ekki. Ég vil benda á það, að þeir, sem barizt hafa fyrir afnámi bannlaganna, hafa ávallt í ræðu og riti viðurkennt gagnsemi bindindisfélagsskapar. Nú gefst þeim tækifæri að sýna hug sinn í verkinu. Ég þykist því mega treysta því, að þeir standi við orð sín og styðji bindindisstarfsemina öfluglegar en nokkru sinni fyrr.

Hv. frsm. minni hl. sagði, að Alþingi væri ekki bundið við þál. fram yfir það, sem felst í samningum ríkisstj. Ég vil geta þess, að þeir samherjarnir í minni hl. fjvn. hafa litið öðruvísi á þetta, þegar um ábyrgðir fyrir einstök félög hefir verið að ræða, því að í Nd. hafa verið samþ. tvær slíkar ábyrgðir með fullu jákvæði þeirra beggja. Hér gildir hið sama og um ábyrgðirnar, að vikið er frá venjulegri braut, vegna aðkallandi nauðsynjar, en auðvitað hefði þessi fjárveiting og ábyrgðarheimildirnar verið bornar fram í sambandi við fjárlög, ef um venjulegt fjárlagaþing hefði verið að ræða.

Hv. frsm. minni hl. sagði, að við, sem stöndum að till., og meiri hl. fjvn. ætluðum að selja ríkinu það, sem ríkið á. Þetta er fjarri lagi. Má í því sambandi benda á, að við höfum nú í því falli ekki lakari heimild fyrir okkur en fasteignamatið í Reykjavík. Það á að gefa upplýsingar um, hverjir séu eigendur allra fasteigna á þeim tíma, sem matið fer fram, en allar breytingar, sem verða á eigendum fasteigna í bænum, eru skráðar í veðmálabækur hjá lögmanni. Við höfum farið eftir fasteignamatinu og ennfremur kynnt okkur, hvort nokkur breyt. hafi átt sér stað síðan fasteignamatið fór fram, og af þeim heimildum verður ekki annað séð en reglan sé lögmætur eigandi lóðarinnar, og við getum ekki séð neina ástæðu til að rengja þær heimildir að fyrra bragði.

Frsm. minni hl. (Jón Sigurðsson): Þetta er í seinasta skipti, sem ég hefi leyfi til að tala í þessu máli, og skal ég ekki vera mjög langorður, en þó eru nokkur atriði, sem ég hlýt að svara. — Hv. 4. þm. Reykv. minntist nokkuð á þetta mál og ræddi um það fram og aftur. M. a. minntist hann á till. okkar minni hl. í því sambandi. Ég vil taka það fram, að það er á valdi stj., hvenær eignin verður keypt. Það er ekki bundið neinum ákveðnum tímamörkum. Verður það að okkar áliti að vera komið undir samkomulagi ríkis-

stj. og góðtemplara. — Þá spurði þessi hv. þm., hvort við gætum sett tryggingu fyrir því, að reglan fengi ríflegan styrk á næsta þingi. Ég held, að það sé óþarfi að spyrja þannig, því að hvorugur okkar og enginn þeirra, sem hér eiga sæti nú, eiga víst að sitja næsta þing. Getur því enginn slíka tryggingu sett. En ef ég ætti sæti hér á næsta þingi, myndi ég frekar stuðla að því, að reglan fengi styrk. Annað hefi ég ekki um það sagt. — Þá var það hv. þm. Borgf., sem lét svo um mælt, að honum þætti lítil vinsemd felast í till. okkar minni hl. Í till. er ekki gert annað en að reyna að binda enda á þetta vandamál, sem hefir verið að vefjast fyrir þinginu í mörg, mörg ár. Fyrir okkur er þetta algert viðskiptamál og við viljum halda því algerlega á viðskiptalegum grundvelli. Templarar vilja gjarnan losna við húsið og lóðina. Við gefum kost á, að þingið kaupi þetta fyrir sannvirði, að dómi óvilhallra, dómkvaddra manna. Ég get ekki gengið inn á, að hér sé verið að blanda inn í styrk eða öðru, sem er óviðkomandi. Því á að halda utan við og meiri hl. fjvn. viðurkennir þetta í reyndinni með till. sinni, því að hún klýfur hina upphaflegu till. í sundur og áætlar kaupverðið 75 þús. kr., sem meiri hl. n. telur vera mjög nærri því rétta, miðað við sölu slíkra húsa og lóða hér í Reykjavík. Minni hl. telur, að þeir hafi ekki hitt á hinar réttu tölur, og því eðlilegra að fara leið minni hl., því að í raun og veru á þetta að haldast, öðrum þætti a. m. k., sem hreint viðskiptamál. Því þá ekki að gegnumfæra málið og gera það algerlega hreint?

Hv. þm. Borgf. sagði, að templurum myndi ekki nein þægð í þessari till. Ég segi bara: Þeir um það. Þeir geta gert það upp við sjálfa sig. En þó gæti nú svo farið, að þeir ættu ekki önnur boð betri en þau, sem hér liggja fyrir. Ég get sem sé varla séð, eða þykir a. m. k. ósennilegt, að hús, sem stendur á annara lóð og sú kvöð fylgir að verða að fara burt með það, þegar eigendunum þóknast, að það sé seljanlegt fyrir hærra verð en óvilhallir, dómkvaddir menn meta.

Ég skal ekki ræða mikið um þau olnbogaskot, sem hv. þm. Borgf. var að gefa okkur andmælendunum, bæði meirihluta-till. og svo andmælendum hinnar upphaflegu till., sem nú virðist eiga að hverfa úr sögunni. Hv. þm. vildi skoða það sem fjandskap við regluna, sem kæmi þar í ljós. Ég skal láta það liggja milli hluta og ekki fara neitt að verja mig persónulega eða aðra þá, er að þessu máli standa. En ég hefi ekki getað komið því inn í mitt höfuð, þrátt fyrir nokkra viðleitni hv. þm. Borgf., að bindindisstarfseminni í Reykjavík væri svo mikill fengur að þessari tryggingu, að á því mundi velta öll framtíð þessa máls, að þeir næðu nú að byggja hér höll fyrir ¼ millj. En það mun láta nærri, að sé sú upphæð, sem þeir ætla að byggja fyrir. Ég býst við, að bindindisstarfsemin græði ákaflega lítið á þessu, a. m. k. hlaupi ekki neinn fjörkippur í starfið úti um land. Ef hér hefði verið að ræða um annan félagsskap en góðtemplara, þá þekki ég hv. þm. Borgf. illa, ef hann hefði ekki snúizt öndverður í slíku máli. En það er um hann eins og ýmsa aðra templara, að þeir sjá nálega svart, þegar rætt er um bindindismál, svo það er ekki hægt að koma nokkru viti fyrir þá með neinum skynsamlegum röksemdum. Hann taldi, að með þeim ábyrgðarheimildum, sem við höfum samþ. í fjvn., værum við að binda vilja síðari þinga. Ég sé ekki neitt ósamræmi í gerðum minni hl. og ræðum hans. Við höfum haldið því fram, að slíkar till. gætu ekki samkv. eðli sínu verið bindandi, nema þar fylgdu á eftir samningar. Og það er svo um ábyrgðarheimildir. Ég veit ekki betur en að nú sé verið að leita endurveitingar á gamalli ábyrgðarheimild, sem ekki hefir verið bundin neinum samningum og ekki notuð; hún hefir því verið talin gengin úr gildi. Það hefir verið litið svo á af hlutaðeigendum, að þetta gilti í raun og veru ekki lengur. Fyrri þing geta ekki bundið núv. þm. með þeim ákvæðum, sem þau þá gerðu. Ég sé ekki, að við séum að neinu leyti í ósamræmi við gerðir okkar í málinu. — Loksins kom svo að lokaþætti hjá hv. þm. Borgf., sem var sá, að það væru jafnvel villandi upplýsingar, sem ég hefði komið með viðvíkjandi lóðinni. Ég sneri mér fyrst til tollstjórans í Reykjavík, Jóns Hermannssonar, en hann vísaði mér til Sigurjóns Sigurðssonar og

sagði mér, að hann hefði öll gögn þessu viðvíkjandi og hjá honum gæti ég fengið hinar fyllstu upplýsingar. Skildist mér, að hann hefði verið ritari hjá n., eða a. m. k. haft mikið með þetta að gera. Þessi maður skýrði mér frá því, að á stærð lóðarinnar hefði engin breyting orðið síðan 1916, og ég vil benda þeim, sem efast um þetta, á að bera saman lóðarstærðina, 892 m², við þá tölu, sem gefin er upp í málsskjölunum, þar sem málið er rekið fyrir hæstarétti, og sjá þar, hvort um er að ræða lóð templara eina eða lóðina í heild. Það er ljósasta sönnunin, sem ekki er hægt að vefengja.

Gísli Sveinsson [óyfirl.]: Það er e. t. v. synd að biðja um orðið í þessu máli, þar sem ganga má út frá, að hv. þdm. séu orðnir nokkuð leiðir á umr. þessum. En það hefir komið fram í þeim umr., sem haldið hefir verið áfram hér í dag, að ennþá er ekki ljóst, hvað þeir vilja. Það er ekki ennþá ljóst, hvað þeir *menn* vilja, sem á einn eða annan hátt vilja stuðla að því, að gengið verði inn á hugsun hinnar upphaflegu till., hvort þeir vilja láta kaupa þessa lóð af reglunni með húsinu á einn eða annan hátt, hvort þeir vilja fyrirfram vera ákveðnir í því að selja lóðina ekki, nema fyrir hana fáist visst verð, því að það er greinilegt af till. þeim, sem fyrir liggja, að n. greinir á um þetta. Minni hl. telur, að nægilegt muni, og býst við, að reglan muni ganga inn á það, að eignin sé verðlögð eftir mati. — Nú er réttur templara til lóðarinnar e. t. v. miklu meira takmarkaður en flm. till. ætla. Menn hafa deilt hér um, hvort fasteignamatið síðasta greini rétt frá í þessu efni. Það virðist vera nokkurnveginn upplýst, að fasteignamatið greini ekki rétta eignarheimild að lóðinni. Það hefir tekið þann kostinn, að hún væri í fyrirsvari fyrir allri þessari lóð án þess að geta um þær kvaðir, sem á henni hvíla, sem sé þá kvöð a. m. k., að Alþ. reiknar sér mikinn hluta lóðarinnar, eftir því sem dómsúrskurður hefir fallið. Þegar menn greinir á um, hvað í kaupin á að fara og hvað á að greiða fyrir, þá er ekki gerlegt að afgr. málið á þann veg, sem til er ætlazt eftir till. meiri hl. eða minni hl. n. Ef þess er gætt, hver ástæða þdm. hefir verið frá upphafi, þá eru það líka nokkur andmæli gegn því, að hrapað sé að þessu nú, því að bæði ég og ýmsir fleiri eru þeirrar skoðunar, að þessa lóð eigi alls ekki að kaupa, — þvert á móti að gefa þeim lóðina, þ. e. a. s. afhenda þeim hana kvaðalaust og hætta að tala um, að ríkið eigi að kaupa nokkurn hluta lóðarinnar eða húsið, því að Alþ. hefir ekkert við þetta að gera. Það er óþarfi að fara í það lóða- og húsabrask, því að það, sem fyrir Alþ. gæti hafa verið einhver hagsmunavon, er nú alveg úr sögunni, því að menn eru sammála um, að hér verður ekki byggt nýtt þinghús. Hið eina, sem gæti komið til greina, er að kaupa þessa eign og braska með hana, en alls ekki að eiga hana. Hv. þm. Borgf. gat þess, að undanbragðalaust yrði það að koma fram nú, hvort menn vildu styrkja regluna eða ekki. Það er ástæðulaust að setja slíkt úrslitaorð, því að ekkert „ultimatum" getur komið fram nú, því að Alþ. sýnir, að það vill styrkja regluna til góðra starfa og ekkert nýtt er uppi á teningnum á þessu þingi í þá átt, að svo verði ekki gert, þó að menn vilji ekki setja sig á móti því, að þjóðarviljanum verði fullnægt og bannið afnumið. Ég álít ekki tímabært að krefja Alþ. aukins styrks til reglunnar fyrr en breytt áfengislöggjöf er komin á. Því ef ætti að binda það því skilyrði, að þá fyrst geti komið til mála með svo óvenjulega mikinn styrk til reglunnar, að starf hennar væri komið í hið nýja horf og hún ætti að fara að vinna að gangi og gengi bindindismálsins í landinu undir nýju viðhorfi, sem myndast þegar bannið verður afnumið, þótt menn eins og ég geti fellt sig við till. minni hl., svo hljóðandi: „Alþ. ályktar að heimila ríkisstj. að kaupa hús og lóð góðtemplara við Vonarstræti og Templarasund í Rvík eftir mati óvilhallra dómkvaddra manna". Þetta er sú eina afgreiðsla, sem vit er í á þessum grundvelli. Ég sé ekkert á móti því að setja inn í þessa heimild til ríkisstj.: „þegar núgildandi áfengislöggjöf er afnumin". Nú er fé vitanlega ekki fyrir hendi. Það hefir verið ýmislegt samþ. á þessu aukaþingi, sem eykur ábyrgðir ríkissjóðs, en það eru ekki beint fjárútlát. Tillögumenn hafa ekki bent á eina einustu leið til fjáröflunar og munu ekki

geta bent á neina leið til að standast slíkan kostnað, sem af samþ. þessarar till. myndi leiða. Það er því rétt að gera algerða verzlun, og mér þótti það furðu loðið hjá hæstv. fjmrh. að vilja reyna að draga fjöður yfir, að sú skoðun, sem hann setti fram, væri í raun og veru verzlun. Hann benti á, sem hv. þm. Str. samþykkti, að kostnaðurinn við bindindisstarfsemina ætti að koma frá brennivíninu, sem hingað eigi að leiða. Ég skal ekki dæma um það, hvort hv. þm. Str. hefir að áliti templara farið þarna of langt, en hann komst að réttri niðurstöðu. Hann hefir áður verið ráðh., þessi hv. þm., og hann varð að viðurkenna frá sjónarmiði fjmrh., að þetta væri ekki einungis rétt, heldur einnig nauðsynlegt. (**JakM:** Sjálfsagt!). Ég gat um, að hv. þm. Borgf. hefði sett úrslitaorð um afgreiðslu þessa máls, sem ég og væntanlega mikill hluti d. ekki vill kannast við. Það er ekkert bundið við styrk til reglunnar framvegis, hvort menn vilja rasa að þessu um ráð fram eða ekki. Þá gat hann þess einnig, að starfsemi reglunnar væri nú 50 ára. Hv. þm. vildi benda á, að nú ætti að minnast þessa annaðhvort með velvild eða fjandskap. Hann virðist ætla, að fjandskapurinn komi fram í því, að menn gleypi ekki við þessum till. Það þarf ekki að brýna þá menn á því, þótt andbanningar hafi verið í umræðum, að nú verði þeir að sýna það í verki. Í þessu geta þeir ekki sýnt það, en það kemur til síðar. En nú vil ég stinga upp á, og sérstaklega beina því til bannmanna, sem ennþá kalla sig, þótt bannið sé nú afnumið, hvort þeir vilja ekki ganga inn á það, sem ég benti á við 1. umr. málsins, að þingið gefi þeim lóðina — og hvort þeir geri sig ekki ánægða með það. Ég vil gera gangskör að því, að þetta verði minningargjöf um 50 ára starf reglunnar og láta síðan niður falla ágreining um þetta mál, svo að templarar geti í friði undirbúið sig undir byggingu hins nýja húss og starfið, sem bíður þeirra undir hinu nýja viðhorfi. Þá mun ég leggja fram, til þess að sjá, hvað þessir menn gera áður en allar till. þeirra verða drepnar hér, svo hljóðandi rökst. dagskrá:

Þar sem þingdeildin að athuguðu máli sér ekkert því til fyrirstöðu, að góðtemplarar fái í hendur kvaðalaust alla lóð þá, sem till. ræðir um, til húsbyggingar þar, og í trausti þess, að ríkisstjórnin fullgeri slíka samninga við regluna, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Jakob Möller: Það er varla hægt að ganga til atkv. um þessa rökst. dagskrá án þess að vita, hvað hæstv. stj. myndi gera, ef hún yrði samþ., hvort hún myndi treysta sér að fara eftir henni. Annars er þetta blekking og svik. Ég verð því að óska þess, að hæstv. ríkisstj. gefi yfirlýsingu um þetta áður en gengið er til atkv. og hvort hún muni létta þeirri kvöð af lóðinni, sem á henni hvílir. Annars hefi ég mikla tilhneigingu til að greiða atkv. með þessari dagskrá, en án yfirlýsingarinnar verð ég hiklaust á móti henni.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég geri ráð fyrir, að stj. myndi ekki telja sér heimilt að afhenda neitt það, sem nú er eign ríkissjóðs, eftir dagskrártill., þótt samþ. væri í annari deildinni. En ef færi í gegnum báðar d. till. um slíka afhendingu, þá væri komin full heimild til þess. Annars er ég ekki sammála dagskrártill. um það, að ríkið eigi að sleppa þessari lóð. Það er sama, hvað þarna á að byggja. Eignin er verðmæt. Ríkið á ekki að afsala sér, a. m. k. ekki fyrir ekki neitt, möguleika þeim, sem nú er fyrir hendi til að eignast þessa lóð. Hv. þm. V.-Sk. sagði, að það væri hrein verzlun, ef áfengislöggjöfinni yrði breytt, að stúkurnar yrðu þá jafnframt styrktar. Þetta er engin verzlun. Það er bæði orsök og afleiðing og ekki nema eðlilegt, að orsökin fari á undan afleiðingunni. Og þess vegna er það einnig eðlilegt, að styrkurinn verði veittur síðar sem afleiðing þess, að lögunum hafi áður verið breytt.

Þegar talað er um verzlun í þessum efnum, þá styrkir það aðeins þá röngu hugmynd hv. 1. þm. Reykv. og ef til vill fleiri, að það eigi máske að þrýsta stúkunum til þess að breyta starfsháttum sínum. Það eigi að verzla þannig, að stúkurnar fái 100 þús. kr., ef templarar lofi því að hætta starfsemi sinni og e. t. v. að drekka upp alla fjárhæðina. Það er engin verzlun að veita góðtemplarareglunni

styrk til bindindisstarfsemi í landinu og breyta áfengislöggjöfinni í samræmi við þjóðaratkvæðagreiðsluna. Þetta tvennt er ekki andstætt, heldur á það samleið.

Um afstöðu mína gagnvart öðrum till. til nýrra útgjalda úr ríkissjóði, sem fram hafa komið á þessu aukaþingi, skal ég segja hv. þm. Borgf. það, að ég mun ekki styðja þær né styrkja, enda þótt ég treysti mér hinsvegar ekki til að drekkja þeim í orðaflóði. — Þetta eru flest kjördæma- og kjörfylgistillögur, sem ýmsum hv. þm. kemur vel að hafa heim með sér, til þess að njóta þeirra við næstu kosningar. En ég treysti því, að á næsta þingi verði þær teknar til ýtarlegrar athugunar og að örlög þeirra verði þá endanlega ákveðin. En um till. þá, sem borin hefir verið fram í hv. Ed. um endurveitingu á 100 þús. kr. úr ríkissjóði til sundhallarinnar í Rvík, eru alveg sérstakar ástæður fyrir hendi. Stj. var skylt að leggja þessa upphæð fram fyrir tveim árum, þegar þess var krafizt af Reykjavíkurbæ, en þá var neitað um það á sínum tíma. Nú er greiðsluheimildin fallin úr gildi, en hinsvegar hefir Rvíkurbær lagt fram þrefalda upphæð á við ríkissjóð til sundhallarinnar. Þess vegna er ekki hægt með réttum rökum að neita um þessa fjárveitingu. (**PO**: En það vantar peninga til þess jafnt fyrir því). Já, það vantar peninga, en stj. hefir líka sagt, að hún gæti ekki á þessu þingi gefið fullnaðarsvar um þetta framlag úr ríkissjóði, heldur mundi það síðar verða gefið borgarstjóranum í Reykjavík, áður en verkið yrði hafið. Hinsvegar er ég mótfallinn þeirri þáltill., sem nú liggur hér fyrir í Nd., að ákveðið verði á þessu þingi 200 þús. kr. framlag til sundhallarinnar. Sú ákvörðun verður að bíða næsta þings, hvort ríkissjóður á að leggja meira fram til þessa fyrirtækis en þingið skuldbatt sig til í upphafi. En hitt er hægt að ákveða nú, hvort stj. skuli greiða það framlag, sem áður var búið að lofa.

Gísli Sveinsson [óyfirl.]: Herra forseti! Ég vil aðeins skýra afstöðu mína til dagskrártill. Hún er fram komin til þess, að hv. þm. fái tækifæri til að lýsa afstöðu sinni til málsins. Við flm. hennar viljum alls ekki gera kaup á lóðinni; við viljum heldur ekki drepa þær till., sem fyrir liggja, án þess að færa rök fyrir hvers vegna.

Ef þeir hv. þdm., sem vilja fá afgreiðslu á málinu á þessu þingi, telja ekki dagskrártill. fullnægjandi, þá er það þeirra að finna leið til þess, að Alþingi afsali sér rétti til lóðarinnar á þessu eða næsta þingi. Þetta er það, sem við flm. dagskrártill. viljum lýsa yfir. Hún nær það, sem hún nær, en ekki lengra. Hæstv. fjmrh. hefir lýst því yfir, að hann treysti sér ekki til að framkvæma afhendingu á eigninni, þó dagskráin verði samþ. Við það er ekkert að athuga. Þeir, sem ekki vilja sætta sig við það, verða þá að afla frekari heimilda.

Jakob Möller: Ef hv. þm. V.-Sk. vill lýsa yfir vilja sínum í þessu máli, þá á hann auðvitað að gera það með því að draga dagskrártill. til baka og koma með brtt. sama efnis við síðari umr. Og vil ég beina þeirri ósk til hans, að hann taki dagskrártill. sína aftur nú þegar, svo að hægt sé að bera fram efni hennar með brtt. við þáltill., því að annars geta þeir, sem eru algerlega á móti málinu, misnotað dagskrártill., þannig, að samþ. hana til þess að eyðileggja málið í heild.

Gísli Sveinsson [óyfirl.]: Herra forseti! Þar sem mér skilst, að þeir hv. þdm., sem standa að þáltill., vilji fá dagskrártill. breytt í annað form, og þar sem bent hefir verið á, að hún geti valdið glundroða við afgreiðslu málsins, þá mun ég taka dagskrártill. aftur. En ef þáltill. skyldi nú falla við atkvgr., þá er það á ábyrgð þeirra, sem óska, að dagskrártill. sé tekin aftur. Dagskrártill. er því hér með tekin aftur. (**HJ**: Dagskrártill. er tekin upp aftur).

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Ég vil aðeins beina þeirri fyrirspurn til hv. þm. V.-Húnv., hvort hann taki dagskrártill. upp að athuguðu máli. Orðalag dagskrártill. er alleinkennilegt, þar sem tekið er fram, að hún sé flutt að athuguðu máli. Með því virðist svo sem hv. flm. vilji gefa það til kynna, að dagskrártill. séu venjulega ekki fluttar með slíkum forsendum.

Ég tel ekki tilhlýðilegt, eins og hv. 1. þm. Reykv. tók réttilega fram, að þetta mál sé afgr. á þann hátt, sem dagskrártill. getur leitt til, meðan ekki er vitað, að það sé í samræmi við vilja aðila sjálfra. Ég mun fylgja efni dagskrártill. sem viðbótarheimild við þál., annars ekki.

Frsm. meiri hl. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil aðeins benda á, að dagskrártill. horfir allt öðruvísi við nú, eftir að hv. þm. V.-Húnv. hefir tekið hana upp, heldur en frá því sjónarmiði og hugarfari, sem hún var flutt af hv. þm. V.-Sk. Það kom fram hjá hv. flm. velvilji í þá átt að leysa málið, að vísu á þeim grundvelli, sem felst í dagskránni, þar sem hann, að framkominni aths. frá hv. 1. þm. Reykv., vill athuga, hvort ekki sé rétt að flytja efni dagskrárinnar í öðru formi við síðari umr. Aftur á móti hygg ég, að hv. þm. V.-Húnv. taki dagskr. upp af allt öðrum forsendum, sem sé þeim, að hann vilji einungis eyðileggja málið.

Hannes Jónsson: Ég á bágt með að skilja það, að dagskrártill. hafi versnað svo ákaflega mikið við það, þó að ég taki hana upp. Ég held hún hafi miklu fremur skánað. Og ég hefi þær málsbætur, að það var yfirlýsing hæstv. fjmrh., sem kom mér til að taka dagskr. upp aftur.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá þm. V.-Sk. tekin aftur af flm., en tekin upp af þm. V.-Húnv. og felld með 18:3 atkv.

Brtt. 125,1 (ný tillgr.) samþ. með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JakM, JÓl, PHalld, PO, TrÞ, VJ, ÞorlJ, BSt, BÁ, EystJ, FJ, HG, IngB, JörB.

nei: JJós, JP, JS, MG, ÓTh, TT, ÞÞ, ÁÁ, GSv, GÍ, HStef, HJ, HV.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

Brtt. 125,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Brtt. 157 kom ekki til atkv.

Till. vísað til síðari umr. með 18:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: TrÞ, VJ, ÞorlJ, ÞÞ, BSt, BÁ, EystJ, FJ, HG, HV, IngB, JakM, JÓl, MG, PHalld, PO, TT, JörB.

nei: ÁÁ, GSv, GÍ, HStef, HJ, JJós, JP, JS, ÓTh.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

Fyrirsögn eftir atkvgr.:

Till. til þál. um kaup á húsi og lóð góðtemplara í Reykjavík og húsbyggingarstyrk.

Á 23. fundi í Nd., 30. nóv., var till. tekin til síðari umr. (A. 213, 214).

Ólafur Thors: Það liggur hér fyrir brtt. frá þeim hv. þm. V.-Sk., 1. þm. Reykv. og þm. Snæf., sem ég bjóst við, að einhver þessara ágætu ræðumanna myndi tala fyrir. (GSv: Það er búið). Nei, en það er búið að tala á móti henni. Það gerði hv. þm. V.-Sk. af mikilli mælsku og rökfimi. Ég hefi oft dáðst að mælsku þessa hv. þm., en ég verð að viðurkenna, að honum hefir sjaldan tekizt betur upp en einmitt þegar hann var að tala á móti því, er þeir þremenningarnir nú flytja till. um. Ég hefir áður lýst afstöðu minni til þessa máls, og hún er sem kunnugt er sú, að á meðan templarar hafa sem forstöðumenn fyrir sínum málum slíka menn, sem þeir hafa nú, menn, sem alls ekki eru hugsjón þeirra samboðnir, þá vil ég ekki veita þeim hin umbeðnu fríðindi. Annars er ég ekki reiðubúinn að segja um það nú, hvort sá styrkur, sem templurum verður veittur á sínum tíma til aukinnar bindindisstarfsemi í landinu, skuli veittur í þessu formi eða á annan hátt. Það eru a. m. k. sterkar raddir, sem halda því fram, að frekar beri að veita hann í öðru formi en hér er farið fram á.

Það er alkunna, að núv. forvígismenn templara hafa ráðizt á forsrh. og fleiri þm. með miklum svívirðingum, bæði í málgagni sínu og í gegnum útvarpið, og ég hefi enga vissu fyrir því, að þeir selji ekki þessa umræddu lóð, ef þeim verður afhent hún, noti andvirðið til þess að ferðast út um landið og halda áfram sinni fyrri iðju, að svívirða þá hina sömu menn, sem veita þeim þessi fríðindi.

Þorsteinn Þorsteinsson [óyfirl.]: Þegar kaup og sala fer fram, þá þykir það ávallt æskilegast og mikilsvert, að viðskiptin séu hrein og byggð á heilbrigðum grundvelli. En hér virðist kveða við

annan tón í þáltill. þeirri, sem samþ. var í þessu máli í fyrradag. Matsverð það, sem lagt var til grundvallar þar, var á miklu stærri lóð en þeirri, sem kaupa á. Lóðin, sem kaupa á, er aðeins ⅓ af allri þeirri lóð, sem virt var við fasteignamatið sem lóð sú, sem fylgdi templarahúsinu. Það mun láta nærri, að lóðin öll sé virt um 25 þús. kr. og húsið rúmar 25 þús. Verður hið raunverulega fasteignamat eignar þeirrar, sem selja á, sem sé húsið og ⅓ lóðarinnar, um 33 þús. kr. Sé nú bætt við fasteignamatið 25%, sem er talið fyllsta álag á það, þegar selja á hús og lóðir í bænum, verður sannvirði eignarinnar um 40 þús. kr. Þessa eign á ríkið nú að kaupa fyrir 75 þús. Á þessu má sjá, hvernig kaup ríkissjóði er ætlað að gera í þessum viðskiptum. Ég fyrir mitt leyti verð því að taka það fram, að ég tel með öllu ósamboðið virðingu þingsins að ganga út á slíka verzlunarbraut sem þessa. Það heldur því aðeins áliti sínu og virðingu, að það leggi ekki út í neitt brask, heldur kaupi þær eignir, sem það vill fá eignarhald á, fyrir sannvirði, en sannvirði eignanna er bezt tryggt með því að láta óvilhalla menn meta þær. Verði horfið að því ráði að kaupa þessa eign góðtemplara, þá tel ég alveg sjálfsagt, að þeim kaupum verði alveg haldið sérskildum við allar styrkveitingar til reglunnar, eins og við í minni hl. fjvn. leggjum til. Að blanda því hvorutveggja saman, eins og að nokkru leyti er gert í till. meiri hl., er alls ekki rétt. Styrk þann, sem reglan fær, hvort heldur hann er til húsbyggingar eða annars, ber að telja sérstaklega, en fela hann ekki í öðrum gjaldaliðum.

Um gjöf þá, sem hér er farið fram á til handa reglunni, er það að segja, að mér finnst það nokkuð mikið örlæti að troða upp á hana fasteignum ríkissjóðs, og það gefins, án þess að nokkur ósk um slíkt hafi komið frá henni sjálfri, og því spursmál, hvort hún í raun og veru kærir sig nokkuð um slíka gjöf. Þá er og ekkert tekið fram um það, að reglan megi ekki braska með lóð þessa, selja hana hverjum sem bezt býður. En það væri þó hið minnsta skilyrði, sem hægt væri að setja, að hún yrði að byggja á lóðinni sjálf. Annars verð ég að telja það mjög varhugavert fyrir ríkið að ganga inn á þá braut að fleygja frá sér lóðum eða lóðapörtum, sem það á í beztu stöðum bæjarins, og má vel vera, að sá tími komi, að það þyki verr farið, að lóð sú, sem hér er um að ræða, hafi verið látin úr eign ríkissjóðs. Ég er því alveg mótfallinn því að selja lóð þessa að svo vöxnu máli.

Frsm. minni hl. (Jón Sigurðsson): Ég hafði hugsað mér að blanda mér ekki mikið í þær umr., sem farið hafa fram um þetta mál nú, en þar sem komið hefir fram brtt. við það, vildi ég gera grein fyrir afstöðu minni til hennar, og þá málsins í heild. Eftir brtt. verður ekki annað séð en að góðtemplurum sé heimilt að fara með lóð þessa eftir sínum geðþótta; þeir geta selt hana eða leigt, eða byggt á henni. Verði byggt á lóðinni, myndi koma hár múrveggur sunnan við alþingishúsgarðinn, sem myndi byrgja að mestu fyrir, að sól næði að skína í garðinn. Hann yrði því í forsælu, og gæti þá orðið hætta á því, að það mikla verk, sem í garð þennan hefir verið lagt, allt frá tíð Tryggva sál. Gunnarssonar, yrði að engu gert, og garðurinn þá ekki heldur lengur sú prýði, sem hann er nú.

Því hefir verið hreyft, að flytja bæri Alþingi úr þessum sölum og því væri ekki ástæða til að halda í þessa lóð. Þetta eru að sjálfsögðu allt bollaleggingar, sem ekki hafa við neitt sérstakt að styðjast. Alþingi hefir þvert á móti ekki alls fyrir löngu gert ráðstafanir til þess að bæta við eign sína hér, með því að kaupa lóð Halldórs Friðrikssonar, sem eingöngu mun gert með það fyrir augum, að það þurfi að færa út kvíarnar, og ennfremur til þess að koma í veg fyrir það, að byggt yrði fast við alþingishúsgarðinn að sunnan. Þetta hefir mér skilizt vera stefna Alþingis í þessu máli hingað til. En nú bregður svo undarlega við, að nú vilja hv. þdm. endilega fara að afhenda eða gefa nokkurn hluta af lóð alþingishússins.

Það mun hafa verið um 1900 sem farið var að kvabba til Alþingis um það, að ríkið gæfi lóðir einum og öðrum. Þetta kvabb hefir aldrei þagnað síðan, og dálítið hefir verið að því gert að farga lóðum ríkisins; t. d. hefir verið fargað

nokkru af lóðunum kringum Arnarhól. Ég er að vísu ekki gagnkunnugur þar, en ég hygg, að það sé nú farið að sneyðast þar um þær lóðir, sem ríkið á og komið getur til mála að byggja á.

Næsta sporið í lóðamálum ríkisins er svo það, að ríkið fer að kaupa lóðir. Það var hér fyrir skemmstu, að ríkið keypti lóðir hér í grennd fyrir stórfé. Ég get nú ekki að því gert, að mér finnst það næsta hlægilegt brask, sem ríkissjóður hefir hér verið látinn reka. Ef það hefði verið privatmaður, sem hefði hagað sér eitthvað líkt þessu, að henda frá sér ágætum lóðum fyrir lítið eða ekki neitt, en kaupa svo aðrar dýrum dómum, þá hefði sá maður verið talinn fífl eða hreinasti fjármálaglópur, og ég sé ekki betur en að till. sú, sem hér liggur fyrir, sé beint áframhald á þeim leik, sem leikinn hefir verið á Alþingi í þessu efni. Mín afstaða er því sú, að ég er og hefi alltaf verið á móti öllum þessum lóðagjöfum. Ég hefi álitið, að ríkið ætti að halda um sitt í þessu efni. Það er enginn kominn til þess að segja, hvaða breytingar kunna að verða hér á næstu 10 til 20 árum. Það verður a. m. k. að skoða það sem einbera heimsku að gefa lóðir ríkisins í miðbænum, þó ekki sé sjáanlegt, að ríkið þurfi að láta byggja á þeim í næstu framtíð. Það er öllum vitanlegt, að þessar lóðir eru verðmætar eignir, sem ekki falla í verði, heldur hækka. Ég get ekki neitað því, að afstaða Alþingis í þessu máli er hreint og beint kátbrosleg. Í 10 ár hefir staðið látlaust þref og málaferli milli Alþingis og góðtemplarareglunnar um það, hver eigi þessa lóð. Alþingi hefir gert sérstakar ráðstafanir til að hindra það, að templarar byggðu á þessari lóð. Það eru forráðamenn allra flokka, sem staðið hafa að þessum ráðstöfunum. Alþingisforsetar úr öllum þingflokkum, Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl., munu hafa staðið sem einn maður gegn góðtemplarareglunni í þessu máli og ekki viljað láta af hendi eina alin af þessari lóð Alþingis. Og forsvarsmenn Alþingis hafa ekki einasta verið á verði gagnvart reglunni í þessu efni, heldur meira að segja þeim ríkisstofnunum, sem komið hefir til orða, að fengju að byggja á þessari lóð. Ég vil því til staðfestingar, með leyfi hæstv. forseta, lesa svar allra forseta Alþingis 1929 í tilefni af þeirri till., að landssímastöðin hér í Rvík yrði reist á lóðinni:

„Árið 1929, þriðjudaginn 21. maí, áttu forsetar og varaforsetar Alþingis fund með sér í alþingishúsinu. Hafði forseti sameinaðs þings boðað til fundarins.

Á fundinum voru: Magnús Torfason, forseti sameinaðs þings. Guðmundur Ólafsson, forseti efri deildar. Benedikt Sveinsson, forseti neðri deildar. Ásgeir Ásgeirsson, varaforseti sameinaðs þings. Jón Baldvinsson, fyrri varaforseti efri deildar. Ingvar Pálmason, annar varaforseti efri deildar. Þorleifur Jónsson, fyrri varaforseti neðri deildar. Annar varaforseti neðri deildar, Jörundur Brynjólfsson, var farinn úr bænum.

Út af tilmælum, er fram hafa komið um, að forsetar leyfðu, að fyrirhuguð landssímastöð og bæjarsíma yrði reist á templaralóðinni sunnan við alþingishúsið, voru allir fundarmenn einhuga um að lýsa yfir, að ekki kæmi til mála að leyfa að reisa stórhýsi á þeirri lóð eða ráðstafa henni til annara, meðan ekkert væri ákveðið um flutning þingsins á annan stað en nú stendur það.

Fundi slitið.

Magnús Torfason. Guðmundur Ólafsson.
Benedikt Sveinsson. Ásgeir Ásgeirsson.
Þorleifur Jónsson. Ingvar Pálmason.
Jón Baldvinsson.“

Það er ekki einungis gegn reglunni, sem forsetar þingsins hafa tekið þessa afstöðu, heldur einnig gagnvart ríkisstofnun. En nú er komið annað hljóð í strokkinn. Eftir að Alþingi er búið að fá sér tildæmdan eignarrétt á lóðinni, ekki einu sinni með undirréttardómi, heldur hæstaréttardómi, þá vilja þessir hv. flm. brtt. rjúka til og gefa reglunni lóðina. Jú, gerið þið svo vel, ykkur er velkomið að eiga lóðina, ef þið viljið.

Gísli Sveinsson [óyfirl.]: Herra forseti! Ég áleit í öndverðri þessari umr., að ekki gerðist þörf á að mæla með brtt. minni og meðflm. minna frekar en ég og aðrir hv. þdm. höfðum gert við fyrri umr. þessa máls, með því að þá voru sett ljóslega fram þau rök, sem að því hníga, að hana ætti að samþ. Þó þeim rökum hafi ekki verið hnekkt, þá hafa hinsvegar svo

mörg orð fallið gegn brtt. nú við þessa umr., að mér þykir rétt að svara nokkru til. Að vísu vil ég ekki taka til greina orð hv. þm. G.-K. um það, að ábyrgð mín sem ræðumanns sé meiri en annara, er líkt hafa talað, en hitt undrar mig, að hann, svo kaldrýninn og skynsamur maður, skyldi verða svo hrifinn af minni ræðu, að hann virðist hafa gleymt að taka eftir, hver var framsetning mín og eðlileg niðurstaða í lóðarmálinu í samræmi við sögu þess frá byrjun.

Ég er nú á því, hvað sem líður styrkveitingum til reglunnar, að það gæti verið álitamál, hvort lóð þessi sé svo mikils virði, að ekki geti verið rétt að gefa hana nú, heldur en eiga á hættu að afgreiða málið á annan hátt, sem verr gegndi. Nú vil ég ekki ausa fé ríkissjóðs í góðtemplara, enda hefir hæstv. fjmrh. upplýst, að fé er ekki fyrir hendi til þess. Í annan stað vil ég sjá, hvernig templarar ætla að haga starfsemi sinni. En nú er fram komin till., sem felur í sér háan styrk til reglunnar, ef samþ. yrði, og þessari till. þarf að svara. (ÓTh: Má ég skjóta fram í?). Hann ætlar að segja, að það eigi að drepa till. Auðvitað greiði ég líka atkv. með því, en það á hinsvegar að láta góðtemplara fá þessa lóðarræmu, því það kostar ekkert fé, og líka til þess að þetta mál fái sæmilega afgreiðslu í deildinni. Við, sem að vísu erum á móti aðaltill., verðum að svara málaleitun hv. þingbræðra okkar svo, að við fyrirgerum ekki með svarinu þeim möguleika, sem á því eru að fá sæmilega lausn á áfengismálinu, sem enn er óleyst, en svo mikils er vert um, að fái góða lausn.

Það hefir verið hér við umr. lesið upp bréf, sem á að sanna það, að þessi lóðarræma sé svo dýrmæt eign Alþingis, að ekki komi til mála að hagga henni, en ég hefi rökstutt það, að svo er ekki. Það var í sjálfu sér gott, að Alþingi hefir fengið hæstaréttardóm fyrir eignarrétti sínum. En einmitt úr því svo er ástatt, þá getur Alþingi með rausn, sem því væri samboðin, afhent þessa lóðarræmu, og ég og fleiri hv. þdm. álítum, að með því geti Alþingi með góðu móti sloppið við að veita templurum þann styrk, sem ríkissjóður hefir ekki fé til að greiða. Annars, ef hv. þdm. eru yfirleitt á móti þeirri lausn málsins, þá fella þeir náttúrlega brtt. okkar.

Ég óttast það ekki fyrir það hús, sem við sitjum hér í, þótt góðtemplarar byggi á þessari lóð hér fyrir sunnan alþingishúsið. Eins og kunnugir vita, þá er aldrei litið út um þá glugga á þessu húsi, sem í þá átt snúa. Því er svo háttað hér inni i hjarta bæjarins, að hús rís við hús, og verður vart við því séð, hvernig byggt er á hinum einstöku lóðum. Og jafnvel þó reglan byggi stórhýsi á þessari lóð, þá er það ekki annað en það, sem Alþingi mundi sjálft gera. Því ef Alþingi kaupir góðtemplaralóðina, þá væri fjarstæða að gera það til þess að ætla að hafa hana óbyggða. Og ég geri ráð fyrir því, að templarar byggðu svo, að ekki væri skömm að. Það gæti því verið álitamál, hvort það væri ekki betri kostur en sá, að láta einhverja prívatmenn fá lóðina til umráða, sem byggðu svo á henni hús, sem væri byggt með því eina markmiði, að hægt væri að leigja það út fyrir sem mesta peninga. Templarar mundu aftur á móti reisa þarna myndarlega byggingu.

Að lokum vil ég segja það, að ekki er rétt að berjast með neinu offorsi gegn reglunni í þessu máli, þótt hún hafi nokkuð trássazt við um afnám bannlaganna. Ég viðurkenni starf hennar fyrr og síðar, og það gera margir fleiri, þar á meðal hv. þm. G.-K., sem aldrei þreytist á því að lýsa aðdáun sinni á því, sem hún hefir fengið afrekað, og sér stórt verksvið fyrir hana í framtíðinni, eins og hann hefir látið í ljós. Ef farið er að tala um galla á starfsemi reglunnar í sambandi við þetta mál, þá er líka rétt að viðurkenna það, sem vel er gert. Ég er ekki svo hatursfullur í garð hennar, þó ég sjái, að henni mistekst um sumt, að ég vilji ekki unna henni neins góðs, og ég vil heldur afhenda henni þessa litlu lóðarræmu fremur en lofa henni miklu fé til húsbygginga, fé, sem ekki er til. Annars var ég nú sannast að segja ekki ákafari í þessu máli en það, að ég hefði ekki tekið til máls við þessa umr., ef ekki hefði verið gefið sérstakt tilefni. Hinsvegar tel ég mig verða málinu að liði með því að gefa hv. þdm. kost á því að velja um þessar tvær leiðir, að gefa reglunni þessa lóðarræmu, sem Alþingi getur misst sér að meinalausu,

eða að veita henni styrk, sem við erum ekki færir um að greiða.

Jakob Möller: Ég held, að það hefði verið eins vel farið, að þeir hv. þdm., sem stóðu fyrir þessari umr. um brtt., hefðu látið umr. niður falla; a. m. k. held ég, að þeir hafi lítið á henni grætt til hnekkis fyrir brtt. Hv. þm. G.-K. hélt því fram, að Alþingi ætti ekki að styrkja góðtemplara, því þdm. gætu átt það á hættu, að þeir notuðu styrktarféð til þess að vinna gegn kosningu ákveðinna þingmanna. Kannske hann sé að hugsa um að tilskilja það, að templarar beiti sér ekki gegn kosningu ákveðinna manna. Ég verð að segja það, að ég kann illa við, þegar verið er að tala um þetta góða mál, að blandað sé inn í umr. slíkum hugleiðingum. Ég held næstum, að þessi ræða hv. þm. G.-K. hefði alveg mátt falla niður.

Um ræðu hv. þm. Dal. má í raun og veru sama segja. Hann byrjaði á því að tala um, að hann vissi raunar ekki, hvort templarar kærðu sig nokkuð um þessa lóð. Hv. þm. er ókunnugt um það, að deila hefir staðið í mörg ár um þessa lóð milli templara annarsvegar og Alþingis hinsvegar, deila, sem var sótt svo fast, að hún endaði ekki fyrr en með hæstaréttardómi. Vitanlega hafa templarar alltaf viljað fá lóðina.

Þá flutti hv. 2. þm. Skagf. langan pistil um þá hálu braut, sem Alþingi væri komið út á, ef það samþ. brtt., að gefa lóðir til hægri og vinstri. En hann veit það ekki, þessi hv. þm., að Alþingi er skyldað til þess með hæstaréttardómi að láta templara fá lóð á hentugum stað fyrir þessa lóðarræmu. Þetta er hægt að sanna, en ég afþakkaði, að skjölin væru send mér hingað, af því ég gerði ekki ráð fyrir, að nokkur þdm. mundi mótmæla hæstaréttardómi.

Jafnvel þó hv. 2. þm. Skagf. hefði ekki gefið tilefni til þess, þá er rétt að rifja dálítið upp sögu þessa lóðarmáls, og skal það nú gert.

Það er þá fyrst, að góðtemplarareglunni er útmæld lóð eftir beiðni, lóð, sem var þá að öllu leyti í tjörninni, en útmæling sú var gerð með því skilyrði, að hús það, er þeir byggðu þar, skyldi verða flutt burt þegar Alþingi krefðist þess. En góðtemplarar vildu ekki hlíta þessu og neituðu að taka við lóðinni með þessu skilyrði. Síðan fór fram önnur útmæling á lóðinni, og þá eru templarar látnir standa í þeirri meiningu, að lóðin sé látin alveg kvaðalaust. Vitanlega hefðu þeir annars ekki tekið við lóðinni þá með kvöð fremur en við fyrri útmælinguna, þar sem þeir hefðu þá að sjálfsögðu getað fengið eins góða lóð annarsstaðar og kvaðalausa. En það kemur ekki upp fyrr en mörgum árum síðar, að hin sama kvöð hefir verið látin hvíla á lóðinni við hina síðari útmælingu; hafði henni þá verið laumað inn í útmælingabókina án þess þeir, sem við lóðinni tóku, fengju nokkuð um það að vita. Þannig var með prettum réttur templara takmarkaður til hagsmuna fyrir Alþingi, sem þó ekkert hafði eða hefir með lóðina að gera. Lóð Alþingis er nægilega stór. Það sýnist engin ástæða til að hafa autt stórt svæði bak við alþingishúsið. Bakhlið hússins var með viðbótarbyggingunni 1908 gerð svo ljót, að engin prýði getur orðið að því, að hún sjáist frá Vonarstræti, og hvað sólina snertir, þá eru litlar líkur til þess að bygging templara yrði svo há, að hún tæki sól frá suðurgluggum þinghússins.

Hv. þm. var að bera þessa lóð saman við lóðina í Kirkjustræti 12, þar sem er hús Halldórs heitins Friðrikssonar, en þar var allt öðru máli að gegna. Sú lóð var til sölu ásamt gömlu húsi í því ástandi, að ekki voru líkur til annars en að það yrði selt einhverjum og einhverjum, sem síðan rifi það og byggði þar e. t. v. stórhýsi, er byrgt hefði næstum því fyrir gluggana á efri deild Alþingis. Það var því einskonar neyðarvörn, er þetta hús var keypt, og það var allt önnur og ríkari ástæða, sem lá þar á bak við, heldur en til greina kemur um lóðina í Vonarstræti. Lóðin Kirkjustræti 12 var alls ekki keypt til þess að stækka alþingishúsið vestur, heldur til þess að varna því, að byrgt yrði fyrir gluggana á Ed.

Það hefir frá upphafi aldrei verið nein ástæða til þess fyrir Alþingi að ásælast templaralóðina. Bréf það, sem hv. 2. þm. Skagf. las hér upp, kemur ekki öðrum við en þeim hv. þm., er undir það hafa ritað, og er ekki að neinu leyti bindandi fyrir

Alþingi. Það sýnir ekkert annað en það, að þeir hafa látið undan hinum harðvítugu agitationum, sem frá upphafi hafa verið fluttar móti templurum í þessu máli. Það er alkunnugt, að allur þessi úlfaþytur og undirróður gegn templurum í málinu er ekki sprottinn af öðru en meinfýsi og beinum fjandskap gegn starfsemi reglunnar. (JS: Ekki hefir það verið gagnvart símastöðinni). Þeir urðu nú að finna sér til einhverja málamyndaástæðu til þess að geta sýnzt vera stöðugir í rásinni. En svo er allt öðru máli að gegna með símastöðina, sem er fimm hæðir, eða hús góðtemplara, sem ekki yrði nema tvær til þrjár hæðir. Forsetarnir gátu verið einhuga andvigir því, að byggt yrði á lóðinni fimm hæða hús, þó þeir sæju ekkert athugavert við að byggja þar miklu lægra hús. Það verður ekki af skafið, að framkoma Alþingis í þessu máli hefir verið því til vansa frá því fyrsta að laumað var kvöðinni inn í útmælingargerðina. Það eitt er nú sæmandi fyrir Alþingi að láta lóðina strax af hendi, og því fyrr sem það er gert, því betur vinnur það til baka álit og heiður í þessu máli. Þess vegna er mér ljúfara að samþ. brtt. heldur en aðaltill., þó ég vitanlega greiði henni atkv., ef brtt. verður felld.

Thor Thors: Hv. þm. V.-Sk. og hv. 1. þm. Reykv. hafa að mestu leyti tekið af mér ómakið að ræða þessa brtt., sem ég er meðflm. að.

Þetta mál kemur svo fyrir þingið, að áhrifamenn úr öllum flokkum bera fram till. um að kaupa þessa lóð á 200 þús. kr. Allir, sem að till. standa, eru miklir valdamenn hver í sínum flokki og fylgja hverju máli fast fram, ekki sízt þegar um er að ræða styrk til góðtemplarareglunnar. Óttaðist ég því strax, að till. myndi eiga greiðari leið gegnum þingið en skyldi, því að ég álít óverjandi, að þetta aukaþing fari að taka á sig svo stóran bagga sem hér ræðir um. Þessi ótti minn reyndist á rökum byggður, því að eftir fyrri umr. var till. samþ. lítið breytt.

Ég álít heppilegra, að góðtemplarareglan fái sjálf að njóta sinnar lóðar en að ríkið fari að kaupa hana af henni fyrir þetta allt of háa verð, og því hefi ég gerzt meðflm. þeirrar till., sem hér liggur fyrir. Ég vil jafnframt geta þess út af andmælum hv. þm. G.-K., að hér er ekki um að ræða nein sérstök hlunnindi til reglunnar. Henni er aðeins tryggður réttur til lóðar, sem hún hefir haft til afnota og vafi er um, hvort hún hefir ekki fullan rétt á. Þá vil ég benda hv. þm. á, að eftir er fyrir regluna að reisa hús það, sem hún ætlar að koma sér upp. Þeir, sem telja það skipta nokkru máli, hvernig reglan hegðar sér, og ég tel mig einn af þeim, geta huggað sig við það, að reglan og Alþingi eru ekki skilin að skiptum. Fer bezt á því fyrir forráðamenn reglunnar að haga starfi sínu sómasamlega, svo að þeir geti treyst velvilja Alþingis.

Út af ræðu hv. 2. þm. Skagf. vil ég aðeins taka það fram, að mér fannst hún nokkuð tilfinningakennd af svo roskn-um manni, þar sem hann talaði aðeins um útsýnina frá bakhlið þinghússins og verðmæti, sem ekki yrðu í askana látin. Ég vil benda hv. þm. á það, að fegurð alþingishússgarðsins er ekki svo mikils virði sem hann vill vera láta, enda eru þeir fæstir, sem geta notið hennar. Og þó að hv. þm. sé að tala um heimsku og skrípaleik, sem verið sé að framkvæma í þessu máli, þá er nú um hvorugt að ræða. Hér ræðir um það að breyta útgjöldum ríkissjóðs úr 150 þús. kr. í 25—30 þús. eins og till. okkar vill. Við álítum, að þetta sé svo mikils virði, að við viljum heldur, að Alþingi afhendi reglunni þessa gjöf en að verða að láta af hendi 150 þús. kr. Mun hann sannfærast um, að hér er ekki um neinn skrípaleik að ræða, heldur sparnaðarráðstöfun, sem honum mun verða kær við nánari athugun.

Um starf góðtemplarareglunnar hefi ég ekki margt að segja. Þeir eiga eftir að koma í framkvæmd öllum sínum áhugamálum. Þarf því enginn þm. að vera hræddur við að sýna góðtemplarareglunni þann velvilja að eftirláta henni þessa lóð. Er það vel, ef Alþingi vill nú, þegar breyt. á áfengislöggjöfinni stendur fyrir dyrum, votta góðtemplarareglunni nokkurn velvildarhug og eiga samvinnu við hana í ákveðinni bindindisstarfsemi. Þarf enginn að óttast, að Alþingi myndi missa tökin á þessum mál-

um, þótt það sýndi þennan litla vott velvildar.

Ólafur Thors: Hv. þm. V.-Sk. og hv. þm. Snæf. vilja finna gerðum sínum stað með því að tilfæra það, að samþ. hafi verið hér í d. 150 þús. kr. tillag til góðtemplarareglunnar. En þeir vita báðir, að þetta hefði verið fellt, ef einn d.manna hefði ekki verið fjarstaddur. Sýnir það, hvað veik aðstaða þeirra er, að þetta skuli vera helztu rökin. Hv. þm. V.-Sk. kvað rétt að rétta reglunni höndina til þess að geta fengið lausn áfengismálsins á þessu þingi. En slíkir samningar standa ekki til boða. Bannmenn á þingi ætla að hindra afnám áfengislöggjafar þeirrar, er hér hefir gilt, öllum til smánar. Atkvgr. sú, sem fram fór hér fyrsta vetrardag, hefir gefið til kynna, að þjóðin vildi losna við þessi smánarlög. Þó bólar ekki á, að templarar vilji taka afleiðingum gerða sinna á síðasta þingi og hlýða dómi þjóðarinnar. En fyrr vil ég ekki rétta þeim höndina. Vilji þeir aftur á móti gera þetta, stend ég við það, sem ég hefi áður sagt, að ég er þá fús til að rétta þeim aftur einhverja gjöf, sem nokkru nemur. (**TrÞ:** Einhverja sneið). Já, eins þykka og vel smurða sneið og hv. þm. rétti sínum stuðningsmönnum, þegar hann varð ráðherra. Ég er auðvitað sammála hv. þm. Snæf. um það, að ef um það er að ræða, hvort rétta skuli þeim stóra gjöf eða litla, þá er betra fyrir ríkissjóðinn að láta heldur minni gjöfina. En það liggur ekkert fyrir um það, að templarar fái 150 þús. kr. á þessu þingi, heldur þvert á móti. Ef atkvgr. fer fram um málið, að öllum d.mönnum viðstöddum, þá eru engar líkur til, að það verði samþ.

Pétur Ottesen: Það er ekki ástæða til fyrir okkur í meiri hl. fjvn. að fara nú mörgum orðum um þetta mál. Okkar till. fengu þann dóm við atkvgr., að þær væru réttar og sanngjarnar. Þær voru samþ. Hitt er augljóst, að minni hl. fjvn. þykist hafa borið skarðan hlut frá borði, þar sem hans till. voru felldar. Það er mjög ábærilegt kapp, sem minni hl. fjvn. leggur á að spilla fyrir þessu máli. Hafa þeir nú enn á ný báðir minnihl.mennirnir rokið upp með miklum bægslagangi, og er þó hvorugur þeirra mikill málskrafsmaður, og segi ég það þeim eigi til lasts.

Það er eftirtektarvert, hvernig báðir þessir hv. þm. reyna að spilla fyrir málinu með því að rægja þá menn, sem staðið hafa fyrir bindindisstarfseminni hér á landi, og reyna með hinni mestu lævísi að gera allt þeirra mikla og óeigingjarna starf tortryggilegt.

Ég mun ekki svara hv. þm. G.-K. sérstaklega. Hann getur tekið til sín það af þessum orðum mínum, sem hann á.

Að því er snertir það, að láta lóðina af hendi kvaðalausa, er reynt að spilla fyrir því á þeim grundvelli, að ekki sé tryggt, að templarar fari ekki að braska með hana. M. ö. o., það á ekki að vera tryggt, að hún verði notuð í þágu bindindisstarfseminnar. Þessar og þvílíkar ástæður notar hv. minni hl. til að spilla fyrir málinu. Ég held það því ekki ofmælt, þótt ég segi, að framkoma þessara hv. þm. hafi sýnt lítinn góðvilja til bindindisstarfseminnar. Þeirra till. hafa verið þeirri starfsemi lítils virði, og nú, þegar fram kemur till. um að rétta þeim höndina til samkomulags, eru þeir sama sinnis og þykjast ekki geta séð af þessu lítilræði. Þá er og athugavert, hvaða aðrar ástæður þeir bera fram til blekkinga: helgi og velferð Alþingis í framtíðinni. Það má ekki láta lóðina af því, að seinna gæti risið þar hús, sem skyggði á þinghúsið! Það er auðséð, að þarna vakir ekki fyrir þeim umhyggja fyrir því, að þeir, er sæti eiga á Alþingi, verði þá ekki alltaf sólarmegin, heldur einmitt óttinn við það, að bindindismenn kynnu að verða þarna sólarmegin. Mér er framkoma þessara manna í þessu máli hryggðarefni, því að þetta eru annars sanngjarnir menn, þó að þeir hafi villzt þarna svona hrapallega.

Þá reyndi hv. 2. þm. Skagf. að gera það hlægilegt, sem gerzt hefði í lóðarmálinu hingað til. Hann sagði, að það væri hlægilegt, að Alþingi væri að gefa frá sér lóðir og svo aftur að kaupa lóðir. Í þeim tilfellum, sem Alþingi hefir látið lóðir af hendi rakna, er það handa opinberum stofnunum, eins og t. d. Fiskifélaginu. Þessar lóðir ríkisins eru enginn helgidómur, sem ekki má snerta við. Í sambandi við þetta vil ég benda hv. þm. á, að hann ætti ekki að dæma þetta svona hart.

Sumir hafa talið, að þegar ríkið selur jarðir, þá sé það að gefa þær. Hv. þm. hefir alltaf verið því fylgjandi, að ríkið seldi jarðir, eins og ég og fleiri, af því að sú ráðstöfun er til hagsbóta fyrir þjóðfélagið. Ætti hann því ekki að vera að fetta fingur út í það, þó að ríkið seldi þessa lóðarræmu.

Frsm. minni hl. (Jón Sigurðsson): Það má ekki minna vera en ég svari nokkrum orðum. Vil ég þá fyrst byrja á hv. 1. þm. Reykv. Hann sagði, að því hefði verið slegið föstu með hæstaréttardómi, að ríkið skyldi skaffa góðtemplurum lóð. Þessu mótmælti ég þá. Ég hefi nú dóminn fyrir framan mig. Það er ekki rétt, að dómurinn leggi slíka kvöð á ríkið. Þvert á móti. Í forsendu dómsins er sagt, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkvæmt framansögðu verður þá að líta svo á, að stúkurnar „Einingin“ og „Verðandi“ hafi öðlazt einungis tímabundinn og skildagaðan eignarrétt yfir allri lóðinni fyrir norðan góðtemplarahúsið og að alþingishússgarðinum, allri lóðinni undir góðtemplarahúsinu og 5 álna breiðri ræmu fyrir sunnan það, þannig að þeim hafi verið skylt að flytja burt húsið á sinn kostnað og láta lóðina af hendi endurgjaldslaust frá landsstjórninni, þegar hún þyrfti á lóðinni að halda og krefðist hennar“.

Málsskjölin hér að framan bera með sér, að Reykjavíkurbær hefir látið mæla þetta. Skilst mér, að sú kvöð, sem þar er sett á af þeim, sem afhendir, geti ekki færzt yfir á þann, sem við tekur, heldur hljóti hún að færast yfir á Reykjavíkurbæ. Ef templarar telja sig eiga kröfu á þessu, því hafa þeir þá ekki krafizt þess? **(JakM:** Það hafa þeir gert). Ég sé ekkert fyrir því í dómnum.

Þá sagði hv. 1. þm. Reykv., að þegar hús Halldórs heitins Friðrikssonar hafi verið keypt, þá hafi það verið þess vegna, að búizt væri við, að þar kæmi upp háreist bygging, sem gera myndi skuggsýnt í efri deild. Töldu allir þetta sjálfsagt.

Hv. þm. Snæf. sagði, að verið væri að lækka útgjöld ríkisins úr 150 þús. kr. niður í 30 þús. Ég varð undrandi yfir því, að hv. þm. skyldi koma með svona rök. Dettur honum í hug, að templarar láti sér nægja að fá þessa lóð? Þeir, sem hafa farið fram á að fá 200 þús.! Nei, það mun verða deginum ljósara, þegar fram líða stundir. Þeir eru frekari til fjárins en svo.

Þá talaði hv. þm. Borgf. nokkuð fyrir hönd meiri hl. fjvn. Vék hann nokkrum orðum að okkur í minni hl. og þótti við málgefnari en hann hafði átt von á. Held ég nú, að hv. þm. Borgf. hafi ekki ástæðu til að láta sér ofbjóða allt. Hann hefir nú undanfarin þing verið allhár og skotizt meira að segja stundum upp fyrir alla ráðherrana. Ætti honum sízt að ofbjóða, þó að hv. þm. Dal. og ég stæðum upp í þessu máli. Í þessu máli hefir hann sjálfur gengið fram fyrir skjöld Tryggva Þórhallssonar, sem ekki er almennt talinn neinn aukvisi. Held ég, að hann hefði mátt sitja rólegur með forystu hans, ef hann hefði viljað stytta umr.

Hv. þm. sagði, að við vildum ekki, að templarar byggju sólarmegin. Ég hefi aldrei sagt það. Þeir mega byggja og búa sólarmegin fyrir mér, en mér finnst ekki þar fyrir nauðsynlegt, að þeir setji Alþingi í skugga. Það er enginn að meina góðtemplurum að byggja þar, sem þeir gætu fengið hentugan stað á móti sól. Ég get vel unnt þeim þess. Slíkt tal hjá hv. þm. er því ekkert annað en útúrsnúningur.

Þá talaði hv. þm. um, að allmikils ósamræmis kenndi um þessar lóðargjafir. En þær hafa farið til þarflegra stofnana. En hv. þm. Borgf. hefir stundum lagzt á móti þessum lóðargjöfum. **(PO:** Nei, ekki undir þarfar stofnanir). Jú, vissulega, og með réttu.

Þá vildi hann setja þetta í samband við það, að ég og fleiri vildu, að ríkissjóður seldi jarðir. En þar er um allt annað mál að ræða og ekkert hliðstætt þessu, vegna þess, að í jarðasölulögunum eru gerðar sérstakar ráðstafanir til þess, að ríkið selji alls ekki þær jarðir, sem líkur eru til, að þurfi að taka til almennra nota. Þessi l. gera það miklum erfiðleikum bundið að fá slíkar jarðir keyptar.

Hér er um samskonar eign að ræða. A. m. k. er það mjög sennilegt, að ríkið þurfi sjálft að nota þessa lóð. Ég þykist því ekki vera kominn í neitt ósam-

ræmi við mín fyrri rök, þegar um jarðasölumálin var að ræða, þó að ég vilji leggja hömlur á, að slíkri lóð sem þessari, hér í miðbænum á góðum stað, sé fargað fyrirhyggjulaust úr eign ríkisins, þar sem miklar líkur eru til þess, að það þurfi að nota hana.

Jakob Möller: Hv. 2. þm. Skagf. verður náttúrlega að viðurkenna allar kvaðir í þessu sambandi, en ekki að láta sér nægja að nefna það eitt, sem er kvöð á templurum. Hæstaréttardómur hefir fallið á þá leið, að sú kvöð skuli vera í gildi, að húsið skuli vera flutt af lóðinni. En einnig aðra kvöð hefir hæstaréttardómurinn líka ákveðið. Það er kvöðin um að sjá templurum fyrir lóð aftur til að byggja á.

Hannes Jónsson: Hv. þm. Borgf. var mjög þrunginn af hryggð yfir samþingismönnum sínum, sem höfðu talað á móti hans skoðunum. Má vera, að það, sem hann sagði, hafi líka haft nokkur áhrif á hv. þm. A. m. k. var hæstv. forseti klökkur út af ræðunni, og það svo, að hann gáði ekki að sér og lýsti því yfir, að umr. væri slitið, en síðan hafa talað tveir, og ég nú sá þriðji. Ég skal ekki undrast yfir því, að sumir hafi fundið til hryggðar undir ræðunni, ekki af þeirri sömu ástæðu sem hv. þm. Borgf., heldur af því, að hv. þm. er langt leiddur í ofsa og ofstæki í þessum málum, eins og segja má um ýmsa aðra hv. þm. þessarar d. Það er eins og það sé komið við einhverjar heilagar spjarir, eins og aldrei hafi fallið neinn blettur á þessar flíkur, sem gengið hafa í hin argvítugustu skítverk. Þessir menn, sem ég á við, hafa borið út óhróður um þingfulltrúa. (**JakM:** Sannanlegan óhróður). Nei, ekki sannanlegan. Alþ. hefir einnig lýst því yfir, að það vilji ekki láta af hendi þessa lóð, og er það auðvitað hið rétta. Það mætti alveg eins taka alþingishússgarðinn hérna og byggja í honum hús eða gera þar drykkjuskála fyrir góðtemplara og skemmtistað, svo að þeir gætu setið þar undir iðgrænu laufi trjánna. Það mætti líka alveg eins hugsa sér, að góðtemplarar fengju löngun til að byggja yfir sig glerhús á Austurvelli, þar sem kannske mætti sjá endurreisn þeirra í fyrsta og annað sinn eða jafnvel í fyrsta, annað og þriðja sinn. Hv. 1. þm. Reykv. hefði kannske gaman af að sjá þetta glerhús.

Nei, ég sé ekki annað en að við verðum að halda fast við þá stefnu, að láta ekki þessa lóð af höndum. Og fyrir þá aðstöðu, sem ég hefi haft og hefi, mun ég greiða atkv. á móti till., hvaða afleiðingar sem það kann að hafa í för með sér, öðru viðkomandi.

Forseti (JörB): Út af því, sem hv. þm. V.-Húnv. skaut fram um, að umr. hefði verið slitið, vil ég geta þess, að það er nú venja, þegar enginn er á mælendaskrá, að slíta þá umr., er ræðumaður hættir. Hinsvegar átti hv. 2. þm. Skagf. svo miklu að svara, að ekki var óeðlilegt að leyfa honum það.

Pétur Ottesen: Þessi síðasta ræða hv. þm. V.-Húnv. er víst ekki nema hæfilegur og viðeigandi stimpill á þá andstöðu alla og fjandskap, sem fram hefir komið gegn þeim stuðningi við bindindisstarfsemina í landinu, sem í þessari þáltill. felst. Ég ætla og, að honum sé bezt svarað með því að minna á vísuhelming eftir Bólu-Hjálmar, og hann er svona:

„Svívirðingu í sárin skeit
sálin húsfreyjunnar."

(Forseti hringir).

ATKVGR.

Brtt. 214 felld með 16:6 atkv.

Till. samþ. með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JakM, JÓl, PHalld, PO, TrÞ, VJ, ÞorlJ, BSt, BÁ, EystJ, FJ, HG, IngB, JörB.

nei: JJós, JP, JS, MG, ÓTh, TT, ÞÞ, ÁÁ, BJ, GSv, GÍ, HJ.

Tveir þm. (HStef, HV) fjarstaddir.

Till. afgr. til Ed.

Á 23. fundi í Ed., s. d., var till. útbýtt eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 213).

Á 24. fundi í Ed., 2. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 25. fundi í Ed., 4. des., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Ed., 6. des., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Jón Þorláksson: Þessi till. á rót sína að rekja til þess, að bæjarstj. gerði það í góðu skyni við Alþingi, þegar hún lét útmæla lóð góðtemplara, að hún lagði þá kvöð á hana, að hana skyldi láta af hendi, hvenær sem Alþingi krefðist, en jafnframt skyldi þá sjá góðtemplurum fyrir annari lóð. Þessi kvöð náði til hinnar upphaflegu lóðar, en síðan hefir verið bætt við hana, svo ég ætla, að nú hvíli kvöðin á rúmum helmingi hennar.

Bæjarstj. gerði þetta upphaflega í góðri meiningu, en nú sýnist mér þetta hafi verið bjarnargreiði, ef ríkissjóður á nú að fara að svara út fyrir sína eigin lóð 150 þús. krónum, og getur þar að auki ekki notað sér hana, þar sem kringumstæður eru svo breyttar, að þó að ástæða hafi virzt á sínum tíma til þess að halda í réttindin til þessarar lóðar vegna stækkunar á þinghúsinu, þá held ég nú, að engum blandist hugur um, að lóðin hefir enga þýðingu, jafnvel þó menn vildu stækka húsið. Þó að þetta hús yrði stækkað, þá yrði ekki byggt við suðurhlið þess, heldur meðfram Kirkjustræti. Þetta hefir stjórnin séð og fest því kaup á lóðinni við Kirkjustræti hér við hliðina á þessu húsi. Ég sé því ekki, að ástæða sé til þess að vera að halda í þessa kvöð, sem bæjarstj. gaf á sínum tíma, allra sízt, ef hún á að verða ríkissjóði svo dýrkeypt, vegna þess að nú er búið að sjá fyrir hentugra úrræði, ef á að stækka húsið.

Hið eina, sem hægt er að færa fram með því, að Alþingi keypti lóðina, væri það, að með því væri hægt að viðhalda útsýni frá suðurgluggum hússins. Þetta er að vissu leyti rétt, og þó mjög hæpin ástæða. Ég vil í því sambandi minna á skipulagsuppdrátt Rvíkur, sem að vísu er ekki enn samþykktur, en þó farið eftir honum í öllum aðalatriðum. Þar er gert ráð fyrir, að vikið við Vonarstræti milli samkomuhúsanna verði fyllt upp. Verða þá að sjálfsögðu byggð hús á uppfyllingunni, sem taka af útsýni úr suðurgluggum Alþingis, enda þótt ekki verði byggt á templaralóðinni. Þessi ástæða um útsýnið hefir þess vegna ekki lengur við rök að styðjast. Fyrir Alþingi er það langheppilegasta leiðin að gefa þessa kvöð eftir. Má þá eiga það undir byggingarvaldinu, að þarna verði byggt hús, sem sé í samræmi við umhverfið og sómi sér ekki illa við hliðina á dómkirkjunni og alþingishúsinu.

Ég ætla, að þessu athuguðu, að bera fram till. til rökst. dagskrár, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

Með því að þingdeildin telur ekki, að kvöð sú alþingishúsinu til handa, sem bæjarstjórn Reykjavíkur á sínum tíma lagði á nokkurn hluta templaralóðarinnar, hafi lengur verulega þýðingu fyrir alþingishúsið, heimilar deildin forseta sínum fyrir sitt leyti að gefa eigendum templarahússins þessa kvöð eftir, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá".

Það hefir hingað til verið litið svo á, að forsetar Alþingis hefðu yfirráð yfir kvöðinni.

Jón Baldvinsson: Ég vil benda á það, að með þessari dagskrártill. er þetta mál ekki afgreitt. Það er jafnmikil óvissa um það eftir sem áður, hvað um lóðina verður. Með þessari dagskrá á að vísa annari till. frá, — ég veit ekki, hvað hæstv. forseti segir, en til þess að það öðlist gildi, sem dagskráin fer fram á, verður það að vera samþ. í báðum deildum. Ég skal heldur ekki segja, hvernig templarar taka í þetta. (**JónÞ:** Þeir hafa áður farið fram á það, sem í till. felst). Já, en þá var því neitað, og málið fór fyrir dómstólana, þar sem templarar töpuðu því, svo að þó þessi dagskrártill. verði samþ., þá er hætt við, að ekkert verði úr málinu. Og þó að forseti Ed. geti samþ. að taka tillit til þessa, þá er forseti Nd. óbundinn, og eldri úrskurður forseta kemur í bága við þetta.

Mér sýnist, að þessi dagskrártill. hefði það eitt í för með sér að skjóta málinu á frest og mun því ekki greiða henni atkv.

Ingvar Pálmason [óyfirl.]: Ég tek í sama strenginn og hv. 2. landsk. um það, að afgreiðsla þessa máls er í fyllsta máta óviðeigandi, því að með þessu er málinu aðeins drepið á dreif. Þessi lausn gæti komið til tals þannig, að Alþingi afsali

sér formlega öllum rétti til lóðarinnar. Ég tek þetta fram, enda þótt ég sem þm. sé á móti afsali; en eins og málið liggur fyrir, þá er það sérstaklega dagskrártill., sem þarf að athuga. Samskonar till. var borin upp í Nd., og var felld, enda þótt fremur hafi verið hægt að festa hendur á henni heldur en þessari dagskrártill.

Þetta mál hefir svo lengi verið á döfinni, að ekki er vansalaust fyrir Alþingi að svara ekki hreint og beint. Alþingi hefir áður svarað með því að fara í mál við templara og fekk það dæmt sér í vil. Ef Alþingi hefir síðan skipt um skoðun, þá er rétt að ganga hreint til verks. En hér á þessu þingi er ekki þingvilji fyrir því að afsala sér réttinum til lóðarinnar. Og ég er ósammála hv. 1. landsk. um, að lóðin sé einskis virði fyrir Alþingi. Það má segja, að lóðin sé í sjálfu sér lítils virði til stækkunar í húsinu, en ef málið yrði samþ. eins og það liggur fyrir og Alþingi fengi full yfirráð yfir lóðinni suður að götu, þá álít ég það stóran gróða. Það getur vel verið, að skipulagsuppdráttur Reykjavíkur geri ráð fyrir því að fylla upp vikið og leggja götu beint austur eftir þeirri uppfyllingu, en ég held, að það mundi spilla mjög útsýni frá alþingishúsinu, ef byggt yrði á uppfyllingunni, og þyrfti þá að gera ráðstafanir til, að svo yrði ekki gert.

Ég mun greiða atkv. á móti dagskrártill. og tel það ekki lengur sæmandi Alþingi að láta í þessu efni sitja við það, sem nú er.

Magnús Jónsson: Ég mundi geta út af fyrir sig fallizt á að afgr. þetta mál með rökst. dagskrá, því að mér finnst ekki tímabært að fara að samþ. þál. á þessum tímamótum. Í umr. um rýmkun áfengislaganna kom það fram, að templarar töldu sér mikinn styrk í bannlögunum, og telja það hafa áhrif á þeirra starf, hvort bannið verður afnumið eða ekki. Þess vegna er rétt að miða styrkveitingu til þeirra við afgreiðslu þess máls. Ef þetta mál verður afgr. á þann hátt, sem þjóðarviljinn krefst, þá teldi ég rétt að koma í móti templurum með því að styrkja starfsemi þeirra og búa svo um höfuðvígstöðvar þeirra hér í Reykjavík, að þeir mættu við una. Ég vil því fresta þessu máli, og það væri handhægur máti með dagskrártill.

En þessi dagskrártill. kemur þvert ofan í það, sem áður hefir verið samþ. í þessu efni. Það hefir verið samþ. að fela forsetum að semja við templara um lóðina. Ég gæti samþ. þessa dagskrá með tilliti til þess, að hún myndi skjóta málinu á frest, en ég vil alls ekki samþ., að eftirgjöf á kvöðinni komi til mála.

Ég er ekki fær um að leysa húsnæðismál Alþingis svona í skyndi og vil ekki að svo stöddu slá neinu föstu um þetta. Það er engin ástæða til að slá hendinni af þessari lóð sunnan við húsið að svo komnu. Ég tel rétt, að Alþingi hafi umráð yfir lóðinni, bæði vegna útsýnisins og eins ef til kæmi að stækka garðinn. Ennfremur getur vel verið, að byggt verði hús sunnan við þetta hús með göngum á milli. Um þetta er ómögulegt að segja að þessu sinni.

Ég mun greiða atkv. á móti dagskrártill. og mun láta skeika að sköpuðu, hvernig fer um þáltill. Ég vil að sönnu gjarnan styrkja regluna, en finnst það nokkuð uppivöðslusöm till., sem kemur frá hv. Nd. Mér fyndist réttara að setja kaupverðið sanngjarnt og hækka þá fremur styrkinn.

Guðrún Lárusdóttir: Ég vildi aðeins gera þá fyrirspurn, hvort þessi þáltill. sé ekki tvennskonar, annarsvegar um kaup á húsi og lóð templara og hinsvegar um styrk til þeirra. Mér skilst, að dagskráin taki aðeins til fyrri hluta till., þar sem aðeins er talað um kaupin. Þess vegna þætti mér rétt, hafi ég skilið þáltill. rétt, að sá liður hennar, sem ræðir um styrkinn, verði borinn undir atkv., hvort sem dagskrártill. verður samþ. eða ekki.

Mér þætti nokkuð harkalega að farið um afgreiðslu þessa máls, ef það verður afgr. á þann hátt, sem dagskrártill. fer fram á. Hér er um að ræða þarfan og góðan félagsskap, sem nauðsynlegt er að styrkja, svo að hann geti undirbúið sig betur undir það aukna starf, sem fyrir honum liggur.

Jón Þorláksson: Ég vil aðeins geta þess, að tilætlunin með dagskránni var

sú, að með samþykkt hennar fái till. í heild afgreiðslu á þessu þingi. Hitt er ekki sagt, hvort fjárlagaþing ætti að veita styrk til reglunnar eða ekki. Ég er þeirrar skoðunar, að síðari liður till. eigi enn síður heima en hinn hér á þessu þingi. Það kemur þá undir fjárl. þingsins, á alveg eðlilegan hátt, hvern styrk skal veita til þessa.

Þetta er þá meiningin með minni dagskrártill., og ef samkomulag fæst um hana, þá er stigið fyrsta sporið til að leysa þetta mál á alveg eðlilegan hátt. Ríkissjóður er ekki í neinu lóðahraki. Hann á t. d. Arnarhvolstúnið, sem hann getur notað til sinna þarfa, hverrar sem er og hvenær sem er. Það er allt of stór og vel settur blettur til þeirrar notkunar einnar, að þar megi sjá eina myndastyttu. Auk þess á ríkið stóra lóðarspildu hér fyrir ofan lækinn, sem keypt hefir verið handa ríkinu eftir einhverju pukurssamkomulagi. Á þessari lóðaspildu, sem er stór, standa húskofar, sem stj. hefir ráðstafað til aðhlynningar á sínum skjólstæðingum. Mér finnst þetta því nóg, þótt ríkissjóður kaupi ekki meira af slíku. Ég veit það að vísu, að alþingishúsið er þröngt nú. En af hverju er það? Af því að stofnun, sem ekkert á skylt við Alþingi, hefir fengið alla neðri hæð hússins til sinna afnota. En það er háskólinn, sem alls ekki á hér heima. Ef honum verður lagt til annað húsnæði, þá losnar hér húsrúm, svo að líklegt er, að rúmt verði um Alþ. hér a. m. k. í heila öld. En til viðbótar alþingishúsinu eins og það nú er á ríkið lóð hér við hliðina. Og þegar búið er að byggja fyrirhugaða götu frá Austurstræti í Vonarstræti, þá má byggja þarna hús, sem verður hornbygging við þá götu og Kirkjustræti. Er þar með séð fyrir öllum þörfum Alþ. að því er húspláss snertir fram í aldir.

Pétur Magnússon: Ég get ekki neitað því, að mér finnst til of mikils mælzt af þdm., að þeir myndi sér rökstudda skoðun á þessu máli eins og það liggur fyrir. Hér liggur nú fyrir till. um að kaupa eignir af góðtemplurum fyrir 75 þús. kr. og að veita þeim aðrar 75 þús. kr. sem byggingarstyrk til nýbyggingar, er þeir ætla að reisa. Við till., sem upphaflega var borin fram á þskj. 24, er engin grg. Er því ekki hægt að sjá ástæðurnar fyrir henni. Ég tel þó, að full ástæða hefði verið til þess, að betri skýring hefði verið á þessu gefin, því að það er ýmislegt, sem maður þyrfti að fá að vita, áður en hægt er að ákveða, hvernig greiða beri atkv. um þetta mál. Áður en þessi eign templara er keypt er t. d. nauðsynlegt að vita, hve mikinn hluta lóðarinnar þeir eiga og hvað mikið af lóðinni ríkið á. (**JónÞ:** Ekkert!). Það þýðir nú ekki að deila við dómarann um það, þar sem eignarskiptingu lóðarinnar er slegið fastri með dómi hæstaréttar. (**JónÞ:** Það er aðeins kvöð). Suðurhluti lóðarinnar er eign góðtemplara. Um það er enginn ágreiningur. En ég get ekki betur munað en að svo væri litið á, að Alþingi gæti hvenær sem væri, án endurgjalds, tekið til sinna umráða meiri hluta lóðarinnar. Sé það rétt munað, getur eignarhluti templara í lóðinni naumast verið mjög mikils virði. Auk lóðarinnar er að vísu húsið, sem á henni stendur, en ef það er ónógt fyrir þennan félagsskap, þá er það sennilega lítils virði fyrir ríkissjóð. — En svo eru ýms fleiri atriði þessu máli viðvíkjandi, sem þörf væri á, að upplýst væru, áður en hægt er að taka ákvörðun um, hvort nauðsynlegt sé að veita góðtemplarareglunni 75 þús. kr. byggingarstyrk. Hver þörf er á byggingu þessari fyrir regluna? Ég fyrir mitt leyti veit ekkert um það. Og ekkert hefir verið upplýst um það. Við þetta hús, sem nú á að selja ríkinu, hefir lengi verið bjargazt. Ég hygg nú, að ekki hafi fjölgað til muna í stúkunum hin síðari ár. Það má þó vera, að húsið sé orðið of lítið, en engin rök eru færð fram fyrir því. Ef meira húsrúm þarf vegna dansskemmtana reglunnar, þá má minna á, að ýms hús hafa verið reist hin síðustu ár, sem til þeirrar notkunar eru fallin, svo sem hótel Borg og Oddfellowhúsið. Er því allvel séð fyrir þeirri þörf í bænum. En húsnæðisleysi, sem orðið gæti til hindrunar starfsemi reglunnar, er hið eina, sem frambærilegt er til réttlætingar því að fara nú á aukaþingi að veita reglunni 75 þús. kr. húsbyggingarstyrk. — Annars er mér það ógeðfellt, hversu algengt það er orðið, að allskonar félagsskapur, sem

stofnaður er í góðum tilgangi og menningarskyni og hafinn með frjálsum félagssamtökum, leiti með fjárbeiðnir til ríkissjóðsins jafnskjótt og eitthvað á að framkvæma. Þetta er svo alþekkt, að ég þarf engin dæmi að nefna því til sönnunar. En hið minnsta, sem verður að krefjast, þegar farið er fram á svona stór fjárframlög, tugi eða hundruð þúsunda, er, að beiðninni fylgi áætlun um framkvæmdina, í þessu tilfelli stærð hússins, fyrirkomulag, áætlaðan kostnað og hvar það á að standa. En upplýsingar liggja engar fyrir um þessi atriði.

Ég get að vissu leyti tekið undir það, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, að ekki væri neitt óeðlilegt, þó þetta mál væri sett í samband við breyt. þær á áfengislöggjöfinni í samræmi við þjóðaratkvgr., sem fyrir liggur, að gerðar séu. Hann gat þess, að áhugi sá, sem templarar virðast hafa fyrir því að viðhalda þessum bannlagaleifum, sem enn eru eftir, gæti ekki stafað af öðru en að þeir teldu, að þær léttu undir störf þeirra og að þau verði þess vegna kostnaðarminni. Þeir eru nú efalaust margir, sem ekki koma auga á þau not, sem templarar hafa af bannlagaslitrunum. En ef þetta þó skyldi vera rétt hjá þeim, þá er full ástæða til að vera rífari á styrk þeim til handa til að halda uppi hófsemi á notkun áfengis, þegar þessari styttu, sem þeir telja sig hafa nú, verður kippt burt. Og þeir mega heldur ekki gleyma því, að möguleikarnir um framlög til templararegluunnar verða betri, ef áfengislöggjöfinni er komið í það horf, sem betra er og heppilegra fyrir alla, að tekjur ríkisins verði auknar með því að veita víninu meira um löglegar leiðir en núv. áfengislöggjöf gerir. Það er ekki nema eðlilegt, að stórfelld fjárframlög bíði þessarar breytingar. Og það væri heppilegra fyrir templara að vinna að heppilegri lausn þess máls, heldur en að streitast gegn þeirri breyt., sem alþjóðarvilji er fyrir, að gerð sé.

Það hafa komið fram skiptar skoðanir um það, hvort falla beri frá rétti Alþ. til góðtemplaralóðarinnar. Ég verð nú, eins og hv. 1. landsk., að álíta, að það sé áhættulítið að falla frá þeirri kröfu. Sennilegast er, að þegar breytt verður til um hlýbýli Alþingis, verði nýtt alþingishús reist á allt öðrum stað. Ég get því verið með dagskrá hv. 1. landsk.

Ég held, að það sé misskilningur hjá hv. 2. þm. S.-M., að ekki sé til nægilegur þingvilji í Nd. um að afgr. málið á þann hátt, sem dagskrá hv. 1. landsk. ráðgerir. Ef hv. þm. hefir verið við atkvgr. þar, þá hlýtur hann að hafa séð, að það voru einkum fylgismenn templara, sem greiddu atkv. gegn samskonar till., er þar kom fram. Það gerðu þeir vitanlega af því, að þeir vildu fá meira. Þeir, sem aftur á móti vilja fara hóglega í sakirnar, greiða atkv. með þessari lausn. Ég er því sannfærður um, að ekki stendur á Nd. með að samþ. slíka till., ef hún næði fram að ganga í þessari hv. deild.

Guðrún Lárusdóttir: Það eru aðeins örfá orð út af því, sem hv. 2. þm. Rang. sagði um það húsrúm, sem templarar eiga nú við að búa fyrir fundi sína og aðra starfsemi. Hv. þm. virtist ekki skilja, að til þess þyrfti mikið húsnæði. Ég get nú upplýst hv. þm. um, að í Rvík eru 10 stúkur, 5 unglingastúkur, umdæmisstúka og stórstúka. Alls 17 stúkur, sem allar þyrftu að hafa fundi sína og aðra starfsemi í þessu eina húsi. Ég veit nú, að hv. 2. þm. Rang. þekkir þetta hús vel. Og ég veit því, að hann skilur það vel, að það muni vera of lítið fyrir svona margar stúkur, ef þær halda fundi reglulega, t. d. einu sinni í viku hver þeirra. Sú kvöð, sem legið hefir á lóð góðtemplara, hefir bægt þeim frá því að hræra legg eða lið til að afla sér betra húsnæðis. Þeir hafa því orðið að flytja fundi sína í burt að nokkru leyti og leigja fundarhús í Bröttugötu. Þetta hefir orðið þeim ærið kostnaðarsamt. Það er því ekki ófyrirsynju, að þeir vilja byggja, enda er þetta hús mjög ófullkomið og langt frá því að fullnægja þörfum þeirra um fundasali og skrifstofupláss, sem þeim er nauðsynlegt að hafa vegna starfsemi sinnar. Hv. 2. þm. Rang. gaf í skyn, að dansinn væri mest áberandi í starfsemi góðtemplara. Ég neita því að vísu ekki, að töluvert sé dansað innan reglunnar, en þó áreiðanlega ekki svo mikið, að sérstakt orð sé á því gerandi, og á engan hátt mun dansinn taka tíma frá annari þarfari starfsemi. En það er aldrei nema eðli-

legt, að ungt fólk létti sér upp í dans við og við, og að því þyki þurrt að hlusta á sífelldar bindindisræður fund eftir fund. Er það ekkert einsdæmi um ýmsan annan félagsskap, að dans sé hafður um hönd með öðru því, sem er aðaltilgangurinn; þannig má benda á, að það er t. d. algengt í stjórnmálafélögum, að þau hafi dansskemmtanir fyrir meðlimi sína öðruhverju.

Ég mun svo láta staðar numið um þetta mál. Ég óska eftir því, að þáltill. verði greiðlega samþ. hér í hv. d. Ég játa að vísu, að það er erfitt fyrir aukaþing, sem ekki hefir fjárlög til meðferðar, að samþ. fjárveitingar fund eftir fund. En það þykir mér því undarlegra, að annan daginn er felldur smástyrkur til fátækra félaga, en hinn daginn aftur samþ. stórar fjárhæðir. Ég kalla það að ráðast á garðinn þar, sem hann er lægstur. Það kann að vera mannlegt, en það er ekki mikilmannlegt.

Ingvar Pálmason [óyfirl.]: Það væri ekkert ótrúlegt eða óeðlilegt, að hv. 2. þm. Rang. óskaði eftir upplýsingum, og ég kannast við, að það væri ekki nema eðlilegt, ef hv. þm. væri kominn utan af landi og öllu ókunnugur hér í bæ. En svo er nú ekki um þennan hv. þm. Hann er búsettur hér. Ég held nú líka, að hann hafi spurt um ýmislegt, sem hann þó vissi, enda kom það fram í ræðu hans, að hann þóttist a. m. k. vera eins kunnugur hér og hv. 1. landsk., enda hefir hann eflaust fylgzt með í þessum málum. Við þm. utan af landi höfum ekki átt kost á að fá betri upplýsingar um þetta lóðarmál en þau gögn, er fyrir liggja í málsskjölunum. Og ég veit, að hv. 2. þm. Rang. er vel kunnugt um það, hvar lóðin er, hve stór hún er og hvar hún liggur. Hann veit líka, að verð á lóðum hér í miðbænum er hærra en annarsstaðar í bænum. Hús góðtemplara var nú búið að standa tug ára á þessari lóð og þeir hugðu, að sú kvöð, sem upphaflega var á hana lögð, væri niður fallin. En þegar að því kemur, að þeir ætla að fara að hefjast handa um byggingu á lóðinni, kemur það í ljós, að þingið vill ekki sleppa þessari kvöð. Forsetar fara svo í mál við góðtemplara, eftir ákvörðun Alþingis. Og Alþingi vinnur málið. Þetta varð til þess, að templarar hættu við að byggja, og var þeim það ærinn hnekkir. Mundi því margur mæla, að þinginu væri skylt að bæta templurum það tjón, er það vann þeim með þessu, og veita þeim nú ríflegan styrk til húsbyggingar. Það má vera, að templarar eigi ekki lagalegan rétt á lóðinni, en siðferðislegan rétt á henni eiga þeir tvímælalaust, því að fyrir afskipti sjálfs Alþingis eða forseta af þessu máli hefir bæði fjárhagur reglunnar og starf beðið stórkostlegan hnekki.

Þá sagði hv. þm., að engin nauðsyn ræki á eftir templurum að byggja nú. Þetta er í rauninni ekki svaravert, því að allir vita, að húsakostur reglunnar hér í bænum er alveg ófullnægjandi. Hv. þm. var að tala um, að þá fyrst ætti að byggja, þegar félögum fjölgaði í stúkunum hér í Reykjavík. Ég, og ég held hv. þm. sjálfur líka, hefi nú von um, að fjölgun verði þegar áfengislögin verða afnumin, eins og líklegt er að verði á næsta ári, ef ekki fyrr. Mér hefir heyrzt á hv. 2. þm. Rang. og hv. 3. þm. Reykv., að þegar búið er að afnema áfengislögin, skuli ekki standa á fylgi þeirra og annara andbanninga við styrk til bindindisstarfsemi. Hví ættu þeir þá ekki að geta fylgt þessu máli, ef þeim væri nokkur alvara?

Hv. þm. sagði, að sér væri ógeðfellt, að þessi félagsskapur gerði ekkert án þess að hlaupa eftir fé í ríkissjóðinn til þess. Þessi ummæli hv. þm. stafa annaðhvort af ókunnugleika eða öðru verra. Ég hugsa, að honum veiti erfitt að benda á þann félagsskap, þar sem einstaklingarnir leggja meira í sölurnar en einmitt í reglunni. Að vísu hefir ríkið lagt fram nokkurt fé til bindindisstarfseminnar, en einstaklingarnir þó margfalt meira, að ótöldu starfi þeirra. Þetta ber því vott um allt annað hugarfar en ég bjóst við.

Hv. þm. sagði eins og hv. 3. þm. Reykv., að ekkert lægi á að ákveða styrkinn. Ég gat ekki skilið þetta öðruvísi en svo, að tilætlun þeirra væri að kaupa okkur bindindisvini til fylgis við afnám áfengislaganna á þessu þingi á þennan hátt, og kaupa þá jafnvel nokkuð dýrt, ef með þyrfti. Brennivínsmenn eru nú hvort sem er vanir að kaupa nokkuð dýrt. Ég

vil lýsa því yfir fyrir hönd okkar bindindisvina, að ég álít, að engin slík kaup eigi að gera. Ég hefi allt of bjargfasta trú á starfi reglunnar til þess, að ég álíti, að hún eigi að taka á móti nokkrum krónum úr ríkissjóði fyrir uppgjöf, sem við álítum ósæmilega.

Hv. þm. var að tala um, að við ættum að koma áfengislögunum í betra horf. Það hefir aldrei staðið á okkur að gera það. En hv. 2. þm. Rang. álítur, að eina ráðið til þess sé það, að veita brennivíninu inn í landið, án þess að setja nokkrar hömlur við ofdrykkjunni í staðinn. Svo blindir eru þessir menn í ást sinni á brennivíninu, jafnvel þótt þeir noti það ekki freklega sjálfir.

En ég tel rétt að taka ákvörðun um þetta mál án tillits til áfengislöggjafarinnar. Þessi styrkur, sem hér er um að ræða, á ekki að vera neinar sárabætur fyrir afnám bannlaganna. Hann á að vera bætur fyrir tjón reglunnar vegna óvissunnar um lóðina af völdum Alþingis. Hitt á að vera óútrætt mál á þessu þingi.

Ég hélt því fram í fyrri ræðu minni, er ég minntist á dagskrártill., að atkv. hefðu þegar gengið móti slíkri dagskrártill. í Nd. og væri því ekki rétt að bera upp, hvað þá að samþ. slíka till. hér. Hv. 2. þm. Rang. kvað menn hafa greitt atkv. gegn till. af allt öðru hugarfari í Nd. en hér gæti komið til greina. Ég get nú ekki rannsakað hjörtun og nýrun. En mér virðist ljóst af atkvgr. í Nd., að ekki sé þingvilji fyrir því að afhenda lóðina kvaðalaust, af hvaða ástæðu sem það er. Þessi þingvilji gæti auðvitað verið til á næsta þingi. Allt öðru máli hefði verið að gegna, hefði till. verið samþ. í Nd., svo að formleg afgreiðsla hefði getað orðið í báðum deildum og málið þar með verið úr sögunni. Ég vona því, að dagskrártill. verði felld, en vænti þess vegna yfirlýsingar andbanninga um hlýjan hug þeirra til bindindisstarfsemi, að þeir viðurkenni, að reglan hafi goldið mikið afhroð vegna aðgerða Alþingis í þessu máli og veiti þessar 75 þús. kr., hvort sem Alþingi lætur lóðina af hendi eða ekki. Ég álít miklu hreinlegra að fella málið alveg en samþ. dagskrána. Menn verða hvort sem er oft að sætta sig við það, að góður málstaður verði undir.

Pétur Magnússon: Þótt ég segði, að málið lægi ekki ljóst fyrir, var ég ekki með því að ásaka hv. 2. þm. S.-M. Honum ber engin skylda til að kynna sér málið sérstaklega. Slíkt er auðvitað næst hæstv. fjmrh., og svo þeim, sem málið báru fram í Nd.

Annars voru það ekki kvaðirnar á lóðinni, sem mér var ekki kunnugt um, heldur hitt, hve mikils virði lóðin væri og hve mikil þörf væri á nýbyggingu Hv. 2. þm. S.-M. sagði, að hver maður í bænum vissi, að húsakynni reglunnar væru orðin allt of lítil, svo mjög, að þau hömluðu starfsemi hennar. Mér er nú ekki kunnugt um þetta. Ég veit að vísu, að góðtemplarahúsið er orðið nokkuð úr sér gengið, en það á ekki að þurfa að hamla starfsemi reglunnar, ef það er nógu stórt.

Hv. þm. sagði, að Alþingi hefði valdið templurum tjóni með aðgerðum sínum í málinu. Þarna er öllu hreint og beint snúið öfugt. Ekki er það Alþingi að kenna, þótt reglan byggi á lóð, sem hún hefir takmörkuð réttindi til. Reglan hefir aldrei borgað einn eyri fyrir lóðina. Og hvað það snertir, að Alþingi hafi tafið fyrir nýbyggingu, þá fæ ég ekki séð, að það geti staðizt, nema hv. 2. þm. S.-M. ætlist til, að húsið hefði verið reist fyrir ríkisfé. Ég held, að óhætt sé að fullyrða, að ef félagið hefði átt að leggja fram féð frá sjálfu sér, hefði það orðið að greiða hærri vexti en það geldur nú í húsaleigu, því að vafalaust hefði þetta orðið stórhýsi. Allar líkur benda á þetta, þótt ekki sé hægt að tilgreina tölur.

Þessar kröfur til ríkissjóðs er því ekki hægt að byggja á því, að Alþingi hafi bakað reglunni tjón. Þær verða eingöngu að byggjast á hinu, að reglan sé þjóðþrifafyrirtæki.

Hv. þm. hafði það eftir mér, að ég hefði sagt, að reglan hefði aldrei gert neitt án þess að hlaupa í ríkissjóðinn. Þetta sagði ég ekki, en ég sagði hitt, að ég kynni illa við það, að félög, sem látið væri í veðri vaka um, að stofnuð væru af miklum fórnaranda, í hverjum tilgangi sem það nú er, sæki jafnan í ríkissjóðinn meiri hlutann af því fé, sem þau verja eftir sínum lofsverða tilgangi. Ríkissjóðnum hefir venjulega tekizt að koma

út án þess að skipulagður félagsskapur þyrfti að beita sér fyrir því.

Um góðtemplarafélagið er það að segja, að það hefir starfað í áratugi og fengið mikinn styrk úr ríkissjóði, og líka varið miklu fé til starfsemi sinnar, en ýmsum sýnist þó, að þessi fjölmenni félagsskapur ætti eins og margur annar að vera þess umkominn að koma sér upp húsi. Ég er ekki að efast um fórnfýsi einstaklinganna, þó að reglan telji sig ekki þessa megnuga eftir öll þessi ár. En annars er því ekki að leyna, að nokkuð eru skiptar skoðanir um gagnsemi þessa félagsskapar. Það mun margra mál, að starfsemi reglunnar hafi beinzt í aðra átt en tilgangurinn var upphaflega. Hún hafi orðið pólitískur félagsskapur, þótt ekki hafi hann verið flokkspólitískur, sem unnið hafi að ákveðinni löggjöf án þess að taka tillit til afleiðinga þeirrar löggjafar. Reglan hefir í þeim efnum aðeins barið höfðinu við steininn.

Hv. þm. hafði það eftir mér og hv. 3. þm. Reykv., að ekki skyldi standa á þessum 75 þús. kr., þegar nóg væri komið af brennivíni inn í landið. Þetta höfum við aldrei sagt. Ég benti aðeins á það, að möguleikar til að styrkja regluna yrðu betri, þegar áfengislöggjöfin væri komin í skynsamlegra horf. Og ég get bætt því við, að ég geri mér frekari von um, að starfsemi reglunnar beri árangur, ef hún hættir að verja kröftum og fé til að viðhalda vitlausri áfengislöggjöf.

Hv. 5. landsk. vildi sannfæra hv. þdm. um húsnæðisleysi templara, en ekki get ég sagt, að upplýsingar hennar sannfærðu mig. Hv. þm. sagði, að í Reykjavík væru 10 stúkur, sem þyrftu að halda fundi vikulega. Ég get nú enga knýjandi þörf séð á svo tíðum fundahöldum, né búizt við, að ofdrykkja í landinu ykist stórlega, þótt fundir væru ekki nema tíunda hvern dag. Auk þess ættu félögin að geta komið saman á danssamkomur á milli, þótt þau yrðu að leigja sér húsnæði, eins og flest önnur félög. Hv. þm. talaði um það, að stúkurnar hefðu orðið að leigja sér húsnæði. Ég hefi áður bent á, að miklar líkur séu til þess, að slíkt sé ódýrara en ef reglan hefði byggt á þeim tíma, er til stóð, og skrifstofupláss álít ég stúkunum alveg vorkunnarlaust að taka sér á leigu utan góðtemplarahússins.

Mér finnst ekki hægt að loka augunum fyrir því, að nú eru erfiðir tímar og fjárhagsvandræði steðja víðast að, og ekki sízt hjá ríkissjóðnum. Hinsvegar mun vera hægt að notast við það húsnæði, sem reglan hefir hér í Reykjavík, þó það skuli fyllilega játað, að húsnæðið sé hvergi nærri fullnægjandi eða hentugt. En það verður líka erfitt fyrir regluna að byggja stórhýsi á þessum tímum. Og á það vil ég minna, að ríkissjóður hefir í fleiri horn að líta, og margt af því er meira aðkallandi fyrir þjóðina heldur en að byggja stórhýsi yfir góðtemplararegluna hér í bænum.

Forseti (EÁrna): Umr. eru nú orðnar nokkuð langar um þetta mál, svo að ef þær eiga að lengjast mikið fram úr þessu, sé ég mér ekki annað fært en að taka málið af dagskrá vegna annara mála, sem verða að komast að. Ég vil því beina þeim tilmælum til hv. dm., að þeir takmarki mál sitt úr þessu.

Ingvar Pálmason [óyfirl.]: Ég skal ekki vera langorður. Ég leiði hjá mér að svara einstökum atriðum í ræðu hv. 2. þm. Rang., aðeins geri ég nokkrar aths. við það, sem hann sagði. Ég skal taka það fram í eitt skipti fyrir öll, að reglan biður ekki Alþingi og hefir aldrei beðið það um neitt gustuka- eða gjafafé. Sá styrkur, sem hún hefir árlega þegið úr ríkissjóði, hefir verið veittur og notaður í ákveðnum tilgangi, sem sé til útbreiðslustarfsemi. Sú fjárbeiðni, sem hér liggur fyrir og ekki er beinlínis frá reglunni, á að vera til þess að bæta úr þeim aðstöðuhnekki, sem reglan líður við þetta mál, sem hér er um að ræða. Hitt er misskilningur, að hinn árlega styrk úr ríkissjóði hafi reglan getað notað til húsbygginga. Hún hefir á hverjum tíma varið hverjum eyri af því fé til útbreiðslustarfsemi. Allt það fé, sem hún hefir varið til húsbygginga víðsvegar á landinu, hefir hún lagt fram sjálf.

Þá vil ég minnast á þetta almenna viðhorf hv. þm. og hans skoðanabræðra gagnvart reglunni. Þessi hv. þm. segist vilja styrkja regluna í framtíðinni, ef

hann sjái, að hún vinni að sínu markmiði í þeim anda, er hann telur heillavænlegan. En ég vil nú benda hv. þm. á það, að markmið reglunnar er gagnstætt markmiði hv. þm. Það vita allir, að markmið reglunnar er algert bann, og hún slær ekki af þeirri hugsjón. Ég skal kannast við, að það eru erfiðir tímar nú, en þeir eru líka erfiðir fyrir góð málefni, og ég vil vænta þess, að svo mikill hugur fylgi máli hjá bannandstæðingum, er þeir tala um áhuga sinn á bindindi, að þeir vilji verja til bindindisstarfsemi meginhlutanum af þeim auknu tekjum, sem þeir búast við, að ríkissjóður fái af áfenginu eftir að bannið er afnumið. (MJ: Þegar peningarnir koma). Ég hefi ekki trú á því, að tekjur ríkissjóðs af víninu aukist við afnám bannsins, og ég vil vona, að svo verði ekki, og ég mun gera það, sem í mínu valdi stendur, til þess að svo verði ekki.

Guðrún Lárusdóttir: Ég vildi aðeins þakka hv. 2. þm. Rang. fyrir hans góðu ráð reglunni til handa. En ég get ekki stillt mig um að stinga upp á því við hann, úr því hann hefir slíkan áhuga fyrir umbótum á reglunni, hvort honum sýnist ekki að ganga nú sjálfur í regluna, til þess að kenna henni, hvernig hún á að notast við sitt litla húspláss. (IP: Og kenna henni að fara með fé). Já, og kenna henni sparsemi og betri starfshætti.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá 1. landsk. felld með 9:3 atkv.

Tillgr. felld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JBald, JónJ, BSn, BKr, EE, GL, IP.

nei: JónÞ, JónasJ, KS, MJ, PHerm, PM, EÁrna.

Till. þar með fallin.

Þingsályktunartillögur afgreiddar með rökstuddri dagskrá.

1. Varalögregla.

Á deildafundum 22. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um varalögreglu (A. 104).

Á 5. fundi í Sþ., 25. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 6. fundi í Sþ., 29. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Héðinn Valdimarsson): Við flm. flytjum þessa þáltill. af hálfu Alþfl., og er hún um tvennt. Annað er það, að núv. varalögregla sé lögð niður þegar í stað. Hitt, að ráðherra stofni hvergi til varalögreglu í kaupstöðum landsins.

Varalögreglan er nú búin að standa hér um bil ár, og er óhætt að segja, að flestir utan þingm. og bæjarfulltrúa Sjálfstfl. muni þó sannfærðir um, að hún hafi ekkert gagn gert og að það hafi verið mesta óráð, að til hennar var stofnað. Það er sennilegt, að varalögregla hefði aldrei verið sett á fót, ef svo hefði ekki viljað til, að maður nokkur settist um stund í ráðherrasæti, sem er þekktur að mikilli fljótfærni. Lögreglan hefir kostað ríkissjóð nú til þessa dags 375 þús. kr. í laun, fyrir utan ýmsan kostnað, sem ekki er settur á sama lið, húsnæði, ljós og hita, sennilega tæki og því um líkt. Það er m. ö. o. töluvert meira en það, sem ríkissjóður hefir lagt til atvinnubóta alstaðar á landinu, og þetta er varalögregla einungis fyrir Reykjavík. Hennar hefir ekki verið þörf allan þennan tíma, sem hún hefir starfað, og mun varla hafa komið fyrir, að reynt hafi verið að nota hana.

Til viðbótar má minna á það, að í lögregluliði Rvíkur hefir verið fjölgað, eða ákveðið a. m. k. að fjölga því um 27 manns, eða upp í 48. Ég hygg það muni flestir Reykvíkingar sammála um það, að sá hópur lögreglumanna sé fyllilega nægur þörfum bæjarins.

Þeir menn, sem mest tala nú um sparnað á fé ríkissjóðs, ættu að sjá það, að það getur aldrei gengið lengur að ausa út fé á þennan hátt. Og við viljum gefa þinginu tækifæri til að láta í ljós álit sitt um þetta og búumst þá við, að dómsmrh. taki það til greina og leggi varalögregluna niður þegar í stað. Ég vil geta þess, að núv. varalögregla er algerlega ólögleg. Það var stofnað til hennar með gerræði og án nokkurrar lagaheimildar, og fyrir henni er engin heimild enn, heldur þvert á móti. Í frv. því, sem samþ. var á síðasta þingi, stendur greinilega, hvenær sé hægt að hafa varalögreglu. Er það fyrst þegar stjórnin hefir gert ráðstafanir til, að bær skuli hafa allt að tvo starfandi lögregluþjóna á hverja þúsund íbúa. Og í öðru lagi, þegar sérstaklega standi á og ráðh. telji nauðsynlegt vegna öryggis bæjarins, má auka liðið meira en segir í 1. gr. Nú er engin sérstök ástæða fyrir hendi fyrir þessari varalögreglu, og engin ný heimild er fengin. Til hennar er ekki stofnað á sama hátt og um getur í l. um lögreglumenn. Svo að sú varalögregla, sem nú er,

er augsýnilega algerlega ólögmæt, því að skilyrðunum, sem um getur í l., er ég nefndi, er ekki fullnægt enn. A. m. k. er ekki neinsstaðar bert, að nein ákvörðun frá ríkisstj. sé gerð um það, að fjölga eigi lögregluþjónum bæjarins upp í tvo á hvert þúsund. Samþ. hefir verið að fjölga þeim upp í 48, sem svarar einum á hverja 700. En að á undan því hafi komið nokkur ályktun frá ríkisstj., á sér ekki stað. Auk þess segir í 6. gr. þessara l., að varalögreglan komi fyrst til greina þegar búið sé að auka fastalögreglu upp í tvo á hvert þúsund. Enn vantar 7 upp í þá tölu hér í bænum, sem bæjarstj. hafði ákveðið, svo að ekki er stuðzt við 6. gr., enda þyrftu að vera 60 lögreglumenn til þess. Ástæðan til, að ráðh. hafi stofnað til varalögreglu hér, með þeim lögreglustyrk, sem búið er að ákveða af bæjarstj., finnst ekki í öðru en því, að núv. meiri hl. bæjarstj. virðist svo ákafur í þessu máli. Sjálfstæðismenn eiga einn ráðherrann, þann sem hefir með þetta mál að sýsla, þó að hann sitji til bráðabirgða, og þess vegna virðist full þörf á því að ámálga það, að hann fari ekki að flana að neinu í þessu máli. En þó svo væri, að ríkisstj. tæki ákvörðun um það formlega, að fjölga skuli lögregluþjónum í tvo á þúsund, þá væri réttara að birta það bæjarstj., og síðan fjölgaði bæjarstj. þeim upp í 60. En að því búnu álítum við þó, að ekki sé nein ástæða til að stofna til varalögreglu, og að ástæðan, sem vakir fyrir Sjálfstfl., geti ekki haft almenna þýðingu, þó að sérstakir flokkshagsmunir séu á bak við. Ekki sízt verður þetta tortryggilegt, þegar gætt er að því, hvernig val þessa meiri hl. í bæjarstj. hefir fallið á menn í lögregluliðið. Það eru menn, sem þekktir eru að því að vera mjög fylgjandi þeim flokki, sem nefndur er „nazistar" hér í bænum. Það á satt að segja ekki vel við að setja í lögregluliðið þá menn, sem fylgja þeim að málum, sem opinberlega lofa þær einræðisstj., sem eru gagnstæðastar okkar lýðræðisfyrirkomulagi hér á Íslandi. Vekur það sannast að segja tortryggni um, að einhver sé önnur ætlun með þeirri varalögreglu en sú, að vernda friðinn í Reykjavík.

En hvernig svo sem litið væri á þær orsakir og ástæður, sem fyrir þessu væru af hálfu þeirra sjálfstæðismanna, þá er ekki hægt að neita, að bæði þessi varalögregla, sem nú er, og eins hvaða varalögregla, sem sett yrði upp, mundi hafa í för með sér allmikinn bagga á landsmenn, bæði hlutaðeigandi bæjarfélög og einnig ríkissjóð. Ætti því sízt að stofna til slíks kostnaðar nema af algerlega óumflýjanlegum ástæðum, en slíkar ástæður sýnast hvergi fyrir hendi.

Ég vænti því, að atkvgr. um þessa till. muni sýna það, að þingið óski ekki eftir meiru af samskonar útgjöldum úr ríkissjóði.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Ég mun svara hv. 2. þm. Reykv. í sama dúr og hann talaði. Hann talaði ákaflega rólega og æsingalaust. Og ég mun svara nákvæmlega á sama hátt. Hvað snertir till., sem liggur fyrir, þá er hún aðallega um tvennt. Fyrst og fremst það, að fela ríkisstj. að leggja niður núv. lögreglu, og í öðru lagi að stofna hvergi til varalögreglu í kaupstöðum landsins.

Um fyrri lið þessarar till. vil ég segja það, að mjög bráðlega verður lögð niður sú lögregla, sem hefir starfað síðan í fyrra. Bæði þessum hv. þm. og öðrum er kunnugt, að aukning bæjarlögreglunnar hér í bænum komst ekki á fyrr en frá 1. þ. m. og að á þinginu í fyrra var gengið út frá því, að sú lögregla, sem sett var á stofn eftir óeirðirnar 9. nóv. í fyrra, yrði þangað til lögreglan yrði aukin í bænum. Þótt leitað sé með logandi ljósi í umr. frá í fyrra um þetta mál, þá finnast ekki frá öðrum en Alþýðuflokksmönnum ummæli um það, að afnema varalögregluna fyrr en bæjarlögreglan væri aukin. En nú er búið að auka talsvert bæjarlögregluna, og sú varalögregla, sem hefir verið, verður því, eins og ég tók fram, bráðlega leyst upp. En það verður að gerast með dálitlum fyrirvara, og ekki án vorkunnsemi gagnvart þeim mönnum, sem í lögreglunni hafa verið. Það gengur vitanlega ekki að kasta þeim út á gaddinn með eins dags fyrirvara eða svo. Þetta veit ég, að hv. þm. hlýtur að viðurkenna. Þessir menn gáfu sig fram til lögreglustarfsins á þeim tíma, er ríkinu lá mikið við, og væri illa launað, ef þeim væri fyrirvaralaust vísað úr þjónustunni. En ég

vona, að um áramótin geti þetta að fullu gengið í gegn, eða a. m. k. verði mjög litlar kvaðir og kostnaður af varalögreglunni á ríkissjóði eftir það.

Með þessu tel ég, að ég hafi svarað fyrri hl. þessarar till. En út af ummælum hv. þm. að öðru leyti skal ég upplýsa það, að þótt kostnaðurinn sé að sönnu mikill, þá efast ég um, að margir utan hans flokks telji hann eftir. Svo er annað. Sjálfur á þessi hv. þm. mjög mikinn þátt í því, hve kostnaðurinn var mikill, með því að sjá um, að þessum mönnum væri bægt frá vinnu í bænum. Hefir það ranglæti gert bæði stj. og svo þessum mönnum geysileg óþægindi.

Ennfremur er gert ráð fyrir, að nokkuð af þessum kostnaði endurgreiðist frá Reykjavíkurbæ, og á ég nú sem stendur í samningum um þetta við borgarstjórann.

Hv. þm. nefndi fjölgun á lögreglunni. Það er satt, að henni er fjölgað nokkuð. En sú fjölgun, sem bæjarstj. hefir ákveðið, er þó ekki komin til framkvæmda að öllu leyti, vegna þess að lögreglustjóri hefir afsagt suma af mönnum þeim, sem hún valdi. Heyrt hefi ég, að það verði dómstólamál, og getur því niðurstaðan dregizt nokkuð.

Hv. þm. hélt enn fram því, sem hann sagði a. m. k. hundrað sinnum í fyrra, að þessi lögregla væri ólögleg. Það getur verið, að hann hafi haft ofurlitla átyllu til að segja þetta um lögregluna áður en lög um lögreglu voru sett í fyrra. En eftir að l. voru sett, er ekki neinn efi á, að þessi lögregla átti að vera þangað til aukning kæmi.

Þá heldur hann fram, að lögregla þessi sé algerlega óþörf. Ég vil þá minna hann á, að það er ekki alllangt síðan talsvert miklar óspektir urðu í bænum. Það var 9. þ. m. Það kvöld var t. d. símað frá Alþýðuhúsinu hér í bænum og lögreglan beðin að koma og skakka leikinn. — Aukning lögreglunnar í bænum hefir verið samþ. af stj., og skil ég ekki, að hv. 2. þm. Reykv. sé ókunnugt, að það var tilkynnt bæjarstj.

Hv. þm. talaði eitthvað um flokkshagsmuni sjálfstæðismanna í sambandi við lögregluna. En ég man ekki betur en að allur þingheimur, að Alþfl. undanskildum, greiddi í fyrra atkv. með frv. um aukna lögreglu. Annaðhvort mun einn eða enginn utan þess flokks hafa verið á móti. Hér er því ekki um sérmál Sjálfstfl. að ræða.

Ég skal auðvitað ekkert dæma um innræti hinna nýju lögregluþjóna, sem mér skildist hv. þm. hafa eitthvað út á að setja. En ég fyrir mitt leyti treysti, að bæjarstj. hafi ekki mislagzt hendur um val á þessum mönnum.

Þá vík ég að seinni hluta till., sem er þess efnis, að stofna hvergi til varalögreglu í kaupstöðum landsins. Þótt þetta væri samþ., hygg ég, að engin stjórn gæti farið eftir því, þar sem til eru lög um, að þetta skuli gert, ef þörf er á. Ég álít, að ekki sé hægt að þvinga neina stjórn með þál. til þess að óhlýðnast lögum, þar sem lögin voru samþ. af þinginu í fyrra, sem var að miklu leyti eins skipað og það þing, sem nú situr. Hv. aðalflm. veit líka ósköp vel, að þetta verður ekki samþ., og ég skil ekkert í þeirri hugsun hjá honum, að ekki megi setja upp varalögreglu, hversu óumflýjanleg nauðsyn sem það er. Hv. flm. hefðu átt að bæta aftan við þennan lið till.: „nema þegar þörf er á", til þess að eitthvert vit hefði verið í henni. — Tel ég mig þá hafa gert þessari þáltill. fullnægjandi skil.

Flm. (Héðinn Valdimarsson): Það gladdi mig að heyra hæstv. dómsmrh. segja, að varalögreglan myndi verða lögð niður með öllu um nýár og kvaðir af henni á ríkissjóði falla niður eftir þann tíma. En ég skil ekki í, hvers vegna ekki mátti gera þetta fyrr, þar sem þessir menn voru aldrei ráðnir sem fastir starfsmenn. Það er áreiðanlegt, að þeir hafa fengið miklu meira fé en þá óraði fyrir, og það fyrir ekkert verk. Og það er alveg einsdæmi að launa tímunum saman yfir hundrað starfsmenn, sem ekkert gera, af opinberu fé. Ég er ekki heldur ánægður með þau orð ráðh., að varalögreglan muni verða lögð niður um áramót, „að mestu kvaðalaust" fyrir ríkissjóð. Hvaða „kvaðir" eiga þá enn að vera eftir fyrir ríkissjóð? Kannske eftirlaun!

Hæstv. ráðh. segir, að með lögunum um lögreglumenn, sem samþ. voru á þinginu í fyrra, hafi verið gerð þegjandi samþykkt fyrir því, að varalögreglan

héldi áfram. En ég tel, að þegar eftir samþykkt þeirra laga hafi átt að leggja varalögregluna niður. Hún studdist ekki við nein lög í upphafi, en eftir samþykkt þeirra laga hefir hún hreint og beint starfað á **móti** lögunum. Þennan tíma hefir alls ekki „sérstaklega staðið á", en það var meining laganna, að þótt hægt væri að grípa til varalögreglu, skyldi það ekki gert að óðrum kosti. Ég minnist ekki neinnar till. eða ákvæða um það, að varalögreglan ætti að starfa áfram þangað til búið væri að fjölga föstu lögreglunni hér í Rvík.

Viðvíkjandi því, að kostnaðurinn við varalögregluna stafi af því, að mönnunum hafi verið bægt frá vinnu, er það að segja, að slíkt er hrein blekking, því ekki nema örfáir (10—20) þeirra manna, er í liðinu hafa verið, hafa stundað þá almennu vinnu, sem verkalýðsfélögin skipta sér af. Ég verð því að álíta, að það fé, sem varið hefir verið til varalögreglunnar, sérstaklega eftir að lögin um lögreglumenn voru samþ., hafi verið greitt utan við lögin, og ráðherrann ætti að endurgreiða ríkissjóði það persónulega.

Hæstv. dómsmrh. fór lítið út í það, hvenær mætti stofna varalögreglu hér í bænum. Íhaldið í bæjarstjórn hefir samþ. að stofna hér 100 manna varalögreglu. En frumkvæðið á að koma frá ráðh., en ekki frá bæjarstjórn, og auk þess stendur ekki sérstaklega á, eins og sagt er í lögunum, og í þriðja lagi eiga að vera 2 fastir lögregluþjónar á hvert þús. íbúa, áður en varalögreglan er stofnuð, en því ákvæði er ekki fullnægt, þótt lögregluþjónarnir væru 48. Ég vil því spyrja hæstv. ráðh., hvort hann ætli að stofna til varalögreglu á grundvelli samþykktar meiri hl. bæjarstjórnar.

Ég vil mótmæla því, að nokkur þörf hafi verið fyrir varalögreglu 9. nóv. í ár. Ég sá að vísu ekki ryskingarnar í Aðalstræti, en mér hefir verið sagt, að þær hafi ekki verið meiri en svo, að hin fasta lögregla hefði vel getað ráðið við þær, enda hafi ekki fleirum verið boðið út. Ég veit ekki til, að símað hafi verið eftir neinni lögreglu frá Iðnó, a. m. k. hefir enginn af forstöðumönnum skemmtunarinnar gert það, enda var engin hætta þar á óskunda. (**Dómsmrh.**: Hversvegna ekki?). Af því að þar var fyrir nægilega margt vígra manna. Ég skal svo ekki orðlengja meira um þennan lið till., þar sem orð dómsmrh. eru fyrir því, að varalögreglan verði lögð niður um nýárið.

Þá er síðari liðurinn. Við erum þeirrar skoðunar, að varalögreglu sé ekki meiri þörf nú en áður síðan Íslendingar tóku við stjórn sinna eigin mála og engir veðurboðar um, að svo muni verða. En hinsvegar má búast við því, að þar, sem sjálfstæðismenn eru í meiri hl. í bæjarstjórn, heimti þeir varalögreglu eins og hér, og valdi þannig ríkissjóði kostnaði. Auk þess mun varalögregla ávallt vekja mikla tortryggni hér á landi, þar sem varla myndi ástæða til að beita henni nema í stéttabaráttu. Upphlaup kommúnista og nazista býst ég ekki við, að verði svo alvarleg, að fasta lögreglan ráði ekki við þau.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Hv. aðalflm. er ánægður yfir svari mínu, en hann vissi vel áður en hann skrifaði till. sína, að til stóð að leggja varalögregluna niður um nýár. Hann veit, að aukning lögreglunnar hér í bænum var komin í kring um 1. þ. m. Varalögreglan er nú mun mannfærri en í upphafi, eða 70—80 manns. Hann spurði, hvaða kostnað ríkissjóður gæti haft af varalögreglunni eftir nýár. Það skal ég segja honum. Ef haldið verður áfram að bægja þessum mönnum frá vinnu, eins og gert hefir verið, sér ríkið sér ekki annað fært en að bæta þeim það eitthvað upp. Það er rangt hjá hv. þm., að aðeins örfáir af þessum mönnum stundi algenga vinnu. Fyrir nokkrum dögum kom t. d. til mín maður, sem bægt hafði verið frá vinnu yfir langan tíma á skipi, og veit ég, að slíkt er ekkert einsdæmi. Það þýðir ekkert um það að deila, hvort varalögreglan er lögleg eða ekki, fyrir lögin og eftir. Það hefir svo oft verið sýnt fram á það með rökum, að hún er fyllilega lögleg, að ég nenni ekki að fara að flytja þau rök upp hér einu sinni enn.

Ég gat ekki skilið, hvað hv. þm. átti við, er hann sagði, að ályktun bæjarstjórnar um 100 manna varalögreglu væri ólögleg. Ályktunin er auðvitað fyllilega lögleg, en hitt er enn óvíst, hve margir

verða skipaðir, og býst ég við, að farið verði varlega í þær sakir. En hv. þm. veit, að ég hefi ekki búizt við langri setu í stjórnarsessinum, svo að ég taldi, að varalögreglan í Rvík kæmi til kasta eftirmanns míns, enda mun hv. 2. þm. Reykv. óska, að svo verði.

Um óeirðirnar við Iðnó 9. nóv. er það að segja, að húsvörður bað um lögregluvernd. Hv. þm. sagði, að þar hefði verið fyrir nóg vígra manna, og rengi ég það ekki, en ég hefi vanizt því, að menn vildu vera í friði þar sem þeir eru á fundum, en ekki þurfa að eiga í handalögmáli við óeirðarseggi. Varalögreglan hefir því orðið til þess að verja hv. þm. sjálfan. (HV: Misskilningur). Nei.

Jónas Jónsson: Ég vil bæta nokkrum orðum við þessar umr. viðvíkjandi tilorðningu laganna um lögreglumenn í fyrra. Ég sé á grg. þáltill., að kostnaður við varalögregluna er talinn um 400 þús. kr. Ég held, að óhætt sé að segja, að helmingur þess kostnaðar sé áfallinn síðan heimilt var að leysa upp varalögregluna. Ég óska, að hæstv. dómsmrh. og hæstv. fjmrh. svari því, hvers vegna þeir hafa ekki séð sér fært að leggja hana niður fyrr.

Á þingi í fyrra voru tvær andstæður, íhaldsmenn, sem vildu ótakmarkaðan liðssafnað og ótakmarkaðan kostnað, og sósialistar, sem enga lögregluaukningu vildu. Framsóknarmenn voru mitt á milli og höfðu aðstöðu til að ráða miklu um úrslit málsins.

Stjórnin bar fram frv. um ótakmarkaðan her. Þetta frv. kom fyrir nefnd í Ed., þar sem ég átti sæti ásamt hv. 2. þm. S.-M. og hv. 1. landsk. Hv. 1. landsk. vildi halda sér við frv. og jafnvel ganga enn lengra. Þá bárum við framsóknarmenn fram frv., þar sem bæði var takmarkaður mannafli og fé. Við gengum inn á það með íhaldinu, að nauðsynlegt væri að auka lögregluna eitthvað. Tvær stefnur voru þá að koma hér upp, sem báðar vildu steypa þjóðfélaginu með ofbeldi. Þetta réð afstöðu okkar, en við vildum þó ekki ganga lengra en svo, að verja þjóðfélagið gegn þessum vaxandi óaldarfaraldri. Varð svo að samkomulagi, að lögreglan skyldi aukin innan vissra takmarka. Meginhluti kostnaðarins legðist á bæina, þar sem væri sú tegund af fólki og stjórnarfari, að slíkrar lögregluaukningar þyrfti við, en ríkið styrkir bæjarlögregluna að litlu leyti og varalið, ef með þarf. En það var alls ekki gert ráð fyrir fastri varalögreglu, heldur ígripaliði, eins og núv. lögreglustjóri hefir aflað sér á gamlaárskvöld til að vernda fólk og klæði þess fyrir óknyttastrákum.

Ég vil enn spyrja hæstv. dómsmrh., hvort hann er enn sama sinnis og í vor, er allmargir samherjar mínir hétu stjórninni stuðningi til að kaupa vatnsbíl, sem er betri en tugir manna með barefli. Hæstv. ráðh. neitaði og taldi bílinn of dýran. Hann kostar um 40 þús. kr. Þetta er eitt hið áhrifamesta lögreglutæki, bleytir í fólki og kælir í því blóðið, getur lagt menn flata með vatnsaflinu á 30 m. færi, en orsakar engin meiðsl. Þesshátt ar bíll myndi fyllilega hafa dugað 9. nóv. í fyrra, án þess að nokkur meiðsl eða blóðsúthellingar hefðu orðið. Hefði stj. fengið sér þvílíkt tæki, hefði hún aflað sér meiri samúðar en með því að hafa á launum tugi manna, sem ekki geta annað en barizt með kylfjum við þá, sem óspektum valda.

Þegar lögin um lögreglumenn voru staðfest, hefði dómsmrh. getað lagt varalögregluna niður þegar í stað. En þetta var ekki gert. Ég vil nú spyrja hæstv. fjmrh., hvers vegna hann hafi ekki neitað að greiða fé til þessarar varalögreglu, sem engin þörf var á, nema þá til þess að létta Rvík lögreglukostnaðinn. Vera má, að hæstv. fjmrh. hafi sína skýringu á þessu.

Ólafur Thors: 1. flm. þessarar till. vék nokkrum orðum að mér í framsöguræðu sinni, og þótt mér finnist engin ástæða til að vera að rekja hér hin sögulegu tildrög að stofnun ríkislögreglunnar, ætla ég samt að víkja nokkrum orðum að forsögunni. Ég held, að það sé ekki réttmætt, þegar hann áfellir mig fyrir að hafa gert þetta í fljótfærni. Það mætti e. t. v. segja, að þetta hefði verið gert af fljótræði og með viðeigandi hraða, og hygg ég, að velflestir borgarar bæjarins, úr öllum stjórnmálaflokkum, hafi álitið þessa ráðstöfun rétta og nauðsynlega.

Mér var það frá öndverðu ljóst, að það, sem aðallega bar að forðast, var það tvennt, að lögreglan fengi á sig pólitískan blæ og yrði ríkissjóði kostnaðarsöm. Ég gerði það, sem í mínu valdi stóð, til þess að girða fyrir þetta. Ég lagði ríkt á við foringja liðsins, Erling Pálsson, að gæta þess að velja lögreglumennina úr öllum flokkum, nema kommúnistum, og ég átti m. a. langt viðtal við 2. þm. Reykv. um málið, til þess að reyna að tryggja samúð hans flokks með lögreglunni, og ég held mér hafi tekizt að vinna huga hans, þótt orð hans og síðari framkoma beri það ekki með sér. Lögreglan hefir að vísu orðið dýrari en nokkur maður gerði ráð fyrir í öndverðu, en ég tek undir það, sem hæstv. dómsmrh. sagði, að aðrir eiga meiri sök á því en við, sem stofnuðum lögregluna. Það liggur nú fyrir, að draga muni mjög úr þessum kostnaði, þar eð Rvík hefir í hyggju að koma sér upp 50—60 manna varalögreglu, og á kostnaðurinn við hvern mann að verða um 600 kr. á ári. Þetta verður því um 30—60 þús. kr. kostnaður á ári, og ber ríkissjóður helming þeirra útgjalda. Það horfir því raunverulega allt öðruvísi við um kostnað þessarar væntanlegu varalögreglu en verið hefir. Ég veit, að menn vilja deila um, hvort áfram sé þörf fyrir slíka lögreglu. Það var þörf fyrir hana, og ég vil leiða athygli þingsins að því, að þörfin fyrir slíka lögreglu kemur ekki í ljós fyrr en hún verður lögð niður, því að það, að hún er til, heldur í skefjum þeim óaldarlýð, sem hefir viljað vaða hér uppi, en nú hefir slíðrað sverðið, af því að lögreglan er nógu öflug og þeir sjá sér á engan hátt fært að ráða niðurlögum hennar. — Þetta vil ég láta nægja, og vænti ég, að ég hafi með þessu ekki vakið neinar óþarfa málalengingar um þessa hlið málsins. Um hitt get ég tekið undir flest, sem hæstv. dómsmrh. sagði. Hann hefir gefið yfirlýsingu um, að liðið verði bráðlega lagt niður. En um síðari lið þessarar till. er það að segja, að hann brýtur í bága við gildandi lög frá síðasta Alþ., og þess er ekki að vænta, að núv. Alþ., sem að miklu leyti er skipað sömu mönnum og þá, leggi lið sitt til þess, að lög, sem það hefir sett, séu virt að vettugi. Út frá þessum röksemdum vil ég leyfa mér að bera fram rökstudda dagskrá í málinu, svo hljóðandi:

Með því að dómsmálaráðherra hefir lýst yfir því, að núverandi varalögregla verði bráðlega lögð niður, og þar eð síðari hluti till. brýtur í bága við gildandi lög, tekur Alþ. fyrir næsta mál á dagskrá.

Flm. (Héðinn Valdimarsson): Ég man ekki betur en að hæstv. dómsmrh. lýsti yfir því, þegar frv. um lögreglumenn var til umr. í fyrra, að ef það yrði samþ., skyldi varalögreglan lögð niður. En hún er þó enn „starfandi". Nú er þó komið svo langt, að hann ætlar, ef hann verður ráðh. áfram, að leggja hana niður um áramót. En flokksmenn hans vilja ekki ganga lengra með þessari dagskrá en að hún verði „bráðlega" lögð niður, og það getur væntanlega teygzt eitt árið í viðbót.

Viðvíkjandi síðari liðnum, að hann brjóti í bága við gildandi lög, þá er það hrein og bein hugsunarvilla. Í lögunum er engin **skylda** fyrir ráðh. að stofna til varalögreglu, heldur er honum **heimilt**, undir sérstökum kringumstæðum, að stofna til varalögreglu. Vænti ég, að hv. þm. skilji, að heimildarlög eru ekki skuldbindandi fyrir stj. Till. þessi gengur einungis út á það, að stj. noti ekki þá heimild, sem í l. er um stofnun varalögreglu, og er þá miðað við núv. ástand og það, að lögreglunnar hefir aldrei verið þörf. Nokkrir menn úr henni hafa verið notaðir við smávegis uppþot, sem fastalögreglan hefði eins getað unnið sjálf. Og það, sem hæstv. dómsmrh. var að minnast á, að varalögreglan hefði varið mig í „Iðnó", þá er það rangt. Það komu einungis tveir lögregluþjónar niður eftir, og mér vitanlega vörðu þeir engan mann, enda var þess ekki þörf. — Stefnan hjá hv. þm. G.-K. virðist vera mjög greinileg, og einnig hjá ráðherranum, um að nota varalögregluna allt öðruvísi en ætlazt er til og þveröfugt ofan í allar reglur. Hæstv. dómsmrh. kvaðst ekki skilja, hvernig gæti á því staðið, að stofnun varalögreglunnar nú væri þvert ofan í lög. En það þarf einungis að benda honum á 1. gr. laga um lögreglumenn. Þar stendur: „Ríkisstj. er heimilt, að fengnum tillögum bæjar- eða sveitarstjórnar, að fyrirskipa, að í bæjum

(kaupstöðum og kauptúnum), þar sem eru 1000 íbúar eða fleiri, skuli vera allt að tveimur starfandi lögregluþjónum á hverja 1000 íbúa. enda sé lögreglustjóri þar búsettur". Það svarar til, að 60 lögregluþjónar ættu að vera í Rvík. Svo stendur í 6. gr., að þegar sérstaklega stendur á og ráðherra telur nauðsynlegt öryggi bæjar, að lögregluliðið sé aukið meira en í 1. gr. segir, þá geti hann bætt við varalögreglu o. s. frv. Nú er ekki um það að ræða hér, að neitt af þessum skilyrðum sé fyrir hendi. Bæjarstj. Rvíkur hefir ákveðið að samþ. að stofna til varalögreglu, meðan ekki er starfandi nema 41 lögregluþjónn. Það er þvert ofan í lögin. Og ef ráðh. ætlar sér að verða við þessu, þá mun hann líka brjóta þessa grein laganna. Og mig furðar það reyndar ekki svo mjög, vegna þess hvernig hann hefir áður hagað sér í þessu lögreglumáli. En það fólst í orðum hans, að varalögreglan myndi verða skipuð eftir þessum till. bæjarstj., en hann vildi bara ekki segja, hversu fjölmenn hún yrði. Ég vil því enn benda á, að það er lögbrot, verði það gert eftir lögunum frá í fyrra, áður en búið er að fullnægja þessum tveim skilyrðum, að 60 manna fastalögregla sé þegar komin í Rvík og að varalögregla sé nauðsynleg vegna öryggis bæjarins, og ég heimta skýlaust svar ráðh. um það, hvort hann ætlar sér að stofna til varalögreglu eftir þessari samþykkt bæjarstj., þótt ekki sé búið að fullnægja ákvæðum 1. gr. og án þess að nokkur ástæða sé fyrir hendi vegna öryggis bæjarins. Ef svo er, virðist mér hann ganga, að vísu með sínum flokki, en þvert ofan í ákvarðanir þingsins, þótt sú ákvörðun væri einskonar málamiðlun, sem Framsfl. kom á við sjálfstæðismenn, þótt við værum mótfallnir lögunum. Ég vil einungis geta þess, að það er auðvitað rangt, sem hv. þm. G.-K. sagði um kostnaðinn af þessari lögreglu fyrir Rvík. Hann sagði, að hugsað væri um 50—60 manna lögreglu og að kostnaðurinn væri 30—60 þús. kr. En þetta er einungis fastakaupið, sem á að vera 50 kr. á mánuði, fyrir utan allan aukakostnað. sem gera má ráð fyrir, að verði svipaður og við lögregluna sjálfa, en þar er hann um 2000 kr. á mann, og þar að auki kemur húsnæði, ljós og hiti. Og þegar þessir menn eru svo kallaðir til vinnu, þá á að greiða þeim 5 kr. á fyrstu klst. og síðan eitthvað dálítið lægra tímakaup. Fyrsta klst. kostar 500 kr. fyrir 100 manna lið, og kostnaðurinn verður upp undir 300 þús. kr. á ári. Af því greiðir ríkið þó ekki nema 70 þús. Þetta er æðimikill baggi fyrir bæjarsjóð og einnig fyrir ríkissjóð. Ég verð að segja, að þetta er ekki einungis fjandsamlegt í garð verkalýðsins, því að það mun vera almenn skoðun verkalýðsins í landinu, að varalögreglunni sé sérstaklega beint gagnvart honum, heldur er það fullkomið ráðleysi, ef ríkisstj. og bæjarsjóður ætlar að fara að verja stórupphæðum — svo hundruðum þúsunda skiptir — í varalögreglu, samtímis því sem allt er gert af hálfu Sjálfstfl., sem unnt er, til að hindra aukna atvinnubótavinnu í landinu. Með þessu fé mætti mikið bæta úr því atvinnuástandi, sem nú er, og skapa meiri velmegun að því leyti.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Ég ætla fyrst að svara hv. 2. þm. Reykv. örfáum orðum. Hann sagði, að ég hefði lofað því strax í fyrra að afnema varalögregluna þá þegar. En ég gerði ekki annað en upplýsa, að hún yrði afnumin, þegar bæjarlögreglan yrði aukin, og ekki er hægt að hafa það alveg samtímis, því að ekki er hægt að segja mönnunum upp alveg fyrirvaralaust. Ég ætla mér að standa algerlega við þau orð, sem ég viðhafði í fyrra, og hv. þm. getur ekki borið mér neina brigðmælgi á brýn. Hvað það snertir, að þessi till. komi í bága við gildandi lög, þá skilst mér, að svo sé, því að ef hún á að vera bindandi fyrir stj., mun ætlunin, að þótt stj. álíti nauðsynlegt að setja upp varalögreglu, geri hún það ekki. En í lögunum stendur, að hún eigi að gera það, ef hún telur það nauðsynlegt. Því er það rétt, sem hv. þm. G.-K. sagði í þessu efni. Hvað það snertir, að ólöglegt sé að setja hér upp nægilega varalögreglu, þá skal ég taka það fram, að auðvitað verða lögin athuguð vel áður en hún verður sett upp, og það af mönnum, sem eru jafnskilningsgóðir á lög og hv. 2. þm. Reykv. Hv. þm. sagði, að þessu lögregluliði væri beint gegn

verkalýðnum, það sé stofnað til þess að berja á honum. En þetta atvik, sem ég nefndi frá 9. nóv., sýnir hið gagnstæða. Og merkilegt er það, að það skyldi nú þurfa að verja einmitt verkalýðsfund. (HV: Þetta er bara vitleysa). Lögreglan segir þetta sjálf. (HV: Að hann hafi verið varinn?). Ég get upplýst, að það stóð einmitt svo á, að hv. þm. var sjálfur nýbúinn að halda ræðu um það, hve lögreglan væri óþörf, þegar óeirðirnar við húsið byrjuðu og símað var til lögreglunnar um vernd gegn óspektum.

Svo var það viðvíkjandi atvinnubótunum, sem hv. þm. nefndi í þessu sambandi. Lögreglan hefir óbeinlínis orðið til atvinnubóta, vegna þess að þeir menn, sem í henni voru, stóðu ekki í vegi fyrir öðrum, sem þurftu vinnu. Þetta finnur líka hv. þm. og þess vegna ber hann á móti því, að varalögreglumönnunum hafi verið bægt frá vinnu. (HV: Þetta voru flestallt slæpingjar, sem í varalögregluna fóru). Þetta eru hinir myndarlegustu menn, og ég er viss um, að hv. þm. „slær engar keilur" á því að níða þá. (HV: En þeir hafa verið reknir úr henni?). Hv. þm. hefir rekið ýmsa þessara manna úr „Dagsbrún" fyrir að þeir tóku að sér þetta starf, en ég veit ekki, hvort það eru hans gömlu félagar, sem eru svona slæmir að hans áliti.

Þá er það hv. 4. landsk. Hann fór að segja hér sögu þessa máls frá í fyrra, og söguna sagði hann svipað og hann er vanur að segja pólitískar sögur, nefnil. mjög litað. En hann beindi til mín fyrirspurn um það, hvort ég vildi ekki fyrir hönd lögreglunnar kaupa 40 þús. kr. vatnsbíl til að sprauta á menn, þegar þeir safnast saman. Ég álít, að það sé bæjarins að gera það, en ekki stjórnarinnar, og þegar lög eru komin um það, hvernig skipta eigi kostnaði milli bæjarins og ríkisins í þessu efni, þá kæri ég mig ekkert um að leggja út í 40 þús. kr. bílakaup fyrir bæinn og láta ríkið borga. En hv. þm. er svo vanur bílakaupum, að honum ofbýður þetta auðvitað ekki; en ég hefi gert miklu minna að því, og ég ætla ekki að kaupa þennan bíl fyrir ríkissjóð. Ég man ekki eftir, að hv. þm. hafi beðið um að kaupa þennan bíl fyrr. Annars viðurkenndi hv. 4. landsk., að óhjákvæmilegt hefði verið að auka lögregluna, og ég er honum þakklátur fyrir, að hann neyddist til að láta það í ljós eins og í fyrra. Hans gífuryrði um það, að „íhaldsmenn" vildu endilega hafa fastan her, er ekkert nema heimska og þarf ekki að svara því. En hann vildi eins og hann orðaði það, að hægt væri að grípa til nógu margra, þegar á þyrfti að halda. Það er m. ö. o. varalögregla, sem hann er hér að halda fram. En það var samkomulag um það hjá báðum stærstu flokkum þingsins, að byrja á því að auka hina föstu lögreglu og hafa varalögreglu, eins og hv. 4. landsk. nú viðurkennir. Hann segir, að undir eins í sumar hafi átt að fjölga fastalögreglunni og setja upp varalögreglu. En ég hélt, að hann þekkti svo vel ákvæðin, sem bæjarstj. á að lifa eftir, að þetta tekur dálitinn tíma, og einmitt hans menn í bæjarstj. hafa gert það, sem þeir gátu, til þess að seinka þessu máli, og er fyrst 1. þ. m., sem byrjað er að greiða laun þeim mönnum, sem bætt var í lögregluna. Ég held, að það hafi ekki verið, þrátt fyrir þm. mörgu orð, þörf á að svara honum meira, en gera má ráð fyrir, að maður fái að heyra til hans betur í kvöld.

Eysteinn Jónsson: Ég skal halda mér alveg við síðari hluta þessarar till., því að ég lít svo á, að fyrri hluti hennar sé að nokkru leyti afgreiddur með þeirri yfirlýsingu, sem komið hefir fram frá hæstv. dómsmrh. Eins og þeir kannast við, sem fylgzt hafa með í þessu máli, kom í fyrra fram frv. um varalögreglu ríkisins, og gerði það ráð fyrir, að kostnaðurinn við varalögregluna yrði að langmestu leyti greiddur af ríkinu. Þessi tilraun var hin fyrsta, sem gerð hefir verið til þess að færa kostnaðinn við löggæzlu af bæjunum og yfir á ríkið, m. ö. o. að í stað þeirrar algildu reglu, að bæirnir skuli fyrst og fremst sjá um að halda uppi lögum og reglu innan sinna vébanda, skuli því skotið yfir á ríkissjóðinn. Nú er það svo, að bæði varalögregla og önnur lögregla er fyrst og fremst fyrir bæinn, sem hún starfar í. Þess vegna var það, að Framsfl. beitti sér fyrir því að færa þetta yfir í annan farveg en það upphaflega var í, nefnil. að áður en ríkið

skipti sér af þessum málum hefði viðkomandi bæjarfélag gert sína skyldu, og í lögunum er ákveðið, hver sé skylda bæjarfélaga í þessu efni. Þar með er því slegið föstu, að ólöglegt sé, að ríkið skipti sér af þessum málum fyrr en bæjarfélagið hefði innt af hendi sínar kvaðir. Þetta var aðalatriðið í afgreiðslu málsins. Það var viðurkennt, að þörf gæti verið á aukinni löggæzlu, en því slegið föstu, að ríkið skyldi ekki taka þetta í sínar hendur fyrr en þeir, sem næst stæðu, hefðu tekið sinn skerf. Löggjöfin er því miðuð við það, að undir venjulegum kringumstæðum sé ekki varalögregla, eins og nafnið bendir til. En mér finnst menn gera ráð fyrir, að sjálfsagt sé, að alltaf sé hér varalögregla, en svo er ekki. Það á að vera undantekning. Það er sagt, að „megi", en ekki að eigi að setja upp varalögreglu. Löggjöfin ætlast til, að þetta sé undantekningarráðstöfun, þegar sérstaklega stendur á. Í fyrsta lagi verður að liggja fyrir, að þörf sé fyrir hendi um aukna löggæzlu, og í öðru lagi, að hlutaðeigandi bæjarfélag hafi innt af hendi sína skyldu.

Ég álít, að ef Rvíkurbær uppfyllir allar sínar skyldur í lögreglumálunum eftir lögunum um lögreglumenn, þá sé orðinn svo mikill styrkur í hinni föstu lögreglu, að engin þörf sé á varalögreglu til viðbótar. Ég vil benda á, að það er hiklaust gert ráð fyrir því í lögunum frá síðasta þingi, að áður en ráðh. er leyfilegt að stofna til varalögreglu, þá þarf bæjarfélagið að hafa fullskipað fast lögreglulið, sem svarar til þess, að 2 lögregluþjónar séu fyrir hvert þúsund íbúa í bænum, og yrðu þá 60 fastir lögregluþjónar í Rvík. Auk þess á svo að bæta við skipshöfnum varðskipanna, þannig að varalögregla getur þess vegna ekki komið hér til greina fyrr en 60 lögregluþjónar, að viðbættum skipverjum varðskipanna, álítast ónóg til þess að forða frá óspektum í bænum. Ennfremur vil ég benda á þá sjálfsögðu skyldu bæjarins að afla lögreglunni þeirra tækja, sem þykja við eiga í menningarlandi, en það hefir ekki verið gert hér. Þess vegna lít ég svo á, að þegar Rvíkurbær væri búinn að uppfylla allar þær skyldur í þessu efni, sem lögin ætlast til og venjulegar eru annarstaðar að því er tæki snertir, þá sé bókstaflega engin þörf á varalögreglu. Auk þess er það með öllu óheimilt að stofna til hennar nema að uppfylltum áðurtöldum skilyrðum um 60 manna fastan lögregluflokk o. fl. Það væri skýlaust lagabrot og sérstakt brot gagnvart þeim, sem eiga að greiða gjöld til ríkissjóðs, að stofna varalögreglu fyrr, því bæjarfélögin eiga fyrst að leggja fram sinn lögmælta skerf.

Ef þetta mál er skoðað í ljósi gildandi laga frá síðasta þingi, þá held ég, að síðari hluti till., sem fyrir liggur, þó samþ. verði, geti ekki í neinu tilfelli rýrt þá heimild, sem í lögunum felst til stofnunar varalögreglu. Og verði till. samþ., þá hefir það þá þýðingu, að þingvilji er fenginn fyrir því, að skilyrði laganna skuli uppfyllt áður en stofnað sé til varalögreglu í bæjunum. Ég greiði atkv. með þessari till., af því ég tel ekki forsvaranlegt að leggja gjaldabyrðar á fólk til uppihalds varalögreglu í Rvík, sem er algerlega óþörf, ef öll hin skilyrði laganna, sem eiga að ganga fyrir, eru uppfyllt af hlutaðeigandi bæjarfélagi. Það er talsverð ástæða til að ætla, að einstök bæjarfélög vilji misnota þessa heimild í lögum um lögreglumenn frá síðasta þingi. Bending í þá átt hefir komið fram hér í umr., þó það hafi ekki verið sagt með berum orðum, og í bæjarstj. Rvíkur hefir því verið haldið fram, að hægt væri að stofna til varalögreglu í bænum á grundvelli laganna, þó að hinu fasta lögregluliði væri ekki fjölgað upp í 60 menn. Þessar raddir gefa einmitt tilefni til þess, að svona till. kemur fram á Alþingi, og á hún því fullkomið erindi. Ég álít, að sjálfsagt sé að samþ. till., af því að ýmsir ráðandi menn virðast ekki telja það skýlaust ákveðið í lögum, að bæjarfélaginu beri fyrst að fjölga föstum lögregluþjónum upp í 60, áður en stofnað sé til varalögreglu. Ég álít lögin alveg skýlaus í þessu efni. En ef þetta verður gert af meiri hl. bæjarstj. með samþykki dómsmrh., þá er það vitanlega gert í því skyni, að velta yfir á ríkissjóð og landsfólkið í heild þeim kostnaði við lögregluaukninguna, sem Reykjavíkurbær á að bera.

Jónas Jónsson: Hæstv. fjmrh. hefir ekki enn gefið neinar skýringar á því,

hvers vegna hann hefir séð sér fært að verja svo miklu fé úr ríkissjóði til þess að halda uppi svo dýrum ríkislögregluher hér í bænum í sumar, og vænti ég, að hann láti af því verða. Hæstv. dómsmrh. hélt því hinsvegar fram, að það hefði verið ókleift fyrir sig að afnema ríkislögregluna, m. a. af því, að fulltrúar Framsfl. í bæjarstj. Rvíkur hefðu verið því mótfallnir. Ég ætla nú að leyfa mér að skýra þetta mál nokkuð, af því að hæstv. ráðh. mun vera því ókunnugur, hvernig afstaða okkar framsóknarmanna hefir verið í lögreglumálunum. Hermann Jónasson lögreglustjóri hefir verið aðalmaðurinn í bæjarstj. frá Framsfl. og haft þar með höndum aðalstörfin fyrir flokkinn, því að Páll E. Ólason skrifstofustj. sagði af sér bæjarstjórnarstörfum. Nú er það vitanlegt, að H. J. lögreglustj. hefir mótað þá löggjöf um lögreglumenn, sem afgr. var á síðasta þingi, þar sem ákveðið er, að bæjarfélögin, hvert fyrir sig, beri aðalkostnaðinn af lögreglunni, og að hinn fastákveðni lögregluflokkur í hverjum bæ skuli fyrst fullskipaður, en að stuðningur frá hálfu ríkisins komi aðeins til vara, þegar sérstaklega stendur á og friði og öryggi bæjarins er talin hætta búin. Þess vegna er það alveg óhugsandi, að lögreglustjórinn hafi verið því mótfallinn eða tafið fyrir því, að það skipulag á lögreglumálunum, sem hann hefir borið gæfu til að móta, kæmi fyrst til framkvæmda. Auk þess er mér kunnugt um það, að lögreglustjórinn hefir skrifað stj. hvað eftir annað og bent á, að það mætti draga mikið úr kostnaðinum við ríkislögregluna með því að fækka mönnunum í lögregluliðinu, en stj. sinnti því engu. Það er ennfremur vitað, að lögreglustjórinn hefir, sérstaklega í bæjarstj. Rvíkur, gert sitt ýtrasta til þess að skipun lögreglunnar í bænum yrði sem fyrst breytt í samræmi við hið nýja skipulag.

Hæstv. dómsmrh. mun sýnilega hafa fengið rangar upplýsingar frá flokksbræðrum sínum í bæjarstj. um þetta, þar sem öllu hefir verið snúið öfugt. Flokkur hæstv. ráðh. hefir meiri hl. í bæjarstj., eða 8 fulltrúa á móti 7, og þeir beita jafnan einræði gegn minni hl. í hinum stærri deilumálum. Þetta sannar bezt, að sá dráttur, sem á því hefir orðið að breyta skipun lögreglunnar í bænum, er ekki sök minni hl. Drátturinn er eingöngu að kenna meiri hl. bæjarstj. og hæstv. ráðh. sjálfum, sem hefði getað sagt við sinn flokk í bæjarstj.: Nú leggjum við ríkislögregluna niður, og bæjarfélagið verður að taka við kostnaðinum af lögreglustörfunum í bænum samkv. hinum nýju lögum.

Ég sé því ekki betur en að hæstv. dómsmrh. hafi með undanlátssemi sinni við borgarstjórann í Rvík eytt 200 þús. kr. úr ríkissjóði algerlega að óþörfu, til viðhalds ríkislögreglunni í sumar og haust. Það hefði verið talin óforsvaranleg bruðlunarsemi hjá Framsfl. að verja slíkri upphæð úr ríkissjóði til þess að reisa sjúkrahús eða skóla. Í fyrravetur var ríkislögreglan miklu fjölmennari en þörf var til. Ég held því, að Sjálfstfl. verði að gera skýra grein fyrir þessari ólöglegu fjáreyðslu úr ríkissjóði, því að hann ber einn aðalábyrgðina á þessum óþarfa kostnaði.

Þá vék hæstv. dómsmrh. að því, að engin ástæða væri til þess fyrir stj. að kaupa tæki til stuðnings lögreglunni í Rvík, þó að þau væru ef til vill heppileg; það ætti bærinn að sjá um. Lögreglustjórinn mun hafa stungið upp á því við stj. í fyrra, að keyptur væri vatnsbíll til þess að dreifa óeirðarflokkum á götum bæjarins, og hygg ég, að hæstv. forsrh. og fleiri hafi hreyft þessu við hæstv. dómsmrh., og skildist þeim, að hann mundi vera þessu hlynntur. Að vísu var ekki hægt að ætlast til þess af hæstv. fjmrh., að hann færi að bjóða fram fé til þess úr ríkissjóði. En hæstv. dómsmrh., sem á að hafa yfirumsjón með lögreglunni og hefir þá skyldu að búa í haginn fyrir hana, ef óspektir ber að höndum, hann hefði átt að sjá sóma sinn í því að útvega þetta tæki, sem ekki veldur neinum sársauka í óeirðum, en kemur þó að mestu liði. Og hæstv. dómsmrh. hefði átt að vera þetta því kærara, þar sem flokksmenn hans eru svo fúsir til þess að fá fyrirmyndir frá Þýzkalandi. (**Dómsmrh.**: Nota nazistar vatnsbíla?). Nazistar nota þá í Þýzkalandi með góðum árangri og spýta vatni á andstæðinga sína áður en þeir stinga þeim inn í fangabúðirnar. En það er vit-

anlega ekki meiningin hér á landi, að óeirðarseggir verði reknir inn í fangabúðir; hitt mun heppilegra, að þjálfa þá á annan hátt. Þegar hæstv. dómsmrh. lítur yfir þennan 400 þús. kr. reikning sinn yfir kostnað við ríkislögregluna síðastl. ár, þá mun hann væntanlega sjá, að þessi litla upphæð til kaupa á vatnsbíl, sem væntanlega yrði lögð fram í félagi við Rvíkurbæ, er ekki nema 1/10 hluti af árskostnaði ríkissjóðs við lögregluna. Og úr því að hæstv. ráðh. hefir séð sér fært að leggja fram þessar 400 þús. kr. úr ríkissjóði án nokkurs framlags frá Rvíkurbæ, þá held ég, að hann hefði ekki orðið fyrir neinu ámæli, þó hann hefði sparað nokkuð af upphæðinni til þess að kaupa þetta tæki. Það er öllum kunnugt, að þeir, sem helzt valda óeirðum hér í bænum, eru háværir, en ekki þrekmiklir unglingar, sem eru tæplega færir um að verða fyrir kylfum og öðrum tækjum lögreglunnar.

Ég sé mér ekki annað fært en að greiða atkv. á móti dagskrártill. hv. þm. G.-K., af því að í henni felst viðurkenning og réttlæting á gerðum hæstv. dómsmrh. í þessu máli, sem hafa verið með öllu óhæfilegar frá upphafi. Aftur á móti er ég ekki sammála síðari hluta till., af því að ég álít, að ekki sé hægt með þál. að banna stj. að stofna til varalögreglu. Ef þáltill. kemur til atkvæða í heild, þá mun ég greiða henni mótatkv., og ber þá sérstaklega að líta á það sem mótmæli gegn þeirri óhæfilegu fjáreyðslu stj., sem farið hefir til þess að halda uppi lögregluunni að óþörfu síðan í júlímánuði í sumar.

Ólafur Thors: Ég skal eingöngu halda mér við það, sem fram hefir komið í umr. síðan ég talaði síðast. Það mun vera rétt hjá hv. 2. þm. Reykv., að ég hafi áætlað kostnaðinn við varalögregluna minni en ætla má, að hann verði. Mér láðist að geta um ýmiskonar aukakostnað, sem búast má við, að nemi 15—30 þús. kr. á ári. En þær tölur, sem hv. þm. bar sér í munn um lögreglukostnaðinn, eru vitanlega eingöngu öfgar og villukenningar.

Ræða hv. 1. þm. S.-M. var alveg utan við það málefni, sem fyrir liggur. Hún hné eingöngu að því, hvort nokkur þörf væri á varalögreglu í Rvík. En það atriði er hér alls ekki til umr. eða úrskurðar, heldur hitt, hvort Alþingi á að samþ. þál.till., sem bannar stj. að stofna til varalögreglu í kaupstöðum landsins, hvernig sem á stendur.

Það er vitanlega alveg rétt, sem hv. 4. landsk. sagði, að það er ekki hægt með þál. að banna stj. að stofna til varalögreglu, og þess vegna er ekki heldur hægt að samþ. þessa till., því að í lögum um lögreglumenn er svo að orði komizt í 6. gr. — með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar sérstaklega stendur á og ráðherra telur nauðsynlegt öryggi bæjar, að lögregluliðið sé aukið meira en segir í 1. gr., getur hann, að fengnum tillögum bæjarstjórnar, bætt við varalögreglumönnum".

Lögin segja það tvímælalaust, að ef ráðh. telur nauðsyn til þess, að fengnum till. hlutaðeigandi bæjarstj., að stofna til varalögreglu, þá er honum það heimilt. En í tillögugr. segir aftur á móti: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að stofna hvergi til varalögreglu í kaupstöðum landsins". Tillagan bannar það, sem lögin heimila, og felur í sér, að það eigi að fella úr gildi lögin. Ef slík till. verður samþ., og það verður skoðað sem afnám þeirrar heimildar, sem felst í 6. gr. l., þá tel ég það beinlínis brot á þingsköpum og gildandi venjum um meðferð mála á Alþingi, ef með einfaldri þál. á að afnema lög. Þetta er það atriði, sem hér á um að ræða, en ekki hitt, sem hv. 1. þm. S.-M. talaði mest um, hvort þörf væri á varalögreglu í Rvík, eftir að búið væri að fullnægja að öðru leyti skilyrðum laganna um lögreglumenn um skipun hinnar föstu bæjarlögreglu. Ég ætla ekkert að ræða um það, hvort nú sé búið að fullnægja þessum skilyrðum hér í bænum; en þegar búið er að fullnægja þeim, þá álít ég, að það sé alls ekki hægt að banna ráðh. að stofna til varalögreglu þar. Ég tók svo eftir, að hv. 4. landsk. vildi skilja þetta á sama hátt og ég, og hygg, að hann sé mér sammála um það.

Hitt var náttúrlega ekki nema eðlilegt, að mann með slíka fortíð og hv. 4. landsk. í ráðstöfunum um meðferð ríkisfjár taki það ákaflega sárt, ef það hefir hent

einhverja aðra en hann sjálfan að eyða fé úr ríkissjóði. En ég verð nú að segja eins og er, að ég veit ekki, hversu margir af hv. þm. taka þesskonar umvöndun í alvöru frá honum.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Hv. 4. landsk. beindi til mín fyrirspurn um það, með hvaða forsendum ég hefði sem fjmrh. talið mér fært að greiða úr ríkissjóði fé til kostnaðar við varalögreglu í Rvík síðastl. ár. Gagnvart þessu vil ég aðeins gefa hin sömu svör og skýringar og hæstv. dómsmrh. gerði í fyrstu ræðu sinni um þetta mál, og hirði ég ekki um að endurtaka það. Þær ástæður, sem stj. hefir fram að bera um viðhald varalögreglunnar, komu fram í þeirri ræðu. Hæstv. dómsmrh. lýsti því einnig yfir, að núv. varalögregla yrði leyst upp, a. m. k. fyrir næstu áramót. Ég þarf því ekki meira um þetta mál að ræða frá stj. hálfu. En sem þm. vil ég lýsa því yfir, að ég hefi meiri trú á föstu lögregluliði heldur en varalögreglu og tel, að það eigi að nota til fulls þau fyrirmæli laganna um skipun fastrar lögreglu í bæjum, áður en tekið yrði til heimildar sömu laga um stofnun varalögreglu.

Jón Þorláksson: Það er að nokkru leyti rétt, sem hv. þm. G.-K. sagði, að þessar umr. eru að forminu til ekki um það, hvort nauðsyn muni vera á því að stofna til varalögreglu í Rvík eða ekki. En ég hygg, að það sé í raun og veru það helzta, sem um er deilt og liggur til grundvallar fyrir þeirri þáltill., sem um er rætt. Ég get því ekki áfellt hv. 1. þm. S.-M., þó að hann hafi dregið það atriði inn í umr. En í áframhaldi af ræðu hans ætla ég að gera grein fyrir því, hvers vegna ég álít fyrirmæli þau í lögum um lögreglumenn frá 1. júlí síðastl., sem heimila aukningu á hinu fasta lögregluliði í Rvík, allsendis ónóg eftir ástandinu í bænum. Eins og allir vita, þá hefir starfað hér í nokkur ár flokkur manna, sem kallar sig kommúnista. Sá flokkur hefir það að yfirlýstu takmarki að gera árás á núv. þjóðskipulag og kollvarpa því með byltingu, hvenær sem þeir telja sig hafa afl til þess. Hv. 1. þm. S.-M. hefir nú slegið á þá strengi, að sá flokkur væri ekki það sterkur, að af honum geti stafað nokkur hætta. En ég vil þó minna á það, að við síðustu kosningar, sem fóru fram hér í bænum, höfðu kommúnistar nálega 10% greiddra atkv. Ég hefi lesið það í bók eftir sannfróðan höfund, að þegar kommúnistar tóku völdin í Rússlandi, þá höfðu þeir ekki öllu meira en 10% af þjóðinni á bak við sig. Og meira að segja hefir það verið svo jafnan síðan, þannig að enn í dag eru það innan við 10% af íbúum landsins, sem teljast í kommúnistaflokknum. Við vitum, að þessi flokkur hér á landi bíður eftir tækifæri til þess að framkvæma samskonar bylting hér eins og flokksbræður þeirra gerðu í Rússlandi á sínum tíma. Hvernig væri nú Rvíkurbær við því búinn að verjast árásum frá þessum óaldarflokki, með allar þær alþjóðarstofnanir, sem hér eru starfandi, og hafandi ekki annað en 60 manna föstum lögregluflokki á að skipa. Ég vil leiða athygli að því, að ef hér væri um skipulagsbundna árás að ræða, þá má búast við, að hún stæði sólarhringum saman, þannig að nokkur hluti af lögregluliðinu, að líkindum ⅓ þess, yrði þó að njóta reglubundinnar hvíldar, og yrðu þá aðeins 40 menn á verði samtímis til varnar árásunum. Ég vil biðja hv. þm. að athuga, hvað það eru margar stofnanir í bænum, sem nauðsynlega þurfa verndar við, ef stjórn þessa bæjar og þjóðfélagsins í heild á ekki að verða í voða stödd. Ég vil aðeins nefna stjórnarráðshúsið, bankana, útvarpið, símastöðina, vatnsveituna og ljósastöð bæjarins. Hvað má nú eiginlega missast af þessu í hendur uppreistarmanna, ef fólkinu á að vera hér vært og starfsemi bæjarins og þjóðfélagsins í heild á að haldast við? Og það má nefna fleira: ég vil minna hv. 2. þm. Reykv. á það, að honum auðnaðist á sínum tíma að koma olíustöð þess félags, er hann starfar fyrir, svo nálægt miðbænum, að það má með einni eldspýtu, sem kastað væri að benzíngeymunum á Klöpp, kveikja það bál, sem erfitt yrði við að fást. Það væri því fullkomin ástæða til að vera viðbúinn sliku og verja þá stöð gegn aðsókn uppreistarmanna. (HV: Og timburverzlun Árna Jónsonar). Já, það má líka nefna hana og margt fleira. — Ég vona, að ef hv. þm. vildu at-

huga þetta með hugarró, þá sannfærist þeir um, að það er engin von til þess, að 60 manna lögregluflokkur geti varið bæinn þegar svona árásir frá byltingaflokki bæru að höndum. Ég get líka bætt því við, að þó skipshöfnum varðskipanna væri bætt við lögregluna hér í bænum, þá er fjarri því, að það veiti þjóðfélaginu nægilega vernd. Nú er allmikið um það rætt, hvort stj. sé heimilt að stofna varalögreglu í Rvík, þegar fasta liðið er ekki nema 48 menn, þar sem heimilað er, að hámarkstala þess flokks megi vera 60 lögreglumenn. Ég skal ekki fara mikið út í lögskýringar. En hæstv. dómsmrh. hefir sagt, að þetta mundi verða athugað áður en til þess kæmi, að varalögreglan yrði stofnuð. Og ég vil minna hv. þm. á, að lögin heimila ráðh. að stofna til varalögreglu, þó að í bæjarlögreglunni séu ekki nema 48 menn, ef hann álítur það ekki nægilegan styrk og telur nauðsyn til bera. Þetta veit ég, að allir hljóta að vera sammála um.

Ég hefi nú reynt að gera ofurlitla grein fyrir því, að það er jafnvel óhugsandi að halda uppi nokkru öryggi í bænum með 60 manna lögreglu. Og það er sama, þó að fenginn væri sá vatnsbíll, sem hv. 4. landsk. hefir orðið svo ástfanginn af, eða þau tæki, sem hv. 1. þm. S.-M. var að fikra fingrum um, en nefndi þó ekki, en mér skildist helzt, að hann eiga við skotvopn, því að hann var að tala um, að lögreglan hér þyrfti að vera útbúin sömu tækjum og lögregla annara landa, en ég veit ekki til, að neitt skilji á milli annað en skotvopn. Nei, leiðin til þess að halda uppi friði er sú, að hafa jafnan til taks lið, sem er svo sterkt, að uppreistarmenn treysti sér ekki til atlögu. Þannig hefir ástandið verið hér síðastliðið ár, að það hefir verið svo sterkt lögreglulið, að þessir yfirlýstu árásarmenn á þjóðfélagið hafa haldið sér í skefjum, af því að þeir hafa ekki haft neina von um að sigra, ef þeir hefðu gert áhlaup.

Hv. 4. landsk. var eitthvað að hnýta í Sjálfstfl., að mér skildist fyrir það, að hann sækti fyrirmyndir til Þýzkalands. Nú er það svo, að það er fjöldamargt í þýzkri menningu, sem enginn stjórnmálaflokkur þarf að fyrirverða sig fyrir að sækja þangað. En að því leyti, sem kynni að verða vart við, að Sjálfstfl. sækti fyrirmyndir til þeirrar stjórnarstefnu, sem nú er ríkjandi í Þýzkalandi, vildi ég gjarnan nota tækifærið til þess aðeins að minna á, að alla tíð síðan framsóknarstj. greip til þess einræðis að hleypa upp þinginu 1931, þá hefir Sjálfstfl. staðið fyrstur í baráttunni fyrir lýðræðinu í þessu landi. Hann dró upp merki lýðræðisins með þeirri kröfu, að réttur manna til áhrifa á stjórnarskipun landsins yrði jafn — jafn kosningarréttur.

Þessum kröfum hefir Sjálfstfl. fylgt fram síðan, og þó hann í þeirri stjórnarskrá, sem nú hefir verið lögleidd, hafi neyðzt til að slaka til á þeim kröfum meira en mér er geðfellt, þá kemur það úr hörðustu átt, ef menn eins og hv. 4. landsk., sem alla tíma hefir barizt á móti þessari jafnréttiskröfu, koma nú og þeyta framan í fólkið, að við sækjum fyrirmyndir til þess stjórnarfars, þar sem einræðið er á hæsta stigi hér í Norðurálfu, því að hann og hans nótar, sem staðið hafa á móti þessum jafnréttiskröfum, sækja fyrirmyndirnar til þeirra, sem lögleitt hafa fárra manna vald og staðið í vegi fyrir lýðræðinu.

Sjálfstfl. beitti sér ennfremur fyrir því, að þjóðfélagið, sem er á lýðræðisgrundvelli byggt, sýndi þann manndóm að útvega sér þær varnir, sem þarf til þess að halda við sínu skipulagi, með því að hafa lið til þess að halda uppi lögum í landinu, og það er í beinu áframhaldi af þeirri stefnu, að berjast fyrir lýðræðinu og halda uppi lýðstjórn og lýðræðisvaldi í þessu landi.

Þeir þm., eins og hv. 2. þm. Reykv. og hv. 1. þm. S-M., sem nú óskapast á móti varalögreglu, gera það af því einu, að þeir standa svo nálægt kommúnistum, að þeim er ósárt um, þó að þeir kollvarpi þjóðskipulaginu, af því að þeir búast við að fljóta einhversstaðar ofan á í því hafróti, en við hinir viljum ekki leiða þjóðfélagið út í það umrót.

Jóhann Jósefsson: Það er víst ekki neinstaðar deilt um það, þar sem í alvöru er talað um stjórnmál, að fyrsta skylda hvers þjóðfélags er að geta varið borgarana og haldið uppi friði og reglu í sínu eigin landi, og það er þetta, sem ríkisstj.

gerði eftir atburðina 9. nóv. í fyrra með þeirri ráðstöfun að auka lögregluliðið í bænum, svo óeirðarmennirnir fengu ekki neinu komið við. Þessi ráðstöfun mæltist þá almennt vel fyrir hjá öllum, nema vitaskuld þeim mönnum, sem fyrir óeirðunum stóðu og eru áfram reiðubúnir til þess að nota sér varnarleysi þessa bæjar og annara staða á landinu til þess að koma fram því með ofbeldi, sem ekki er leyft með lögum.

Hv.2. þm. Reykv. leikur hér þann skrípaleik hvað eftir annað á þingi að ráðast á hæstv. ríkisstj. fyrir að hafa stofnað hina svokölluðu varalögreglu í fyrra, og fyrir það fé, sem til hennar hefir verið varið, þrátt fyrir það, þótt allur þingheimur og allir landsmenn viti, að þessi hv. þm. á persónulega sinn stóra þátt í því, að nokkurntíma þurfti að koma til þessarar ráðstöfunar. Slík óskammfeilni í opinberu máli er of mikil til þess, að menn geti hvað eftir annað hlustað á þennan mann breiða sig út yfir þetta málefni án þess að á þetta sé bent.

Hv. 4. landsk. kvað hafa látið velþóknun sína í ljós á sínum tíma yfir því, að stj. gerði þessa ráðstöfun. Hann sá, að það dugði ekki að láta þá, sem vilja fara með ofbeldi í landinu, vaða uppi með það áframhaldandi, og hann veit, að það er betra að koma í veg fyrir sjúkdóminn heldur en að lækna hann, og með stofnun þessarar varalögreglu var komið í veg fyrir, að óeirðirnar endurtækju sig. Nú er svo að sjá, að hann vilji taka undir með hv. 2. þm. Reykv. um árásir á stj., fyrir það, sem hún hefir gert í þessu máli, og fyrir fjáreyðslu því viðkomandi.

Það mætti vel skilja þessa framkomu hv. 4. landsk. þann veg, að hjá honum sé nú efstur andi sócialistans og verkfallamannsins, sem hjá honum var ríkjandi árið 1916, og ef til vill hefir verið ríkastur í hans eðli alla tíð. „Blóð er þykkara en vatn", segir enska máltækið, og ég held, að það sannist á hv. 4. landsk. Þegar á reynir, skipar hann sér í flokk þeirra sócialistanna og til andstöðu. Nú mega þessir menn, sérstaklega hv. 2. þm. Reykv., gæta þess, eins og hæstv. dómsmrh. hefir tekið fram, að mestur hluti þessa kostnaðar hefir orðið til á þann veg, að þeir menn, sem í varalögreglunni eru, hafa verið ofsóttir og fyrir tilverknað hv. 2. þm. Reykv. verið bægt frá vinnu. Hæstv. dómsmrh. minntist á dæmi um það, en ég heyrði hann ekki minnast á það dæmi, sem kannske er einna átakanlegast, og það er það, þegar einum verkamanni við síldarvinnu var bægt frá vinnu í sumar, af því að hann einhverntíma hafði verið í varalögreglu. Ég veit til þess, að víða um land hneykslast menn á því, að ríkisstj. skyldi beygja sig fyrir því ofbeldi, sem haft var í frammi gagnvart þessum saklausa borgara þjóðfélagsins.

Þegar menn hér á Alþ. tala um þörf eða ekki þörf fyrir varalögreglu, takmarka þeir sig mest við afstöðu þessa bæjar, enda mun það vera svo, að hér gæti mest allra hluta, góðra og vondra, í þjóðfélagi voru, og þá líka óeirða. Þeir þm., sem talað hafa úr flokki sócialista — þar með tel ég hv. 1. þm. S.-M. — vilja láta okkur úti á landsbyggðinni eiga okkur, hvernig sem á hjátar, og skal ég ekki harma það eins og nú standa sakir með stjórn landsins. Hv. 2. þm. Reykv. hefir svo fjarskalega vel vísað veginn í því efni á undanförnum vetrum, og það er vitanlegt, að hans kjörorð í landsmálum er nú það, sem hann kallar að stjórna „án löggjafar", og hann ætlar þá sennilega þeim, sem úti á landsbyggðinni eru, að standa á móti óróaseggjunum „án löggjafar". — Þetta getur komið fyrir, en ég vil þá spyrja: Álítur löggjafarsamkoma þjóðarinnar heppilegt að stilla svo til, að menn verði að hópa sig saman skipulagslaust til þess að hrinda af höndum sér óeirðarseggjunum, eins og komið hefir fyrir á sumum stöðum landsins, sem hægt væri að nefna, heldur en að nota þau lög, sem í gildi eru, og gera löglegar ráðstafanir til varnar uppivöðslu og yfirgangi?

En þegar maður hlustar á allar þessar ræður sócialista, þá getur maður ekki varizt því að sjá og skilja, að hér er verið að leika sama skrípaleikinn og var á ferðinni hér á dögunum undir forustu þessara sömu þm., þegar þeir komu með vantraust á stjórn, sem flokksblöð þeirra sjálfra voru búin að lýsa yfir, að væri farin frá. Hér er búið að halda langar ræður á móti varalögreglu, sem vitanlegt er, að á að afnema um nýárið. Það er einskonar skrautsýning, sem sócialist-

ar hér á Alþ. eru að „færa upp“, sennilega til þess að breiða yfir þann mikla pólitiska ósigur, sem þeir hafa beðið á þinginu. Allt valdabrask er búið, þeir eru orðnir berir að fíflskap, einasta erindi þeirra á þetta þing hefir verið að ná tökum á stjórn landsins. Svo er verið til málamynda að flytja vantraust og skamma ríkislögregluna, til að leiða athygli þjóðarinnar frá hinu verulega — því að allt þeirra samningamakk, sem er búið að tefja þingið og kosta landið stórfé, er orðið að engu.

Hv. 2. þm. Reykv. var að tala um óeirðarmenn og nefndi þar til kommúnista og nazista. Ef hann á við, þegar hann talar um nazista, þá menn, sem hér standa að þeim flokki, sem kallar sig þjóðernishreyfingu, þá er rangt að bendla þá við óeirðir, því að ég veit ekki til, að þeir hafi nokkurstaðar staðið fyrir óeirðum. En það er hv. 2. þm. Reykv. sjálfur, sem sannanlega hefir staðið fyrir óeirðum í þessum bæ. Hann er því í glerhúsi, og því mjög þunnu, þegar hann er að tala um óeirðarseggi.

Mér virðist þess vegna, þegar öllu er á botninn hvolft, að við hefðum mátt spara þingheimi þennan fund, og það virðist ekki hafa verið til hans stofnað til þess að ná einhverjum árangri, enda er sýnilegt, að hann verður enginn. En hitt fær hv. 2. þm. Reykv. Alþ. mjög seint til þess að samþ. með sér, að það sé betra að stjórna „án laga“, eins og hann vill hafa það, heldur en með lögum. Ég geri ráð fyrir, að Alþ. muni í lengstu lög hallast að því að halda uppi friði í landinu með lögum, en ekki án laga.

Eysteinn Jónsson: Það hefir ekki í raun og veru komið mjög margt fram, sem ástæða er fyrir mig að svara. En ég ætla hinsvegar að snúa mér að því að mæla fyrir breytingu, sem ég hefi hugsað mér að bera fram við þessa þáltill.

Það hefir komið fram í ræðum manna, að þessi till. sé ekki svo úr garði gerð, að fram komi fyllilega það, sem við er átt. En það, sem vakir fyrir þeim, sem till. eru hlynntir, er sýnilega, að fram komi þingvilji um, að ekki þyki ástæða til að stofna til varalögreglu í kaupstöðum landsins eins og nú standa sakir. Það er upplýst, að þetta á að vera tilgangurinn með þessari till., og því er ég samþykkur, að slík ályktun verði gerð. Í annan stað hefir komið fram nokkur ágreiningur um það, hvernig eigi að skilja ákvæðin í lögunum frá síðasta þingi um lögreglumenn, og hver sé skylda bæjarfélaganna eftir þeim lögum.

Ég hefi nú hugsað mér að bera fram skrifl. brtt. við þá þáltill., sem hér liggur fyrir, og ætla ég að lesa hana upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Aftan við tillöguna bætist: eins og nú standa sakir, og aldrei nema áður sé fyrirskipuð og fullnægt hámarksfjölgun lögregluþjóna samkv. 1. gr. laga um lögreglumenn frá 1933“.

Með þessu finnst mér, að ályktunin verði þannig úr garði gerð, að það komi ljóst fram, hvað hún á að þýða, — að Alþ. vilji lýsa því yfir, að því þyki ekki ástæða til að halda uppi varalögreglu eins og nú standa sakir og ætlist til, að bæirnir inni af hendi sína skyldu, áður en öllum landsmönnum er lögð skylda á herðar í þessu efni.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að ræðu hv. 1. landsk., sem talaði nokkuð um þörf varalögreglu í bænum og nefndi sem dæmi, að hér væri hópur manna, sem vildi kollvarpa þjóðskipulaginu, og mætti búast við árásum af þeirra hálfu hvenær sem væri og þess vegna þyrfti að setja á stofn varalögreglu.

Ég verð að segja það, að mín skoðun á þessu er allt önnur, og hana byggi ég á því, að alltaf þegar þessar kommúnistaóeirðir hafa verið hér, þá hefir komið í ljós, að sú sveit kommúnista, sem leggur sig fram til að berjast, er ákaflega fámenn, og ég lít þannig á þetta mál, að hv. þm. megi ekki láta það villa sig, þó að kommúnistar hafi fengið dálitið af atkv. við kosningarnar síðustu, því að aðeins lítill hluti þeirra manna mundi gefa sig að barsmíðum. Margt af þeim atkv., sem kommúnistar fá, er frá þeim flokki manna, sem kallaðir eru „stofubolsar“ og og aldrei berjast. Ennfremur eru meðal þeirra kjósenda konur, sem ég geri ekki ráð fyrir, að hv. 1. landsk. reikni með í því árásarliði, sem þarf að beita varalögreglu við.

Þá talaði hv. þm. um það, að það væru

ýmsir staðir í bænum, sem erfitt væri að missa í hendur kommúnista. Ég skal játa það, að það væru hreinustu vandræði, ef kommúnistar næðu þessum stöðum, sem hann nefndi, á sitt vald. En ég vil aðeins benda á, að ef sett er upp 60 manna lögregla og heimilt er að taka skipshafnir varðskipanna til viðbótar, þá er orðið um að ræða ekki minna en 100 manna sveit, og ef þessir menn fengju betri tæki, er ég ekki í vafa um, að þeir mundu hafa í fullu tré við kommúnista.

Út af því, sem hv. 1. landsk. sagði um tækin, þá átti ég ekki við byssur. Ég átti við vatnsbíl, sem áður hefir verið minnzt á og sem var og er álitinn sérstaklega gott tæki af þeim mönnum, sem bezt vit hafa á löggæzlu hér á landi, og mun einn bíll geta verið á við marga varaliðsmenn.

En ég vil svo beina til hv. 1. landsk., að þó til kommúnistauppþots drægi eða stjórnarbyltingar, þá yrði enginn hörgull á mönnum til þess að ganga á móti kommúnistum, því að það myndi fjöldi sjálfboðaliða gefa sig fram.

En viðvíkjandi brunahættunni og því, að kommúnistar mundu kveikja í benzíngeymunum á Klöpp, verð ég að segja það, ef hv. þm. (JónÞ) ætlar að fjölga svo lögregluliðinu, að hægt sé að skipa mönnum við hvern stað, sem hægt er að kveikja í, þá nægir honum ekki 100 manna varaliðssveit, því að það eru svo margir staðir hér í bænum, sem hægt er að slá eldi í. Það hlyti því að fara út í beinar öfgar að fara eftir því, sem hv. 1. landsk. hugsar sér. Og auk þess geri ég ráð fyrir, að þótt þessi varaliðssveit væri stofnuð, þá væru litlar líkur til þess, að kommúnistar mundu velja þann tíma til þess að kveikja í benzíngeymunum á Klöpp, sem varaliðið væri til staðar, því að það á ekki að kveðja saman nema með höppum og glöppum.

Það, sem er aðalatriðið í þessu máli fyrir mér og ástæðan til þess, að ég tók til máls, er, að mér finnst ekki koma til mála, að stórfé sé veitt úr ríkissjóði til uppihalds lögregluliði, sem að mínum dómi væri alveg óþarft og óheimilt að stofna til, áður en Rvíkurbær hefir lagt fram sína 60 lögreglumenn.

Umr. frestað.

Á 7. fundi í Sþ., 2. des., var fram haldið einni umr. um till.

Ingvar Pálmason [óyfirl.]: Ég hafði kvatt mér hljóðs nokkru áður en umr. var frestað á síðasta fundi. Eftir að ég kvaddi mér hljóðs tóku nokkrir af þm. til máls, og í ræðum þeirra kom fram ýmislegt af því, sem ég vildi segja. Ég get því sparað mér ómakið að svo miklu leyti, sem þegar er komið fram í þeirra ræðum það, sem ég ætlaði að segja.

Ég ætla fyrst að víkja örfáum orðum að ræðu hæstv. dómsmrh. Hann talaði um, að frásaga hv. 4. landsk. hefði verið býsna lituð að því er snerti meðferð þessa máls á þinginu í fyrra. Ég veit ekki betur en að frásögn hv. 4. landsk. um gang málsins í hv. Ed. hafi verið rétt. Ég vildi láta þetta koma fram, af því að ég var nokkuð við málið riðinn í d. og tel ekki rétt að láta því ómótmælt, að þessi frásögn hafi að nokkru leyti verið röng. En hitt var, a. m. k. að nokkru leyti, rétt hjá hæstv. dómsmrh., að samkomulag var um afgreiðslu þessa máls á síðasta þingi. Ég get a. m. k. lýst því yfir að því er snertir mig og hæstv. dómsmrh., að það er rétt. En hinsvegar er það vitanlegt, að það voru a. m. k. í hv. Ed. þm., sem aldrei voru í neinu samkomulagi um afgreiðslu þessa máls. Þess vegna er ekki óeðlilegt, þó að nú, þegar þetta mál er hér til umr. aftur á þingi, komi fram dálítið misjafnar skoðanir hjá mönnum, hvernig beri að skilja þessi lög og framkvæma þau.

Það kom að nokkru leyti fram hjá hv. þm. G.-K., en sérstaklega hjá 1. landsk., að í lögunum væri ráðh. heimilað að setja upp ríkislögreglu, ef honum þætti þess þörf, þó að ekki væri fullnægt skilyrðunum, sem um getur í 1. gr. laganna. Þetta kom að vísu ekki beinlínis fram hjá hv. þm. G.-K., en hann sagði, að ekki væri hægt að banna ráðh. að setja upp varalögreglu. Þetta er rétt út af fyrir sig. Það er ekki hægt að banna það, ef fullnægt er þeim skilyrðum, sem lögin setja, og þá er meiningarlaust að koma með þáltill., sem bannar stj. að framkvæma lögin, en það er alveg víst, að lögin gera ráð fyrir því, að uppfyllt séu ýms skilyrði áður en ráðh. er þetta heimilt, þó að

hann álíti þess þörf að stofna ríkislögreglu.

Ég vil benda á, að undir umr. um þetta mál í hv. Ed. í fyrra kom það greinilega fram hjá frsm. meiri hl. fjhn., að þær breyt., sem gerðar voru á frv. þar í d., væru settar til þess að tryggja það, að viðkomandi bæjarfélag gætti skyldu sinnar áður en til þess kæmi, að ríkið setti upp þessa svo kölluðu varalögreglu. Þetta var tekið fram í framsögu málsins, og hæstv. dómsmrh. tók vel undir þetta og sagði, að það væri alls ekki tilætlunin, að á stofn yrði sett þessi varalögregla fyrr en viðkomandi bæjarfélag væri búið að gera skyldu sína að því er snerti skipun fastrar lögreglu. Um þetta segir hæstv. dómsmrh. í umr. frá síðasta þingi, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég geri mér beztu vonir um, að hægt sé að ná samkomulagi um þetta mál, því mér virðist ekki mikið bera á milli, og ég tel það eiginlega gefið, eftir ummælum hv. frsm. meiri hl.". Svo víkur hæstv. dómsmrh. að því, hvort lögreglan eigi heldur að vera ríkislögregla eða bæjarlögregla: „En það var viðvíkjandi því, hvort lögreglan ætti heldur að vera ríkislögregla eða bæjarlögregla, og hv. frsm. segir, að ekki sé meining í því að ríkið setji upp lögreglu í bæina, því að þá geti verið, að þeir geri ekki skyldu sína í þeim efnum, ef þeir eiga víst að geta fengið ríkislögreglu. Það er mikið rétt í þessu. En ég hélt, að það þyrfti ekki að gera ráð fyrir því, að nein stj. geti verið svo heimsk, að hún færi að setja upp ríkislögreglu áður en hún teldi, að bærinn væri búinn að inna af hendi sína skyldu". Að þessu leyti er það rétt hjá hæstv. dómsmrh., að þeim bar ekki mikið á milli frsm. meiri hl. og honum í þessu efni. Og það virðist svo, að þeir skilji þau ákvæði laganna á einn veg, þannig: að til þess, að heimilt sé að setja upp varalögreglu, þá verði bæirnir að vera búnir að uppfylla skilyrði 1. gr. frv., og þá fyrst kemur til athugunar sú heimild, sem ráðh. er gefin í 6. gr. frv., að ef hann álítur þess þörf, þá er honum heimilt að setja upp varalögreglu.

Ég vildi láta þetta koma fram, sérstaklega vegna þess, að hv. 1. landsk. lét svo um mælt í ræðu sinni á síðasta fundi í Sþ., að hann teldi, að ráðh. væri heimilt að setja á stofn varalögreglu, ef hann áliti þess þörf, þó að fastalögregla Rvíkur væri ekki nema 48 manns.

Ég held, að það hafi nokkra þýðingu, þar sem ekki er lengra liðið en þetta, að það komi skýrt fram, hvernig þeir, sem um frv. fjölluðu í fyrra, hafa skilið ákvæði þess, og ég hefi fyllstu ástæðu til að halda, eftir því sem fram kom á síðasta fundi hjá hæstv. dómsmrh., að hann skilji lögin á þennan hátt, því að ég hygg, að hann hafi haft þau ummæli, að það yrði gaumgæfilega athugað af dómsmrh. áður en samþ. yrði sú uppástunga, sem bæjarstj. Rvíkur hefir gert um varalögregluna. En þetta er auðvitað mikið atriði, því að eins og ég benti á, þá var það aðalatriðið, sem réði úrslitum um þessa löggjöf á síðasta þingi, að tryggja það, að viðkomandi bæjarfélag væri búið að inna af hendi sína skyldu í þessu máli áður en tekið yrði til þess, að dómsmrh. fyrirskipaði varalögreglu.

Ég hefi þá skýrt þetta mál að nokkru og vænti þess fyllilega, að hæstv. dómsmrh. viðurkenni, að ég hafi skýrt rétt frá.

Út af þáltill. þeirri, sem hér liggur fyrir, vil ég að endingu segja það, að það má kannske segja, að fyrri hluti till. sé nú orðinn óþarfur, þar sem hæstv. dómsmrh. hefir nú lýst yfir, að varalögreglan verði lögð niður um næstu áramót. En hinsvegar sé ég ekki, að það sé nein goðgá að samþ. fyrri hl. þrátt fyrir það. Það er þó aldrei annað en staðfesting þingsins á því, sem ráðh. leggur til, að gert verði.

En að því er snertir seinni hl. þáltill., um að stj. er falið að stofna hvergi til varalögreglu í kaupstöðum landsins, þá tel ég það orðalag mjög hæpið, að brjóti ekki í bág við lögin frá 1933 um lögreglumenn. En á þskj. 231 er komin fram vatill., sem bætist aftan við þáltill., svo ef hún yrði samþ., mundi niðurlagið hljóða þannig, með leyfi hæstv. forseta: „— og stofna hvergi til varalögreglu í kaupstöðum landsins eins og nú standa sakir, og aldrei nema áður sé fyrirskipuð og fullnægt hámarksfjölgun lögregluþjóna samkv. 1. gr. laga um lögreglumenn frá 1933". Í raun og veru mætti segja, að það væri ekki mikil ástæða til

þess að samþ. þessa þáltill., vegna þess að lögin kvæðu nógu skýrt á um þetta, en tilefnið virðist hafa komið fram, ekki hvað sízt við umr. nú.

Ég geri fyllilega ráð fyrir, að engin ástæða sé til þess að væna hæstv. núv. dómsmrh., sem hefir verið riðinn við samþykkt þessara laga, um að hann myndi ekki framkvæma þetta nema fullnægt sé þeim skilyrðum, sem tilskilið er í lögunum. En það er vitanlegt, að núv. borgarstjóri í Rvík lítur svo á, að ekki þurfi að fullnægja skilyrðum 1. gr. laganna, til þess að stj. sé heimilt að setja á stofn varalögreglu samkv. 6. gr. sömu laga. En þar sem þessi skilningur á lögunum hefir komið fram, þá virðist mér liggja beint við, að hæstv. Alþ. taki afstöðu til málsins og samþ. þessa þáltill. Með því er hæstv. Alþ., sem er næsta þing eftir að þessi lög voru samþ., búið að taka af skarið um þennan misskilning, sem komið hefir fram undir þessum umr. og ekki er á neinum rökum byggður. Ég mun því greiða atkv. með þessari þáltill., ef vatill. verður samþ. Ég sé ekki, að fyrri hl. till. geti gert málið að neinu leyti flóknara, þó að það megi segja, að hann sé orðinn óþarfur. En það er ekki á nokkurn hátt tortrygging á ummælum hæstv. dómsmrh., sem hann hefir látið falla, um að varalögreglan yrði lögð niður um næstu áramót, en hún er að mínu áliti réttmæt áréttíng.

Hv. flm. brtt. á þskj. 231 hefir ekki getað mætt á fundi í kvöld vegna lasleika, en ég hygg, að till. sé svo ljós, að ekki sé þörf á að skýra hana frekar, enda var hann búinn að því við umr. á síðasta fundi.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Þessar umr., sem hér hafa orðið um ríkis- og varalögreglu, eru að ýmsu leyti næsta fróðlegar. Það er viðurkennt af hæstv. ríkisstj., að kostnaðurinn við ríkislögregluna hefir á þessu eina ári orðið fast að 400 þús. kr. Þegar við spáðum þessu, Alþfl.menn, í fyrra, þá var fullyrt, að engin hætta væri á, að kostnaðurinn yrði svipaður því það mikill eins og nú er viðurkennt. En þrátt fyrir það stórfé, sem ríkisstj. hefir lagt út í þessu skyni, þá liggur engin skýrsla fyrir um störf þessarar stofnunar. Það er ekki sýnd minnsta viðleitni til þess að skýra frá, hvað hefir verið gert fyrir þetta mikla fé. Ástæðan til þess er ofur einföld. Þetta bákn hefir ekki gert nokkurn skapaðan hlut. Þessar 400 þús. kr. hafa verið borgaðar fyrir ekki neitt annað en það, að geta sýnt stórmennsku sína í því að geta komið fram málum á þingi í óþökk meiri hl. landsmanna. Ég er ekki viss um, að allir hv. þm. geri sér grein fyrir, hversu óafsakanlega og gífurlega fjársóun hér er um að ræða. Menn minnast þess, að á síðasta þingi var kreppuhljómur mikill, og ekki hvað sízt í báðum stuðningsflokkum hæstv. stjórnar. Það var neitað um lítilfjörlega fjárveitingu til atvinnubóta og hækkaðir tollar á nauðsynjum þess fólks, sem sízt má við auknum útgjöldum; allt var þetta gert vegna þessa heilaga sparnaðar. En hann er nú orðinn svo í framkvæmdinni, að það hefir verið fleygt út 400 þús. kr. án þess að stj. sýni minnstu viðleitni til að benda á, að fyrir þetta fé hafi fengizt nokkur skapaður hlutur.

Ég vil nú leyfa mér að taka nokkur dæmi, til þess að menn geti gert sér grein fyrir, hversu mikið fé þetta er.

Í gær var Stúdentagarðurinn vígður, mikil bygging og vegleg, og ætluð til þess að skapa væntanlegum og núv. námsmönnum lífvænlegri kjör heldur en þeir hafa hingað til átt við að búa. Háskólinn er af mörgum talinn fjöregg þjóðarinnar. En hvað kostar háskólinn í rekstri árlega? Hann kostar rúmlega ⅓ af kostnaðinum við ríkislögregluna, eða 150 þús. kr. Ef þessir peningar hefðu verið sparaðir, þá hefði mátt greiða allan kostnaðinn við rekstur háskólans og byggja allan Stúdentagarðinn upp af nýju, og þó hefði orðið afgangur. En hæstv. ríkisstj. hefir þótt meira áríðandi að leggja það fram til þessa alóþarfa lögreglubákns.

Atvinnubæturnar, sem loks fengust eftir þrotlaust stríð á síðasta þingi, voru áætlaðar 300 þús. kr. Það er 100 þús. kr. minna en til þessarar atvinnubótavinnu íhaldsins, varalögreglunnar. Á þessu sama þingi var jarðræktarstyrkur til bænda áætlaður 450 þús. kr. Þessi styrkur deilist milli 6800 bænda víðsvegar um

land, og er mörgum þeirra ómissandi. Og hann er nokkrum tugum þúsunda hærri allur en kostnaðurinn við varalögregluna. En fleira þarf til löggæzlu en þessa blessaða varalögreglu. Laun allra sýslumanna og bæjarfógeta nema 142 þús. kr. árlega, og er það nálægt þriðjungi kostnaðarins, sem fleygt hefir verið í varalögregluna. Bæti maður nú við skrifstofukostnaði allra þessara manna, og auk þess kostnaði af lögreglumálum Rvíkur, verður talan 365 þús. kr., en samt er sú upphæð um 10% lægri en fúlgan, sem hent var út vegna varalögreglunnar. — Landhelgisgæzlan hefir verið aukin í tíð núv. stj. með því merkilega sparnaðarbragði, að láta eitt skip ganga af þremur, en hafa 4 skipstjóra á launum. Skipin eru látin liggja í höfnum meðan veiðiþjófarnir mata krókinn í landhelginni. Til landhelgismála eru veittar 300 þús. kr. á ári hverju, eða 100 þús. kr. minna en það, sem varalögreglan hefir kostað. Þá vil ég minnast á heilbrigðismál. Einfaldir menn telja það mjög þýðingarmikið atriði og sjálfsagt að leggja eins mikið til þess og hægt er. Enda er yfirleitt farið betur með lækna en aðra embættismenn. Og þó eru laun allra lækna á landinu aðeins 227 þús. kr., eða líðlega helmingur þess, sem varalögreglan kostaði á einu ári. — Sumir telja, að ekki sé nóg að hugsa um heilbrigðina hérna megin, heldur þurfi líka að undirbúa sáluhjálpina, og telja ekki eftir fé í því skyni. Samt eru prestar launaðir svo hraksmánarlega, að þeir geta varla lifað af því. Ríkissjóður leggur árlega til þessara embættismanna 260 þús. kr. Starf allra guðsmanna í landinu er þannig virt 140 þús. kr. minna en eins árs starfsleysi varalögreglunnar. — Ríkisskipin hafa starfað svo í ár, að annað hefir alltaf legið uppi mestan hluta ársins. Það er enginn vafi á því, að þetta þýðir stórtjón fyrir ýmsa landshluta. Ástæðan til þessarar ráðsmennsku er sú, að Alþ. sér sér ekki fært að veita meira en 250 þús. kr. til strandferðanna. En á sama ári er hægt að veita 400 þús. kr. til varalögreglu.

Alþýðufræðsla er af flestum talin undirstaða þess, að upp geti vaxið menntuð og sjálfstæð þjóð. — Allt framlag ríkissjóðs til alþýðufræðslu, laun allra fastra barnakennara og farkennara á landinu ásamt dýrtíðaruppbót er 430 þús. kr. Aðeins 30 þús. kr. meira en varalögreglan kostaði.

Hér hefir mikið verið rætt um þörf hinna ýmsu atvinnuvega; það er t. d. lífsskilyrði fyrir mitt kjördæmi, að þar komist á fót síldarbræðsluverksmiðja, til þess að tryggja atvinnu manna. Ef þessar 400 þús. kr., sem veittar voru varalögreglunni, hefðu runnið til þess að reisa síldarbræðsluverksmiðju á Seyðisfirði, hefði mátt byggja þar verksmiðju, sem hefði getað tekið á móti 1000 málum síldar daglega. Nú er það svo, að fjöldi skipa fer ekki á síld vegna vandræða við að selja síldina, og þau, sem fara, verða oft að bíða upp undir 5 daga eftir afgreiðslu. Svo það er full þörf á nýrri síldarbræðslu. En fé er ekki til, segir stj.

Allir vita, að nú er stórkostlegt atvinnuleysi, og að það verður framvegis, ef atvinnubætur verða ekki auknar stórlega. Fyrir þessar 400 þús. kr. hefði mátt kaupa 1—2 togara og 8—10 mótorbáta, sem hefðu skapað atvinnu nokkrum hundruðum manna. Hv. 1. landsk., sem líka er borgarstjóri í Reykjavík, skrifaði grein um þetta mál í Morgunblaðið 8. nóv. síðastl. Þar tók hann það alveg réttilega fram, að hér í bæ væru ekki til boðlegir mannabústaðir handa öllu því fólki, sem hér væri saman komið. Þessum hv. þm. er svo ríkt í huga það ömurlega ástand, sem hér ríkir í húsnæðismálum, að þegar hann skrifar grein um lögreglumál, getur hann ekki annað en drepið á húsnæðisvandræðin. Ef þessum 400 þús. kr., sem veittar voru til varalögreglu, hefði í þess stað verið varið til byggingar verkamannabústaða, þá hefði mátt byggja yfir 50 verkamannafjölskyldur með svipuðu sniði og gert hefir verið hér fyrir vestan bæinn. Samtímis húsnæðisvandræðum, segir hv. þm. ennfremur í þessari grein, ganga menn hér atvinnulausir svo hundruðum skiptir. Úr þessu hefði einnig mátt bæta, ef fé, sem varalögreglan fékk, hefði runnið til atvinnubóta. Síðasta atvinnuleysisskráningin, sem fór fram 1. nóv., sýndi, að yfir 500 heimilisfeður í bænum eru atvinnulausir. Öllum þessum þurfandi heimilis-

feðrum hefði mátt veita atvinnu upp á 800 kr. hverjum, fyrir fé það, sem varalögreglan gleypti, — t. d. við byggingu verkamannabústaða.

Ég hefi tekið þessi dæmi til þess að sýna, hvílíkt geypilegt gerræði stj. hefir framið með því að ausa út fé á þessum tíma, þegar segja má, að allt vanti — nema varalögreglu. Og þegar stj. svo skýrir þinginu frá þessari ráðstöfun, þá reynir hún ekki svo mikið sem að benda á, að þessi dýra lögregla hafi gert nokkurn skapaðan hlut. Það er öllum kunnugt, að hún hefir ekkert gert annað en að vera storkun framan í stóran hluta þjóðarinnar. Þegar varalögreglan var stofnuð, var það gert án allrar lagaheimildar; það hefir hæstv. dómsmrh. nú viðurkennt. Vitanlega voru l. um lögreglumenn frá síðasta þingi engin heimild til þess. Hún var sett á stofn í lagaleysi og henni hefir verið haldið við í lagaleysi. Ég minnist í því sambandi ræðu, sem hv. þm. Vestm. flutti hér áður í umr. Hann vék þar að hv. 2. þm. Reykv. og fannst, að honum færist ekki að vera að tala um þetta, þar sem hann hefði lýst því yfir, að tæki Alþfl. þátt í stjórnarmyndun, væri tilætlunin að stjórna án löggjafar. Ég þarf ekki að eyða mörgum orðum að þessu. Hv. þm. veit, að hann er að fara þarna með helberan uppspuna, nema þá að hann sé svo trúgjarn, að hann telji allt það satt og rétt, sem stendur í dálkum Morgunblaðsins. Vísis og annara slíkra blaða. En þessi staðhæfing hefir verið margrekin ofan í þessi blöð. Það, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði, þar sem hann talaði um möguleika fyrir þátttöku Alþfl. í stjórn, var það, að þar sem íhaldið hefði neitunarvald í Ed., yrði tæpast hægt að koma fram neinum nýjum l. til hagsbóta fyrir verkalýðinn, heldur yrði að nota til fullnustu þær heimildir, sem fælust í núgildandi l., án nýrrar löggjafar. Í bréfi því, sem nú hefir verið birt, er bent á það helzta, sem gera átti: Koma í veg fyrir, að gengið félli, lagfæra kaupgjald við opinbera vinnu, útvega verkamannabústöðunum lán frekar en orðið er, og auka verklegar framkvæmdir eins mikið og fjárl. leyfa, láta t. d. ekki nota heimildina til þess að fella niður 25% af framlagi til verklegra framkvæmda. Það var sem sagt gert ráð fyrir því, að halda sér alveg innan ramma núgildandi l. Hv. þm. Vestm., sem er einn stæltasti stuðningsmaður núv. stj., skal bent á það, hvernig hún hefir farið sínu fram í þessu löglegumáli algerlega án nokkurrar lagaheimildar. Sú eina afsökun, sem ráðh. getur borið fyrir sig í þessu, er sú, að þetta hafi verið allmiklar atvinnubætur. Það kann að vera nokkuð til í því. En ég fullvissa hæstv. ráðh. um það, að ef hann heldur, að það séu heppilegustu atvinnubæturnar, þá erum við Alþfl.menn á annari skoðun. Mér dettur það í hug í þessu sambandi, að víða úti um heim er sú skoðun ríkjandi, að lausn kreppunnar sé að finna í auknum vígbúnaði og ófriði. Mér finnst það vera eitthvað svipaðar hugmyndir, sem vaka fyrir hæstv. ráðh., en ég aftur á móti tel það ekki orka tvímælis, að betra sé, að atvinnubótavinnan sé einskorðuð við störf, sem gagnleg eru þjóðfélaginu. Í sambandi við þessar umr. vil ég beina fyrirspurn til hæstv. ráðh. Hún er sú, hvort hann hafi látið kaupa vopn handa ríkislögreglunni. Og ef svo er, þá hverskonar vopn. Barefli, byssur, táragas eða önnur tæki. Ég vil halda því fram, að slíkt komi borgurunum við. Ég vil ennfremur spyrja hæstv. ráðh., hvort stj. hafi ekki séð ástæðu til þess að hafa eftirlit með verzlunum þeim, sem selja skotfæri, svo að ekki gæti hver keypt skotvopn sem vildi. Hæstv. ráðh. hefir lýst því yfir, að ríkislögreglan í sinni núv. mynd verði bráðlega lögð niður. Ég mun því láta útrætt um ríkislögregluna, og í stað þess víkja að þeirri varalögreglu, sem bæjarstjórn Rvíkur nú ætlar að fara að stofna. Og enn vil ég beina fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. Það kann að vera, að eitthvað hafi verið tekið fram um það í umr., en þó hefir aldrei komið fram skýr yfirlýsing um það efni. En fyrirspurnin er sú, hvort hæstv. ráðh. hafi samkv. 1. gr. l. um lögreglumenn fyrirskipað, að lögregluþjónum í Rvík skuli fjölgað upp í 60. Og í öðru lagi, hvort hann ætli, ef svo slysalega skyldi vilja til, að hann sæti áfram í þessum stól, að staðfesta stofnun varalögreglu í Reykjavík, ef ákvæði 1. gr. l. um lögreglumenn hefir ekki verið fullnægt, og fastir lögregluþjónar séu hér aðeins 41. Þessu væri

mér þökk á að fá svarað skýrt og skorinort.

Það er eftirtektarvert, að þeir íhaldsmenn, sem talað hafa í þessu máli, tala allir með það fyrir augum, að varalögreglan verði föst stofnun. Þetta gerðu þeir hv. 1. landsk., hv. þm. Vestm. og hæstv. dómsmrh. allir. En til þess er alls ekki ætlazt með heimildinni frá síðasta þingi. Ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp 1. málsgr. 6. gr. l. um lögreglumenn. Hún hljóðar svo:

„Þegar sérstaklega stendur á og ráðh. telur nauðsynlegt öryggi bæjar, að lögregluliðið sé aukið meir en segir í 1. gr., getur hann" o. s. frv. Það er bert, að heimildina má aðeins nota í því sérstaka tilfelli, að öryggi bæjarins sé í voða, — aðeins undir þeim kringumstæðum má stj. stofna til varalögreglu, og þó ekki nema því skilyrði 1. gr. l. sé áður fullnægt, að á hverja 1000 íbúa komi 2 fastir lögregluþjónar. Og nú vil ég spyrja hv. þdm., sem allir hafa dvalið hér í bænum undanfarið: Finnst þeim ástand bæjarins vera þannig, að auk 60 manna fastrar lögreglu væri þörf á varalögreglu? Ég mundi sjálfur svara þessu svo, að hennar væri engin þörf. Og ég er sannfærður um, að fleiri þm. eru sömu skoðunar. Ég tel því, að verði haldið áfram með varalögregluna í Rvík, þá sé haldið áfram að fremja lögleysur í þessum málum, þá sé verið að brjóta 1. og 6. gr. l. um lögreglumenn. Ég vildi alvarlega skora á hæstv. ráðh. að gæta þess, áður en varalögreglan yrði sett á stofn, hvort hann hefði leyfi til þess lögum samkv. Og þessi varalögregla í Rvík er ólögleg, meðan föstu lögregluliði bæjarins hefir ekki verið fjölgað upp í 60 manns.

Ég tók eftir því, þegar rætt var um kostnaðinn við varalögreglusveitina, að hv. þm. G.-K. áætlaði kostnaðinn 60 þús. kr. fyrir 100 manna sveit, þ. e. a. s. 30 þús. fyrir 50 manna sveit. Nú hefir bæjarstjórn ákveðið laun varalögreglumanna 50 kr. á mánuði, það verða 600 kr. á ári fyrir hvern mann, og þá fæ ég út, að launin ein saman séu 30 þús. kr. handa 50 mönnum og 60 þús. kr. handa 100 manna sveit. Hv. þm. G.-K. hlýtur að ganga út frá, að varalögreglan geri ekkert annað en að hirða laun sín. (JakM: Hv. þm. G.-K. hefir síðar leiðrétt þetta og hækkað áætlun sína um 50%). Hv. 1. þm. Reykv. upplýsir, að hv. þm. G.-K. hafi skellt áætlun sinni upp um 50%, og tel ég það skynsamlegt hjá honum, þó að það líka sé varlega áætlað. Ég hefi hugsað mér, að varalögreglan þyrfti húsnæði, búninga og vopn. Hver maður fær 5 kr. í hvert skipti og hann fer til æfinga, og fari hann til starfa, er borgunin 5 kr. fyrsta tímann, og svo 2,50 á tíma eftir það. Ég held, að ekki sé hægt að reikna þennan aukakostnað minni en hann verður hjá lögreglunni í Rvík nú, en þar er hann áætlaður 2000 kr. á mann. Svo bersýnilegt er, að hv. þm. G.-K. má endurskoða áætlun sína og hækka hana um 50—100%, ef nálægt á að fara. Mér þykir leitt, að hv. þm. G.-K. skuli ekki vera hér viðstaddur, en hann á hér góða flokksbræður, og meira að segja albróður, og ættu þeir að geta flutt honum orð mín, ef þurfa þykir. Mér þótti eftirtektarvert, að hv. þm. gerði ráð fyrir því, að lögreglan þyrfti lítið að gera, því að tilvera hennar ein væri nóg til þess að halda ofstopamönnunum í skefjum. Þetta er að vísu ekki ný kenning, en hún er ný hér og sýnir, hvað það er, sem Sjálfstæðisfl. stefnir að með þessu máli. Hann stefnir að vopnuðum friði. Þetta hefir oft verið uppi hjá stórþjóðunum, að með því að hafa nógu stóran her, þá tryggðu þeir sér frið, þar sem engin önnur þjóð þyrði þá að ráðast á þær. Þetta leiddi til kapphlaups stórveldanna um vígbúnað, sem svo kom öllu í bál og brand. Allir voru vissir um, að þeirra ágæti her mundi sigra, og á 4 árum voru eyðilögð verðmæti, sem ekki er hugsanlegt, að mæld verði á nokkurn mælikvarða, og hver stoðin eftir aðra hrundi undan skipulagi því, sem yfirstjórnir allra ófriðarþjóðanna vildu þó út af lífinu varðveita. Ég veit það, að eins fer hér uppi. Varalögreglan verður ekki til þess að varðveita friðinn, heldur til þess að granda friðnum. Og nú vil ég beina einni fyrirspurn til hv. þm. G.-K. Ef hv. þm. er trúaður á það, að ríkislögregla og varalögregla geti með tilveru sinni einni afstýrt öllum óeirðum, hvernig stendur þá á því, að í allt sumar hefir 100 manna lið æft sig í hermennsku í Kveldúlfsportinu? Er það sökum þess,

hve vel er búið að tryggja friðinn? Mér finnst það ekki benda á neinn friðarhug, að slíkt lið er sett upp. Er bröltið í íslenzku nazistunum, hótanir þeirra um barsmíðir þeim til handa, sem mæla á móti þeim, vottur aukins vilja til friðar? Í þessu sambandi vil ég spyrja hæstv. dómsmrh., hvort hann hefir fundið ástæðu til að grennslast eftir því, hvort þær sögur væru sannar, að þessi Kveldúlfssveit Heimdallar hafi fengið sér kylfur til þess að æfa sig í notkun þeirra. Ef það er rétt, þá sé ég ekki mikil merki aukins friðar í bænum. Og þetta er engin flugufregn, heldur eru þeir margir, sem telja sig hafa fulla ástæðu til að ætla þetta. Ég skora á hæstv. ráðh. að láta rannsaka þetta, og þar sem svipaðar sögur ganga um lið „hreyfingarinnar", að hafa það í hyggju líka. (PO: En kommúnistaliðið?) Ég hélt, að ég þyrfti ekki að minna hæstv. dómsmrh. á þá. Ég skil ekki í því, að hann geti gleymt þeim nú eftir ræðu hv. 1. landsk.

Oft hefir verið spurt að því, hvað varalögreglan eigi að gera. Svörin hafa verið öll á einn veg, og þó mjög mismunandi. Allir, sem reynt hafa til þess að svara þessari spurningu, hafa haldið sig að því, hvað hún ætti ekki að gera. Menn hafa gengið á snið við hitt, hvað hún ætti að gera.

Í umr. í fyrra hér á þinginu sögðu fylgismenn varalögreglunnar hver í kapp við annan, að hún ætti ekki að hafa afskipti af kaupdeilum, hún ætti ekki að gerast strækubrjótur eða verja þá, og að síðustu ætti hún ekki að vinna venjuleg lögreglustörf. Ég spurði þá, hvað hún ætti að gera, hvort hún ætti ef til vill að koma í veg fyrir smygl og hafa eftirlit með áfengislöggjöfinni. Ég fékk engin svör um það. En eitt er víst, og það er það, að eitthvað mikið stendur til, og er vert í því sambandi að gefa því gaum, að það eru fleiri lið en varalögreglan ein, sem sprottið hafa upp nú fyrir skemmstu. Skólabræður hv. þm. Snæf., Heimdellingar og nazistar æfa sveitir hver í kapp við annan. Og það er víst, að þessar sveitir eru ekki tilgangslausar.

Mér þótti ræða hv. 1. landsk. taka öllu öðru fram, sem ég hefi heyrt frá þeirri hlið málsins, vegna hersögli og hreinskilni um tilgang varalögreglunnar. Hann sagði hreint og skýrt, hvert væri verkefni varalögreglunnar. Ég leyfi mér að minna á það, sem hann sagði, og bið hv. þm. að leiðrétta, ef ég fer þar skakkt með hans orð. Hann sagðist álíta sjálfur, að þó að lögregluliðið væri aukið í Rvík upp í 60 manns, þá væri full ástæða til þess að hafa varalögreglu engu að síður. Síðustu kosningar hefðu sýnt það, að kommúnistar hefðu fengið 10% af greiddum atkv., og þessi flokkur hefði það markmið að granda núv. þjóðskipulagi. Í Rússlandi hefði þessi flokkur árið 1918 ekki haft nema 10% af þjóðinni, og enn í dag væri hann ekki stærri, og þó hefðu kommúnistar í Rússlandi getað gert byltingu.

Hv. þm. hélt áfram að sýna fram á þörfina fyrir varalögreglu og sagði, að ef til upphlaups kæmi, þá þyrfti að setja vörð við pósthúsið, símastöðina, bankana og ýmsar stærri verzlanir. Ef þetta upphlaup stæði fleiri daga, þá myndi ekki veita af 100 manna sveit til þess að annast þetta allt, auk þess sem líklega þyrfti ekki síður að hafa lífvörð um borgarstjóra og fleiri mektarmenn bæjarins. Í lok ræðu sinnar gat hv. þm. þess, að hv. 2. þm. Reykv. og hv. 1. þm. S.-M. mundu gera ráð fyrir, að þeir flytu ofan á, þar sem þeir væru kommúnistum svo nákomnir. Þessi ræða hv. þm. gefur mér tilefni til ýmissa hugleiðinga. Mig langar til að athuga nokkru nánar söguspeki hans.

Ég hygg, að fylgi kommúnista á Rússlandi þegar byltingin brauzt út hafi ekki verið 10%, heldur aðeins 1%; en það skiptir ekki ýkjamiklu máli, hvort þeir höfðu 10% eða 1% fylgi. Hitt er meira um vert, að mér skildist, að hv. þm. vildi með þessu sýna fram á, að byltingin hefði verið gerð í Rússlandi af því að þar hefði ekki verið til nein varalögregla, eða a. m. k. ekki nógu sterk, og nú væri sjálfsagt að reisa skorður við því hér nógu snemma.

Ég held, að það hafi alls ekki skort lögreglulið eða her á Rússlandi í byltingunni, þvert á móti. Mér liggur nær að halda, að ekkert ríki hafi haft jafnmikið lið til þess að vernda keisarann eins og á Rússlandi. Rússneska keisaraveldið hafði

standandi milljónaher bæði á landamærunum og inni í landinu. Einmitt þessi her stuðlaði að byltingunni, sem var bein afleiðing af ástandinu þar í landi. Allir flokkar höfðu reynt sig á því að stjórna ríkinu og ekki tekizt. Þá er það, að kommúnistar taka völdin, að yfirlýstu gjaldþroti allra hinna flokkanna. Hitt er aftur rétt, að kommúnistar hafa síðan haldið valdi sínu með öflugum herafla, en það, sem ég vildi sýna fram á, var það, að varalögregla, jafnvel hversu fjölmenn sem er, getur ekki spornað við byltingu, heldur þvert á móti getur skapað henni grundvöll.

Ef hér í bæ kæmi til alvarlegs upphlaups, þá er það bersýnilegt, að 100 manna sveit er gagnslaus með öllu. Ég vona, að ekki þurfi til slíks að koma, enda bendir ekkert til þess eins og nú standa sakir. Íslendingar hafa til þessa verið svo lánsamir að sleppa við allt hernaðarbrölt, og allt bendir til þess, að friðsamleg þróun geti hér átt sér stað og haldið áfram, ef ekki verða rammari skorður reistar við af íhaldinu í landinu. En með þessari varalögreglu er þó verið að leggja vopnið upp í hendurnar á byltingamönnunum.

Það er vel hugsanlegt, að sú stjórn komist til valda, sem ekki vill beygja sig fyrir þjóðarvilja og þingmeirihluta. Þá getur þessi stjórn setið með aðstoð varalögreglunnar. Á sama hátt er hugsanlegt, ef t. d. hv. 1. landsk. sæti í stjórn og nazistar hefðu náð tökum á varalögreglunni og væru ekki ánægðir með hann í stjórnarsæti, að þeir steyptu þessum gamla flokksbróður sínum með aðstoð hennar. Ef til vill *næðu kommúnistar líka tökum á varalögreglunni* — því hefir verið skotið fram, að í henni væri ein starfandi kommúnistasella, *ég skal ekki segja*, hversu þeim hefir tekizt að rauðlita hana, en ég hygg, að prósenttalan sé a. m. k. eins há og í Rússlandi —, og þá er illa farið röksemdum hv. 1. landsk.

Ég er hv. þm. ekki sammála um það, að kommúnistahættan sé mikil eða yfirvofandi í okkar þjóðfélagi. Ég neita því samt ekki, að hann og hans flokksmenn hafi aukið gengi þeirra allmikið með ýmsum miður heppilegum ráðstöfunum. T. d. má taka till. bæjarstj. um launalækkun í atvinnubótavinnunni síðastl. haust og þær ráðstafanir á ríkisfé, að ausa út 400 þús. krónum til ríkislögreglu á sama tíma, sem þúsundir manna ganga atvinnulausar og hafa ekki neitt á að lifa. Með þessum og öðrum svipuðum ráðstöfunum hafa þeir aukið kommúnistum fylgi í landinu, enda er þeim ef til vill ekki svo illa við kommúnista eins og þeir láta í veðri vaka, því að þeir vita, að þeir veikja aðstöðu okkar jafnaðarmanna með því að ýta undir þá. Líf tveggja þm. hv. sjálfstæðismanna er því að þakka, að kommúnistar stilltu upp í þeim kjördæmum og tókst að fella frambjóðanda Alþfl. Auk þess liggja kommúnistar í deilum innbyrðis, *eftir því sem ég hefi heyrt úr herbúðum þeirra*, út af því, hvort við Alþfl.menn séum höfuðstoð auðvaldsins innan verkalýðsstéttarinnar eða höfuðstoð auðvaldsins yfirleitt, svo að þeirra vegna þarf ekki, að minnsta kosti í bráð, að setja upp öfluga varalögreglu, enda mun það heldur ekki vera meining hv. 1. landsk. né flm. ríkislögreglunnar.

Það er vitanlegt, að þegar þessir menn tala um kommúnista, þá eiga þeir einnig við Alþfl.menn. (JónÞ: Ekki ég). Hv. 1. landsk. sagði þó í ræðu sinni, að við og jafnvel sumir í Framsfl. værum nákomnir kommúnistum.

Það er hér eins og í Þýzkalandi; þar sagðist Hitler ætla að berja á kommúnistum. En hvað kom á daginn? Hann hefir engu síður stefnt árásum sínum gegn jafnaðarmönnum þar í landi. Með ofurlítilli viðbót mætti orða meiningu hv. 1. landsk. réttilega: varalögreglunni er stefnt gegn þeim, sem íhaldið kallar kommúnista, en það eru fyrst og fremst Alþfl.menn og þvínæst kommúnistar. Henni á fyrst og fremst að beina gegn samtökum verkamanna, og þá verður skiljanlegt, að ekki nægir að hafa eina sveit vopnaða, heldur verður að vopna aðra og enn þá þriðju. Þegar þessi orðabreyt. er athuguð, þá verður ræða hv. þm. skiljanleg, sem ella væri gersamlega óskiljanleg.

Hv. þm. lauk ræðu sinni með því að segja, að það væri ljótt af hv. 4. landsk. að drótta því að sér, að hann væri ekki heill lýðræðismaður, því ef einhver væri sannur lýðræðismaður hér á þessu landi,

þá væri það hann og hans flokksmenn. Ég vil ekki beinlínis bera brigður á, að þetta geti verið rétt, en ekki var samt lýðræðisáhuginn ofarlega á bandi hjá honum eða hans flokki fram til ársins 1931. Fram til þess tíma vildu þeir ekki afnema hið rangláta kjördæmaskipulag. Þeir vildu ekki, að fátæklingar, sem hefðu þegið sveitarstyrk, né heldur 21 árs karlar og konur fengju að njóta kosningarréttar. En svo eftir kosningarnar 1931, þegar hann og hans flokkur varð fyrir barðinu á kjördæmaskipuninni, þá kom andi lýðræðisins yfir hann og allan flokkinn. En þó að hann og hans flokkur, af eiginhagsmunum, hafi getað orðið Alþfl. samferða í þessu máli, þá er ég hræddur um, að lýðræðið standi ekki djúpt í þeim flokki, þar sem ekki eru liðin nema 2 ár síðan hann var umskorinn í þessu efni.

Hv. þm. sagði, að við jafnaðarmenn vildum breyta þjóðskipulaginu. Ég sé ekki betur en að menning þjóðarinnar tortímist gersamlega, ef því verði ekki breytt. Hv. þm. veit, að slíkar breyt. eiga sér líka mánaðarlega stað og hafa átt sér stað um áratugi. Og þegar ástandið er nú orðið þannig, að samtímis því, sem milljónir manna svelta, eru geymslur fullar af allskonar matvælum, meðan þessir menn lifa í allsleysi, eru til nokkrar þúsundir manna, sem ekki vita aura sinna tal, þá skil ég ekki þá menn, sem ekki vilja afnema þetta þjóðskipulag, því að þetta misrétti stafar af þjóðfélagsbyggingunni, en ekki frá einstökum mönnum. Þetta ástand kemur til af því, að skipulagið er byggt upp á samkeppni einstaklinganna. Fáir menn hafa eignarrétt yfir braskvöru og fjárplógstækjum á meðan allur þorri fólksins hefir hvorki í sig eða á og hefir ekki einu sinni eignarrétt yfir sjálfu sér. Við jafnaðarmenn vonum, að takast megi að sýna meiri hl. þjóðarinnar fram á, að breyt. á þessu sé nauðsynleg. Við höfum trú á því, að hægt sé að koma þessu fram á þingræðislegan hátt, a. m. k. með þeim þjóðum, sem engan her hafa. En með þeim þjóðum, þar sem herveldi er mikið, má alltaf búast við því, að herinn verði notaður af óhlutvöndum stjórnum til þess að misþyrma meiri hlutanum. Við erum enn svo lánsamir að hafa ekki eignazt her, svo að hér ætti slíkt ekki að koma til greina, hér ætti að mega takast að breyta þjóðskipulaginu án blóðsúthellinga.

Ef hv. 1. landsk. er sá lýðræðismaður, sem hann segist vera, þá á hann að beygja sig fyrir vilja meiri hl. þjóðarinnar. En hann og hans flokkur óttast, að sú stund fari að nálgast, að jafnaðarmenn komist í meiri hl., og þess vegna á að hafa varalögreglu til taks til þess að hefta rás viðburðanna á þessum framþróunargrundvelli. Það er barnaskapur að ætla sér að hefta rás viðburðanna, og eini árangurinn af varalögreglu yrði því sá, að byltingin kæmi á þann hátt, sem við viljum sízt.

Ég mun greiða atkv. á móti dagskrártill. hv. þm. G.-K. Það er fullkomin ástæða til þess, að þingið segi til um það, hvort það álítur, að varalögreglunni eigi að halda við eða ekki

Síðari liður dagskrártill. er fjarri öllum sanni. Lögin um ríkislögreglu eru aðeins heimildarlög, og er ætlazt til, að þing segi til um það, hvernig stjórnin eigi að nota þessa heimild.

Ég tel brtt. á þskj. 231 óþarfa, en ef það er líklegra til samkomulags um till. okkar Alþfl.manna, þá mun ég greiða atkv. með henni.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Mér þykir verst, að ég er svo kvefaður, að ég á óhægt með að tala, a. m. k. eins hátt eins og hv. þm. Seyðf. — Hv. þm. rak hér upp roku, eins og hans er vandi, en í þetta skipti veit ég, hver var ástæðan. Eins og kunnugt er, vildu jafnaðarmenn óðfúsir komast inn í stjórnina, og nú er hv. þm. Seyðf. orðinn vonlaus um að komast í minn stól að þessu sinni. (HG: Ég er alveg vonlaus!). Þá er ekki að furða, þó rokan hafi verið há í þetta skipti, því hann langaði mikið til þess að komast í dómsmálaráðherrasætið.

Hv. þm. talaði í tvo klukkutíma og hefir víst haldið, að hann væri kominn á kosningafund, en væri ekki að tala á þingfundi í lítilfjörlegu þingmáli. Niðurstöðurnar í þessu langa erindi hans voru næsta kringilegar. Hann sagði fyrst, að varalögregla og her væri stofnaður til þess að koma í veg fyrir byltingu, og síð-

ar komst hann að þeirri niðurstöðu, að byltingin á Rússlandi hefði orðið einmitt vegna þess, hversu herinn og lögreglan þar var öflug. Hann var sem sagt búinn að gleyma því síðast í ræðu sinni, sem hann hafði sagt í upphafi. Hann byrjaði á því að spyrja, hvað varalögreglan hefði gert. Hún hefir gert það, sem allri lögreglu er ætlað að gera, að halda uppi friði og verja líf og limi bæjarbúa. Hún var t. d. kölluð fram til þess að verja hv. jafnaðarmenn 9. nóv. þegar á þá var ráðið. (HV: Þetta eru ósannindi). Þetta er sannleikur; það var kallað á lögregluna af húsverðinum í Iðnó, af því að hv. jafnaðarmenn voru hræddir við spell og óspektir.

Hv. þm. sagði, að þau lög, sem hér eru til umr., hefðu verið sett þvert ofan í vilja þorra allra landsmanna. Ég veit ekki, hvaðan honum kemur heimild til að tala svo digurbarkalega. Alþfl.menn einir hafa greitt atkv. á móti lögunum, og það er vitað, að þeir hafa ekki alla sína menn að baki sér í þessu máli. Og þrátt fyrir það, að vitað er, að bak við þennan andróður stendur aðeins tiltölulega lítið brot þjóðarinnar, þá leyfir hv. þm. Seyðf. sér að tala um „allan þorra alþýðu“ í því sambandi.

Hv. þm. Seyðf. talaði mikið um, hvað lögreglan hefði orðið dýr. Ég skal viðurkenna það, að hún hefir orðið dýr, en hverjum er það að kenna? Það er jafnaðarmönnum að kenna. Það er því að kenna, að þeir útilokuðu þessa menn frá vinnu. Ef ekki hefði verið sett á þá verkbann, þá hefði kostnaðurinn við lögregluna orðið margfalt minni en raun hefir orðið á, og kemur það því úr hörðustu átt, þegar þessir menn eru að tala um, hvað lögreglan hafi orðið dýr, þegar það er að mestu leyti þeirra eigin sök.

Það var viðurkennt af öllum þingheimi í fyrra, að auka þyrfti lögreglu hér í Rvík, og jafnvel jafnaðarmenn neituðu því ekki. Þessi aukning komst ekki á fyrr en 1. nóv. síðastl., og er það því mjög eðlilegt, að kostnaðurinn við varalögreglu hafi orðið mikill. Það er leiðinlegt að þurfa alltaf að vera að hrekja þá fullyrðingu jafnaðarmanna, að lögreglan hafi frá byrjun verið ólöglega sett. Það er mjög oft búið að sýna fram á það, að þó að ekki hafi verið til bein lög um þetta, þá er það fyrsta skylda hverrar einustu stj. að halda uppi lögum og reglu í landinu, og sé það ekki hægt nema með aukinni lögreglu, þá er skyldugt að auka hana. (HV: Hvað segir stjskr?). Stjskr. fyrirbýður það ekki. Hún þvert á móti fyrirskipar hverjum manni í landinu að taka þátt í að vernda þjóðskipulagið.

Hv. þm. Seyðf. talaði um, að það væri ný stefna, að auka her og flota. Honum skjátlaðist í rökleiðslunni þar sem víðar, þar sem hann upplýsti um leið, að ég hefði látið flotann liggja uppi mikinn hluta ársins. Annars er það þvert á móti stefnu jafnaðarmanna um allan heim, að berjast á móti því, að ríkin hafi lögreglu. Það þekkist hvergi á byggðu bóli nema hér, að jafnaðarmenn berjist á móti lögum og friði. Það mætti minna á það, að þegar foringi dönsku jafnaðarmannanna vildi afnema herinn þar, þá ætlaði hann sér ekki að vera lögreglulaus. Nei, hann ætlaði sér að hafa nokkra tugi þús. til þess að verja ríkið gegn innanlandsóeirðum. Hann sagði: „Við erum of litlir til þess að verjast gegn stóru þjóðunum í kringum okkur, en við þurfum að hafa styrka lögreglu til þess að vernda friðinn í landinu“. Svona er það alstaðar þar, sem jafnaðarmenn eru við völd, að þeir hafa engu óstyrkari lögreglu en aðrir flokkar. Hér aftur á móti koma þessir herrar með miklum móði og þykjast stefnu sinnar vegna verða að vera á móti allri aukningu lögreglunnar. Þeirra stefna hlýtur að vera önnur en jafnaðarmanna annarsstaðar í heiminum. Ég man eftir því, að ég sagði frá því hér í fyrra, að um það leyti sem verið var að ræða um ríkislögregluna hér á Alþ., þá bólaði á óeirðum á landamærum Danmerkur og Þýzkalands, og þá heimtaði jafnaðarmannastjórnin danska, að lög yrðu sett í gegn á einni nóttu um að bæta 100 manna lögreglu við, og þar að auki að ríkislögreglan yrði efld. Engir greiddu atkv. á móti þessu, nema kommúnistar, og lögin voru samþ. á einni nóttu í báðum deildum þingsins.

Hv. þm. Seyðf. spurði mig um eitthvert bæjarslúður, sem hann hafði heyrt um, að sveit manna væri við æfingar í

Kveldúlfsporti og annarsstaðar í bænum. Ég hefi alls ekkert um þetta heyrt. (HV: Fánasveit Heimdalls). Það er bezt fyrir þennan hv. þm. að skýra frá þessu sjálfur, þar sem hann virðist þekkja svo vel til þess. (HV: Dómsmrh. er skyldugt að vita, hvað gerist í bænum). Ég kem aldrei í Kveldúlfsport og veit því ekki, hvað gerist þar. Hv. þm. er miklu kunnugra um það, þar sem hann hefir olíugeyma og olíutunnur í því hverfi. Annars er ég ófús til að hafa nef í hvers manns koppi. Borgararnir eiga að vera frjálsir menn í frjálsu landi.

Hv. þm. Seyðf. sagði ennfremur, að mikið hefði verið talað um, hvað lögreglan ætti ekki að gera, en minna um hitt, hvað hún ætti að gera. Lögreglan á að halda uppi lögum og rétti í landinu og sjá um, að í því sé ró og friður. Það er takmark allrar lögreglu, það og ekkert annað.

Það var spurt um, hvort ég hefði fyrirskipað, að lögregluþjónar yrðu 60 hér í bænum. Nei, það hefi ég ekki fyrirskipað. Ennfremur kom fyrirspurn um, hvort ekki væri rétt að banna vopnasölu. Ég hefi ekki talið þörf á að banna vopnasölu, en ég tel sjálfsagt, að búðir, sem verzla með slíkt, séu háðar eftirliti.

Viðvíkjandi því, hvort ég hefði látið kaupa tæki handa lögreglunni, vil ég upplýsa, að það er lögreglustjóri, sem sér um það. (HV: Byssur?). Kannske táragas? Jafnaðarmannastjórnin í Danmörku lét nota táragas í Kaupmannahöfn í fyrravetur. Ég veit ekki, hvort hv. flokksmenn þeirra hér telja glæp að gera það.

Hv. þm. segir, að vegna öryggis í bænum þurfi ekki að auka lögregluna. Hann getur ekki sagt um það, nema fyrir sjálfan sig. Hv. þm. álítur þess vegna, að óheimilt sé að auka hana. Í lögunum er ákveðið, að ráðh. skuli meta, hvort þörf sé á því, og þar sem hv. þm. misheppnaðist að komast í ráðherrastólinn, þá verður hann að sætta sig við, að það er ekki í hans verkahring að meta þetta. Annars vil ég taka það fram, vegna þeirra lögskýringa, sem alltaf eru að koma hér fram, að ég er þakklátur fyrir allar leiðbeiningar um það, hvernig skilja eigi lög, en ég þykist hafa lært eins mikið í þeirri fræðigrein og sumir af þeim hv. þm., sem eru nú að gefa mér leiðbeiningar, og ég vil minna á það, að það er ekki hægt að gefa lögskýringu, sem sé bindandi, nema með nýjum lögum.

Þá vildi ég drepa á nokkur atriði, sem hv. 2. þm. S.-M. minntist á. Ég sagði, alveg eins og hann réttilega tók fram, að ég mundi athuga vandlega, hvernig ég teldi rétt að skilja l. um lögreglumenn. Það er ekki nema sjálfsagt, og það þykist ég jafnan gera, þegar ég nota lög, ekki sízt ný. En mér virtist á orðum hv. þm., að það vera einhverskonar aukatill., sem hann vildi hafa. Hann vildi t. d. fara að reyna til að hreinsa flokksbróður sinn, hv. 4. landsk., og ég hefi ekkert á móti því, að hv. þm. moki frá dyrum hans, ef hann er ekki fær um það sjálfur. Það er rétt, sem ég sagði, að frásaga hans af þessu máli á þinginu í fyrra var lituð.

Hv. þm. talaði mikið um, að auðvitað mætti ég ekki setja upp lögreglu nema uppfyllt séu skilyrði laganna. Það dettur mér heldur ekki í hug að gera. Auðvitað verða að vera uppfyllt öll skilyrði laganna, en það er ekki víst, að ég geti tekið hans skýringar gildar um þetta. Ég verð sjálfur að athuga, hvort öll skilyrði eru fyrir hendi, þegar taka þarf afstöðu um atriði, er snerta þessi lög. Ég man svo ekki eftir fleiru í ræðu þessa hv. þm., sem ég þarf að svara, enda kom okkur svo vel saman um þetta mál í fyrra, að ég vil ekki fara að vekja deilur um það nú. (IP: Getur okkur ekki komið saman um skilninginn á lögunum líka?). Það getur verið, en hann má ekki einn þykjast hafa vit á þeim. Það eru fleiri, sem þar koma til greina við hlið hans, og kannske framar.

Thor Thors: Það er nú orðið mjög áliðið fundartímans, þar sem hv. þm. Seyðf. fann óstöðvandi hvöt hjá sér til að standa upp og halda eina af sínum löngu og, að því er hann sjálfur álítur, mælskufullu ræðum. Því er þannig háttað með þennan hv. þm., að það er bersýnilegt í hvert sinn, sem hann stendur upp, hversu innilega ánægju hann hefir af að hlýða á sjálfan sig. Því verður nú heldur ekki neitað, að honum er létt um mál og að það getur verið gaman að

hlusta á hann, en þessi síðasta ræða hans, hún var vissulega ekki eins merkileg og hún var löng.

Hv. þm. Seyðf. varði miklu af fyrri hluta ræðu sinnar til þess að sýna fram á, hvað hefði mátt gera við það fé, sem búið er að verja til ríkislögreglunnar. Nú vil ég spyrja hv. þdm.: Hvað kemur þetta því máli við, sem verið er að ræða um? Þetta fé er búið, og það verður ekki endurheimt, og þess vegna skiptir þetta engu máli.

Það er ánægjulegt að sjá bankastjórann rísa upp hér og benda á fyrirtæki, sem mætti verja fé til, og það gæti gefið leiðbeiningar um, hvernig hann mundi reka sína bankastjórastarfsemi, ef hann hefði nægilegt fé á milli handanna. En í þessu sambandi skiptir þetta tal hans ekki máli og er talað út í loftið, og er furða á, að þessi þm., sem annars er talinn skýr maður, skuli leyfa sér að tefja dýran tíma hins virðulega Alþingis með þessu hjali.

Það er einkennilegt, hve digurbarkalega þessir herrar, hv. sócíalistar hér á þingi, tala um stofnun ríkislögreglunnar, þegar það er augljóst, að þeir áttu stórkostlegan þátt í, að hún var stofnuð. Sérstaklega kom hv. 2. þm. Reykv. fram eins og hreinasti ofbeldismaður, þar sem hann hefði þó átt, sem friðsamur sócíaldemokrat, að sjá um, að allt væri lögum samkvæmt og regla héldist. Það liggur í augum uppi og hefir verið bent á það við umr. hér, að jafnaðarmenn eiga stórkostlegan þátt í því, hve dýr lögreglan hefir orðið, með því að bægja þeim mönnum, sem í henni hafa verið, frá vinnu. Þeir voru ekki að horfa í það, þó að hér ættu hlut að máli fátækir heimilisfeður, sem áttu enga björg aðra en þá, sem hendur þeirra veittu þeim, eða hugsa um velferð þeirra alþýðuheimila, sem þar var um að ræða. Þar réði ekkert gerðum þeirra, nema miskunnarlaust og blint flokksofstæki, og það er því þeirra eigin þunga sök, hve dýr lögreglan hefir orðið. Hv. þm. Seyðf. var að spyrja um, hvað hefði fengizt fyrir þessa lögreglu. Síðan lögreglan komst á fót hefir linnt þeim árásum, sem hafnar voru gegn þjóðskipulaginu.

Hæstv. dómsmrh. hefir nú skýrt jafnaðarmönnum frá því, hvernig á því stendur, að lögreglan hefir ekki verið lögð niður fyrr, og þarf því ekki að gera það frekar. En það er dálítið einkennileg þessi fælni íslenzku sócíalistanna við lögregluna. Það er einkennilegt, þegar framkoma þeirra er borin saman við afstöðu flokksbræðra þeirra erlendis, sérstaklega í Danmörku. Það hefir virzt svo, að íslenzkir sócíalistar hafi haft mikið dálæti á dönskum sócíalistum og viljað taka þá til fyrirmyndar um margt. T. d. er í blaði jafnaðarmanna hér í dag sagt frá því, að danskir kommúnistar hafi hafið árás á forvígismann dönsku jafnaðarmannanna, Stauning, og er Alþýðublaðið mjög sárt yfir þessu. Það er dálítið einkennilegt, að jafnframt því, sem jafnaðarmenn kvarta undan árásum danskra kommúnista á jafnaðarmenn þar, þá virðast þeir bera sérstakan velvildarhug til kommúnista. Hv. þm. Seyðf. var í ræðu sinni að sýna fram á, að kommúnistar væru ekki eins hættulegir og bent hefir verið á hér í þinginu, og taldi enga ástæðu til að beita sérstökum varúðarráðstöfunum gegn þessum stjórnmálaflokki. Þetta er einnig í samræmi við síðasta hluta ræðu hans, þar sem hann talaði með hárri raustu um „byltingu og gerbreytingu þjóðskipulagsins!“ Áður en ég vík að því atriði, vil ég svara nokkrum fyrirspurnum, sem hv. þm. Seyðf. beindi til hv. þm. G.-K., sem ekki er viðstaddur. Fyrsta fyrirspurnin var ákaflega alvarleg og var um, hverskonar hernaðarfyrirtæki fánaliðið, sem æfir sig í Kveldúlfsporti, væri. Ég vil leyfa mér að skýra hv. þm. frá því, að það er engin ástæða til þess að hræðast þessa sveit hvorki fyrir hann né aðra. Það eru aðeins nokkrir ungir menn, sem æfa sig ýmist þar eða annarsstaðar í leikfimi og fögrum limaburði. Þeir hafa engin vopn, en aðeins fána sinn, hinn íslenzka þjóðfána, og sé ég ekki ástæðu til að kalla hann vopn, hvað sem hv. þm. gerir. Þeim hefir verið leyft að æfa sig í Kveldúlfsporti ásamt fleiri fyrirtækjum, t. d. æfir sig þar lúðrasveit, sem spilar oft við kröfugöngur hjá kommúnistum, og það sýnir, að portið er ekki notað í pólitískum tilgangi. Ennfremur vil í segja hv. þm. það, að ef hann langar til að koma í Kveldúlfsport og æfa sig þar t. d.

í ræðuhöldum, þá er honum það velkomið og flokksbræðrum hans líka.

Út af þessari fyrirspurn um þessar æfingar vildi ég leyfa mér að spyrja hæstv. dómsmrh., hvort hann viti, hvernig þær æfingar hafa farið fram, sem hv. 2. þm. Reykv. beitti sér fyrir í fyrra. Það lið var kallað baráttulið Alþfl., og þætti mér vænt um að fá upplýst, hve margir menn hafa verið í því og hvaða vopn þeir hafa haft og hvaða hlutverk þeir eiga að vinna.

Áður en ég vík að því að svara hv. þm. Seyðf. frekar, þá vil ég fara út í það, sem aðallega gaf mér tilefni til að standa upp, en það eru nokkrar skýringar á þessum l., sem hér liggja fyrir, samanborið við þáltill. Ég vona, að hæstv. dómsmrh. taki það ekki illa upp, þó að ég leyfi mér að skýra þessi lög eins og þau koma mér fyrir sjónir.

Ég fæ ekki betur séð en hér sé um tvennt að ræða. Annaðhvort eru þessar þáltill. báðar, bæði hinna yfirlýstu jafnaðarmanna, sem er á þskj. 104, og viðbótartill. hins raunverulega flokksbróður þeirra, hv. 1. þm. S.-M. (EystJ), sem er skráð á þskj. 231, hreinasta markleysa, eða þær brjóta í bága við lög. Og ég fæ eigi betur séð en það sé óhjákvæmilegt að komast að þeirri niðurstöðu, að þær brjóti í bága við lög. Í till. jafnaðarmanna á þskj. 104 er svo að orði komizt: „Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að stofna hvergi til varalögreglu í kaupstöðum landsins". Hér hlýtur að vera brotið í bága við lög um lögreglumenn, nr. 92 frá 1933, því að í 6. gr. þeirra laga segir, með leyfi hæstv. forseta: „Þegar sérstaklega stendur á og ráðh. telur nauðsynlegt öryggi bæjar, að lögregluliðið sé aukið meira en segir í 1. gr., getur hann bætt við varalögreglumönnum". Í 6. gr. l. er ráðh. því gefinn þessi ákveðni réttur.

Ef þáltill., sem fer fram á að taka þennan rétt af ráðherra, er nú samþ., þá er það brot á l. Um till. á þskj. 231 vil ég segja það, að hún brýtur einnig í bága við l. Þar segir fyrst og fremst, að banna eigi að stofna varalögreglu eins og nú standa sakir. Þetta brýtur einnig í bága við 6. gr., sem gefur ráðh. tvímælalausan rétt til að stofna varalögreglu, þegar hann álítur þörf á því. Síðari hluti þessarar þáltill. brýtur líka í bága við l. Þar segir, að aldrei megi stofna til varalögreglu nema áður sé fyrirskipuð og fullnægt hámarksfjölgun lögregluþjóna eftir 1. gr. laga um lögreglumenn frá 1933. Í 1. gr. laganna er svo ákveðið, að nægilegt sé, að starfandi séu allt að tveir lögregluþjónar á hverja þús. íbúa. Ef þessi hámarksfjölgun á skilyrðislaust að ráða, þá eru orðin „allt að" í 1. gr. þessara laga orðin þýðingarlaus. Ég vil geta þess, að í 2. gr. þessara laga er sagt, að ríkið skuli byrja að gjalda til lögreglu, þegar kominn sé einn starfandi lögregluþjónn á hverja 700 íbúa í kaupstöðum. Ég hygg því, að ákvæði 1. gr. l. eigi að skýrast af ákvæðum 2. gr. Nægilegt skilyrði fyrir stofnun varalögreglu er þá samkv. því, að 1 lögregluþjónn sé fyrir hverja 700 íbúa. Samkv. því sé ég ekki, að ákvæði laganna um lögreglumenn séu því til fyrirstöðu, að stofnuð verði nú varalögregla hér í Rvík. Nú eru fastir lögregluþjónar hér 48, en samkv. 2. gr. laganna ætti að vera nægilegt, að þeir væru 43.

Hv. þm. Seyðf. fór mjög á víð og dreif í sinni ræðu. Kemur það einkennilega fyrir sjónir, að öðru leyti en því, að það mun vera eðlisbundin nauðsyn fyrir hv. þm. að halda langar ræður. En hv. þm. afsannaði það ekki, að um þessi l. varð samkomulag á síðasta þingi milli tveggja stærstu þingflokkanna. Og því væri það hreinn og beinn hringlandaháttur, ef Alþ. færi nú að gera óþinglega og ósæmilega tilraun til að breyta með þál. l., sem þá voru sett. Kjarni þessa máls er vitanlega sá, hvort ríkisvaldið álítur nauðsynlegt að hafa að baki sér vald til þess að halda uppi þeim l. og boðorðum, sem sett hafa verið á lýðræðislegan hátt. Hv. þm. talaði mikið um lýðræði, og er gott að fá ástæðu til að minnast á það mál. Því hefir verið haldið fram nú undanfarið í andstöðublöðum þess flokks, sem ég fylgi að málum, að nauðsynlegt væri fyrir framsóknarmenn og jafnaðarmenn að standa saman gegn einhverju ímynduðu ofbeldi, sem þeir hafa viljað telja væntanlegt frá mínum flokki. Ég vil nú alveg vísa á bug slíkum aðdróttunum og minna á, að Sjálfstfl. átti mestan og beztan þáttinn í þeirri stjórnarskrá, sem nú nýlega er samþ. og felur í sér aukna tryggingu lýðræðisins og aukin réttindi landsmönnum

til handa. Og hvað sem um það kann að verða sagt, að Sjálfstfl. hafi seint komið fram með þá réttarbót, þá er það þó fyrst og fremst fyrir hans tilverknað, að þessi réttarbót hefir fengizt samþ. Og ég vil minna á, að Framsfl., sem nú er að verða sambandsfl. sócialista, beitti sér mjög gegn þessu réttlætis- og lýðræðismáli. Ég vil nota tækifærið, þar sem ég get nú talað við hv. 4. landsk., að geta þess, að fyrir kosningarnar síðustu varð ég fyrir því láni, að hann elti mig fund af fundi í því kjördæmi, sem ég nú er þm. fyrir. Og í sveitunum kallaði hann þá samninga, sem urðu um stjórnarskrármálið á síðasta þingi, hreina nauðungarsamninga og fór um þá hinum ofsafengnustu og óvirðulegustu orðum. — Í sjávarþorpunum þorði þessi hv. þm. að vísu ekki að hafa um hönd sama orðbragðið. Þannig er þá sá lýðræðisandi, sem sócialistar leggja nú mest ástfóstur á og vilja ólmir tengjast. En það er þó ekki nóg til tryggingar lýðræðinu að haga lagasetningu svo, að allir þegnar þjóðfélagsins hafi sem jöfnust áhrif á löggjöf landsins, því sú löggjöf getur orðið einskis virði, ef ekkert vald er á bak við, sem sér um, að henni sé framfylgt. Íslenzka þjóðfélagið þekkir það af fornri reynslu, hversu gefst að hafa lýðræðisskipulag án þess jafnframt að hafa hæfilega sterkt framkvæmdarvald á bak við til að framfylgja lögunum og á þann hátt að vernda og treysta lýðræðið. Ef því uppi á að halda lýðræðinu, svo að það sé annað og meira en pappírslýðræði, þá þarf til þess vald, sem er sterkara en þau öfl, sem á hverjum tíma sækja á lýðræðið og leitast við að tortíma því. Stofnun hæfilega styrkrar lögreglu er því annar liður lýðræðisins. Hún er vald á bak við ríkisvaldið, sem kveður niður allar árásir á framkvæmd lýðræðisins, hvaðan sem þær árásir koma. Hún á að tryggja það, að ríkisvaldið sé á öllum tímum sterkasta aflið í þjóðfélagi voru. Ég veit nú reyndar, að sócialistar viðurkenna þetta í hjarta sínu. Afstaða sú, er þeir hafa tekið í þessu máli, er til þess gerð, að slá um sig með henni á kjósendafundum. Og ég er viss um það, að ef sá óheilladagur á einhverntíma að færast yfir þetta land, að sócialistar komist til valda, þá verða þeir innilega fegnir að taka við sem styrkastri lögreglu. Í því eru þeir auðvitað alveg sama sinnis og flokksbræður þeirra í öðrum löndum. Blekkingar sócialistaþingmanna um, að varalögreglan sé stofnuð til höfuðs verkalýðnum í landinu, hitta ekki að öðru leyti en því, að með þeim svívirða þeir verkamannastéttina, þar sem þeir með því gefa í skyn, að verkamennirnir séu sérstakir stofnendur lögbrota.

Hv. þm. Seyðf. endaði ræðu sína á því að lýsa yfir því, að sósialistar „vildu **granda núverandi þjóðskipulagi**". Þetta voru hans óbreytt orð, hvernig sem hann síðar kann að víkja þeim við. Ég verð nú að þakka svo hreinskilnislega játningu. En ég vil þó nokkuð draga í efa, að hún sé rétt. Ég vil þá minna á það, að einn byltingamaðurinn situr nú í forsetastól hins sameinaða Alþingis. Ég get raunar eigi varizt þeirri hugsun, að mér virðist svipurinn eigi beint benda til þess, að þessi hv. þm. sé mjög sólginn í að granda núverandi þjóðskipulagi. En maður verður víst að taka eitthvert mark á hv. þm. Seyðf., og er þá ástæða til að óska Framsfl. til hamingju með þennan byltingasinnaða sócialista, sem þeir hafa kjörið, í fyrsta sinn í þingsögu Íslendinga, til að skipa öndvegissess Alþingis.

Hv. þm. Seyðf. vill afnema þjóðskipulagið. Við sjálfstfl.menn viljum það ekki. Við teljum að vísu, að það sé gallað að mörgu leyti og þurfi umbóta við. En við viljum bæta það, en ekki bylta. Við erum umbótamenn, ekki byltingamenn. Við viljum gera þær umbætur eftir því sem frekast eru föng á á hverjum tíma, að öllum borgurum þjóðfélagsins geti liðið sem bezt. Við vitum, að hagsmunir okkar sjálfra eru bezt tryggðir með því. Af sócialistum þarf ekki að vænta slíks. Þeir segjast sjálfir vilja kollvarpa þjóðskipulaginu. Mannúðarmálin, sem sócialistar þykjast berjast fyrir, eru frá þeirra hálfu aðeins kosningabeita, því þeir vilja granda þjóðskipulaginu, eins og hv. þm. Seyðf. tók fram. Við sjálfstæðismenn viljum hinsvegar beita umboði okkar til þess að auka almenna hagsæld, frelsi og lýðræði þjóðarinnar og treysta frjálsræði og framtak einstaklinganna í þjóðfélaginu. Við erum á móti því að hafa öll völd, alla afkomu manna

og ytri örlög þeirra undir einum hatti — einum stórum, svörtum, ljótum, götóttum, skítugum og lúsugum stjórnarhatti.

Hv. þm. Seyðf. beindi því til hv. 1. landsk. þm., að hann ætti að beygja sig fyrir rökum hans. Þetta er nú meiri græðgin. Sócialistum er það ekki nóg að hafa gleypt Framsfl., heldur vilja þeir nú líka gleypa Sjálfstfl. Ég verð nú að biðja þá um að kunna sér dálítið betur hóf. En þegar öllu er á botninn hvolft — og það bið ég menn að athuga —, ber þó ekki að taka þessa mælskuþrungnu ræðu hv. þm. Seyðf. eins alvarlega og orðin gáfu tilefni til. Það verður að skoða þau í því ljósi, að hv. þm. sótti það afarfast, ásamt öðrum sócialistum, að komast í flatsængina til framsóknarmanna, og það jafnvel þótt þeir hafi það ekki enn á sinni stefnuskrá að **granda** þjóðskipulaginu.

Umr. frestað.

Á 8. fundi í Sþ., 4. des., var enn fram haldið einni umr. um till.

Jón Þorláksson: Þegar þetta mál var hér fyrst til umr. fyrir nokkrum dögum, gaf sig fram hv. 1. þm. S.-M. með upplýsingar í málinu. Ég hafði gert ráð fyrir, að til þess mundi koma, að þetta þjóðfélag þyrfti að verja tilveru sína og skipulag gegn þeim flokki manna í landinu, sem hafa það að yfirlýstri stefnuskrá að kollvarpa þjóðskipulaginu með valdi, en það eru kommúnistar, eins og allir vita. Hv. 1. þm. S.-M. kom svo og fór að gefa upplýsingar viðvíkjandi þessu máli, og þær voru á þá leið, að það þyrfti ekkert að óttast kommúnista, þeir væru svo skiptir, það væri mismunandi lýður, þeir væru innanhúss, og þeir væru svo fáir, sem væru í áhlaupadeildinni, að það væri engin hætta á því, að nein af þessum áformum, sem ég gat um, kæmu til framkvæmda.

Ég hefi verið að hugsa um það síðan, hvernig ég eigi að líta á upplýsingar hv. 1. þm. S.-M. Ég sé það í blöðunum, eins og aðrir, að foringjar Alþfl. á Austfjörðum halda því fram, að það sé jafnnáið samband á milli kommúnista og hv. 1. þm. S.-M. eins og á milli forstjóra einhvers fyrirtækis og einkaritara hans. Þessi hv. þm. er berum orðum kallaður í blöðum Alþfl. á Austfjörðum einkaritari Kommúnistaflokksins. Það gæti þess vegna verið um það að ræða, að svo mikið væri hæft í þessu, að hér lægju í raun og veru fyrir upplýsingar frá fyrstu hendi, sama sem frá Kommúnistaflokknum sjálfum. Svo gæti líka verið, að hv. þm. stæði utan þessa flokks, og þá væri þetta frekar eins og hugboð ókunnugs manns.

Ég hefi komizt að þeirri niðurstöðu, að það sé þýðingarlaust að gera þetta upp við sig, hvort hv. 1. þm. S.-M. er að gefa þessar upplýsingar fyrir Kommúnistaflokksins hönd, eða það séu aðeins getgátur, því að í hvorugu tilfellinu er hægt að byggja neitt á þessum upplýsingum. Það er ljóst, að ef á að skoða þetta sem upplýsingar frá Kommúnistaflokknum, þá má ekki byggja á því, að flokkurinn gefi upp réttar upplýsingar um þetta atriði. Flokkur, sem hefir það að yfirlýstu stefnuskráratriði að beita þjóðfélagið ofbeldi, fremur ekki þá heimsku að gefa upplýsingar um, hver áhlaupastyrkur hans sé. Segi hann eitthvað um það, má frekar byggja á því, að þær séu rangar heldur en réttar. En ef þetta hinsvegar hafa verið getgátur utanflokksmanns, þá er ekkert upp úr því leggjandi, eins og ég veit, að hv. 1. þm. S.-M. skilur vel. Ég held þess vegna, að bezt sé að taka ekkert mark á því, sem hann sagði um það, að kommúnistar væru svo fáliðaðir af áhlaupamönnum, að þess væri alls ekki að vænta, að flokkurinn færðist það í fang að framkvæma sína eigin stefnuskrá.

Þessu næst játaði hv. 1. þm. S.-M. og viðurkenndi rétt að vera hjá mér, að ef til slíkra áhlaupa kæmi, þá væri fasta lögreglan ónóg, hvort sem hún væri 48 eða 60 manns. Svo viðurkenndi hv. þm. eins og allir aðrir, og því verður ekki á móti mælt, að hér eru það margir staðir, sem eru svo þýðingarmiklir fyrir þjóðfélagið, að þá verður að verja, ef til uppreisnar kæmi, og að liðið, sem er svo fámennt, að ekki kæmu nema 4 eða 5 menn á hvern stað, getur ekki haldið þeim á móti neinum árásum. En þá kom hv. þm. með það, að þá yrði varalögregluliðið

ekki nóg heldur. En hann hugsar sem svo: Þá leggst eitthvað til, þá kemur eitthvert lið, sem nægir til þess að kveða áhlaupið niður. Þetta var náttúrlega ekki annað en hjal þess óforsjála manns, sem hlýtur að viðurkenna, að hér er hætta fyrir dyrum, en hefir tekið það í sig að vilja ekki gera ráðstafanir, sem einar megna til þess að bægja hættunni frá, og endar svo í orðamælgi úrræðaleysingjans, sem endar alltaf á því: Ja, þá leggst eitthvað til. — Nei, í þessu efni er hvorki að treysta á hjálp forsjónarinnar, ef þjóðfélagið vill ekki hjálpa sér sjálft, né heldur að upp rísi einhverjir bardagaskarar af engu, þegar út í bardaga er komið. Það viðurkenna allir, sem nokkra þekkingu hafa á lögreglumálum, að það er vonlaust að treysta því, að það komi einhverjir hópar af óæfðum mönnum, sem séu eða verði nokkurs megnugir, þegar út í bardaga er komið. Enda höfum við ágætt dæmi um það frá 9. nóv. í fyrra. Það er enginn efi á því, að af þeim hundruðum eða þúsundum manna, sem á bardagann horfðu, vildi enginn eiga það á hættu að limlestast, enginn sá sér fært að hreyfa hönd eða fót í bardaganum. Enda er það viðurkennt, að slíkt er ófært fyrir menn, sem enga æfingu hafa í þeim hlutum, eða skortir forustu til þess að leggja út í slíkt.

Hv. 1. þm. S.-M. hefir með þessu bent sjálfur á þau rökþrot, sem hann endaði í, og gefið okkur, sem höldum fram nauðsyn varalögreglunnar, allan þann stuðning, sem við getum óskað eftir.

Þá hélt hv. þm. Seyðf. langa og hvellmikla ræðu. Hv. þm. Snæf. hefir að vísu svarað honum skörulega, svo það er aðeins örfátt, sem ég þarf þar við að bæta. Hv. þm. Seyðf. byrjaði með því að telja upp a. m. k. 10 mikilvæg málefni í nútíð og framtíð, sem unnt væri að framkvæma fyrir það fé, sem varalögreglan hefir kostað.

Mér þótti sem hv. þm. Seyðf. hefði gleymt því góða og gamla máltæki, að erfitt er að gera tvo tengdasyni að einni dótturinni, því að hann vildi a. m. k. gera 10 tengdasyni að þessari einu dóttur. En það skilja allir, að er orðabelgingur og ekkert annað, slík upptalning. En það, sem svo var eftir að leggja á metaskálarnar, ekki á móti öllum þessum 10 liðum, heldur á móti einhverjum einum, er, hvers virði friðurinn er, sem fæst með því, að þjóðfélagið kosti því, sem þarf á hverjum tíma, til þess að halda uppi friði.

Satt að segja erum við Íslendingar orðnir svo vanir friði í okkar þjóðfélagi, að það er kannske ekki eins ljóst fyrir okkur eins og mörgum öðrum, hversu mikils virði það er fyrir þjóðfélagið að halda uppi friði.

Ef litið er aftur í söguna, þá hafa þó verið þeir tímar hér, að allt logaði upp í ófriði í landinu, og það er a. m. k. hægt að hugsa sér einhvern samanburð á afleiðingum hans og því, sem hefði mátt fá, ef varið hefði verið tilsvarandi orku og fór í ófriðinn til farsælla og þjóðnýtra starfa.

Ég ætla aðeins að bera upp eina spurningu fyrir hv. þm. Seyðf. Hann kannast við eins og aðrir, að á árunum 1200 til 1260 geisaði stöðugur ófriður og flokkadráttur hér á landi og endaði með því, að þjóðin glataði sjálfstæði sínu, og upp úr þeim samningi, sem um það var gerður, gægðist óskráð hótun konungsmanna um það, að það yrði hætt að sigla til landsins, ef landsmenn beygðu sig ekki.

Þessi óskráða hótun kemur fram í skilyrðinu um það, að fá 6 skip á ári til landsins. Hvaða þýðingu heldur svo hv. þm. Seyðf., að það hefði haft fyrir þessa þjóð, ef höfðingjarnir, sem í 60 ár fóru með herflokkum og bardögum um landið, hefðu beitt tilsvarandi orku til þess að manna upp þjóðina til farmennsku og til að eignast þann farkost, sem þurfti til þess að halda uppi siglingum milli Íslands og annara landa? Heldur hv. þm., að við hefðum þurft að óttast þessa óskráðu hótun um að Norðmenn hættu að sigla til landsins, ef við hefðum borið gæfu til þess að halda uppi friði í landinu og vinna að friðsamlegum störfum í staðinn fyrir að halda uppi ófriði? Og heldur hv. þm., að einokunin hefði nokkurntíma skollið á, hefðum við verið eins miklir farmenn eins og við að öðru leyti teljum okkur vera mikla manndómsmenn? Nei, þá og jafnan síðan hefir

skortur á friði orðið þessari þjóð dýr, og nú er komið að því aftur, að svona röstur vofa yfir. Það er reynt til þess að kollvarpa því friðsamlega starfi, sem unnizt hefir í þessu þjóðfélagi á undanförnu endurreisnartímabili.

Hv. þm. Seyðf. heldur því fram, að það borgi sig ekki að halda uppi friði. Ég hefi bent á dæmi úr okkar eigin sögu, ef vera mætti, að það skýrði fyrir hv. þm., hvers virði friðurinn er, og einnig má minnast á það, að önnur ríki telja það fullkomlega svara kostnaði að halda uppi friði hjá sér, þar sem útgjöldin til þess að halda uppi friði innanlands og við nágranna sína eru með hæstu gjaldaliðum hjá mörgum þjóðum. Hér verðum við ekki varir við þann kostnað, nema ef telja skyldi kostnað af landhelgisgæzlu. Ég gæti farið líka leið og hv. þm. Seyðf. og talið upp ótal starfssvið, sem alveg féllu um koll, ef ekki væri offrað því lítilræði, sem þarf til þess að halda uppi friði í landinu. Hv. þm. komst að þeirri miður gáfulegu niðurstöðu, að sá friður, sem þjóðfélaginu væri tryggður með sterku lögregluvaldi, væri sama eðlis og hinn vopnaði friður stórveldanna, það ástand, þegar stórþjóðirnar vígbúast hver í kapp við aðra til þess að ógna nágrannaþjóðunum frá árásum. En samlíkingin er ekki rétt. Það dettur engum í hug, ef þjóðfélagið á annað borð kemur sér upp nógu sterku lögregluvaldi til þess að vernda friðinn í landinu, að það leyfi þá nokkrum að efla flokka gegn þessu lögregluvaldi; að sjálfsögðu verða allar slíkar tilraunir kveðnar niður. Hv. þm. viðurkenndi, að tilvísun mín í rússnesku byltinguna hefði verið rétt að því leyti, sem ég vildi nota hana. Kommúnistaflokkurinn hér er hlutfallslega orðinn eins ítaksmikill og rússneski kommúnistaflokkurinn var 1917. Reynslan þaðan sýnir, að svo lítill flokkur getur kollvarpað þjóðskipulaginu, ef ríkin hafa ekki fullan vilja til varnar. Það mun vera rétt hjá hv. þm., að í sjálfum rússneska kommúnistaflokknum, sem nú ræður öllu þar í landi og á sínum tíma kollvarpaði þjóðskipulaginu, sé ekki nema 1% rússnesku þjóðarinnar. Meira þarf ekki til. Og þar sem svo er hjá þjóð, þar sem menn eru vanir vopnaburði, þá þarf víst áreiðanlega ekki meira hér hjá okkur, þar sem engir temja sér vopnaburð, ef Alþ. sýnir ekki þann manndóm að búa svo um hnútana, að þjóðskipulagið sé ekki varnarlaust fyrir hvaða ræfli, sem á það vill ráðast.

Hv. þm. Seyðf. hafði sömu sögu að segja og hv. 1. þm. S.-M., að kommúnistar væru svo sundraðir, að þá þyrfti ekki að óttast. En það skein í gegnum ræðu hans, að hann var ekki að flytja ræðu á Alþ., heldur var hann að tala til þeirra kjósenda, sem nú eru á báðum áttum um það, hvort þeir eigi að fylgja Alþfl. eða Kommúnistaflokknum. Öll ræða hv. þm. var tilmæli til þessara kjósenda um að koma í Alþfl., og verður að hafa það til hliðsjónar margendurteknum yfirlýsingum hv. þm. um það, að þeir Alþfl.menn vildu líka granda þjóðskipulaginu, þeir vildu líka, að engin lögregla fyrirfyndist o. s. frv. Þetta eru aðeins biðilsorð til kommúnista hér í bænum og þeirra, sem standa á milli þess flokks og Alþfl. ennþá. Til þeirra mega þeir biðla fyrir mér svo mikið sem þá lystir. Og mér finnst ekkert fara illa á því, að Alþfl. skipti liði, eins og þeir segja, að kommúnistar geri, og sendi annan arminn í biðilsför til bændanna, eins og gert hefir verið á þessu þingi, en hinn í samskonar erindagerðum til kommúnista. En hvort þeir vaxi af því í augum þjóðarinnar, að biðla samtímis til svo óskyldra meyja, læt ég ósagt. Hv. þm. Seyðf. gerði aths. við þau orð mín, að Sjálfstfl. væri nú forvígisflokkur lýðræðisins hér á landi, og sagði eitthvað á þá leið, að lýðræðishugsjónin hefði ekki komið fram hjá flokknum fyrr en 1931. Þetta er ekki rétt frá skýrt. Það stóð líkt á með það mál eins og lögreglumálið áður en Kommúnistafl. kom til sögunnar; það var ekki sjáanleg þörf til þess að halda uppi liði eða skipuleggja flokka til verndar lýðræðinu meðan enginn gerði sig líklegan til þess að ráðast á það. En 1931 skeði atburður, sem opnaði augu manna fyrir því, að nú var ekki nóg lengur að sitja aðgerðarlaus og láta sem allir væru lýðræðismenn, og þá, þegar þörfin var orðin brýn, tók Sjálfstfl. upp merki lýðræðisins, og ég vona, að hann beri gæfu til þess að halda því hátt enn um langan aldur. Ég hirði ekki um að elta hv. þm. út í þá rökþvælu, sem

hann lét sér sæma að flytja hér; ég skal aðeins segja frá niðurstöðu hans. Hún var sú, að varalögreglan væri stofnuð til árása á meiri hl. þjóðarinnar. Það þarf ekki annað en að minna á þessa niðurstöðu, til þess að öllum skiljist, að röksemdafærslan, sem leiddi hv. ræðumann að þessari endaleysisútkomu, var eintóm þvæla og vitleysa. Spurningin í þessu máli er sú, hvort þjóðin beri gæfu til þess að eiga á Alþ. fulltrúa, sem ekki eru um of á eftir tímanum. Það má segja, að árásir á þjóðskipulagið sé ekki nýtt fyrirbæri; þeirra hefir orðið vart í stærstu kaupstöðum landsins nú undanfarið, þótt í smáum stíl sé. Vonandi ber þjóðin gæfu til þess að velja sér þá fulltrúa á Alþ., sem þekkja þessa hættu og vita, að byltingarhættan getur blossað upp hér sem annarsstaðar þegar minnst vonum varir, og séu reiðubúnir til þess að gera nógu snemma ráðstafanir til þess að halda öllum þeim öflum, sem vinna gegn þjóðskipulaginu, í skefjum. Ég treysti því, að þeir menn, sem vilja halda núverandi þjóðskipulagi uppi, láti ekkert hindra sig í baráttunni gegn skaðsemdaröflunum. — Þrátt fyrir ágreininginn, sem varð í fyrra um frv. um lögreglumenn, sýndi þó allur þorri þm. skilning sinn á nauðsyn þeirrar lagasetningar, og ég vona, að sá skilningur sé enn við lýði. Komi þessi till. til atkv., þá skora ég á hv. þm. að fella hana, bæði till. Alþfl. um að banna stj. að framkvæma l. um lögreglumenn, og viðaukatill. hv. 1. þm. S.-M., sem auk þess að vera engin umbót á aðaltill. er svo illa samin, að hv. þm. ætti að fá íslenzkukennara til þess að leiðrétta helztu málvillurnar áður en hún kemur til atkvæða.

Jakob Möller: Menn hafa haldið því hér fram, að varalögreglunnar væri aðallega þörf vegna kommúnista. Þetta er rétt, það sem það nær. En hennar er ekki aðeins þörf vegna þeirra manna, sem kalla sig kommúnista, heldur líka þeirra manna innan Alþfl., sem að vísu ekki kalla sig kommúnista, en hafa sýnt sig að því að vera engir eftirbátar kommúnista í því að beita ofbeldi í pólitisku hagnaðarskyni. Hv. 2. þm. Reykv. er ágætt dæmi um þessa menn innan Alþfl. Til þess að rökstyðja þetta vil ég rifja upp aðaldrættina í forsögu málsins. Sem kunnugt er kom það nokkrum sinnum fyrir á síðustu árum, að smáóspektir urðu í sambandi við bæjarstjórnarfundi; þá söfnuðust saman nokkrir menn, aðallega unglingar, sem trufluðu fundina með stóryrðum og háreysti. Þessir unglingar héldu, að þeir yrðu meiri menn við þessi ólæti; stundum gekk þetta svo langt, að þeir tóku hina og þessa hluti, svo sem glös og stóla, og hentu þessu í hverja sem fyrir urðu, en unnu þó aldrei mikinn skaða með því. Fyrir 9. nóv. í fyrra má segja, að ekki væri ástæða til alvarlegra varnarráðstafana. Þá skeðu þeir atburðir, að hv. 2. þm. Reykv. fór að beita sér fyrir samskonar liðssafnaði og kommúnistar höfðu áður haft með höndum. Og framkvæmdirnar hjá hv. 2. þm. Reykv. voru ólíkt verklegri en þær, sem áður höfðu þekkzt. Hann er formaður stærsta verkalýðsfélagsins hér í bænum, og fyrir þennan dag lét hann boð út ganga, að sem flestir félagsmenn skyldu mæta á bæjarstjórnarfundi, og ekki var farið leynt með það, að tilgangurinn væri sá, að beita ofbeldi, ef bæjarstj. léti ekki að vilja þessara manna. Ég vil leyfa mér að benda á misræmið í þessum gerðum alþýðuflokksforingjanna og hrópum þeirra nú um það, að þeir séu sjálfsagðir forsvarsmenn lýðræðisins í landinu. Það er vitað af öllum, að bæjarstj. Rvíkur er kosin samkv. lýðræðisreglum. Og það er ofbeldi gegn þessari lýðræðisstjórn, sem hv. 2. þm. Reykv. stofnar til með liðssamdrætti sínum. Það er hreint og beint skoplegt, þegar þessi sami hv. þm. er nú að skreyta sig og flokk sinn með lýðræðisfjöðrum. Ég skal til samanburðar benda á samskonar atvik og það, er hér varð 9. nóv., frá Danmörku, þar sem flokksbróðir hv. 2. þm. Reykv. stjórnar. Að vísu eru þeir aðeins flokksbræður að nafninu til. — Það kom fyrir í Nakskov, að flokkur óaldarlýðs, með kommúnista í broddi fylkingar, gerði aðsúg að bæjarstj. þar og neyddi hana til þess að gera samþykkt um atvinnubætur, sem meiri hl. bæjarstj. var mótfallinn. Þessi samþykkt var að vísu felld úr gildi síðar. En sá flokksbróðir hv. 2. þm. Reykv., sem með völdin fer í Danmörku og er lýðræðismaður

meira en að nafninu til, lét hlíðarlaust dóm ganga yfir þá óaldarseggi, sem þarna voru að verki. Síðan hefir ekkert slíkt verið reynt í Danmörku. En hér er allt annað uppi á teningnum. Fyrir 9. nóvember, þegar búizt var við smávægilegum óspektum af hálfu kommúnista, hafði lögreglustjóri talið það skyldu sína að gera varúðarráðstafanir fyrir fundina, t. d. að láta aðstoðarlið vera til taks, ef á þyrfti að halda. En nú, þegar formaður stærsta verkalýðsfélagsins safnar opinberlega liði fyrir fundinn, bregður svo undarlega við. að ekkert lið er til staðar. Ég staðhæfi, að þarna hafi verið að ræða um samantekin ráð milli lögreglustjóra og forvígismanna sócialista. Ég hefi áður staðhæft þetta opinberlega, á vettvangi, þar sem lögreglustjóri gat borið hönd fyrir höfuð sér og afsannað orð mín með málshöfðun. Hann lét það boð út ganga, að hann ætlaði að höfða slíkt mál, en það er ekki komið enn. Þetta sannar það átakanlega, að staðhæfing mín er á rökum byggð. Lögreglustjóra bar skylda til þess að láta dómstólana sýkna sig af ákæru minni, því þarna er um að ræða þá stórkostlegustu misbeiting embættisvalds, sem hægt er að hugsa sér. Þegar á fundinn kom, varð fljótt uppvíst um tilganginn; það átti að þvinga meiri hl. bæjarstjórnar til þess að taka aftur samþykkt, sem hann hafði gert fyrir skömmu.[1]) Þeir jafnaðarmennirnir hafa sagt það oftar en einu sinni, að það þyrfti enga lögreglu, ef landinu væri stjórnað samkv. vilja alþýðunnar, en það þýðir í munni þessara manna, að stjórnarfarið ætti að lagast eftir duttlungum þeirra sjálfra. Það er auðvitað hægt að forðast allar óeirðir, ef alltaf er látið að vilja óeirðarmannanna. En það er ekkert lýðræði. Alþ. hefir sömu aðstöðu í landinu og bæjarstj. í bænum. Bæjarstj. er kosin samkv. fullkomnum lýðræðisreglum. Og í því tilfelli, sem ég hefi lýst, reyndi hv. 2. þm. Reykv. að kúga löglegt meirihlutavald, og nota til þess aðstöðu sína sem form. Dagsbrúnar. Ég er sannfærður um það, að hefði varalögreglan ekki verið sett á stofn til þess að halda óspektarmönnunum niðri, hefðu þeir farið að leika sama leikinn gagnvart Alþ. og þeir léku 9. nóv. á bæjarstjórnarfundinum. Því var svo sem hótað í umr. um lögreglumálin, en munurinn var sá, að þá var búið að stofna varalögreglu, og því varð ekkert úr hótuninni. Ekkert hefir heldur borið á óeirðum í sambandi við bæjarstjórnarfundi síðan. (HV: Eftir þennan dag fór bæjarstj. að fela sig uppi á lofti í Eimskipafélagshúsinu). Er hv. þm. að gefa í skyn, að eina ástæðan til þess, að hann hafi ekki endurtekið leikinn frá 9. nóv., sé sú, að hann hafi ekki treyst sér upp allar tröppurnar í Eimskipafélagshúsinu? Það skal tekið fram, að almenningur í bænum er langt frá því að leggja blessun sína yfir framferði hv. 2. þm. Reykv. og kumpána hans. — Hv. 2. þm. Reykv. hafði í hótunum um að stofna bardagalið fyrir Alþfl. En úr því varð ekkert. — Hv. þm. leigði sér húsnæði eftir 9. nóv. og tók að æfa lið þar, var meira að segja sjálfur með í þeim æfingum. En þetta lið lognaðist út af, því að hv. þm. hafði ekkert fylgi í flokki sínum til að stofna slíkt lið, en þó að hv. þm. hafi lítið fylgi í flokki sínum til slíkra framkvæmda, þá hefir hann þó, ásamt kommúnistunum, nógu marga fylgismenn til þess að beita stjórnarvöld lands og bæjar ofbeldi, ef engar varúðarráðstafanir koma til. Og 9. nóv. sýndi hv. 2. þm. Reykv. það, að hann er fús til samvinnu við kommúnistana. Þó er vitanlegt, að venjulega ríkir samkeppni milli þessara flokka, samkeppni um þá menn, sem hv. 1. landsk. gat um, — þá, sem stæðu milli Alþýðuflokksins og Kommúnistaflokksins. Og það, sem stýrði gerðum hv. þm. þá, var það, að hann vildi ekki sýna sig minni óspektarmann en foringjar kommúnista. Vafalaust hefir hann meðfram gert það af þeim ástæðum, sem hv. 1. landsk. drap á, nefnil. að hann fengi að fljóta ofan á, ef til byltingar kæmi, og yrði leyft að taka þátt í stjórnarstörfum.

Það þarf engum að blandast hugur um það, að varalögreglan er þörf stofnun, nauðsynleg og sjálfsögð stofnun. Áður en hún komst á fót, var sífellt verið að ónáða bæjarstj. með smáuppþotum, og þessi uppþot náðu hámarki sínu 9. nóv.

1) Hér virðist vanta skýringu á því, hver sú samþykkt var og hver rök voru fyrir henni, sbr. síðari ræður. JakM.

En síðari tilraunir hafa dottið niður máttlausar; ítrekaðar tilraunir til upphlaups og óeirða voru gerðar, en frumkvöðlarnir hurfu jafnskjótt frá fyrirætlunum sínum, er þeir vissu, að lögreglan var alltaf til taks og hafði góðan mannafla. Ég held, að hv. 2. þm. Reykv. hafi vitað af þessari eflingu lögreglunnar og vitað, að það var tilgangslaust að fitja upp á nýjum upphlaupum eftir 9. nóv. Þessar endasleppu tilraunir hafa einmitt sýnt það, hve mikil nauðsyn bar til þessara ráðstafana, og eins hvert gagn hefir orðið að þeim. Mér finnst það skoplegt, að Alþingi skuli verja svona löngum tíma til að ræða þessa till., sem brýtur í bága við landslög, því að sú skýring, sem hv. þm. Snæf. gaf á síðasta fundi, var vitanlega alveg laukrétt. Skilyrðum 6. gr. er auðvitað fullnægt, er ráðh. hefir tekið ákvörðun sína, þó að ekki hafi fram farið full fjölgun. Varaliðs er þörf, þó að lögregluliðið sé 60 manns, og ekki síður, ef þeir eru færri. Enda er ástæðulaust að að hafa 60 manna fasta sveit til þess að sinna vanalegum lögreglustörfum innan bæjarins. Það er alveg tvímælalaust, að bæði aðaltill. og viðaukatill. koma í bága við lögin um lögreglumenn og ætti því alls ekki að bera þær undir atkv.

Eysteinn Jónsson: Ég var ekki viðstaddur á laugardaginn vegna lasleika, og veit því ekki, hvaða skeytum hefir þar verið beint til mín. En ég ætla aðallega að athuga ræðu hv. 1. landsk. Röksemdir hans eru ef til vill ekki óskyldar þeim, sem hann vanalega notar, því þær eru á þá leið, að hann slær föstu einhverju atriði, sem er alveg rangt, og byggir síðan á því, án þess að skeyta nokkuð um, þótt undirstaðan sé röng. Það, sem hann byggir á í þessu máli, er, að þeir, sem leyfa sér að andmæla honum, séu kommúnistar. Um það var mestur hluti ræðu hans og á því voru andsvörin byggð. Það væri alveg hliðstætt, ef ég slægi því föstu, að hv. 1. landsk. væri nazisti, og því óþarft að eyða orðum að því, sem hann segir. Þessa aðferð mun ég samt ekki viðhafa, enda gerist þess ekki þörf. Ég þarf ekki að lengja umr. með hugleiðingum um það, hvort ég er kommúnisti eða ekki. Einkenni þeirra er, að þeir vilja rífa niður þjóðskipulagið með ofbeldi og byltingu. Geti hv. þm. ekki vitnað í ræðu eða rit, þar sem ég gerist stuðningsmaður slíkrar stefnu, falla ummæli hans um sjálf sig.

Lögreglan segir hann að sé ætluð til þess að verjast spellvirkjum kommúnista. Þegar hann svo fer að láta í ljós skoðanir sínar um það, hverjir séu kommúnistar, þá telur hann með þeim m. a. mig, hv. Alþfl.menn í d. og yfirleitt alla, sem eru honum andstæðir og mæla á móti lögreglufirrum hans. Af þessu mætti ályktа, að varalögreglan eigi að vera nokkurskonar pólitískur lífvörður sjálfstæðismanna. Með þessu bendi ég bara á, hvert firrur hv. 1. landsk. leiða. Hv. 1. landsk. þóttist hafa eftir mér, að lögreglan væri ónóg. Það er rangt, ég sagði, að 60 manna sveit mundi ekki nægja til þess að bæla niður uppreisn. En hitt sagði ég ekki, að þróttur kommúnista væri svo mikill, að lögreglan fengi ekki staðizt þá. Ég vil vara hv. 1. landsk. við að blanda slíku saman. En bezt rök máli mínu til stuðnings komu frá hv. 1. þm. Reykv., flokksbróður hv. 1. landsk., þar sem hann sýndi fram á, hve lítið fylgi ofbeldisstefnan hefði. Alvarlegasta tilfellið var, þegar nokkrir æstir unglingar og jafnaðarmenn létu kommúnista halda sér undir kylfur lögreglunnar 9. nóv. Um þetta allt er ekki á öðru að byggja en þeirri reynslu, sem við höfum af uppþotum, en hún er á þá lund, að þau hafa öll verið smávægileg, nema þá helzt þegar Alþfl. lét flækja sér út í þau eins og 9. nóv. En þegar stofna skal til varalögreglubákns, sem kostar 2—3 hundruð þús. krónur, þá hvílir á þeim, sem þess óska, að sanna, að þörf sé á slíku. Fyrir þeirri þörf tel ég engin veigamikil rök hafa verið færð. Landsmenn eiga heimtingu á að fá greinargerð um þá nauðsyn, sem til þess rekur að skylda þá til þess að láta af hendi fé sitt til uppihalds þessari varalögreglu.

Það hefir sýnt sig, að viðbótartill. mín er mjög nauðsynleg. Hér hafa komið fram lögskýringar, sem ganga í þá átt, að það sé ekki heimtað, að búið sé að uppfylla skilyrði 1. gr. laga um lögreglumenn áður en varalögregla er stofnuð. Þó veit hver sá, sem að afgreiðslu þessara laga stóð, að slíkt er skýlaus skylda,

áður en menn utan bæjanna eru látnir greiða til varalögreglunnar. Þessi skilyrði voru einmitt sett í lögin til þess að koma í veg fyrir, að lögreglukostnaðurinn kæmi að óverðskulduðu niður á sveitafólki. En það hefir samt alltaf verið meiningin hjá íhaldinu, að láta óviðkomandi fólk bera þennan herkostnað fyrir Reykvíkinga, og hafa þeir nú fengið hv. þm. Snæf. til þess að skýra lögin á þann hátt, að Reykjavíkurbær geti skotið sér undan að fjölga lögreglumönnum skv. ákvæðum laga um lögreglumenn. Ég trúi því ekki, að nokkur fulltrúi fyrir sveitakjördæmi geti undan því skorazt að fylgja brtt. minni, sem á að koma í veg fyrir, að Reykjavík verði leyst undan þessari skyldu. Ég trúi því mjög vel, að hv. 1. landsk. telur viðbótartill. mína sízt til bóta, þar eð með henni verður ákveðið, að hann og flokksbræður hans geti ekki rangfært lögin og skotið sér undan að uppfylla skyldur þær, sem í þeim eru ákveðnar, eins og þeir hafa ætlað sér og hann virðist hafa átt frumkvæði að.

Ingvar Pálmason [óyfirl.]: Eins og afskipti mín af þessu máli í fyrra sýndu glöggt, ætlaði ég mér aldrei að leggja neinn dóm á lagaákvæðin. En það, sem ég hefi haldið fram, er, að því aðeins sé heimilt að setja á stofn varalögreglu, að skilyrði þau, sem lögin setja, séu uppfyllt. Á síðasta fundi töluðum við um þetta, hæstv. dómsmrh. og ég, og hann virtist taka vinsamlega öllum mínum bendingum. En mér datt aldrei í hug, að ég sé einn fær um að skýra lög. En vegna þess, að ég er flm. að viðaukatill., álít ég, að það sé réttur minn að gera grein fyrir afstöðu minni til hennar. En ég hafði aldrei ætlað mér þá dul, að ég væri betur að mér í lögskýringum en hálærðir lögfræðingar. En ég skil og get skýrt betur en þeir þær till., sem ég flutti hér í fyrra. Annars virðist mér, að megi skipta lögfræðingum í tvo hluta, og hefir annar, og er það sízt sá minni, það starf með höndum að toga og teygja lagagreinarnar, eftir því sem bezt kemur sér fyrir skjólstæðing þeirra. Og ég held, að ekkert mál sé flutt á Íslandi án þess að tveir lögfræðingar komi þar til, annar sækjandi og hinn verjandi. Báðir leggja þeir sig í líma til þess að búa til skýringar á lögunum eins og þeim bezt hentar. Meira að segja greinir sjálfa dómarana oft á um skilning á lögum. Ekki sjaldan er það, að undirréttardómar séu felldir af yfirrétti. Svo er framkoma þessara manna á þingi; hv. þm. Snæf. setur sig á háan hest og undrast yfir þeirri óskammfeilni, að óbreyttir þm. skuli gerast svo djarfir að halda, að þeir geti skýrt lögin. (**TT**: Hefi ég gert það?). Já, það er enginn vafi á því, þm. talaði með miklum myndugleika um það, hverjir mættu skýra lögin og hverjir ekki, og eins hvernig ætti að fara að því. Það vakti fyrir mér með brtt. í fyrra, eins og sjá má af framsöguræðu minni, að í lögin kæmi það skilyrði fyrir að stofna mætti varalögreglu, að í bæjum væru starfandi 2 lögregluþjónar á hverja 1000 íbúa. (**Dómsmrh.**: Það stendur í 1. gr.: „Allt að tveimur"). Já, ég kem líka að því. Í 1. gr. stendur, að ráðh. sé heimilt að skipa allt að tveimur lögregluþjónum á hverja 1000 íbúa. En hann er ekki skyldur til þess. Við getum hugsað okkur þorp með 1000 íbúa, en engan lögregluþjón. Það er heimilt að skipa t. d. 1, en það má ekki stofna varalögreglu á meðan þar er aðeins sá eini. Orðin „allt að" þýða sem sagt ekki annað en að ráðh. þurfi ekki að skipa fleiri en 2 lögregluþjóna á hverja 1000 íb. Ég býst við, að lögfræðingunum sé innan handar að teygja þetta og toga, en ég vildi láta koma skýrt fram, við hvað ég átti með brtt. Verði út úr því snúið, má ef til vill segja, að það sé að nokkru leyti mér að kenna og að ég beri ábyrgð á orðalaginu, en það er þó afsakanlegt, því að ég er ekki lögfróður maður. Ég ætla ekki að leggja neinn dóm á það, hvort varalögregla er þörf eða ekki; í fyrra viðurkenndi ég, að nokkrar ástæður gætu legið til þess, að hún væri stofnuð, hvort sem þær eru nú fyrir hendi eða ekki.

Ég get alls ekki séð, að viðaukatill. komi á nokkurn hátt í bága við lögin, þó að hún sé skýrð eftir aðferðum hv. þm. Snæf., því að í henni felst sami skilningur og hv. þm. sjálfur heldur fram á lögunum. Og þá þætti mér skörin færast upp í bekkinn, ef þingið mætti ekki láta uppi þá ósk sína, að 1. gr. laganna sé fullnægt áður en varalögreglan er stofnuð.

— Læt ég svo útrætt um þetta og vænti þess, að hv. þm. gjaldi mér líku líkt, þar eð ég hefi ekki gefið í neinu tilefni til áreitni, því að þetta er síðari ræðan mín.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Ég efast ekki um, að hv. 1. þm. Reykv. hafi mælt af heilum hug, þegar hann benti á, að lögreglunnar væri ekki eingöngu þörf gegn kommúnistum, heldur líka gegn hv. 2. þm. Reykv. og þeim, sem hv. 1. landsk. nefnir einkaritara kommúnista. En ég er hræddur um, að þá þurfi að fjölga varalögreglumönnum allmikið. Ég held, að ég muni það rétt, að hv. 2. þm. Reykv. hafi fengið 3500 atkv. við síðustu kosningar; en það er þá meira en 10% af bæjarbúum, sem þessum mönnum stendur stuggur af. Og hvað skyldi þurfa marga á Akureyri og Siglufirði? Úr því að gegn 10% hér þarf 100 manna sveit, þá þarf 80—90 á Akureyri! Annars sný ég mér ekki frekar að hv. 1. þm. Reykv., það mun hv. sessunautur minn, 2. þm. Reykv., gera. En ég vil þó aðeins benda honum á, að það er ekki sama, vilji meiri hl. bæjarstj. og vilji bæjarmanna.

Eftir að friður var á kominn þorði bæjarstjórnarihaldið ekki að hefja nýjar tilraunir til kauplækkunar. (**JakM:** Þm. var austur á Seyðisfirði). Rétt er það, en ég veit, að aldrei hefði til þessa dregið, ef ekki hefði verið gerð þessi fúlmannlega tilraun, þessi þokkalega tilraun, sem átti að vera nokkurskonar forsöngur að allsherjarlaunalækkun um land allt. Hv. þm. veit vel, að það var meiri hl. bæjarstj., sem ætlaði sér að koma fram kauplækkun. Það mistókst, af því að meiri hl. bæjarmanna var á móti því. (**JakM:** Ríkisstj. hafði neitað að leggja fram fé á móti bæjarsjóði til atvinnubótavinnu, en bæjarsjóður hafði ekki nóg fé til hennar. Eftir óeirðirnar bauð ríkisstj. fram fé, og það jafnvel meira en áður hafði verið beðið um. Það var þetta, sem gerði það að verkum, að bæjarstj. gat greitt hærra kaup, en alls ekki að hún hefði tekið neinum sinnaskiptum). Ég veit, að þessi ástæða er búin til eftir að allt þetta gerðist. En þar sem þessi hv. þm. hefir aðallega beint orðum sínum til hv. 2. þm. Reykv., ætla ég ekki að svara honum frekar.

Ég ætla þá að fara að mannvirðingum og taka fyrst til athugunar það, sem hæstv. dómsmrh. sagði síðast þegar þetta mál var rætt. Hæstv. dómsmrh. sagði, að ég hefði talað eins og ég væri kominn á kosningafund, en ekki eins og ég væri að ræða um lítilfjörlegt þingmál. Ég hefi þann sið að flytja svipuð mál á sama hátt, hvort heldur er á kosningafundi eða annarsstaðar. Þó að það sé siður hæstv. dómsmrh. og hans flokks að flytja eitt á kosningafundum og annað á Alþ., þá er það sízt lofsvert, og mun ég ekki taka þann sið upp. Um það, hversu lítilfjörlegt þetta er, verður hver að dæma frá eigin brjósti. Ég tel það ekki lítilfjörlegt þingmál, þegar um er að ræða að eyða 400 þús. kr. í lögreglubrölt og vitað er, að það er hin mesta þörf fyrir þetta fé til annara og þarfari hluta, eins og bent hefir verið á. Að hæstv. dómsmrh. finnst þetta lítilfjörleg eyðsla, er augljóst, þar sem hann gerir enga tilraun til þess að benda á, hvað lögreglan hefir afrekað. Það skyldi þó aldrei vera sú ástæða til þess, að ekki sé hægt að benda á neitt slíkt, — að hún hafi ekkert gert.

Hæstv. dómsmrh. segir, að það sé rangt, að allur þorri alþýðu sé á móti stofnun ríkislögreglu, en hann hefir oft rekið sig á það, að flokkur hans hefir barið það í gegn í þinginu, sem hefir átt litlum vinsældum að fagna meðal landsmanna.

Á síðasta Alþ. sýndi ráðh. óvenjulega skaphörku við þetta mál, þar sem hann neitaði hv. 2. þm. Reykv. um að sjá skjöl þau, sem sýndu kostnað ríkislögreglunnar. Hæstv. ráðh. áleit ekki heppilegt, að þessi plögg yrði lýðum ljós, og vissi, að þau mundu ekki auka vinsældir ríkislögreglunnar, og það hefðu þau vissulega ekki heldur gert.

Hæstv. dómsmrh. talaði um, að ósamræmi hefði verið milli fyrri og síðari hluta ræðu minnar, þar sem ég sagði, að í Rússlandi hefði herinn orðið verkfæri í hendi bolsivismans til að koma byltingunni á, og svo aftur, að tilgangur íhaldsins með stofnun ríkislögreglu væri að koma í veg fyrir byltingu. Í þessu er ekkert ósamræmi. Ég fullyrði, að það hefir ekki verið tilgangur keisarastjórnarinnar rússnesku, þegar herinn var settur

upp, að hann yrði til þess að gera byltingu, og mér dettur heldur ekki í hug, að tilgangur stj. hér með því að hrófla upp ríkislögreglu sé sá, að koma á stað byltingu. En það gæti farið þannig, og þá er engu hægt að spá um, hvernig vopnin kynnu að snúast í þeirra höndum, þó að menn sjái nú ekki drauga um hábjartan dag, eins og hv. 1. landsk.

Mér þótti dálítið undarlegt, að hæstv. dómsmrh. skyldi ekki kannast við lið Heimdellinga, sem æfir í Kveldúlfsporti. En svo minnist ég þess, að í Morgunblaðinu var sagt frá því, að fánalið Sjálfstfl. hefið farið heim til þm. Snæf. eftir kosningarnar síðustu og hyllt hann vel og skörulega, og hrópað húrra fyrir Ólafi Thors og Jóni Þorlákssyni, en dómsmrh. hafði einhverra hluta vegna orðið útundan, og þá fór mér að skiljast, hvers vegna minni hans var svona bágborið. (**TT**: Dómsmrh. var ekki í bænum).

Svo að ég hverfi til alvörunnar aftur, þá er það vitaskuld fyrirsláttur, að hæstv. dómsmrh. kannast ekki við þessa liðsöfnun; hún hefir ekki verið svo lítið auglýst í flokksblöðum hans. Hv. þm. Snæf. kannast líka við þetta lið, þó að hann segi ekki allan sannleika þar um.

Svar hæstv. dómsmrh. við þeirri spurningu, hvort eftirlit væri haft með skotfærasölu og vopna, var heldur bágborið. Hann kvað vera samskonar eftirlit með verzlunum, sem seldu slíkt, og væri við aðrar verzlanir, og hygg ég, að það þýði, að eftirlitið sé ekkert. Þegar litið er til þeirrar skelfingar, sem hefir gripið þá hv. 1. landsk. og hv. 1. þm. Reykv., virðist ekki óeðlilegt, að þetta yrði athugað.

Ekkert vissi hæstv. ráðh. heldur um, hvort lögreglan hefði fengið vopn eða áhöld eða hverskonar áhöld hún ætti að nota; hvort það væru barefli, byssur eða gas, hafði hann ekki hugmynd um. Mér þykir það óafsakanlega lítil forvitni hjá hæstv. dómsmrh. sem æðsta yfirmanni þessa fyrirtækis, að hafa ekki kynnt sér þetta betur en fram hefir komið. Annars er ég þess fullviss, að hæstv. ráðh. veit þetta vel. (**JakM**: Veit hv. þm. þetta ekki sjálfur?). Ég hefi ekki svo öruggar heimildir, að ég geti ekki búizt við, að hv. 1. þm. Reykv. segi mig ljúga því.

Hæstv. ráðh. lauk ræðu sinni með því að minna mig á, að það sæti ekki á mér að vera að skýra lög, þar sem svo lærður maður sem hann væri annarsvegar. Ég get lesið venjulegt mál, þó að hitt sé rétt, að hæstv. dómsmrh. er mér miklu lagnari við að teygja lög og skapa lagakróka. Mér er ekki grunlaust um, að við framkvæmd sumra þeirra laga, sem hann hefir með að gera, sé um hreina og beina lagakróka að ræða.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að hv. þm. Snæf. Hann eyddi miklu af ræðu sinni til að veita mér ákúrur fyrir framkomu mína hér í þinginu og taldi í því sambandi upp ýmsa eiginleika, sem ég ætti að hafa. Ég hygg, að hv. þm. Snæf. standi mér jafnfætis þar, ef ekki skör framar, og í því sambandi vil ég minna á, að sumir sjá betur flísina í auga náungans en bjálkann í sínu eigin auga. Mér virðist þetta snerta málið næsta lítið og sleppi því frekari hugleiðingum um það. En þessi hv. þm. flutti hér kenningu á þinginu, sem mér virðist vera alveg ný. Hann spyr, hvað það komi málinu við, hverju búið sé að eyða í ríkislögreglu. Féð sé eytt og fáist ekki aftur. Ég hefi hingað til skilið svo framkomu sjálfstæðismanna, bæði í ræðu og riti, sem þeir hafi ekki lifað eftir þessari kenningu hv. þm. Ég man ekki betur en þeir hafi átalið mjög fjármálastjórn Framsfl. undanfarin ár, og ég veit ekki betur en mikið af ræðum manna snúist á þann veg, að deila á það, sem þegar hefir verið gert. Það er næsta örðugt að deila um hluti, sem ógerðir eru. Það yrði lítið um eldhúsdag, ef menn forðuðust að tala um afglöpin, sem búið er að gera. Ég býst ekki við, að þessi nýja kenning hv. þm. Snæf. eigi hér heima og að hún hafi fylgi hér á Alþ. Það er vitaskuld jafnsjálfsagt að veita ákúrur fyrir það, sem illa er gert, eins og að meta það, sem vel er gert.

Hv. þm. fullvissaði þingheim um, að ekki væri ástæða til að hræðast liðið í Kveldúlfsporti, og að þar væri ekki verið að æfa hernaðarbrögð, heldur væru þeir þarna að æfa sig í leikfimi og sömuleiðis að æfa fagran limaburð og fallega framkomu, og þar fyrir utan ferðalög um bæinn til þess að hylla foringja sína. Ég skal ekki draga það í efa, að þessar fögru

listir séu iðkaðar þar, en ég efast um, að þetta sé það eina, sem æft er þar, og í fullri alvöru segi ég það, að enginn vafi er á því, að nú þegar er það komið á daginn, sem við jafnaðarmenn spáðum, þegar l. um varalögregluna voru samþ., að það yrði til þess, að fleiri færu að draga saman lið í landinu, til þess að vera viðbúnir því, sem kynni að gerast. Það er enginn vafi á því, að sá er tilgangurinn með stofnun þessara liðsflokka, og mér finnst satt að segja of lítil hreinskilni af mönnum að viðurkenna þetta ekki. — Hv. þm. Snæf. sagði, að Sjálfstfl. ætti drýgstan þátt í þeirri lýðræðisbaráttu, sem nú er verið að leiða til lykta. Ég skal ekki neita því, að þeir hafa lagt þar góðu máli lið, og vildi ég óska, að á því yrði framhald, þó að ég hinsvegar verði að draga það í efa, að svo verði. Hv. þm. spurði, hvað liði Alþýðuflokksliðinu. Hv. 1. þm. Reykv. var eitthvað að upplýsa um það áðan. Ég veit ekki, hvort hv. þm. Snæf. nægir það, en ég er fullviss þess, að varalögreglan verður ekki til að varðveita friðinn í landinu, þar sem jafnhliða henni spretta upp margir liðsflokkar.

Hv. þm. Snæf. sagði, að sjálfst.menn væru sönnustu umbótamennirnir. Því væri ekki að neita, að þjóðskipulagið væri gallað, en þeir vildu samt ekki afnema það, heldur væru þeir frjálslyndir umbótamenn. Þetta er fagurlega talað, en hverskonar umbætur eru það, sem hv. þm. hefir í huga, þegar hann talar um umbótavilja Sjálfstfl.? Vitaskuld er það, að menn greinir mjög á um, hvað séu umbætur. Einum virðist þetta og öðrum hitt, og allir þykjast vera umbótamenn. Hv. þm. lét enga skýringu fylgja þessu. Mér dettur því í hug að minna á umbótastarfsemi, sem Sjálfstfl. hefir haldið uppi og ekki er ólíklegt, að hann haldi áfram með, eins og t. d. þær umbætur á atvinnubótavinnunni að lækka kaup þeirra manna, sem höfðu 100 kr. á mánuði, um þriðjung. Þessi umbótatilraun var gerð 9. nóv. í fyrra, með þeim afleiðingum, sem kunnugt er.

Það má nefna þær umbætur á áfengislöggjöfinni, sem hann og hans flokkur eru mjög fylgjandi. Þeir vilja bæta áfengislöggjöfina með því að flytja whisky og brennivín inn í landið. (TT: Hvað sagði þjóðin?). Það var lítill hluti þjóðarinnar, sem sagði nokkuð um það.

Viðvíkjandi umbótum á fiskveiðalöggjöfinni sagði hv. þm., að sér kæmi í hug, að leyfð yrði togaraveiði í landhelgi á beztu miðunum. Frá hans sjónarmiði eru þetta víst umbætur. Einn hv. þm. vildi láta umbæta kosningalögin og stjskr. þannig, að Reykjavík fengi einn þm.

Ég hefi bent á þessi dæmi til að sýna fram á, að það er ekki nóg, að menn segist vera umbótamenn. Þeir verða líka að gera grein fyrir, hverskonar umbótum þeir óska eftir.

Eins og nú er háttað kjörum manna í þessu þjóðfélagi, þá er það í mörgum tilfellum svo, að þjóðskipulagið er til hagsbóta fyrir einn og óhags fyrir annan. Þess vegna er það, að þegar talað er um umbætur í atvinnumálum, þá verða menn að taka það fram, hvað þeir telja hagsmuni. Ég veit t. d., að hv. 1. landsk. — og ég hygg þessi hv. þm. líka — álítur, að umbæta þurfi mjög skatta- og tollalöggjöfina og að umbæturnar þurfi að snúa að því að lækka beina skatta af hátekjum og eignum, en auka tolla. Það er enginn vafi á því, að þetta eru umbætur fyrir þá, sem beinu skattarnir lenda harðast á, en til mikillar bölvunar fyrir þá, sem tollarnir mæða mest á.

Hann teldi það líka hagsbætur fyrir útgerðarmenn, t. d. útgerðarfélagið, sem hann er riðinn við, að kaupið lækkaði og gróðinn yrði meiri fyrir félagið.

Hv. þm. kvaðst vera mjög á móti því að setja allt undir einn stóran og ljótan stjórnarhatt og þótti það lítið lýðræði að mæla slíku bót. Ég veit nú ekki til þess, að ég hafi komið með nokkra tillögu um að setja yfirleitt nokkurn undir stjórnarhattinn, sem hann talaði um. En ég veit, að einmitt athafnamennirnir í hans flokki leggja kapp á að fá sem mest af atvinnurekstrinum undir einn hatt, og þá væntanlega nýjan og strokinn silkihatt. Með þessu á ég við það, að mér skilst, að þessi hv. þm. sé því mjög fylgjandi, að atvinnu- og verzlunarfyrirtæki séu rekin sem mest saman og að það sé betri grundvöllur til góðrar fjárhagsafkomu heldur en dreifð verzlunar- og atvinnufyrirtæki. Hinsvegar lítur hv. þm. svo á, að ef hið opinbera fæst við slíkan

atvinnurekstur þá sé slíkt til mestu ógæfu. Ég skil vel þessa skoðun hv. þm. Fyrir hann eru það sjálfsagt umbætur, að fyrirtæki hans sé sem stærst og nái sem beztum tökum á afkomumöguleikum sem flestra vinnuþiggjenda. En þeim, sem byggja vinnu sína á þessum fyrirtækjum, myndi þykja sinn hlutur miklu betri, ef þeir hefðu sjálfir yfir þessum stóru fyrirtækjum að ráða og vinnukjörum sínum, án þess að þurfa að leita þar um til annara.

Hv. þm. lauk ræðu sinni með því, að ég væri ekki svo byltingalega vaxinn, að líklegt væri, að ég færi að stofna til neinna stórræða á því sviði. Í því sambandi vil ég benda honum á ummæli flokksbræðra hans, þeirra hv. 1. landsk. og hv. 1. þm. Reykv., þar sem þeir beina því ákveðið að nafngreindum mönnum hér, að þörf sé á að beita á þá ríkislögreglu engu síður en kommúnista. Þar með er fengin full viðurkenning fyrir því, sem ég hélt fram í síðustu ræðu minni hér, að ríkislögreglunni yrði fyrst og fremst beint gegn öllum þeim, sem íhaldsflokknum á hverjum tíma þóknast að kalla kommúnista eða hættulega andstæðinga. Það er hægt að finna sannanir fyrir því, að ríkislögreglunni er ætlað að vinna í kaupdeilum. Fyrsti flm. þessa máls, Jón heitinn Magnússon, sagði það hispurslaust, að ríkislögreglunnar væri þörf, **ekki aðeins** í kaupdeilum. Fyrst og fremst í kaupdeilum, og svo þegar eitthvað annað stæði til.

Að endingu ætla ég að víkja örfáum orðum að hv. 1. landsk., sem einnig hafði nokkuð við ræðu mína að athuga. Hann taldi, að erfitt myndi að gifta tvo tengdasyni einni dótturinni, í sambandi við þann samanburð, sem ég gerði hér á því fé, sem eytt hafði verið til varalögreglu, og því, sem hægt hefði verið að nota það til. En þetta ósannar ekkert af því, sem ég hefi sagt. Það, sem um var að ræða, var þetta, hverju af þessum verkefnum taldi stjórnin heppilegast að halda uppi, ríkislögreglu eða þá atvinnubótavinnu eða að leggja fé til einhverra þeirra fyrirtækja, sem ég nefndi í fyrri ræðu minni. Hv. 1. landsk. vildi halda því fram, að eftirtekja af störfum ríkislögreglunnar hefði orðið mikil, því að „hvers virði væri það ekki að hafa frið í landinu". En mér virtist skjóta nokkuð skökku við hjá honum, þar sem hann sýndi enga viðleitni til að benda á, að lögreglan hefði afstýrt neinum ófriði. Það hefir heldur ekki komið til þess, því að 9. nóv. var liðinn, þegar ríkislögreglan var stofnuð, og hefir aldrei þurft til hennar að grípa, enda hefir ekki síðan verið gerð nein svipuð tilraun til þess að níðast á verkalýðnum. Hv. þm. talaði um, hvort ekki hefði verið betra, að allri þeirri orku, sem á Sturlungaöldinni var eytt í mannvíg og flokkadeilur, hefði verið varið til að smíða skipastól og sigla til Noregs o. s. frv. Ég sé ekki betur en að með stofnun varalögreglunnar sé, eftir því sem fram hefir komið, einmitt verið að stofna til svipaðra flokkadeilna eins og voru á Sturlungaöldinni. Fyrst er varalögreglan stofnuð, svo eftir sögn hv. 1. þm. Reykv. flokkslið Dagsbrúnar, síðan fánaliðið, og kommúnistar hafa sitt lið og nazistar einnig sitt. Það er alveg víst, að allur þessi liðsöfnuður er ekki stofnaður til þess eingöngu að æfa fagran limaburð. Finnst mönnum svo friðvænlegra eftir en áður, þegar þær stéttir, sem mest eiga í höggi hver við aðra, hafa komið sér upp liðsflokkum, til þess að þeir, vitanlega hver um sig, verji hagsmuni sinnar stéttar?

Hv. 1. landsk. varpaði fram þeirri spurningu, hvað önnur ríki legðu mikið af mörkum til þess að vernda friðinn, og lét hann svo um mælt í því sambandi, að við Íslendingar værum ekki hátt á blaði um þetta í samanburði við aðrar þjóðir. Kann þetta rétt að vera, en við það er þó að athuga, að herliði erlendra þjóða er a. m. k. svona í orði kveðnu haldið uppi vegna erlends óvinar, en neinu slíku er ekki til að dreifa hér, enda er það sannleikurinn, að þessi mikli vígbúnaður þjóðanna hefir síður en svo orðið til að varðveita friðinn þeirra á milli, heldur þvert á móti leitt til hins ægilegasta ófriðar, sem sögur fara af.

Þá vildi hv. 1. landsk. halda því fram, að ég hefði biðlað til tveggja aðilja í ræðu minni, til þeirra, sem kalla mætti, að væru á landamærunum á milli kommúnista og alþýðuflokksmanna, og til ungfrú eða maddömu „framsóknar", eft-

ir því, hvernig menn vilja haga titlinum. Í sambandi við biðilsfarir okkar alþýðuflokksmanna til „framsóknar", sem íhaldsmönnum verður jafnan svo tíðrætt um nú í seinni tíð, vildi ég mega benda á það, að þetta er ekki rétt orðað hjá hv. 1. landsk. Samkv. íslenzkri málvenju mundi eiga að kalla okkur alþýðuflokksmenn hjónadjöful, því að við viljum einmitt komast upp á milli íhaldsmanna og „framsóknar", sem undanfarið hafa lifað saman í hinni innilegustu sambúð, og rekkja enn saman með óþreyttu ástriki. Ótti hv. íhaldsmanna fyrir því, að okkur alþýðuflokksmönnum takist að komast upp á milli þeirra og maddömu „framsóknar", veldur því, hvað þeir leggja okkur þetta illa út. Annars skildist mér á hæstv. dómsmrh., að það væri afráðið, að hann sæti áfram sem rekkjunautur hæstv. forsrh. í stj., enda hefir hæstv. dómsmrh. verið óvenju broshýr í seinni tíð, sem verður einmitt vel skiljanlegt út frá þessu, því að allir vita, að hæstv. dómsmrh. hefði fallið það illa að þurfa að fara og yfirgefa holuna sína hjá maddömu „framsókn".

Hv. 1. landsk. upplýsti það ennfremur, að það hefði verið eðlilegt, að hv. íhaldsmenn sneru sér ekki að lýðræðismálunum fyrr en eftir kosningarnar 1931, af því að sú takmörkun á lýðræðinu, sem fólst í hinni gömlu kjördæmaskipun, lenti ekki á þeirra flokki fyrr en eftir 1931. Lýsir þetta flokki hv. 1. landsk. alveg ágætlega, að flokkurinn skyldi ekki sjá ástæðu til breyt. á kjördæmaskipuninni fyrr en hann varð sjálfur fyrir barðinu á henni, og er gott að hafa þetta til samanburðar við okkur alþýðuflokksmenn, sem ávallt höfum barizt fyrir auknu réttlæti í þessum málum, eins og raunar öllum öðrum málum.

Ég vil að lokum leyfa mér að beina fyrirspurn til hæstv. forsrh. Hér stendur svo á, að við búum ekki við þingræðisstj. í landinu, heldur við konungsstj., og vildi ég mega grennslast eftir því, hvað líður skeytasendingum til konungs og viðræðum milli flokkanna um væntanlega stjórnarmyndun, og hvort ekki megi vænta þess, að hægt verði að koma upp þingræðistj. í landinu. Sjálfstfl. hefir 20 þm., og hefir hann lýst yfir því, að hann sé reiðubúinn til stjórnarmyndunar með hæstv. forsrh., svo að ekki virðist standa á neinu nema hæstv. forsrh. sjálfum, því að ef hann aðeins vill leggja fram sinn stuðning við hina nýju stj., hefir stj. þar með fengið 21 þm. á bak við sig, sem útilokar það, að hægt sér að samþ. vantraust á stj. Vil ég fá að vita það hjá hæstv. forsrh., hvað þessum málum er komið og hvert horfir í þessum efnum. Stofnun þessa herliðs er á valdi stj., og enda þótt alltaf sé ástæða til að óttast misbeitingu á liðinu af hendi stj., er þó ekki sízt ástæða til að óttast misbeitingu í höndum stj., sem ekki stendur öðrum reikningsskap gerða sinna en konungi einum.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson) [óyfirl.]: Ég vil vísa hv. þm. Seyðf. með þessa fyrirspurn sína til hæstv. forseta Sþ., sem hefir gefið konungi allar leiðbeiningar í þessum efnum og vafalaust mun fús til að gefa þessum flokksmanni sínum allar þær upplýsingar, sem hann vantar. Að hér sé konungsstj. í landinu, eins og hv. þm. Seyðf. kallar, sem er náttúrlega gott og fagurt nafn, er að vísu rétt, en þó er það svo, að stj. situr ekki nema meðan þingið vill. Hv. þm. er þannig í lófa lagið að vinna að því, að stj. fari frá og önnur ný komi í staðinn. Takist honum það ekki, er það hinsvegar sönnun þess, að það er vilji meiri hl. Alþingis, að stj. sitji, svo að stj. raunverulega er þingræðisstj., enda þótt hún formlega séð ef til vill geti talizt konungsstj., eins og hv. þm. kallaði það.

Úr því að ég stóð upp á annað borð, vil ég gefa leiðréttingu á því, sem hér hefir verið sagt um afskipti ríkisstj. af atvinnubótavinnunni hér í Reykjavík í fyrra. Það hefir verið sagt hér, að stj. hafi neitað bænum um ríkisframlagið til atvinnubótavinnunnar þangað til eftir uppþotið 9. nóv., en þetta er ekki rétt. Þessu sama hefir einnig verið haldið fram í sumum blöðum bæjarins. Það er að vísu rétt, að ýmsar n. verkamanna komu á fund stj. út af þessum málum, og stj. neyddist til að gefa þeim öllum sama svarið, að stj. gæti ekkert aðhafzt í þessum efnum fyrr en meiri hl. bæjarstj. hefði gert einhverjar ályktanir í þá átt. Þetta svar hefir stj. orðið að gefa öllum,

sem til hennar hafa snúið sér um þessi mál, og ástæðan er sú, að Alþingi hefir lagt svo fyrir, að frumkvæðið að allri atvinnubótavinnu skuli vera hjá bæjunum sjálfum og kaupstöðunum, enda eiga þeir að bera ⅔ kostnaðarins við vinnuna, á móti ⅓ framlagi úr ríkissjóði. Stj. hefir því gefið öllum þessi svör, að framlag ríkissjóðsins væri undir því komið, að meiri hl. bæjarstj. bæri fram ákveðnar óskir í þeim efnum. Og að kvöldi hins 9. nóv. komu einmitt menn á fund ríkisstj. í þessum erindum, og stj. var kunnugt um, að bak við þær óskir, sem þeir báru fram, stóð meiri hl. bæjarstj. (**JakM:** Þetta er algerlega rangt skýrt frá). Ég mætti ef til vill vita bezt um það, hverjir töluðu við stj. um þessi mál. Um kvöldið hins 9. nóv. komu þeir á fund stj. út af þessum málum hv. 2. þm. Reykv. og hv. 4. þm. Reykv., sem kom einmitt mjög vel fram þennan dag, eins og raunar jafnan ella. Stj. var kunnugt um það, að bak við þessa menn stóðu jafnaðarmenn og framsóknarmenn í bæjarstj., sem ráða þar saman yfir sjö atkv., auk þessa eina sjálfst.manns í bæjarstj., þar sem hv. 4. þm. Reykv. var. Hvað flokkur hans kynni að vilja í þessum málum, hafði þannig engin áhrif á það, hvað meiri hl. bæjarstj. vildi í þeim, þar sem meiri hl. bæjarstj. var tryggður með atkv. hans sjálfs um þær óskir, sem hann og hv. 2. þm. Reykv. báru fram. Þegar meiri hl. bæjarstj. bar þannig fram óskir um styrk og aðstoð við lántöku vegna væntanlegrar atvinnubótavinnu, svaraði stj. því auðvitað svo, að hún mundi gera allt, sem í hennar valdi stæði, til þess að greiða fram úr þessum málum og reyna svo að forða frekari vandræðum. Það er áreiðanlegt, að það var gott verk, sem hv. 4. þm. Reykv. vann þarna, að ganga svo í þessi mál, og verður honum jafnan til heiðurs. — Stj. hefir að vísu jafnan látið það í ljós, að hún ætlaðist til, að atvinnubótavinnan væri ekki launuð jafnvel og önnur vinna, heldur annaðhvort með lægra kaupi og jafnlöngum vinnutíma, eða þá með jafnháu kaupi, en styttri vinnutíma. Það ráð hafði stj. hinsvegar engum gefið, að nota hvoratveggja aðferðina.

Ég hefi þá skýrt frá afskiptum stj. af þessum málum, og geta meðráðh. mínir staðfest það, sem ég nú hefi sagt.

Umr. frestað.

Á 9. og 10. fundi í Sþ., 5. og 6. des., var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 11. fundi í Sþ., 7. des., var enn fram haldið einni umr. um till.

Flm. (Héðinn Valdimarsson): Eftir að ég hafði haldið ræðu um þetta mál hér á fyrra fundi, stóðu 4 andstæðingar upp og veittust að mér, að nokkru leyti persónulega. Og þó að mér veitist nú aðeins tækifæri til að gera aths., vænti ég þess, að hæstv. forseti taki ekki af mér orðið, þó að hún verði nokkuð löng. Þrír af þessum andstæðingum mínum eru hér ekki viðstaddir.

Hv. þm. Vestm. kom fram með afstöðu, sem ekki er hægt að deila við hann um. Mun svo mikill skoðanamunur okkar. Hann er nazisti, hefir setið fundi með þeim og átt mök við þá úti í Þýzkalandi, eins og Gísli í Ási. Eftir hans skoðunum á ekkert nema aflið og ofbeldið að ráða, og þýða ekki rökræður neitt við slíka menn um réttlæti né sanngirni. Mun ég því ekki svara honum.

Þá er hæstv. dómsmrh., sem er veikur. Ég hélt því fram, að stj. hefði enga lagaheimild haft til að setja varalögregluna á stofn. Að vísu var það annar maður, sem stofnaði hana, en hæstv. dómsmrh. vildi verja þær gerðir hans með einhverri gr. í stjórnarskránni. Væri það þá helzt 71. gr., sem til mála gæti komið. Þar segir svo:

„Sérhver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins, eftir því, sem nákvæmar kann að verða fyrir mælt með lögum".

Þetta á auðsjáanlega ekki við um varalögregluna, sem ætluð er sem vopn í höndum stj., en ekki til landvarnar. Í gr. er líka því aðeins leyft að kveðja saman lið, að heimild sé til þess í l., en um varalögregluna voru ekki einu sinni til bráðabirgðal. Hefði átt að stefna stj. fyrir landsdóm fyrir að eyða þannig fé landsins og koma af stað óþarfa illindum innanlands.

Hæstv. dómsmrh. vildi ekki gefa neinar upplýsingar um vopn lögreglunnar eða um æfingar fánaliðs Heimdallar. Það er haft fyrir satt, að handa varalögreglunni hafi verið keyptar byssur, sem geymdar séu niðri á lögreglustöð. Verður að kalla það langt gengið, ef keypt eru banvæn skotvopn, án þess að dómsmrh. viti, enda eru allar líkur til þess, að ekki sé um ókunnugleik hans að ræða, heldur sé hann aðeins að blekkja þingheim með því að láta ekkert uppi um þetta. En ef byssur hafa verið keyptar, er það ljóst, til hvers á að nota þær.

Skýringarnar, sem fram hafa komið á æfingum fánaliðs Heimdallar, eru ærið kátlegar. Hv. þm. Snæf. hélt því fram, að þeir væru aðallega að æfa höfrungahlaup inni í Kveldúlfsporti, og hæstv. dómsmrh. virtist helzt vilja láta það í veðri vaka, að þeir væru þar við garnahreinsun á sama stað. Sannleikurinn virðist sá, að þessar æfingar standi í nánu sambandi við varalögregluna og að fánalið þetta sé ætlað henni til stuðnings. Fánaliðið eigi síðar að verða varalögregla eins og glæpamannaflokkur nazistanna á Þýzkalandi. Það hefir líka sýnt sig við valið á varalögreglunni, að íhaldsmenn hafa einungis tekið sér handgengna menn.

Þm. Snæf. — (ég vænti að flokksmenn hans svari fyrir hann, ef með þykir þurfa) — hv. þm. Snæf. blæs sig hér mjög upp sem lögfræðingur og er að skýra l. um varalögreglu. Þó að hann hafi próf í lögfræði, hefir hann ekki betra vit á þessum l. en við aðrir hér, sem sömdum þessi l. Skýringar hans voru ekkert annað en lagakrókar. Samkv. 1. gr. ætti að vera hægt, eftir hans skýringu, að setja á fót varalögreglu, þó að engin lögregla væri til. Ef 2 lögregluþjónar á hverja 1000 íbúa er ekki lágmarkið, sem fullnægja verður áður en farið er að stofna varalögreglu, þá eru heldur engin takmörk sett niður á við.

Þm. ber fyrir sig 2. gr. Þar segir, að ríkissjóður skuli engan kostnað greiða við lögreglu fyrr en kominn sé a. m. k. 1 lögregluþjónn á hverja 700 íbúa. Hann virðist halda, að hægt sé að setja upp varalögreglu, þegar þessu skilyrði sé fullnægt. En ég vil þá benda honum á, að í 6. gr. l. stendur, að ráðh. geti, þegar sérstaklega stendur á, stofnað til varalögreglu meira en í 1. gr. segir, þ. e. þannig, að lögregluþj. verði fleiri en 2 á hverja 1000 íbúa. Þarna er ekki sagt „meir en segir í 2. gr.“, heldur: „meir en segir í 1. gr.“. Jafnvel eftir bókstaf l. er ekki hægt, eins og líka var margyfirlýst af frsm. í Ed., þegar gengið var frá þessum l., að stofna til varalögreglu fyrr en bæirnir eru algerlega búnir að koma fyrir sínu fasta lögregluliði. En það er líkt sjálfstæðismönnum, sem gerðu samninga um þetta við Framsókn, að ætla nú strax að svíkja þá.

Það er merkileg yfirlýsing, sem komið hefir frá 1. þm. Reykv. og 1. landsk., að varalögreglan eigi fyrst og fremst að vera pólitísk lögregla, er beitt skyldi gegn þeim, sem íhaldið teldi á hverjum tíma kommúnista. Eftir orðum hv. 1. landsk. að dæma er það allur Alþfl., en eftir orðum hv. 1. þm. Reykv. aðeins nokkur hluti hans. Þá má nærri geta, að vinstri armur Framsóknar yrði talinn þar með. Er þá komið á daginn, að þetta á ekki aðeins að vera uppþotalið, heldur einnig pólitískt lið. Sést þetta líka af vali því, sem bæjarstj. hefir reynt að hafa á lögreglu- og varalögreglumönnum. Ef þetta á að vera pólitísk lögregla, þá þarf engan að undra, þótt farið sé þegar að afla henni skotvopna. Sjálfstfl., sem hefir tæpan helming af kjósendum hér, ætlar að hafa hana sem málalið sitt, til þess að geta með vopnum kúgað meiri hl.

Hv. 1. þm. Reykv. fór nokkuð út í aðdraganda varalögreglunnar. Afsakanir hans voru aðallega erjurnar 9. nóv. Því er fyrst til að svara, að varalögreglan er miklu eldra mál. Sjálfstfl. hefir lengi haft það sem sitt flokksmál. Þegar hann tók það upp á stefnuskrá sína, var 9. nóv. ekki kominn. Ríkislögreglufrumv. Jóns Magnússonar og eftirmyndir þess eru mönnum enn minnisstæðar. En ef athugaður er nákvæmlega aðdragandi málsins síðastl. haust, sést, að þessu er allt öðruvísi farið en hv. þm. segir. Í ágúst í fyrra tók bæjarstj. þá ákvörðun að setja upp atvinnubótavinnu með 9 kr. dagkaupi, en síðan skyldi fjölga mönnum í vinnunni í októbermánuði. Verkalýðsfélögin gengu eftir þessari aukningu, þegar komið var

fram í okt., en þá var bæjarstj. komin á aðra skoðun, og var ekkert hjá henni að hafa annað en svikin. Þá ákváðu alþýðusamtökin hér að hafa mikla kröfugöngu og sýna, hver væri vilji manna í þessu máli. Var hún haldin á sunnudegi og tóku þátt í henni 4000 manns. Í stað þess nú að fjölga í atvinnubótavinnunni, tók bæjarstjórnarihaldið þá ákvörðun að lækka kaupið um þriðjung, úr 54 kr. niður í 36 kr. um vikuna. Þeir, sem voru í vinnunni, höfðu flestir ekki nema hálfs mánaðar vinnu á mánuði, sumir ekki nema viku, og vinnuna fengu fæstir nema fjölskyldumenn. Þessari kauplækkun átti þannig að beina gegn kvæntum barnamönnum, þeim hluta verkalýðsins hér, sem veikastur var fyrir. Hví gerði nú íhaldsmeirihlutinn þetta? Þegar nefnd frá kröfugöngunni kom að máli við Guðmund Ásbjörnsson, sem þá var settur borgarstj., sagði hann, að um þetta lægi fyrir flokkssamþykkt frá sjálfst.mönnum í bæjarstj. En forsrh. sagðist ekki geta látið bæta við mönnum í vinnuna, nema meiri hl. bæjarstj. óskaði þess. Hefir forsrh. sýnt fram á, að það, sem 1. þm. Reykv. sagði, er ekki annað en lygi, að ekki væri hægt að fjölga, af því að fé vantaði.

Hinsvegar hefir forsrh. lýst yfir því, að ekki hefði komið nein ósk frá bæjarstj. um að fá þetta fé. Enda vissum við í stj. verkalýðsfélaganna, að annað vakti fyrir meiri hl. í bæjarstj., sem sé að gerast brautryðjandi að almennri kauplækkun. Um sama leyti komu kauplækkunartilmæli um 20% til flestra verkalýðsfélaganna hér, verkamannafélagsins Dagsbrúnar, Sjómannafél., verkakvennafél., Félags járniðnaðarmanna o. s. frv.

Það var ráðizt á garðinn þar sem hann var lægstur, þegar byrjað var á því að lækka kaupið í atvinnubótavinnunni. Það þýðir ekki neitt fyrir 1. þm. Reykv. að reyna að ljúga sig frá þessu (**JakM**: Tóm lygi — Forseti hringir.), því að þetta er sannað.

Nú var það svo, að í verklýðsfélögunum var um það deilt, hvaða aðferð skyldi hafa í þessu máli. Uppástungur komu um að hafa almennt verkfall til þess að fjölga í atvinnubótavinnunni. En Alþfl. innan félaganna var á móti því. Hann var aftur á móti því fylgjandi, að ef farið yrði út í þessa kauplækkun, þá væri rétt að gera verkfall þess vegna. Því að hann vissi, hvað var í heilanum á 1. þm. Reykv. og öðrum í meiri hl. bæjarstj., og líka, að ef það tækist að lækka kaupið í atvinnubótavinnunni, þá mundu aðrar kauplækkanir koma á eftir. Auk þess var kaupið, sem boðið var, svo hraksmánarlegt, að það hefði verið rétt fyrir menn að fara heldur á bæinn en að hlíta því.

Það var þess vegna fyllsta ástæða til þess að fara út í verkfall það, sem ákveðið var, þegar kauplækkunin var gerð.

Allt hjal 1. þm. Reykv. um lýðræði í þessu sambandi er ekki annað en skrum. Bæjarstj. er að vísu skipuð eftir lýðræðisreglum, en þar eru 4 ár á milli kosninga. Og hún er ekki kosin til að framkvæma það, sem gert var 9. nóv. Í því hafði meiri hl. bæjarstj. meiri hl. kjósenda í Reykjavík á móti sér. Það hljóta 1. þm. Reykv. og samherjar hans í bæjarstj. að hafa fundið dagana á undan og dagana á eftir 9. nóv., að þeir voru ekki margir bæjarmenn, sem afsökuðu gerðir þeirra þá.

Það, sem alþýðusamtökin gerðu í þessu máli, var fyrst og fremst verkfallið, sem ég gat um, sem var réttmætt til mótmæla gegn þeim svívirðingum, sem meiri hl. bæjarstj. hafði í frammi gagnvart verkalýðnum. Þar næst, að einmitt þeir sömu menn, sem þetta gerræði bæjarstj.meirihl. lenti á, hópuðust saman fyrir utan fundarsalinn, til þess að reyna að fá þessa klíku, sem meiri hl. bæjarstj. er, til að fara eftir vilja meiri hl. bæjarmanna í þessu efni, m. ö. o. að fá klíkuna til að lúta lýðræði í bænum. Það hefði ekki verið neinn vandi að fá vilja þessara manna um þetta samþ. við almenna atkvgr. í bænum um málið. Og þetta vita íhaldsmenn allt vel.

Þá er allt það, sem 1. þm. Reykv. sagði um, að ég hefði haft samtök við lögreglustjóra í þessu máli, upplogin ósannindi frá rótum. Ég átti alls ekki tal við hann fyrir fundinn um málið né á fundinum. Og óeirðirnar, sem þar urðu, stöfuðu ekki af því, að lögreglan væri of lítil, heldur miklu fremur af of mikilli lögreglu. Enda sáu menn, að lögreglan var nægileg, á því, að enginn bæjarfulltrúanna, ekki einu sinni 1. þm. Reykv., sem mest átti

það skilið, varð fyrir hnjaski. Þeir sluppu allir ómeiddir, þó að þeir kannske hefðu verðskuldað annað. Þeir, sem meiðsli hlutu þarna, voru lögreglumennirnir, og ég hefi aldrei áfellzt þá fyrir framkomu þeirra í þetta sinn, nema einn eða tvo menn. Það, sem lögreglumönnum var fyrirskipað að gera þarna, það gerðu þeir, að ráðast á verkamenn, bæði inni í fundarsalnum og fyrir utan hann. Ég verð að segja það, og þeir mega lá mér minn þátt í þessu máli, sem vilja, en ef ég sé marga menn með bareflum ráðast að óvopnuðum mönnum, sem ekkert hafa gert af sér, og berja þá blóðuga, þá óska ég þess, að þeir menn, sem ráðizt er á að ósekju, geti a. m. k. varið sig gegn slíkum böðlum og tel mér persónulega skylt að hjálpa til þess. Og ef svo á að verða, að einhverjir verði fyrir meiðslum í þeim leik, þá óska ég frekar, að það verði lögreglan heldur en verkamenn, sem ekkert hafa af sér gert. Þetta er náttúrlega ólíkt hugsunarhætti 1. þm. Reykv. og íhaldsmanna, sem yfirleitt hylla þá, sem valdið hafa, án tillits til hvernig því er beitt. 9. nóv. skeður ekkert annað en að fjöldi lögregluþjóna ræðst á mikinn hóp manna, sem voru saklausir og höfðu ekkert gert af sér annað en að Jakob Möller og nokkrir ámóta þokkapiltar töldu rétt að lækka við þá kaup fyrsta allra, vegna þess að þeir voru varnarlausastir og veikastir fyrir. Fyrir það áttu þeir að fá blóðug sár og brotin höfuð og fleira því um líkt.

Það er í þessu sambandi rétt að taka það fram, vegna orða hv. 1. þm. Reykv., að við Alþfl.menn höfum ekki haft neitt samkomulag við kommúnista um þetta mál og munum ekki hafa sameiningu við þá. Að vísu telja kommúnistar sig margir sócialista. Aðrir, sem telja sig sócialista, eru handbendi Sjálfstfl. En kommúnistaflokkurinn er þannig vaxinn, að hægt er að kalla hann sérkredduflokk eða sértrúarflokk, og framkoma hans og stefna gagna ekki flokki alþýðunnar, Alþfl., heldur klýfur hann. Markmið Alþfl. er aftur á móti að sameina alþýðuna í einn flokk til stéttarbaráttu, og verður sá flokkur því á móti öllum, sem reyna að kljúfa flokkinn, án tillits til þess, hvaða flokkur það er, sem það reynir. Afstaða okkar Alþfl.manna til ofbeldisstefnanna í landinu er þessi:

Við lítum svo á, að lýðræðið veiti alþýðu mesta möguleika til að ná völdum, til þess að bæta hag sinn, með því að hafa fullt félagsfrelsi, fundafrelsi og fullkomlega þingræðislega og réttláta kjördæmaskipun og stjórnarskrá. Þá eru möguleikar fyrir hendi til þess að Alþfl. geti náð völdunum í landinu í sínar hendur á þingræðislegan hátt og haldið þeim. Með því er smátt og smátt hægt að koma fram umbótum á lýðræðisgrundvelli, eins og í Danmörku, Noregi og Svíþjóð, að gera þjóðfélagið smátt og smátt að sócialistisku þjóðfélagi, enda séu skipulögð samtök alþýðunnar ávallt búin til varnar og sóknar. Verði hitt aftur á móti ofan á, að lýðræði verði ekki haft í landinu, en lögin brotin, hvenær sem færi gefst, og verði haldið uppi liði til þess að halda stj. við völd, stjórn, sem gerir ekki annað en að nota hvert tækifæri til að vinna á móti alþýðunni í landinu — verði þetta lið notað sem brimbrjótur fyrir atvinnurekendur í kaupdeilum o. þ. l., þá er augsýnilegt, að ekki er stefnt í lýðræðisátt og barátta á þeim grundvelli er tilgangslaus. Þá verða alþýðusamtökin að fara þá leið, að verja sig gegn þessari kúgun með hvaða vopnum, sem nauðsyn krefur, og þau eru beitt. Það er ekki svo sem við óskum þess, að alþýðan þurfi að verja sig á annan hátt en friðsamlegan, en hinsvegar munum við ekki taka þegjandi neinni kúgun, né leggjast niður fyrir kúgurunum. Íhaldsmenn skulu ekki halda, að við séum hræddir við baráttu fyrir réttindum alþýðunnar á hvaða hátt svo sem hún þarf fram að fara, en við óskum, að hún geti orðið á friðsamlegan hátt eins og í nágrannalöndum okkar. Baráttustefna Alþfl. mun því að mörgu leyti fara eftir viðhorfinu í þjóðfélagi okkar, en baráttunni fyrir sigri flokksins mun ekki verða hætt fyrr en fullum sigri er náð.

Það er enginn vafi á því, að 1. þm. Reykv. var einmitt einn aðalhvatamaðurinn að kauplækkun þeirri, sem átti að gera í fyrrahaust við atvinnubótavinnuna hér í Reykjavík, sem voru fyrstu tildrögin til alls þess, sem menn sérstaklega minnast frá 9. nóv. í fyrra. Hann var sá

maður, sem gaf beinlínis tilefni til óeirðanna þá með ráðum sínum og á fundinum. Því að þegar hann fer að svívirða verkalýðinn (JakM: Þetta er haugalygi), í fyrstu ræðu sinni, þá brjótast áheyrendur inn fyrir grindur í fundasal bæjarstjórnar. Það var undir ræðu Jakobs Möllers, sem uppþotið varð. En þegar uppþotið er byrjað — hver er þá hræddari en Jakob Möller? Hver er þá skjálfandi á beinum, sem felur sig úti í horni á bak við Ólaf Friðriksson og lætur hann verja sig, annar en Jakob Möller? Hver flýr svo inn á Hótel Borg til þess manns, sem þar réði húsum og Jakob Möller hafði ofsótt, annar en Jakob Möller? Og hver flýr svo inn á Klepp, af því að hann þorir ekki að láta sjá sig hér í bænum eftir allt athæfi sitt, annar en Jakob Möller? Þetta er sú aumasta saga, sem sögð verður um nokkurn Íslending fyrr eða síðar, ofríkið og varmennskan, aumingjaskapurinn og ragmennskan, og það er næstum því skömm að því að vera landi slíks manns.

Forseti (JBald): Þar sem tveir hv. þm. hafa nú haft óviðurkvæmileg orð, vil ég benda þeim á, að slíkt á ekki að eiga sér stað.

Jakob Möller: Það á við, að ég fari að mannvirðingum, eins og einhver jafnaðarmaður sagði á dögunum, og beini fyrst orðum mínum til hæstv. forsrh. Þótt hann sé ekki við, skiptir það ekki miklu. Það verður hægt að flytja honum orð mín, og þau verða ekki þannig vaxin, að hann þurfi að bera af sér verulegar sakir.

Það er ekki rétt, að ég hafi sagt, að hann hafi sagt ósatt, þó að hann hafi ekki skýrt rétt frá. Á þessari röngu frásögn byggði hv. þm. að miklu leyti það, sem hann sagði um deiluna í fyrra. Hæstv. ráðh. sagði, að ekki hefði verið farið fram á að fá fé úr ríkissjóði til atvinnubótavinnu. En það var þó svo — og vitna ég það undir þá hv. 2. þm. Rang. og hv. 4. þm. Reykv., sem hæstv. ráðh. vísar líka til í sínum orðum —, að framlög úr ríkissjóði, þegar hér var komið, voru bundin því skilyrði, að það, sem frekar yrði lagt fram árið 1932, yrði dregið frá framlagi ríkissjóðs til atvinnubótavinnu á árinu 1933. Með þessu skilyrði hafði bæjarstj. þegar fengið 50 þús. kr. Og ráðgert framlag á árinu 1933 til atvinnubótavinnu var 150 þús. kr. Ef viðbótin hefði verið tekin, þá hefðu verið komnar 125 þús. kr. Hefðu þá verið eftir af væntanlegu framlagi til atvinnubóta á næsta ári aðeins 25 þús. kr.

Ég held því fram, að þetta sé sama sem að neitað hafi verið um framlag úr ríkissjóði, því að bæjarstj. var ekkert gagn að því að fá þetta fé til að eyða því í nóv. og des. 1932, sem þurfti að nota í jan. og febr. 1933.

Þrátt fyrir það, þótt bæjarstj. liti svo á, að hæstv. ríkisstj. hefði neitað um framlag, ætlaði bæjarstj. samt að láta vinnuna halda áfram með óbreyttu kaupi og sendi þess vegna til Landsbankans beiðni um lán, svo mikið, að hægt væri að hafa þetta svo. Þessu svaraði bankinn neitandi, og bréfið frá bankanum um þetta var lesið upp í byrjun þess bæjarstjórnarfundar, sem till. um kauplækkunina kom fram á, svo að bæði hv. 2. þm. Reykv. og allir aðrir vissu, að ástæðan til þess, að meiri hl. bæjarstj. tók þá ákvörðun að lækka kaupið, var eingöngu sú, að gersamlega var neitað um fé, bæði að láni í bankanum og sem framlag úr ríkissjóði. Þetta veit ég, að bæjarfulltrúar þeir, sem sæti eiga hér á þingi, munu staðfesta með mér. Og ég veit, að hæstv. stj. getur líka staðfest þetta. Hv. 2. þm. Reykv. er það fullkunnugt, að allt, sem hann sagði viðvíkjandi þessu í ræðu sinni, eru hrein og bein vísvitandi ósannindi af hans munni. Það eru líka vísvitandi ósannindi, sem hann sagði um upphaf óspektanna 9. nóv. Að vísu var það rétt, að ég var byrjaður að tala, þegar óspektirnar hófust. En það var fjarri því, að ég væri í ræðu minni á nokkurn hátt að hnjóða í verkalýðinn, heldur hafði ég aðeins flutt hlutlaus ummæli um tildrög málsins. Ég veit, að þessu mun hv. 2. þm. Reykv. neita. En hann veit þó áreiðanlega, að óspektirnar byrjuðu frammi í anddyri hússins út af því, að menn fyrir utan ætluðu að ryðjast inn, og lenti í handalögmáli við lögregluna í anddyrinu. Þetta stóð ekkert í sambandi við mína ræðu. Þetta veit hv. þm. og allir, sem komu nálægt þessum fundi. Og allur lýður getur staðið hv. 2.

þm. Reykv. að því að fara með vísvitandi ósannindi um þetta atriði.

Um hræðslu mína 9. nóv. í fyrra sé ég ekki ástæðu til að fara að deila hér. En ég man, að það barst einhverntíma í tal á milli okkar hv. 2. þm. Reykv., hvort við ættum að fara í kapphlaup inn á Klepp. En ég tek hér með þá uppástungu aftur, því að ég er sannfærður um, að hv. 2. þm. Reykv. verður miklu fljótari að komast inn á Klepp heldur en ég.

Það er sjálfsagt ástæðulaust fyrir mig að svara meiru um þetta mál. Ég er búinn að leiðrétta það, sem hæstv. ráðh. sagði villandi frá, en sjálfsagt ekki með þeim ásetningi að segja villandi frá, heldur án þess að gera sér grein fyrir því, að sú frásögn var villandi og ekki rétt, að því leyti sem hann talaði um það, sem ég hafði sagt, og sem hann áleit sig leiðrétta. Ég er líka búinn að leiðrétta missagnir hv. 2. þm. Reykv. nægilega.

Gísli Sveinsson: Herra forseti! Ég hefi nú hálfpartinn gleymt því, hvar staðar var numið síðast í þessari botnleysu, þegar ég kvaddi mér hljóðs á dögunum. En það mun ekki gera mikið til, því að nú hefir þetta verið rifjað upp. En ég ætlaði þá og geri það nú, að lýsa yfir undrun minni við hæstv. forseta yfir því, að hann hefir leyft sér að láta þetta mál verða til tafar þingstörfum með því að eyða miklu af dýrmætum tíma þingsins til umr. um það. Ég er undrandi yfir þessu atferli hæstv. forseta, af því líka, að honum er kunnugt um, að þetta þing átti að vera stutt og vinna að allt öðru en þessu. Í annan stað er það líka furðulegt, að alþýðufulltrúarnir úr jafnaðarmannaflokknum, sem hafa talað hér, hafa borið mjög fyrir brjósti kostnaðinn við varalögregluhaldið, en skeyta ekki um það, þótt þeir stofni hér með málþófi og tilgangslausu skrafi til kostnaðar, sem nemur þús. og gæti, ef haldið væri áfram á sömu götu, numið tugum þús. Þetta mál átti ekkert erindi inn á þing og verður ekki afgr. þaðan.

Má vist geta sér þess til, að þm. Alþfl., sem komu með þetta mál inn á þingið, ætli að gera þetta að árlegu umtalsefni á þessum stað, líklega til að halda afmæli varalögreglunnar í nóv. Það má gera ráð fyrir þinghaldi næst á þeim tíma. Ég vænti, að þeir séu að byrja á að halda afmæli varalögreglunnar á þennan hátt í tilefni af 9. nóv. Þeir hafa farið laglega af stað nú, eins og þjóðinni er orðið kunnugt. En ég vil benda þeim á annan dag og annan tíma til þess að halda afmælisdag góðkunningja síns, sem þeir hafa verið að skemmta hér með ræðuhöldum sínum. Þessi kunningi þeirra heldur afmæli sitt 11. desember. Það er sem sé sagt, að skrattinn eigi afmæli 11. desember. Ég vil leyfa mér að færa þeim þennan dag, ef þeir kynnu að sleppa af 9. nóv.

Það hefir verið sagt, að það, sem jafnaðarmenn hafa haft í frammi hér út af þessu varalögreglumáli, sé skrípaleikur frá upphafi til enda, og einnig framferði þeirra 9. nóv. Þetta er bæði rétt og rangt. Það er gefið, að sumt af þessu er skrípaleikur. En tildrögin til atburðanna, sem gerðust hér 9. nóv. í fyrra, eru líka sorgarleikur að því leyti, að fulltrúa Alþfl. henti sú ógæfa að stofna til lögbrota. Þeir höfðu virkilega ekki ætlað sér það og voru áður búnir að segja, að kommúnistar skyldu verða einir um ofbeldið, þeir skyldu brennimerkja sig með því að fara í handalögmál, en Alþfl.menn mundu fara að dæmi bræðra sinna í Danmörku og stofna ekki til óeirða, heldur kveða niður óeirðir af hálfu kommúnista. En ástæðan til þess, að svo fór sem fór, var kapphlaupið á milli kommúnista og sócíalista um alþýðuna. Sócialistar höfðu séð, að níðhöggur, sem nagar að neðan, er sterkari en sá, sem vill hlúa að og annast gróður, sem á að vaxa. Kommúnistar standa að því leyti vel að vígi, að þeir eru ekki enn komnir inn í þingið, og finna því ekki til þeirrar ábyrgðar, sem Alþfl.menn finna, þegar þeir tala um, að þeir ætli að vera borgaralega sinnaðir og séu frábitnir því að hafa ofbeldi í frammi. En Alþfl.menn sjá, að almenningur er gjarn á að fylgja þeim, sem tala hæst og lofa mestu, þótt þeir geti ekki efnt loforð sín. Og í fyrra, þegar atburðirnir gerðust 9. nóv., þá stóð ekki vel á hjá mörgum alþýðumönnum hér í bænum, og kommúnistar voru þess albúnir að nota hvert tækifæri til að leggja gerðir bæjarstj. út á versta veg. Þegar jafnaðarmenn

sáu, að kommúnistar mundu fylkja liði, þá álitu þeir, að þeir yrðu að gera það líka. Þetta varð, og allir vissu það fyrr eða síðar, sem kom berlega í ljós á þessum fundi, að sjálfur foringi sócíalista í bæjarstjórn, hv. 2. þm. Reykv., gekk fram fyrir skjöldu og barðist á móti lögreglunni og lögunum.

Spurningin, sem hér liggur fyrir, er sú, hvort lögreglan í Rvík hefir verið nægilega mannmörg og sterk í fyrra og hvort hún er orðin það nú. Virðist þar reynslan vera ólygnust, og hún varð sú, að lögreglan var ekki nógu öflug. Það er ómögulegt að skýra öðruvísi það fyrirbrigði, að hún var barin og marin af nokkrum æstum afbrotamönnum og varð undir að öllu leyti, heldur en að hún hafi ekki haft nægum liðsafla á að skipa á þeim vettvangi. Ef hún hinsvegar var nægileg, þá er ekki til önnur skýring en sú, að lögreglustjóri hefir vanrækt skyldu sína til þess að segja fyrir verkum og láta einskis ófrestað til að efla friðinn. Ég þykist vita, að um þetta tvennt hafi verið að ræða, eða ef til vill hvorttveggja. Þarna var múgur og margmenni, 4000 manns, eftir því, sem hv. þm. segir; þar eru bæði taldir þeir, sem í kröfugöngu voru, og eins sá fólksfjöldi, sem alltaf skipast í hópa við slík tækifæri, sér til gamans og án þess að hafa í huga nokkurt ofbeldi, En þegar lögreglan brýzt fram, þá er um tvennt að velja, forða sér eða taka á móti, og ef síðari leiðin er valin, þá er sjálfsagt, að menn verða fyrir barðinu á lögreglunni. Allir löghlýðnir og góðir borgarar vita, að þeim er skylt að forða sér þegar svona stendur á. Öðru máli gegnir þegar mikill fjöldi manna gerir tilraun til þess að ráðast á lögregluna. Ég býst við, að hún sé nú ekki nógu mannmörg eða vel skipulögð til þess að sundra mannfjölda, sem með bareflum og öðrum vopnum ætlar sér að herja á hana.

Hv. 2. þm. Reykv. hefir nú sagt, að til þessa upphlaups hafi verið stofnað af ásettu ráði. Hann segir, að ýmsir í bæjarstj. hafi fyllilega átt meiðsli skilin, og að mannfjöldinn hafi verið samankominn í þeim tilgangi að meiða þá. Þetta sagði hann og þetta er orðrétt upp tekið. Ég held, að það þurfi ekki framar vitnanna við, að lögreglan var ekki nægileg. Það hefir verið játað af Alþfl., að ef til óeirða kemur hér í bæ, er lögreglan ekki fullnægjandi, og ekki einu sinni þó að varalögreglan væri alveg í toppi. Þá er tóm vitleysa að tala um, að allt fari fram með friði og spekt, bara ef lögreglan er lítilfjörleg eða engin, og með þessari játningu er úti um hjal þeirra um, að ekki þurfi að bæta við óg auka vald lögreglunnar, þegar sýnt er, að hún getur ekki staðizt áhlaup, þó að það væri aðeins gert á einum stað. Ég geri ekki mikið úr þeirri hættu, sem af kommúnistum stafar. Þetta fólk, sem kallar sig kommúnista hér, eru ungir menn, sem eru til í að gera „sprell", þegar foringjar þeirra hafa talað þá upp, en síðan eru þeir sem höfuðlaus her, því að þessir foringjar hafa alltaf skotizt á bak við hina og skýlt sér, þegar til höggorustu kom. Menn af því tægi álít ég ekki hættulega. En orðbragð Alþfl.mannanna hefir vakið grun um það, hvaða hætta er hér á ferðum í raun og veru. Það sú hætta, sem getur verið og hlýtur að vera til staðar, er Alþfl.m. og kommúnistar rugla saman reytum sínum að því er til ofbeldis kemur. Ég veit, að Alþfl. er allfjölmennur, og þó að í honum sé yfirleitt friðlátt fólk, sem ekki má vamm sitt vita, þá er hægt að fá það út í ólæti og spellvirki. Svo augljóst er, að ef Alþfl. og kommúnistar, sem eru, eftir því er hv. 2. þm. Reykv. heldur fram, einskonar sérkredduflokkur, skipa sér saman til lögbrota, þá þarf að styrkja lögregluliðið, ef það á að vera fært um að undiroka allt þetta lið í einu. Það er vitað frá fornu og nýju, að sócíalistar eru ekki eins hreinir í þessum málum og þeir vilja vera láta. Í hverju þeirra orði skín í gegn, að þeir hafa fullan hug á að taka þátt í óeirðum með kommúnistum. Einn af fyrrv. foringjum þeirra, Ólafur Friðriksson, vinur okkar allra, gat þess á prenti, að ef þeirra stefna og skoðanir næðu eigi framgangi, hlyti að reka að því, að þeir notuðu handaflið. Þessum ummælum hefir aldrei verið hnekkt af skoðanabræðrum hans. Síðan hafa komið fram fjölmargar játanir; hv. 2. þm. Reykv., vonbiðill Framsóknar, hefir talað um, að stjórnað myndi án löggjafar, ef þeir jafnaðarmenn kæmust til valda. Þá er enn framkoma þessa þm. 9. nóv. í fyrra, sem

er sönnuð fyrir rétti; í þriðja lagi er það, að fyrirfram var ákveðið, að bæjarfulltrúarnir skyldu hljóta meiðsl þá um kvöldið, og enn er það, að hv. þm. kallar kommúnista sérkredduflokk eingöngu. Þá má og ekki gleyma, að jafngóður maður og gæflegur sem hv. þm. Seyðf. talaði mjög hátt um, að ætlun sín væri að granda þjóðskipulaginu. Þetta má e. t. v. leggja svo út, að það hafi verið mælt af monti, en ekki að þar hafi byltingarhugur fylgt máli og að hann hafi þá átt við að granda því á löglegan hátt, en þá er þetta ekki rétt orðað og er þm. til áfellis, þar til það verður fært í lag. Það er vitað, að lögregla er aldrei næg, ef til upphlaups kemur; þess vegna eiga allir góðir og löghlýðnir borgarar að vera undir það búnir að verja líf sitt og eignir. Það er mikill hópur manna, sem ekki vilja fylla flokk alþýðu, en vilja hafa frið; svo að þótt Alþfl. stofnaði til ófriðar, færi ekki hjá því, að borgarar bæjarins héldu uppi vörnum. Hvert barn veit, að þetta er engin fjarstæða, að borgarar þurfi að vera við slíku búnir. Því er ekkert athugavert við það, að menn komi saman til líkamsæfinga og jafnvel þótt þær hefðu nokkurn svip af lögregluliðsæfingum, til þess að vera færari til að verja sig og eignir sínar. Enginn bannar þetta, enda er það sjálfsögð ráðstöfun. Hv. 2. þm. Reykv. hefir sjálfur stofnað árásarlið innan Alþfl., en það fór reyndar út um þúfur, því að menn sáu, að það var til einskis að búa sig undir að veita vel búinni lögreglusveit árás. Alþfl.fulltrúarnir hafa ekki haft aðrar mótbárur gegn lögreglunni almennt en að henni eigi að beita til þess að vekja úlfúð og flokkadrætti og að henni sé stefnt gegn alþýðu.

Í fyrra fullyrtu þessir menn stöðugt, að þessari lögreglu ætti að beita í vinnudeilum, og var hamrað á þessu í blöðum og á mannfundum. En þegar til kom, var það lýðum ljóst, að um þetta gat ekki verið að ræða, því að það er beint tekið fram í 4. gr. laganna, að lögreglan skuli ekki hafa önnur afskipti af kaupdeilum en að halda uppi friði. Af þessu má gerla sjá, að varalögreglan á sízt að gera annað eða meira en lögregla almennt, hvort sem hún hefir leyfisbréf til þess eða ekki. Vitanlega er það og skylda lögreglu að starfa ekki frekar fyrir einn flokk en annan, og ég vil því spyrja hv. 2. þm. Reykv., því að hann mun þeim hnútum kunnugastur, hvort hann viti til þess, að lögreglan hafi gert sér mannamun og hvort hann geti sannað það og þar með réttlætt þessa hróplegu aðdróttun. Ég vil fá að vita, hvort þetta er tilhæfulaus fullyrðing hjá hv. þm., og það er heldur ekki einskisvert fyrir lögregluna, lögreglustjóra og borgara bæjarins yfirleitt, hvort hægt er að sanna þetta eða ekki. Allir vita, að ekki er hægt að koma því svo fyrir, að lögreglunni sé beint gegn einum flokki frekar en öðrum, því að enginn veit það fyrirfram, hverjir verða við völd. Alþfl. hefir sagzt muni taka bæinn og fá meiri hl. í bæjarstjórn. Það var líka sagt, þó það hafi kannske verið í gríni, að þeir vildu komast í ríkisstjórn; þá hefði hv. 2. þm. Reykv. sjálfsagt orðið dómsmrh., og hann er þegar búinn að lýsa því, hvernig þeim stjórnarháttum verður hagað. Með öllu þessu hefir hann bara gefið til kynna, hvernig hann vill nota varalögregluna. Hann ætlar að hafa þetta óhlutdræga vald til þess að siga því á borgarana. Þá má hann auðvitað vera feginn því, að lögreglan er tilbúin, þegar hann kemst í ráðherrastólinn. En lítum á það, sem hann hefir sagt; geti hann sannað, að lögreglunni hafi verið beitt til þess að kúga alþýðu og efla til ófriðar og flokkadrátta, þá verður hann að standa við það annarsstaðar en í friðhelgi Alþingis. Þá er sú spurning, hvort hliðstæð dæmi þessu eru til í þingræðislöndum. Nei, þar sem hér er hún eingöngu notuð til þess að bæla niður flokkadrætti, ofbeldi og hverskonar óeirðir, hver sem í hlut á, enda er oft svo, að ekki er vitað, hvaða flokkur á upptökin að lögbrotunum. En það er eins og þessir hv. þm., 2. þm. Reykv. og þm. Seyðf., séu gagnteknir af ótta við, að andstæðingar þeirra verði eilífir í stjórnum ríkis og bæjar, og enn að það geti komið til, að þeir verði taldir afbrotamenn og lögreglunni því beitt gegn þeim. En það leiðir af sjálfu sér, að ef þeir gerast sekir um lögbrot, mun lögreglan koma á vettvang og taka þá til meðferðar. Ég býst og við, að ótti þeirra nái lengra og sé sprottinn af því, að þeir eiga von á, að Sjálfstæðisfl.

magnist svo mjög, að þeir sjálfir fái ekki að vaða uppi, en lúti í lægra haldi, ekki vegna lögregluvaldsins, heldur af því, að þeir hafa eftir lýðræðisreglunni ekki vald til að ráða hér ríkjum. En ef þeir af þessum ástæðum þurfa að grípa til handaflsins, eins og Ólafur Friðriksson hótaði, þá er eðlileg ósk þeirra, að lögreglan sé sem veikust fyrir. Svo eru þeir líka hálfhræddir við kommúnista og óttast, að þessi „sérkredduflokkur" taki þeim fram. Á Akureyri eru kommúnistar einna fastastir fyrir, og þar hefir líka lögreglan verið undirokuð. Þess vegna er það ekki nema hlægileg firra að halda því fram, að þar þurfi enga lögreglu, því þar sé allt með kyrrum kjörum. Þessar háværu „röksemdafærslur" sócíalista eru langt frá fullnægjandi. Frá almennu sjónarmiði er það á engan hátt gilt, að lögreglan eigi að vera engin eða sáralítil, að henni sé beint gegn sérstökum flokkum eða til að stofna til ófriðar, og að friður og spekt sé mest og bezt, ef engin lögregla væri til. Þessar og þvílíkar fullyrðingar ná ekki nokkurri átt og munu aldrei geta staðizt. Bæði hefi ég og aðrir sýnt fram á það, að óhjákvæmilegt er að auka lögregluliðið í Rvík og öðrum bæjum, enda verður það áreiðanlega gert, þar sem nú er lagaheimild fyrir því. Nú vil ég spyrja hv. þingmeirihluta, hvað það er, sem hefir breytzt síðan í fyrra, er lögin voru sett. Þau voru þá sett með samkomulagi milli tveggja flokka, og það samkomulag þótti svo gott, að ýmsir óttuðust, að það væri of gott og að lögunum yrði spillt. En þau fengust þó góðu heilli. Nú hleypur upp til handa og fóta minnsti flokkur þingsins, sem virðist þó vera ofan á, eftir forseta Sþ. að dæma, og segir, að allt sé nú breytt. Vill hann fyrst, að lögreglan sé niður lögð í Rvík, og síðan gera lögin að engu, með því að banna að framfylgja þeim um lögreglu í öðrum kaupstöðum. Ég vil fá að vita, hvað það er, sem hefir breytzt, því að hér er farið fram á að nema lögin úr gildi. Nú vita þeir, að þeir geta ekki numið lögin úr gildi með þessari þáltill. Ætlast þeir til þess, að till. verði samþ., þegar það er alveg til ónýtis? Enda trúi ég því ekki, að nokkur maður ljái þessari vitleysu fylgi sitt, þegar þeir skilja, að samkv. lögunum ekki aðeins má, heldur á að stofna varalögreglu undir vissum kringumstæðum; ráðherrann er beinlínis skyldur til þess, er skilyrði 1. gr. eru uppfyllt. Í 6. gr. l. segir, að ríkisstj. sé heimilt að bæta við varalögreglu, þótt í bæjum sé, „allt að tveimur lögregluþjónum á hverja 100 íbúa". Á þessum orðum „allt að tveimur" o. s. frv. hafa margir spreytt sig, bæði lærðir og ólærðir, og gefið margar skýringar. Þarna er nefnt hámark, lengra þarf ekki að fara en að því. Nú geri ég ráð fyrir, að flestir séu sammála um, að „allt að" þýði ekki, að endilega þurfi að vera að því nefnda marki komið, heldur megi vera þar fyrir neðan. En þótt undarlegt virðist, vilja sumir hv. þm. ekki heyra þetta nefnt. Hv. 2. þm. S.-M. reis hér upp og sagðist hafa flutt þetta í fyrra, en aðrir samið það fyrir hann. Það má vera jafngott, ef ætla má, að semjendur hafi skýrt þetta fyrir honum. En þess er að gæta, að er lög á að skýra eftir að þau eru sett, þá er ekki nóg, að menn hafi meint annað en í þeim felst, ef þeir sögðu ekki frá því strax. Nú halda þeir því fram, að „allt að" þýði „að minnsta kosti", eða þvert á móti því, sem hefir verið málvenja hér í margar aldir. Fyrir þessa málvillu verður hv. 2. þm. S.-M. ekki tekinn alvarlega, og ekki tekinn fram yfir þá menn, sem lagt hafa stund á og alizt upp við lögskýringar. Þetta minnir einna helzt á, að einhverju sinni kom það fyrir, að þm. stóð upp og sagði: Ég er löggjafinn og því færastur um að skýra lögin. Það var hlegið að þessu þá, og mun svo fara nú, því að það vita allir, að enginn einn þm. er löggjafinn, heldur er það Alþingi í heild. Svo þegar af þeirri ástæðu verður þessi skýring hégómamál, sem engan stað á í löggjöfinni; svo fáránleg, að eftir ákvæðum l. og hljóðun málsins er hún hreinasta villa. Hæstv. dómsmrh. hefir nú tekið vel í þetta. Hann hefir fallizt á að taka fullt tillit til þessa lagastafs. Það má vera nóg, hvernig sem málinu annars reiðir af. Ég tel víst, að hvaða stjórn sem er framkvæmi l. og yrði að skýra þau svo, að stofna beri varalögreglu, þegar nauðsyn ber til og fullnægt er skilyrðum 1. gr. l.

Þessi till. er því í bezta falli alveg tilgangslaus, og fyrir þá ástæðu eina réttlaus. En í annan stað stappar svo nærri,

að hún sé í fullri andstöðu við l., að ekki tekur tali, að taka beri eins mikið mark á henni eins og venja er til um þáltill. Er hún því hreinasta markleysa, á hvern veg sem hún er skoðuð. Hitt er á ábyrgð hæstv. forseta, að halda uppi málþófi dag eftir dag um slíka till., sem hann og er meðflm. að, og tefja þar með afgreiðslu annara mála, — till., sem að efni og formi er algerlega ólögmæt. — Viðaukatill. gerir um þetta engan mun. Það er hið sama, að verið er að skora á ráðh. að skjóta sér undan því að uppfylla lagaboð. Viðaukatill. er auk þess svo orðuð, auðsjáanlega samin í flaustri, að Alþ. getur ekki samþ. eða tekið til meðferðar slíkar málvillur, ef það vill sjá sóma sínum borgið.

Forseti (JBald): Það er ekki rétt að ámæla forseta, þótt málin gangi seint fram í Sþ., því fundi hefir orðið að hafa stutta vegna aðalmálsins, kosningal. Þannig var felldur niður fundi í Sþ. í gær vegna þess máls. Annars hafa málin verið tekin á dagskrá í Sþ. í þeirri röð, sem þau hafa komið fram. Ákúrur í garð forseta vegna þessa eru því með öllu órétt-mætar.

Jón Pálmason [óyfirl.]: Það má nú sjálfsagt segja, að það sé að bera í bakkafullan lækinn að fara að lengja orðræður um þetta mál. Eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, þá er það ljóst, að þetta mál er til þess borið fram og umr. um það haldið uppi dag eftir dag til tafar öðrum málum, að koma að pólitískum umræðum. Mér þykir þess vegna ekki rétt að kasta frá mér málfrelsi því, sem mér er hér veitt, og bið engan afsökunar á því, þó ég tali um þetta mál sem tilefni hefir gefizt til.

Það er nú svo með okkur, sem bústað eigum úti á landsbyggðinni í sveitum og friðsömum kauptúnum eða kaupstöðum, að við höfum í lengstu lög gert okkur vonir um, að atvinnulíf og önnur störf í þjóðfélagi okkar gætu farið fram með friði, og við þess vegna, þó fámennir séum, gætum lifað sem hamingjusöm þjóð. En þau áföll, sem friðurinn hefir fengið síðastl. ár, hafa nokkuð breytt skoðun okkar í þessu efni.

Það eru nú nokkur ár liðin síðan hér myndaðist hópur manna, sem að hætti erlendra skoðanabræðra sinna vildu varpa um koll núverandi þjóðskipulagi með byltingu. Þessi flokkur varð fljótt kunnur á Norðurlandi. Á Akureyri hefir hann m. a. haldið upp á afmæli rússnesku byltingarinnar 7. nóv. Það er nú kunnugt, að þessir menn hafa gert mikið að því að vekja upp tortryggni milli manna og stétta þjóðfélagsins. Margir vonuðu þó í lengstu lög, að hér væri ekki um annað né meira eða ræða en pólitískt glamur og gaspur, borið fram til þess að ná hylli óþroskaðasta hluta þjóðarinnar. En vonirnar hafa brugðizt, því þessi óheillastefna hefir náð allt of miklum tökum í þjóðlífinu, því miður. Og einkum fengu þó þessar vonir mikið áfall, þegar bardagi sá varð 9. nóv. í fyrra, sem vakti óhug manna um allar byggðir landsins. Sá bardagi hefir nú verið gerður mjög að umtalsefni í þessum umr., og vil ég því víkja nokkru nánar að honum. Hv. 2. þm. Reykv. og hv. þm. Seyðf., sem báðir hafa talað skörulega í þessu máli, sem vænta mátti, hafa báðir haldið því fram, að orsök til bardagans hafi verið till. sú um lækkun á kaupi í atvinnubótavinnunni, sem fram kom í bæjarstj. hér. Þeir hafa haldið því fram, að sú till. hafi vakið almenna andúð og gremju bæði hér og annarsstaðar. Ég segi nú ekkert um það, hvort þessi kauplækkun hefir verið réttmæt eða óréttmæt. Það kemur þessu máli ekkert við. Þótt bæjarstj. hefði ætlað að fremja stórkostlegt ranglæti, þá gat það þó aldrei réttlætt það, að borgurunum væri hótað líkamlegu ofbeldi til þess að fá meiri hl. bæjarstj. ofan af þessari ákvörðun.

En nú eru aðrir, sem hafa haldið því fram, og það er kunnugt öllum landslýð, að það hafi ekki verið alþýðan, sem í æstu skapi hafi hafið þennan ófrið, heldur lögreglan, og það eftir skipun lögreglustjórans sjálfs. Ég verð að vísu að taka það fram, að ég er þessu sjálfur ókunnur, en ég hefi orð hv. 1. þm. Reykv. fyrir þessu, sem lýst hefir þessu í ræðu hér á Alþ., og auk þess hefi ég séð þessu haldið fram í blöðum. Það er sagt, að lögreglustjórinn hafi hafið þetta áhlaup. Það má þó teljast undarleg ráðstöfun að knýja eina 20 lögreglumenn fram til þess að

berja á æstum múg og hafa ekkert annað lið en þá að baki sér. Nú hefir hv. 1. þm. Reykv. borið það fram, að lögreglustjórinn hafi staðið í samráði við þá menn, er ófriðinn hófu. Ég veit ekkert um þetta. En mér er sagt, að lögreglustjóranum hafi verið gefinn kostur á að mótmæla þessu utan þings, en hafi ekki gert það. Ég veit nú ekki, hvort þetta er satt. En sé það satt, þá er auðsætt, að hér grillir í það svartasta hyldýpi, sem sézt hefir hjá okkar þjóð. Og ég vil víkja því til hæstv. ríkisstj., sem að vísu virðist ekki vera viðstödd þessar umr., hvort hún hafi nokkuð í þessu gert. Það var ótvíræð skylda hennar að skipa þessum embættismanni að hreinsa sig af slíkum áburði, en gæti hann það ekki, þá að víkja honum frá. Og ég vil skora á ríkisstjórnina — og sé hún ekki viðstödd, þá veit ég, að henni verður færð sú áskorun — að láta þennan embættismann hreinsa sig tafarlaust, ef hann getur, af slíkum áburði, Að ég sný máli mínu til ríkisstj. í heild, en ekki til flokksbróður míns, hæstv. dómsmrh., eins, stafar af því, að ég álít, að ágreiningsmál sem þetta heyri undir alla ríkisstj., en ekki að ég vilji draga flokksbróður minn, hæstv. dómsmrh., undan neinum skyldum. En vel getur hæstv. dómsmrh. hafa orðið þarna undir og þá ekki átt annars kost en að lúta meiri hl., eða þá að segja af sér. En hér er um svo alvarlega ásökun að ræða á hendur háttsettum embættismanni, að ekki má við annað una en að hann sé annaðhvort látinn hreinsa sig, eða fara úr embætti, geti hann það ekki.

Það er talið, að varalögreglan hafi kostað á fjórða hundrað þúsund kr. Þetta er mikið fé; um það eru allir sammála. Það er auðvitað hreinasta neyðarráðstöfun að verða að verja svona miklu fé til að halda hér uppi friði. En hverjum er það að kenna, að svo miklu fé hefir verið eytt til þessa? — Ég hygg, að allir séu sammála um það, aðrir en byltingamenn, að ríkisvaldið verði að vera sterkasta valdið í okkar þjóðfélagi. En er þá sæmilegt, að jafnaðarmannafl. beiti sér fyrir því, að þeim sé bægt frá allri vinnu, sem ganga í lið með ríkisvaldinu? — Nú hefir hæstv. dómsmrh. upplýst, að þetta hafi verið gert bæði hér í bæ og annarsstaðar og að við þetta hafi kostnaðurinn af varalögreglunni orðið tvöfalt meiri en hann hefði þurft að vera. Ef hv. þm. Seyðf. er eins mikil alvara með að óska eftir friði og hann vill vera láta, þá ætti hann að beita sér fyrir því, að þessu yrði hætt. Og ég vil skora á hann að gera það. Ef þeir menn, er í varalögregluna ganga, eiga frjálst val um atvinnu sem aðrir menn, verður kostnaðurinn miklu minni.

Það var margt í ræðu hv. þm. Seyðf., sem gaf fullt tilefni til þess að ræða um grundvallarstefnur flokkanna hér. Hv. þm. talaði eins og það væri svo orðið hér í landi, að það, sem væri gert einum til gagns, væri öðrum til bölvunar. Þetta er nú ekki rétt. En væri það rétt, þá er auðsætt, að starfsemi þjóðfélagsins er komin út á hálan völl, sem þyrfti sem fyrst að komast af. Og það væri æskilegt, að fulltrúar Alþfl. vildu snúa á aðra braut. Þeir hafa hafið hér stéttabaráttu og talað um að skáka niður auðvaldinu, og það hafa þeir talið, að tækist bezt með því, að alþýðan hefði sem hæst kaup. Baráttuaðferð þeirra hefir byggzt á því, að heimta hátt kaup, án þess að hugsa um leið fyrir því, að aðstaða væri til þess að borga það. Nú vil ég gjarnan óska þess, að kaupgjald mætti vera sem hæst, að atvinnulífið væri svo fjörugt, að atvinnuvegirnir þyldu það. En þessu er ekki svo háttað nú. Launakröfurnar hafa verið svo háar, að fleiri og fleiri hafa orðið að hverfa frá framleiðslunni og hópast til þorpa og kaupstaða, þangað sem fjölmennið er. Við þetta væri nú ekki svo mjög að athuga, ef fólkinu væri vís vinna á þessum stöðum. En því er nú ekki að heilsa, nema þegar allra bezt gengur. Af þessu leiðir svo atvinnuleysi það, sem útmálað hefir verið, og það með réttu. Fyrir allan landslýðinn verður það affarasælast, að ekki sé svo mjög keppt að háu kaupi, heldur fyrst og fremst að hinu, að koma atvinnuvegunum í það horf, að allir geti fengið þá vinnu, sem skapar sæmilega afkomu. Sú stjórnmálabarátta er heilbrigð, hverju nafni sem flokkar nefnast, ef hún vinnur að því, að öllum geti liðið vel. Ég held, að barátta hv. flm. þessarar till., sem mér er sagt að brjóti í bág við gildandi l., ef þeir halda henni áfram eins og þeir hafa

rekið hana hingað til, leiði til niðurdreps og vandræða í þjóðlífinu. Eitt af því, sem þeir predika, er, að enginn einstaklingur fái leyfi til að vinna sig upp og verða sjálfstæður atvinnurekandi. Stefna okkar sjálfstæðismanna er fyrst og fremst sú, að öllum geti liðið vel og að sem allra flestir geti orðið sjálfstæðir atvinnurekendur, bæði til sjós og lands, og að allar auðsuppsprettur okkar, sjór, land og iðnaður, verði sem allra bezt notaðar.

Ég kem þá að því atriðinu, sem varð til þess, að ég kvaddi mér hljóðs fyrir nokkru síðan. Hv. þm. Seyðf., sem er greindur maður, hélt því fram, bæði beint og óbeint, að varalögreglunni væri haldið uppi hér af því sjálfstæðismenn — sem hann nú reyndar kallar íhaldsmenn — hefðu í hyggju að taka völdin í sínar hendur og vildu þá hafa lögreglu til þess, með því að beita ofbeldi, að þeir gætu haldið öðrum flokkum í skefjum. — Hver, sem hlustar á hv. þm. Seyðf., finnur, að hann er greindur maður. En þá ætti það líka að vera ósamboðið honum að halda fram slíkri kenningu. Hv. þm. hlýtur að sjá það, ef hann hugsar vel um það, að það er ekki líkt stefnu Sjálfstæðisfl. að vilja vera ofbeldisflokkur. Og ef sá flokkur færi inn á þá braut, þá er ég hræddur um, að lið hans myndi þynnast víðsvegar um land. Sjálfstfl. hefir nú yfirgnæfandi meiri hl. í Reykjavík. Ef hann væri ofbeldisflokkur, þá væri honum innanhandar að framkvæma þá stefnu án þess að hafa nokkra opinbera lögreglu. Þetta skilja og sjá allir greindir menn. Sú „agitation", sem á þessum vettvangi er hafin og farin er að kvíslast út um landið, slær sig sjálfa um koll, því að hún er of fávísleg til þess, að heilbrigðir menn geti látið hana blekkja sig. Enda leitast nú Sjálfstfl. við að fylgja vel þeirri stefnu sinni að koma á réttlátara stjórnarfari í þessu landi en verið hefir; og eins og nú horfir við, er það í raun og veru eina vonin til þess, að hægt sé á næsta ári að rýra að marki þá spillingu í stjórnarfari, sem ríkt hefir í landinu um skeið, að Sjálfstfl. nái meiri hl. í næstu kosningum. Ég tek ekki harðar til orða en þetta: eina vonin, því að það er vitanlega ekki vissa. Ég veit ekki, hvort Sjálfstfl. er nógu samstæður til þess, að vissa sé fyrir, að hann geti útrýmt þeirri spillingu, sem nauðsynlegt er að útrýma á þessu sviði. Ég vænti þess, að hv. þm. sjái og skilji það, að ef ætti að fara að halda uppi fjölmennri lögreglusveit, sem hafi það að markmiði að verjast pólitískum deilumálum á þeim grundvelli t. d., að henni væri beitt á móti jafnfjölmennum flokki eins og öllum Alþfl., eins og mér skildist hv. 2. þm. Reykv. gera ráð fyrir, þá er það svo dýrt bákn, að ég hefi enga trú á, að slíkt sé undir nokkrum kringumstæðum hægt. En hitt ættu allir einlægir, sanngjarnir og réttsýnir menn að sjá, að nauðsynlegt er að halda uppi í hverju bæjarfélagi það fjölmennri lögreglusveit, að hún geti hvenær sem vera skal bælt niður óeirðir fámennra hópa, sem hafa það á stefnuskrá sinni að stofna til óeirða að óþörfu. Af þeim sökum finnst mér undarlegt, ef menn eins og hv. þm. Seyðf., sem lýsa yfir því hvað eftir annað, að þeir vilji berjast á löglegum og þinglegum grundvelli, — ef þeir geta ekki verið því samþykkir að styrkja lögreglu í hverju bæjarfélagi hæfilega, til þess að hún sé fær um að halda slíkum óeirðum niðri.

En það vil ég biðja allan þingheim að muna, sem og ætti að vera ljóst hverjum þeim, sem hugsar út í þjóðfélagsmál okkar lands, að grundvöllurinn undir friði í landinu er sá, að félagsmálum, stjórnmálum og viðskiptamálum sé á hverjum tíma veitt forstaða af heiðarlegum mönnum, og ekki sé gerður leikur að því að sýna neinum manni órétt. Hinn rétti grundvöllur undir friði er því ekki að kasta hundruðum þúsunda á ári hverju fyrir fjölmenna lögreglusveit. Hann verður bezt tryggður á þann hátt, að þeir, sem við þjóðfélagsmál fást, hugsi ekki um það að skara eld að sinni köku og verzla sig áfram, eins og ýmsir þingfulltrúar hafa undanfarið gert, heldur hugsi um það eitt, að vinna að þjóðfélagsmálunum fyrir þjóðarheill og af fullri alvöru, svo að ungum og gömlum, konum og körlum geti á hverjum tíma liðið svo vel sem frekast eru föng á. Væri vel, ef hv. flm. þessarar till. vildu á komandi árum vinna að þessu markmiði, en hættu að hafa stéttabaráttu fyrir kjörorð og það að granda þjóðskipulaginu o. s. frv. Það

verður að viðurkenna, að í okkar þjóðskipulag er komið misræmi í atvinnuháttum, það er gallað og þarf endurbóta við. En því aðeins getur orðið um heilbrigðar endurbætur að ræða, að þeir, sem við stjórnmál fást, geri það sem drengilegir menn, en hugsi ekki fyrst og fremst um að brjóta sjálfum sér braut persónulega, heldur starfi með þeirri víðsýni, sem þörf krefur, líti yfir stéttabaráttuna og horfi yfir þjóðlífið allt.

Flm. (Héðinn Valdimarsson): Það voru tvö atriði í ræðu hv. 1. þm. Reykv., sem hann reyndi að árétta. Annað er viðvíkjandi fé því, sem bærinn fékk hjá ríkisstj. loforð um 9. nóv., sem við Alþýðufl.-menn og forsrh. höldum fram, að ekki hafi verið beðið um áður. Ég hefi það eftir Stefáni Jóh. Stefánssyni bæjarráðsmanni, og ég hefi skírskotað til hæstv. ráðherra um það, og hefir enginn þeirra mótmælt. Og víst er það, að um kvöldið þegar ráðh. gaf loforðið, þá kvað hann það vera framkvæmdaatriði, hvort þetta yrði dregið frá næsta árs fjárveitingu eða ekki. Það er því ljóst af þessu, að það komu ekki þau atriði fram, sem ekki lágu fyrir áður, og að launalækkunina átti ekki að framkvæma af þeim ástæðum, sem meiri hl. bæjarstj. vill nú vera láta, — að ómögulegt hafi verið að ná í fé, heldur af allt öðrum ástæðum, til að ná almennri kauplækkun.

Hitt atriðið var, að hann kvað aðaláeirðirnar ekki hafa orðið út af sinni ræðu. Þessu mótmæli ég algerlega. Að vísu var smávegis uppþot áður. En fyrst þegar hann talaði — eins og hann líka ávarpaði verkalýðinn, sem heyrði allt í kring í hátölurum — þá var það, að nokkrir af þeim, sem voru fyrir utan grindurnar, þustu inn fyrir þær og hleyptu fundinum upp. (**JJós:** Annað sagði þm. á síðasta þingi. Þá stafaði þetta af fyrirskipun lögreglustjóra!). Hér er ég að ræða um, að hleypt var upp bæjarstjórnarfundinum; við það urðu engin slagsmál. Þau urðu löngu eftir að fundi var slitið, er salurinn var ruddur af lögreglunni eftir skipun lögreglustjóra.

Þá er enn eitt atriði. Það er ekki hægt að segja á neinn hátt, að óeirðirnar, sem urðu á eftir, hafi orðið vegna þess, að lögreglan var of fámenn. Þau barsmíð, sem þarna áttu sér stað, urðu ekki fyrr en fundi hafði verið slitið — fyrir utan hjá nokkrum mönnum við dyrnar — og allir bæjarfulltrúarnir voru komnir burt ómeiddir (sumir að vísu hræddir), að undanteknum 1—2, enda var engin tilraun gerð til að meiða þá. Svo að þau meiðsl, sem urðu á eftir, hefðu ekki orðið, ef lögreglan hefði ekki verið þarna látin grípa inn í á þann hátt, sem hún gerði. Lögreglan gat farið burt á friðsamlegan hátt, og þá hefðu engar óeirðir orðið. Það er því alls ekki hægt að taka þetta sem tilefni til þeirrar varalögreglu, sem síðan var stofnuð. Til þess getur ekki verið önnur ástæða en sú, sem við höfum haldið fram og liggur öllum í augum uppi, að íhaldið hefir viljað hafa nægan kraft á bak við til þess að geta komið fram því, sem þarna var aðaltilgangurinn, nefnilega launalækkun, hvenær sem þeir vildu. Þeir vildu geta barið niður hvaða mótstöðu sem væri.

Dómsmrh. og einhverjir fleiri hafa viljað halda því fram, að þessi mikli kostnaður við varalögregluna hafi orðið vegna þess, að verklýðsfélagar hafi ekki viljað vinna með þessum mönnum. Nú var vikið úr verkalýðsfél. — eftir því sem ég man — alls 13 mönnum af þessum ástæðum. Þó að þeim hafi verið varnað vinnu, þá gat ekki komið til mála að gjalda öllum þessum 100 mönnum fullt kaup þess vegna. Enda er mér kunnugt um, að margir þessara manna höfðu fulla atvinnu jafnframt fullu kaupi í varalögreglunni, 210 kr. frá ríkissjóði. T. d. veit ég um tvo bílstjóra, sem alltaf óku bifreiðum norður í land í allt sumar í einkaferðum með leigubifreiðar eins og ekkert væri, og unnu ekkert fyrir ríkissjóð, en fengu 210 kr. kaup á mánuði hjá ríkissjóði. Þetta sýnir, hve óhæfilega er farið með fé landsmanna.

Þá vatt hv. þm. V.-Sk. sér að mér. Ég veit nú ekki mikið um þennan 11. des., sem hann sagði að væri fæðingardagur fjandans, annað en það, að Lögfræðingafélag Íslands mun hafa afmæli sitt á þeim degi. (**PHalld:** Og hagfræðingar líka!). Hagfræðingar eru ekki í lögfræðingafélaginu. En ég trúi því, sem hv. þm. V.-Sk. segir um þennan hlut.

Þá vildi hann hafa vitnisburð minn um það, hvenær lögregla yfirleitt væri notuð til að ráða á alþýðuna. Yfirleitt gekk öll ræðan út á það, að við Alþfl.menn berðumst á móti lögreglu. Það höfum við aldrei gert, og sýnir þetta, hve lítið hv. þm. fylgist með málum. Við berjumst á móti **varalögreglu**, en ekki á móti því að hafa nægilega lögreglu í kaupstöðum landsins. Við segjum, að þessi varalögregla sé í sérstöku augnamiði stofnuð, eins og sést af öllum ákvörðunum og undirbúningi í bæjarstj. Reykjavíkur. En venjulegt lögreglulið kemur þessu máli bókstaflega ekkert við.

En viðvíkjandi samanburði á okkur við nágrannalöndin vil ég segja það, að íhaldsflokkar nágrannalandanna eru ekki á sama stigi og Sjálfstfl. hér. Mér er ekki kunnugt um annað en að þeir vilji fylgja lýðræðisstefnu; en hér í Sjálfstfl. er fullt af mönnum, sem telja sig „nazista". Hv. þm. V.-Sk. er yfirlýstur „nazisti" og sömuleiðis hv. þm. Vestm., og það veit enginn, hve margir þeir eru í Sjálfstfl. Og hver veit, hvenær þessir menn nota þessa lögreglu á ramm-„fascistiskan" hátt, ef Sjálfstfl. kemst að völdum.

Thor Thors: Frá því að ég talaði síðast í þessu máli, sem er nú nærri því fyrir viku, hafa ýmsir hv. þm. tekið til máls og gefið tilefni til andsvara. En með því að margir þessara þm. eru fjarstaddir, sumir sofnaðir, en aðrir dauðir, þá skal ég stilla orðum mínum mjög í hóf.

Ég vil þá fyrst víkja að hv. 1. þm. S.-M. Hann leyfði sér að halda fram, að aukning lögreglu hér í Rvík væri einungis Reykjavíkurbúum til tryggingar og hagsbóta. Þessu vil ég mótmæla. Aukning lögreglu í Rvík og varalögregla líka styrkir allt þjóðfélagið. Því að það er vitanlegt, að ef stefnt yrði til óeirða hér í Rvík, þá myndu þær fljótt breiðast út um byggðir landsins. Og allar óeirðir í Rvík, sem yrðu svo kröftugar, að það tækist að brjóta niður ríkisvaldið, myndu hafa bein áhrif um landið þvert og endilangt.

Þessi hv. þm. sagði ennfremur, að það væri verið að leitast við að láta ríkissjóð greiða það, sem Rvík ætti að gjalda til lögreglu. En ég vil minna á það, að ríkisvaldið hefir um langt skeið haft talsvert mikil not lögreglunnar, þar sem það er ríkisvaldið, sem á að standa straum af öllum sakamálakostnaði, hvar sem er á landinu, en störf lögreglunnar hér í Rvík hafa á öllum tímum mjög gengið til þess að sjá um framkvæmd sakamálarannsókna. Það er því hin mesta fjarstæða, að ríkisvaldinu sé óviðkomandi sá kostnaður, sem gengur til lögreglunnar.

Þá hafa ýmsir hv. þm. fett fingur út í þá lögskýringu, sem ég gaf á l. um lögreglumenn, nr. 92 frá 1933. Get ég í raun-inni svarað þeim öllum í einu, og skal gera það um leið og ég sný máli mínu til hv. 2. þm. S.-M., sem ætlaði sér þá dul, af því að hann bar fram brtt. við þessi lög á síðasta þingi, að áskilja sér einum rétt til að skýra þau.

Ég vil minna hv. þingheim á það, að það eru aðallega tvær stefnur uppi um lögskýringar. Önnur er sú, sem á lagamáli er kölluð hin „objektiva" lögskýring, og má kalla „hlutræna", sú, sem byggir á orðum laganna. Þetta er aðallögskýringin. Og það er aðeins þegar ekki verður stuðzt við hana, að leitað er til hinnar „subjektivu", sem kalla má hina „hugrænu"' lögskýringu, en það er vilji löggjafans.

Nú er orðalag þessara l. svo ótvírætt, að það nægir að halda sig við hina hlutrænu lögskýringu og fara eftir orðunum einum. En jafnvel þótt svo hefði verið, að leita þyrfti til löggjafans um skýringu, þá vil ég vekja athygli hv. 2. þm. S.-M. á því, að hans vilji eins getur ekki verið vilji löggjafans í heild. Og hvernig svo sem þessi hv. þm. hefir skilið sjálfan sig, þegar hann bar fram þessar brtt. sínar, þá getur hann ekki komizt hjá því, að aðrir vilji skilja hann eftir því orðalagi, sem er á l. Og orðin í 1. gr. l. **„allt að"** geta aldrei samkv. almennri málvenju og heilbrigðri skynsemi þýtt það, sem þessi hv. þm. vildi vera láta. Orðin „allt að" tákna, að það megi vera eitthvert bil til þess hámarks, sem l. geta um. Ég leyfi mér að fullyrða, að þessu sé náð, ef ákvæðum 2. gr. um fjölgun er fullnægt. En þar segir, að ríkið skuli taka á sig sínar greiðslur til lögreglunnar, þegar kominn er einn lögreglumaður á hverja 700 íbúa. Og um það atriði, sem er aðallega deilt um, hvenær heimild hafi skap-

azt til að stofna varalögreglu í Rvík, þá verð ég að telja, að það sé þegar búið er að fjölga lögregluþjónunum í Rvík til þess marks, sem 2. gr. ákveður, eða upp í 43. Og ég fullyrði því hiklaust, að þáltill. jafnaðarmanna ásamt brtt. hv. 1. þm. S.-M. við hana brýtur í bága við þessi l., þar sem hún heimtar skilyrðislaust það frekasta hámark, sem gert er ráð fyrir í l. Vil ég því beina því til hv. 2. þm. S.-M., sem kom ákveðið fram við setningu laganna í fyrra, að hann standi nú við sína skoðun og greiði atkv. gegn þáltill., sem tvímælalaust brýtur í bága við orðalag laganna. Iðrist hann hinsvegar sinna fyrri aðgerða í málinu, vil ég skora á hann að fara þinglega að og bera fram brtt. við l.

Hv. þm. Seyðf. byrjaði með því að staðhæfa, að meiri hl. þjóðarinnar væri á móti þessari lögreglu. Ég vil mótmæla þessu og benda til þess, að við síðustu kosningar voru það í rauninni tveir flokkar, sem þurftu að bera ábyrgð á þessari lagasetningu. Það var Sjálfstfl. og Framsfl., sem voru á síðasta þingi svo að segja sammála um þessa löggjöf. Þeir fengu 25700 atkv. við kosningarnar samanlagt. En flokkarnir, sem börðust gegn lögregluvaldinu, þ. e. sócíalistar og hálfbræður þeirra, kommúnistar, fengu samtals 9600 atkv. Ég vil því fullyrða, að dómur þjóðarinnar er skýrt upp kveðinn í þessu máli.

Þá vildi þessi mælski þm. tala í alvöru um þennan „liðsafnað" Heimdallar, sem hann kallaði „Kveldúlfslið". En ég sá á svip þessa hv. þm., að alvaran var ekki eins mikil eins og orðanna hljóðan. Þeir vita það nefnilega fullkomlega vel, hv. jafnaðarmenn, að þessi „liðsafnaður" ungra sjálfstæðismanna, sem þeir kalla svo, er engin hersveit, heldur einskonar íþróttafélag ungra sjálfstæðismanna. Og ég verð að segja, að það kveður nokkuð rammt að tortryggninni og hatrinu við lögregluvaldið, ef menn eru sagðir stofna til heræfinga fyrir það eitt að leggja ofurlitla stund á líkamsíþróttir.

En þessi sami hv. þm. varðist þess að minnast nokkuð á þann liðsafnað, sem sócíalistar höfðu hér í fyrra, þóttist ekkert vita og vísaði frá sér, sennilega til flokksbræðra sinna, en þeir hafa kunnað dyggilega að þegja um þetta.

Þá vildi hv. þm. finna að því við mig, að ég áliti rangt og óþarft og telja upp hitt og þetta, sem hefði mátt gera við það fé, sem farið hefir til varalögreglu. Ég finn að þessu af þeirri ástæðu, að mér finnst það bera vott um vantraust á skilningi hv. þingmanna — stappa nærri oftrausti á einfeldni þeirra, ef hann heldur, að þeir skilji ekki tölur, nema þeim sé bent á byggingar og fyrirtæki. Það er eins og hann þykist vera fullorðni maðurinn, sem sé að kenna smábörnum fyrstu frumatriði um lágar tölur.

Þá spurði þessi hv. þm.: Hvaða umbætur eru það eiginlega, sem Sjálfstfl. vill? Ef ég ætti að skýra frá stefnumálum Sjálfstfl., gæti ég talað í alla nótt. En þess gerist ekki þörf. Til þess eru þau þjóðinni allt of kunn, enda ætíð tækifæri til að ræða þau. Ég get þó ekki stillt mig um að víkja að einstökum atriðum hjá hv. þm. Hann fór að tala um afnám bannlaganna sem flokksmál Sjálfstfl. En um ekkert mál er Sjálfstfl. eins klofinn og einmitt það mál, enda hefir það aldrei verið flokksmál og mun aldrei verða. Einhverjir helztu bannmennirnir á þingi eru einmitt sjálfstæðismenn, eins og t. d. hv. þm. Borgf.

Þá sagði sami hv. þm., að það ætti að veita áfengisflóði yfir þjóðina að henni nauðugri. En benda vil ég honum á það og öðrum flokksbræðrum hans, sem hafa sömu skoðun, að sú aðstaða er mjög einkennileg og kátleg, að þeir, sem jafnan guma mest af því að vera fullkomnir lýðræðismenn, vilja í þessu máli hafa vilja þjóðarinnar, sem lýsti sér í atkvgr., að engu. Til hvers eru fulltrúar þjóðarinnar að spyrja þjóðina um álit hennar í einu og öðru, ef þeir ætla sér að hafa það að engu? Slíkt sómir sér illa af hvaða hv. þm. sem er, því að við erum ekkert annað en fulltrúar þjóðarinnar, og vilji hennar verður jafnan að vera æðri vilja einstakra þm.

Út af því, sem hv. þm. talaði um fjandskap Sjálfstfl. við umbætur, vildi ég segja nokkur orð. Ekki þó, eins og ég vék að áðan, til að telja upp umbætur Sjálfstfl., þær sem hann hefir komið á og ætlar sér að koma á. En mig langar til að rifja upp nokkrar umbætur Alþfl. í staðinn.

Þá má fyrst minnast á eitt hið helgasta ástfóstur jafnaðarmanna, síldareinkasöluna, og allar þær umbætur, sem hún hafði í för með sér. Umbæturnar urðu þessar: milljónatap fyrir ríkissjóð, og sjómenn fengu ekki kaup sitt greitt síðasta árið. Svo hörmuleg var útkoman, að þótt sjómenn og útgerðarmenn hefðu gefið síldareinkasölunni síldina, þá hefði orðið tap á stofnuninni. Þá má minnast á þær umbætur, sem sócialistar gerðu á fjárhag landsins árin, sem þeir studdu Framsókn til valda, þegar eytt var 14,6 millj. kr. fram yfir fjárlög og tekin um 1,5 millj. kr. að láni að auki.

Líka mætti minnast á umbætur þeirra í kaupgjaldsmálunum. Þeir hafa jafnan unnið vel og dyggilega að því, að hækka allt kaup í landinu. Um þetta væri allt gott að segja, ef atvinnuvegirnir þyldu slíkt kaupgjald, en á þá hlið málsins hafa sócialistar aldrei litið. Annaðhvort hafa þeir ekki viljað líta á þetta, eða þeir hafa aldrei hugsað degi lengra fram í tímann. Velfarnaður verkalýðsins byggist ekki á háu kaupi í nokkra daga, heldur stöðugri og öruggri vinnu, en þeirri hlið umbótanna hafa þeir alveg gleymt. En það eru aðrar umbætur, sem foringjarnir hafa ekki gleymt, og það eru umbætur sjálfum þeim til handa. Bætt aðstaða foringjanna er aðalminnisvarðinn yfir starfsemi þessara stjórnmálamanna.

Hv. þm. Seyðf. sagði, að þeir menn, sem vinna við fyrirtækin, hefðu hag af ríkisrekstri. Já, síldareinkasalan sýnir það! Auk þess má minna á það, að ríkið geldur starfsmönnum sínum yfirleitt lægri laun en nokkurt einkafyrirtæki og hefir í þokkabót svipt starfsmenn sína þeim rétti, sem sócialistar telja helgastan, verkfallsréttinum. Er því ekki furða, þótt þessi hv. þm. vilji leiða enn fleiri í ríkisfjósið og lengja stallinn.

Hv. þm. Seyðf. sagði, að ég hefði dregið í efa byltingarhug sumra leiðtoga sócialista vegna vaxtarlags þeirra. Ég man það glögglega, að ég sagði um hv. forseta Sþ., að hann liti ekki út eins og byltingamaður. Mér hefir alltaf litizt vel og friðsamlega á hann, og það álit mitt á honum hefir fengið staðfestingu við að kynnast honum á kosningafundum í vor. Mér fannst hann vera ósköp þægilegur og góðlátlegur broddborgari. Og ég vil líka leyfa mér að efast um, að byltingahugurinn í hv. þm. Seyðf. sjálfum eigi við mikla alvöru að styðjast. Þetta eru eiginlega allt saman friðsemdarmenn, sem halda vilja allir í skipulagið og una svo glaðir við sitt. En af því að þeir tala af þessum byltingamóði, gæti vel komið fyrir, að einhver hluti þjóðarinnar tæki mark á þeim og hrifsaði jafnvel völdin úr höndum þeirra. Og undarlegt mátti heita, að enginn sócialista skyldi minnast á kommúnista, sem þó hafa einir allra flokka liðssamdrátt í hernaðarskyni.

Ég lagði ekki nema lítið eitt til hv. 2. þm. Reykv. Hann hafði verið að tala um, að ég hefði blásið mig upp. Þetta finnst mér koma úr hörðustu átt, því ef sú lýsing á við nokkurn hv. þm., er það hv. 2. þm. Reykv. sjálfur, enda þótt ekki þurfi nema lítinn tituprjón til að hleypa öllum vindinum út.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að ég færi með lagakróka í þessu máli og ég teldi, að setja mætti upp varalögreglu, þótt engin fastalögregla væri fyrir. Ég hefi sýnt fram á, að í lögunum stendur, að fastir lögregluþjónar þurfi að vera „allt að tveimur" á hvert þúsund áður en varalögregla er stofnuð, og þetta gerði hv. 2. þm. Reykv. enga tilraun til að hrekja.

Hv. 2. þm. Reykv. var að tala um, að hv. þm. V.-Sk. væri nazisti. Þetta er nú ekkert nýtt að heyra úr þeirri átt, en mér er fullkunnugt um það, að hv. þm. V.-Sk. er góður og gætinn lýðræðismaður, sem enga tilhneigingu hefir til þess að beita ofbeldi, eins og þýzku nazistarnir gera.

Ég vil að lokum skora á hv. þm. að fella þessa till.ómynd, sem hér liggur fyrir. Hún er markleysa ein og þinginu væri til vanvirðu að samþ. hana. Á síðasta Alþingi varð samkomulag um þetta mál milli aðalflokkanna, og það væri því furðulegur hringlandaháttur að hlaupast frá því samkomulagi á svo óþinglegan hátt sem ráð er gert fyrir í till. þessari.

Finnur Jónsson: Það hefir verið talað um, að við værum að tefja þingið með þessari till. Það er þess vegna ekki ófróðlegt að athuga, hvernig umr. hafa skipzt. Í þessu máli hafa verið fluttar af

hálfu okkar alþýðuflokksmanna 6 ræður og ein athugasemd, en af hálfu íhaldsmanna um 20 ræður og flestar langar. Ef nokkrir eru hér með málþóf, eru það því íhaldsmenn sjálfir.

Það er líka á allra vitorði, að það er ekki þetta mál, sem tefur þingið, heldur sjálft aðalmálið, kosningalagafrv. Og það tefur þingið vegna þess, að fulltrúar tveggja stærstu flokkanna hafa ekki fylgi hjá sínum eigin flokkum. Þótt samkomulag hafi orðið í nefndum, hafa flokkarnir riðlazt á þingfundum.

Sjálfstæðismenn hafa verið með varalögregluna á dagskrá síðan 1925, hvort sem þeir hétu nú þá heimastjórnarmenn eða eitthvað annað. Síðan hafa þeir ávallt verið að stagast á varalögreglu. En öll þessi ár, síðan Jón Magnússon kom með herskyldufrv. sitt, hefir aldrei komið fram nein þörf fyrir varalögreglu hér á landi. Og þessi reynsla styður þá skoðun okkar, að enn sé engin þörf fyrir varalögreglu.

Sjálfstæðismenn tala mikið um sparnað. Það er rétt, að sjálfsagt er að spara ónauðsynleg útgjöld. En fyrst og fremst á að spara þau útgjöld, sem miða að því að stofna til ófriðar í landinu, eins og kostnaðurinn við varalögregluna hlýtur að gera. Nú hefir verið varið til varalögreglunnar hátt á 4. hundr. þús. króna, eða 100 þús. kr. meira en til atvinnubóta á sama tíma. Er hægt að hugsa sér hraklegri ráðstöfun en þá, að verja meira fé til þess að halda hungruðum mönnum í skefjum frá því að krefjast brauðs og vinnu heldur en til þess að veita þeim þetta hvorttveggja?

Einhver úr hópi sjálfstæðismanna var að býsnast yfir því, að útlit væri fyrir, að gera ætti varalögregluna að árlegu umtalsefni hér á Alþingi. Ég vil segja honum það, að ég vona, að svo verði gert meðan Alþfl. á nokkurn fulltrúa á þingi og varalögregla íhaldsins er notuð til að berja á hungruðum mönnum. Svo mikið alvörumál er það, að greiða 100 þús. krónum meira til varalögreglu en til atvinnubóta.

Því hefir verið haldið fram, að fasta lögreglan í Reykjavík væri ekki nægileg. En í fyrra, fyrstu dagana eftir 9. nóv., þegar hugir manna voru þó vitanlega í nokkurri æsingu og mikill hluti lögreglunnar lá í lamasessi, bar þó ekki á hinum minnstu óspektum. Þetta sýnir, að lögreglan í Reykjavík er nægileg og engin þörf á varalögreglu. Atburðirnar 9. nóv. spruttu af svo einstæðum orsökum, að þeir út af fyrir sig réttlæta ekki að setja á stofn herlið í landinu.

Við jafnaðarmenn erum andvígir ofbeldi. En hvarvetna þar, sem ranglæti er sett í öndvegi, verður því rutt burt með ofbeldi, ef því verður ekki um þokað á annað hátt.

Hv. þm. A.-Húnv. talaði um afstöðu bænda gagnvart ranglætinu. Ég vil minna hann á það, að eitt sinn er erlendur kúgari óð hér uppi með ofbeldi og yfirgangi við alþýðuna, voru það íslenzkir bændur, sem tóku sig saman, létu ofbeldismanninn í poka og drekktu honum í Brúará. Og ég vildi óska, að alþýða þessa lands sýndi ranglætinu aldrei það langlundargeð, að hún tæki því með þolinmæði, að hungraðir menn væru kúgaðir og sveltir með hervaldi. En réttindi þessara manna eru ef til vill ekki á mannréttindaskrá hv. þm. A.-Húnv. Engin lögregla getur haldið ranglætinu í hásæti til lengdar, meðan nokkur manndáð er til í Íslendingum.

Það hefir nú fengizt viðurkenning fyrir því frá hv. þm. V.-Sk., að kommúnistahættan sé lítil hér á landi. Verður af þessu augljóst, sem reyndar var vitað og viðurkennt áður, að lögreglan er stofnuð í öðrum tilgangi. Hún er stofnuð, eins og hv. þm. V.-Sk. játaði, gegn Alþfl. og alþýðusamtökunum. Annars var ræða hv. þm. V.-Sk. ein samanhangandi keðja af rangfærslum og rökvillum frá upphafi til enda. Fyrst og fremst reyndi hann að sýna fram á, að varalögreglunni þyrfti að beita gegn Alþfl. En jafnframt sagði hann, að alþýðuflokksmenn hefðu reynzt svo löghlýðnir, að þeir hefðu ekki fengizt til að ganga í varnar- eða árásarlið Alþfl. Eða m. ö. o. að alþýðan væri svo friðsöm, að hún vildi ekki verja sig. En þó á að beita varalögreglunni gegn henni.

Hv. þm. talaði um, að við alþýðuflokksmenn værum þrungnir af ótta við varalögreglu. Við erum ekki hræddir við hana að öðru leyti en því, að við erum hræddir við, að hún verði til að stofna

til borgarastyrjaldar í landinu. En við munum sýna það, ef á þarf að halda, að við erum hvergi smeykir, þótt hv. þm. V.-Sk. segi, að alþýðan vilji ekki verja sig. Það, sem ásamt öðru sýnir, hvernig beita á lögreglunni hérna í bænum, er, að hér eru lögregluþjónar í hina föstu lögreglu skipaðir eftir stjórnmálaskoðunum, jafnvel þótt sumir þeirra hafi staðið nálægt fangelsi sjálfir eða meira að segja verið dæmdir.

Ég vil víkja lítið eitt að hv. þm. A.-Húnv. aftur. Ég er hræddur um, að hann hafi með ræðu sinni komið tveim flokksmönnum sínum í slæman bobba. Hann spurði, hvort það myndi vera satt hjá hv. 1. þm. Reykv., að það hefði verið að undirlagi lögreglustjóra, að óeirðirnar urðu hér 9. nóv., og beindi því til stj., að hún léti lögreglustjóra hreinsa sig af þessum áburði eða sæta ábyrgð ella. En því kvaðst hann beina máli sínu til stj., en ekki dómsmrh. eins, að þar sem stjórnin væri samsteypustjórn, yrði dómsmrh. annaðhvort að beygja sig eða fara úr stj., ef ráðherrana greindi á um stórvægileg atriði. Hér er því ekki nema um tvennt að ræða. Annaðhvort er hv. 1. þm. Reykv. ósvífinn ósannindamaður eða þá að hæstv. núv. dómsmrh. hefir hylmað yfir eitt hið stórfelldasta embættisafbrot, sem sögur fara af hér á landi, til þess að hanga í stjórninni. Hv. þm. A.-Húnv. hefir þannig gert eitt af tvennu: annaðhvort er hv. 1. þm. Reykv. yfirlýstur opinber ósannindamaður eða hæstv. dómsmrh. hefir gert sig sekan um að hylma yfir stórkostlegt afbrot. Hann talaði um það, hv. þm., að það sé sitt áhugamál og stefnumál Sjálfstfl., að öllum íbúum landsins geti liðið vel. Þetta er fallega sagt. En hvers vegna byrjaði þá hv. þm. starfsemi sína á þeim endanum, sem hann hefir nú gert? Hvers vegna gengur hann þá í lið með hálaunamönnunum í landinu til þess að viðhalda þeirra valdi yfir atvinnutækjunum? Hvers vegna gengur hann í lið með mönnunum, sem stofna til varalögreglu til þess að halda hungruðum lýð í skefjum?

Þá skal ég lítilsháttar koma að ræðu hv. þm. Snæf. Hann vildi bera brigður á, að meiri hl. þjóðarinnar væri á móti ríkislögreglu, og vitnaði til atkvæðatalna frá síðustu kosningum. Nú er vitað, að það hefir aldrei verið kosið um ríkislögreglumálið eitt saman. Það nær því ekki nokkurri átt, að í þessu sé falin nein sönnun. Hitt vita allir, að gegn engu máli, sem afgr. hefir verið frá Alþ., hafa komið jafnalmenn mótmæli og því, og ég veit fyrir mitt leyti, að ég hefi á engum fundum verið, þar sem jafnalmenn atkvgr. hefir orðið á móti nokkru máli og ríkislögreglunni. Af því vil ég ráða, að það sé í rauninni alveg rétt hjá hv. þm. Seyðf., að meiri hl. þjóðarinnar sé á móti því máli, enda geta þeir ekki ímyndað sér annað, sem hafa það álit á þjóðinni, að hún kunni að hugsa rökrétt, þar sem sýnt er, að ríkislögreglan er óþörf og til þess stofnsett að reyna að berja niður réttmætar kröfur verkalýðsins í landinu. Hv. þm. Snæf. sagði, að liðsafnaður ungra sjálfstæðismanna væri einskonar íþróttafélag. Hvers vegna æfir það sig þá ekki á íþróttavellinum eða í íþróttahúsum bæjarins eins og önnur slík félög? (**TT**: Það gerir það). Það æfir sig í Kveldúlfsportinu. Hann sagði ennfremur, að við alþýðuflokksmenn værum með ótta við lögreglu. Með þessu gaf hann í skyn, að þetta ætti að verða lögregla til þess að slá skjaldborg um það ranglæti, sem íhaldið kynni að skapa hér í bænum. Þessi liðsveit — fánalið Heimdallar — er stofnuð í samkeppni við fánalið nazista hér í bænum. Þegar nokkrir óánægðir sjálfstæðismenn stofnuðu hér nazistadeild á síðastl. vori og einskonar baráttulið, þá vildu Heimdellingar ekki verða minni og stofnuðu til baráttuliðs. Þetta er m. ö. o. samskonar baráttudeild og Pitlers og Gitlers og hvað þeir nú heita nazistarnir. Þetta hefi ég eftir manni, sem er nákunnugur í herbúðum íhaldsins. Til Ísafjarðar komu í vor tveir nazistar. Lögðu þeir sérstaka áherzlu á að stofna barnadeild, en þeim varð ekki sérlega vel til fanga. En til þess að hæna börnin að sér fóru nazistarnir með þau — átta til tíu ára gamla krakka — upp í hlíð í góða veðrinu og höfðu með sér sítronvatn. Það var heitt í veðri og börnunum hefir sjálfsagt þótt sítrónvatnið gott. (**PO**: Það er nú drykkur við okkar hæfi, Finnur minn). En ég held, að kenningarnar, sem átti að innræta börnunum, hafi verið við hvorugs

okkar hæfi, mitt eða hv. þm. Borgf., því að börnin voru að reyna að setja saman vísu þarna í góða veðrinu, sem innibindi aðalkenningar nazistanna. Hún er ekki mikill skáldskapur, en hún sýnir, að börnunum hafa þótt kenningarnar allundarlegar, og hljóðar hún þannig:

„Þú átt að kunna að berja,
þú átt að kunna að slá,
þú átt að kunna að herja,
þú átt að kunna að flá".

Ef þær kenningar, sem fánalið Heimdallar eru innrættar, eru sama eðlis og þessar kenningar, þá vil ég segja það, að ég get skilið, að hv. þm. Snæf. kalli það „einskonar" íþróttafélag og minnist á þetta sem „einskonar" lögreglu. En það er líklega lögregla, sem á að vera við því búin að berja og slá andstæðinga sína, að maður ekki tali nú um, ef það á að fara að flá þá. Hann talaði nokkuð um það, hv. þm. Snæf., að það hefði verið spurt um, hvaða umbótum Sjálfstfl. vildi koma fram. Mín reynsla er sú, að Sjálfstfl. standi yfirleitt á móti umbótum. Og reynsla Alþfl. hér í þinginu hefir verið sú, að þegar alþfl.menn hafa komið fram með einhver umbótamál, hafa sjálfst.-menn venjulega verið á móti þeim svo lengi sem þeir hafa þorað og séð sér fært. Hann vildi sérstaklega, hv. þm. Snæf., eigna okkur alþfl.mönnum síldareinkasöluna, stjórnina á henni og hvernig hún fór. Ég skal ekki fara langt út í það mál, en ég vil einungis segja það, að það ár, sem einkasalan fór verst, voru þeir í meiri hl. í stjórn hennar sjálfstæðis- og framsóknarmenn, og jafnaðarmenn höfðu þar ekkert að segja. En þegar búið var að ákveða þá skipulagsbreytingu á stjórn einkasölunnar, að Alþfl. gat haft þar meiri hl., þá tóku þessir flokkar sig til og lögðu einkasöluna niður. Reynsla síldareinkasölunnar seinasta árið var hörmuleg, en reynsla tveggja síðustu áranna í síldarsölunni hefir nú verið svo, að saltendur horfa með stórum kvíða fram á komandi sumar og þeim kemur saman um, að hefði síldin ekki horfið af miðunum um 12. ágúst, þá hefði farið þannig, að saltendur hefðu sennilega orðið ennþá verr úti heldur en síðasta ár einkasölunnar. Og þeir fyrirframsamningar, sem gerðir hafa verið um sölu á síld síðan einkasalan var lögð niður, hafa verið um 50% lægri en síðustu samningar síldareinkasölunnar. Ég býst því við, að ef ekki rétt eftir að þessu þingi slítur, þá a. m. k. mjög bráðlega, komi síldarsaltendur og síldarútvegsmenn og biðji ríkisstj. einhverrar aðstoðar í því að koma einhverju skipulagi á síldarsöluna. — Nú hefi ég sýnt fram á, að jafnaðarmenn áttu ekki meiri hl. í stjórn síldareinkasölunnar, og að hún var ekki á þeirra ábyrgð.

Hv. þm. Snæf. minntist á, að við jafnaðarmenn hefðum hjálpað Framsókn til þess að eyða umfram fjárhagsáætlun 14—16 millj. kr. Nú mega hv. þm. taka eftir þeim orðum, að eyða „umfram fjárhagsáætlun". Ég veit ekki, á hve löngum tíma þetta hefir farið fram eða hvort þessar tölur eru réttar, en í orðum þm. sjálfs felst afsönnun á þessari sök. Við höfum hjálpað framsóknarmönnum til þess að samþ. fjárlög, og það, sem eytt er umfram þau, er á ábyrgð ríkisstj., en ekki þeirra, sem fjárl. samþykktu.

Hv. þm. spurði okkur jafnaðarmenn, hvort við gættum að því, hvort atvinnurekstur inn þyldi það kaupgjald, sem við heimtuðum með okkar samtökum verkalýðnum til handa. Nú vil ég spyrja hann, þegar hann er að athuga, hvað sá atvinnurekstur þolir, sem hann er nákominn, hvort hann þoli í öllum árum þau háu framkvæmdarstjóralaun, sem hann greiðir. Og þegar hann hefir svarað því og borið saman framkv.stjóralaunin og laun verkamannsins og sjómannastéttarinnar, sem við erum að hjálpa til að ná nokkru réttlæti í þessum málum, skal ég svara hans fyrirspurn. Hann vildi segja, að síldareinkasalan væri sá stærsti sigur, sem við alþfl.menn hefðum unnið hér á Alþ. Þetta er ekki rétt. Við höfum unnið hér ýmsa stórsigra, tiltölulega lítill flokkur. Við höfum t. d. unnið þann sigur, að dánarbætur sjómanna hafa verið hækkaðar úr 400 kr., sem þær voru í fyrir nokkrum árum og borguðust þá með 100 kr. á ári í 4 ár, í 4000 kr. fyrir okkar atbeina, og almennar slysatryggingar verkafólks og sjómanna hafa verið lögleiddar. Þetta er einn af okkar stóru sigrum, og ég álít, að þótt einkasala á síld hafi á sínum tíma komizt í gegnum þingið, þá hafi þau lög verið smávægileg samanborið við lögin

um verkamannabústaði og ýms fleiri. En stærsti sigur jafnaðarmanna er þó sá, að vera búnir að fá Íhaldsflokkinn með okkur til þess að vinna að mannréttindamálum. Íhaldsflokkurinn, sem stóð á móti 21 árs kosningarrétti, sem stóð á móti því, að þurfalingar nytu kosningarréttar, á móti breyttri kjördæmaskipun og stjórnarskrárbreytingu, sem gerði þetta mögulegt, hann er nú farinn að vinna að þessum málum. Þetta er stærsti sigurinn, sem Alþfl. hefir unnið á Alþ. og meðal þjóðarinnar. — Hv. þm. Snæf. ætti því að tala hér með sanngirni um okkar sigra, þegar hann athugar, hvílíka geysisigra við höfum unnið á íhaldssamasta flokknum í landinu.

Svo að ég víki aftur að varalögreglunni, þá er það eftirtektarvert, að svonefndar kommúnistaóeirðir hafa einungis orðið á tveim eða e. t. v. þrem stöðum á landinu. Þær hafa verið hér í Reykjavík, þar sem íhaldið er í meiri hl., þær hafa verið á Akureyri, þar sem íhaldið er stærsti flokkurinn, og þær hafa verið á Siglufirði, þar sem íhaldið er sömuleiðis allstór flokkur. Hinsvegar hafa aldrei orðið neinar óeirðir í Hafnarfirði eða á Ísafirði, þar sem jafnaðarmenn ráða. Hvernig stendur nú á þessu? Þannig, að kommúnisminn vex upp í sama jarðvegi og íhaldsstefnan. Það er alveg sama sagan úr Vestmannaeyjum. Það er alveg eins og þau séu systkin, íhaldið og kommúnisminn. Hv. þm. Snæf. var að lýsa því, að við hér, forvígismenn Alþfl., værum friðsemdarmenn, og það er rétt. Við erum það, ef ekki er leitað á okkur með ófriði. En nú hafa flokksmenn hv. þm., þar á meðal hv. þm. V.-Sk., lýst yfir því, að það væri núna verið að stofna hér varalögreglu til þess að halda í hemilinn á okkur, þessum friðsemdarmönnum. Sami þm. lýsti verkamönnum svo, að þeir væru svo friðsamir, að þeir vildu engan þátt taka í árásar- eða varnarliðssafnaði. Er það þá ætlun sjálfstæðismanna að leyfa okkur ekki alþýðuflokksmönnum að koma okkar málum fram með friði? Eru íhaldsmenn svo hræddir um, að við munum vinna þá til fylgis við okkar skoðanir á öllum sviðum, að þeir endilega þurfi að stofna til varalögreglu til þess að halda okkur í skefjum? Eru þeir svo hræddir við, að við fáum þá á næstu árum til að þjóðnýta atvinnufyrirtækin á sama hátt og við fengum þá til þess að gangast inn á þau mannréttindamál, sem nú er verið að afgr. frá Alþ., að þeir af þeim ástæðum, til að verja sjálfa sig, vilji stofna til varalögreglu? En nær liggur þó að ætla, að sú skoðun sé rétt, sem ég hefi haldið fram, að lögreglan sé einkum og sérstaklega ætluð til að halda niðri sanngjörnum kröfum alþýðunnar í landinu og hún eigi sérstaklega að vera til þess að halda í hemilinn á hungruðum mönnum, sem vantar brauð. En til þeirra hungruðu manna, sem vantar brauð, vil ég beina orðum, sem mér er sagt, að standi með stóru letri í fundarsal íhaldsins hér í bænum: „Þol eigi órétt“. Og hvernig svo sem fer um úrslit þessa máls á þessu þingi, þá vona ég, að það komi í ljós, að alþýða þessa lands hefir enn svo mikla mannslund, að hún þolir aldrei órétt.

Jóhann Jósefsson: Það er rétt svo, að maður nennir að vera að segja nokkuð í þessu máli lengur. Það er búið að tala svo mikið í því. Hv. 2. þm. Reykv. hafði verið að tala eitthvað um það hér áðan, áður en ég kom á fund, að ég væri nazisti. Hv. þm. er víst örlátur maður, og á þessum fundi er hann búinn að gefa nazistum tvo þm., ekki þó úr sínum flokki, heldur úr Sjálfstfl. En ég vil beina því til þm., að vilji hann gefa öðrum flokkum þingmenn, t. d. nazistum, þá gefi hann úr sínum eigin flokki. Þeir munu hafa mesta þörf fyrir slíka primsigningu. Það er staðhæfing út í bláinn, sem þm. hélt hér fram, að ég sé yfirlýstur nazisti. Það eina, sem hann veit um mig í því efni, er, að ég tók hér ofurlítið svari þjóðernissinna í umr. um þetta mál, þegar mér þótti ósanngjarnlega á þá ráðizt. Og hvað snertir umtal hans um makk mitt við nazista í Þýzkalandi, þá er honum það kunnugt sem utanríkismálanefndarmanni, í hverju þetta „makk“ hefir verið fólgið. Og ef maður er að „makka“, þegar maður fer fyrir ríkisstj. hönd, þá hefði mátt segja, að ég hefði verið að „makka“ við sócialistana og miðflokksmenn 1931, þegar ég fór í sömu erindum út af ísfisksölunni til Þýzkalands. Annars er það svo, að

maður verður að tala við þau stjórnarvöld, sem þar eru fyrir, og ég býst við, að það geti orðið erfitt, jafnvel fyrir hv. 2. þm. Reykv., að tala nú sem stendur við stjórnarvöldin í Þýzkalandi án þess að eiga tal við nazista. Annars fer hann með einkennilegum hætti í þessu máli. Hann fullyrti á seinasta þingi með miklum fjálgleik, að það, sem hefði gert óróann 9. nóv., hefði verið þegar „það undarlega skeði“ (sbr. ummæli hans í útvarpsumræðum í fyrra), að lögreglustjórinn hefði skyndilega gefið skipun um að ryðja salinn. Nú vill hann bendla allt aðra við þetta mál. En að öðru leyti hafði ræða hv. þm. verið mjög ljúfleg og salti kryddað, og löghlýðnin og ástin á lýðræðinu hafði skinið út úr hverju orði, en það hefir nú ekki alltaf verið hjá þessum hv. þm., hvorki á þingi eða utan þings. Mér eru í minni ýms atvik, sem hér hafa komið fyrir og staðið hafa í nánu sambandi við hv. 2. þm. Reykv. Það var t. d. atvinnubann, sem lagt var á Keflavík hér um árið, atvinnubann, sem lagt var á ákveðinn mann í Bolungavík og var látið ná svo langt, að bátur, sem hann átti eða félagi hans, var eltur norður á Akureyri og stöðvaður þar. Og svo er um mörg atvik, sem hafa komið fyrir. Maður var rekinn úr atvinnu á Siglufirði, sem ekki hafði annað fyrir sér gert en að hafa einhverntíma verið í varalögreglunni. Bílstjóri var stöðvaður við vinnu sína hér fyrir það eitt, að hann tilheyrði varalögreglunni. Öllum þessum atvikum mun hv. 2. þm. Reykv. vera mjög kunnugur, og sá flokkur, sem hann hefir mest völdin í, stendur að þessum verkum. Hvað sem um þau má segja, þá er það ábyggilegt, að það er ekkert lýðræði, sem hér liggur á bak við, eða löghlýðni. En nú er hv. 2. þm. Reykv., að því er hann telur, á annari skoðun.

Ég vil minna á það, að á þinginu 1932 var flutt frv. til laga um, að bændum væri leyfilegt að vinna að útskipun á framleiðsluvörum sínum, fyrir það kaup, sem þeim kæmi saman um. Frv. varð ekki að lögum. En í umr. um málið hafði hv. 2. þm. Reykv. þau orð um frv., að þó það yrði samþ. á þinginu, þá „skyldi þeim lögum aldrei verða hlýtt“. Ég hefi aldrei heyrt nokkurn þm. kveða svo að orði, að lögum frá Alþingi skyldi ekki verða hlýtt, nema hv. 2. þm. Reykv. En nú flytur þessi sami hv. þm. svo hjartnæmar ræður um lýðræði og mænir tárvotum augum yfir hafið til sósialistastjórnar Norðmanna og Dana, og nú á að vinna að öllu í anda lýðræðisins framvegis. Það er sannarlega ástæða til þess fyrir andstæðinga þessa hv. þm. að fagna yfir þeim mikilsverðu sinnaskiptum, sem hann hefir tekið. Maður minnist ósjálfrátt dæmisögunnar um glataða soninn, sem vék frá villu síns vegar og hvarf aftur heim til föðurhúsanna. Hv. 2. þm. Reykv. er fæddur og alinn upp undir lýðræðisþjóðskipulagi, en virðist hafa tilhneigingu til stjórnlítillar frekju, þegar hann vill koma sínu fram.

Ég fyrir mitt leyti er nú enn svo löghlýðinn og hlýnntur lýðræði, að mér finnst ástæða til þess fyrir alla, sem unna lögum og rétti í þessu landi, að fagna því, að hv. 2. þm. Reykv. skuli vera farinn að hallast að því, að lýðræðið sé látið gilda í þessu landi og að lögunum sé hlýtt. Bara að þetta haldist hjá hv. þm.

Ég vil ekki fara langt út í ræður einstakra þdm. um varalögregluna. En af því að hv. þm. Ísaf. talaði með svo miklum fjálgleik um það, að varalögreglan yrði aðeins til þess að auka ófrið í landinu, þá vil ég benda honum á þá staðreynd, að enginn ófriður eða uppþot hafa átt sér stað hér í Rvík síðan varalögreglan var stofnuð í fyrrahaust, nema þessi lítilsháttar aðsúgur, sem gerður var 9. nóv. síðastl. að samkunduhúsi Alþfl. og að líkindum hefir verið stofnað til af kommúnistum, en þangað var lögreglan kvödd það kvöld, eftir óskum jafnaðarmanna, til þess að skakka leikinn. (FJ: Þetta er ósatt, það er margbúið að leiðrétta þetta og lýsa yfir því, að lögreglan hafi ekki verið kvödd til þess að skakka neinn leik). Ég held, að það sé áreiðanlega búið að sanna það, að hv. jafnaðarmenn hafi þá kallað á lögregluna í dauðans angist sér til liðs. Og ég vil taka það skýrt fram, að ég held það sé ekki hægt að benda á, að þessir hröktu og hrjáðu varalögreglumenn hafi hikað við að gera skyldu sína og hjálpa sósíalistum til að fá fundarfrið, eins og líka rétt var. Þeir þakka það verr en skyldi, hinir hv. þm.

sócialista, þegar þeim er hjálpað. Ég þekki þá menn ekkert persónulega, sem eru í varalögreglunni, eða hvaða stjórnmálaflokkum þeir fylgja. En hv. jafnaðarmenn þykjast vita, hverjum þeir tilheyra. Og þá er heldur ekki forsómað að grafast vendilega fyrir um það, ef einhver af þeim mönnum, sem eru í varalögreglunni, hafi einhverntíma brotið eitthvað á móti lögunum. Hv. þm. Ísaf. var að hampa því, að einhver af þessum varalögreglumönnum hefði eitt sinn verið dæmdur fyrir eitthvert lagabrot. Mér finnst þetta vera hreint og beint ósæmilegt, út af fyrir sig, að vera í opinberum umr. að gera einkalíf þeirra, sem hafa tekið að sér þetta starf, að umtalsefni. Það er að sínu leyti af sömu rótum runnið eins og þegar verkalýðsfélagar hafa verið að elta varalögreglumennina á röndum, ef einhver þeirra hefir komizt að atvinnu við að stýra bíl eða ráðið sig í síldarvinnu hjá Ingvari Guðjónssyni eða öðrum norður á Siglufirði.

Þetta ber ljósastan vott um það, hversu afskaplega lágar hvatir liggja hér til grundvallar hjá þeim mönnum, sem berjast með hnúum og hnefum gegn því hér á þingi, að hæfilegt lögregluvald sé til í landinu til að halda uppi lögum og rétti.

Pétur Halldórsson [óyfirl.]: Herra forseti! Ég verð að játa, að ég hafði ekki ætlað mér að taka til máls um þessa ólánstill., sem mér finnst vera eitt stórt hneyksli og mælt hefir verið fyrir á hinn ósæmilegasta hátt af flutningsmönnum hennar. Ég lít svo á, að það hafi verið öllum þingheimi ósamboðið að sitja undir þessu snakki hv. flm., og langt fyrir neðan virðingu Alþingis að eyða svo miklum tíma í orðaskvaldur um þessa till., eins og gert hefir verið að tilstuðlan þessara hv. herra.

En tilefni þess, að ég kvaddi mér hljóðs, er það, að hv. 2. þm. Reykv. fór algerlega með rangt mál í ræðu sinni að því er snertir tvö atriði, sem ég hefi alveg sérstaka aðstöðu til að leiðrétta og veit fullkomlega skil á. Og í því sambandi skal ég taka það fram, að ég get fyllilega staðfest það, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði um viðskipti ríkisstj. og bæjarstj. Rvíkur um fjárframlög til atvinnubótavinnunnar hér í bænum haustið 1932. Að vísu ætti það ekki að þurfa að koma þessu máli mikið við. En það hefir nú verið dregið hér inn í umr. til þess að þyrla upp ryki og til þess að sócialistar hefðu enn meira svigrúm til að skattyrðast við þingmenn út af þessari hneykslistill. sinni. Hv. 2. þm. Reykv. er að mestu leyti ókunnugur því, sem fram fór á milli bæjarstj. og ríkisstj. í þessu máli. Hann hefir ekki verið í bæjarstj. undanfarin ár, en kom á þennan margnefnda bæjarstj.fund 9. nóv. í fyrra sem aðskotadýr, og hefir ekki skipt sér af málefnum bæjarins að öðru leyti. Hann er því miklu minna kunnugur en við, sem sitjum á bæjarstjórnarfundum einu sinni í hverjum ½ mánuði og stundum vikulega.

Það er alveg rétt, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, að bæjarstj. hafði þrásinnis farið fram á það við ríkisstj. að fá meira fé til atvinnubótavinnunnar en kostur var á fyrir 9. nóv. í fyrra, en stj. hafði neitað því. Þó hafði hún í eitt skipti gefið kost á 50 þús. kr. framlagi, sem átti að dragast frá þeirri upphæð, sem áætluð var til atvinnubótavinnu í fjárl. 1933. En hvort meira fé fengist á þann hátt, kom vitanlega ekki til greina, af því að bæjarstj. áleit ekki rétt að grípa til þess fjár fyrirfram. Og þegar hæstv. forsrh. ber það fyrir sig í þessu máli, að meiri hl. bæjarstj. hafi ekki farið fram á það við ríkisstj. að fá meira fé til atvinnubótavinnunnar, þá hlýtur hann að meina það, að bæjarstj. hafi ekki kært sig um að nota meira af því fé á árinu 1932, sem tilheyrði fjárframlagi ársins 1933; hún vildi ekki eyða meiru af því fyrir áramót.

Hitt atriðið í ræðu hv. 2. þm. Reykv., er ekki eins þýðingarmikið, þó ég telji rétt einnig að leiðrétta það. Hv. þm. hélt því fram, að skríllinn, sem sótti að bæjarstj. þennan dag — 9. nóv. —, hefði verið kyrrlátur og ekki sýnt af sér óspektir eða ætlað að hafa í frammi neitt ofbeldi, fyrr en undir ræðu Jakobs Möllers á fundinum, en þetta er algerlega rangt með farið. Mér er nær að halda, að hv. 2. þm. Reykv. og aðrir foringjar sócialista hafi vitað nokkrum dögum fyrirfram, hvað til stóð. Um 7. nóv. voru hálfbræður þeirra, kommúnistarnir, í æstara skapi en venjulega, á 15 ára afmæli byltingarinnar í Rúss-

landi. Um þetta leyti eru hátíðisdagar kommúnista í öllum löndum á hverju ári, og einnig hér á landi. Um þetta leyti árs streymir líka hingað til bæjarins sá lýður, sem ekki hefir að neinu vissu starfi að ganga, og á ekkert erindi hingað nema að rápa um göturnar með ópum og óhljóðum. Og þá vildi líka svo einkennilega til, að sömu dagana voru þessir atburðir að gerast í bæjarstj., sem áður hefir verið frá skýrt. Þessi lýður, sem hingað ranglar, í stað þess að gegna ærlegum störfum úti á landi, er til alls búinn þegar foringjar sósíalista og kommúnista hér í bænum vilja svo vera láta. Og þeim mun hafa þótt vel til fallið og hentugt að gera aðsúg að bæjarstj. Rvíkur einhvern þessara daga. Þess vegna er það áreiðanlegt, að skríllinn var þarna saman kominn 9. nóv. í því skyni að trufla starfsfrið bæjarstj. og beita ofbeldi. Og þegar foringjar sósíalista, sem þykjast vera svo rólegir borgarar, láta lita svo út, sem þessar óeirðir hafi komið þeim að óvörum þennan dag, þá held ég, að þeir segi það á móti betri vitund.

Ég veit ekki, hvort óeirðarseggirnir fremja annað eins upphlaup aftur hér í bænum; mér þykir það fremur ólíklegt. Sennilega eru þeir ekki undirbúnir til þess, enda get ég ekki séð, að þeir hafi neina menn til þess að taka völdin í bænum eða í þjóðfélaginu með byltingu. Ég held, að þeir sjái það sjálfir, að þeim er þetta ofvaxið. Það þarf ekki annað en að virða fyrir sér þennan lýð, til þess að sannfærast um, að þó foringjarnir hafi byltingaráform í huga, þá eru þeir ekki á neinn hátt færir um að framfylgja þeim.

En ekkert af þessu má þó nota sem rök gegn því, að ríkisvaldið tryggi það sem bezt, að núv. þjóðskipulag geti haldizt óraskað og að lýðræðinu sé borgið hvað sem í skerst, þannig að allt geti farið fram með friði, eins og lögin ætlast til.

Þess vegna er sú þáltill., sem hér liggur fyrir, reginhneyksli frá upphafi, ekki aðeins af því, hvernig hún er í sjálfu sér að efni til, heldur einnig fyrir hitt, að hún er flutt af leikaraskap og hv. flm. vita, að hún getur ekki orðið samþ. Nei, þessi þáltill. er ekki hæf til meðferðar í sölum Alþ.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 12. fundi í Sþ., 8. des., var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá þm. G.-K. samþ. með 24:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSn, EE, GSv, GÍ, GL, HStef, HJ, JakM, JJós, JónJ[1]), JÓl, JP, JS, JónÞ, KS, MG, MJ, ÓTh, PHalld, PM, PO, TT, TrÞ, ÞÞ.

nei: BKr, EÁrna, EystJ, FJ, HG, HV, IngB, IP, JónasJ, JörB, PHerm, VJ, ÞorlJ, BJ, BSt, BÁ, JBald.

ÁÁ greiddi ekki atkv.

2. Áfengismálið.

Á 21. fundi í Ed., 28. nóv., og á 21. fundi í Nd., s. d., var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um áfengismálið (A. 192).

Á 6. fundi í Sþ., 29. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 7., 8., 9., 10., 11. og 12. fundi í Sþ., 2., 4., 5., 6., 7. og 8. des., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 13. fundi í Sþ., 8. des., kl. 11,30 síðd., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Það mun nú vera nokkuð óvenjulegt, að þingfundur sé settur um þetta leyti sólarhrings, enda liggja til þess þær ástæður, sem kunnar eru. Það er fyrir eindregna áskorun margra þm., að hæstv. forseti loks neyddist til þess að taka þetta mál þannig á dagskrá, að það kæmi hér til umr. Það er öllum hv. þm. vitanlegt, að tildrög málsins eru þau, að á síðasta Alþ. var flutt frv. um afnám áfengislaganna

1) **JónJ:** Í fullu trausti þess, að dómsmrh. samþykki ekki varalögreglu frekar en lög standa til og þörf krefur, svo og að séð verði um, að henni verði beitt hlutdrægnislaust og aðeins til varnar lífi og eignum borgaranna og fundafriði gegn árásum ofbeldis- og óróamanna hvers flokks sem eru, segi ég já.

af 11 þm. í Nd. Þetta frv. fór til allshn. og afgreiðsla þess þar var sú, að n. kom sér saman um að leggja málið til hliðar í því formi, en bar einróma fram þáltill. um þjóðaratkvgr. um aðflutningsbannið á áfengum drykkjum. Þetta var aðallega rökstutt með því, að þegar bannið var sett á, hefði það verið að undangenginni þjóðaratkvgr. Þess vegna féllust menn á, að rétt myndi að efna til slíkrar afgreiðslu um afnám bannsins. En um það, að breytinga þurfti við í þessum efnum, ber afgreiðsla málsins í Sþ. ljósastan vott. — Ég vil biðja hæstv. forseta að sjá um, að hæfilega hljótt sé. (Forseti hringir). — Hv. þm. voru sammála um að leggja þetta undir atkv. þjóðarinnar. Ályktunin var afgr. með 26:2 atkv., og hljóðar hún þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram þjóðaratkv. á þessu ári á meðal kjósenda í málefnum sveitar- og bæjarfélaga um það, hvort afnema skuli bann það gegn innflutningi áfengra drykkja, er felst í gildandi áfengislöggjöf".

Í grg. fyrir þessari ályktun er það tekið fram m. a., er hér segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Fari svo, að þjóðin vilji afnema bann það, er nú gildir, ætlast flm. til, að ríkisstj. láti semja og leggja fyrir næsta þing löggjöf um innflutning áfengra drykkja og um sölu þeirra, sem flm. gera ráð fyrir, að fari fram undir eftirliti ríkisins og með þeim takmörkunum, sem réttar þykja, að beztu manna yfirsýn, til að koma í veg fyrir óhóflega áfengisnautn".

Þetta gerðist þá á seinasta þingi í málinu, og eins og kunnugt er, fór þjóðaratkvgr. fram hinn 21. okt. síðastl., með þeim árangri, að stór meiri hl. þjóðarinnar greiddi jáyrði við því, að áfengislöggjöfinni yrði breytt í þá átt, að leyft yrði að flytja inn sterka drykki. Með þessu greiddu atkv. 15884 kjósendur, en á móti 11624. Sá meiri hl., sem kom fram með breytingunni, er 4260 atkv. Það má geta þess í sambandi við þetta, að þau bannlög, sem þjóðin hefir búið við síðan 1908, voru sett á með atkv. einungis 4645 kjósenda, eða m. ö. o. nokkrum atkv. meira alls með banninu þá heldur en nú er meiri hl. þeirra manna, sem vilja breyta áfengislöggjöfinni. Á þessum atkv. hafa bannlögin lafað allan þennan tíma og um það er nú ekki hægt að deila, hvað meiri hl. þjóðarinnar vill í þessum efnum. Samkv. þessu var frv. borið fram í Ed. á þessu þingi, þar sem farið er fram á að breyta áfengislöggjöfinni í þá átt, sem þjóðaratkv. benti til. Það frv. er eingöngu takmarkað við það, sem greitt var atkv. um. Þetta frv. kom fram 16. f. m., og í dag — 8. des. — er frv. ekki ennþá komið til 2. umr. Þetta út af fyrir sig sýnir, að hv. Ed. ætlar málinu ekki fram að ganga, enda hefir það verið sýnt um nokkurt skeið, og í þá átt bendir ennfremur álit meiri hl. allshn. Ed., sem fyrir liggur á þskj. 232, þar sem meiri hl. n. lýsir yfir því, að hann vilji fá d. til að samþ., að frv. þetta sé ekki tímabært. Okkur flm. till. á þskj. 192 þótti ekki sæmandi fyrir Alþ. að kveða fyrst upp úrskurð um, að hér ætti að fara fram þjóðaratkv. og hafa hann síðan að engu. Ég hefi heyrt og við flm., að það hafi af ýmsum verið talið óþinglegt að bera það fram meðan þing situr, að stj. heimili innflutning sterkra drykkja með bráðabirgðalögum eftir að þingi hefir verið slitið, því að það hefði verið á valdi þingsins að setja slíka löggjöf. Ég vil í því sambandi benda á, að þetta er ekki að öllu leyti fordæmislaust. Menn munu minnast þess t. d., að þingið 1923 var lengi að baksa við frv. um útflutning hrossa, sem þingið gat aldrei komið sér saman um að afgr., og var stungið upp á að afgr. það á þann hátt að vísa til þess, að ráðuneytinu sé heimilt að gefa út bráðabirgðalög um þetta. Ég vil einnig geta þess, að Jón heitinn Magnússon forsrh. lét svo um mælt um þá afgreiðslu, að það væri ekki rétt af n. að gera ráð fyrir, að veita mætti undanþágu á annan hátt en með bráðabirgðalögum, og segir hann, að þingið megi yfirleitt ekki gefa stj. bendingu um að gera neitt í málinu á þann hátt öðruvísi en með bráðabirgðalögum. Afgreiðslan fór svo, að svolátandi rökst. dagskrá frá minni hl. var samþ.:

„Með því að gera má ráð fyrir, að landsstjórnin, að fenginni heimild með bráðabirgðalögum, veiti undanþágu frá

ákvæðunum um bann gegn útflutningi hrossa á vetrum, ef brýn nauðsyn ber til, tekur d. fyrir næsta mál á dagskrá".

Samkv. þessari bendingu voru lög sett 21. nóv. 1923.

Annað dæmi er frá 1932. Hér í Nd. var fellt frv. um rýmkun á lögum um dragnótaveiði. Það þótti hafa verið fyrir nokkra slysni, að frv. féll, því að þingvilji var fyrir rýmkuninni. Eftir þingið var skorað með undirskriftum þingmanna á stj. að gera þetta með bráðabirgðalögum, sem misheppnazt hafði að gera á þinginu, þrátt fyrir að meiri hl. þm. var málinu fylgjandi. — Ég hefi nefnt þessi tvö dæmi til þess að sýna, að slík afgreiðsla er ekki án fordæmis. Ég vil því halda því fram, að þessi till. sé algerlega þinghæf, og ég vona, að hið háa Alþ. sjái, hve það er nauðsynlegt, að framkvæmdur sé vilji meiri hl. þjóðarinnar, ekki sízt þegar hinir sömu menn hafa kallað á þjóðarviljann í þessu efni. Ég skal taka það fram, að ég ætla ekki hér að fara að ræða um bann eða ekki bann, gagnsemi þess eða ógagnsemi. Það mál hefir nægilega verið rætt hér í þinginu og þjóðin hefir kveðið upp sinn úrskurð í því máli. Stj. er heimilt að gefa út bráðabirgðalög án íhlutunar þingsins, en sú heimild er enganveginn rýrð, þótt þingið gefi stj. þessa bendingu, heldur er ástæða til fyrir stj. að fara eftir því. Ég minntist á, að í grg. till. eins og hún var flutt í fyrra var það tekið fram og var undirstaðan í framsöguræðu hv. þáv. 1. þm. Skagf., að ef þjóðaratkv. sýndi, að flytja ætti inn áfenga drykki, ætti stj. að leggja fyrir þingið frv. um breytta áfengislöggjöf. Það var vitaskuld ekki víst, að haldið yrði aukaþing, en hinsvegar kom það svo fljótt í ljós, að nægur tími hefði unnizt til að undirbúa slíka löggjöf. En það hefir ekki verið gert, og því ber Alþingi enn brýnni skylda til að afgr. málið samkv. vilja meiri hluta þjóðarinnar.

Ég heyri, að það hafa margir kvatt sér hljóðs, svo að ég býst ekki við, að ég komist mikið að seinna í nótt til að ræða málið, og vil því nú drepa á örfá atriði enn. Ég hefi bent á fordæmi, er sýna, að till. er þinghæf. Þá hafa menn einnig talað um, að þetta mætti geyma til næsta þings. Það hefir komið hér fram yfirlýsing undir meðferð málsins í Nd., sem hefir lotið í þá átt, að sjálfsagt væri á næsta þingi að breyta áfengislöggjöfinni. En nú er það þannig, að flestir þeirra manna, sem á seinasta þingi skutu málinu til þjóðarinnar, eiga hér nú sæti, og í öðru lagi á enginn þm., sem hér situr nú, víst að taka þátt í afgreiðslu málsins á næsta þingi. Þess vegna er þessi frestun talsvert út í bláinn og mætti e. t. v. segja svo, að ef þessu mætti fresta til næsta þings, þá mætti alveg eins fresta því lengur. Við flm. teljum skýlausa skyldu þingsins að verða þegar í stað við vilja þjóðarinnar, og þess vegna er þessi till. komin fram. Sé óviðurkvæmilegt og óviðkunnanlegt að fara þessa leið, er ekki til annars að vísa en þess, að Ed. hefir sýnt sig óhæfa til að leysa málið, og virðist það með öllu óhæfilegt að skilja nú við málið með öllu óafgr. Það er viðurkennt af öllum, bæði af andbanningum og bannmönnum, að fullerfitt hefir veitzt að halda uppi bannlögunum fram að þessu. Hvernig halda menn þá, að það verði eftir að úrskurður þjóðarinnar er fallinn á þá lund, sem orðið er? Þinginu ber að skilja þá nauðsyn, að þjóðin glati ekki virðingunni fyrir sínum eigin úrskurðum. Ef gengið er á snið við þann úrskurð, sem þjóðin hefir upp kveðið, þá hverfur sú virðing, sem þjóðin þarf að hafa fyrir því, er máli er skotið undir þjóðardóm. Það er sjálfsagt rétt að gera ekki of mikið að því að leggja mál undir þjóðaratkv., en sé það gert, er því þingi, sem byggist á lýðræðisfyrirkomulagi, skylt að beygja sig undir úrskurð þjóðarinnar.

Ein ástæðan enn hefir verið talin mæla með því, að málinu sé frestað til næsta þings eða lengur. Hún er sú, að þegar atkvgr. fór fram um bannið 1908, var bannið ekki sett á jafnskjótt. En hér stendur öðruvísi á, þar sem um afnám er að ræða. Þá stóð svo á, að ýmsir höfðu vinsölu að atvinnurekstri. Þeir áttu vörubirgðir, sem þurfti að koma í lóg áður en fullkomið hann gæti orðið, og þá voru sett lög til að **hefta** persónufrelsi manna, en **hér liggur fyrir** að **leysa** þau höft. Er því sjálfsagt að hlíta þjóðaratkvgr. tafarlaust í þetta sinn, þótt svo væri ástatt 1908, að ekki væri hægt að lögleiða bannið tafar-

laust. — Ég vil að síðustu benda hv. þm. á það, að sé þjóðarviljinn virtur að vettugi í þetta sinn, má Alþ. sjálfu sér um kenna, ef í framtíðinni, e. t. v. í ennþá stærri og þýðingarmeiri málum, verður farið eins að og þjóðarviljinn ekki látinn njóta sín. Lýðræðið er víða um lönd mikið átalið um þessar mundir og standa flokkar, sem byggja á því, sumstaðar nokkuð völtum fótum. Vér á Alþ. ættum því að gefa þjóðinni greinilega bendingu um það lýðræði, sem hér ríkir og á að ríkja, með því að beygja okkur tafarlaust undir vilja og úrskurð þjóðarinnar í þessu máli.

Vilmundur Jónsson: Ég mun fara að dæmi hv. 1. flm. þessarar till. að ræða ekki svo mjög áfengismálið sjálft, svo sem það, hvort landsmenn væru betur farnir, ef hér á landi væri bann eða ekki bann, eða hvernig ráða eigi fram úr þeim vandræðaógöngum, sem þetta mál er nú komið í. Ég mun að mestu leyti eða nær eingöngu ræða um það form, sem hér er stungið upp á að viðhafa við afgreiðslu málsins.

Því hefir verið haldið fram, að þjóðaratkvgr., sem allir vita, hvernig fór, leggi þær skilyrðislausu skyldur á herðar þingmanna að afgr. málið umsvifalaust í samræmi við úrslit atkvgr. þegar á þessu þingi. Því hefir meira að segja verið haldið fram, að í raun og veru væri bannið á sterkum drykkjum afnumið með þjóðaratkvgr. Þetta er hin mesta firra, og á það vil ég leggja sérstaka áherzlu. Núv. lög um hann gegn innflutningi sterkra drykkja verða ekki afnumin fremur en önnur l. á annan hátt en með meiri hl. atkv. í báðum deilum Alþ., eða tilskildum meiri hl. í sameinuðu þingi, eftir að hafa verið til meðferðar í báðum deildum Alþingis á venjulegan hátt. Þessi leið er torsótt, eins og vitað var, því að ég sé enga skynsamlega ástæðu til að gera ráð fyrir, að þingmenn hljóti að breyta sannfæringu sinni í þessu máli frekar en öðrum, þó að skoðun þeirra á því reynist ef til vill að vera í ósamræmi við skoðanir og vilja meiri hl. þjóðarinnar. Það má vera, að sumir hv. þm. séu svo innrættir, deigir og léttir fyrir, að þeir fylgi straumnum. Aðrir eru það ekki, en þvert á móti reiðubúnir til að fylgja sannfæringu sinni og taka afleiðingunum af því. Ef meiri hl. kjósenda þeirra þm. krefst þess, að bannlögin verði afnumin, hvað sem öllu öðru líður, hafa þeir ekki um annað að velja en að kjósa sér aðra fulltrúa á þing, sem vilja greiða atkv. með afnámi bannlaganna. (**JJós:** Til hvers var þá verið að stofna til þjóðaratkvgr. um málið?). Ég kem að því síðar. Hér á landi eru engin ákvæði um það, að þjóðaratkvæði — referendum — skuli viðhaft og sett yfir þingið, nema um sambandslög Íslands og Danmerkur. Í öðrum löndum er það algengt, að almenningi sé veitt úrskurðarvald í ýmsum löggjafarmálum með alþjóðaratkvgr. En þar eru þá í gildi ákveðnar reglur um það, og munu vera yfirleitt á þá leið, að viðkomandi þing setur lög, sem síðan er skotið til kjósenda, og geta þeir þá með almennri atkvgr. annaðhvort numið þau úr gildi eða staðfest þau. Í vissum mikilsverðum málum er þá þjóðaratkvgr. einskonar yfirréttur yfir þingunum, en samvizka og skoðanafrelsi þingmanna á engan hátt skert. Hér á landi er þessu ekki þannig fyrir komið. Hér getur þjóðin ekki fellt úrskurði í löggjafarmálum öðruvísi en að þingið geri það fyrir hennar hönd, eftir settum reglum. Við Alþfl.menn höfum stungið upp á því, að hér á landi yrðu settar reglur um það, að þjóðaratkvgr. skyldi fara fram í einstökum mikilsverðum málum. En ég veit ekki til, að sú uppástunga hafi hlotið stuðning frá neinum öðrum flokki. Og á meðan engar reglur eru hér til um slík málskot beint til kjósendanna, þá verður að framfylgja þeirri skipun, sem nú gildir um meðferð löggjafarmála.

Því hefir verið haldið fram af sumum, að þingmenn hafi afsalað sér úrskurðarvaldi um bannlögin með því að samþ., að þeim skyldi skotið undir úrskurð þjóðarinnar við almenna atkvgr. En þetta er á engan hátt rétt. Það var orðið gamalt deilumál á Alþingi sem utan þings, og hafði verulega þýðingu að fá úr því skorið, hvort bannlögin hefðu nú orðið fylgi meiri hl. þjóðarinnar eða ekki. Og tilgangur þeirrar ákvörðunar, sem gerð var á síðasta þingi, mun hafa verið sá, að fá úr þessu skorið með atkvgr. (**JJós:** Til hvers var þá málinu

skotið undir atkv. þjóðarinnar, ef þeir þm., sem það gerðu, hafa vilja hennar að engu?). Ég greiddi að vísu ekki atkv. um þá ályktun á síðasta þingi, að skjóta málinu undir þjóðaratkv., en ég neita því algerlega, að ég hafi með því á nokkurn hátt játast til þess að greiða atkv. í þessu máli með tilliti til þeirrar niðurstöðu, sem þjóðaratkvgr. kynni að sýna. Meðan ég er á þinginu greiði ég atkv. eftir minni sannfæringu, en ekki annara. (TT: Og það er lýðræðismaður, sem talar). Já, einmitt! Það er mitt hlutverk í þessu máli, eins og í svo mörgum öðrum efnum, að tala máli minni hl., og þó að sá minni hl. sé óverulegri, ein 11 þús. á móti 15 þús., eins og kom fram við þessa atkvgr. Það er sem sé viðurkennt, að minni hl. eigi líka rétt, enda eitt þýðingarmesta atriði lýðræðisins. (ÓTh: Á þá minni hl. að ráða?). Ég hefi bent á það, að ef meiri hl. þjóðarinnar leggur áherzlu á að ráða úrslitum þessa máls á þann veg, sem atkvgr. bendir til, þá er ekkert því til hindrunar, annað en þær reglur, sem þjóðin sjálf hefir sett sér um löggjöfina. Er nú skammt að bíða almennra kosninga, og þá er meiri hl. innan handar að senda þá fulltrúa á þingið, sem eru fúsir til að framkvæma vilja hans í þessu máli, alveg eins og minni hl. væntanlega kýs þá þm., sem líklegir eru til að fara að hans óskum.

Ég vil einkum vekja athygli hv. andbanninga á því, sem þeir mega vel vera minnugir á, að til er réttur minni hl. í þessu máli ekki síður en í öðrum málum. Hafa þeir ekki svo sjaldan minnzt þess og notið þess sjálfir á umliðnum árum, stundum langt um of! Ég endurtek það, að þó að þjóðaratkvgr. sé skilin og túlkuð á þann hátt, sem ég hefi gert, þá er hún enganveginn gerð þýðingarlaus með því. Það er nú orðin staðreynd, sem áður var af mörgum talið ólíklegt, að skeð gæti, að meiri hl. greiddra atkv. í landinu hefir látið í ljós, að hann vilji afnema það innflutningsbann á sterkum drykkjum, er hingað til hefir verið í gildi. Og þetta varð einmitt kunnugt á mjög heppilegum tíma, þar sem almennar alþingiskosningar standa fyrir dyrum. Við undirbúning kosninganna víðsvegar um land er því góð aðstaða til að ræða um áfengismálin á grundvelli þeirrar staðreyndar, sem þjóðaratkvgr. hefir leitt í ljós. Meiri hl. virðist ekki vilja láta gera neinn mun á því, hvaða áfengistegundir eru fluttar inn í landið, en hitt er aftur á móti með öllu ókunnugt, hvaða afstöðu meiri hl. kjósenda vill taka til meðferðar áfengu drykkjanna, hvaða ráðstafanir hann vill gera viðvíkjandi sölu þeirra eftir að búið er að leyfa innflutning á þeim. Þjóðaratkvgr. gefur enga hugmynd um það. En skoðanir þeirra manna, sem annars hafa fylgt meiri hl., geta verið mjög mismunandi um þetta atriði, og er alkunnugt, að svo er því varið. Þeir hafa engu um það svarað um leið og þeir felldu úrskurð sinn um, hvort hér ætti að vera algert bann á sterkum drykkjum eða ekki. Hér hygg ég, að leiðir kjósenda skiptist aftur í þessu máli, og er engar ályktanir hægt að draga af þjóðaratkvgr. um það, hvernig meiri hl. kjósenda vill haga eftirleiðis reglum um meðferð og sölu áfengis í landinu. Vænti ég, að margir muni eiga þar samleið, sem skildu við atkvæðagreiðsluna. Það er algerlega óheimilt að væna meiri hl. kjósenda þess, þó að hann virðist vera meðmæltur innflutningi sterkra drykkja, að hann hafi viljað afgr. þetta mál á þann flaustrslega, léttúðarfulla og ábyrgðarlausa hátt, sem vakir fyrir ýmsum hv. þm., flm. þessarar fráleitu þáltill.

Í þessu sambandi á vel við að minna á það, sem hv. frsm. einnig gat um, að bannmenn urðu á sínum tíma að bíða 6—7 ár, frá því að samþ. hafði verið við þjóðaratkvgr. að banna innflutning áfengis, þangað til það kæmist í framkvæmd, og síðan var þeim boðið það, að í raun og veru var því aldrei komið í framkvæmd, sem samþ. hafði verið, og þarf ekki að minna á annað en allar undanþágur laganna og margfalda misbrúkun þeirra. Ég hefi leyft mér að fleygja því, að ekki væri nema eðlilegt, að andbanningar fengju nú að bíða í þrjú ár eftir því, að innflutningsbanninu á sterkum drykkjum yrði af létt. Það er sízt ósanngjarnt, þegar borið er saman við þann langa tíma, sem bíða þurfti eftir framkvæmd bannlaganna. Og ég tel, að Alþingi færist rausnarlega við flm. þáltill. og miskunnarsamlega við þá, sem

þyrstir eru, ef það gæfi vonir um, að málið yrði tekið til meðferðar eftir næstu kosningar.

Þá vil ég víkja sérstaklega að þeirri þáltill., sem fyrir liggur og flutt er af 9 þm. Þó ótrúlegt sé, þá eru flm. þessarar þáltill. öllu færri en þeir, sem áður hafa staðið að flutningi þessara brennivínsmála á Alþingi. Mig minnir, að á síðasta þingi væru 11 flm. að áfengislagafrv., sem þá kom fram, og ef til vill hafa þeir verið fleiri áður. En það, sem þáltill. fer fram á, er, að Alþingi feli stj. að nema úr gildi það, sem eftir er af bannlögunum, með bráðabirgðalögum um næstkomandi áramót, og að hún setji einnig bráðabirgðareglur um meðferð og sölu áfengis í landinu, í samræmi við þjóðaratkvgr. Hvaða reglur getur stj. sett í samræmi við atkvgr.? Ég man ekki eftir, að þjóðin væri þar spurð eftir öðru en því, hvort leyfa ætti innflutning á sterkum drykkjum til landsins. En hvaða drykkir það eiga að vera, var látið ósagt. Ég geri samt ráð fyrir, að þar hafi verið átt við brennivín, whisky, konjak, romm, líköra allskonar, að ógleymdu absinti, sem þó er bann á í Frakklandi, og ýmsar fleiri sterkar eiturtegundir, sem fróðlegt væri fyrir okkur hina fáfróðari þm. að heyra nöfnin á.

Í sambandi við þjóðaratkvgr. var ekki minnzt á það, hvernig breyta ætti lögum og gildandi reglum um meðferð áfengis, ef bannið yrði afnumið. Þess vegna er það alveg tilefnislaust af flm. að benda stj. á að setja bráðabirgðareglur um meðferð áfengis í samræmi við atkvgr. Þar er einskis samræmis að leita. En það er einmitt höfuðatriðið við skipun löggjafar um þetta mál, að undirbúa hana vel og rækilega og íhuga gaumgæfilega, hverskonar reglur og takmarkanir er nauðsynlegt að setja, ef svo fer, að Alþ. ákveður einhverntíma að afnema innflutningsbannið á sterkum drykkjum. Sennilega má búast við, að það verði gert á næsta þingi, eftir þær kosningar, sem nú fara í hönd. Það er eftir að undirbúa þessar reglur, og um það efni hefir engin atkvgr. farið fram. Það er það aðalatriði, sem frambjóðendur eiga að ræða við kjósendur sína fyrir næstu kosningar. Og ef þeir frambjóðendur, sem eru andbanningar, vilja þá vera þess háttar lýðræðismenn, sem þeir telja sig vera nú, eiga þeir að hlera vandlega eftir vilja kjósenda um það, hverskonar reglur þeir óska, að verði lögfestar, og haga sér síðan eftir því. (**JJós:** Nei, refjast um og þverskallast, eins og hv. ræðumaður vill, að þm. geri nú).

Þessi þáltill. er flutt hér í Sþ. eftir að frv. um sama efni, afnám innflutningsbanns á sterkum drykkjum til landsins, hefir samkv. upplýsingum hv. flm., þm. Vestm., strandað í þinginu.

Það er upplýst af hv. flm., enda vitað, að frv. um sama efni, sem flutt var í hv. Ed., hafi ekki nægilegt þingfylgi til að geta náð afgreiðslu á lögformlegan hátt, og þá er gripið til þess fáránlega uppátækis að leggja það til, að þingið varpi frá sér löggjafarstarfinu og afsali sér því í hendur stj. Það er þetta, sem margir þm. telja í mesta máta óþinglegt við flutning málsins, og er ég einn af þeim. Ákvæði stjskr. um útgáfu bráðabirgðal. eru stutt, skýr og ákveðin. Þau eru í 23. gr. og hljóða svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar brýn nauðsyn ber til, getur konungur gefið út bráðabirgðalög milli þinga. Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir næsta Alþingi á eftir."

Það, sem skiptir máli í þessu sambandi, er aðeins fyrsta setning greinarinnar: „Þegar brýn nauðsyn ber til, getur konungur gefið út bráðabirgðalög milli þinga". M. ö. o., konungur má ekki gefa út bráðabirgðalög, þó að um venjulega nauðsyn sé að ræða — ekki nema hún sé sérstaklega brýn og aðkallandi. Hann má ekki gefa út bráðabirgðal. nema á milli þinga. Og að honum er það yfirleitt heimilað, mun eiga að skilja svo, að þegar ekki næst í Alþ., geti legið svo mikið við, að ekki verði hjá þessu komizt, enda var þá miðað við þinghald aðeins annaðhvert ár. Ef hægt er að ná til Alþingis, þá er þetta ekki heimilt, því að þá má ekki annað koma til mála en að Alþingi ráði sjálft fram úr vandanum. Þeim, sem sömdu stjskr., hefir eflaust alls ekki dottið í hug, að Alþingi færi nokkurntíma að afsala sér rétti til löggjafar, og sízt svona algerlega að óþörfu.

Ég vil nú til frekari áréttingar og með leyfi hæstv. forseta lofa hv. þm. að heyra, hvað einn hinn helzti stjórnlagafræðingur okkar, Lárus H. Bjarnason prófessor og fyrrv. hæstaréttardómari, segir um þetta í „Íslenzkri stjórnlagafræði", sem kennd hefir verið við lagadeild háskólans. Hann talar um, að til útgáfu bráðabirgðal. þurfi eftir orðanna hljóðan í stjórnarskránni „brýna nauðsyn", og ennfremur segir hann, að það liggi í orðum stjskr., „að óhjákvæmileg þörf verði að vera fyrir hendi, til þess að gefa megi út bráðabirgðalög". Venjuleg þörf nægir ekki sem skilyrði fyrir útgáfu bráðabirgðal.; hún verður að vera brýn. (**BJ**: Hvað er brýnni nauðsyn en að fullnægja þjóðarviljanum?). „Jafnvel nauðsyn nægir ekki", segir stjórnlagafræðingurinn; „nauðsynin verður að vera brýn". „Það þarf að vera hætta á ferðum, heill almennings eða eftir atvikum einstaklinga verður að vera í húfi að meira eða minna leyti, svo sem drepsótt, uppreisn o. s. frv.". Hv. þm. taki vel eftir því: **drepsótt eða uppreisn!** Er það nú svo, að hv. flm. þáltill. óttist drepsótt af brennivínsleysi eða viti til þess, að einhverjir fylgismenn þeirra eða aðrir andbanningar ætli sér að gera uppreisn, ef brennivínið fæst ekki flutt inn í landið nú þegar, og að þess vegna telji þeir nauðsyn á bráðabirgðalögum? En þó að svo væri, nægir það samt ekki, að dómi stjórnlagafræðingsins. „Hætta af drepsótt eða uppreisn verður að vera svo **bráð**, eða heimta svo hraðar aðgerðir, að bráðabirgðalög séu **einasti** vegurinn til að bæta úr". Hann segir ennfremur, að það geti stundum verið álitamál, hvort konungur eigi heldur að gera, að gefa út bráðabirgðalög eða kalla saman aukaþing, ef um brýna nauðsyn sé að ræða, og kemst að þeirri niðurstöðu, að undir venjulegum kringumstæðum eigi fremur að kalla saman aukaþing. „Sé mikið í húfi og beri þó ekki bráðar að en svo, að bíða megi aukaþings, mundi réttara að stefna þingi saman til aukafundar", segir stjórnlagafræðingurinn.

Nú liggur næst að athuga, hvað af þessu er hér fyrir hendi og hversu mikið er í húfi. Hvaða hætta mundi nú stafa af því fyrir þjóðfélagið, ef það skyldi verða látið dragast í nokkra mánuði að afnema innflutningsbann á sterkum drykkjum? Eru líkur til þess, að það myndi leiða til drepsóttar eða uppreisnar í landinu? Ég ber nokkurt skyn á drepsóttarhættuna og neita henni, en hinsvegar skal ég ekkert taka af um, hvort brennivínsleysið kynni að leiða til uppreisnar, og beini því til hv. flm. þáltill. til frekari skýringar. Þeir ættu manna bezt að vita, til hvaða ráða verður gripið næst, ef ekki er þegar í stað farið að kröfum þeirra um að flytja brennivín og aðra sterka drykki inn í landið. En þó að við gerum ráð fyrir, að þessi uppreisnarhætta sé nú fyrir hendi, þá vantar samt annað höfuðskilyrði stjskr. fyrir því, að konungi sé heimilt að gefa út bráðabirgðalög, sem sé það, að ekki hafi náðst í hið reglulega löggjafarvald, Alþingi sjálft. Ekki hefir það verið örðugt að ná í Alþingi til þess að setja lög um þessi efni, því að það hefir nú átt setu nokkuð á annan mánuð. Og það hefir verið aðalverkefni þingsins að afgr. aðeins einn lagabálk — kosningalögin, sem einungis ⅙ þingsins, eða 6—7 þm., hafa að mestu leyti unnið að. Hinir þingmennirnir hafa flestir haft léttum hala að veifa á þessu þingi, og að því er mér skilst, flestir ef ekki allir flm. þáltill. Það skyldi þá vera, að sá síðasttaldi, sem hefir verið í stjskrn., hafi ekki getað gefið sér tíma til að sinna öðru. Hvernig er þá hægt að segja, að ekki hafi náðst til Alþingis til þess að setja lög um áfengismálið? Eða vilja hv. flm. bera það fyrir sig, að málið hafi gleymzt þangað til nú? Nei, því er alls ekki til að dreifa. Það var lagt fyrir hv. Ed. í frumvarpsformi snemma á þinginu, en ýmsir af hv. þm. í Ed. munu hafa verið tregir að fylgja því. Hv. flm. þessa máls gátu alveg eins flutt frv. í Nd. Hvers vegna gerðu þeir það ekki, fyrst þeir litu svo á, að það hefði gengið þar fram? Nei, ég hygg, að það verði aldrei sagt með sanni eða gert sennilegt, að ekki hafi verið hægt að ná til hins venjulega löggjafa — Alþingis. En hitt er annað mál, að núv. þing er þannig skipað, að málið hafði þar ekki nægilegt fylgi til þess að mögulegt væri að afgr. það á þinglegan hátt. Og þegar fylgismenn málsins komast að

raun um það, þá verkar það svo hastarlega á ýmsa hv. þm., að þeir missa alla skapstillingu og virðingu fyrir þingræðinu og stjskr. og vilja blátt áfram afhenda þingræðið og þar með lýðræðið í hendur stj., — og á það vil ég leggja mjög mikla áherzlu —, sem þó er aðeins bráðabirgðastjórn og yfirlýst, að hún hefir ekki fylgi meiri hl. þings að baki sér. M. ö. o., þingið á samkv. þessari þáltill. að afsala sér löggjafarvaldinu í hendur konungs. En öldum saman hefir verið háð óþreytandi barátta fyrir því hér á landi eins og í öðrum löndum að ná löggjafarvaldinu úr höndum konunga og annara einvaldsherra og fá það í hendur fulltrúaþingum þjóðanna. Ég vil benda á það, að hér er um mjög hættulegt fordæmi að ræða, sem þessi þáltill. felur í sér, er getur leitt til þess, að þingræðið og þar með lýðræðið í þessu landi verði lítils virt og að engu haft. Og er eins og á stendur ekki leikur að slíku gerandi. Mundi það áreiðanlega verða munað síðar, og kynni þá að verða tekið upp, ef ekki er unnt að koma fram einu eða öðru máli, sem svo og svo mörgum þm. þykir miklu skipta. (**ÓTh:** Ef þjóðaratkvgr. hefir áður fallið málinu í vil). Það getur t. d. verið fyllilega jafngilt og þjóðaratkvæði, ef tveir eða fleiri þingflokkar, sem hafa að baki sér meiri hl. þjóðarinnar, eru samhuga, segjum í skattamálum. Nú koma þeir ekki fram vilja sínum í þinginu, og grípa þá til þess, með þetta fordæmi fyrir augum, ef þeir standa saman um stjórn landsins, að gefa út bráðabirgðaskattalög. (**JJós:** Þetta er ekki svo hættulegt; það kemur þing á eftir). Sumir álíta það ekki hættulegt, en aðrir telja það aftur á móti mjög varhugavert vopn gegn lýðræðinu í landinu. Og þegar einu sinni er búið að leiða þennan asna inn í þessar herbúðir, er ekki séð, hvar staðar nemur né til hvers hann verður notaður. (**GSv:** Telur hv. þm. ekki sérstakar ástæður fyrir hendi, þegar þjóðaratkvgr. hefir farið fram um málið og önnur stefnan fær öruggt meirihlutafylgi?). Jú, að nokkru leyti. En það má líka telja svo, að við hverjar almennar kosningar fari fram þjóðaratkvgr. og hún raunar margfalt þýðingarmeiri en sú, sem fór fram um bannmálið 21. okt. síðastl. Og þá kemur jafnan í ljós vilji meiri hl. þjóðarinnar í hinum stærri stefnumálum, sem þm. geta túlkað svo og svo og vitnað til. (**BJ:** Er það ekki Alþfl., sem vill hafa eina málstofu?). Alþfl. vill hafa eina málstofu, og þegar því fyrirkomulagi hefir verið komið á, munum við hlýða þeim starfsreglum. Við viljum yfirleitt hlýða öllum þeim reglum, sem settar eru á löglegan hátt. Það álítum við nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að lög og reglur fái haldizt í þessu landi.

Ég mun nú ekki hafa þessi orð miklu fleiri að sinni. Ég vil aðeins leggja hv. þm. það ríkt á hjarta að íhuga vel, hvað svo sem líður skoðun þeirra á áfengismálunum, hvort sem þeir eru bannmenn eða andbanningar, sem engu máli skiptir viðvíkjandi þeim atriðum, sem ég hefi dregið hér fram, hvort þeir álíta hollt fyrir þessa samkomu að gefa fordæmi fyrir þeim aðferðum, sem hér er farið fram á að nota til þess að afnema þessi sérstöku lög.

Í framhaldi af því, sem ég hefi nú sagt, vil ég leyfa mér að bera fram rökstudda dagskrá. Ég vil taka það fram, að ég legg ekki neinn sérstakan skilning í orðalag hennar, fram yfir það, sem beinlínis kemur fram af orðanna hljóðan. Þó að menn greiði henni atkv., þýðir það ekki, að þeir með því taki neina sérstaka afstöðu til áfengismálsins, og raunar ekki heldur það, að þeir séu að sjálfsögðu samþykkir öllu því, sem ég hefi sagt á þessum röska hálftíma, sem ég hefi nú þreytt þolinmæði hv. þm. Í dagskránni felst ekkert annað en það, sem í henni stendur skýrum stöfum, og ég ætla, að ekki sé annað en það, sem hver einasti þm. ekki einungis **getur** samþ., heldur er **skyldugur** sem þm. að samþykkja. Dagskráin hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Sameinað Alþingi telur, að því aðeins eigi stjórn að gefa út bráðabirgðalög, að mjög brýn nauðsyn kalli að og ekki náist til hins venjulega löggjafa, sjálfs Alþingis, en að því sé ekki til að dreifa, þar sem Alþingi hefir átt þess nægan kost að afgr. þetta mál á venjulegan hátt með lagasetningu, enda um fordæmi að ræða, sem er hættulegt þingræðinu, að Alþingi afsali sér þannig löggjafarvaldinu í hend-

ur stjórnarinnar — og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.“

Pétur Ottesen: Ég verð nú að segja það, að það var ekki að ófyrirsynju eða ástæðulausu, þó að hv. þm. Vestm. byrjaði ræðu sína á því, að það bæri að með dálítið óvenjulegum hætti þetta fundarhald hér í kvöld, þar sem fundur var settur í þann mund, sem skikkanlegt fólk í þessu landi er vant að ganga til hvílu sinnar. Það má náttúrlega segja það með réttu um hv. alþm., að þeir séu ekki hvað sízt vökumenn þjóðarinnar. En ég verð að segja það, að það hefði verið æskilegra að mínu viti, að þeir helguðu þessa sína vökumennsku í nótt öðru heppilegra og betra máli heldur en því, sem hér liggur fyrir.

Það er ákaflega áberandi í öllum málaflutningi andbanninga, þeirra manna, sem hafa nú lagt fram ákaflega mikla krafta og mikið starf í að reyna að rífa niður þá bannlöggjöf, sem við höfum í þessu landi, og þær litlu varnarráðstafanir, sem í henni felast ennþá, hvað þeir vitna nú djarft og freklega í þá þjóðaratkvgr., sem fór fram fyrsta vetrardag síðastl. um bannlögin. Það er ákaflega áberandi, segi ég, hversu gersamlega þeir snúa við blaðinu í þessu efni, því að það er alkunnugt, að á tveimur undanförnum þingum, þinginu 1932 og þinginu 1933, ætluðu þeir að knýja fram afnám bannlaganna án þess að skeyta nokkuð um vilja kjósendanna í því efni, án þess að leita þjóðaratkvæðis um málið. Þá þurfti ekki að spyrja þjóðina ráða. Nei, henni kom það ekkert við. Þeir börðu í borðið, espuðu sig og ygldu á allan hátt, þegar þeim var bent á þann eðlilega hlut, að eins og bannlögunum var komið á að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu, eins væri sjálfsagt og eðlilegt, að það yrði ekki afnumið án þess að þjóðaratkvgr. yrði látin ganga um málið. Þeir ætluðu að springa yfir þeirri lítilsvirðingu, sem þeim þótti Alþingi vera sýnd með því að skjóta því undan þeirri ábyrgð að ákveða þetta á eigin hönd og bera það undir þjóðina. Ég get ekki útmálað þá fyrirlitningu, sem fólst í svip þeirra og látbragði yfir því, að menn skyldu vera að tala um að bera þetta undir þjóðina, svo lítilmótleg, þýðingarlaus og einskisverð fannst þeim þessi þjóðaratkvgr. þá. Nú hrópa þeir jafnhátt um það, að sjálfsagt sé á þessu aukaþingi, sem skotið er á til þess eins að afgr. stjórnarskrármálið og kosningalögin, að afnema bannið, án þess að nokkrar þær breytingar séu gerðar á áfengislögunum, er miða að því að draga úr hættunni, sem óhjákvæmilega er samfara því takmarkalausa vínflóði inn í landið, sem af þessu leiðir. — Þetta er þjóðarviljinn, segja þeir, og við krefjumst, að eftir honum sé farið. Nú hlaupa þessir hv. þm. til handa og fóta og segja, að það sé hreinasta brot á þjóðarviljanum, sem fram kom við atkvgr., þessum helgidómi, sem þeir fordæmdu áður, en sjá nú ekki sólina fyrir, ef þessu aukaþingi slíti svo, að hinir vínþyrstu menn fái ekki takmarkalausa fullnægingu á sínum gráðuga vilja. Og svo er ásóknin í þetta mikil og stjórnlaus, að þeir grípa til þess óyndisúrræðis, þegar öll von er úti um að koma þessu máli fram á þinglegan hátt — fá það samþ. í báðum deildum —, að reyna þá seinustu nóttina, sem gert er ráð fyrir að þingið standi, að koma þessu fram með þeim óskaplega hætti, að með þeirri aðferð, sem nú er valin, er hreint og beint reitt til höggs við sjálft þingræðið. **(ÓTh:** Guð hjálpi þeim!). Já, ég get sannarlega, af öllum þeir trúarkrafti, sem ég á til, tekið undir með hv. þm. G.-K. og sagt: Guð hjálpi þeim.

Það varð ekki hjá því komizt að benda á þetta óskaplega ósamræmi um aðstöðu til þjóðarviljans, sem kemur fram hjá þessum hv. þm. á tveimur undanförnum þingum og nú á þessu aukaþingi. Það er fullkomlega þess vert, að því sé gaumur gefinn, hvernig þeir hv. þm., sem að till. þessari standa og ég beini nú máli mínu til, hlaupa úr einu í annað í þessu máli, eftir því sem vindurinn blæs, og ekki er það minnst um vert, ef þeir fengjust sjálfir til að leiða hugann að ósamkvæmninni í sinni eigin framkomu, sem ég mun nú frekar gera að umtalsefni; en áður en ég geri það vil ég fara nokkrum orðum um þjóðaratkvgr., sem fór fram síðasta vetrardag.

Atkvæðagreiðslan hefir fallið þannig, að 14 kjördæmi hafa verið með afnámi

bannsins, en 13 á móti. Það hefir fengizt meiri hl. með afnámi bannsins á þann hátt, að tiltölulega lítill hluti á landinu, Reykjavík, Rangárvallasýsla, Vestmannaeyjakaupstaður og nágrenni Rvíkur, Gullbr.- og Kjósarsýsla, skera úr um það, að meiri hl. hefir fengizt fyrir því að afnema bannið. Það eru því 4 kjördæmi af 27, sem marka stefnuna og á veltur um úrslit þessa máls. En ég er ekki að gera lítið úr atkvgr., þó að hún hafi fallið svo sem raun varð á, því að það er okkar háttur um atkvæðagreiðslu, að úrslit mála eru ekki bundin við það, hvernig atkv. falla á hverjum stað, heldur er það meiri hl., sem ræður og vitanlega á að ráða. En þó er rétt í þessu sambandi, þegar verið er að hrópa hátt um þjóðarviljann í þessu efni, að benda á, að þessi vilji er nokkuð staðbundinn og gagnstæður vilji á sér stað í eins mörgum kjördæmum, eins og atkvgr. sýnir.

Ég hefi nú fyrir skemmstu bent á ósamræmið í framkomu andbanninga á þingi fyrr og nú viðvíkjandi því, hvort þetta mál skyldi borið undir þjóðaratkvæði eða ekki. Þá er ekki síður ástæða til að benda á það ósamræmi, sem kemur fram hjá þeim í því fyrr og nú, hvernig með málið skyldi farið á þingi að aflokinni þjóðaratkvgr.

Ég vil benda á eitt atriði, sem rétt er að athuga í sambandi við það, þegar verið er að tala um þjóðarviljann, sem ég alls ekki vil gera lítið úr, og það er, hvernig þetta mál var lagt fyrir þjóðina og hvað það er, sem hefir mótað þjóðarviljann. Ég vildi, að hv. þm. Vestm. hlustaði á það, sem ég segi um þetta atriði, ef hann er ekki mjög vant við látinn, af því það snertir hann sérstaklega sem flm. þeirrar þáltill., sem lögð var til grundvallar fyrir samþ. síðasta þings um þjóðaratkvgr.

Það kemur mjög greinilega fram, hvernig þeir menn, sem fluttu þáltill. um það á síðasta þingi að bera þetta mál undir þjóðaratkvæði, hugsuðu sér gang þessa máls, og hvernig þeir hugsuðu sér, að um hnútana væri búið áður en Alþingi tæki síðustu ákvörðun um það, að bannið yrði afnumið eða breytt yrði áfengislöggjöfinni. Og ég vil biðja hv. þm. Vestm. sem einn flm. þeirrar till. og nú er í fararbroddi þeirra manna, sem halda fram þjóðarviljanum, að taka sérstaklega vel eftir því, sem þeir segja í grg. sinni fyrir þeirri till. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fari svo, að þjóðin vilji afnema bann það, er nú gildir, ætlast flm. til, að ríkisstj. láti semja og leggi fyrir næsta þing löggjöf um innflutning áfengra drykkja og um sölu þeirra, sem flm. gera ráð fyrir, að fari fram undir eftirliti ríkisins og með þeim takmörkunum, sem réttar þykja, að beztu manna yfirsýn, til þess að koma í veg fyrir óhóflega áfengisnautn."

Þannig er málið lagt fyrir þjóðina. Hún er spurð að því, hvort hún vilji afnema bannlögin með því, að svo sé um búið áður en þingið taki endanlega ákvörðun um afgreiðslu þessa máls, að samin sé eftir **beztu manna yfirsýn** heilsteypt áfengislöggjöf, þar sem gerðar séu miklar ráðstafanir gegn þeirri hættu, sem leiðir af því að hleypa sterkum drykkjum óhindrað inn í landið. Það er þetta, sem þjóðin hefir fyrir augum, þegar hún greiðir atkv. um, hvort þetta spor skuli stigið eða ekki; það er í trausti þess, að slíkar varnarráðstafanir séu gerðar áður eða samtímis því, sem bannið er afnumið, að fengizt hefir meiri hl. með því að afnema bannið.

Ég vil ennfremur benda á, að hv. flm. þessarar þáltill. þótti ekki nógu ríkt kveðið að orði í grg. þeirra fyrir till., heldur áréttar fyrsti flm. till. þetta enn þá betur við flutning málsins. Hann segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við flm. þáltill. gerum ráð fyrir í grg. og teljum sjálfsagt, ef svo fer, að þjóðaratkvæði sýni vilja til afnáms bannlaganna, að þá undirbúi stj. löggjöf um áfengismálin og leggi hana fyrir næsta þing. Þá ber við samning slíks frv. að taka tillit til þeirra manna, sem vilja berjast gegn neyzlu áfengra drykkja. Ætlumst við til, að notkun þeirra verði svo stillt í hóf, að sem minnst tjón yrði að fyrir þjóðfélagið. Við álítum óþarft að taka þetta fram í sjálfri þáltill., en töldum það nægja að taka þetta fram í greinargerðinni".

Það er á þessum grundvelli, sem flm. þáltill. um þjóðaratkvgr. ætluðust til, að

málið yrði lagt fyrir þjóðina, að kjósendur mættu hafa tryggingu fyrir því, ef atkvgr. félli á þann veg, að meiri hl. yrði á móti banninu, að að engu yrði hrapað um endanlegt afnám bannsins, heldur yrði jafnframt og samtímis svo vel um alla hnúta búið eftir beztu manna yfirsýn eins og framast er unnt að gera, á þann hátt, að einskis skyldi látið ófreistað til þess að standa á móti þeirri hættu, sem stafaði af því að beina straumi sterkra drykkja aftur inn í landið. Það verður ekki komið við neinum undanbrögðum um það, að þetta var meiningin með atkvgr., og öll frávikning frá þessu eru refjar og svik við kjósendur.

Nú bar svo við, að á þessu þingi hefir í hv. Ed. verið flutt frv., sem eingöngu fer fram á það, að bannlögin verði felld úr gildi og heimilaður sé nú þegar innflutningur sterkra drykkja. Hin hliðin á málinu, að gera jafnframt nauðsynlegar ráðstafanir til að hamla upp á móti skaðseminni af áfengisflóðinu, hún er gersamlega vanrækt og öll loforð um það svikin. En því verður ekki neitað, að í Ed. er málið borið fram á þinglegan hátt. Um hitt má aftur nokkuð efast, hve sterkur vilji hefir verið fyrir því hjá andbanningum að koma málinu fram á þinglegan hátt. Þessu frv. er útbýtt 16. nóv., og eins og menn muna, kom þingið saman 2. nóv. og var ekki gert ráð fyrir, að það stæði lengur en þann mánuð. Það er því ekki fyrr, sem þessir miklu upphrópunarmenn um áhrifavald þjóðaratkvgr. koma fram með þetta frv. til fullnægingar á henni. Þessu máli var vísað til n. 20. sama mánaðar. Svo liggur það í n. þangað til meiri hl. hennar, þ. e. þeir, sem voru á móti frv. og afnámi bannsins án frekari breytinga á áfengislöggjöfinni, komu með sitt nál., sem gekk út á það, að vísa málinu frá aðgerðum þessa þings. En minni hl. n., sem var annar af flm. frv., kom ekki með sitt nál. fyrr en 5. þ. m., eða nokkrum dögum seinna en upphaflega var ætlazt til, að þingi væri lokið. Af þessu má nokkuð marka um það, hvað mikill vilji virðist vera fyrir hendi hjá þessum hv. þm. fyrir því að láta þetta mál ganga fram á þinglegan og eðlilegan hátt, þar sem þeir í fyrsta lagi verða svo síðbúnir að flytja málið inn í þingið, og liggja síðan sjálfir á því þangað til komið er að þinglokum. (**JJós:** Við vorum að bíða með þessa till., til þess að sjá, hvað gerðist í hv. Ed.). Ég var ekkert að tala um aðgerðir hv. þm. Vestm.; hann getur beðið rólegur þangað til ég kem að honum.

Ég verð að segja, að það virðist ekki vera ákaflega sterkur vilji hjá andbanningum fyrir því að koma þessu máli fram á þinglegan hátt. En sú taugin virðist mér miklu sterkari hjá þeim að knýja þetta mál fram á þann hátt, sem hv. þm. N.-Ísf. hefir nú lýst, — með því að ganga mjög áberandi og hættulega á snið við þingræðið, sem gert væri með því, ef Alþingi vísaði þessu löggjafarmáli frá sér á hendur ríkisstj.

Svo er það, að nú fyrir nokkru síðan taka nokkrir þm. sér það fyrir hendur að bera þetta mál fram á þann hátt, sem menn sjá og heyra af þeim umr., sem fara fram á þessari síðustu nótt þingsins. M. ö. o., að það, sem þeir leggja til í þessu máli, er efnislega séð mjög í samræmi við það frv., sem kom fram í hv. Ed., því að það, sem hér er farið fram á, felur ekkert í sér annað en að fyrirskipa ríkisstj. að byrja hið nýja ár með því að afnema bannlögin, skrúfa frá krananum og hleypa hinum sterku drykkjum óhindrað inn í landið án þess að á nokkurn hátt sé til þess ætlazt, að neitt sé aðhafzt eða gert til að draga úr skaðsemi og fyrirsjáanlegri hættu og þjóðarböli, sem óhjákvæmilega leiðir af slíkum tiltektum. Þetta er því undarlegra, sem sumir hverjir af flm. þessarar fáránlegu till. voru einnig flm. að þáltill. um þjóðaratkvgr., þar sem lögð var svo rík áherzla á það, að ekkert skyldi aðhafzt í endanlegu afnámi bannsins án þess að gerðar yrðu „eftir beztu manna yfirsýn“ allar hugsanlegar ráðstafanir til varnar skaðseminni, sem af þessu kynni að leiða.

Hvað viðvíkur formshliðinni á þessu máli, þá hefir hv. þm. N.-Ísf. bent nægilega á það, svo þar þarf raunar engu við að bæta, hver reginfjarstæða það er og hversu ákafleg hætta er í því fólgin, ef Alþingi ætti að fara að taka upp þann sið að vísa frá sér sínum sjálfsögðu störfum, sem eru löggjafarstörfin, yfir í hendur ríkisstj. Það er vitanlega svo mikil

hætta í þessu fólgin fyrir þingræðið, að það er óhugsandi, að í nokkru tilfelli, og þá sérstaklega í svo mikilsverðu máli sem hér um ræðir, geti slíkt orðið ofan á á Alþingi, því að með því er hreint og beint verið að reiða til höggs við þingræðið og lýðræðishugsjónina. Að hvorutveggju þessu er skeytunum stefnt og að lýðræðinu ekki síður, því það kemur vitanlega fram í krafti þingræðisins í öllum lýðræðislöndum. Það er þess vegna, jafnframt því, sem verið er hér að reiða til höggs við þingræðið, líka verið að reiða til höggs við lýðræðið, og það er það, sem menn verða að gera sér fullkomlega ljóst, því að þjóðaratkvgr., sem fram hefir farið í þessu eina máli, er alveg sérstætt fyrirbrigði og raskar í engu þeirri grundvallarhugsun, að lýðræðið komi fram í krafti þingræðisins. Þessa hlið málsins verða menn að athuga gaumgæfilega, þegar þeir nú fara að greiða atkv. um þessa þáltill., sem gengur út á það að reiða til höggs við þann sterkasta og mikilvægasta þátt í öllu okkar löggjafarstarfi og löggjafarstarfið er grundvallað á í öllum lýðfrjálsum löndum. Það er því af þessum ástæðum útilokað, að það geti komið til nokkurra mála, að Alþingi afgr. þetta mál á þennan hátt, og því síður, þar sem málið hefir verið borið fram í hv. Ed. á þinglegan hátt, og það er sýnt og sannað með aðgerðum þeirrar deildar, að það er ekki nú að þessu sinni hægt að koma málinu fram á þinglegan hátt. Það sætir því hinni mestu furðu, að fram skuli koma till., sem ganga svo bersýnilega í berhögg við þinglega afgreiðslu mála.

Hv. fyrsti flm. þessarar till. hefir reynt að þvo hendur sínar og sinna samherja af þessum verknaði með því að vitna í eitt eða tvö fordæmi, sem hann kallaði svo, þar sem ýtt hafi verið undir stj. með að gefa út bráðabirgðalög. Annað var það, að á þinginu 1923 komu fram raddir um, að þrátt fyrir bann gegn útflutningi hrossa að vetrarlagi gæti verið tiltækilegt, þegar þörf landsmanna eftir þessum markaði væri sérstaklega brýn, að gefa stj. heimild til þess að leyfa, að nokkuð yrði vikið út af ákvæðum laganna. Þáv. forsrh., Jón heitinn Magnússon, benti á, að aðstaða stj. væri ekki sterk, og gæti það orðið tilefni árása á hana, ef hún gerði slíkt, öðruvísi þá en með bráðabirgðalögum. En þetta var svo smávægilegt atriði, svo lítilfjörleg frávikning um framkvæmdaratriði l., sem allir voru sammála um, að það getur alls ekki talizt fordæmi fyrir því, sem hér er farið fram á. Og þessi frávikning var innan mjög þröngra takmarka, og því þótti ekki þörf að breyta lögum út af þessu, heldur hefði stj. þetta lítilfjörlega framkvæmdaratriði í sinni hendi, og að réttara væri að gera þetta þá, ef til kæmi, með bráðabirgðalögum en ganga í berhögg við *bókstaf laganna*. Hitt fordæmið var skapað af þessum hv. þm. á þinginu 1932. Honum tókst þá að afvegaleiða nokkra þm., en það hafa þeir harmað síðan sárlega; það sýna atkvgr. þeirra þvert ofan í þær undirskriftir, sem hv. þm. Vestm. flekaði út úr þeim. Það gekk þannig fyrir sig, að eftir að búið var að fella frv. um dragnótaveiðar á þinginu 1932, fer þessi hv. þm. á stúfana og fær undirskriftir liðlega helmings þm. undir áskorun til stj. um að gefa út bráðabirgðal. um að færa út heimildina til dragnótaveiða, þvert ofan í yfirlýstan vilja Alþ. Stj. lét sér nægja þessa illa fengnu heimild og gaf út bráðabirgðal. Auðvitað varð hún að leggja þau fyrir næsta þing. Og eitt af því fyrsta, sem þetta þing gerði, var að fella l. úr gildi, og meðal þeirra, sem það gerðu, voru einmitt sömu þm., sem hv. þm. Vestm. hafði flekað til þess að skrifa undir áskorunarskjalið. Það sýnir bezt, hve sárt þeir iðruðust. (**JJós:** Þeir bjuggu bara til nýj l.). Já, þeir bjuggu til nýj l., og þau með slíkum endemum, að áhrifavald manna á landsmál var gert mismunandi, eftir því hvar þeir bjuggu á landinu. Í þessum lögum var af löggjafans hálfu stigið fyrsta sporið til að kljúfa þjóðfélagið í tvennt. Ætti hv. þm. að kunna svo að skammast sín, að hann minntist ekki á þessi l. að fyrra bragði. (**JJós:** Ég tel mér sóma af þeim l.). Já, ekki get ég gert að því, þótt hv. þm. þyki sómi að skömmunum. (**JJós:** L. hafa þó nú þegar orðið fjölda sjómanna til ómetanlegs gagns). Nei, þvert á móti. Þau hafa orðið öllum til ógagns og bölvunar. Annars held ég, að hv. þm. væri nær að fara ekki mikið út í dragnótaveiðarnar nú; honum mun veitast nógu erfitt að standa

fyrir þeim næturverkum, sem hann hefir nú vakið hér upp. (JJós: Já, það er bezt að halda sér innan landhelgi!). Já, fyrst hv. þm. nefnir landhelgi og vill draga hana inn í þessar umr., þá gefur það fullkomið tilefni til að benda honum á, að þessi þáltill. hans, sem hér er til umr. nú, sýnir fullkomlega, hversu mjög hann yfir höfuð dottar nú orðið á verði landhelgismálanna. Þingræðið er landhelgi Alþingis, og nú er hann líka að ráðast á þá landhelgi. Hv. þm. er hreint og beint farinn að trolla líka í þeirri landhelgi! (JJós: En hvað segir þá hv. þm. um þjóðarviljann?). Ég held því fram eindregið, að hv. þm. sé að afflytja þjóðarviljann með því að nota hann svo sem nú gerir hann. Það á sem sagt að afnema áfengisl. án þess að í stað þeirra séu sett nokkur l., sem verndað geti þjóðina fyrir hættu áfengisflóðsins. En það eru hrein og bein svik við þjóðina. Þar er verið að svíkjast aftan að þeim mönnum, sem í góðri trú greiddu atkv. með afnámi bannsins, fullvissir þess, að staðið yrði við gefin loforð um að ganga vel frá þessu máli. En nú er ekki um það hugsað, heldur aðeins um það, að opna fyrir áfengisflóðinu, án þess að gera nokkrar ráðstafanir gegn þeirri hættu, sem af því stafar. Ég held, að hv. þm. ætti sem minnst að tala um þjóðarviljann, fyrst hann ætlar að fara svona að. (JJós: Hv. þm. ætti að lesa till. okkar). Það þarf sannarlega ekki að lesa till. nema einu sinni til að sjá, að svona er það. Þetta og ekkert annað er það, sem þeim gengur til. (JJós: Hér er aðeins um bráðabirgðafyrirkomulag að ræða). Þó að það sé bara fyrirkomulag til bráðabirgða, þá á það a. m. k. að gilda til næsta þings. Og það er harla lítil vörn fyrir hv. þm., þegar hann er að svíkja gefin loforð og reiðir til höggs við þingræðið, að það sé aðeins til bráðabirgða. (JJós: En hv. þm. Borgf. er að reiða til höggs við þjóðarviljann). Þetta er alrangt. Ég er einmitt í fullu samræmi við þjóðarviljann, en það er hv. þm. Vestm. aðeins að því leyti, að hann vill opna fyrir áfenginu, en láta allt annað, sem þessi þjóðarvilji krefst, að gert sé jafnframt, ógert. (JJós: Hvers vegna greiddi hv. þm. Borgf. atkv. með þjóðaratkvgr.?). Ég greiddi atkv. með þjóðaratkvgr. af því, að ég gerði ráð fyrir heilindum þeirra, sem fluttu till. um það, af því að ég hélt, að það, sem fólst í till. og grg. hennar, væri blekkingarlaust. — Ég heyri, að hv. þm. Vestm. stynur þungan. Mér þætti ekki ótrúlegt, að hann ætti eftir að gera það betur áður en lýkur. (JJós: Spyrjum að leikslokum, en ekki vopnaviðskiptum). Það hefir verið bent á, hvílíkt bráðlæti það er að vilja nú knýja fram aðra hlið málsins, — þá, að veita vínstraumnum inn í landið, en ætla svo að vanrækja hina, sem snýr að því að verjast hættunni af vínflóðinu. Það hefir verið bent á, að þeir, sem stóðu að þjóðaratkvgr. 1908, voru ekki svona bráðlátir. Þeir vildu taka tillit til þeirra kringumstæðna, sem þá voru, og horfðu ekki í það, þótt niðurstaðan af atkvgr. kæmi ekki fram með krafti l. fyrr en þremur árum síðar. Þeir lögðu ekki bókstaflegri skilning í þjóðaratkv. en svo, að þeir töldu sjálfsagt að ganga eins vel og hægt var frá lagasetningu um þetta efni. Alveg þetta sama felst í atkvgr. nú, ef vilji kjósenda er ekki skammskældur eins og hv. þm. Vestm. vill gera. Ég sé ekki, að sá þjóðarvilji verði framkvæmdur öðruvísi en að Alþ. gefi sér gott tóm til þess að setja fullkomna lagasetningu um það efni. En bráðlæti hv. flm. till. er svo mikið, að þeir vilja ekki með nokkru móti fara eftir rólegum ályktunum þjóðarviljans, sem eru á þá leið, að í þessu máli megi ekki rasa fyrir ráð fram, heldur skuli Alþ. gefa sér gott tóm til athugana. (JJós: Er hv. þm. þá svo ánægður með áfengisl., að þar megi engu breyta?). Nei, ég er ekki ánægður með ástandið í þessum efnum eins og það er, en ég vil ekki fara úr öskunni í eldinn. En það vill hv. þm. Vestm. gera, þegar hann vill opna allar gáttir fyrir víninu og setja engar skorður við afleiðingum þess. Og það er í fyllsta ósamræmi við þjóðarviljann.

Það var minnzt á það hér áðan af hv. þm. N.-Ísf., að svo gæti farið, að næstu kosningar snerust að nokkru leyti um það, hvort afnema skuli bannið eða ekki. Ég er honum ósammála um þetta atriði. Ég held, að næstu kosningar muni ekki snúast um það. En næstu kosningar geta að nokkru leyti snúizt um þær varnarráðstafanir, sem eru sjálfsögð og eðlileg af-

leiðing afnáms bannl. Og hugur kjósenda til þess máls er á þann veg, að ég tel gróða að því, að hann fái að koma greinilega fram, svo sem verður í næstu kosningum. En ég vil benda á það, að næstu kosningar geta látið til sín taka með það, hvort viðhöfð skuli sú venja hér á Alþ. að ráðast á þingræðið. Mér kæmi ekki á óvart, þótt þeir hv. þm., sem nú hafa slíkt á samvizkunni, reki sig á það, að atferli þeirra hafi ekki farið framhjá þeim kjósendum, sem standa á þingræðis- og lýðræðisgrundvelli. — Hv. þm. Vestm. bar mikinn kvíðboga fyrir því, að erfitt yrði að halda uppi bannl. eftir atkvgr. í haust. Ég vil benda honum á það, að þessi ótti byggist algerlega á þeirri misskildu þýðingu atkvgr., sem hann heldur fram, þeirri nefnilega, að nú beri að opna allt upp á gátt fyrir vininu án þess að hugsa um nokkuð annað. En þetta er helber misskilningur. Hv. þm. hlýtur að finna það sjálfur. Og hv. þm. hlýtur að vita, að kjósendur ætla fulltrúum sínum, þm., að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir í þessu máli; þeir ætla Alþ. að gera það, en ekki stj., að öðru leyti en því, að undirbúa málið. Þm. eru fulltrúar kjósendanna beint og milliliðalaust og þá geta þeir krafið til reikningsskapar gerða sinna. Atkvgr. hefir snúizt á móti banninu, en hún felur líka í sér ótvírætt, að sjálfsagt sé, að Alþingi geri jafnframt og samtímis því sem bannið er afnumið nauðsynlegar varúðarráðstafanir vegna þess spors, sem þar verður stigið.

Ingvar Pálmason: Ég vil biðja hæstv. forseta að athuga, hvort Alþ. sé nú ályktunarfært. Ég tel til lítils að halda umr. áfram, ef meiri hl. hv. þm. er fjarverandi. A. m. k. hafði ég hugsað mér að tala fyrir hv. þm., en ekki stólum þeirra. Fáist ekki helmingur þm. til að sitja á fundi, þá fer ég fram á það, að fundinum verði nú frestað.

Forseti (JBald): Það er nú ekki venja að krefjast þess, að svo margir hlýði á umr. sem þarf til þess að gera ályktanir. Ég tel víst, að margir þm. séu hér á næstu grösum, þótt þeir sitji ekki í sætum sínum. (Hringir). — Óskar hv. 2. þm. S.-M. að halda áfram ræðu sinni? (**IP:** Svo framarlega sem fundinum verður ekki frestað).

Mér hefir borizt svo hljóðandi skjal, undirritað af níu þm. (ÓTh, BJ, PM, GÍ, BÁ, JJós, ÞÞ, JÓl, MJ):

„Undirritaðir þingmenn óska þess, að umræðum um tillögu til þál. um áfengismálið verði tafarlaust slitið".

Það hefir venjulega verið skilið svo, þegar slíkar till. sem þessi hafa verið samþ., að þá fengju þeir að tala, sem komnir væru á mælendaskrá. Nú eru á mælendaskrá 14 þm., og eftir þingvenju ættu þeir allir að fá að tala, en svo ekki fleiri. Ég vil því skilja þessa till. svo, að farið sé fram á, að umr. verði slitið þegar þessir 14 þm. hafa lokið ræðum sínum. Með þessum forsendum verður gengið til atkv. um kröfu þessara níu þm.

Jóhann Jósefsson: Ég hélt, að ekki væri nauðsynlegt að bera þessa till. undir atkv. þingsins, úr því 9 þm. hafa skrifað undir hana. Annars ræður forseti því, hvort hann vill hindra, að Alþ. fái að segja já eða nei um það, hvort eigi að taka þjóðarviljann til greina eða ekki.

Pétur Ottesen: Ég verð að segja, að þessi till. kemur mér undarlega fyrir sjónir. Þeir, sem með græðgi og áfergju heimtuðu næturfund, heimta nú, að skornar séu niður umr. í byrjun fundar; klukkan er ekki nema 2!

Ólafur Thors: Ég vil skýra fyrir hæstv. forseta, að meining okkar, sem skrifuðum undir áskorunina, var sú, að umr. yrðu skornar niður þegar í stað. Ef það er vilji hæstv. forseta að girða fyrir, að málið komi til úrskurðar Alþ., þá get ég skilið, að hann ætli að bera till. upp þannig, að umr. yrðu þá fyrst skornar niður, þegar 14 málþófsmenn væru búnir að ljúka máli sínu. En ef það er vilji hæstv. forseta að gefa Alþ. færi á að segja sitt álit um það, hvort fara beri eftir þjóðarviljanum eða ekki, þá á hann að bera till. upp eins og hún er orðuð.

Forseti (JBald): Ég hafði skotið því til þeirra, sem skrifuðu undir áskorunina, hvort þeir væru því ekki samþ., að hún yrði borin undir atkv. eftir þeim venju-

lega skilningi, sem lagður er í slíkar áskoranir, að umr. sé slitið eftir að þeir hafa talað, sem þá eru á mælendaskrá, þegar áskorunin kemur fram. Hv. flm. mótmæltu þessu ekki fyrr en ég ætlaði að fara að bera till. undir atkv.

Hitt skal ég játa, að till. er orðuð fortakslaust, og ef hún verður samþ. þannig, þá ber að slíta umr. tafarlaust. En mér þykir það nokkuð mikið harðræði við þá, sem eru á mælendaskrá, að þeir fái ekki að tala.

Jóhann Jósefsson: Ég vil ítreka, að till. er orðuð fortakslaust, eins og hæstv. forseti sagði. Það er nú á valdi hæstv. forseta, hvort mönnum tekst að tefja málið, sem fyrir liggur, með málþófi, hvort Alþingi verði gefinn kostur á því að segja já eða nei við því, hvort virða eigi vilja þjóðarinnar að vettugi. En ef hæstv. forseti vill beita valdi sínu til þess að tefja málið, svo að það komi ekki til atkv. á þessu þingi, þá hann um það.

Forseti (JBald): Ég mótmæli því harðlega, að ég hafi farið óþinglega með þetta mál. Ég fór fram á að fá að bera till. upp eins og venja er til, þannig að ef hún yrði samþ., þá yrði sá venjulegi skilningur lagður í þá atkvgr. Fyrst hreyfði enginn mótmælum, en úr því þetta er gert að svo miklu kappsmáli, þá mun ég bera till. upp með því harðræði, að ef hún nær samþykki, þá verði umr. skornar niður þegar í stað.

ATKVGR.

Fellt að slíta umr. með 16:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EE, GSv, GÍ, HJ, JJós, JÓl, MG, MJ, ÓTh, PM, TT, ÞÞ, BSt, BÁ.

nei: BSn, EÁrna, FJ, GL, HStef, HG, IP, JakM, JónJ, KS, PHerm, PO, VJ, ÞorlJ, ÁÁ, JBald.

BJ greiddi ekki atkv.

Ellefu þm. (BKr, EystJ, HV, IngB, JP, JS, JónÞ, JónasJ, JörB, PHalld, TrÞ) fjarstaddir.

Ólafur Thors: Ég leyfi mér að bera fram þá ósk til hæstv. forseta, að hann sitji rólegur í sínu sæti eða setji varamann sinn fyrir sig, þar til yfir lýkur. Þá má vera, að sá grunur, sem fallið hefir á hann um hlutdrægni í þessu máli, nái ekki að festast við hann.

Forseti (JBald): Ég get engu lofað um það, því að fundurinn getur orðið svo langur, en ég mun sitja enn um stund og sjá svo, hverju fram vindur.

Ingvar Pálmason [óyfirl.]: Það leit út fyrir, að flótti ætlaði að bresta í lið Bakkusar, en nú hefir þó einn þeirra lýst því yfir, að hann vilji hér standa þar til yfir lýkur. Það er einkennandi fyrir hv. flm., að þeir vilja ekki hlusta á, hvað andmælendur þeirra hafa að segja. **(ÓTh:** Þeim hálfleiðist að hlusta á þá). Það er skiljanlegt, að þeim leiðist, þegar búið er að sýna fram á, að þeir eru með þessu framferði beinlínis að fremja lögleysu, enda hafa þeir mjög slæman málstað.

Hv. 1. flm. hefir kvartað undan því, að þessu máli hafi verið sýnt tómlæti. En ég get sýnt fram á, að ef einhverjir hafa sýnt tómlæti, þá eru það flm. sjálfir. Ég vil minna á, að frv. var borið fram í Ed. um miðjan síðasta mánuð. Síðan liðu 15 dagar þar til nál. var skilað og það voru einmitt meðmælendur frv., sem drógu málið svo á langinn. Svo var það 3 dögum seinna tekið á dagskrá fyrir tilmæli mín. En hv. flm. voru búnir að sannprófa það, að frv. mundi ekki ganga í gegnum d., svo að þeir gerðu allt til þess að tefja málið, svo að ekki yrði hægt að afgreiða það á þinglegan hátt.

Þá datt þeim það snjallræði í hug, að ekki væri útilokað, að meiri hl. fengist í Sþ. Og að þessu var svo gengið með slíku offorsi, að virt var að vettugi skipulag á þingi. Vitanlega átti þetta frv. að ganga í gegnum d. í 3 umr., en þegar hv. flm. höfðu sannprófað, að málið kæmist aldrei í gegnum báðar deildir, þá er það látið ganga til Sþ., til þess að reyna að fá þm. til að samþ. það. **(JJós:** Samkvæmt þjóðarvilja). Það verður minnzt á þjóðarviljann síðar. Annars vil ég minna hv. þm. á það, að það er ósiður að vera að grípa stöðugt fram í fyrir ræðumanni. Hv. þm. er ekki svo klökkur í máli, að hann geti ekki beðið um orðið og notað sinn ræðutíma til andsvara. **(JJós:** Það var ekki mín meining að fipa fyrir ræðumanni).

Ég verð að segja, að það er einkennileg aðferð, sem andbanningar nota við þetta mál, þar sem þeir brjóta niður það skipulag á Alþ., sem enn gildir, og hin eina afsökun, sem þeir hafa, er sú, að þeir séu að fullnægja með því þjóðarviljanum. (JJós: Hún er líka gild). En hvernig er svo þessi þjóðarvilji, sem þeir eru stöðugt að hamra á? Hann er dreginn út af þeirri atkvgr., sem fram fór 21. okt. síðastl. En þá greiddu, eftir því sem ég kemst næst, tæp 50% af atkvæðisbærum mönnum og konum atkv. Og ef við svo athugum niðurstöðuna af atkvgr., þá kemur í ljós, að í 13 kjördæmum er meiri hl. mótfallinn afnámi bannsins. Af þessum 27 þús., sem greiddu atkv., eru 15600 með afnámi, 11726 á móti. Þessi tölumismunur á andbanningum og bannmönnum er nálega allur úr Reykjavík. Í öllum kjördæmum utan Rvíkur munar aðeins 50 atkv. Og ef það er tekið með í reikninginn, hversu erfitt þessi kjördæmi áttu með að komast á kjörstað og ef öll atkv. hefðu komið fram við kosninguna, þá hefði þjóðarviljinn litið öðruvísi út en nú. (JJós: Ef, ef ..). Já, ég segi „ef, ef", af því að valinn er alóheppilegasti dagur fyrir þessi kjördæmi, þegar þess er gætt, að þetta er að haustlagi og víðast hvar svo ástatt, að kvenfólk á sveitabæjum á þá alls ekki heimangengt eða á mjög erfitt með að neyta síns kosningarréttar. Og þegar þess er gætt, að kvenfólk er yfirleitt ekki eins hneigt til þess að fá sterka drykki inn í landið, þá má álykta um þá, sem heima sátu, að hlutföllin milli þeirra hafi ekki verið þau sömu, heldur hafi meiri hl. þeirra verið með banninu.

Ég tel þetta því hrópyrði hjá hv. flm., þegar þeir tala um, að fullnægja verði þjóðarviljanum með afnámi bannsins. Það er vafasamt, hvort það er á rökum byggt, vegna þess, að það var ekki hinn sanni þjóðarvilji, sem fram kom 21. okt.

Ég skal játa, að eftir því, sem málið liggur fyrir, þá höfum við ekki annað að halda okkur við en þessa atkvgr. Og það má vera, að við verðum neyddir til að taka hana gilda. Það má vera, að bannið verði afnumið, en ég verð að segja, að úr því hinn svonefndi þjóðarvilji er eina hálmstráið, sem andbanningar hanga á, þá er það ekki sterkt vopn, því að það er mjög tvísýnt um þjóðarviljann í þessu efni. En þó svo færi, að bannið yrði afnumið, þá er önnur hlið á þessu máli. Það er sú hlið, sem tekur til ákvarðana um misnotkun áfengis. Þessi hlið málsins er alvarleg, en hv. flm. vilja alveg ganga framhjá henni. Þeir vilja opna allar gættir fyrir sterkum drykkjum án þess að reisa nokkrar skorður við misnotkun þeirra. Mér var svarað því í hv. Ed., þegar ég bar þetta fram þar, að það væru skorður í núgildandi löggjöf. En hvernig hafa þessir menn lýst núgildandi áfengislöggjöf? Þeir hafa lýst henni þannig, að hún væri með öllu óhæf. Hvernig geta þeir nú haldið því fram, ef veita á sterkum drykkjum inn í landið, að núv. áfengislöggjöf sé nógu fullkomin til þess að fyrirbyggja misnotkun þeirra. Þetta dæmir sig sjálft og þarf ekki að eyða orðum að því. Þegar sú stund kemur, að Alþingi tekur endanlega ákvörðun um að leyfa innflutning sterkra drykkja, þá verður það líka að gæta þeirrar sjálfsögðu skyldu sinnar að setja svo viturlega og vandaða löggjöf sem kostur er á og taka þá til athugunar þá reynslu, sem fengizt hefir af hinni lélegu áfengislöggjöf, sem við búum við nú.

Ég hefi aldrei deilt neitt um það, að núv. áfengislöggjöf sé ekki með öllu óviðunandi, en ég kannast ekki við, að eina ráðið til þess að bæta úr ófullkomleika hennar sé að leyfa innflutning enn sterkari drykkja en nú eru leyfðir. Það er því sannarlega ekki með heilindum sagt, þegar verið er að tala um þá brýnu nauðsyn, sem sé á að leyfa innflutning sterkra drykkja, og að það sé gert til að bæta ástandið, sem nú er í landinu, heldur virðist sem annað liggi hér á bak við. Það virðist vera svo, að þjóðaratkvgr., sem fram fór 21. okt., sé nú notuð til þess að berja fram þann óheillamálstað, sem þessir þm. á undanförnum þingum hafa barizt fyrir án þess að sækjast þá að nokkru leyti eftir að vita, hvað þjóðin segði. Þeir grípa þetta hálmstrá nú í þinglokin og ætla á alveg óviðeigandi hátt að svala þessari þrá sinni, af hvaða rótum sem hún er runnin, um að fá leyfðan innflutning sterkra drykkja, og það án þess að láta sér detta í hug að gera

nokkrar minnstu varúðarráðstafanir til þess að sporna við öllum þeim illu afleiðingum, sem af slíkri ráðstöfun mundu leiða. (**JJós:** Vill hv. þm. ekki lesa till.?). Ég hefi lesið hana, og ég segi það alveg eins og er, að ég hefi enga trú á því, að stjórninni, hversu velviljuð sem hún er, geti tekizt að semja reglugerð fyrir næsta nýár, sem geti afstýrt öllum þeim óhöppum, sem af auknum innflutningi áfengis geta stafað. Ég get ekki ætlazt til, að stj., sem mörgum störfum þarf að sinna, geti á nokkurn hátt fullnægt þeim skilyrðum, sem þingið verður að viðurkenna, að það getur ekki fullnægt sjálft. Það er ekki nema viðurkenning um vanmátt þingsins til að leysa þetta mál, að svona aðferð er notuð. (**JJós:** Það eru einmitt þeir, sem viðurkenna vanmáttinn, sem ekkert vilja gera). Ég fyrir mitt leyti geri það ekki, en ég kannast fyllilega við, að ef ég hefði álitið, að þetta væri rétt lausn á þessu máli, þá hefði ég lagt því lið strax þegar það var flutt í Ed., en málið er ekki á því stigi nú, að ég geti það. (**JJós:** Hvenær skyldi það verða á því stigi?). Það er hugsanlegt, að mér hefði ekki þótt það óviðeigandi, ef þessir hv. flm. hefðu hagað þáltill. á þann veg, að þeir hefðu skorað á ríkisstj. að undirbúa nýja áfengislöggjöf fyrir næsta reglulegt Alþingi, sniðna við afnám innflutningsbannsins á sterkum drykkjum. Svo skynsamlegri ráðstöfun hefði ég getað fylgt. En þessi leið nægði þeim ekki, því að það eina, sem þeir þrá, er að fá vínið óhindrað inn nú um nýárið, og það getur þá verið sök stjórnarinnar, ef áfengislöggjöfin fer illa úr hendi.

Hv. 1. flm. minntist á, að árið 1908 hefði verið greitt þjóðaratkvæði um samskonar mál og að þá hefði ekki verið hlaupið að því að fullnægja þjóðarviljanum, enda hefði þá verið nokkru öðru máli að gegna, því að þá hefði verið um að ræða að hefta vilja vissra manna, en nú ætti að leysa öll höft. Þetta þurfti ekki að skýra, af því að allir vita, að afnám þessara bannlagaslitra verka auðvitað þveröfugt við þær ráðstafanir, sem gerðar voru 1908. En nú skulum við athuga það, að á þinginu 1909, þegar bannlögin voru samþ., þá var svo fyrir mælt, að 3 ár skyldu líða þar til bannið færi að verka, og að þeim tíma liðnum að ég hygg nálega önnur 3 ár þar til bannið gengi fullkomlega í gildi. Ég vil leyfa mér að segja, að þetta hafi verið viturlegar ráðstafanir og að þær gætu verið þeim mjög góð fyrirmynd, sem nú eiga að framkvæma hinn svokallaða þjóðarvilja í þessu efni. Hér er um breyt. að ræða, sem hlýtur að vera töluvert áhrifamikil og ætti því að koma smátt og smátt. (**JJós:** Hvað álítur hv. þm., að mikið sé eftir af banninu?). Ég skal láta hv. þm. Vestm. eftir að reikna þau hlutföll, þar sem hann er mjög vel fær reikningsmaður. Það er nú algerlega bannaður innflutningur á vínum, sem hafa meira en 21% áfengi. Hve stórt brot það er í líkingareikningi, getur þessi þm. sagt sér sjálfur. (**JJós:** Þau sjást víst hvergi). Þessi lög eru sjálfsagt engin undantekning frá öllum öðrum lögum, bæði guðs og manna, þannig, að þau séu ekki brotin. En úr því hv. þm. minntist á það, þá er rétt að minna á, að stefnubræður hans, andbanningar, hafa frá fyrstu tíð prédikað: „brjótum bannlögin og höfum þau að engu", — og brotin á þessum lögum hvíla ekki sízt á bökum þeirra manna, sem hafa svipaða skoðun og hv. flm. þessarar till. Þessir menn og skoðanabræður þeirra hafa haldið uppi sérstöku málgagni til þess að hvetja menn til að hafa þessi lög að engu, og þeir mega vita það, þessir hv. þm., að það eru ekki ég og mínir líkar, sem segja „við getum haft whisky þegar við viljum". — Ég þarf ekki að fara langt út í að sýna það og sanna, hve óviðeigandi er, að flm. skuli leyfa sér að nota þessa aðferð til að koma fram þessu áhugamáli sínu. Það hefir verið tekið svo glöggt fram af hv. þm. N.-Ísf. og hv. þm. Borgf., að ég sé ekki ástæðu til að bæta neinu þar við. Ég vil vænta þess, að Alþ. Íslendinga sé ekki ennþá svo allri virðingu horfið, að það láti um sig spyrjast, að það samþ. annað eins þinghneyksli og þessi þáltill. er. Ég vil vænta þess, að Alþ. beri gæfu til að afstýra því óheillaráði, sem þessir vesalings menn hafa tekið, og mætti segja um þá, að þeir vita ekki hvað þeir gera. (**JJós:** Að vilja hlýða vilja þjóðarinnar; það er þetta óheillaráð). Þetta er fallegt slagorð, en það er margoft búið að sýna fram á það

hér, að þetta er ekki nema að hlýða vilja þjóðarinnar að nokkru leyti. Við skulum hugsa okkur, að þjóðin vildi leyfa innflutning sterkra drykkja. (BJ: Ekki Suður-Múlasýsla). Nei, það er ekki vilji þeirra, sem þar búa, en það sem merkilegra er, það er ekki heldur vilji Barðstrendinga. Úr því að hv. þm. Barð. minnti mig á þetta, þá þykir mér rétt að fara dálítið nánar út í að sýna fram á, hvað það er, sem atkvgr. í haust hefir sýnt okkur. Hún sýndi afarmargt, og ég álít, að við eigum mikið óunnið úr henni, m. a. sýndi hún, að bannlögin eru verst haldin í Reykjavík og Vestmannaeyjum, og þar nálægt kemst Gullbringu- og Kjósarsýsla og svo þær sýslur, sem liggja hér nærlendis. Þegar lengra dregur frá þessum landshluta, þá breytist þetta, og kjósendur vilja ekki leyfa afnám áfengishaftanna. Þetta er ofureðlilegt, því að þar, sem áfengislöggjöfinni hefir verið sæmilega framfylgt, þar hefir þjóðin fengið þá reynslu af henni, að þrátt fyrir alla galla sé hún betri en ekki neitt. En þar, sem viðleitnin til að halda áfengislöggjöfina hefir hnigið í öfuga átt og hún hefir verið brotin sem víðtækast, eins og hv. þm. G.-K. hefir gefið í skyn hér, þar hafa kjósendur fengið þá reynslu, að bezt væri að losna við hana með öllu. Það er eftirtektarvert, að Vestfirðir skera sig alveg úr með þetta. Þar er ekki eitt einasta kjördæmi, sem vill afnema þessi lög, og það er af því, að þar hafa bannlögin verið haldin svo í heiðri sem hægt hefir verið, og þá er árangurinn sá, að menn vilja ekki losna við þau.

Ég álít sjálfsagt, að þetta komi fram hér, því að ef það er nokkur hlutur, sem sýnir mönnum það sanna í þessu máli, þá er það einmitt þetta, sem kemur fram við atkvgr. Þessi útkoma er ekki óeðlileg, því að það er öllum vitanlegt, að frá því að bannlögin gengu í gildi hefir andstaðan gegn þeim verið sterkust hér í Reykjavík. Hér hafa blöð verið gefin út til þess að vinna á þeim, og árangurinn af þessari starfsemi andbanninga í þau 18 ár, sem bannlögin eru búin að vera í gildi að meira eða minna leyti, er sá hér í Reykjavík, að þeim hefir tekizt að fá þjóðarviljann móti bannlögunum. Í sveitunum, þar sem bindindisstarfsemi hefir verið og sæmilegt lögregluefirlit, þar hafa lögin verið haldin og fólk vill ekki missa af þeim.

Að lokum vildi ég beina þeirri fyrirspurn til hæstv. stj., hvort hún myndi, ef svo slysalega tækist til, að Alþ. samþ. þessa þáltill., sem hér liggur fyrir, treysta sér til að hafa hana að nokkru, þegar forsaga hennar er athuguð. Ég vildi fá svar hjá hæstv. ríkisstj. um það, hvort hún myndi sjá sér fært að framkvæma það, sem í þáltill. felst, því að ef það upplýstist, að hæstv. ríkisstj. treysti sér ekki til að framfylgja því, sem þáltill. fer fram á, þá tel ég alveg víst, að hv. flm. muni taka hana aftur, og það væri þeim líka til sóma.

Ég geri ekki ráð fyrir, að hvorki ég né aðrir geti sannfært hv. flm. um ógagn þessarar till., því að það virðist svo, sem margir af þessum mönnum hafi á undanförnum þingum starað á það sem eftirþráð takmark að geta afnumið bannlagaslitrin, sem við eigum nú við að búa. Ég geri ráð fyrir, að þeim sé þessi þrá svo í merg og bein runnin, að það sé hvorki á mínu valdi né annara að víkja skoðunum þeirra þar, en ég vænti þess, að allir þeir þm., sem ekki hafa glæpzt til að verða flm. þessarar till., hafi svo opin augu fyrir því, hver háski þjóðinni og þingræðinu stafar af því, ef á að fara þá leið, sem hér er farið fram á, að farin verði, við að afgreiða jafnmikið tilfinningamál og þetta, og mál, sem jafnmikið hefir verið um deilt. Ég vil vænta þess, að það sé til nægilega mikill meiri hl. þm. til að afstýra þeim ófögnuði, að þessi till. nái fram að ganga, og hvernig sem fer um þetta mál í framtíðinni, þá verði aldrei hrapað að að afgreiða það á jafngeipilega óviðeigandi hátt og nú stendur til. Þess verður að gæta, að mikið veltur á því, að um leið og þessar síðustu leifar bannlaganna verða afnumdar, þá sé sett svo trygg og örugg varnarlöggjöf sem kostur er á um alla meðferð og sölu áfengra drykkja. Ég hygg, að ef þjóðin hefði haft minnsta hugboð um, að svo ætti að fara að í þessum málum, sem nú hefir verið stefnt til með þessari þáltill., þá hefðu þau orðið færri atkv., sem hv. flm. hefðu flaggað með. Það var réttilega tekið fram af hv. þm. Borgf., að það eina,

sem þjóðin hafði við að styðjast um afgreiðslu þessa máls á Alþ., þegar hún greiddi atkv. um það, voru ástæðurnar fyrir þáltill., sem fram kom í fyrra, og framsöguræða hv. þm. Vestm. Hv. þm. Borgf. sýndi ljóslega fram á, að bæði þáltill. og framsöguræða hv. 1. flm. þá voru algerlega í ósamræmi við það, sem hann og meðflm. hans ætluðu sér nú að fá framgengt. Ósamræmið var svo mikið, að ég get algerlega tekið undir með hv. þm. Borgf. og sagt, að hér sér hreint og beint um svik að ræða. Hefir verið sýnt fram á það bæði af mér og öðrum, að þótt litið sé á till. hv. flm. með mikilli velvild, framkvæmir hún þó ekki þjóðaruiljann nema að nokkru leyti.

Halldór Stefánsson: Ég hefi ekki kvatt mér hljóðs til þess að lengja þessar umr. með málþófi, eins og sýnist vera háttur manna nú, enda er dauflegt að tala hér yfir tómum stólunum.

Það hefir verið haft meira við þetta mál en önnur mál, þótt mikilsverð séu, þar sem því var vísað til úrskurðar þjóðarinnar til atkvgr. Sú atkvgr. hefir farið löglega fram, og tjáir ekki um það að tala, hvort atkvgr. hefir verið vel eða illa sótt; úrskurður þjóðarinnar er fallinn í málinu á þá leið, að meiri hl. þeirra, sem atkv. greiddu, vill, að þau slitur, sem eftir eru af hinum upphaflegu bannlögum, verði afnumin, og tel ég þinginu skylt að hlíta þeirri atkvgr.

Ég hefði getað fallizt á fyrir mitt leyti, að frv. það um rýmkun undanþágunnar frá áfengislöggjöfinni, sem borið var fram í Ed., hefði fengið afgreiðslu þessa þings, þótt ég játi hinsvegar fullkomlega, að það verður að athuga vandlega, hvernig haga á löggjöfinni í þessu efni til langframa. Ég hefði getað fallizt á þetta sem bráðabirgðalausn í málinu, sem hlíta mætti við til næsta þings.

Nú hefir hinsvegar verið horfið frá því að láta málið ganga áfram, og er ástæðan ef til vill sú, að frv. hafði ekki skilyrði til að ná samþykki Ed., og er þessi þáltill. borin fram í staðinn af þeim, sem vilja leysa þetta mál umfram allt sem fyrst, en hafa ekki þreyju til að bíða næsta þings. En þótt ég sé þeirrar skoðunar, að afnema eigi það slitur, sem eftir er af bannlögunum, og að þinginu sé skylt að hlíta þjóðaratkvgr., get ég samt ekki fallizt á þessa þáltill., af ástæðum, sem aðrir hv. þm. hafa tekið hér fram í löngu og miklu máli og eru þær, að ég tel óhæfilegt, að þing, sem situr á rökstólum, fari að samþ. áskorun til stj. um að gefa út bráðabirgðalög. Slíkt væri hneyksli, sem ekki má koma fyrir, og af þeim ástæðum mun ég ekki geta lið þessari afgreiðslu málsins atkv. mitt. (**JJós:** Það eru fordæmi fyrir þessu). Ég hefi heyrt talað um þessi fordæmi, en enda þótt fordæmi kunni að vera um þetta, þá eru það fordæmi til að varast, en ekki til eftirbreytni, og er ég þó a. m. k. ekki bundinn við að fallast á þau fordæmi. Að mínu áliti er aðeins um tvennt að velja í þessu máli. Annaðhvort að Alþingi gefi sér tíma til að afnema bannið með þinglegum hætti og setji þar um lög með vandlegri athugun, eða menn verða að sætta sig við að bíða eftir að málið verði fyrst afgr. á næsta reglulegu þingi. Er þessa og ekki langt að bíða, tæpt ár. Ég hefði hinsvegar talið það eðlilegt, ef fram hefði komið till. um að skora á ríkisstj. að undirbúa nýja áfengislöggjöf undir næsta þing, og ég hygg, að allur þingheimur hefði orðið slíkri till. einróma fylgjandi. Ég hygg, að bannmenn yfirleitt muni ekki telja sér fært að brjóta í bág við atkvgr., a. m. k. hefi ég heyrt einn þm. í Nd., sem er einhver ákveðnasti bannmaðurinn í þinginu, segja það, að hann teldi sér skylt að fylgja vilja meiri hl. þjóðarinnar.

Ég mun fylgja þeirri dagskrártill., sem borin hefir verið fram, eða annari, sem kæmi fram í líka átt.

Mér finnst það mikil yfirsjón af áhugamönnum um þetta mál frá báðum hliðum — sjálfur læt ég mig þetta mál litlu skipta —, að þeir skyldu ekki í upphafi beina til stj. fyrirspurn, svipaðri þeirri, sem hv. 2. þm. S.-M. bar nú fram, en hitti aðeins auða stóla fyrir, um það, hvort stj. mundi yfirleitt taka þessa þáltill. til greina, þótt hún væri samþ. Ef svör stj. við þvílíkri fyrirspurn hefðu orðið á þá leið, að stj. mundi ekki sjá sér fært að taka till. til greina, er augljóst, að till. hefir enga þýðingu í málinu og að þær málalengingar, sem hér hafa verið

hafðar og útlit er fyrir, að verði hafðar áfram, eru óþarfar, þótt að vísu sé ekki hægt að leiðrétta þau mistök, sem orðin eru.

Ég mun svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál. Ég vildi aðeins taka fram þær ástæður, sem valda því, að enda þótt ég telji sjálfsagt að verða við þjóðarviljanum í þessu máli, þá sé ég mér samt ekki fært að fallast á þá till., sem liggur fyrir.

Jakob Möller: Ég get í sem stytztu máli sagt það, að ég er sammála hv. 2. þm. N.-M., sem var að setjast rétt í þessu. Ég tel það ekki vafamál, að þinginu beri að fara að þjóðarviljanum í þessu máli, sem fram kom við atkvgr. fyrsta vetrardag, og ég lít svo á, að það hefði farið vel á því að breyta áfengislögunum á þessu þingi samkv. þeim yfirlýsta þjóðarvilja. Hinsvegar tel ég þá leið til breytinga á löggjöfinni, sem felst í þessari till. og er sú, að skora á stj. að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni, svo varhugaverða, að ég get ekki greitt henni atkv. Eins og ég sagði, er þetta ekki af því, að ég telji ekki sjálfsagt að breyta áfengislöggjöfinni, heldur af því, að ég tel þetta brot á þingræðinu og því stjórnarskipulagi, sem við búum við. Get ég um þetta vísað til þeirra forsendna, sem hv. þm. N.-Ísf. hafði fyrir dagskrártill. þeirri, sem hann hefir borið fram. Ef slíkt fordæmi sem þetta er gefið, er þar með opin leið fyrir hvern þann þingmeirihluta á hverjum tíma, sem vildi það við hafa, að skora á stj. með þáltill. í Sþ. að setja bráðabirgðalög um þau atriði, sem deilt væri um og meiri hl. gæti ekki sett lög um eftir hinum lögmæltu leiðum með 3 umr. í báðum d. þingsins. Væru slíkir stjórnarhættir vissulega ekki æskilegir, enda gæti svo brátt komið, ef farið væri út á þessa braut, að landinu væri stjórnað með eintómum bráðabirgðalögum. Að vísu hefir réttilega verið bent á það, að stj. þurfi að leggja bráðabirgðalög, sem hún gefur út, fyrir næsta þing á eftir, en ef svo stendur á sem ég gerði ráð fyrir í dæminu hér á undan, og engin breyt. yrði á skipun þingsins á milli, mætti eins vel búast við því, að jafnframt því, sem slík bráðabirgðalög væru felld í annarihvorri d. þingsins, gæfi Sþ. út skipun til stj. um að gefa lögin út á ný. Gæti þetta orðið sú svikamylla, sem erfitt er að sjá fyrir endann á, hverjar afleiðingar hefði.

Ég tel það galla á dagskrártill. hv. þm. N.-Ísf., að hún lýsir ekki afstöðu þingsins til málsins sjálfs. Ég tel sjálfsagt, að þingið gefi einmitt yfirlýsingu um það, að það vilji fara eftir þjóðarviljanum í þessu máli. Ég vildi því óska, að þingið féllist á að afgr. málið með annari dagskrártill., sem ég skal leyfa mér að lesa upp og ég hefi orðað sem brtt. við þá dagskrá, sem liggur fyrir. Þessi dagskrártill. mín er svo hljóðandi:

„Sameinað Alþingi ályktar að lýsa yfir því, að það lítur svo á, að þjóðaratkvgr., sem fór fram 1. vetrardag síðastliðinn, skeri úr um það, að áfengislöggjöf landsins beri að breyta samkv. þeim þjóðarvilja, sem þá kom fram, og í trausti þess, að ríkisstj. undirbúi slíka lagasetningu fyrir næsta reglulegt þing, tekur þingið fyrir næsta mál á dagskrá".

Bergur Jónsson [óyfirl.]: Till. sú, sem hér liggur fyrir, er að því leyti einstæð, hve hún er borin fram af mörgum þm. En því undarlegri er sú meðferð, sem till. hefir fengið. Þrátt fyrir óskir 14 þm. um að taka till. á dagskrá til umr., hefir þetta þó ekki fengizt, heldur hefir hæstv. forseti æfinlega hnoðað till. á eftir öðrum till., sem vitanlegt var um, að um mundi standa miklar og endalausar umr., eins og líka hefir komið á daginn. Sýnir þessi meðferð á till. það greinilega, að þeir menn, sem ekki vilja, að till. gangi fram, hafa ætlað sér að koma henni fyrir kattarnef með þeim hæga hætti að svæfa till.

Því hefir verið haldið fram, að þessi till. væri óþingleg, með því að með henni væri farið fram á að setja löggjafarvaldið í hendur stj. En mér er spurn: Er það fremur að setja löggjafarvaldið í hendur stj., þegar vísað er til úrskurðar þjóðarinnar og stj. þannig settur rammi um það, sem hún á að gera, heldur en þegar Alþingi felur stj. að setja reglugerðir um það, hvernig framkvæma skuli ein eða önnur mikilsvarðandi lög? Reglugerðir geta oft verið svo umfangsmiklar og þýðingarmiklar, að þær séu ekki síður varðandi en sjálf lagasetningin. — Þjóð-

in hefir verið að því spurð, hvort hún vilji afnema bannlögin, og hún gaf játandi svar við þeirri spurningu. Og ég vil benda hv. þm. á það, að vilji þeir ekki fara að vilja þjóðarinnar í þessum efnum, er ég hræddur um, að okkur öllum, sem halda eigum uppi lögum í landinu, gangi erfiðlega að halda þessum lögum í gildi, sem þjóðin hefir úrskurðað, að hún vilji ekki hlíta.

Hv. þm. N.-Ísf. hélt hér mikla og hvassa ræðu, þar sem hann reyndi að sýna fram á, að þessi till. væri óhæf. M. a. færði hann það til, að málið vantaði meiri hl. í annari d. þingsins a. m. k. Það er að vísu rétt, að í Ed. hefir komið fram frv. um afnám bannsins, en endanleg atkvgr. hefir engin farið fram um það enn. Málinu var vísað til n., n. klofnaði í því, og hafa báðir nefndarhlutarnir gefið út nál., og vill annar nefndarhlutinn fella frv., en hinn nefndarhlutinn leggur til, að frv. verði samþ. Eins og ég sagði, hefir engin endanleg atkvgr. farið fram um málið, svo að um hana verður ekkert sagt til né frá. Það má vel vera, að hv. þm. N.-Ísf. vísi til þess, að meiri hl. þings muni greiða atkv. á móti þessari till. okkar, sem sýni, að meiri hl. þingsins sé andvígur afnámi bannsins, en það er engin sönnun þess, að meiri hl. þings vilji ekki afnema bannið, þótt hann geti ef til vill ekki fallizt á að fara þessa leið að því marki. Þetta er því engin sönnun hjá hv. þm. N.-Ísf., heldur getsakir einar.

Hv. þm. N.-Ísf. sagði, að það væri engin ástæða fyrir þm. að fara að breyta sannfæringu sinni eftir þjóðarviljanum. Til hvers greiddi þá hv. þm. atkv. með því, að málið yrði lagt í dóm þjóðarinnar með þjóðaratkvgr.? (VJ: Ég greiddi alls ekki atkv.). Það kann að vera, að það sé rétt, að hv. þm. hafi ekki greitt atkv., en ég veit ekki betur en að mikill meiri hl. þings hafi greitt þessu atkv., og ef hv. þm. sat hjá við atkvgr., telst hann einmitt með meiri hl. — Til hvers var þingið að vísa þessu máli til þjóðaratkvæðis? Var það til þess að leita eftir nýjum rökum í málinu? Nei, það var til þess að fá fram vilja þjóðarinnar í málinu. Við hefðum varla farið að narra fleiri þús. manna á kjörstað, ef við ætluðum okkur ekki að taka fullt tillit til þess, sem fólkið segði. Ef við töldum okkur ekki bundna af úrslitum atkvgr., áttum við ekki að samþ. hana. Ef við töldum, að við ættum sjálfir að gera út um málið, þá átti m. a. hv. þm. N.-Ísf. að greiða atkv. um frv. okkar á síðasta þingi um afnám bannsins, en ekki að sitja hjá við atkvgr. Þjóðaratkvgr. var meiningarlaus, ef hún átti ekki að úrskurða um það, hvað Alþingi á að gera í málinu.

Hv. þm. N.-Ísf. talaði mikið um rétt minni hl., og þótti mér einkennilegt að heyra slíkt af munni hans. En hver er réttur minni hl., þar sem aðeins er um já eða nei að ræða? — Hv. þm. viðurkenndi, að meiri hl. hefði verið með afnámi, en sagði jafnframt, að það væri ókunnugt, hver væri afstaða kjósendanna til afgreiðslu málsins. Þessu er því til að svara, að það er ekki sök kjósendanna, heldur þeirra, sem bjuggu út kjörseðilinn, ef atkvgr. er ekki nægilega skýr. Og svo mikið er þó víst og óvefengjanlegt, að meiri hl. kjósendanna lýsti sig með því að afnema þetta slitur, sem enn er eftir af bannlögunum.

Þá talaði hv. þm. N.-Ísf. um það, að hér væri um flausturslega aðferð að ræða. Getur verið, að rétt sé. En hverjum er um að kenna, ef svo er? — Í þingbyrjun var lagt fyrir Ed. frv. um afnám bannsins, en d. hefir legið á því frv. allt fram á síðustu daga, að nál. hefir loks birzt um það, svo að það er ekki okkur að kenna, sem flytjum þessa till., þótt aðferðin þyki ef til vill nokkuð flaustursleg, heldur fyrst og fremst Ed., sem dregið hefir þannig að gefa úrskurð sinn í málinu, þangað til það er orðið um seinan. Það er meining okkar, að fyrir næsta þing verði undirbúin vandlega ný löggjöf um áfengismálin í heild sinni, en við álítum það hinsvegar skyldu þingsins að hlíta strax þeirri niðurstöðu, sem þjóðaratkvgr. gaf. Við viljum, að farið sé að þjóðarviljanum í þessu máli þegar í stað, og viljum því fela stj. að afnema bannið eftir nýárið með bráðabirgðalögum, í því trausti, að stj. gengi svo frá þessu, að við megi hlíta til næsta þings, en við ætluðumst til, að stj. undirbúi jafnframt vel og samvizkusamlega nýja heildarlöggjöf um þessi efni, sem lögð sé fyrir næsta þing og afgr. af því.

Hv. þm. N.-Ísf. las hér yfir þingheimi heila kafla úr úreltri stjórnlagafræði eftir Lárus H. Bjarnason, þar sem m. a. var kveðið svo á, að bráðabirgðalög mætti því aðeins gefa út, að brýna nauðsyn bæri til. Rétt er nú það. Stjskr. kveður svo á. En hvað er brýn nauðsyn, ef ekki það, sem þjóðarvilji og þingvilji er á bak við? Hv. þm. las eitthvað um drepsóttir og hættur, sem yfirvofandi væru, og lagði svo út af þeim texta með þeim bókstaflega skilningi, sem þeim mönnum er gefinn, sem ekki eru lögfræðingar. Held ég, að hv. þm. N.-Ísf. væri hollast að hætta sér ekki út í stjórnlagafræðilegar umr. hér í þingsalnum. (**TT:** Heyr). Hv. þm. vitnar hér í gamlar og úreltar lögskýringar, og ber með því sjálfum sér vitni um það, að hann ætti helzt ekki að tala svo digurbarkalega um þessi mál. Hann talaði í þessu sambandi um að afsala þingræðinu í hendur bráðabirgðastjórnar. Fyrst og fremst veit hann ekkert, hvort hún verður bráðabirgðastj. t. d. eftir nýárið eða ekki. Hún getur verið þingræðisstjórn þá. En enda þótt hún sé bráðabirgðastj., það sem stundum er kallað „fungerandi" stjórn, þá get ég ekki séð, að það skipti neinu máli; hún er jafnskyld til að fullnægja þingvilja og þjóðarvilja fyrir því.

Þá er þetta einlæga tal hv. 2. þm. S.-M. og annara bannmanna um, að það sé verið að setja hættulegt fordæmi. Ég vil spyrja hv. þm. um það: Hvernig getur þingið eiginlega sett hættulegt fordæmi? Hvenær er það, sem hægt er að banna þingi að gera samþ., sem það vill gera? Ég skil ekki, að næsta þing eða næstu þing séu skuldbundin til að fylgja því, sem fyrri þing hafa gert í einhverjum og einhverjum málum. Það er bara vitleysa að halda fram nokkru fordæmi í löggjöfinni. Löggjafinn getur alltaf gert hvaða firrur sem hann vill, bara ef meiri hl. er með, annaðhvort í sameinuðu þingi eða í deildunum. Ég efast ekki um, að ef við rannsökum löggjöfina frá undanförnum árum, þá sjáum við, að þingið hefir sett öll möguleg fordæmi, sem er mjög hættulegt að fylgja, — sjálfsagt miklu skaðlegri og vitlausari fordæmi en þetta er. Það, sem hvert þing á að gera, er að dæma um, hvað því þykir rétt eða rangt, hvað svo sem fyrri þing hafa gert, — það kemur engu máli við. Og ég er stórhissa á því, að eins glöggur maður og hv. þm. Borgf. skuli vera að reyna að nota svo barnalegar og úreltar röksemdir eins og þetta.

Hv. 2. þm. S.-M. sagði, að yfirleitt hefðu sveitirnar verið með banni, en Reykjavík á móti, af því að þar væri ástandið verst. Ég get þá bent hv. þm. á það, að alla leið frá Öræfum til Borgarfjarðarsýslu eru andbanningar í yfirgnæfandi meiri hl. Ég neita ekki, að meiri hl. var með banni í mínu kjördæmi, en ég held samt fram, að bannið beri að afnema. (**VJ:** Því beygir þm. sig ekki fyrir meiri hl. þar?). Af því að ég er búinn að samþ., að það fari fram þjóðaratkvgr. um málið, og ég hlíti dómi meiri hl. á öllu landinu, en ekki í einu kjördæmi. Ég held því ekki fram, að hv. þm. N.-Ísf. sé að stritast við að vera í samræmi við kjósendur sína, því að hann var þessarar sömu skoðunar áður en hann bauð sig fram í vor, en hann má heldur ekki nú láta afstöðu þeirra hafa nein áhrif á sig. Það eru úrslit þjóðaratkvgr., sem skipta máli.

Hv. 2. þm. S.-M. var afaramasamur yfir því, þegar ég benti á, að það væri meiri hl. móti banni, líklega vegna Suður-Múlasýslu. En kunnugir menn segja mér, að þar fljóti allt í allskonar áfengum drykkjum. (**ÓTh:** Er þetta þá í sjálfri Suður-Múlasýslu!). Þess vegna tel ég lítinn skaða að hætta að vernda hina súru framleiðslu í Suður-Múlasýslu fyrir innflutningi heilbrigðari áfengra drykkja. (**IP:** Ég held þingmaðurinn fengi ekki annað en kannske skyrsleikju þar!).

Hv. 2. þm. S.-M. spurði, hvort stj. sæi sér fært að framfylgja þál. Ég skal ekkert segja um það. En a. m. k. þykir mér einkennilegt sjónarmið jafnaðarmanna, sem hafa þing eftir þing haldið fram, að þingið ætti að vera í einni málstofu, þegar þeir halda fram, að þetta mál eigi að binda við úrslit samkv. deildaskipun, þar sem vitað er, að 18 menn í Nd. og 7 menn í Ed. eru samþykkir afnáminu. Það eru einkennilegar hugmyndir um þingræði, ef ekki er álitið, að stj. sé skyld til að framfylgja þeirri samþykkt, sem sameinað Alþingi gerir, — sérstaklega

þegar þeir sömu menn eru fylgjandi því að hafa eina málstofu. Um skoðun hv. 2. þm. S.-M. á þessu atriði veit ég ekki, en býst við, að hann standi þar nærri jafnaðarmönnum. Mér finnst a. m. k. sjálfsagt, að stj., hvort sem hún er „fungerandi" stj. eða þingræðisstjórn, sé skyld til að fylgja þeirri ályktun, sem meiri hl. Alþingis gerir, og meira að segja skyldugri til að fylgja slíku heldur en þó að merðist einhver meiri hl. í tveimur deildum.

Hv. 1. þm. Reykv. bar fram nýja dagskrártill. Ég get ekki gengið inn á hana, vegna þess, að hún er sýnilega gerð í þeim tilgangi einungis að drepa niður þann tilgang og vilja, sem var í okkar till. Þessi till. miðar að því að draga skipun áfengismálanna til næsta þings, en framkvæma ekki þjóðarviljann. Það er eðlilegt, að góðtemplarar vilji þetta, þó að ég sé hissa á, að þessi hv. þm. beri slíkt fram. Ég bjóst við því, að hann sem fulltrúi þess kjördæmis, þar sem yfirgnæfandi meiri hl. var með afnáminu, mundi ekki vilja ganga á undan öðrum í þrjózkunni gegn vilja þjóðarinnar, og þá sérstaklega vilja sinna kjósenda.

Þessi hv. þm. talaði mikið um fordæmi. Hann talaði um svikamyllu. Ég álít barnahjal að tala um fordæmi af okkar hálfu. Það, sem við gerum, það gerum við af því, að við álítum það á þeirri stundu rétt, hvort sem það var áður gert eða ekki. — Ég get þess vegna ekki greitt dagskrártill. hv. 1. þm. Reykv. atkv., og vonast til, að hann verði til þess að taka hana aftur eða greiða atkv. á móti henni.

Ég tek enn fram að lokum, að ég álít hvergi hættulegra að biðja stj. að setja bráðabirgðalög í samræmi við þjóðarvilja og þingvilja heldur en ef við bæðum hana að setja reglugerð í samræmi við lög, sem við hefðum samþ.

Forseti (JBald): Mér hefir borizt svo hljóðandi skjal, undirritað af 9 þm. (TT, BÁ, ÞÞ, JJós, JÓl, MJ, JP, ÓTh, GSv):

„Undirritaðir þm. óska þess, að umr. um till. til þál. um áfengismálið verði tafarlaust slitið".

Þó að þetta sé ósk, á sennilega að skilja hana sem kröfu um það, að hún sé borin upp til atkv. nú þegar. Vil ég fyrst spyrja hv. 1. flm. að því, hvort hann ætlist til þess, að umr. verði slitið með þeim forsendum, að þeir fái ekki að tala, sem þegar hafa kvatt sér hljóðs.

Thor Thors: Ég hefi borið fram þetta skjal, og er meining mín a. m. k. — og ég held allra, sem hafa undirritað það —, að umr. sé slitið tafarlaust og engir fleiri tali, hvort sem þeir hafa kvatt sér hljóðs eða ekki. Ég fæ ekki séð, að þessar umr. sannfæri nokkurn þm. um, hvernig hann eigi að greiða atkv., og tel þær þýðingarlausar og óþarfar.

Vilmundur Jónsson: Nú hefir verið borin fram brtt. við till. mína til rökst. dagskrár, sem ég að vísu tel ekki brtt., heldur sjálfstæða dagskrártill. Það er nú lagt til að skera niður umr. áður en mönnum gefst kostur á að ræða þá till. Menn hafa heyrt hana við lauslegan lestur, og raunar voru fáir viðstaddir. Ég kann mjög illa við, að umr. séu skornar niður í þeim skilningi, að þeir fái ekki að tala, sem hafa kvatt sér hljóðs, svo sem venja er, eftir því sem ég heyri sagt, þegar umr. hefir verið slitið eftir till.

Forseti (JBald): Það er rétt hjá hv. þm. N.-Ísf., að það er ekki venja þeirra, sem bera fram kröfu um að slíta umr., að heimta slíkt tafarlaust, heldur að þeir fái að tala, sem á mælendaskrá eru. En þessa kröfu, sem er fram komin, sé ég mér ekki fært annað en bera þannig upp, að tafarlaust sé slitið umr. Hv. þm. verða þá að skera úr með atkv. sínu.

ATKVGR.

Samþ. að slíta umr. með 17:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GSv, GÍ, HJ, JakM, JJós, JÓl, JP, MJ, ÓTh, PM, TT, ÞÞ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, EE.

nei: GL, HG, HV, IP, JónJ, PHerm, PO, VJ, FJ, JBald.

Fimmtán þm. (HStef, IngB, JS, JónÞ, JónasJ, JörB, KS, MG, PHalld, TrÞ, ÞorlJ, BSn, BKr, EÁrna, EystJ) fjarstaddir.

Vilmundur Jónsson: Ég vildi beina því til hæstv. forseta, að þessi brtt., sem kölluð er, við dagskrártill. mína er gersam-

lega sjálfstæð dagskrártill., og ég vildi fara fram á, að hann úrskurði, að svo væri, og að till. væru bornar upp sem sjálfstæðar till. Mína till. á þá að bera upp á undan, með því að hún er fyrr borin fram.

Forseti (JBald): Það liggur ekki fyrir að ganga til atkv. um málið í heild nú.

Jakob Möller: Hv. þm. N.-Ísf. heldur, að till. mín sé sjálfstæð dagskrártill. En ég held því fram, að hún sé rétt borin fram sem brtt., þ. e. a. s. ég bætti í hana innskoti á þá leið, að þingið telji ekki fært að breyta gildandi l. með bráðabirgðalögum, og er það í raun og veru sami rökstuðningur og er fyrir till. hv. þm. N.-Ísf. Að öðru leyti kemur fram skýrar afstaða þingsins til málsins, og ég tel þess vegna fullkomlega rétt, að hún sé borin fram sem brtt.

Vilmundur Jónsson: Ég vildi vekja athygli hæstv. forseta á því, að þegar þessari brtt. svokallaðri var lýst áðan, þá var ekkert samband milli hennar og minnar till. Nú lýsir hv. flm. yfir því, að hann hafi gert á henni breytingu, sem ekki er hægt að gera, nema þá að flytja brtt. við brtt. Verði sú síðarnefnda ekki samþ., þá er ekkert samræmi milli hinnar till., eins og hún var flutt, og minnar till. Þær byggja á gerólíkum forsendum um það að vísa málinu frá. Og þess vegna held ég fast við það, að skoða till. hv. 1. þm. Reykv. sem sjálfstæða dagskrártill., og mótmæli því, að hæstv. forseti taki gilda breytingu á þeirri till. hans, sem fram er komin og búið er að lýsa, nema hún verði skoðuð sem brtt. við hina upphaflegu till. hans.

Forseti (JBald): Ég geri ráð fyrir, að þessari till. hafi verið lýst þegar er hún kom fram.

Jakob Möller: Það er sú furðulegasta kenning um þingsiði og þingsköp, sem hv. þm. N.-Ísf. hefir komið fram með, ef flm. till. getur ekki hvenær sem er gert þá breyt. á sinni till., sem honum sýnist. Þetta er svo föst þingvenja, að það er óskiljanlegt, að hv. þm. skuli leyfa sér að bera annað eins fram. Það er meira að segja föst venja á þingi, að þótt annar maður komi með brtt. við till. þm. og till.-maður samþ. brtt., þá er sú breyt. skoðuð sem hans eigin breyting, og alls ekki borin upp sérstaklega. Ég veit, að hæstv. forseti þekkir þetta, og efast þess vegna ekkert um, hvernig hann muni úrskurða. (**ÓTh:** Þetta var gert þrisvar sinnum í dag!).

Vilmundur Jónsson: Ég leyfi mér að víkja því enn til athugunar hæstv. forseta, að till. hv. 1. þm. Reykv. var lýst áður en hann gerði á henni þá breytingu, sem hann talar nú um. Og með leyfi að spyrja: Má bera fram till. og breyt. ekki eingöngu eftir að búið er að lýsa till., heldur líka eftir að búið er að slíta umr.? Viðbót hv. þm. var aldrei lýst, og mér skilst, að ekki sé hægt að lýsa henni eftir þetta. Þess vegna getur till. hans ekki komið til atkv. öðruvísi en hún var, svo sem hún hljóðaði þegar henni var lýst, og þá sem sjálfstæð till., en ekki sem brtt. við mína till.

Jakob Möller: Ég tilkynnti hæstv. forseta breyt.; og ef það vantar, að henni væri lýst, þá vil ég vekja athygli á því, að það er sök hæstv. forseta, því að till.-maður þarf ekki annað að gera en að afhenda till.; forsetans er að lýsa þeim. Og ef í þessu tilfelli verður úrskurðað, að breytingin komist ekki að, þá verð ég að líta svo á, að það hafi verið undirmál milli hv. þm. N.-Ísf. og hæstv. forseta um það, að lýsa ekki breytingunni.

Vilmundur Jónsson: Þetta er hrein illkvittni hjá hv. 1. þm. Reykv. Hann veit vel, að það var annar forseti í stólnum þegar hann bar fram dagskrártill. Síðan laumast hann til og gerir á henni breytingu. Má vel ætla, að sá forseti, sem nú situr í stólnum, hafi ekki áttað sig á, hvernig þetta atvikaðist.

Hinsvegar mótmæli ég því, sem mér láðist áðan, að það sé þingvenja, að menn megi ganga að vild sinni í till. sínar eftir að búið er að lýsa þeim og geri á þeim breytingar. Þetta er engin þingvenja og hin mesta firra.

Jakob Möller: Það hefir verið vakin athygli mín á því, að hæstv. forseti hafi ekki slitið umr.. og því er nægur tími til að lýsa brtt., og þar sem tillögumaður sjálfur flytur breytinguna, þá er augljóst, að hún er jafngild öðrum hlutum dagskrártill.

Hv. þm. N.-Ísf. mótmælir, að það sé þingvenja, sem ég sagði að væri. Ég er eldri maður á þingi en hann og þekki betur inn í þingmál. En ekki þarf það þó að koma sérstaklega til greina í þessu, og er ég satt að segja alveg undrandi, að hv. þm., þó að hann sé þetta ungur í starfinu, skuli ekki bera búinn að læra þær venjur, sem koma fyrir svo að segja daglega.

Forseti (JBald): Því hefir ekki enn þá verið lýst yfir, að umr. sé slitið, þó að till. um það hafi verið samþ. Þykir mér þá rétt að lesa till. upp. Hún er frá hv. 1. þm. Reykv. og hefir ekki verið stíluð sem brtt., heldur þannig, að dagskrártill. skuli orðast svo:

„Sameinað Alþingi ályktar að lýsa yfir því, að það lítur svo á, að þjóðaratkvæðagreiðslan, sem fór fram fyrsta vetrardag síðastliðinn, skeri úr um það, að áfengislöggjöf landsins beri að breyta samkv. þeim þjóðarvilja, sem þá kom fram, og í trausti þess, að ríkisstjórnin undirbúi slíka lagasetningu fyrir næsta reglulegt þing, tekur þingið fyrir næsta mál á dagskrá".

Á milli orðanna „kom fram" og „og í trausti þess" hefir hv. flm. bætt inn í till. frá því, sem hún var vélrituð og er ef til vill lýst áður: „en hinsvegar telur þingið ekki fært að breyta gildandi löggjöf með bráðabirgðalögum".

Það liggur ekki fyrir að úrskurða fyrr en til atkvgr. kemur, hvernig till. koma að. Segi ég þá umr. slitið um málið, en atkvgr. verður frestað.

Jóhann Jósefsson: Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. forseta, hvenær atkvgr. eigi að fara fram, því að ég vildi fá yfirlýsingu frá hæstv. forseta, sem tryggði það, að þingið yrði að láta uppi skoðun sína og vilja gagnvart þeirri till., sem hér liggur fyrir.

Forseti (JBald): Hv. þm. þarf ekki að vera hræddur um, að till. komi ekki til atkv. áður en þingi slítur, því það mun verða tekið á dagskrá á fundi þeim, sem ákveðinn er í dag kl. 2 (9. des.).

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 14. fundi í Sþ., 9. des., var fram haldið einni umr. um till.

Vilmundur Jónsson: Ég verð að biðja hæstv. forseta um að veita mér leyfi til að segja fáein orð áður en atkvgr. hefst. Ég gerði þá kröfu undir umr. í nótt til hæstv. forseta, að þar sem svokölluð brtt. frá hv. 1. þm. Reykv. við dagskrártill. mína væri alls ekki stíluð sem brtt., þá væri mín till. borin upp fyrst, en hans till. síðar sem sjálfstæð dagskrártill. Nú vitnaðist það, að hv. 1. þm. Reykv. hafði laumazt til og gert breyt. á till. sinni eftir að henni hafði verið lýst. En þá var samþ. að slíta umr. áður en sú breyting hans var gerð þingheimi kunnug. Taldi ég, að hún gæti þá ekki komið til atkvæða öðruvísi en í sinni upphaflegu mynd, og þá sem sjálfstæð till. Á þessu byggði ég kröfu mína. En hæstv. forseti leit svo á, að ekki væri búið að slíta umr. með samþykktinni um að slíta þeim, og væri því enn mögulegt að lýsa breyt., sem hann og gerði. Breytingin var sú, að skoða má, að nú sé brtt. hv. 1. þm. Reykv. orðin í því formi, að hún megi heita brtt. við till. mína. Tek ég því aftur kröfu mína til hæstv. forseta um, að till. hv. 1. þm. Reykv. verði borin upp sem sjálfstæð till. og sætti mig við, að hún verði borin upp sem brtt. við dagskrártill. mína.

ATKVGR.

Brtt. 1. þm. Reykv. við dagskrártill. þm. N.-Ísf. samþ. með 26:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, JónÞ, KS, MG, MJ, ÓTh, PHalld, PM, PO, TT, ÞÞ, ÁÁ, BÁ, BSn, EE, GSv, GÍ, GL, HStef, HJ, HV, JakM, JJós, JÓl, IP, JBald.

nei: JónasJ, JörB, PHerm, TrÞ, VJ, ÞorlJ, BJ, BSt, BKr, EÁrna, EystJ, FJ, HG, IngB, IP, JónJ.

Ellefu þm. (ÓTh, PHerm, PO, VJ, BJ, BÁ, FJ, GL, JakM, JJós, JónJ) gerðu grein fyrir atkv. sínum á þessa leið:

Ólafur Thors: Ég verð að fara fram á það við hæstv. forseta, að hann leyfi mér

að gera grein fyrir atkv. mínu. Tel ég sennilegt, að svo muni fara, að fleiri hv. þm. æski þess sama.

Ég mótmæli þeim orðum í till. hv. 1. þm. Reykv., að sú leið, sem við flm. þáltill. viljum fara í þessu máli, sé ófær. Fordæmið, sem gefið er, er það, að þegar þjóðaratkv. hefir gengið um mál, og þegar sýnt er, að Alþingi vinnst ekki tími til að taka þjóðarviljann til greina, þá skori þingið á ríkisstj. að fullnægja þessum þjóðarvilja. Þetta er með öllu hættulaust fordæmi.

En af því að mér er kunnugt um, að ef till. hv. 1. þm. Reykv. verður felld, þá verður dagskrártill. hv. þm. N.-Ísf. samþ., en hana tel ég með öllu ótæka, og till. okkar um afnám bannsins með bráðabirgðalögum þar með felld, þá greiði ég atkv. með till. hv. 1. þm. Reykv., og mér er þetta ljúfara fyrir það, að hv. þm. Borgf. upplýsti við umr. í nótt, að flm. till. um þjóðaratkvæði á síðasta þingi hefðu beinlínis tekið það fram, að þeirra vilji væri sá, að málið kæmi ekki til kasta þingsins fyrr en ríkisstj. hefði undirbúið nýja löggjöf í samræmi við þjóðarviljann og lagt hana fyrir þingið, en þessu skilyrði upphafsmanna þjóðaratkvgr. hefir ekki verið fullnægt.

Með till. hv. 1. þm. Reykv. er fullnægt höfuðatriði þessa máls, að Alþingi viðurkenni skilyrðislaust, að fara beri eftir þjóðarviljanum og afnema bannið. Hvort það er gert nokkrum mánuðum fyrr eða síðar, skiptir að vísu máli, aðallega vegna þess, hversu erfitt mun reynast að halda uppi lögunum, en það skiptir ekki öllu máli. Með þessum formála segi ég já.

Páll Hermannsson: Ég tel að vísu þessa brtt. efnislega séð réttmæta, en þar sem ég tel, að dagskrártill. hv. þm. N.-Ísf. falli betur við efni þáltill., þá tel ég réttara, að hún verði samþ., og segi ég þess vegna nei.

Pétur Ottesen: Þar sem í brtt. hv. 1. þm. Reykv. við hina rökst. dagskrá felst full viðurkenning á því, að eigi sé fært að afgr. þetta mál með því að breyta gildandi lögum með bráðabirgðalögum, og þar sem með samþykkt hennar er ennfremur tryggt, að mál þetta verði ekki afgr. án þess að samin sé jafnframt vönduð og vel hugsuð áfengislöggjöf, þá greiði ég atkv. með till. og segi já.

Vilmundur Jónsson: Ég lít að vísu svo á, að eðlilegt sé, að áfengislöggjöfinni verði breytt í samræmi við þjóðaratkv. það, sem fallið hefir, og geri ég ráð fyrir, að þau verði úrslit málsins. Hinsvegar tel ég, að það geti aðeins orðið á þann hátt, að sá meiri hl. þjóðarinnar, sem er fylgjandi fullu afnámi bannsins, skipi þingið svo, að meiri hl. þess verði að þessu leyti í samræmi við meiri hl. þjóðarinnar. Með þjóðaratkv. er ekki hægt að hefta sannfæringar- og samvizkufrelsi þm. A. m. k. mótmæli ég því mjög ákveðið fyrir mitt leyti. Ég játa, að skoðanir mínar á þessu máli eru, því miður, aðeins í samræmi við skoðanir minni hl. þjóðarinnar, en það rýrir réttmæti þeirra að engu leyti. Ég skoða mig sem fulltrúa þess minni hl. og mun, þegar þar að kemur, greiða atkv. samkv. því, ef það á fyrir mér að liggja að eiga þá atkv.rétt um málið. Fyrir því get ég ekki greitt atkv. dagskrártill. góðtemplarans, hv. 1. þm. Reykv., að með henni gerir hann lævíslega tilraun til að binda atkv. þm. fyrirfram í þessu máli og með fullu afnámi bannsins, án tillits til þess, hver sannfæring þeirra er, um leið og hann leitast við að sundra þeim atkv., er komið gætu í veg fyrir þá smánarlegu og hættulegu afgreiðslu málsins, sem fyrirhuguð er með þáltill. — aðferð, sem þessum eina hv. þm. er samboðin, sá Mefistofeles sem hann er. Segi ég því **nei.**

Bergur Jónsson: Í trausti þess, að dagskrártill. hv. þm. N.-Ísf., sem er að efni til hreinasta vitleysa lögfræðilega séð, enda byggð á úreltri lögfræðiskruddu, — í trausti þess, að hún verði felld, segi ég nei.

Bjarni Ásgeirsson: Þótt ég viðurkenni ekki að öllu leyti brtt. hv. 1. þm. Reykv., þá næst samt í aðalatriðum, enda þótt seinna verði, það, sem fyrir okkur flm. þáltill. vakti, og segi ég því já.

Finnur Jónsson: Með tilvísun til grg. hv. þm. N.-Ísf. segi ég nei.

Guðrún Lárusdóttir: Með skírskotun til grg. hv. þm. Borgf. segi ég já.

Jakob Möller: Um leið og ég vísa á bug og heim til föðurhúsanna ummælum hv. þm. N.-Ísf., þá vil ég geta þess, að ég hefi ekki gert ráð fyrir, að aðrir greiddu atkv. með till. minni en þeir, sem vilja virða þjóðarviljann í þessu máli, hlíta þeim úrslitum, er þjóðin gaf með atkvgr. í haust. Ég hefi því hvorki búizt við því, að menn eins og hv. þm. N.-Ísf. eða aðrir þeir, sem vilja virða þjóðarviljann að vettugi, greiddu henni atkv. — Ég segi já.

Jóhann Jósefsson: Þótt ég geti tekið undir með hv. þm. G.-K. um það, að þáltill. okkar sé í alla staði þingleg og réttmæt, þá viðurkenni ég þó eins og hann, að með samþykkt þessarar till. er höfuðkröfum okkar náð, sem sé, að stjórnin undirbúi málið og leggi það fyrir næsta þing. Og í trausti þess, að svo verði, segi ég já.

Jón Jónsson: Í trausti þess, að hv. þm. G.-K. hafi gefið rétta skýrslu, er hann sagði, að dagskrártill. hv. þm. N.-Ísf. yrði samþ., ef þessi brtt. verður felld, segi ég nei.

Þingsályktunartillögur, vísað til ríkisstjórnarinnar.

1. Launakjör.

Á 16. fundi í Nd., 22. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um launakjör (A. 105).

Á 17. fundi í Nd., 23. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 18. fundi í Nd., 24. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Jón Pálmason): Mér þykir slæmt, að hæstv. ríkisstj. skuli ekki vera hér öll viðstödd, því að það, sem ég segi um þetta mál, sem hér liggur fyrir, á fyrst og fremst erindi til hennar, og þá í fyrsta lagi náttúrlega til hæstv. forsrh.

Ég þykist vita, að gera megi ráð fyrir, að allir hv. þdm. hafi fylgzt svo vel með í fjárhagslífi þjóðarinnar á síðustu árum, að þeim standi ljóst fyrir augum, hvernig straumurinn hefir stefnt í atvinnulífi og fjármálaháttum. Hann hefir stefnt á þá leið, að þeim mönnum, sem reka framleiðslu á eigin ábyrgð, fer sífækkandi í hlutfalli við aðrar stéttir, og sívaxandi örðugleikar eru beint og óbeint lagðir í götu þessara manna með þeim stjórnarháttum, sem ríkt hafa í landinu nú um skeið. Hæstv. atvmrh. komst að þeirri niðurstöðu á síðasta þingi, að bændur landsins hefðu árið 1932 haft 16 aura tímakaup. Ég hygg nú, að þetta hafi eigi verið reiknað út, því að það ár höfðu fjölmargir bændur minna en ekkert kaup, þó að flestir þeirri vinni 10—14 tíma á sólarhring árið yfir. Hinn aðalatvinnuvegur þjóðarinnar, sjávarútvegur, hefir verið þannig settur síðustu árin, að mestallar þær miklu tekjur, sem framleiddar eru á vegum hans, fara í kostnað. Atvinnufyrirtækin eru skuldum hlaðin og hafa engin skilyrði til að tryggja sinn hag eða afla þeirra verðmæta, sem ómissandi eru til þess að framleiðsla geti byggzt á traustum grunni og atvinnulífið á vegum þeirra verið blómlegt og þróttmikið. Þriðja höfuðgrein framleiðslunnar í landi voru, iðnaðurinn, er ung og óþroskuð, vaxandi að vísu, sem betur fer, en undirokuð af sama háska, gífurlegum gjöldum og rýrum tekjum, eins og aðrir atvinnuvegir landsins. Á sama tíma, sem þetta stendur þannig, að allir þeir hornsteinar, sem þjóðfélagsbygging okkar lands hvílir á, eru að síga undan óhóflegri yfirhleðslu, hafa þau undur skeð, að hv. Alþingi hefir haldið launum embættismanna ríkisins og stofnana þess í hámarki, eða óbreyttum að kalla má. Þetta þýðir það, að launastéttin hefir aldrei haft við betri kjör að búa í hlutfalli við þær stéttir, sem framleiðsluna stunda. Þetta atferli segir líka til sín á viðeigandi hátt í afleiðingum, því að á undanförnum árum hefir ungt fólk, sem einhvers á úrkosti, lagt á það meira kapp en nokkru sinni fyrr að hverfa frá framleiðslunni og komast í launastéttina með einhverjum hugsanlegum ráðum. Svo langt er þetta þegar gengið, að kennarar háskólans eru farnir að vara nemendurna opinberlega við hættunni, sem við

blasir. Er það að vísu drengilega gert, en dugir skammt, á meðan ríkisvaldið hagar sér jafnráðlauslega og verið hefir. Aldrei hefir borið meira á því en á síðustu árum, að unga uppvaxandi fólkið hópaðist úr sveitum landsins, og liggja til þess eðlilegar og margþættar orsakir, sem skökk tök á beitingu ríkisvaldsins eiga höfuðorsökina á. Einn þátturinn í þeim vef er það, sem hér um ræðir, sem sé aukin sérréttindi til handa því fólki, sem hið opinbera vald hefir á launum. Að undanförnu hefir ekkert þing liðið svo, að eigi væri beint og óbeint stofnað til fleiri eða færri nýrra launastarfa. Sum störfin hafa verið búin til, svo að hægt væri að láta vissa einstaklinga fá laun, önnur til að geta veitt launamanni aukastarf, o. s. frv. En í gegnum allt saman hefir gengið sá andi, sú stefna, sú viðleitni að láta þetta nýja starfsvið hafa hærri laun, betri kjör en áður hefir tíðkazt.

Þessar aðfarir fóru lengi leynt, en hafa smátt og smátt kvisazt út á meðal fólksins. Þær hafa að vonum vakið mikla óánægju hjá eldra starfsmannaliði ríkisins, sem í raun og veru býr við skorinn skammt, þegar miðað er við hina nýríku launastétt. Þetta hefir vakið andúð og jafnvel viðbjóð meðal almennings af öllum flokkum úti um sveitir okkar lands, og nú er svo komið, að almennar kröfur heimta, að ljóst og ákveðið sé dregið fram í dagsljósið allt ráðlag þeirra manna, sem á þessu sviði hafa að undanförnu haldið veldissprotanum milli fingra sér.

Á þingi 1932 gerðu sjálfstæðismenn kröfu til, að skýrsla um starfslið og launakjör væri látin fylgja fjárlfrv. stj. í hendur þingsins. Þetta brást á síðasta þingi, en þegar langt var liðið þings, var fjvn. þessarar d. fengið í hendur ófullnægjandi yfirlit um þetta, en jafnframt vald til að grafa dýpra í hauginn.

Hv. meðflm. minn að þeirri till., sem hér liggur fyrir, þm. Borgf., mun hafa lagt mesta vinnu í þetta starf, og undir þinglok gaf hann skýrslu um þær niðurstöður, sem sú rannsókn leiddi í ljós, ófullnægjandi að vísu, en nógu ljósa samt til þess, að þingheimur og almenningur gæti áttað sig á, hve hyggilega, drengilega og ráðvandlega ríkisvaldinu hefir verið beitt á þessu sviði. Í þessari skýrslu kom margt í ljós, sem athyglisvert er, enda mun hún hafa vakið eftirtekt landsmanna landshornanna milli. Það, sem í ljós kom, var einkum þetta:

1. Að launagreiðslur utan launalaga eru yfirleitt stórum mun hærri en til þeirra manna, sem taka laun samkv. launalögunum.

2. Að ósamræmi í launakjörum manna við svipaða starfsemi er svo gífurlegt, að furðu sætir.

3. Að fjöldi af starfsmönnum ríkisins hefir auk hins fasta starfs hin og önnur launuð aukastörf, í mörgum tilfellum jafnvel á því sviði, sem heilbrigð dómgreind mundi hiklaust telja í hinum sjálfsagða verkahring viðkomandi starfsmanns.

4. Að launin fyrir aukastörfin eru hjá ýmsum starfsmönnum talsvert hærri en hin föstu laun, og hjá öðrum stappa nærri að vera jafnhá.

5. Að launastörfin eru svo mörg og margvísleg og verkahringur ýmsra starfsmanna svo smár eftir launahæð, einkum við hinar nýrri stofnanir ríkisins, að enginn vegur er til annars en að breyta skipulagi og fækka starfsmönnum að miklum mun.

Allt þetta hafa hv. þm. sennilega athugað og allt þetta gerir þá hugsun að öruggri vissu, að hér verður að taka fast í taumana og gera endurbætur á. Till. var að vísu samþ. á síðasta þingi í þá átt að skora á stj. að taka málið fyrir, en mér er sagt, að lítið eða ekkert hafi verið í því gert að þessu. Það eitt er líka víst, að ekkert hefir komið fyrir þetta þing um endurbætur á þessu sviði. Það eina, sem frá hæstv. fjmrh. hefir heyrzt, eru tilmæli um að framlengja óbreytta dýrtíðaruppbót á embættislaun, en það tel ég stefna í öfuga átt við það, sem vera ber.

Sú þáltill., sem hér liggur fyrir á þskj. 105, er nú aðeins bráðabirgðatilraun til þess að krefjast sem allra skjótastra leiðréttinga á því misrétti, sem hér er um að ræða. Leiðréttinga í þá átt að færa niður svo fljótt sem verða má launagreiðslur til þeirra manna, sem taka laun utan launalaga og hæst laun og mestar og óþarfastar aukagreiðslur hafa. Till. er til-

raun til að leiða það skýrt í ljós, hvort vilji er fyrir hendi meðal þeirra þjóðfulltrúa, sem skipa þessa hv. d., til að gera þær breyt., sem unnt er að gera nú þegar. Hún er jafnframt tilraun til að vita um vilja og möguleika hæstv. ríkisstj. til endurbóta á þessu sviði.

Það er gert ráð fyrir, að tíu mánuðir líði þar til saman kemur reglulegt þing, sem tækifæri veitir til að taka þetta vandasama mál allt í gegn. Á þessu tímabili mætti margar þúsundir spara ríkissjóði á þessu sviði, ef einbeitt og fasttæk ríkisstj. með þingvilja að baki sýndi alla viðleitni til hagkvæmra átaka í því efni.

Hitt er mér þó fullljóst, að margir og margvíslegir annmarkar eru á þessari framkvæmd. Verð ég þó því miður að játa, að mér hefir eigi gefizt færi á að rannsaka, hvað víðtækir og margháttaðir þeir eru í sumum efnum; vænti ég, að hæstv. fors.- og fjmrh. gefi d. nokkrar upplýsingar um ýms þau atriði. M. a. ekki sízt það, hve víðtækir og margvíslegir samningar eru fyrir hendi við starfsmenn við stofnanir ríkisins, er hindra niðurfærslu á launum. Hvað margt af þeim og hvaða starfsflokkar hafa samninga upp á annað en algengan uppsagnarfrest, o. s. frv. Framkvæmd þessarar till., ef samþ. verður, ætlast ég til, að verði m. a. sú, að segja öllum slíkum samningum upp tafarlaust, svo að þeir séu þó eigi til hindrunar á næsta þingi, þegar ætla má, að nýtt kerfi verði lögleitt á þessu sviði.

Ég ætla ekki neitt að skora á hv. þm. að samþ. þessa till. Þar fer hver og einn vitanlega eftir sínum vilja, sínum hugsunarhætti, sinni stefnu á því sviði, sem hér er um að ræða, og ég geri ráð fyrir, að flokksböndin séu þar tæplega til hindrunar.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál að svo stöddu.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég mun ekki hafa langt mál um þessa till. En það hefir komið fram í umr., að stj. hafi á síðasta þingi tekið á móti till. um að lækka laun starfsmanna ríkisins. Það er rétt, að samþ. var á síðasta þingi ályktun til stj. um, að hún léti endurskoða launalöggjöfina, samræma launakjör starfsmanna ríkisins og þesshættar. En strax upp úr kosningunum varð stj. það ljóst, að hún væri eigi svo föst í sessi, að vert væri, að hún undirbyggi undir næsta reglulegt Alþ. svo stórt og umfangsmikið mál sem hér er um að ræða. Og ein höfuðkrafan, sem barst frá Sjálfstfl. og Alþfl., var sú, að öll stærri mál væru látin bíða fram yfir kosningarnar til reglulegs Alþ. Þess vegna hefir hv. tillögumaður ekki tilefni til að áfellast stj. fyrir, að hún leggur ekki fyrir þetta þing till. um stórar breytingar. Stj. ætlast einmitt til, að sú stj., sem undirbýr mál undir næsta reglulegt Alþ., hver sem hún verður, skipi menn til að athuga þetta mál og gera till. til úrlausnar. Nú hefir komið fram till. um að setja fimm manna n. í þessu skyni, og get ég fallizt á, að það sé rétt og fullt svo gott, að þingið sjálft eða flokkarnir skipi hana, en ekki stj.

Að fengnum þessum upplýsingum hygg ég, að hv. flm. skilji, hvers vegna stj. skipaði ekki að svo stöddu n. til að fjalla um launamálin. Enda er nægur tími til stefnu, þar sem útlit er fyrir, að reglulegt Alþ. komi ekki saman fyrr en í september næsta ár. Fer það þó nokkuð eftir úrslitum kosninganna. Vil ég beina til þeirra manna, sem ekki hafa viljað, að þetta þing tæki til meðferðar önnur mál en þau, sem af stjskr.breyt. leiðir, að þeir láti þetta mál bíða hins nýkosna þings, sem ráða á málum þjóðarinnar um næstu fjögur ár. Það er ekki eðlilegt, að nú séu til nokkurra mánaða gerðar ráðstafanir til breyt. á þeim reglum, sem gilt hafa án verulegra breyt. í 14 til 15 ár. Sjálfstflmenn veit ég, að muni skilja þetta, þar sem það er samkv. kröfu, sem fyrst kom fram frá Sjálfstfl.

Út af því, sem sagt var um tilmæli frá forsrh., sem vikju í öfuga átt við hina réttu stefnu, en þar mun átt við till. mína um að framlengja dýrtíðaruppbót embættis- og starfsmanna ríkisins a. m. k. fram yfir reglulegt Alþ., þá vil ég benda hv. aðalflm. á, að sú till. mín er í fullu samræmi við vilja allra fulltrúa Sjálfstfl. í Ed. í fyrra. Sýnir það, að ég er a. m. k. í góðum hóp í því efni. Nú er ekki tilgangur minn að halda því fram, að ég sé í góðu samræmi við Sjálfstfl. yfirleitt, en þegar ég er ásakaður fyrir það af sjálf-

stæðismanni, að till. mín um dýrtíðaruppbót gangi í öfuga átt við „hina réttu stefnu", og einnig fyrir það, að ég tel rétt að leggja ekki fyrir þetta þing neinar mikilsverðar ákvarðanir um launamálin, þá finnst mér rétt að benda á, að um þessi atriði bæði er ég í samræmi við það, sem frá Sjálfstfl. hefir komið fram um þetta efni.

Ég mun svo ekki fara lengra út í þessa sálma. En mér kom á óvart að heyra talað um „nýríka" launamenn meðal starfsmanna ríkisins. Ég þekki engan, sem safnað hefir fé af launum sínum, svo hann geti kallazt nýríkur. Að vísu er það svo, að þeir, sem föst laun hafa, hafa margir sætt öðrum og betri kjörum síðustu árin heldur en þeir, sem lifa af framleiðslu. En það mun alltaf verða svo að vera, að föst laun séu ofan við lágmark afurðaverðs og neðan við hámark þess.

Mér heyrist á barsmíðunum í borðin að það muni vera fullmikils krafizt að ætlazt til, að menn geymi sér fram yfir kosningar þau mál, sem menn vilja helzt nota fyrir kosningarnar.

Thor Thors: Mér skildist ræða hæstv. fjmrh. eiga við þáltill. á þskj. 116, sem búið er að taka út af dagskrá. En út af orðum hans, þar sem hann var að stæra sig af því að vera í samræmi við Sjálfstfl., vil ég segja það, að ég tel fara vel á því, að þessi hæstv. ráðh. stæri sig af slíku, og óska, að framhald mætti verða á því.

Út af þeirri till., sem hér liggur fyrir á þskj. 105, er það að segja, að mér finnst ekki ná nokkurri átt að greiða atkv. um hana fyrr en víst er orðið, hvernig fer um dýrtíðaruppbótina. Það mál liggur nú fyrir hv. fjhn. þessarar d. Þessi till. byggist á því, hvaða meðferð till. um framlenging dýrtíðaruppbótarinnar fær hér á þingi, og greiða menn því atkv. út í loftið, ef hún kemur til atkv. áður en menn vita, hvernig dýrtíðaruppbótinni reiðir af. Vil ég því mælast til þess við hæstv. forseta, að málið verði tekið þegar út af dagskrá og vísað til hv. fjhn., svo hv. þdm. viti, hvernig þessi mál í heild horfa við, áður en til þess kemur, að þeir þurfa að greiða atkv. um þessa till.

Pétur Ottesen: Hv. þm. Snæf. hefir nú raunar svarað hæstv. fjmrh. því, sem þarf, en af því hæstv. ráðh. fór út úr d. þegar hv. þm. fór að tala, en er nú kominn aftur, þá vil ég skjóta því til hans, að það er vorkunnarmál, þó hann blandaði hér algerlega saman þeirri till., sem hér liggur fyrir nú, og þeirri, sem var á dagskrá næst á undan. Í þessari till. felst ekkert annað en það, að hæstv. ríkisstj. noti þá aðstöðu, sem hún hefir, nú upp úr nýárinu til þess að færa laun starfsmannanna við hinar einstöku ríkisstofnanir hér í Rvík til samræmis við laun þeirra manna, sem taka laun eftir launalögunum. Vitanlega er hér um mikinn mismun að ræða á launagreiðslum samkv. launalögunum yfirleitt og launagreiðslum utan þeirra, eins og þær hafa verið ákveðnar í hvert skipti af ríkisstj. á undanförnum árum. Í till. felst ekkert annað en það, að þegar útrunnir eru þeir samningar, sem gilda um þessar launagreiðslur, þá noti stj. tækifærið til að koma á meiru samræmi í þessum hlutum. Að vísu er drepið á það í till., að ósamræmið verði ennþá meira, þar sem lögum samkv. fellur niður dýrtíðaruppbót af launum embættis- og starfsmanna ríkisins um næstu áramót. Ég man ekki, hvort till. um framlengingu á dýrtíðaruppbótinni var komin fram þegar við bárum þessa till. fram. Hún er byggð á því ástandi, sem lög eru nú fyrir, að dýrtíðaruppbótin falli niður; á öðru var ekki hægt að byggja. Þegar það bætist við allt það ósamræmi, sem fyrir er, verður ósamræmið vitanlega enn meira en áður. Hér er eiginlega aðeins um bráðabirgðaráðstöfun að ræða, því ég geri ráð fyrir, að sú till., sem áðan var vísað til fjhn., um að taka launamálin í heild til athugunar, gangi áfram og nái samþ. Okkar till. á að taka til þess millibilsástands, sem verður þar til Alþ. hefir endanlega gengið frá nýrri löggjöf um þetta efni. Hæstv. forsrh. talaði um, að samkomulag væri milli flokka, a. m. k. Sjálfstfl. og Framsfl., um það, að láta dýrtíðaruppbótina, og að mér skildist ástandið í launamálunum yfirleitt, haldast fram yfir næstu kosningar. Þetta er alveg nýtt fyrir mér. Ég hefi ekki heyrt á slíkt minnzt innan míns flokks, og ef um eitt-

hvert samkomulag er að ræða um þetta efni, en því trúi ég ekki að óreyndu, þá er það mér óafvitandi.

Ég hefi nú skýrt nokkuð, hvað þessi þáltill. snýst um. Till., sem á dagskrá var næst á undan, er vitanlega miklu víðtækari.

Flm. (Jón Pálmason): Mér skilst á hæstv. fjmrh.,'að hann vilji víkja frá sér öllum aths. víðvíkjandi því máli, sem hér er um að ræða, á þeim grundvelli, að ríkisstj. hafi verið frá síðustu kosningum og sé svo völt í sessi, að hún vissi ekkert, hvort hún hefði tækifæri til að koma fram umbótum á þessu sviði. Að svo miklu leyti, sem mér er kunnugt, er það rétt, að hæstv. stj. hefir verið völt í sessi. Hún situr nú sem „fungerandi" stj., og benda allar líkur til, að svo verði fram yfir næstu kosningar. En þar með er ekki slegið föstu, frá mínu sjónarmiði séð, að ekki hvíli sama skylda og endranær á hæstv. stj. og fulltrúum þjóðarinnar, að taka í strenginn til endurbóta um hvað eina, sem aflaga fer í okkar þjóðfélagi, eins á þessu sviði eins og hvervetna annarsstaðar. Hvað því viðvíkur, að ég hafi ekki haft ástæðu til að ásaka hæstv. stj. fyrir framkvæmdaleysi á þessu sviði, þá verð ég að segja, að eftir þeirri takmörkuðu þekkingu, sem ég hefi á starfsháttum þings og stj. á undanfarandi árum, virðist mér allmikið hafa borið á því, ekki sízt hjá hæstv. núv. forsrh., að lítill vilji fylgdi því að koma á umbótum í þessu efni. Því hvenær sem til þess hefir þurft að taka að gera breytingar í þá átt að samræma launakjör eða þesshættar, þá hefir helzt orðið niðurstaðan að framkvæma samræminguna á þann hátt að hækka laun þeirra, sem lakar eru settir, í stað þess að minnka við þá hæstlaunuðu.

Hæstv. ráðh. tók fram, að sér hefði komið á óvart að heyra talað um nýríka embættismenn. Ég hélt, að hvorki honum né öðrum, sem hér eru inni, þyrfti að koma slíkt á óvart. Ég átti þar við þá menn, sem hæst eru launaðir allra þeirra starfsmanna í landinu, sem hið opinbera vald hefir yfir að ráða, en það eru starfsmenn hinna nýju ríkisstofnana. Hæstv. ráðh. talaði um, að það launaskipulag, sem við nú búum við, væri 14 til 15 ára gamalt. Það er rétt að því leyti, sem launalögin gömlu taka til. En það vita allir, enda hefir það verið upplýst í umr., bæði af flm. þessarar till. og eins af hv. 1. þm. S.-M., sem talaði talsvert ýtarlega um þetta mál hér áðan, að það er komin slík ringulreið á þessa hluti, að við slíkt verður eigi unað.

Hvað snertir það, að tilmæli hæstv. forsrh. um framlenging á dýrtíðaruppbótinni séu í samræmi við vilja Sjálfstfl., þá vil ég taka undir það með hv. þm. Borgf., að það er algerlega án minnar vitundar, hafi Sjálfstfl. gert nokkra samþykkt um það efni. Og þegar það mál kemur til umr. hér í d., mun það ekki ganga orðalaust fram, þótt við hreyfðum ekki andmælum við 1. umr.

Ég ætla ekki að svo stöddu að ræða frekar efni till., sem hér liggur fyrir. Hún er, eins og ég tók fram í fyrri ræðu minni, bráðabirgðaúrlausn, aðeins tilraun til að vita, hvort þingvilji er fyrir því að færa til lagfæringar það, sem hægt er á þessu sviði án lagabreytinga. Hún er tilraun til að vita, hvort sú ríkisstj., sem ætla má, að sitji fram yfir kosningar, hefir vilja á að koma á þeim endurbótum í þessu efni, sem hún hefir ráð á. Er þá ekki minnst um það vert, að gengið verði að því, að svo miklu leyti sem samningar standa í vegi fyrir breytingum, að segja þeim upp, til þess að næsta Alþ. geti án hindrana tekið málið fyrir frá grunni föstum tökum.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Hv. þm. Borgf. sagði, að ég hefði blandað saman tveimur till. Ég gerði það vegna þess, að till., sem hér liggur fyrir, um lækkun launa við ríkisstofnanir, er sett í samband við það, að dýrtíðaruppbót embættismanna falli niður frá næstu áramótum. Till. blandar þessu þannig saman sjálf. Ég skal játa, að ef dýrtíðaruppbótin er látin falla niður um næstu áramót, þá skapar það svo mikið ósamræmi milli þeirra, sem laun taka samkv. launalögunum, og hinna, sem laun fá eftir samningi við stofnanirnar, að það væri ótækt. En hitt veit ég líka, að niðurfelling dýrtíðaruppbótar af hinum lægri launum, svo sem launum póstmanna,

símamanna, kennara og presta, mundi gera mörgum fjölskyldum í þessum stéttum lífið óbærilegt. Mér virðist, að þegar talað hefir verið um launahæð almennt, þá hafi helzt verið búizt við sparnaði, sem um munaði, við það að geta klipið af launum þessara fjölmennu stétta. Hitt er allt annað mál, eins og hv. þm. A.-Húnv. benti á, að lækka hæstu launin. Það væri mjög einfaldur hlutur að bera fram ákveðna till. um það efni, þótt enginn maður hafi gert það þau ár, sem ég hefi setið á þingi. Hér er varla um fleiri en 8 til 12 menn að ræða, bankastjóra og aðra slíka. Því ég get sagt hv. þm. það, að þeir, sem hæstir eru í launalögunum, eru þó svo lágt launaðir, að tæplega er forsvaranlegt að launa ekki mönnum í svo ábyrgðarmiklum stöðum betur. Það væri ofur auðvelt að taka þá fáu menn út úr, sem sitja á „gullhaugnum", og gera beina till. um að lækka laun þeirra. En slíkar till. hefi ég aldrei séð. Og það er af þessari eðlilegu ástæðu, þó það sé einlægni fyrir sumum, sem eru þessum málum fremur ókunnugir, að mig grunar, að fyrir flestum sé allt þetta launatal fyrst og fremst kosningabeita. Þegar nú tvennar kosningar fara fram með stuttu millibili, er við því að búast, að með meira móti sé um þetta talað. En það verður ávallt minna úr efndunum heldur en gefið er í skyn á þingmálafundum, því möguleikarnir á þessu sviði eru ekki eins miklir eins og þægilegt þykir stundum að gefa hv. kjósendum hugmynd um.

Svona er það, að mörgum hinna lægst launuðu mundi verða það óbærilegt, ef dýrtíðaruppbótin félli niður. Ég get því ekki fallizt á, að það sé lagt til grundvallar launagreiðslum við aðrar stofnanir, því þó einhverjir kveljist, er engu bættara þó aðrir kveljist líka. Ég vil heldur, að einhverjum geti liðið vel, heldur en að allir kveljist. En helzt vil ég, að hvorttveggja sé látið haldast að svo stöddu, laun starfsmanna við ríkisstofnanirnar og dýrtíðaruppbót embættismanna, og skipuð verði n. með fulltrúum allra flokka til að búa málið undir næsta þing. Séu þeir tveir hv. þm., sem hér hafa talað fyrir till., í fullu samræmi við vilja síns flokks, býst ég við, að svo duglegir menn hafi góð skilyrði til að komast í þá n. og ráða stefnu síns flokks í málinu. Slík n., sem athugaði þessa hluti gaumgæfilega, getur komizt að einhverri niðurstöðu, sem vit er í. Það er ómótmælanlegt, að þegar á að skipa slíka n., þá eiga menn að láta sér nægja að bíða þangað til þeim störfum er lokið, og sérstaklega þegar kosningar standa fyrir dyrum, sem eiga að ráða úrslitum um öll stærri mál.

Það var misskilningur á mínum orðum, að um þetta væri samkomulag milli Framsfl. og Sjálfstfl. Ég sagði, að um það ætti að vera samkomulag allra flokka að fresta launamálunum. En samkomulagið hefir ekki verið betra en það í þessu efni, að margir mínir flokksmenn í Ed. fylgdu málinu á síðasta þingi á líkan hátt og hv. þm. A.-Húnv. hefir gert nú. Vegna þessara launalækkunarkrafna hefði því ekki þurft að verða þingmannaskipti í kjördæminu. Annaðhvort er hér um kosningamál að ræða, sem menn vilja ógjarnan missa af á þessum viðkvæmu tímum, þegar allt nötrar og skelfur, eða þá að menn geti sætt sig við biðina þar til rannsókn er lokið.

Gísli Sveinsson [óyfirl.]: Ég hefði getað fellt mig við, að þessi till. hefði gengið til. n., jafnvel með fáum orðum, til þess að fjhn. þessarar d. athugaði hana með öðru skyldu máli, sem nú er búið að vísa til þeirrar n. En eftir þær ræður, sem nú hafa farið fram, og sérstaklega eftir þá ræðu, sem hæstv. forsrh. hefir nú flutt hér, er ekki gerlegt að láta málið fara alveg orðalaust áfram. Aðalflm. og fleiri þdm. hafa rakið tildrög þessa máls og rætt þau, að vísu frá sínu sjónarmiði, sem sumir vilja álíta, að ekki sé að fullu og öllu tekið tillit til allra ástæðna í málinu. En þó er það, sem þeir hafa fram flutt, í meginatriðum rétt. Það er að því leyti rétt, að úti á meðal þjóðarinnar er mikil óánægja um launagreiðslur af hendi hins opinbera til starfsmanna eins og stendur. Ástandið í landinu bæði til sjávar og sveita er nú þannig, að það er mjög eðlilegt, að bændum, sem koma utan úr sveitunum og vita, hvernig kjör manna eru þar, og aðrir, sem koma frá sjávarsíðunni og munu eiga að mæla fyrir hönd verkafólksins, að þeir vilji láta athuga,

hvort þetta er að fullu í samræmi við þær lífsvenjur, sem nú er verið tala um, að menn eigi að hafa nú í dýrtíðinni og kreppunni.

Það er víst og satt, að almenningur í landinu hefði ekki gert mikið veður út af því, þótt lítilsháttar dýrtíðaruppbót hefði haldizt á launum hinna föstu embættismanna, ef ekki hefði komið nýtt og mikið atriði til, og það er annað atriðið, sem gerir það eðlilegt, að málið hefir verið tekið upp. Það er þetta, sem hæstv. forsrh. kveinkaði sér svo mjög undan, eins og reyndar allir framsóknarmenn gera, að þeir settu á sínum tíma á stofn mikla starfsmannafjölgun. Þessa nýju starfsmenn kallaði hv. þm. A.-Húnv. hina „nýríku". Það getur verið, að það sé ekki alveg rétt, en það eru nýir hálaunamenn, sem ætla má, að hafi lagt eitthvað upp á þessum árum. Það getur verið, að þessir menn séu ekki orðnir „nýríkir" og hafi ekki lagt upp. En þá stafar það af því, að þeir hafa eytt miklu, samanborið við aðra.

Eftir að upplýst hafði verið um launagreiðslur starfsmanna ríkisins, kom það í ljós, sem reyndar flestum var kunnugt um áður, að mikill fjöldi af þessum mönnum hafi verið tekinn héðan og þaðan og settur undirbúningslaust inn í þessar hálaunastöður. Því er ekki nema eðlilegt, að menn sæu misræmið í þessu og vildu gera gangskör að því að athuga, hvort það væri eiginlega þörf á þessum stofnunum, sem létu launa menn sína svona hátt, og í öðru lagi, hvort ekki mætti launa þessa óundirbúnu menn við þessar stofnanir, sem sumir töldu óþarfar og sumir skaðlegar, í samræmi við vel þénta embættismenn, sem hafa varið hálfri æfinni til undirbúnings undir starf sitt.

Framsóknarmenn og jafnaðarmenn hafa ekki viljað fallast á þetta. Og það hefir verið sagt fullum fetum, að það sé mikið til af því, að þeir hafa sett við þessar stofnanir, í þessi hálaunaembætti, valið fylgilið sitt. Það lið hefir verið kallað ýmsum nöfnum, sem ég skal ekki taka upp hér. En það er víst, að það mun mikið til í þessu, að þetta sé fylgilið þeirrar stjórnar, sem sat. Þetta eru menn, sem ekki voru einungis þægir, heldur nauðsynlegir til þess að fara um allt og halda uppi einskonar „agitationum" fyrir stj. og flokkinn. M. ö. o., þarna hefir verið beint og óbeint efldur flokkur og lagt í flokkssjóð af launum þessara manna. Það er eðlilegt, að hæstv. forsrh., sem var með í öllu þessu, þó hann væri þá ekki ráðh., kveinki sér við þessu. Menn höfðu ætlazt til, að hann gerði það ekki svo mjög. Við sjálfstæðismenn ætluðumst til, að hann, svo hygginn og gætinn maður eins og hann er, sæi, að þessi leið var glæfraleg og ófært að halda áfram á henni. En hæstv. forsrh. hefir ekki viljað snúa af þeirri leið. En það hefði mátt ætlast til þess, að hann hefði ekki staðið hér upp og mælt þessi orð, sem hann hefir mælt. Það hefði mátt ætlast til þess, að hann kynni það hóf og sæi, hvernig ástatt er um stóran hóp landsmanna, að hann hefði ekki staðið upp til þess að andæfa öllum tilraunum til þess að samræma launakjör og afkomu meðal landsbúa.

Hæstv. forsrh. og framsóknarmenn vilja gera þetta að kosningamáli hjá andstæðingum sínum. Þessi stefna kom líka greinilega í ljós við umr. till., sem á undan er gengin, og mig furðar ekki á því, því ég þykist vita, að þeir eigi um sárt að binda, því þeir vilja enn halda við þessum stofnunum, sem nú er komið í ljós, að hafa verið illa reknar og einungis stofnaðar til þess að halda við mönnum.

Það er rétt að ganga inn á það svið að tala eins og hæstv. forsrh. talaði, að við værum ekki einungis að vinna fyrir daginn í dag, heldur fyrir framtíðina. Því er það í fullri meiningu gert, að kjósendur landsins fái að vita um það, hvernig þeir menn eru, sem þeir hafa sent á þing, og þó engar kosningar stæðu fyrir dyrum, þá eiga þessir fulltrúar þó fyrir höndum að koma heim í héruðin, sem hafa falið þeim að gera eitthvað til þess að koma málinu áfram. En annað mál er það, hvað tekst að gera í þessu efni. Það, að nokkur skuli vera á móti því, að eitthvað sé gert í þessu efni, þó kosningar standi fyrir dyrum, er ótrúlegt. En ég segi: einmitt af því að kjósendur eiga að hugsa sig vel um á næsta vori, hvort þeir vilja falla niður í sama farið aftur, er nauðsynlegt, að málið komi nú fram.

ATKVGR.

Till. vísað til fjhn. með 15 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 26. fundi í Nd., 5. des., var fram haldið einni umr. um till. (A. 105, n. 272).

Frsm. (Halldór Stefánsson): Fjhn. hefir miðað afstöðu sína til þessa máls nokkuð við afgreiðslu annara mála hér á þingi, fyrst við till. um dýrtíðaruppbót, sem áður hefir verið samþ., og svo þá þáltill., er nú var samþ. (þáltill. um skipun mþn. til að gera till. um launamál, starfsmannafækkun o. fl.). Eftir að hinar tvær till. hafa verið samþ., þykir okkur ekki ástæða til að samþ. þessa samtímis. Þó leggst n. ekki á móti efni hennar. Vona ég, að stj. hafi till. í huga, ekki síður þó að hún verði ekki samþ. nú, í því formi, sem hún kemur fram í hér. Með þeim skilningi, að stj. veiti efni till. fulla athygli, leggur n. til, að till. sé vísað til stjórnarinnar.

Þegar málið var afgr., gat einn nm. ekki verið viðstaddur, vegna forfalla.

Pétur Ottesen: Það var reyndar eitthvað eftir í ræðu frsm. í sambandi við þetta mál hér á dögunum, sem ég átti eftir að svara, þegar umr. var frestað, en ég mun þó ekki rifja það upp.

En mér þykir afgreiðsla n. á málinu einkennileg. Hún gengur inn á það, að efni till. sé réttmætt og beinir því til stj. að fara eftir því, sem í till. stendur, en vill þó ekki láta samþ. till., eins og við till.-menn ætlumst til. Skil ég það ekki, fyrst n. fellst á till., að hún skuli ekki vilja leggja til, að till. verði samþ. En það fer þá náttúrlega eftir undirtektum stj., sem leggja á málið í hendurnar á, hvort við flm. getum sætt okkur við þessa afgr. Vildum við þá fara þess á leit við stj., að hún léti í ljós álit sitt á þinglegan hátt.

Þar sem nú á að skipa n. til þess að athuga og gera till. um breyt. á launakjörum starfsmanna ríkisins, sem m. a. er gert af þeirri ástæðu, að svo mikið ósamræmi er nú á um launagreiðslur til starfsmanna ríkisins, að óhjákvæmilegt er að gera breyt. í því efni, þá leiðir það af sjálfu sér, að þar sem þetta ósamræmi er þannig viðurkennt af þinginu, þá er sjálfsagt að nota nú þegar þau tækifæri, sem gefast til launalækkunar eftir því sem við verður komið, þangað til gengið er endanlega frá þeirri löggjöf, sem n. á að undibúa. Mér virðist þetta í samræmi við hinar till., sem samþ. voru, að þingið samþ. líka þessa till., sem hér liggur fyrir.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Það liggur í hlutarins eðli, að ef skipuð verður n. til þess að athuga launamál ríkisins og gera till. um breyt. á þeim fyrir næsta þing, sem verður væntanlega kallað saman á síðari helming næsta árs, að stj. mun ekki gera neinar kákbreytingar til bráðabirgða á launakjörum starfsmanna ríkisins. Það hefir verið beðið annan eins tíma og nokkra mánuði eftir úrslitum slíkra mála sem þetta er, eins og þótt beðið verði eftir fullnaðarrannsókn í málinu, og kákbreytingar í þessu efni munu ekki að neinu gagni koma til langframa.

Jón Pálmason: Ég hafði kvatt mér hljóðs við fyrri hluta umr., m. a. til þess að svara hæstv. fjmrh. En fyrst skal ég lýsa því yfir, eins og hv. þm. Borgf., að mér þykir undarleg afstaða n. til málsins. Hér er að vísu um bráðabirgðabreyt. að ræða, sem við viljum fá vilja hv. d. með. Og það raskar sjálfsagt ekki neinu um það, þótt búið sé að samþ. till., sem gengið var til atkv. um nú síðast.

Það, sem ég vildi taka til athugunar í ræðu hæstv. ráðh., var fyrst og fremst það, að hann taldi, að ekki væri ástæða til að tala um hálaunaða starfsmenn ríkisins í þessu landi eins og stæði, því að þessir menn væru ekki nema 8 til 12. Það fer eftir hugarfari manna, stefnu og vilja, hvað þeir telja hálaunaða menn. Ég lít a. m. k. svo á, að óhætt sé að telja þá menn hátt launaða, sem hafa yfir 10 þús. kr. laun, svo að ég tali ekki um hærri tekjur.

Hæstv. fors.- og fjmrh. nefndi í þessu sambandi, að að meðtöldum bankastjórum og öðrum, sem vinna við stofnanir ríkisins, væru ekki nema 8—12 hálaunaðir. Ég hefi athugað skýrslur um þetta efni, sem lágu fyrir fjvn. þessarar d. á síðasta þingi. Ef á að telja þá menn, sem hafa yfir 10 þús. kr. laun hjá ríkinu, þá

ber fyrst að telja bankastjórana. Þeir eru a. m. k. 7, sem hafa miklu hærri laun en hér er um að ræða, 3 við Landsbankann, 3 við Útvegsbankann og 1 við Búnaðarbankann. Sumir þessir menn hafa upp undir eða yfir 20 þús. kr. laun. 2 af þessum mönnum fá auk þess um 8 þús. kr. hvor frá Fisksölusamlaginu fyrir störf þar. En ætlazt mun vera til þess, að þessir menn hafi engin launuð aukastörf. Ef þetta er ekki rétt hermt, vænti ég, að hæstv. ráðh. leiðrétti það.

Næst er að telja ráðherrana 3, sem allir hafa nokkuð yfir 10 þús. kr. laun, auk allra hlunninda hæstv. forsrh. Skipstjórar strandferðaskipanna hafa 11724 kr. laun hver. Þá má nefna dómsforseta hæstaréttar, tollstjórann í Rvík og bankaeftirlitsmanninn, sem allir munu hafa yfir 10 þús. kr. í laun.

Í skýrslum, sem lágu fyrir síðasta þingi, var það upplýst, að fjölda margir, sem hafa launastöður hjá ríkinu, hafa vegna aukastarfa, sumpart tilheyrandi þeirra verkahring í þágu ríkisins og sumpart vegna annara starfa, svo miklar tekjur alls, að árstekjur hvers um sig verða talsvert yfir 10 þús. kr. Skal ég gefa nokkurt yfirlit yfir þessa menn:

Einn skrifstofustjórinn í stjórnarráðinu hefir 6690 kr. í föst laun og 10 þús. kr. fyrir aukastörf. Annar skrifstofustjóri í stjórnarráðinu hefir 6290 kr. í föst laun og 3400 kr. í aukatekjur. Þriðji skrifstofustjórinn fær þúsund krónum hærri laun en lög heimila, og byggist það á því, að þegar honum var veitt starfið, var hann látinn fá aldursuppbót, sem ekki eru til lög fyrir. Þá er lögreglustjórinn í Rvík, sem hefir 8990 kr. í laun og í aukagreiðslum fær hann 3600 kr., samtals 12590 kr. Landssímastjóri fær 9590 kr. í laun og aukagreiðslur 3600, þ. e. samtals 13190 kr. Stöðvarstjórinn í Rvík fær 4552 kr. laun og hlunnindi 7000 kr., samtals 11552 kr. Vegamálastjóri fær 6690 kr. í laun og aukagreiðslur 4700 kr., samtals 11390 kr. Fulltrúi skattstjóra fær 5610 í laun og aukagreiðslur 6070 kr., samtals 11680 kr. Forstjóri skipaútgerðarinnar fær 9770 kr. í laun og 1200 kr. aukagreiðslur, samtals 10970 kr. Útvarpsstjórinn hefir 8190 kr. í laun og 2000 kr. fyrir aukastörf, samtals 10190 kr. Forstjóri tóbakseinkasölunnar hefir 10000 kr. laun oog 2000 kr. minnst fyrir aukastörf, samtals minnst 12000 kr.

Auk þessara manna mætti sjálfsagt nefna landlækni, og ég geri ráð fyrir, að líka megi telja 3 yfirlækna landsspítalans. Hve margir læknar auk þessara hafa meira en 10 þús. kr. tekjur, er ekki hægt um að segja hér.

Þó að ekki sé lengra út í þetta farið, þá er hér þó um að ræða um 30 menn, í staðinn fyrir 8—12, sem hæstv. ráðh. taldi, að hefðu há laun hjá ríkinu. En hans álit í þessu máli hefir að sjálfsögðu byggzt á því, að hann telur ekki, að menn hafi há laun, þó að þeir hafi 10—12—15 þús. kr. á ári. Um það getur auðvitað hver haft sína skoðun, hvað telja beri há laun.

Upptalning sú, sem ég nú gerði, er engan veginn tæmandi, því til þess að fá tæmandi upplýsingar í þessu efni vantar mig skilyrði. En auk þessa mætti fleira nefna í þessu sambandi, sem lagfæra mætti auðveldlega, ef vilji væri nokkur til þess, svo sem það, að ritari hæstaréttar, sem hefir 3000 kr. í laun, hefir fengið 5190 kr. fyrir störf í hagstofunni, en hefir síðustu árin ekkert í hagstofunni unnið. Fær hann því rúmar 5 þús. kr. fyrir störf, sem hann hefir ekki unnið.

Getur verið ýmislegt fleira á þessa sveif, því að svo lítur út, sem undraverð óreiða sé á öllum þessum launamálum. Sjálfsagt mætti lagfæra sumt af þessu strax án mikils undirbúnings, ef á annað borð vilji til þess er fyrir hendi hjá þingi og stj., að lagfæra þessa annmarka. Mér hefir virzt, eftir þeirri kynningu, sem ég hefi haft af þinginu að undanförnu, að lítill vilji hafi verið hjá því til að kippa í lag þessum annmörkum. Það er út af fyrir sig gott og blessað að setja nefnd til þess að rannsaka þetta mál og gera till. til breyt. í þessu efni til samræmis við kröfur alþýðu. Þær kröfur eru ekki fyrst og fremst, að launin séu höfð sem lægst, heldur að samræmi sé haft í launakjörum og ekki svindlað í þessum hlutum með því að borga vissum mönnum svo eða svo há laun sem aukagreiðslur, heldur sé réttlætis gætt í þessum efnum.

Ég gerði fyrirspurn til hæstv. fjmrh. við þessa umr. á þá leið, að hann gæfi hv.

d. skýringar um það, að hve miklu leyti samningar við starfsmenn stofnana ríkisins stæðu í vegi fyrir því, að gera mætti breyt. á þessu sviði nú þegar. Á störfum við þessar stofnanir mun vera uppsagnarfrestur. Í bönkum er þessi frestur langur. Það atriði út af fyrir sig væri því að mínum dómi mikilsvert, ef þing og stj. vildu segja upp samningum, sem líklegt er, að muni standa í vegi fyrir því, að endurbætur á þessu sviði geti orðið þegar næsta þing kemur saman og ætla má, að nýtt launakerfi verði lögleitt. Hv. dm. sjá af þessum dæmum, sem ég tilnefndi, að það muni þó ýmislegt í þessum efnum mega færa í lag, ef vilji er til þess.

Hæstv. fjmrh. sagði nokkur orð í ræðu sinni, sem ég vildi svara. Hann gaf í skyn, að þetta væri frá minni hálfu kosningamál, og að það hefði ekki þurft að vera þingmannaskipti í A.-Húnv. vegna þessara mála, o. s. frv. En það er nú svo, að flest þau mál, sem Alþ. fjallar um, geta að vissu leyti verið kosningamál. Þetta út af fyrir sig er ekkert sérstakt kosningamál, þó ég og aðrir flm. höfum flutt till. um, að stj. láti bæta úr þeim annmörkum á launamálunum, sem nú eiga sér stað. En það getur orðið að kosningamáli, ef snúizt er illa við till., sem eru í einlægni fluttar og miða til umbóta. Ég fullyrði, að alþýða manna í landinu trúir því ekki, að það þurfi að vera eins ástatt í launamálunum hjá okkur eins og nú er, eða að eyða þurfi rúmlega hálfri annari milljón króna í rekstrarkostnað bankanna á einu ári, eins og gert var 1931, og fleira mætti telja í sömu átt.

Mér skildist hæstv. fjmrh. drótta því að okkur flm. till., að við hefðum flutt hana í óeinlægni, bara upp á sport, án þess að hugur fylgdi máli. Hún væri kosningamál frá því sjónarmiði. Ég vil ráðleggja hæstv. ráðh. og öðrum Framsfl.mönnum að vera ekki í þessu efni með aðkast eða dylgjur gagnvart þeim mönnum, sem ekkert hafa fyrir sér gert á hinu pólitiska sviði. Til þess hafa þeir allra manna verst skilyrði, því þeir búa í glerhúsi sjálfir.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Hv. þm. A.-Húnv. sýndi nú fram á, að það var rétt, sem ég sagði, að varla mætti telja hálaunaða nema 8—12 af sjálfstæðum starfsmönnum ríkisins. Hitt veit ég líka, að hversu langa þingsetu sem þessi hv. þm. kann að eiga fyrir höndum, þá fær hann því aldrei framgengt á þingi, að lækkuð verði laun dómsforseta hæstaréttar frá því, sem nú er.

Ég skal ekki segja, að till. þessi sé af óeinlægni flutt. En a. m. k. er hún þá flutt af vanþekkingu þessara hv. þm. Dómararnir mega ekki hafa aukastörf til að lifa af, en verða hinsvegar og þurfa að vera sjálfstæðir efnalega.

Hv. þm. sagðist hafa talið upp 30 af starfsmönnum ríkisins, sem væru hálaunamenn og kæmi til greina að lækka við kaup. Hann taldi upp, auk hæstaréttardómaranna, skipstjóra strandferðaskipanna, vegamálastjóra, landssímastjóra, skrifstofustjóra í stjórnarráðinu o. fl. Hv. þm. kvartar um, að einn skrifstofustjórinn í stjórnarráðinu hafi þúsund kr. hærri laun en lög heimila. Þessi maður er Páll Eggert Ólason, sem var ráðinn þangað upp á hámarkslaun skrifstofustjóra. Þau munu samt ekki vera nema lítill hluti af launum þeim, sem hann hafði fyrir það starf, sem hann fór úr, og ekki nema aðeins þurftarlaun fyrir slíkan mann hér í Reykjavík, sem þarf að vera sæmilega stæður. Þessi maður var búinn að gegna um langt skeið opinberum störfum. Mælti því öll sanngirni með því, að þessi maður fengi að njóta starfsára sinna hjá hinu opinbera. Svona hefir yfirleitt verið um þá menn, sem upp hafa verið taldir. Forstjóri tóbakseinkasölunnar fær 2000 kr. launauppbót, þegar vel gengur. Hann er ráðinn upp á það. Þessi maður átti kost á öðrum störfum, þegar hann var ráðinn hjá ríkinu. Þau störf hefðu gefið honum þriðjungi meiri fastar tekjur en hann hefir við þetta starf, fyrir utan sérstakar aukatekjur. Þjóðhagslega skoðað er ekki tap að þessari aukagreiðslu, sem hann nú fær. Ég hygg, að fáir eða engir vel hæfir menn hefðu fengizt til þessa starfa fyrir minna en 10 þús. kr. föst laun. Ég hafði augastað á tveimur mönnum til þessa starfa, en hvorugur þeirra vildi taka það að sér fyrir minna en 10 þús. kr. föst laun. Þegar ísl. krónan er komin niður í hálfvirði, miðað við það, sem

áður var, þá verða laun einnig að vera nokkru hærri en áður, þar sem kostnaður allur við að lifa er nú orðinn miklu meiri eftir krónutölu heldur en áður.

Hv. þm. A.-Húnv. nefndi ekki aðra launamenn, sem kæmi til greina að lækka við kaup, heldur en einn skrifstofustjóra í stjórnarráðinu og bankastjórana. Ég hafði einmitt haldið svipuðu fram. Hv. þm. er því heldur nær mínu lægra marki, tölunni 8, heldur en hinu hærra marki, tölunni 12.

Hvernig var það nú um þessa bankastjóra, sem hæst laun hafa? Hv. þm. hafði nú fyrir nokkrum mínútum tækifæri til að greiða atkv. um till., sem fer fram á, að skipuð sé mþn. m. a. til að rannsaka og gera till. um, „hvernig fyrir skuli koma löggjöf um launagreiðslur banka og þeirra stofnana, sem ríkið styrkir með fjárframlögum". Hv. þm. greiddi atkv. á móti þessari till. um að rannsaka, hvort ekki mætti lækka laun hinna hæst launuðu starfsmanna, sem ég hefi játað um, að komið geti til greina að lækka kaup við.

Um það, hvort bankastjórar hafa aukatekjur fyrir störf við Fisksölusamlagið, get ég ekki sagt, enda heyrir það ekki undir stj. Þær aukatekjur, sem þeir kynnu að hafa af slíkum störfum, eru algerlega óviðkomandi ríkinu.

Skal ég svo ekki fara lengra út í þessa sálma. Mér þykir ræða hv. þm. bera vott um, að ég hafi haft á réttu að standa í því, sem ég sagði áður um þetta mál. Hitt játa ég einnig, að hv. þm. hefir ekki skýra hugmynd um, hvaða laun menn í ábyrgðarmestu stöðum þurfa að hafa og hve mikill kostnaður er því samfara að búa hér í Rvík yfirleitt.

Frsm. (Halldór Stefánsson): Tveir af hv. flm. þessarar till. hafa nú látið í ljós óánægju og undrun yfir afgr. n. á henni. Þegar ég ræddi um þetta mál í upphafi, þá vísaði ég, eins og ég hefi gert í nál., til þeirra till., sem afgr. hafa verið á þinginu, en þær eru báðar afgreiddar nú. Annarsvegar er till. um dýrtíðaruppbót og hinsvegar till. um skipun mþn., sem afgr. var nú á sömu stundu. Nú er svo ákveðið í till. um skipun mþn., að n. skuli hafa lokið störfum svo snemma, að ríkisstj. vinnist tími til að leggja málið fyrir næsta reglulegt Alþ., sem kemur saman í síðasta lagi 2. okt. 1934. Þessi till. gengur fyrst og fremst út á það, að rannsakað verði, hvernig draga megi úr útgjöldum ríkissjóðs til embættismanna og starfsmanna ríkisins annara og ríkisstofnana með hliðsjón af getu almennings.

Till. á þskj. 266 er þess efnis, að þessi sama mþn. rannsaki, „hvort og hversu draga megi .... úr beinum útgjöldum ríkissjóðs og rekstrarkostnaði ríkisstofnana". Þessar till. 2 ná til starfsmanna ríkisstofnana, og ekki einungis starfsmanna þeirra, heldur einnig annarar starfrækslu.

Þá eru vatill., sem samþ. voru, á þskj. 151. Það er eitt verkefni n., að rannsaka, hvernig skuli koma fyrir löggjöf um launagreiðslur banka og þeirra stofnana, sem ríkið styrkir með fjárframlögum, enda verði launagreiðslur þessara stofnana með löggjöfinni samræmdar launagreiðslum ríkisins. Hér erum við þá einnig búnir að ná til banka og annara stofnana, sem kynnu að greiða óþarflega há laun eða hafa óþarflega háan rekstrarkostnað.

Hinsvegar verð ég að segja það, að mér kom það nokkuð á óvart, hvernig hæstv. fjmrh. tók í þessa till. n. um að hafa athugun á þessu máli. Því að enda þótt hann sé sannfærður um, að það sé litlu hægt að áorka um þetta, þá taldi ég þó og tel, að ef fallizt verður á till. þá, sem nefndin gerir, að vísa málinu til ríkisstj., þá sé ríkisstj. eigi að síður skylt að hafa athugun á því, ef möguleikar eru á þessum stutta tíma til þessara hluta. Enda nefndi hæstv. ráðh. sjálfur eitt tilfelli, þar sem hægt var að koma við sparnaði. Það var aukagreiðsla til eins af starfsmönnum stjórnarráðsins.

Náttúrlega gerir nefndin það ekki að neinu miklu kappsmáli, hvort till. hennar um að vísa málinu til stj. verði samþ. eða till. sjálf samþ.; það veit ég frá sjálfum nefndarmönnunum. En till. n. verð ég þó eigi að síður að telja alveg réttmæta.

Pétur Ottesen: Ég heyrði ekki ræðu hv. frsm., en mér skilst af nál., að n. telji miklu réttara að samþ. till., og ekkert

síður fyrir undirtektir hæstv. fjmrh., — að hann hefir lýst yfir, að hann muni ekki framkvæma það, sem í till. felst. Tilgangur hv. frsm. og n. getur því úr þessu ekki verið annar en sá, að láta þingið gera sjálfstæða ályktun um þetta mál, og stj. geri síðan upp við sig, hvers hún metur vilja Alþingis í þessu efni. Enda skilst mér, eins og málið horfir við, þá verði slíkt að koma fram.

Jón Pálmason: Ég vænti þess, að hæstv. forseti verði þolinmóður, þó að ég segi nokkur orð, þar sem ég er 1. flm. þessarar till. (**Forseti:** Aðeins til að bera af sér sakir). Ekki er nú um sakirnar að ræða. En fáein orð þurfti ég að segja við hæstv. fors.- og fjmrh., og það fyrst, að hann vék ofurlítið til ræðu minni. Hann kvað mig hafa talið upp vissa launamenn og kallað hálaunamenn og slegið föstu, að á öllum slíkum væri hægt að lækka. Þetta gerði ég ekki. Hann hélt fram, að 10 þús. kr. væru hálaun, og ennfremur, að hálaunamenn við bankastjórn og ríkisstofnanir séu ekki nema tíu eða tólf. Ég hygg, að það sé nú hægt að lækka á öllum slíkum hálaunamönnum að talsverðum mun. Það kann að vera, að ekki sé unnt að lækka á dómsforseta hæstaréttar, en á hæstaréttardómara minntist ég heldur ekki einu orði.

Þá gekk hæstv. ráðh. inn á, að rétt væri, að skrifstofustjóri í stjórnarráðinu hefði þús. kr. hærri laun en lög standa til. Taldi hann það sanngjarnt, af því að hann var í hærra embætti áður, sem hann var látinn geyma fyrir annan mann.

Viðvíkjandi forstjóra tóbakseinkasölunnar tók hann fram, að ekki væri hægt að fá jafnhæfan mann fyrir lægri laun en hann hefir, sem eru a. m. k. 12 þús. kr. Þó að ég þekki ekki, hvílíkur afburðamaður forstjórinn kann að vera, þá verð ég að segja, að mér þykir þetta vera undarleg staðhæfing.

Mitt atkv. lagði ég á móti till. um að athuga launakjör hjá bönkunum eingöngu af þeirri ástæðu, að ég lít svo á, að það felist í till. þeirri, sem samþ. var á þinginu, og að það sé innan verkahrings viðkomandi nefndar að athuga launakjör hjá bönkunum, sem að sjálfsögðu er þörf á.

Ég gerði þá fyrirspurn um daginn og ítrekaði þá, og vil enn gera hér með, að hve miklu leyti samningar eru því til fyrirstöðu, að hér sé hægt að gera breytingar á. Það er það stóra atriði í sambandi við þessa till., að að svo miklu leyti sem samningar eru til fyrirstöðu, að segja þeim upp, svo að þeir verði ekki til hömlunar eitt árið enn. Og sú n., sem gert er ráð fyrir að kjósa, þarf að hafa lokið störfum fyrir næsta þing, sem síðan gengi að því að setja nýtt kerfi.

Ég býst við, að hæstv. forseta muni þykja nóg komið. Aðeins vil ég taka fram út af orðum hv. frsm., að till. væri naumast þörf, þar sem ekki er nema um hluta úr ári að ræða, að ég vil láta það koma fram, hvort það sé vilji þingsins, að lagfært verði á þessu sviði það, sem unnt er að lagfæra án nýrrar löggjafar. Mér sýnast horfur á því, að næsta lítill sé vilji hæstv. fjmrh. til þessara endurbóta, ef ekki koma áskoranir frá Alþingi sjálfu.

Fors.- og fjmrh. (Ásgeir Ásgeirsson): Hv. þm. A.-Húnv. og hv. þm. Borgf. gera sér miklar áhyggjur út af afstöðu minni til þessa máls. Þurfa þeir ekki að bera eins miklar áhyggjur og fram kemur í ræðum þeirra einmitt vegna þess, sem ég sagði, að ég mun enga breyt. gera eftir þál. í annari deildinni á launum í þeim stofnunum, sem undir mig heyra, en það eru hagstofan og skattstofan. Um aðrar stofnanir skulu hv. þm. snúa sér til þeirra ráðherra, sem yfir stofnununum ráða, um laun, greiðslur, uppsagnarskilyrði og slíka hluti. Geta þeir um flestar stofnanir snúið sér til hæstv. dómsmrh. og um þó nokkrar til hæstv. atvmrh. En af því skal ég marka kosningahuginn í þessu efni hjá hv. þm., hvort þeir sætta sig við það, að geta ekki dembt þessu öllu saman yfir á mig.

Ég hefi eitt sinn síðan ég kom í þessa stöðu lækkað öll laus laun við þær stofnanir, sem undir mig heyra, og í samráði við hina ráðherrana voru einnig lækkuð laus laun í þeirra stofnunum. Var lækkunin um 15% á öllum. Og viðvíkjandi þeim stofnunum, sem undir mig heyra og ég áðan taldi, þá er ekki hægt að lækka meira. Ef ég færi að skýra frá því hér, hvaða laun eru greidd við hagstofuna, þá

býst ég við, að þessir tveir hv. þm. myndu undrast, að þau eru ekki hærri.

Mér láðist að nefna eina stofnun, tóbakseinkasöluna. Þar get ég gefið þær upplýsingar, að forstöðumaðurinn er ráðinn með samningi, og má ég segja, að það þarf að segja honum upp fyrri hluta árs, svo að gilt sé. Annan samning um uppsagnarskilyrði hefi ég ekki gert. Að öðru leyti tel ég, að starfsmenn við stofnanir hafi a. m. k. þriggja mánaða rétt, þótt ekkert sé tekið fram í samningi eða enginn samningur gerður við þá.

Fleira þarf ég ekki að upplýsa. Þessir hv. þm. eiga sitt aðalerindi um fyrirspurnir og áskoranir til hæstv. dómsmrh. í nokkrum atriðum, og til hæstv. atvmrh. í nokkrum atriðum, og þangað vísa ég þeim héðan í frá.

ATKVGR.

Till. á þskj. 272, frá fjhn., um að vísa málinu til ríkisstj., samþ. með 13:4 atkv.

2. Meðgjöf með fávitum.

Á 16. fundi í Ed., 22. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að greiða meðgjöf með fávitum á fávitahælinu að Sólheimum í Grímsnesi (A. 102).

Á 17. fundi í Ed., 23. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 18. fundi í Ed., 24. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Ed., 27. nóv., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Guðrún Lárusdóttir): Um málefni fávita hefir verið rætt á þremur undanförnum þingum, og þótt þær umr. hafi ekki borið þann árangur, sem ég hefði óskað, þá skal ekki sakazt um það nú, og sízt, ef þessi till. mín nær fram að ganga, því ég tel, að heimild sú, sem hún fer fram á, sé spor í rétta átt. Það er nú komið svo, að það er að rísa af grunni hús, þar sem fávitum er fyrirhuguð vist. Það og fleira þessu viðvíkjandi er tekið fram í grg. till., og munu fáir mæla, að þetta sé óþörf stofnun. Fávitar eru fullmargir á landi voru, og alstaðar byrði heimila sinna. Ég veit það, að öll þau heimili, sem hafa slíka aumingja, mundu kjósa þeim dvalarstað þar, sem þeim gæti liðið vel og allt væri sniðið við þarfir þeirra. Mér verður það minnisstætt, að ég gisti einu sinni á efnuðu sveitaheimili. Áður en ég gekk til svefns, sagði húsmóðirin mér, að ég skyldi ekki láta mér verða illa við, þó að ég heyrði óviðfelldin hljóð fram eftir nóttunni, því að þar væri aumingi, sem hefði það til að fara að hljóða, þegar aðrir væru gengnir til náða. Það er augljósara en frá þurfi að segja, hvað æskilegt er að hægt sé að koma slíkum aumingjum þar fyrir, sem þeir angra enga með óróaköstum sínum, og þar sem þannig er að þeim búið, að hið ömurlega ástand þeirra valdi sem minnstum truflunum bæði fyrir sjálfa þá og þá, sem með þeim dveljast. En slíkt getur tæplega orðið nema í hælum, þar sem allt er sniðið og öllu er hagað við þeirra hæfi og að þeirra þörfum.

Ég kom að Sólheimum í sumar sem leið. Þá var verið að enda við að byggja fávitahælið, og ég verð að segja það, að mér fannst það merkisstund í lífi mínu, að standa þarna hjá því húsi, sem var ætlað þessum vesalingum, sem ég hafði verið að reyna til að bera fram hér á Alþingi. Ég tók með mér frá Sólheimum nokkrar myndir af barnahælinu þar, ef hv. þm. hefðu gaman af að líta á þær.

Þegar ég stóð þarna hjá þessu húsi, varð mér á að hugsa til þeirra mörgu, sem ég þóttist vita, að ættu örðugt með að njóta dvalar þar sökum kostnaðarins. Meðlagið verður 80 til 100 kr. á mann á mán., eftir því hvernig ásigkomulag þeirra er. Þeir eru mjög misjafnlega erfiðir viðfangs.

Húsið, sem þeir eiga að búa í, er tvílyft, og eiga að verða í því tvær deildir og hvor þeirra út af fyrir sig. Önnur er ætluð fyrir pilta, en þó ekki eldri en 15 ára, og hin deildin á að vera fyrir stúlkur á öllum aldri. Það er ekki ætlazt til, að nokkur samgangur sé á milli deildanna.

Ég geri ráð fyrir því, að vinnustofa verði höfð þarna fyrir þá, sem geta numið einhverja handavinnu, því að í öllum stofnunum fyrir fólk eins og þetta, hvar sem er í heiminum, er lögð rík áherzla á vinnu. Vinnan er álitin heppilegasta menningarmeðalið fyrir þetta fólk, og sérstök áherzla er lögð á handavinnu og garðrækt. Annað nám kemur tæplega til greina. Nú vill svo vel til, að á Sólheimum eru mjög góð skilyrði til garðræktar. Þar eru heitir hverir, og er hverskyns garðrækt mjög auðveld þar. Undanfarin sumur hefir fólkið á Sólheimum neytt grænmetis á hverjum degi frá því mjög snemma sumars. Fyrir utan venjulegar grænmetistegundir er hægt að rækta þar kál af öllum tegundum. Það þarf ekki að lýsa því, hve þessi fæða er holl öllum, ekki sízt börnum, og rannsóknir hafa leitt það í ljós, að grænmeti er sérstaklega holl fæða fyrir fávita, og miklu hollari en kjöt og annar þungur matur. Það leiðir því af sjálfu sér, að þessi staður, sem er svona vel fallinn til garðræktar, er mjög heppilegur fyrir þetta fólk, sem þar að auki er hugsað til, að hafi garðyrkju með höndum.

Landrými er gott í Sólheimum og þar er mjög grösugt. Má því hafa þar allmikinn heyskap og reka búskap með alifuglarækt, kúm og kindum, og að öllu þessu má láta þá fávita starfa eitthvað, undir góðri stjórn og eftirliti, sem eru ekki á allra lakasta stigi. Því hefir verið veitt eftirtekt með þetta fólk, sem hefir mjög takmarkaða greind á öllum sviðum, að það virðist hafa það sameiginlegt að vera mjög gott við dýr. — Með þessum orðum mínum hefi ég viljað mæla með Sólheimum sem mjög heppilegum stað til þessarar starfsemi.

Eins og áður er tekið fram, þá er alstaðar á fávitahælum lögð mikil áherzla á vinnu og tilsögn í handavinnu. Það er beinlínis undravert, hve snotur handavinna þeirra getur verið. Ég gæti sýnt hv. þdm. sýnishorn af handavinnu frá nokkrum hælum í nágrannalöndum okkar, einkum Svíþjóð. Hún sýnir það, að þessum aumingjum er ekki alls varnað og að þeir geta haft laglegt handbragð, ef við þá er lögð rækt. Þessi handavinna verður til sýnis í einum glugga Vöruhússins nú einhvern næstu daga. Mér finnst það vel við eigandi, að mönnum gefist kostur á að sjá vinnu þessa fólks um sama leyti og mál þeirra er borið fram hér á löggjafarþingi þjóðarinnar.

Ég verð að segja það, að eins og mér þótti mikilsvert að sjá þetta fyrsta fávitahæli rísa hér af grunni, þá hlaut ég jafnhliða að hugsa til þess, að sjálfsagt yrðu þeir of margir, aumingjarnir, sem sökum efnaskorts yrðu útilokaðir frá að njóta þar dvalar. Opinberar skýrslur telja fávita um 200 á öllu landinu, en óvíst er, að öll kurl komi þar til grafar. Talið er í skýrslunum, að flestum af þessum fávitum líði sæmilega, þó með 1 til 2 undantekningum. Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa hér upp úr heilbrigðistíðindum landlæknis fyrir 1931. Þar segir svo um þessa menn:

„Hér var læknum gert að skrá þá, sem væru svo fávita frá fæðingu, að þeir væru líklegir til að verða sífelldlega lítt eða ekki sjálfbjarga. Fram eru taldir 83, þar af 31 barn innan 15 ára aldurs (14 drengir og 17 stúlkur), en af öllum framtöldum fávitum voru 47 karlkyns, en 36 kvenkyns.

Fávitar í landinu eru samkvæmt þessu tæplega innan við 200, og sennilega 70—80 á barnsaldri.

Í manntalinu 1920 eru fávitar taldir 101, en það er alkunna, að við almenn manntöl er slíkt illa tíundað, og hliðra foreldrar sér hjá í lengstu lög að játa fyrir sjálfum sér og öðrum þetta ástand barna sinna.

Aðbúnaður þessara vesalinga er ýmist talinn góður eða viðunandi (með tveimur undantekningum þó), en hér á það enn frekar við en um geðveiku sjúklingana, að vist fávita á heimilum er þyngri kross fyrir heimilin en þá sjálfa."

Eftir þessari skýrslu að dæma, þá er hér á landi töluverður hópur barna, sem elzt upp í þessu ástandi, og það út af fyrir sig er mikilvægt umhugsunarefni, hvort ekki er hægt að koma þessum börnum til verulegrar hjálpar. Það hefir sýnt sig, að það eru ekki fá börn, sem hefir verið bjargað, að meira eða minna leyti frá algerðu bjargarleysi, með því að taka þau ung og kenna þeim, og þá sérstaklega til handanna.

Hvað viðvíkur dvalarkostnaði á fá-

vitahælinu á Sólheimum, þá má fullyrða, að heimilin eru yfirleitt ekki betur stödd efnalega en það, að þeim væri mörgum alveg ókleift, hjálparlaust, að bæta við framfærslukostnað sinn mánaðarlegum útgjöldum, 80—100 kr. Sama má segja um hreppsfélögin, að þau berjast í bökkum og hlífast við útgjöldum í lengstu lög. Væri nú farin þessi leið, sem þáltill. fer fram á, að heimild væri fyrir ríkisstj. til að standa straum af verulegum hluta þess kostnaðar, þannig, að ríkið borgaði 500 kr. með hverjum þessara manna á ári, þá hygg ég, að sú hjálp mundi verða mjög góður liður í því að hjálpa heimilunum til að losna við þessar byrðar sínar og útvega aumingjunum betri aðhúnað en víða hefir verið kostur á.

Ég vona, að hv. þdm. séu sammála um, að það sé ekki síður ástæða til að greiða götu þessa fólks heldur en geðveikra sjúklinga, sem fá styrk frá ríkinu. Blindir og mállausir eru líka styrktir af ríkinu, og ég hygg, að þeir, sem hér er verið að biðja um hjálp fyrir, séu ekkert betur staddir en annað örkumlafólk og því sé í fyllsta máta tímabært að styðja þá með því fjárframlagi, sem þáltill. felur í sér, á meðan málum þeirra er ekki lengra komið með þjóð vorri en nú er raun á.

Jónas Jónsson: Ég vildi biðja um nokkrar upplýsingar viðvíkjandi þessari till. Ég er sammála hv. flm. um það, að hér sé þörf fyrir fávitahæli, en ég er ekki viss um, að sú leið, sem hér á að fara, sé sú heppilegasta. Mér skilst á þessari till., að búið sé að byggja steinhús á Sólheimum fyrir fávita og að það sé skammt frá barnahælinu, sem hefir verið talað um hér á þinginu áður og styrkt af ríkisfé. En það sést ekki á þessari till., hvort landlæknir eða heilbrigðisstjórn hafa verið höfð í ráðum við byggingu þessa nýja húss, og heldur ekki, hvernig hugsað er, að þetta verði í framtíðinni, hvort það er meiningin að breyta þessu fávitahæli í barnahæli seinna, þegar landið væntanlega byggir yfir þessa menn.

Það er aldrei nema satt, að það er mikil þörf á því fyrir heimilin að losna við þetta fólk sem allra fyrst. Þessir aumingjar eru miklu fleiri en hægt er að koma fyrir á þessum stað, og því er þetta í raun og veru aðeins lítil byrjun og ekki víst, hvort það er rétt byrjun. Ég vildi þess vegna fá nákvæmari upplýsingar um, hvernig þetta Sólheimafyrirtæki er hugsað, hvort þar á að vera bæði barnahæli og fávitahæli, eða hvort þar á eingöngu að vera barnahæli í framtíðinni, og að þetta eigi þá aðeins að vera bráðabirgðaráðstöfun.

Ég verð að segja það, að mér finnst gert ráð fyrir nokkuð miklum kostnaði við þessa vesalinga, og getur vel verið, að það komi til af því, að dýr lán hafi verið tekin til byggingarinnar. Ég álít, að úr því verið er að tala um, að landið borgi stórfé þangað, þá sé eðlilegt að fá upplýsingar um, hverjir eiga með þetta fé og fyrirtæki að gera. Annars verð ég að segja það, að mér virðist þetta líkast því, þegar Elliheimilið var byggt. Þessi vandaða bygging, sem átti að gera svo mikið og gott gagn, en hefir því miður ekki gert það, vegna þess að það er of dýrt að vera þar, nema fyrir efnað fólk. Slíkt hæli var vitanlega fjarstæða að reisa hér í Reykjavík, þar sem reksturinn er mjög dýr.

Ég hygg því, að töluvert réttara væri, að landið byggði sjálft, heldur fyrr en síðar, fávitahæli, þar sem bezt skilyrði eru til að starfrækja slíka stofnun, en það er á Reykjum í Ölfusi. Ég álít miklu meira vit í því heldur en að fara að borga einkafyrirtæki óeðlilega háa meðgjöf með því fólki, sem þar er ætlað að dvelja.

Það getur vel verið, að hv. flm. geti gefið þær upplýsingar í þessu máli, sem geri það aðgengilegra.

Flm. (Guðrún Lárusdóttir): Ég hefi líklega ekki tekið það fram áðan, þegar ég talaði um þetta mál, að ríkisstj. getur vitanlega sett hvaða skilyrði sem er fyrir þessari fjárveitingu, viðvíkjandi heilbrigðishliðinni í þessu efni. Hvort landlæknir hefir verið hafður í ráðum um byggingu fávitahælis, skal ég ekkert um segja; mér er ekki svo kunnugt um það.

Þessi stofnun er byggð aðallega fyrir lánsfé, og ríkið hefir sjálft lagt þar til fé, þar sem í fjárl. yfirstandandi árs voru áætlaðar 5000 kr. til þessarar byggingar. Ég býst við, að það hafi verið gert vegna þess, að þinginu hafi verið ljós sú nauð-

syn, sem var á því að hjálpa upp á sakirnar í þessu efni.

Hv. 4. landsk. var að spyrja um, hvort þetta hæli ætti að vera fyrir fávita eða heilbrigð börn í framtíðinni. Ég skildi ekki vel, hvað hv. þm. átti við, en ég hygg, að fyrir forstöðukonu hælisins vaki að hafa þar hvorttveggja, barnahælið, sem nú starfar þar, og bæta við fávitahæli. Ég verð nú að segja það, að mér fellur ekki reglulega vel, að barnahæli og fávitahæli sé haft mjög nálægt hvort öðru. Ég hefi talað um þetta við forstöðukonuna, frk. Sesselju Sigmundsdóttur, og hún hefir sagt mér, að erlendis þyki það engin frágangssök, þó að svo sé. Sumir uppeldisfræðingar hafa meira að segja látið í ljós þá skoðun, að börnin geti að sumu leyti haft gott af að vera í nábýli við og sjá andlega lömuð börn. Þeir álíta, að börnin muni, við samanburð á sínu eigin ástandi og þessara sjúku barna vakna til þakklátssemi við gjafarann allra góðra hluta, og einnig muni vakna hjá þeim vorkunnsemi og góðsemi við þessi olnbogabörn lífsins.

Viðvíkjandi því, að hv. 4. landsk. þótti meðgjöfin með fávitunum nokkuð há, þá vil ég taka það fram, að hún er miðuð við það meðlag, sem hreppsnefndum er gert að greiða með ómögum á Kleppi, en það eru 45 kr. á mánuði. Þetta er þó ekki nema rúmlega 41 kr. á mánuði. Við þennan samanburð virðist mér það, sem farið er fram á hér, ekki ósanngjarnt.

Þá verður hv. 4. landsk. tíðrætt um Elliheimilið í sambandi við þetta mál. Honum er það þyrnir í augum, að það var byggt hér í Rvík; hann vildi láta byggja það á Reykjum í Ölfusi, eins og margt annað, sem hann vill láta byggja. Hann hefir að sumu leyti nokkuð til síns máls, vegna þess að það er að vissu leyti dýrara að búa hér í Rvík, en að mörgu leyti er það líka betra. Ég er ekki viss um, að gamla fólkinu hefði þótt vænt um, ef farið hefði verið að hrekja það burt frá þeim stað, sem það hefir dvalið á síðustu áratugi ævi sinnar, því að flest af gamla fólkinu, sem dvelur á Elliheimilinu, er úr Rvík. Hv. 4. landsk. má vita það, að gamla fólkið er vanafast, og það þætti mjög harkaleg meðferð á gamalmenninu, þegar það er búið að bera hita og þunga dagsins, að hrekja það þá burt frá vinum og kunningjum, þaðan sem það vill helzt vera.

En svo ég víki að fávitahælinu aftur, þá verð ég að segja það, að hv. 4. landsk. hefir haft mjög góða aðstöðu til að koma upp þessu hæli. Hann hefir verið ráðh., og því notaði hann þá ekki aðstöðu sína til þess að byggja fávitahæli á Reykjum í Ölfusi? Vissulega eru Reykir mjög ákjósanlegur staður til margra hluta, en ég veit sannast að segja ekki, hvort heppilegt væri að dyngja þar saman svo ólíkum stofnunum sem berklahæli, fávitahæli, mjólkurbúum o. s. frv. Þar er líka nú orðinn mjög fjölfarinn staður og að því leyti ekki heppilegur fyrir fávitahæli. Að mínu áliti eru Sólheimar miklu heppilegri og rólegri staður, og rétt að byrja á þessari starfsemi einmitt á afviknum stað. Síðan getur reynslan skorið úr, hvað hentugast verður í framtíðinni.

Ég hefi svo ekki fleira að segja út af ræðu hv. 4. landsk. Ég vil aðeins undirstrika það, að ríkisstj. getur haft hönd í bagga um það, að allt heilbrigðiseftirlit sé fullkomið, jafnframt því sem hún veitir þennan styrk til hælisins, sem auðvitað ber að skoða sem „privathæli". Eigendur þess hafa farið þá sömu leið, sem farin hefir verið af ótalmörgum fyrr og síðar, að fá lán til þess að hrinda málinu af stað og treysta síðan á, að allt gangi vel, þannig, að meðlög hrökkvi að miklu leyti upp í kostnað, að viðbættum ríkisstyrk, sem alstaðar hefir þótt sjálfsagður og fúslega látinn í té.

Jónas Jónsson: Mér skildist á ræðu hv. flm., að fyrir forstöðukonunni á Sólheimum vaki að hafa á sama stað fávitahæli og barnahæli. Ég tek undir það með hv. flm., að mér finnst undarlegt að ætla að hafa þau hvort hjá öðru, og ég sannfærðist ekki af þeim rökum, sem færð voru fyrir því, að það gæti gengið vel.

Það er nokkuð líkt með þetta mál eins og þegar hressingarhælið í Kópavogi var reist, sem einstakir menn söfnuðu fé til og lögðu mikið á sig til að koma upp. Þegar búið var að reisa það og farið að starfrækja, þá lenti allur kostnaðurinn á ríkissjóði, og þá kom jafnframt í ljós, að

hressingarhælið var að mörgu leyti byggt með of lítilli fyrirhyggju og að ýmislegt var þar vanhugsað. Húsið var þannig útbúið, að það var mjög óhaganlegt fyrir sjúklingana, og ekkert hafði verið hugsað fyrir vinnustofu fyrir þá. Í stuttu máli, húsið var óhentugt, af því að það var reist af fyrirhyggjuleysi af einstökum mönnum, og svo verður ríkissjóður að bera kostnaðinn ár eftir ár. En ríkisstj. hefði aldrei byggt hæli þarna, ef hún hefði ráðið. Ég veit ekki nema það geti farið eins með fávitahælið á Sólheimum, að þó að það sé byrjað sem einkafyrirtæki, þá lendi það á ríkissjóði. Ég er á móti því, að stofnuð séu svona fyrirtæki án eftirlits og framsýni um það, hvað landinu hentar bezt, og svo sé komið til ríkissjóðs og hann beðinn um meðgjöf með þeim, sem þar eiga að dvelja.

Ég hygg, að það sé ekki rétt hjá hv. flm. að ætla að vísa þessu máli til fjhn., þar sem hér er um nýja fjárv. að ræða, en ekki endurveitingu, eins og var um till., sem ég fór fram á, að vísað yrði til fjhn. Ég álít, að till. eigi heima í fjvn., ef það er á annað borð rétt að styrkja þetta nú á þessu þingi, en láta það ekki bíða reglulegs fjárlagaþings, og sjá um leið, hvort þetta fyrirtæki, sem er byrjað sem einkafyrirtæki, getur ekki starfað áfram sem einkafyrirtæki.

Flm. (Guðrún Lárusdóttir): Ég skal vera stuttorð, en mér heyrðist hv. 4. landsk. vilja draga það dálítið ennþá að hjálpa þessum vesalingum, fávitunum. Það er ekki um annan stað að ræða fyrir fávita hér á landi en þennan, sem hér hefir verið talað um, fyrir utan þeirra eigin heimili, og ef þeir fá ekki hjálp frá því opinbera, þá eru þeir allflestir útilokaðir frá því að komast í hælið. Hversu oft hafa ekki fyrirtæki sem þessi notið styrks af opinberu fé, og hversu oft hafa menn ekki fengið styrk hjá ríkinu til dvalar á „privatstofnunum"? Ég get ekki séð, að það sé nokkur ástæða til að leggja á móti þessari stofnun, þó að dugleg og áhugasöm kona verði til þess að byggja þá byggingu, sem ég skal játa, að ríkið hefði sjálft átt að byggja.

Þetta er nú í þriðja sinn, sem ég ber þetta mál fram hér á þingi. Fyrst lagði ég til, að holdsveikraspítalinn á Laugarnesi yrki tekinn fyrir fávita og holdsveikum sjúklingum, sem eru orðnir fáir, sem betur fer, yrði séð fyrir öðrum stað. Síðan á næsta þingi mæltist ég til, að stjórnin hlutaðist til um, að reist yrði skýli yfir fávita svo fljótt sem auðið væri. Og nú kem ég í þriðja sinn, þegar hús er risið af grunni fyrir þessa menn, sem ríkið hefir vanrækt ár eftir ár, og fer fram á, að það styrki þá til dvalar þar. Þykir mér ótrúlegt, að hv. þm. vilji hliðra sér hjá að samþ. þá till. mína.

Hv. þm. minntist á hressingarhælið í Kópavogi. Ég veit ekki til, að þar hafi verið sýnt neitt fyrirhyggjuleysi. Því hæli hefir verið vel stjórnað, það hefir komið að góðum notum og jafnan verið fullt af sjúklingum, svo að oft hefir verið ómögulegt að koma sjúkum mönnum þar fyrir sökum rúmleysis. Hressingarhælið er því mesta þjóðþrifafyrirtæki. En hvers vegna er þá hv. þm. að kasta steini að því? Er það af því, að það eru konur, sem hafa komið því upp?

Hv. þm. sagði, að ég hefði komið með rök, sem ég ekki gæti mælt á móti, um það, hvort heppilegt væri að hafa saman barnahæli og fávitahæli. Ég minntist hér aðeins á reynslu þeirra manna, sem árum eða áratugum saman hafa fengizt við þessi mál, og hvorki hv. 4. landsk. né aðrir, sem enga reynslu hafa í þessu máli, þurfa að fyrirverða sig fyrir að byggja á reynslu slíkra manna, sem hafa varið tugum ára af æfi sinni til þess að athuga ástand fávita og reyna til að ráða bót á kjörum þeirra. Við megum bæði, ég og hv. 4. landsk., bera það mikla virðingu fyrir slíkum mönnum, að við beygjum okkur fyrir áliti þeirra og tökum fullt tillit til ummæla þeirra.

Ég get fallizt á, að þessi till. fari til fjvn., en ég treysti því, að löggjafar þjóðarinnar sjái nú aumur á olnbogabörnum þjóðarinnar með því að samþ. till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 12 shlj. atkv. og til fjvn. með 8 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., 6. des., var till. tekin til síðari umr. (A. 102, n. 290).

Frsm. (Bjarni Snæbjörnsson): Ég hefi fátt eitt að segja um þessa till. f. h. n., annað en það, sem stendur í nál. Hv. flm. gerði svo greinilega grein fyrir því, hvernig ástatt væri um þetta heimili, í framsöguræðu sinni, að við það þarf engu að bæta.

Eins og öllum hv. þdm. er kunnugt, styrkti ríkissjóður þetta hæli samkv. því, sem samþ. var á síðasta þingi. Og hér er farið fram á, að veittur sé einhver styrkur úr ríkissjóði, til þess að gera þeim mönnum, sem þarna eiga hlut að máli, ofurlítið greiðara fyrir um að komast í hælið. Það blandast engum hugur um það, að hér er um nauðsynjamál að ræða, en það, að fjvn. hefir leyft sér að minnka upphæð þá, sem farið er fram á í till., er meðfram af því, að hælið er tæplega tekið til starfa ennþá, og ég býst við, að meining hv. flm. hafi ekki verið önnur en sú, að veittar væru 500 kr. með hverjum þeim sjúklingi, sem hefði ársvist í hælinu. Nú sem stendur eru fáir komnir í hælið, eitthvað 4 eða 5 fávitar, og sennilegt er, að það verði haft þannig, að þeir verði látnir sitja fyrir um pláss á þessu hæli, sem mesta hafa þörfina, og sennilegt er, að þeir séu hér og þar af landinu, og komi þess vegna ekki í hælið um hávetur, og þar af leiðandi verður hælisvist þeirra ekki eins löng eins og gert er ráð fyrir í till. Þess vegna álítum við, að 10 þús. kr. mundu nægja, jafnvel þó að hlutfallslega sé veitt það, sem farið er fram á í till. — 500 kr. með hverjum sjúkling —, sem miðast við ársdvöl á hælinu.

Ennþá er ekki komið neitt ábyggilegt um það, hver rekstrarkostnaðurinn muni verða og hvað dýrt verður fyrir sjúklinganna að vera í hælinu. Hv. flm. nefndi upphæð, frá 80 til 100 kr., fyrir hvern sjúkling á mánuði, en það getur hinsvegar orðið ódýrara, en það veit maður ekkert um.

Þess vegna álítum við ekki nema sanngjarnt, að upphæðin væri færð niður, og það, sem við gerum að till. okkar í nál., er, að í staðinn fyrir 12500 kr. komi 10 þús. kr.

Ég vil í. h. n. vona, að þessi þáltill. verði samþ. með þessari breyt. og gangi sem greiðast í gegnum þessa hv. d.

Guðrún Lárusdóttir: Ég get verið þakklát hv. n. fyrir meðferð hennar á þessu máli, að öllu öðru en því, að mér þykir málið hafa legið óþarflega lengi hjá henni. Sökum þess, að nú er mjög liðið á þingtímann, fer að verða hver síðastur að koma í gegn þessu máli, og þegar í hlut á mál eins og þetta, sem er knýjandi nauðsynjamál, þá er leitt, að það skuli vera tafið þannig fyrir því, að það nái ekki að verða afgr. í báðum d., sem mér virðist allt útlit fyrir, að muni verða, nema tekið verði því kröftuglegar á því úr þessu.

Að öðru leyti þakka ég hv. n. fyrir góðar undirtektir, og ég verð að gera mig ánægða með þessa niðurfærslu, þrátt fyrir það, að ég álít, að ekki hefði veitt af hinni upphæðinni. En eins og hv. frsm. nefndi, þá er þetta allt í byrjun, og enn er ekki séð, hver kostnaðurinn muni verða við rekstur hælisins, og eftir atvikum get ég vel fallizt á niðurstöðu hv. nefndar.

Það kann vel að vera, að einhverjum hv. þdm. finnist þetta svo smávægileg hjálp, að það muni engu, hvort þetta er samþ. eða samþ. ekki. En ég er ekki á þeirri skoðun, því að ég álít, að hvað lítil byrjun sem er, þá sé hún betri en kyrrstaðan. Hér er um að ræða nýja starfsemi, sem ekki hefir þekkzt hér áður, að undantekinni þeirri starfsemi, sem fram hefir farið á þeim heimilum, sem hafa haft við þá óhamingju að stríða að hafa slíka sjúklinga á vegum sínum.

Það er vitað, að í þeim spítölum, sem áður hafa verið stofnaðir hér á landi, er ekkert rúm fyrir fávita. Nú er loks svo komið, að búið er að byggja hús, þar sem þessum ólánsömu mönnum er ætlað að dvelja, og ég hygg, eftir því sem allt bendir til, að allur frágangur sé góður, staðurinn er hinn prýðilegasti og hefir til að bera öll þau þægindi, sem leiðir af nægum jarðhita, og vel í sveit komið á rólegum og afviknum stað. Má því ætla, að hér sé búinn góður samastaður þeim mönnum, sem fram að þessu hafa átt við örðug kjör að búa.

Meðgjöf með fávitum.

Ég hefi á þessu þingi og tveimur undanförnum þingum talað allýtarlega um þetta málefni og bent á nauðsyn þess, enda enginn mælt því gegn, heldur þvert á móti viðurkennt fyllilega nauðsyn þess.

Að svo mæltu vænti ég þess, að hv. d. geri það, sem hún getur, til þess að koma málinu lengra áleiðis, og í þeirri von, að tími gefist til afgreiðslu málsins, þrátt fyrir það, að nú er mjög liðið á þingtímann, þá lýk ég máli mínu, í trausti þess, að íslenzka þjóðin sjái skyldu sína í því að líkna hinum bjargarþurfa olnbogabörnum þjóðfélagsins — fávitunum.

Frsm. (Bjarni Snæbjörnsson): Út af því, sem hv. flm. sagði um seina afgreiðslu þessa máls, þá vil ég geta þess, að málið kom ekki til okkar í n. fyrr en seinast í nóvember, þann 26., ef ég man rétt. Og það var skoðun n., að leita bæri álits landlæknis um það, en það kom að vísu frá honum eftir 2 eða 3 daga. En tími til fundarstarfa í n. hefir ekki verið mikill upp á síðkastið, því að það hafa alltaf verið kvöldfundir og þar að auki dagfundir í báðum deildum, eins og hv. þdm. er kunnugt, og ennfremur hafa á þessum tíma verið frídagar, eins og t. d. 1. desember. Svo ég get ekki álitið, að hægt sé að gera ráð fyrir, að það hafi verið ætlun n. að hefta framgang málsins, þar sem það þar að auki var afgr. á sunnudegi.

Guðrún Lárusdóttir: Ég tek afsökun hv. frsm. fullkomlega til greina. Mér er kunnugt um, að hv. n. hefir ekki ætlað sér að hefta framgang málsins, en það, sem ég sagði um, að málið gengi seint, stafar sjálfsagt af því, að mér er þetta svo mikið kappsmál og vil flýta því svo sem auðið er, og meir en orðið hefir á undanförnum þingum, þar sem það hefir dagað uppi sitt með hverju mótinu. Annað var það ekki, sem í orðum mínum fólst.

ATKVGR.

Brtt. 290 samþ. með 10 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 27. fundi í Nd., s. d., var till. útbýtt eins og hún var samþ. við síðari umr. í Ed. (A. 326).

Á 28. fundi í Nd., 7. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 29. fundi í Nd., 8. des., var till. tekin til fyrri umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 15 shlj. atkv.

Ingólfur Bjarnarson: Ég geri það að till. minni, að málinu sé vísað til hv. fjvn.

Tryggvi Þórhallsson: Þetta mál var athugað í n. í hv. Ed. Það er vitað, að verði því vísað til n. nú, gengur það ekki fram á þessu þingi. Þarna er aðeins farið fram á litla upphæð, hinsvegar er um svo mikið sanngirnismál að ræða, að ég legg til, að málið fái að ganga nefndarlaust áfram.

Jóhann Jósefsson: Ég er á sama máli og hv. þm. Str. um það, að fari málið nú í n., nær það ekki fram að ganga á þessu þingi. Hinsvegar er hér um svofellt mál að ræða, að full þörf er á, að því sé sinnt. Ég tek því eindregið undir till. hv. þm. Str. um það, að málið fái að ganga nefndarlaust áfram.

Halldór Stefánsson: Ég sakna upplýsinga um það efni, hvort líkindi séu til þess, að allir þeir fávitar, sem skilyrði hefðu til styrks samkv. till., geta komizt að á þessu hæli, eða bara hluti þeirra. Þetta m. a. finnst mér þurfa að athuga, og mæli ég með því, að till. verði vísað til n.

Jón Pálmason: Ég vil bara taka það fram, að ég hefi ekkert tækifæri haft til þess að kynna mér kostnaðarhlið þessa máls, og þar sem svo mun um fleiri, tel ég sjálfsagt að vísa till. til n. Ég sé ekki, að það þurfi að eyðileggja málið; n. get-

ur athugað það í dag, og svo er hægt að setja það á dagskrá á morgun.

Ingólfur Bjarnarson: Ég fæ ekki annað séð en að með þessari till. sé verið að stofna til verulegs misréttis milli þessara vesalinga, þar sem gert er ráð fyrir, að hið opinbera greiði allan kostnað af uppihaldi örfárra þeirra. Nú munu vera um 200 fábjánar á landinu, og aðeins örfáir þeirra kæmust á þetta hæli. Ég tel því sjálfsagt, að málið sé athugað í n.

Tryggvi Þórhallsson: Ég vil upplýsa það út af ræðu hv. 2. þm. N.-M., að það er þegar hægt að taka ein 20—30 börn þarna á hælið. Og ég held, að eftirspurnin verði ekki meiri til að byrja með. Viðvíkjandi orðum hv. þm. A.-Húnv. vil ég benda honum á, að upphæðin, sem ætlazt er til að veitt verði, er takmörkuð.

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 11:5 atkv.

Á 30. fundi í Nd., s. d., var till. tekin til síðari umr.

Of skammt var liðið frá fyrri umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Pétur Ottesen: Ég vissi ekki betur en að þessu máli væri fyrr í dag vísað til fjvn. Nú veit ég ekki til, að sú n. hafi haldið fund síðan, a. m. k. hefi ég ekki verið boðaður á hann, og hygg ég, að svo hafi ekki verið, enda enginn tími til þess. Nú er hv. form. n. hér eigi viðstaddur, en að hans till. mun því hafa verið vísað til fjvn. Mér þykir þessi aðferð undarleg, að vísa málinu fyrst til n. og taka það síðan á dagskrá og til umr. áður en n. hefir fengið tíma til að afgr. það og athuga. Ég segi þetta ekki vegna þess, að ég sé mótfallinn því, að þetta mál gangi fram, heldur af því, að mér þykir þetta undarlegur leikur, ef einhver alvara hefir verið í því, að málið væri athugað í n. Hinsvegar er varla hægt að ásaka n., þótt hún hafi ekki getað afgr. málið frá sér á þeim fáu klukkustundum, sem liðnar eru frá því málinu var vísað til hennar, enda nóg annað að starfa síðan. En fyrst nú er búið að ákveða fund í Sþ., þá má vera, að n. gefist enn tími til að athuga málið og segja álit sitt um það.

Ég vildi láta þetta koma fram, þar sem ég veit ekki til, að málið hafi verið athugað í n. En hinsvegar veit ég, að form. n., sem er enginn flysjungur eða veifiskati, hefir verið alvara, að það væri athugað. Mér þykja þetta því undarlegar aðfarir gagnvart n.

Forseti (JörB): Það er í samráði við hv. form. fjvn., að málið var tekið á dagskrá nú. Að vísu talaði ég ekki við hann sjálfur, en sá, sem við hann talaði fyrir mína hönd, flutti þau boð frá honum, að ekki gerði til, þó málið væri tekið á dagskrá nú, ef vera kynni, að n. fengi fyrir þann tíma tækifæri til að athuga það. Nú var tilætlunin sú, að ljúka deildarfundum hér í kvöld, en sökum þess, að nú er ákveðinn fundur í Sþ., er vafasamt, að svo verði. Verður þá að boða fund í fyrramálið. Tilgangurinn með því að vísa málinu til n. var vitanlega sá, að fá álit hennar um það. Ég mun því fresta málinu, fyrst hv. form. fjvn. er ekki viðstaddur. En ég vænti þess, að fjvn. geri ályktun um það fyrir næsta fund.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Nd., 9. des., var till. aftur tekin til síðari umr.

Ingólfur Bjarnarson: Ég get upplýst það, að fjvn. hefir ekki getað tekið afstöðu til þessa máls. Það má öllum vera ljóst, að ekki er þægilegt fyrir n. að starfa, þegar setið er á fundum nótt og dag. Hinsvegar hefi ég haft tal af fleiri en færri af hv. nm., og eftir það viðtal held ég mér sé óhætt að segja, að n. þyki þetta mál ekki nægilega ljóst og naumast reist á svo heppilegum grundvelli sem æskilegt væri. Á ég þar við það, að eftir till. er lagt til, að hjálpað verði þessum vesalingum á Sólheimum, eða aðstandendum þeirra, en sú hjálp kæmi vitanlega mjög misjafnt niður miðað við allt landið, og það tel ég varhugavert. Mér finnst málið svo mikilsvert, að ekki megi hrapa að því með óviturlegum ráðstöfunum, heldur hefði ég lagt til, að það væri betur rannsakað, enda sýnist svo,

að það ætti að geta beðið reglulegs þings. Ég get sagt fyrir mitt leyti, að ég teldi mjög ákjósanlegt, ef hægt væri að hjálpa þessu ógæfusama fólki, en sú hjálp ætti engu síður að ná til þeirra, sem fjær búa fávitahælinu, heldur en hinna, er eiga heima í grennd við það. Þess vegna álít ég, að málinu sé bezt borgið með því að vísa því til hæstv. stj. til undirbúnings fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Forseti (JörB): Það er fjarri því, að ég þykist geta fundið að því, að hv. fjvn. hefir ekki formlega tekið mál þetta fyrir. Því var vísað til n. í gær. Hinsvegar vildi ég gera mína vísu með því að setja málið á dagskrá, ef vera kynni, að hv. n. hefði getað afgr. málið, svo það væri ekki mér að kenna, ef það dagaði uppi.

ATKVGR.

Till. um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 12:3 atkv.

3. Samvinnubyggðir.

Á 22. fundi í Nd., 29. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um samvinnubyggðir (A. 211).

Á 23. fundi í Nd., 30. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 24. fundi í Nd., 2. des., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Nd., 4. des., var till. aftur tekin til einnar umr. (A. 211, 224).

Flm. (Eysteinn Jónsson): Ég get nú látið mér nægja að vera stuttorður um þessa till., vegna þess að grg. er nokkuð ýtarleg. Það leikur ekki á tveim tungum, að mikil þörf er á því, að af hálfu hins opinbera verði hlaupið undir bagga með þeim mönnum, sem vildu reisa nýbýli í sveit. Eitt af því, sem valdið hefir mönnum mestrar áhyggju undanfarið, er það, hve fólksfjölgun í sveit er lítil og hversu unga fólkið sækir til kaupstaðanna, ekki sízt vegna þess, að möguleikar fyrir stofnun nýbýla í sveit eru litlir. Er bæði erfitt að fá land til þess að byggja á, og eins er mikill stofnkostnaður við að reisa bú í sveit fyrir unga menn og félausa.

Það hafa verið frammi í Alþingi till. í þá átt, að ríkið styddi eitthvað þá menn, sem hefjast vildu handa í þessu efni. Ein af þessum till. hefir mér litizt vænlegust, frv. um samvinnubyggðir, sem flutt var í fyrra af tveimur framsóknarmönnum, en var ekki afgr. frá n., þótt þing það væri alllangt. Þótti mörgum, sem vel leizt á málið, það miður.

Nú hafði ég í hyggju að taka þetta mál upp, en þóttist sjá fram á, að það mundi ekki fá afgreiðslu, vegna þess, hvað þingið er stutt og mörgum öðrum málum að sinna. Hitt tel ég vænlegt, að vekja athygli á frv. og fara fram á við hv. deild að samþ., að þetta frv. verði endurskoðað og ýtarlega undirbúin hugmyndin og lögð fram í frv.formi á næsta reglulegu Alþingi.

Þeir, sem kunnugir eru vinnubrögðum í Alþingi, vita, að það safnast svo mikill málafjöldi í nefndir, að þær eiga erfitt með — sérstaklega á svona stuttu þingi — að sinna umfangsmiklum nýmælum eins og þyrfti að vera. Þess vegna ríður á að undirbúa slík mál sem allra bezt.

Það, sem veldur því, að ég lít sérstaklega til þeirrar hugmyndar um samvinnubyggðir sem helzta úrræðis í nýbýlamálinu, er það, að gert er ráð fyrir byggðinni í hverfum, og geta menn því orðið aðnjótandi þeirra þæginda, sem nútíminn hefir að bjóða. Ennfremur geta menn hjálpazt að um notkun véla og annara tækja við störf á heimilum.

Þá hefi ég jafnframt tekið upp þá áskorun til stj., að hún leggi til, að til samvinnubyggðanna gangi helmingur af tekjum tóbakseinkasölunnar, eftir að þær eru lausar undan þeim lagaákvæðum, sem nú gilda; en það er frá 1. jan. 1935. Fram til þess tíma eiga þær að ganga í ríkissjóð. Helming teknanna var áður ráðstafað til byggingar- og landnámssjóðs, og er ekki nema gott um það að segja. En nú má gera ráð fyrir, að framtíðarlausnin á nýbýlamálinu verði á samvinnugrundvelli. Því hefi ég lagt til að

taka upp þessa stefnu, enda er það svo, að byggingar- og landnámssjóður hefir hingað til aðallega gegnt því hlutverki að lána til endurbygginga í sveit.

Í sambandi við það, að ég legg til, að tekjur tóbakseinkasölunnar hálfar renni til samvinnubyggða, þá hefi ég gert ráð fyrir, að við undirbúning málsins verði tekið til athugunar, að menn verði styrktir til að byggja hús á samvinnubýlunum. Þessu var ekki gert ráð fyrir í frv. í fyrra. Þetta vildi ég taka fram, af því að mér láðist að geta þess í grg.

Ég sé, að fram er komin brtt. við till. á þskj. 224, frá hv. þm. Str., um það, að felld verði niður sú áskorun, að hálfar tekjur tóbakseinkasölunnar renni til samvinnubyggða. Þessari till. er ég mótfallinn. En það, sem fyrir mér er þó aðalkappsmálið, er það, að þessi hugmynd verði ýtarlega rannsökuð og tekin til meðferðar á næsta reglulegu þingi. Auðvitað þætti mér bezt, að hv. d. gæti fallizt á að samþ. till. óbreytta; því að sjá verður samvinnubyggðunum fyrir tekjum, — og þá helzt með því að taka einhverja tekjupósta, sem ríkið hefir yfir að ráða, og verja til þessara framkvæmda. Ég tel einmitt vel til fallið að setja málið í þennan farveg, þar sem ég geri ráð fyrir, að með samvinnubyggðunum mundi verða leyst nokkuð af því verkefni, sem byggingar- og landnámssjóði er ætlað að leysa, en það er að styrkja nýbýli í landinu.

Héðinn Valdimarsson: Það var komin fram till. nokkuð löngu á undan þessari í hv. Ed., frá hv. 3. landsk., þar sem ætlazt er til að fela ríkisstj. að skipa milliþn. til að undirbúa löggjöf um, að ríkissjóður reisi nýbýlahverfi í sveitum. Segir síðan, hvernig þessi n. skuli skipuð. Sé ég ekki annað en að sú till. nái yfir þessa till. að efni til, og meira en það. Finnst mér sannast að segja meira liggja á, að sú till. nái fram að ganga en þessi, en vil leggja til, að þessari till. verði vísað til landbn. til athugunar.

Bjarni Ásgeirsson: Af því að hv. þm. Str. er fjarverandi, en hann ber fram brtt., þá vil ég lýsa yfir því, að ég hefi sömu afstöðu til málsins og hann. Ef felldur er síðari liður till., gæti ég greitt henni atkv. En ég get ekki séð, að það sé nein sanngirni að fara að eyðileggja til hálfs og meira en það þessa litlu starfsemi, sem enn er hjá byggingar- og landnámssjóði, sem gert verður, ef þessar tekjur eru teknar.

Ég vil fyrst og fremst leggja til, að málið verði sett í nefnd. Og komi það til atkv. nú, fylgi ég till. hv. þm. Str. Verði hún felld, treysti ég mér ekki til að greiða málinu atkv.

ATKVGR.

Till. vísað til landbn. með 17 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 31. fundi í Nd., 9. des., var fram haldið einni umr. um till. (A. 211, 224, n. 371).

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Eins og sést á nál., hefir landbn. orðið sammála um aðalniðurstöðurnar, og mælir með því, að till. verði samþ. með brtt. hennar á þskj. 371. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um þau atriði, en vil láta þess getið, að tveir nm. skrifa undir nál. með fyrirvara. Innan n. voru einnig nokkuð skiptar skoðanir á nauðsyn þessa máls, mismunandi trú á erindi samvinnubyggða hér á landi. Ég er einn af þeim, sem er vantrúaður á það, að sameignarbúskapur eigi sér mikla framtíð fyrir höndum hér á landi. Það er gamalt, íslenzkt máltæki, sem segir: Fáir lofa einbýlið svo sem vert er. Og alstaðar að af landinu er til reynsla fyrir því, að tvíbýli og margbýli gefast ekki sem skyldi. Hinsvegar má segja það, að eigi íslenzkur landbúnaður nokkra framtíð fyrir höndum, verður að fjölga býlunum að miklum mun. En í því verður vafalaust að taka aðra stefnu en hingað til, og dreifa ekki byggðunum skipulagslaust út um allt. Sú nýrækt, sem hafin verður á næstu árum, verður að vera með föstu og ákveðnu skipulagi, þannig að byggðunum sé þrýst sem mest saman. Þá væri hægt að hafa samvinnu um t. d. byggingar, nýrækt o. fl. Ég hefi trú á því, að mál þetta eigi erindi til stj. í því formi, að henni sé falið að rannsaka, á hvern hátt byggðaskipulagi verður bezt fyrir komið. Og ég

tel persónulega, að því skipulagi sé bezt borgið svo, að reksturinn sé í höndum einstaklinga. Ég legg áherzlu á það, að till. verði samþ., en þar sem málið er svo yfirgripsmikið, tel ég óvíst, að hægt verði að koma rannsókn í kring fyrir næsta þing. Nefndin hefir því hugsað sér að láta orða till. svo, að þetta yrði framkvæmt svo fljótt sem unnt er, að fenginni rannsókn.

Haraldur Guðmundsson: Ég skrifaði með fyrirvara undir nál. Hv. Ed. hefir fyrir skömmu samþ. þál. til stj. um líkt efni, og að því athuguðu legg ég til, að þessari till. verði vísað til stj.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Ég sé ekki ástæðu til þess að vísa till. til stj., þótt hv. Ed. hafi samþ. till. um svipað efni. Sú till. var í allt öðru formi en þessi, sem nú er til umr. Ég legg því til sem frsm. n., að till. verði afgr. svo sem hún liggur hér fyrir.

ATKVGR.

Till. um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 10:5 atkv.

Þingsályktunartillögur ekki útræddar.

1. Samvinnufélag Flateyjar.

Á 21. fundi í Nd., 28. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um ríkisábyrgð fyrir rekstrarláni handa samvinnufélagi Flateyjar í Flatey (A. 193).

Á 22. fundi í Nd., 29. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 23. fundi í Nd., 30. nóv., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 24. fundi í Nd., 2. des., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Bergur Jónsson) [óyfirl.]: Eins og sést á grg. þáltill., var Samvinnufélag Flateyjar stofnað árið 1932. Var svo þar sem víðar, að nauðsyn rak á eftir slíkri félagsstofnun, enda hafði aðalatvinnurekandinn í Flatey orðið gjaldþrota 1926, og hafði það í för með sér mikið peningalegt tap fyrir almenning í Eyjahreppi, auk þess sem atvinna stöðvaðist að miklu leyti. Var því mikil þörf á að auka atvinnu þorpsbúa bæði við fiskveiðar og fiskverkun, og í fátækt sinni lögðu þeir fram fé til að stofna samvinnufélag í þessu skyni. Félagið keypti skip, sem það hefir haldið úti á handfæraveiðum tvö undanfarin sumur. Var ekki sótt um neinn styrk til Alþingis til þessa. Tilgangur félagsins er einkum tvennskonar: að koma í veg fyrir, að fólk þurfi að flýja úr þorpinu um aðalbjargræðistímann vegna atvinnuleysis, og auk þess að auka peningaumferð í þorpinu, en þar hefir verzlun verið nær eingöngu vöruskiptaverzlun. Þessum tilgangi hefir félagið reynt að ná eftir megni, enda þótt stofnfjárleysi hafi háð því frá byrjun.

Hér er aðeins farið fram á ríkisábyrgð á 10000 kr. rekstrarláni, gegn þeim tryggingum, sem stjórnin metur gildar. Er vissa fyrir því, að félagið getur fengið þetta lán í Landsbanka Íslands, ef ríkisábyrgð fæst á því, þótt bankinn treysti sér hinsvegar ekki til að lána þá upphæð gegn ábyrgð þessara fátæku manna einna.

Þessi styrkur gæti verið mikils virði til þess að halda fólki í þorpinu. Ríkisábyrgð á rekstrarláni er heldur ekkert einsdæmi. Þannig hefir verið samþ. ríkisábyrgð á miklu hærra láni handa tunnuverksmiðju Akureyrar. Væri því lítið samræmi í því að fella þessa litlu og hættulausu ábyrgðarheimild.

Flatey er eini hafnarstaðurinn í Austur-Barðastrandarsýslu. Fimm hreppar þar eiga enga aðra höfn en Flatey, og því næði þessi hjálp til miklu fleiri en eyjarskeggja einna. Vil ég leggja til, að umr. verði frestað og málinu vísað til sjútvn.

ATKVGR.
Till. vísað til sjútvn. með 15 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 27. fundi í Nd., 6. des., var fram haldið fyrri umr. um till. (A. 193, n. 288).

Frsm. (Bergur Jónsson) [óyfirl.]: Sjútvn. hefir athugað þetta mál og leggur einróma til, að till. verði samþ. Einn nm. var fjarstaddur, en hann mun ekki vera því mótfallinn.

Ástæðan til þess, að n. gengur inn á að mæla með þessari till., er sú, að hér er fyrst og fremst um mjög smávægilega ábyrgð að ræða, og í öðru lagi er upplýst, að þetta félag hefir ekki fengið neina ábyrgð fyrir stofnkostnaði, svo ekki er óeðlilegt, að því sé hjálpað til að fá dálítið rekstrarlán.

ATKVGR.

Brtt. 288 samþ. með 15 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 11:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: TrÞ, ÞorlJ, BJ, BSt, BÁ, FJ, HV, IngB, JJós, JP, JörB.

nei: TT, ÞÞ, GSv, GÍ, HStef, HJ, JakM, JS.

Níu þm. (MG, ÓTh, PHalld, PO, VJ, ÁÁ, EystJ, HG, JÓl) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 13:2 atkv.

Á 28. fundi í Nd., 7. des., var till. tekin til síðari umr. (A. 332).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 10:6 atkv. og afgr. til Ed.

Á 28. fundi í Ed., s. d., var till. útbýtt eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 332).

Á 29. fundi í Ed., 8. des., var till. tekin á dagskrá til ákvörðunar um, hvernig ræða skyldi.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

2. Lendingarbætur í Flatey.

Á 21. fundi í Nd., 28. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um lendingarbætur í Flatey á Breiðafirði (A. 195).

Á 22. fundi í Nd., 29. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 23. fundi í Nd., 30. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Nd., 2. des., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Bergur Jónsson) [óyfirl.]: Það hefir lengi verið á döfinni að bæta lendinguna við Flatey á Breiðafirði, sem er, eins og ég tók fram áðan, eini hafnarbærinn fyrir norðurströnd Breiðafjarðar. Hefir verið áætlað, að kostaði 24 þús. kr. að bæta fullkomlega úr lendingargöllum þar. En hreppurinn og sýslan eru svo fátæk, að þau hafa ekki treyst sér til að leggja út í svo dýrar framkvæmdir. En síðar hefir verið gerð rannsókn á því, að hægt væri að gera verulegar lendingarbætur þar með byggingu á bryggju, sem kosta myndi 3000—5000 kr. Ég bar því fram á þingi í fyrra, að fé til bryggjugerðar og lendingarbóta yrði hækkað um 2000 kr. í þessu skyni, en deildin vildi ekki opna fjárl., og varð fjárveitingin því ekki samþ. Nú ber ég fram þáltill. um, að ríkið leggi fram ⅓ til þessarar bryggjugerðar, gegn ⅔ frá héraðinu. Er þess að gæta, að hér er ekki um hafnarbætur fyrir Flateyinga eina að ræða, heldur alla norðurströnd Breiðafjarðar og aðra, sem viðskipti hafa við Flatey, vegna þess, að hún er eini hafnarstaðurinn á þessum slóðum.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 15 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 29. fundi í Nd., 8. des., var fram haldið fyrri umr. um till. (A. 195, n. 339).

Frsm. (Ingólfur Bjarnarson) [óyfirl.]: N. leggur til, að þessi till verði samþ. Fyrir henni lá mjög ýtarleg grg., sem sýndi fram á þá miklu þörf, sem er á bryggjugerð í Flatey. Bryggjan, sem er þar nú, er að verða ónýt. Því var farið fram á 2000 kr. ríkisstyrk til bryggjugerðar, að því tilskildu, að á móti komi það vana-

lega tillag, ⅔ kostnaðarins. Það lágu ekki fyrir n. nóg gögn til þess að sýna fram á, að fullkomin rannsókn hefði farið fram á þessu máli, og vill því n. binda fylgi sitt því skilyrði, að ekkert fé verði látið út fyrr en fulltrygg áætlun um þetta fyrirhugaða mannvirki liggur fyrir og tryggt er, að frá héraðinu komi ⅔ kostnaðar á móti. Verkið yrði auðvitað framkvæmt undir eftirliti hafnarmálastjórnarinnar, — ég hefi talað um það við vitamálastjóra, og hann hefir ekkert á móti því, að málið sé afgr. svo sem hér er lagt til. Ég skal að lokum geta þess, að einn hv. nm. hefir skrifað undir nál. með fyrirvara, og ennfremur, að 2 hv. nm. vantaði á fundinn, þegar n. afgreiddi málið.

Bergur Jónsson [óyfirl.]: Ég vil þakka hv. fjvn. fyrir afgreiðslu þessa máls, en vil benda henni á, að í till. er vísað til þeirra skilyrða, sem þeir hafa sett fram í nál. — Ég sé svo ekki ástæðu til þess að orðlengja um þetta frekar, þar sem ég gerði grein fyrir till. við fyrri hluta umr.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 16 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., 8. des., var till. tekin til síðari umr.

Of skammt var liðið frá fyrri umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Till. samþ. með 17:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, JakM, JJós, JÓl, PHalld, TT, ÞorlJ, ÞÞ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, GSv, GÍ, HStef, HG, JörB.

nei: VJ.

Tíu þm. (IngB, JP, JS, MG, ÓTh, PO, TrÞ, EystJ, FJ, HJ) fjarstaddir.

Till. afgr. til Ed.

Á 30. fundi í Ed., 9. des., lokafundi deildarinnar, var till. útbýtt eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 195), en till. var ekki tekin til frekari meðferðar.

---

3. Vatnasvæði Þverár og Markarfljóts.

Á 16. fundi í Ed., 22. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um rannsókn á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts og um varnargarða við Þverá (A. 112).

Á 17. fundi í Ed., 23. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 18. fundi í Ed., 24. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Ed., 27. nóv., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Eins og hv. þdm. er kunnugt, hefir landið á undanförnum árum veitt talsvert fé til þess að framkvæma mælingar og kortleggja vatnasvæði Þverár og Markarfljóts. Mun vera búið að leggja fram um 27 þús. kr., en er talið, að vanti um 2500 kr. til þess að sá maður, sem verk þetta hefir haft með höndum, geti lokið við teikningar sínar og áætlanir, svo á þeim megi byggja til frambúðar. Nú er það ósk þeirra Rangæinga, sem eiga að búa við ágang þessara vatna, að Alþingi heimili nú þessa litlu upphæð, svo hægt sé að ljúka við þennan óhjákvæmilega undirbúning frekari aðgerða þarna. Að því lýtur fyrri liður þessarar þáltill.

En þá er annar liðurinn undir staflið B. Hann lýtur að því að hjálpa til að verja Inn-Fljótshlíðina fyrir hinum mikla yfirvofandi ágangi Þverár. Í lagabálki þeim, sem samþ. var 1932 um fyrirhleðslur og samgöngubætur á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts, var gert ráð fyrir, að ríkið hjálpaði til að verja þessar jarðir frá Hlíðarenda og inn í gegn með mörgum en smáum grjótgörðum. Er talið, að það mundi mega gera nokkuð mik-

ið af þessum görðum, ef ríkið legði fram allt að 9 þús. kr. og bætt þar við þeim litla hluta, sem sýslubúum ber að leggja á móti. Eins og tekið er fram í grg. till., hefir ríkisstj. lagt fram nokkurt fé á undanförnum tveimur sumrum til þessara garða, og hefir þannig tekizt að vernda þá jörðina, sem neðst er af þeim, sem í hættu eru staddar, Hliðarendakot. Þessi garðagerð hefir sýnt þann árangur, að menn hafa trú á, að með þessari aðferð megi verja allar þær fögru jarðir, sem þarna eru í hættu. En samhliða því, að neðsta jörðin komst úr hættu að svo stöddu, hefir áin lagzt meira að innri jörðunum, Fljótsdal og Barkarstöðum og jörðunum þar neðan við. M. a. liggur hún nú fast upp að klettunum við Háamúla, og eru tvær innstu jarðirnar þannig afskornar öllum samgöngum, nema klifrað sé yfir fjallið eða riðin Þverá, sem oft er ófær. Þegar áin er komin framhjá Háamúla, skellur hún á hinu fagra sléttlendi, sem nær frá Múlanum niður að Hlíðarendakoti. Er sérstaklega Múlakotsland í mikilli hættu, ef ekki er þegar aðgert.

Till. miðar að því að ýta undir, að á komandi sumri verði haldið áfram eins og undanfarandi sumur að byggja þessa smágarða, sem fyrst og fremst yrðu gerðir til að vernda land Múlakots og síðan jarðanna þar inn eftir, eftir því sem fé yrði til.

Það má segja, að óviðeigandi sé að koma með slíka fjárbeiðni fyrir þetta þing. En Þverá bíður ekki næsta reglulegs Alþ.; hún er að brjóta niður undirlendið, og l. frá 1932 ætlast til, að því sé bjargað, ef hægt er, á þann hátt sem byrjað er á. Það gæti munað mjög miklu fyrir þetta mál, hvort haldið er áfram eins og þessi till. gerir ráð fyrir, eða látið reka á reiðanum um þessar varnir.

Ég hygg, að ef þessari till. verður vel tekið, þá ætti hún að koma til hv. fjvn., og legg ég til, að henni verði þangað vísað. Óska ég, að hvort sem hv. n. vill sinna þessu máli eða ekki, þá afgr. hún það fljótt, því annars eru litlar líkur til, að því verði lokið á þessu þingi.

Atvmrh. (Þorsteinn Briem): Út af fyrri lið till. vil ég taka það fram, að í fjárl. fyrir árið 1934, 16. gr. 54, eru veittar 2000 kr. til þess að ljúka mælingum í Landeyjum, og við undirbúning fjárl. gaf Búnaðarfélag Íslands upplýsingar um, að þessar 2000 kr. mundu nægja. Síðan þessi till. kom fram hefi ég óskað eftir skýrslu um það frá Búnaðarfél., hvað þessu starfi liði, því ég vildi vita vissu mína um, hvort óhjákvæmilegt væri að meira en tvöfalda upphæðina, sem til þess er ætluð. En ég hefi enga skýrslu fengið enn frá Búnaðarfél. um þetta efni. Ég vil aðeins skjóta því til hv. n., að hún afgr. ekki till. sínar í þessu máli fyrr en hún hefir fengið fullar upplýsingar frá þeim aðila, sem umsjón hefir með þessu verki, en það er Búnaðarfélagið.

Viðvíkjandi B-lið till. get ég tekið það fram, að árin 1932 og 1933 hefir verið varið til varna skemmdum af Þverá samtals 10900 kr. Þar af hefir ríkissjóður sumpart greitt og sumpart lofað að greiða rúmar 8000 kr. Ég get tekið það fram, að þótt þessi tilraun hafi nú verið gerð, þá er engin fullnaðarreynsla fengin um það, hvort hún kemur að liði. Vörnunum hefir verið þannig hagað, að gerðir hafa verið um 50 þvergarðar út frá bökkum Þverár, frá Hliðarendakoti og skammt inn fyrir Múlakot, til varnar landbroti á því svæði. Þessir garðar eru gerðir til þess að kasta straumþunganum frá bökkunum, þar sem mest er hættan. Eru þeir flestir stuttir, sumir ekki nema fimm metrar og allir innan við 20 metra nema einn, sem er um 100 metrar á lengd. Í fyrra fékkst því miður ekki hin ákjósanlegasta reynsla um þessa garða. Áin vildi grafa sig á bak við garðana og landbrotið hélt áfram. Nú hefir þegar verið byrjað að draga grjót að til þess að dyngja niður með bökkunum, ef vatnið grefur sig bak við garðana. Fæst ekki fyrr en í vetur reynsla um, hvort það dugir fyllilega. Menn geta gert sér vonir um, að þetta komi að haldi, en full reynsla er enn ekki fengin, og þess vegna finnst mér fyrir mitt leyti varhugavert að ákveða nokkuð um, hvort þessum framkvæmdum verður haldið áfram í sama stíl, fyrr en reynslan er fengin eftir veturinn. Ef reynslan bendir í þá átt, að þetta komi að notum, þá er auðvitað æskilegt, að framkvæmdunum sé haldið áfram. Þó skal ég taka það fram, að ekki

mun þess vera kostur að verja allar landbrotajarðirnar í Fljótshlíð með þessum aðgerðum. A. m. k. verður samkv. rannsóknum vegamálastjóra örðugt að vernda tvær jarðir, sem hv. flm. nefndi, Fljótsdal og Barkarstaði, á þennan hátt. Nokkrar fleiri jarðir heldur en þegar er búið að hlaða framundan mun þó að öllum líkindum mega verja.

Eins og menn vita, er hvorki í þessa árs né fyrra árs fjárl. nein fjárveiting til þessara fyrirhleðslna. En þar sem þörfin var mjög aðkallandi og leiðinlegt að sjá góð lönd brotin niður án þess nokkuð sé að gert, þá þótti mér rétt að veita nokkurn styrk; þó ekki eins mikinn eins og l. um samgöngubætur og fyrirhleðslur á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts gera ráð fyrir. Í 2. gr. er sagt, að varnir fyrir innan Hlíðarenda í Fljótshlíð fyrir ágangi Þverár skuli ríkissjóður kosta að ⅞ hlutum, en sýslufélag Rangárvallasýslu að ⅛ hluta. En þar mun, eftir upplýsingum, sem ég hefi fengið hjá vegamálastjóra — en hann var allmikið við þessa löggjöf riðinn — hafa verið átt við rækilegan og mikinn varnargarð, sem hlaðinn væri alveg fyrir farveg Þverár, annaðhvort fram af Háamúla eða svonefndum Streytum. Hvað snertir bráðabirgðavarnir og aðrar slíkar framkvæmdir hygg ég því, að verði að halda sér við þau ákvæði laganna, þar sem segir, að varnir annarsstaðar og flóðgáttir kosti sömu aðilar að ¾ og ¼ hluta. Ég sá mér því ekki fært, þar sem engin fjárveiting var fyrir hendi, að verja úr ríkissjóði til að styrkja þessa tilraun — því enn er þetta ekki annað en tilraun — meiru en ¾ hlutum kostnaðar gegn ¼ annarsstaðar að. Þóttist ég með þessu ekki beita þá, sem hlut eiga að máli, neinu harðræði, því kostnaðurinn er hér um bil allur verkakaup og hestaleiga, og innansveitarmenn voru látnir sitja fyrir vinnunni, svo féð hefir hér um bil allt runnið til þeirra. Þar sem hér var að ræða um varnir fyrir tiltölulega fáar jarðir og engin fjárveiting lá fyrir, þótti mér rétt að telja þessa tilraun ekki að öllu leyti undir ákvæði 3. málsgr. 2. gr. l. frá 1932.

Hér er farið fram á, að varið verði úr ríkissjóði á næsta ári 9000 kr., gegn ⅛ hluta annarsstaðar að, til þess að halda áfram að gera þessa varnargarða frá Múlakoti og inn eftir Fljótshlíðinni. Ég get vísað til þess, sem ég sagði áðan, að vegamálastjóri telur mikinn vafa á því, hvort mögulegt sé að verjast landbroti undan Barkarstöðum og Fljótsdal á þennan hátt, en hinum jörðunum telur hann tök á að bjarga, eða leggur a. m. k. til, að það sé reynt, ef reynslan í vetur sýnir, að þær framkvæmdir, sem gerðar voru í sumar, koma að notum.

Ég vildi aðeins benda á þetta, að það, sem gert hefir verið, er aðeins tilraun, sem reynslan hefir ekki enn sýnt, hvort kemur að fullum notum.

Flm. (Jónas Jónsson): Að því er snertir fyrri hluta till., þá flutti ég hann einnig eftir ósk eins af leiðtogum Vatnafélags Rangæinga. Vatnafélagið hefir það frá stj. Búnaðarfél., að það muni þurfa allt að 3 þús. kr. til þess að ljúka við teikningarnar. Ég vildi hafa vaðið fyrir neðan mig og tiltók heldur lægri upphæð, en ef málinu verður vísað til n., býst ég við, að geti komið til athugunar, hvort Búnaðarfél. treystir sér til að ljúka verkinu fyrir þessa upphæð, eða hvort þurfa mundi velviljað umtal um, að greiða mætti svo sem 500 kr. meira. Það ætti landsstj. og Búnaðarfél. að geta komið sér saman um. Um hitt er enginn skoðanamunur, að teikningarnar þarf að fullgera málefnisins vegna.

Ég mun í sambandi við næstu till. á dagskránni (um varnir gegn landbroti af Þverá) koma að skyldu ríkissjóðs til að greiða ⅞ kostnaðar við fyrirhleðsluna. Við þessa umr. liggur aðeins fyrir, hvort þingið vill heimila þessa fjárhæð eins og á stendur. Það er fjárveitingaratriði og þarf því að fara gegnum báðar deildir til þess að gera hæstv. stj. auðveldara að ljúka því verki, sem hún hefir látið byrja á með nokkrum erfiðleikum, eftir því sem fram kom í ræðu hæstv. atvmrh.

Ég get ekki verið samdóma hæstv. atvmrh. um það, að í raun og veru sé eftir nokkru að bíða með að ákveða það, að halda skuli áfram með grjótgarðana. Frá vegamálastjóra hefir ekki komið nema ein till. í þessu máli önnur en um grjótgarðana. Sú tilraun var gerð fyrr á árum, áður en núv. atvmrh. tók við stjórn. Það

átti að breyta farveg vatnanna með vírneti og staurum, en það bar ekki þann árangur, að áfram væri haldið. Mér er ekki kunnugt um, að nein önnur aðferð sé þekkt, sem þarna gæti átt við, heldur en grjótgarðahleðslan. Og það er sammæli þeirra, sem kunnugir eru í Hlíðinni, að þessir garðar hafi þann tíma, sem þeir eru búnir að standa, sem er einn vetur og tvö sumur, gefið þá raun, sem bezt varð á kosið, og það sé þeim að þakka, að ekki hefir haldið áfram hið gífurlega landbrot á þessu fagra sléttlendi, sem áður vofði yfir. Ég vil taka það fram, að einmitt þennan tíma síðan garðarnir komu hefir Þverá legið óvenjufast þarna upp að landinu, svo varla getur meiri þungi reynt á garðana heldur en þeir hafa þegar þolað. Sést þetta bezt á því, að um langan tíma hefir verið ófært frá Eyvindarmúla inn að Barkarstöðum og Fljótsdal nema yfir Klifið.

Mesta hættan nú, eftir því sem kunnugir menn segja, er, að áin brjótist inn á hið óvarða land á bak við garðana, og stæðu þeir þá eins og sker úti í sandleðjunni. Þess vegna leggja Rangæingar mesta áherzlu á að halda strax áfram með garðana inn undir Háamúla. Takist að verja landið þangað inn eftir, er aðalsveitinni bjargað. Ég get tekið undir það með hæstv. ráðh., að það gegnir dálítið öðru máli um tvær innstu jarðirnar; þó æskilegt væri að geta bjargað þeim líka, þá er þar minna í húfi. Enda er till.liðurinn orðaður þannig, að halda skuli áfram að gera varnargarða frá Múlakoti og inn fyrir Fljótsdal. Gefur það bendingu um, að halda skuli inneftir eftir því, sem féð hrekkur til, og verða þannig innstu bæirnir helzt útundan.

Mér finnst, að hæstv. atvmrh., sem byrjaði á þessu þarfa verki, megi vera ánægður, ef hann fengi þessa heimild, sem hann taldi sig ekki fyllilega hafa áður, til þess að þoka verkinu áfram, svo það geti borið þann árangur, sem hann og aðrir vonast eftir.

Atvmrh. (Þorsteinn Briem): Ég get tekið undir það, að það er hægt að taka með þakklæti á móti heimildum, ef fé reynist fyrir hendi. En ekki þætti mér ráðlegt að nota heimild til mikilla framkvæmda í sama stíl, nema reynslan í vetur sýni, að þær vonir rætist, sem við gerðum okkur í upphafi. Reynslan í fyrra vetur sýndi ekki þann árangur, sem vonazt var eftir. Aftur virtist reynslan í sumar vera góð, en veturinn er nú ekki liðinn nema að litlu leyti.

Flm. (Jónas Jónsson): Ég vil benda á, að einmitt út frá sjónarmiði hæstv. ráðh. er æskilegt, að til sé fjárveiting til fyrirhleðslunnar, því annars verður hann í vandræðum með áframhaldið í vor. Þó þessi heimild sé samþ., mundi enginn ásaka hæstv. ráðh., þó hann notaði hana ekki, ef áin yrði búin að rífa niður garðana og sléttlendið í vor, en ef garðarnir reynast vel, eins og flestir búast við, er mikilsvert að hafa heimildina til.

Atvmrh. (Þorsteinn Briem): Ég skal aðeins taka það fram, að ég talaði ekki eins og sá, sem byggist við að verða atvmrh. í vor. **(JónasJ:** Það verður einhver).

ATKVGR.
A-liður tillgr. samþ. með 7 shlj. atkv.
B-liður tillgr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 8 shlj. atkv. og til fjvn. með 8 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

4. Mjólkursala og rjóma (till. BSn).

Á 21. fundi í Ed., 28. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um frestun á framkvæmd l. nr. 57 frá 19. júní 1933, um heilbrigðisráðstafanir um sölu mjólkur og rjóma (A. 189).

Á 22. fundi í Ed., 29. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 24. og 25. fundi í Ed., 2. og 4. des., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

5. Innflutningshöft (till. meiri hl. allshn. Ed.).

Á 24. fundi í Ed., 2. des., var útbýtt:
Till. til þál. um að fella niður innflutningshöftin (A. 256).

Á 25. fundi í Ed., 4. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 28. og 29. fundi í Ed., 7. og 8. des., var till. tekin til einnar umr. (A. 256, 282, 340, 348).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

6. Verzlanir starfsmanna ríkis og bæjarfélaga.

Á 25. fundi í Ed., 4. des., var útbýtt:
Till. til þál. um fyrirmæli gegn því, að embættis- og sýslunarmenn eða starfsmenn bæjarfélaga reki verzlun fyrir almenning við verzlanir, sem þeir eiga sjálfir (A. 283).

Á 27. fundi í Ed., 6. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

7. Vegamál.

Á 25. fundi í Ed., 4. des., var útbýtt:
Till. til þál. um vegamál (A. 284).

Á 27. fundi í Ed., 6. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 29. fundi í Ed., 8. des., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

8. Fjármálanefnd.

Á 25. fundi í Ed., 4. des., var útbýtt:
Till. til þál. um skipun sérstakrar fjármálanefndar (A. 285).

Á 27. fundi í Ed., 6. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 29. fundi í Ed., 8. des., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

9. Hámarkslaun og landauragreiðsla.

Á 25. fundi í Ed., 4. des., var útbýtt:
Till. til þál. um hámarkslaun og landauragreiðslu (A. 286).

Á 27. fundi í Ed., 6. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

10. Háskóli Íslands.

Á 26. fundi í Ed., 5. des., var útbýtt:
Till. til þál. um sparnað og skipulagsbreyt. við Háskóla Íslands (A. 295).

Á 27. fundi í Ed., 6. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

11. Vantraust á dómsmálaráðherra.

Á 10. fundi í Ed., 15. nóv., og á 10. fundi í Nd., s. d., var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um vantraust á dómsmálaráðherra (A. 43).

Á 3. fundi í Sþ., 16. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Magnús Jónsson: Ég heyrði það á hæstv. forseta, að hann var í þann veginn að stinga upp á, hvernig þessa till. skyldi ræða. Hinsvegar hefi ég lesið það í blöðunum, eins og ég veit, að aðrir hv. þm. hafa líka gert, að hæstv. stj. sé búin að segja af sér. Hefir hæstv. forsrh. sent konungi lausnarbeiðni sína fyrir stj., og ég geri ráð fyrir, að lausnin sé fengin eða komi bráðlega. Mér finnst það nú stappa nærri því, að hæstv. forseti sé að stofna til skrípaleiks hér á Alþingi, ef fara á að ákveða umr. um till. um vantraust á ráðh., sem þegar er farinn frá. Þótt það sé ekki vani, að þm. blandi sér inn í það, hvernig forseti ákveður umr. um till., heldur gerist þetta venjulega hljóðalaust eftir uppástungu hæstv. forseta, óska ég þess að þessu sinni, að þetta sé borið undir þingheim, svo að ég geti með atkv. mínu haft áhrif í þá átt, að ekki verði farið að ákveða umr. um till. um vantraust á ráðh., sem þegar er farinn frá, og stofna til slíks skrípaleiks hér á Alþingi.

Flm. (Héðinn Valdimarsson): Ég veit ekki, hvort hv. 3. þm. Reykv. talar hér sem fulltrúi stj., en það lítur þó helzt út fyrir, að svo sé. Hinsvegar hefir þinginu mér vitanlega ekki borizt nein tilkynning um það, að stj. hafi sagt af sér, og enginn ráðh. er hér staddur á fundinum, til þess að skýra þingheimi frá þessu. Ég mun því krefjast þess, að málinu verði haldið áfram, þangað til eitthvað heyrist frá stj. sjálfri um þetta, og mér kemur það undarlega fyrir sjónir, ef fara á að neita því, að mál, sem flutt eru hér á þinginu, séu tekin til meðferðar á löglegan hátt.

Magnús Jónsson: Ég held jafnvel, að ég hafi lesið það í sjálfu Alþýðublaðinu, að stj. væri búin að segja af sér, svo að ég hélt satt að segja, að hv. 2. þm. Reykv. ætti ekki að vera þetta svona alókunnugt. Hinsvegar mun hæstv. forsrh. ekki hafa símað út lausnarbeiðni sína fyrr en eftir þingfundi í gær, svo að hann hefir ekki haft neitt tækifæri til þess að skýra þingheimi frá þessu. Þótt hæstv. forsrh. hafi ekki skýrt frá þessu enn, hefir það samt a. m. k. verið gert svo sennilegt, að því er mér finnst, að hæstv. ríkisstj. hafi sagt af sér, að ég tel, að ekki geti a. m. k. legið á því að ákveða umr. um þessa till. Ég endurtek því þá ósk mína til hæstv. forseta, að þetta verði borið undir þm., svo að ég a. m. k. fái tækifæri til að koma í veg fyrir með atkv. mínu, að stofnað sé til slíks skrípaleiks hér á Alþingi, að fara að ákveða umr. um vantraust á ráðh., sem þegar er farinn frá.

Út af ræðu hv. 2. þm. Reykv. vil ég segja það, að mér finnst ástæðulaust af honum að stökkva upp á nef sér, þótt ég hafi skýrt frá því hér í þinginu, sem hver blaðlesandi veit, og hv. 2. þm. Reykv. sjálfur veit engu síður en ég, að stj. er búin að segja af sér.

Forseti (JBald): Mér hefir ekkert verið tilkynnt um það, hvort hæstv. ríkisstj. hefir sagt af sér eða ekki, og þegar ég ákvað í gærkveldi að taka þetta mál á dagskrá í dag, var það því á engan hátt gert með það fyrir augum að fara að stofna til skrípaleiks hér á Alþingi, eins og hv. 4. þm. Reykv. talar um. Þar sem hæstv. stj. hefir og enn enga tilkynningu um þetta gefið, tel ég sjálfsagt, að Alþingi taki ákvörðun um þetta mál á venjulegan hátt. Ég mun þó að sjálfsögðu verða við þeirri ósk hv. 3. þm. Reykv. að bera það undir þingið, hvort hafa skuli eina eða tvær umr. um till.

Flm. (Héðinn Valdimarsson): Ég sé, að tveir ráðh. eru nú komnir á þingfund, svo að þeim gefst þá tækifæri til að skýra þingheimi frá hinu sanna í þessu máli. (**Dómsmrh.:** Stendur hv. þm. það á miklu að fá að vita þetta?). Já, ég tel sjálfsagt, að stj. láti svo lítið að skýra þinginu opinberlega frá ekki ómerkilegri atburði en

að stjórnin leggi niður völdin, og skora á hæstv. ráðh. að gefa yfirlýsingu um málið.

Magnús Jónsson: Ég vil taka undir það með hv. 2. þm. Reykv., að hæstv. ráðh. skýri þinginu frá því, sem gerzt hefir, þótt allir hér viti það raunar jafnvel, að stj. er búin að segja af sér. — Út af ummælum hæstv. forseta vil ég taka það fram, að ég óskaði ekki eftir að fá að skera úr því með atkv. mínu, hvort fram færi ein eða tvær umr. um þessa till., heldur beindi ég þeirri ósk til hæstv. forseta, að það væri borið undir þm., hvort yfirleitt ætti að ákveða nokkra umr. um þessa till., þar sem hún felur í sér vantraust á ráðh., sem þegar er búinn að segja af sér. Mér þykir það og harla einkennilegt, að hæstv. forseti skuli endilega vilja hraða þessu máli svo mjög. Hann veit þó eins og aðrir, að stj. er búin að segja af sér. Ég mundi og ekki þora að eiga undir því að ákveða, að t. d. eina umr. skyldi hafa um þessa till., því að maður má alveg eins búast við því, að hæstv. forseta sýndist að láta þessa einu umr. fara fram strax á eftir, hvað fjarstætt sem það er.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Mér kemur það undarlega fyrir sjónir, að hv. 2. þm. Reykv., sem veit þó vel, að stj. hefir sagt af sér, skuli heimta sérstaka skýrslu af stj. um þetta. Það er hlægilegt, að hv. 2. þm. Reykv. skuli heimta skýrslu um þetta, því að hans eigið dagblað hefir skýrt frá því, að stjórnin hafi sagt af sér. Það getur því ekki verið, að stofnað sé til þessa fundar í Sþ. til þess að fá skýrslu um það, sem hver maður í þessum bæ veit. En það er kannske stofnað til hans til þess að gefa hæstv. forseta tækifæri til að setjast einu sinni oftar í forsetastólinn en ella. Það er hvort sem er ekki svo oft, sem hann fær að njóta þessarar tignar sinnar í allri sinni dýrð.

Flm. (Héðinn Valdimarsson): Það er undarlegt, að það skuli þurfa að toga það út úr ráðherranum með töngum, að stj. hafi sagt af sér. Það er þó skylda stj. að skýra þinginu frá slíku. En nauðugt hlýtur það að hafa verið dómsmrh. að leggja niður völdin, eftir þessu framferði að dæma.

Viðvíkjandi vantraustinu á hæstv. dómsmrh. vil ég skýra frá því, að það hefir lengi vofað yfir honum. — Eftir að grein Jóns Þorlákssonar um afstöðu Sjálfstfl. til samsteypustj. kom í Morgunblaðinu, var auðséð, að nauðsynlegt var að grennslast eftir, að hve miklu leyti Framsfl. studdi stj., og er langt síðan umr. urðu um þetta í Alþfl. Á mánudaginn var fórst fyrir fundur í miðstjórn flokksins vegna bilunar rafmagnsveitunnar og ljósleysisins það kvöld (**Dómsmrh.:** Vantaði kerti?), þar sem ákvörðun væri tekin um þetta, en kvöldið eftir var þessi fundur svo haldinn og þar ákveðið, að Alþfl. skyldi bera fram vantraust á hæstv. dómsmrh. Nú hefir hæstv. ráðh. staðfest fregnir blaðanna um það, að stj. sé búin að segja af sér, og fyrst svo er, óska ég eftir því, að málið sé tekið út af dagskrá. En ég vænti þess, að við Alþýðuflokksmenn getum undir öðru formi komið fram vantrausti okkar á hæstv. dómsmrh. síðar á þinginu.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Ég mun alltaf vera viðbúin að taka á móti vantrausti frá hv. 2. þm. Reykv. og flokki hans. — Annars er það opinbert leyndarmál í þinginu, að hv. 2. þm. Reykv. hefir haft þessa vantrauststillögu á mig, sem hann talaði um, að samþykkt hefði verið að bera fram á flokksfundi Alþfl. í vikunni, til sýnis á borðinu hjá sér hér í deildinni frá því á fyrstu dögum þingsins. Hv. 2. þm. Reykv. getur því ekki borið við ljósleysi því, sem var á mánudaginn, því að till. var tilbúin löngu fyrr, en annars viðurkenni ég, að ljósleysi hentar bezt myrkraverkum hans. Ósatt ætti hann þó ekki að þurfa að segja. Yfirleitt er öll framkoma jafnaðarmanna í þessu máli skrípaleikur frá upphafi til enda.

Forseti (JBald): Þessari till. um vantraust á hæstv. dómsmrh. var útbýtt í þinginu í gær. Nú er það venja, að taka vantrauststill. svo fljótt á dagskrá sem unnt er, og þar sem hæstv. forsrh. hafði enga tilkynningu um það gefið, að stj.

hefði sagt af sér, þótti rétt að taka till. á dagskrá í dag, til þess að ákveða, hvernig hana skyldi ræða. — Vegna tilmæla hv. flm. mun ég þó taka till. af dagskrá, og kemur þá ekki til að ákveða umr. um hana að þessu sinni.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar.

12. Einar M. Einarsson skipstjóri á Ægi.

Á 16. fundi í Ed., 22. nóv., og á 16. fundi í Nd., s. d., var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. út af starfi Einars M. Einarssonar skipstjóra á varð- og björgunarskipinu Ægi (A. 101).

Á 5. fundi í Sþ., 25. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 6., 7., 8., 9., 10., 11., 12. og 13. fundi í Sþ., 29. nóv., 2., 4., 5., 6., 7. og 8. des., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

13. Eftirlit með bönkum og sparisjóðum.

Á 23. fundi í Ed., 30. nóv., og 23. fundi í Nd., s. d., var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um að skora á landsstj. að flytja frumv. um að leggja niður embætti til eftirlits með bönkum og sparisjóðum (A. 221).

Á 7. fundi í Sþ., 2. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 8., 9., 10., 11., 12. og 13. fundi í Sþ., 4., 5., 6., 7. og 8. des., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

14. Mjólkurbúastyrkur.

Á 24. fundi í Ed., 2. des., og á 24. fundi í Nd., s. d., var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um ríkisstyrk til mjólkurbúanna í Eyjafirði, Borgarfirði, Árnessýslu og Reykjavík (A. 253).

Á 7. fundi í Sþ., s. d., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 8., 9., 10., 11. og 12. fundi í Sþ., 4., 5., 6., 7. og 8. des., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

15. Mjólkursala og rjóma í Reykjavík og Hafnarfirði.

Á 24. fundi í Ed., 2. des., og á 24. fundi í Nd., s. d., var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um undirbúning löggjafar um sölu mjólkur og rjóma í Reykjavík og Hafnarfirði (A. 259).

Á 8. fundi í Sþ., 4. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 9., 10., 11. og 12. fundi í Sþ., 5., 6., 7. og 8. des., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

Fyrirspurn.

Skilanefnd Síldareinkasölu Íslands.

Á 15. fundi í Nd., 21. nóv., var útbýtt:
Fyrirspurn til atvmrh. út af störfum skilanefndarinnar í þrotabúi Síldareinkasölu Íslands (A. 94).

Á 16. fundi í Nd., 22. nóv., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 19 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., 2. des., var fyrirspurnin tekin á dagskrá, með því að ráðh. hafði tjáð sig reiðubúinn til þess að svara henni.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Nd., 4. des., var fyrirspurnin tekin til meðferðar.

Fyrirspyrjandi (Jóhann Jósefsson): Á síðasta þingi bar ég upp fyrirspurn út af skilanefnd og störfum hennar, og með því að ýmislegt hefir komið fram síðan, er gefur tilefni til athugunar, þá hefi ég leyft mér að koma fram með þá fyrirspurn, er hér greinir, á þskj. 94.

Það eru nú orðin tvö ár, sem þessi skilanefnd hefir starfað. Og eftir því, sem upplýst var á síðasta þingi, höfðu tveir forstjórar, sem þar starfa, yfir 1200 kr. á mánuði til að byrja með. Skildist mér á hæstv. ráðh. í fyrra, að kaupið væri eitthvað lækkað, eða orðið um 800 kr. á mánuði.

Nú er mörgum orðin spurn á því, hvort enn sé þörf á að hafa skilanefndina starfandi. Og þá er ástæða til að spyrja, hver séu dagleg störf nefndarinnar, og fyrir hvaða orsakir þeim geti ekki verið lokið, svo að endanleg gjaldþrotaskipti á þessu fyrirtæki geti farið fram.

Hvað snertir laun skilanefndarmanna, þá var um þau upplýst að nokkru í fyrra; en mér er sagt síðan, að sú upplýsing sé engan veginn tæmandi, því að auk þeirra háttlaunuðu skilanefndarmanna, sem nú hafa setið yfir þessu í tvö ár, hafi verið talsvert af skrifstofufólki á launum hjá skilanefnd, og sé þar kannske enn. Þetta vildi ég biðja hæstv. ráðh. að upplýsa, eins og kemur fram í fyrirspurninni.

Þá væri fróðlegt að vita, hvað líður þeim miklu skaðabótamálum, sem skilanefnd f. h. síldareinkasölunnar fór í við útlendinga, sérstaklega Svía. Þau mál eru talsvert athugaverð, bæði hvernig þau eru hafin og svo allur gangur þeirra. Ekki einungis fyrir það, hve miklu þau skipta peningalega, heldur vegna þess, að út á við hljóta þau að hafa á sér annan svip heldur en ef um privat fyrirtæki er að ræða, sem færi í mál við eitthvert útlent firma. Hér er opinberlega skipuð skilanefnd, nokkurskonar stjórnar„apparat“ í málaferlum, sem hafa á sér þann blæ erlendis, að ríkisstj. standi bak við. Og ég býst við að geta síðar sýnt fram á, að til sumra af þessum málaferlum er ekki eins heppilega stofnað eins og gefið var í skyn af stj. hálfu þegar þetta mál var rætt á síðasta þingi. Og sé lagt út í tvísýn mál, sem bera á sér opinberan blæ, þá er miklu verr farið en heima setið. Því þætti mér fróðlegt að vita, hvað hæstv. ráðh. getur upplýst um gang þeirra mála, sem hér er um að ræða, sérstaklega þeirra, sem skilanefnd fór í við sænska

síldarkaupendur. Því að eins og menn vita, hefir sænskur síldarmarkaður fram að þessu verið — og verður sennilega um ófyrirsjáanlegan tíma — mjög þýðingarmikill markaður fyrir okkar viðskipti.

Ég vil líka leyfa mér að spyrja að því, hvort komið hafi í ljós, hve mikið sé tapað af þeirri ca. einu millj. króna, sem ríkissjóður og Landsb. áttu hjá síldareinkasölunni. Hæstv. ráðh. taldi síðast þegar þetta mál var til umr., að þetta væri nokkuð komið undir afdrifum þeirra málaferla, sem heima eru rekin. En mér er ekki kunnugt, hvort þau eru komin svo langt, að nokkuð sé útséð í því efni. Vænti ég, að hæstv. ráðh. geti upplýst þetta allt.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Hv. þm. Vestm. hefir hér á þskj. 94 borið upp ýmsar spurningar viðvíkjandi skilanefnd síldareinkasölunnar. Skal ég svara þeim eftir því, sem ég réttast veit.

Fyrsta spurningunni, hvort skilanefnd starfi ennþá, er því að svara, að svo er. Hún verður auðvitað að starfa þangað til skiptum í þessu þrotabúi er lokið.

Þá er önnur spurningin: Hver eru hin daglegu störf nefndarinnar? — Hin daglegu störf eru þau, sem lúta að málum þeim, sem síldareinkasalan á í, bæði innanlands og utan, og skýrði ég nákvæmlega frá því í fyrra, hver þau væru, þegar sami hv. þm. bar fram fyrirspurn um þessi mál. Mér er tjáð af skilanefndarmönnum, að það sé ekki búið að ljúka nema þremur af þessum málum ennþá. Og um niðurstöðurnar er mér tjáð, að í tveimur þeirra hafi síldareinkasalan verið sýknuð, en í einu hafi hún verið dæmd til að greiða nokkurn hluta af kröfunni sem almenna skuld. Það voru síldarsaltendur, sem hófu þetta mál á hendur síldareinkasölunni. En mér er líka tjáð, að einhver af þessum málum fari e. t. v. áfram til hæstaréttar. (FJ: Eru þetta vinnulaun?). Það eru söltunarlaun.

Þá eru það laun skilanefndarmannanna. Þar til er því að svara, að þau voru, eins og tekið var fram í fyrra, 1200 kr. á mánuði til að byrja með hjá hvorum, en á þeim tíma, sem fyrirspurnin kom fram í fyrra, voru þau komin niður í 800 kr., og eru nú 600 kr. á mánuði. En annar þessara manna er hæstaréttarmálafærslumaður, og tjáir n. mér, að í þessari greiðslu til hans séu falin málaflutningslaun fyrir þau mál, sem hann rekur fyrir einkasöluna, en það eru öll mál hennar, sem rekin eru hér á landi, og meðal þeirra er, eins og kunnugt er frá í fyrra, mál, sem Landsbankinn á í við einkasöluna, mjög stórt, um 300 þús. kr. Og ef ætti að greiða fyrir það sérstaklega, þá væri það mikið fé. (TT: En fyrir hvað fær hinn þá launin?). Það er ekki ennþá búið að innheimta allar skuldir eða selja alla síld, og geri ég ráð fyrir, að hann starfi að því. Þá var spurt um það, hvort launin eigi að haldast óbreytt um óákveðinn tíma. Um það er ekki ennþá neitt ákveðið, en ég hefi hugsað mér, að launin hljóti að lækka eftir því sem störfin minnka. En meðan mál eru gangandi er ekki hægt að skipta búi einkasölunnar.

Þá var ennfremur spurt um, hversu marga starfsmenn n. hefði haft á launum síðan í des. 1931, er hún var stofnuð, hverjir það séu og hvað þeir hefðu fengið í laun frá byrjun. Ég skal svara þessu með því að lesa hér upp kafla úr bréfi frá skilanefndinni:

„Eins og augljóst hlýtur að vera, þar sem um svo umfangsmikið verk hefir verið að ræða, hefir n. orðið að hafa töluverðan kostnað í sambandi við sölu og innheimtu á eignum og allt annað, er búið varðar. Hefir því n. haft fyrrv. skrifstofustjóra síldareinkasölunnar í sinni þjónustu og greitt honum sama kaup og hann hafði meðan hann var í þjónustu einkasölunnar, 600 kr. á mánuði. Nú, eftir að sölunni er að mestu lokið og skrifstofustörfin mikið farin að minnka, hefir n. sagt honum upp, og er hann frá 1. n. m. ráðinn hjá Útvegsbanka Íslands, en við gerum ráð fyrir að þurfa að hafa hann við og við til aðstoðar að einhverju leyti, gegn þóknun. Um tíma varð n. að hafa skrifstofustúlku, en hún er löngu farin. Laun hennar voru kr. 175.00 á mánuði. Stuttan tíma var og tekin stúlka fyrir 50 kr. á mánuði. N. hefir leigt eitt herbergi fyrir sig hjá Sambandi ísl. samvinnufél. og hefir greitt fyrir það 95 kr. á mánuði. Frá 1. okt. hefir n. samið svo um, að Sambandið noti þetta herbergi að hálfu, og greiðast því nú aðeins 47,50 kr. á mánuði fyrir skrif-

stofuafnot. Síma hefir n. haft allan tímann og mun verða að hafa framvegis. Frá 1. des. næstk. er því fastur kostnaður við búskiptin aðeins laun skilanefndarmanna, sími og hálft herbergi sem skrifstofa, en vitanl. verður að áætla einhvern kostnað þess utan, svo sem símtöl og skeyti, réttargjöld, þýðingar o. fl., og loks greiðslu til málafærslumanns búsins í Svíþjóð".

Þá kemur ennþá einn liður fyrirspurnarinnar: „Hvað líður skaðabótamálunum, sem n. fór í við sænska síldarkaupendur?" — Þau mál eru ekki búin ennþá, og ég get ekki sagt, á hvaða leið þau eru. En í sumar fór fram umfangsmikil vitnaleiðsla í þessum málum á Siglufirði. Ég er ókunnugur þessum málarekstri, en það veit ég, að skilan. gerir sér nokkrar vonir um að fá þarna allálitlega fjárhæð. Hvort það á við rök að styðjast, skal ég ekki neitt fullyrða um.

Svo er seinasta spurningin, „hvort komið sé í ljós, hve mikið sé tapað af þessari einu millj. króna, sem ríkissjóður og Landsbankinn áttu hjá einkasölunni". — Það er auðvitað ekki komið í ljós, og kemur ekki fyrr en búskiptum er lokið. Og ég stend ekki neitt nær um að vita þetta nú en í fyrra, þegar fyrirspurnin kom fram frá sama hv. flm. — Ég skal svo ekki að sinni fjölyrða um þetta.

Fyrirspyrjandi (Jóhann Jósefsson): Hæstv. ráðh. hefir nú farið fljótt yfir sögu, a. m. k. um suma liðina. Upplýst er, að skilan. er ennþá starfandi, og það sem meira er, að henni er ætlað að starfa sem slíkri á meðan þessi málaferli standa yfir. Eins og ég áður sagði, er hún búin að starfa í tvö ár, og af 13 málum segir ráðh., að þrem sé nú loksins lokið. Geta menn því gert sér í hugarlund, að líða muni ár og dagar þar til n. verði uppleyst. (**Dómsmrh.:** Það er ekki víst, að þessum þrem málum sé lokið. Þeim getur orðið áfrýjað). Jæja, ekki einu sinni það. Ég held, að margir myndu nú líta svo á, að það hefði verið ástæða til fyrir löngu að leysa upp þessa skilanefnd og hafa málaflutningsmann við þessi störf, eins og venja er til.

Þá minntist hæstv. ráðh. á það, hverjir hefðu starfað hjá skilan. undanfarið, og talaði um skrifstofustjóra þann, sem fyrr hefði verið hjá einkasölunni, tvær stúlkur o. s. frv. Allt þetta og ýmislegt fleira átti nú að breytast til batnaðar, eftir því sem ráðh. sagði, 1. des. síðastl. Og það er gott að heyra, að nú á að fara að sýna sparnað í sambandi við það, sem óunnið er að þessu stóra gjaldþroti, því að það er eðlilegt, að þær spurningar rísi í hugum manna, hvort hið mikla hrun síldarútvegsins og töpin, sem af því leiddi, eigi að verða nokkurnveginn stöðug gullnáma fyrir einstaka menn í þjóðfélaginu. En ég hygg, að þrátt fyrir upplýsingar hæstv. ráðh. um aukakostnað við n. skorti ennþá einhverja liði. Ég hefi t. d. sannfrétt, að formaður stjórnar síldarbræðslu ríkisins hafi verið, ef hann er það þá ekki ennþá, umboðsmaður skilan. á Siglufirði, og að annar heiðursmaður hafi verið umboðsmaður hennar á Akureyri. Á þessa liði minntist hæstv. ráðh. alls ekki. Þess vegna vil ég leyfa mér að spyrja, hvað þessir tveir menn hafi borið úr býtum við þessi störf. E. t. v. er eins með þá og hina, að skilan. hefir allt í einu tekið sig til að segja þeim upp frá 1. des., og ekki ómögulegt, að það standi í sambandi við þessa fyrirspurn, sem hér er borin fram. Í svarræðu sinni á seinasta þingi, þar sem talað var um málaferlin, minntist hæstv. ráðh. sérstaklega á málaferlin utanlands og kom að því, að skilan. væntir sér álitlegrar fúlgu út af viðskiptunum við Svía. Ég drap á það áður, að málin erlendis út af þessu fyrirtæki geta verið tvíeggjað sverð, því að ef þau væru hafin á vafasömum og e. t. v. ranglátum grundvelli, myndu þau skaða álit landsins út á við, því að hér er það ríkisstj., sem stendur að baki. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, drepa dálítið á það, sem sagt er um þessi málaferli í „Göteborgs morningspost". Það, sem ráðh. telur, eftir skilan., að sé þannig til komið, að vænta megi af álitlegrar fjárfúlgu, er þetta skaðabótamál, sem blaðið greinir frá. Blaðið skýrir fyrst og fremst frá því, að einkasalan hafi verið ríkisfyrirtæki og á hinum stutta tíma, sem hún hafi starfað, frá 1928—1931, hafi hún gert mikið tjón meðal hinna gömlu síldarviðskiptamanna Íslendinga, vegna þeirra aðferða, sem notaðar voru til þess að sýna einræði einkasölunnar á markaðinum. Svo

er sagt frá dæmi um þetta og þeirri misklíð, sem af þessum aðferðum hlauzt. Þar koma inn í þau málaferli, sem skilan. einkasölunnar hefir nú höfðað á móti einu alþekktasta síldarkaupendafirma í Svíþjóð, hlutafél. Pontus Nielsen. Þar er sagt, að málaferlin séu höfðuð á þeim grundvelli, að kaupandi hafi ekki haldið samning sinn, en fullyrt um leið, að einkasalan hafi ekki haldið gefin loforð um frágang síldarinnar, og að einkasalan hafi ekki einu sinni hirt um að láta þá, sem áttu að salta þessa síld handa firmanu, fá afrit af kaupsamningnum, svo að þeir gætu séð, hvernig þeir ættu að útbúa vöruna. Það er sannarlega ekki útlit á, að þetta mál muni bæta mikið álit íslenzkrar síldar í Svíaríki, því að blaðið skýrir frá því, hvernig svikizt hafi verið um að verka síldina. Hún hafi verið söltuð úr ónýtu salti og e. t. v. með því salti, sem kunnugt er nú, að einkasalan hafði um tíma — salti með fiskúrgangi í —, og á allan hátt hafi síldin verið illa meðfarin. Við skulum segja, að blaðagrein sé ekki sönnunargagn í þessu máli. En svo ýtarleg sem hún er, þá gerir hún álit síldarsaltenda sýnu verra og spillir fyrir viðskiptum landsins, einmitt við Svíþjóð. Nú var haldið mikið réttarhald í þessu máli 23. maí 1933. Þar var leiddur sem vitni maður, sem um 40 ára skeið hefir fengizt við síldarverkun og síðan 1926 hefir farið til Íslands til síldveiða og síldarkaupa. Þessi maður heitir Erlandsen og er umboðsmaður fyrir Samvinnufélag Svía (Kooperativa Förbund), sem stendur að síldarkaupunum. Og þar sem hann sjálfur hefir getað fylgzt með verkun síldar þeirrar, sem málið er höfðað út af, má telja líklegt, að til hans verði tekið allmikið tillit. Hans vitnisburður er afarlangt mál, og vil ég einungis drepa á nokkur atriði, sem eru fellandi fyrir síldareinkasöluna. Hér segir hann m. a.: Í lok júní og ágúst 1931 var síldveiði á Siglufirði meiri en á Akureyri. Kærandi, (þ. e. einkasalan) notaði bæði gott og vont salt, og vitnið hafði athugað, að jafnvel steinsalt hafði verið notað í síldina. Þess háttar salt inniheldur kalk í stórum stíl. Afleiðingin er sú, að þannig söltuð síld verður grá á litinn, þegar hún hefir legið í saltinu. Í ágúst 1931 hafði komið til Siglufjarðar salt frá Noregi til einkasölunnar. Í þessu salti var fiskúrgangur, sem benti á það, að þetta salt hefði áður verið notað til að salta með fisk, og hefði kærandi gert aths. um þetta til hins norska seljanda. Vitnið vissi ekki hve mikið hefði verið notað af þessu salti. Vitnið áleit, að kærandi hefði 1931 notað betra salt við fyrri saltanir en þær saltanir, er fram fóru, er á leið sumarið, og getur það stafað af því, að saltlítið var orðið á Íslandi. Vitnið hafði tekið eftir því, að það fólk, sem árið 1931 átti sérstaklega að líta eftir síldarsöltun fyrir einkasöluna, hafði sýnt af sér kæruleysi við vinnuna.

Það er ekki líklegt, þegar vitni ber eins og hér er gert, að einkasalan hafi mikið upp úr því að klaga yfir, að vörunum hafi ekki verið veitt móttaka, fyrst svona er í pottinn búið. Ég skal ekkert fullyrða um, hvernig svona mál kann að fara, en ég endurtek það, að að fara í málaferli með svona forsendum verður til þess að vekja almennt umtal erlendis, eins og orðið hefir, bæði um það, hversu hrapallega hefir mistekizt með síldareinkasöluna, hversu pólitík hefir þar verið látin spilla fyrir gömlum og reyndum verzlunaraðferðum, hversu mikið kæruleysi hefir verið sýnt við verkun þessarar framleiðsluvöru o. s. frv. Að þessu athuguðu hygg ég, að ekki sé víst, að eins mikill ávinningur verði að þessu og gefið er í skyn. Það getur auðvitað vel verið, að skilan. sjái sig til neydda að halda þessum málaferlum áfram, úr því að hún hefir nú einu sinni hafið þau, en mér virðist, að átt hefði fyrir löngu að haga þessari uppgerð einkasölunnar á einfaldari hátt og með minni tilkostnaði. Málaferlin virðist mér hefði mátt láta málfærslumann annast á venjulegan hátt. Ég vil ekki fyrirfram slá því föstu, að það sé sjáanlegur ávinningur að hafa málaflutningsmann á föstum launum, í stað þess að greiða honum eins og annars myndi hafa verið gert. En það er e. t. v. ekki höfuðatriðið, heldur hitt, hvort þessi málaferli hafi verið þörf. Mér er nær að ætla, að mikill hluti þeirra hafi verið óþarfur. En hinsvegar heyri ég, að ráðh. býst við, að skilan. sitji og starfi þangað til yfir lýkur um öll þessi málaferli,

og það getur vel orðið — ekki tvö, heldur tuttugu ár. Þetta eru 13 mál, og þrjú eru nú komin svo langt, að þau hafa verið dæmd í undirrétti, og allt verða þetta sjálfsagt hæstaréttarmál. Ég álít fulla ástæðu til, að þingið geri ályktun um að koma þessu fyrir á annan hátt. Um málin þarf ekki að fjölyrða hér. Það hefði verið eins gott að láta þau vera í höndum einhvers málafærslumanns eins og að láta n. sitja og bíða úrslitanna. —

Ég vil vona, að hæstv. ráðh. geti upplýst um þessa tvo menn, sem ekki voru nefndir, en fullyrt er af kunnugum, að hafi verið á launum hjá skilan. um óákveðinn tíma, ef þeir eru það ekki ennþá.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Ég vil benda á, að skilan. er skipuð til þess að fara með þetta þrotabú og skipta því. Það er því ekki hægt að ætlast til þess, að n. hætti einhverntíma löngu áður en hægt er að skipta síðustu leifum þeim, sem eftir verða. Það eina, sem til mála gæti komið, er að athuga um laun þessara manna, en um þau hefir ekki verið neitt ákveðið ennþá, svo að ég er óbundinn með það. Þegar ekkert er nú orðið eftir annað en að flytja þessi mál, horfir launagreiðslan allt öðruvísi við.

Viðvíkjandi þessum umboðsmönnum, sem hv. fyrirspyrjandi nefndi, verð ég að játa, að ég hefi alls ekki heyrt neitt um þá, og ef þeir eru til eða hafa verið til, þá eru þessar upplýsingar, sem ég hefi fengið frá skilan., villandi. En ég skal með ánægju, ef hv. þm. vill, spyrja þá sérstaklega um þetta. En ég hefi aldrei verið um það spurður, hvort n. ætti að hafa umboðsmenn, og veit ekki til þess, að hún hafi haft þá.

Þá ræddi hv. þm. nokkuð um málin í Svíþjóð, sem munu vera þrjú, en mér skildist hann ræða einungis um eitt þeirra, og má vera, að það sé það málið, sem erfiðast liggur fyrir. Svo að þrátt fyrir þessar upplýsingar getur n. haft allmikið upp úr þessum málaferlum í Svíþjóð. Annars þekki ég ekki nokkurn skapaðan hlut inn á, hvernig þessi mál eru vaxin, en hitt veit ég, að það er ekki rétt að kveða upp neinn dóm um það, hversu mál horfa við, eftir frásögn í einu blaði. Sú frásögn getur verið villandi og hlutdræg, þótt ég segi ekki, að hún sé það í þessu tilfelli. Ég veit ekkert um það. En hv. þm. sér það strax, að ekki er hægt að taka það sem neitt goðasvar, þótt hann sjái eitthvað í blaði um málið. Annars er nú afstaða mín í þessu máli gamalkunnug, sú, að ég var gersamlega á móti stofnun síldareinkasölunnar. En auðvitað vil ég svara algerlega hlutlaust og rétt því, sem ég er spurður um. Og það hefi ég reynt að gera í þessu stutta svari.

Umr. frestað.

Á 26. fundi í Nd., 5. des., var fram haldið umr. um fyrirspurnina.

Finnur Jónsson: Það má segja, að það sé ekkert undarlegt, þó að fram komi fyrirspurn um starf þessarar skilanefndar, sem þegar er búin að starfa nokkuð lengi og búin að kosta jafnvel meira en hún hefði þurft að kosta.

Úr því að farið er að gera fyrirspurnir um þetta mál, þá vildi ég mega beina einni fyrirspurn til hæstv. dómsmrh., og hún er sú, hvort stj. hafi tekið ákvarðanir um það, að innheimta skuli hjá sjómönnum og síldarútvegsmönnum upp í tap einkasölunnar það, sem þeir höfðu fengið greitt upp í síld þá, er þeir seldu henni síðasta árið. Þetta vildi ég fá upplýst, og þá jafnframt, hvort lög einkasölunnar heimiluðu slíkt. Hverfi stj. að þessu ráði, getur hér orðið um að ræða æfistarf fyrir skilanefndarmennina. Ég fyrir mitt leyti tel með öllu óhæfilegt, ef krefja á þetta inn hjá sjómönnunum, þegar þess er líka gætt, að þeir voru í engu að spurðir, þegar einkasalan var lögð niður, né heldur, hvernig hún var gerð upp.

Það hefir verið upplýst, að lagt hefir verið í allmikil málaferli út af þessu, og sum þeirra mjög vafasöm. Þó verð ég að telja hitt vafasamara fyrir hv. þm., að taka alveg málstað hinna erlendu manna, sem höfðuð hafa verið mál gegn, eins og hv. þm. Vestm. gerði. Firma það, sem hv. þm. nefndi t. d., rak hér áður fyrr leppmennsku í stórum stíl, og mun vera það eina erlenda firma, sem lagt hefir út á þá braut eftir að síldareinkasalan hætti. Vitni það, sem hv. þm. nefndi, þekki ég vel, það er persónulegur kunningi minn og nákominn þessu útlenda firma.

Þegar einkasalan var lögð niður, voru sjómenn og útgerðarmenn stórskaðaðir með því, hvernig það var gert. Þeir fengu þar engu um að ráða. Þessu til sönnunar má geta þess, að síld, sem borgað var hér út á kr. 23.00 pr. tunnu fyrirfram í umboðssölu, var seld á uppboði í Stokkhólmi fyrir 7—8 kr. tunnan skömmu eftir að einkasalan var lögð á skurðarborðið. Það verður því vart með tölum talið það tap, sem beinlínis stafar af því, hve hatramlega einkasalan var lögð niður, og það tap verður að meira og minna leyti að skrifast á reikning fyrrv. stjórnar.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Ég verð að segja það, að ég skildi ekki fullkomlega fyrirspurn hv. þm. Ísaf. Mér skildist helzt, að hann spyrja að, hvort síldareigendur ættu að borga allan hallann af síldareinkasölunni. Hafi það í raun og veru verið innihald fyrirspurnar hans, þá get ég sagt honum, að mér hefir aldrei dottið slíkt í hug, enda engin tilmæli komið um það frá skilanefnd. Hv. þm. má því vera rólegur. Ég fyrir mitt leyti hefi litið svo á, að ekki væri um annað að gera en taka skellinn af þessu fyrirtæki yfir á ríkissjóðinn, enda þótt hann sé nokkuð stór.

Að einkasalan hafi verið lögð niður nokkuð hranalega, kemur mér ekki við; fyrir það getur hv. þm. Str. svarað, ef honum sýnist svo. Annars mun það álit flestra, er til þekkja, að fyrirtæki þetta hafi ekki verið lagt niður fyrr en fullur nauður rak til. Það er rétt, að skilanefndin hefir orðið dýr, en það mátti alltaf búast við því, að uppgerðin á þessu sukki kostaði mikla peninga.

Ég vil ekkert um það segja á þessu stigi málsins, hvort skilanefndarmennirnir hafi farið hyggilega að í starfi sínu eða ekki; til þess að geta dæmt um slíkt, vantar mig betri upplýsingar.

Finnur Jónsson: Ástæðan fyrir því, að ég gerði þessa fyrirspurn, var fyrst og fremst sú, að mér var kunnugt um, að peningar þeir, sem síldareigendur fengu hjá einkasölunni út á síld, voru færðir í bókum hennar sem skuld hjá seljendum, en þeir hvergi kredítfærðir fyrir innleggi sínu. Mér finnst sem sé, að stj. hefði átt að fylgjast með þessu, því að ekki verður annað sagt en að ósanngjarnt sé að fara að innheimta aftur þær 2 kr., sem síldareigendur fengu fyrir hverja síldartunnu.

Hvað snertir tap síldareinkasölunnar, þá má ekki tala um það eins og eitthvert einstakt tilfelli, án tillits til þess, að annar atvinnurekstur hafi tapað líka, þar sem það er vitanlegt, að tap á fisksölu og þorskveiðum varð mjög mikið, einmitt á þessu ári, og mörgum sinnum meira en tap síldareinkasölunnar, þó það kæmi öðruvísi niður.

Fyrirspyrjandi (Jóhann Jósefsson): Í svari sínu fór hæstv. dómsmrh. alveg framhjá því, sem spurt var að í 3. lið fyrirspurnarinnar, sem sé því, hve mikið sé búið að greiða til skilanefndarmannanna. Þá hefir það og heldur ekki fengizt upplýst, sem spurt er um í 4.—5. lið fyrirspurnarinnar, hversu marga starfsmenn nefndin hafi haft á launum, og hve mikið hver um sig hafi haft í laun. Hefir töluvert verið talað um það mikla kaup, sem skilanefndarmennirnir hafi haft. Það er upplýst, að þeir hafi fyrst haft 1200 kr. á mán., svo 800 kr. og síðast 600 kr. En hve lengi þeir hafi haft t. d. 1200 eða 800 kr., er ekkert upplýst um. Þetta verð ég að telja óskýr svör. Ég óska eftir að vita, hvað kostnaðurinn er allur orðinn mikill við þetta fyrirtæki. Það hefir nú komið fram, að ekki hefir verið ausið fé í alla, sem við þetta hafa unnið. Þannig er talið, að stúlkur, sem unnu hjá þessum húsbændum með 1200 kr. mánaðarlaunin, hafi ekki fengið nema 50 kr. á mánuði. Ég óska, að hæstv. ráðh. gefi skýr svör um það, hve miklu fé hefir verið varið til þessa tima í störf skilanefndar. Þetta hefir hæstv. ráðh. ekki upplýst enn, og sennilega eru allir hv. þdm. jafnfróðir um þessa hluti eftir ræður hans. En jafnvel þó hvor nefndarmaður fyrir sig hafi ekki nema 600 kr. á mánuði, sem ekki mun hafa verið svo lágt nema nú nokkra síðustu daga, þá má nærri geta, hvort starfið er orðið svo mikið, að ráðstafa þessum síðustu reitum síldareinkasölunnar, að til þess þurfi tvo framkvæmdarstjóra með á áttunda þús. kr. árslaun hvorn.

Þá virðist ganga tregt að fá upplýs-

ingar viðvíkjandi umboðsmönnum skilanefndar á Akureyri og Siglufirði, en ég hefi fyrir satt, að þessum mönnum hafi verið borguð laun fyrir óákveðinn tíma. Ég vil þá spyrja hæstv. ráðh. til viðbótar við það, sem prentað er á fyrirspurninni, hvort hann álíti ekki, að sú skoðun sé rétt, að eitthvað megi draga saman seglin með þennan kostnað. Hér eftir virðist ekki vera nema um einhvern málarekstur að ræða, sem sennilega gengur áfram, þó ekki sé lagt í mikinn kostnað.

Í sambandi við svar hæstv. ráðh. í gær um það, að sá maðurinn í skilanefndinni, sem er hæstaréttarlögmaður, ætlaði að taka laun sín í skilan. sem greiðslu fyrir málaflutning fyrir þrotabú einkasölunnar, var spurt um það, hvað hinn maðurinn í nefndinni ætti að gera fyrir sín laun, en um það hefir ekki fengizt skýrt svar.

Þá taldi hæstv. ráðh., að varlega mætti treysta blaðagreinum í því að segja rétt frá málaferlunum við hin sænsku firmu, en ég vil benda honum á, að hér er ekki aðeins um blaðaummæli að ræða; ég hefi í höndum útskrift úr ráðhúsréttarbók Gautaborgar. Ég sæki ekki mínar heimildir í blaðagreinar, heldur í útskrift úr réttarbókunum sjálfum. Þegar gætt er að svari hæstv. ráðh. við fyrirspurn minni á síðasta þingi út af starfi skilanefndar, segir hann þar, að stjórn einkasölunnar hafi veturinn 1930—31 gert stóra samninga við fjögur síldarfirmu í Svíþjóð um sölu á 13500 tn. af síld, en firmun hafi svo ekki tekið á móti nema rúmlega 3500 tn. og borið því við, að síldin væri ekki samningshæf. Nú væri, segir ráðh., búið að höfða mál á þessi firmu, og gerir skilanefnd sér vonir um álitlega fúlgu í skaðabætur. Það þarf nú engan málafærslumann til að skilja það, að sá, sem keypt hefir einhverja vöru, en neitar að veita henni viðtöku, hefir þar hyrningarstein undir sínum málstað, ef hann getur sannað, að varan hafi ekki verið samningshæf. Nú vil ég taka það fram, að það er upplýst í einu af þessum málum, og þær upplýsingar eru ekki úr neinum blaðagreinum, heldur útskrift úr ráðhúsrétti Gautaborgar, þar sem frá því er skýrt, að tveir menn, kaupmaður Svendsson og lagerer Petersson, hafi gefið álit um eitt af þessum síldar-„partíum“ og unnið eið að því fyrir rétti. Í álitinu segir m. a. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta. (Ég ætla að lesa kaflann á sænsku, svo ég verði ekki sakaður um að brjála frásögnina í þýðingu):

„Vid besiktningen, som övervars av Isländska sillmonopolets ombud Herr Direktör A. Sandin, opnades och besiktigades tio tunnor av den rensade och huvudskurna sillen. Sillen i dessa tunnor synes, enligt vår mening, ha varit gammal och alltså icke fullt frisk då den saltades. I tunnorna förekom även härsken sill, och i bukarna på sillen funnos rester av stelnad blod. På grund av att sannolikt orent salt begagnats, var laken mycket grå och lerblandad, varför på sillen avsatts en smutsgrå färg. Sillen var ävenledes blandad med små och mager sill.

Av partiet J.—S. öppnades fyra tunnor, och befunnos filéerna vara saltade med groft salt. Gamla och förut begagnade tomtunnor hade här använts.

På grund av dessa förhållanden anse vi icke partiet uppfylla de i avtalets gjorda bestämmelserna och kan ej heller anses som fullt prima handelsvara.“

Þetta er nú álit þessara eiðsvörnu manna um a. m. k. eitt af þeim síldar-„partium“, sem málin standa nú um. Ég geri ráð fyrir, að hv. þdm. flestir skilji sænskuna, en þeim til leiðbeiningar, sem það gera ekki, skal ég geta þess, að í fám orðum sagt er síldin talin af þessum eiðsvörnu mönnum alóhæf markaðsvara, er fylli ekki upp þau skilyrði, sem þarf til þess að teljast „príma vara“; óhreint salt, gömul síld og gamlar tunnur er lýsingin á þessari vöru. Nú getur ekki verið, að þessir gallar hafi verið án vitundar síldareinkasölunnar og skilanefndarinnar, því svo mikil mistök voru á síldarsöltuninni fyrir norðan þetta sumar. Það er upplýst, að sent var til landsins það sumar gamlar tunnur og notað salt. Það er því hrein vitleysa að leggja út í mál á svona grundvelli. Enda kom það í ljós, að vitnin dæma síldina ekki samningshæfa.

Hv. þm. Ísaf. talaði um, að ég væri að flytja málstað útlendinga hér í d. Ég vil benda honum á, að hér er enginn dómstóll í þessum málum. Alþingi ræður engu um það, hvaða mál vinnast eða tap-

ast í Svíþjóð, en hitt má ræða hér, að það hefir verið óhyggilegt af stjórn og skilanefnd að leggja út í svo hæpin málaferli sem þessi síldarmál bersýnilega eru, og tel ég mig vinna þarft verk mínu eigin landi og þjóð með því að benda á þetta.

Harmagrátur þessa hv. þm. út af afdrifum einkasölunnar kemur heldur seint og verður að skoðast sem einskonar eftirhreytur. Það er búið að þaulræða það mál, bæði hér á Alþingi og annarsstaðar, og öllum orðið ljóst, að ekki var um annað að gera en að leggja einkasöluna niður þegar það var gert, eins og til hennar hafði verið stofnað og hún meðhöndluð, m. a. af flokksbræðrum þessa hv. þm. Um það þarf ekki að deila úr þessu. Það nægir í þessu sambandi að benda á þá einföldu staðreynd, að einkasalan greiddi síldareigendum síðasta sumarið, sem hún starfaði, 2 kr. út á hvert mál af síld, sem hún fékk, en í fyrravetur var komið í ljós, að svo bágborinn var hagur einkasölunnar, að skilanefndin vildi endurheimta miskunnarlaust þessar vesölu 2 kr., og kom annar nefndarmaðurinn á fund sjútvn. í fyrra, til þess að færa rök fyrir því, að síldareinkasalan ætti þessa kröfu á hendur sjómönnum og útgerðarmönnum. Nei, sá, sem vill taka að sér að verja gerðir einkasölunnar, allt sukkið, óstandið og óreiðuna, hann hlýtur algerlega að vera blindur fyrir hagsmunum þeirra manna, sem skiptu við einkasöluna. Og þó ríkisstj. hefði skjót handtök, er hún var að leggja hana að velli, þá á hún sízt ámæli skilið fyrir það. En ég tók eftir því í ræðu hv. þm. Ísaf., þótt hann virtist hafa mikla tilhneigingu til þess að draga skilanefndarmennina undan ámæli í sambandi við þetta mál, og það skal ég ekki lá honum, hvort sem það var nú sprottið e. t. v. af persónulegum ástæðum eða flokkslegum tilhneigingum, að hann kannaðist við það, að kostnaðurinn við gjaldþrot einkasölunnar væri óhæfilega mikill, og það er einmitt það, sem ég er að benda á með fyrirspurnum mínum og aths.

Það, sem ég hefi viljað draga fram hér á Alþingi og gera ljóst, er, að það hefir verið og er varið óhæfilega miklu fé til þess að koma reitum einkasölunnar í lóg. Og það er óhæfa af þinginu að vera að rífast og þrefa um dýrtíðaruppbót og smávægilega uppbót á lægstu laun starfsmanna ríkisins, meðan það þegir við slíkri meðferð á ríkisfé, sem átt hefir sér stað í því starfi, sem hér hefir verið rætt um, að gera svokölluð skil á þrotabúi síldareinkasölunnar.

Í sambandi við málflutninginn, sem hæstv. ráðh. minntist á, vil ég gera fyrirspurn til hans um, hvað rétt muni vera í því, sem heyrzt hefir. Ég hefi nefnilega skilið það svo, að hæstaréttarmálaflutningsmaðurinn í skilanefndinni annaðist málflutning fyrir einkasöluna, og nú vil ég spyrja, hvort það muni vera rétt, að félagi þessa manns við málflutningsstörf hafi tekið að sér að flytja málin móti einkasölunni. Það hefir heyrzt, að þessir tveir félagar verji og sæki þessi mál hvor á móti öðrum, að firmað velti þannig málunum á milli sín, þannig að þegar annar félaginn sé í austri, þá sé hinn í vestri hvað sókn og vörn snertir í sama máli. Það væri óneitanl. fróðlegt, ef hæstv. ráðh. gæti upplýst, hvað hæft er í þessu.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Þær eru nú að verða nokkuð margar fyrirspurnirnar til mín í þessu máli. Mér skilst helzt, að hv. þdm. áliti, að ég hafi ekkert annað að gera en að híma yfir þessari skilanefnd og athuga, hvað hún starfar bæði hér og erlendis. Ég lít svo á, að þegar búið er að skipa skilanefnd í þrotabú, þá hafi ríkisstj. ekki annað með hana að gera, nema hún sé sérstaklega spurð, en að athuga eftir á, hvernig hún hefir unnið sitt starf.

Það er ekki rétt hjá hv. þm. Vestm., að það sé tregt um svör hjá mér í þessu máli. Þó skal ég játa, að svarið, sem ég gaf við einni fyrirspurninni í gær, var ekki fullnægjandi, og það var um heildarkostnaðinn. Ástæðan til þess var sú, að ég sendi skilanefnd eitt eintak af fyrirspurninni og fékk hjá henni svör við þessum lið, en mér vannst ekki tími til þess að bera þau svör saman við fyrirspurnina áður en til umr. kom og það varð ljóst, að þessi svör voru ekki fullnægjandi. Það er því rétt, að við þessum lið vantar fullnægjandi svör, en til þess að hv. þm. geti ekki sagt, að ég vilji ekki gefa þau, vil ég mælast til þess, að umr.

verði enn frestað, svo að mér gefist tími til að afla þeirra upplýsinga, er vantar. Annars veit ég ekki, hvaða ástæðu ég ætti að hafa til þess að reyna að stinga nokkru undir stól í þessu efni, og vísa ég öllum getsökum í þá átt gersamlega á bug.

Hv. þm. sagði, að ég hefði ekki gefið það upp, hve lengi skilanefndarmennirnir hefðu haft hærri launin og hve lengi lægri launin. Ég sagði, að þeir hefðu haft 1200 kr. kaupið allt fyrsta árið, 800 kr. annað árið og 600 kr. frá lokum annars ársins, en hve lengi það kaup verður greitt, get ég ekki sagt nú. Mér virtist hv. þm. halda því fram, að ég hefði gefið eitthvað hæpin svör á þinginu í fyrra viðvíkjandi málaferlum einkasölunnar erlendis, og las hv. þm. upp úr þingtíðindunum þessu til stuðnings. Ég sagði þá, að svör mín um þessi málaferli væru eingöngu byggð á upplýsingum frá skilanefndinni. Ef þess vegna hv. þm. vill rengja mín svör þá, vil ég leyfa mér að lesa kafla úr bréfi skilanefndarinnar til ráðuneytisins, dags 5. maí síðastl., sem lýtur að þessu, og getur hv. þm. borið það saman við þingtíðindin:

„Í marz 1931 hafði stjórn einkasölunnar gert samninga við 4 af stærstu síldarkaupmönnum í Svíþjóð um sölu á 13500 tunnum af hreinsaltaðri síld (verð kr. 37,00 fob.), en þegar það varð ljóst, hve mikil veiðin varð og verð á síld féll stórlega af þeim ástæðum, gengu hin sænsku firmu frá kaupunum, eftir að hafa tekið við því, sem fyrst var saltað. Höfðu þeir tekið á móti 3546 tunnum, en neitað að taka á móti eftirstöðvunum, og báru fyrir sig, að þær væru ekki samningshæfar".

Síðan segir skilanefnd í sama bréfi svo um þær vonir, sem hún gerir sér um árangur af málaferlum við þessa 4 menn:

„Málaflutningsmenn nefndarinnar í Svíþjóð hafa gefið góðar vonir um, að takast muni að fá álitlega fjárfúlgu frá þeim 4 firmum í Svíþjóð, er rofið hafa sölusamningana, en hitt er óvíst, hve háar skaðabætur verða tildæmdar. Krafa nefndarinnar er milli 200 og 300 þús. kr.".

Ég skil ekki, hvað hv. þm. meinar með þessu, nema svo sé, að hann hafi hér fengið skakkar upplýsingar. Hitt getur hann vitanlega ekki heimtað, að ég vissi nákvæmlega um ásigkomulag síldarinnar eða hvaða skoðanir voru um hana í Svíþjóð. Það er svo algengt, að mál rísi út af síld, sem héðan er seld til Svíþjóðar, bæði fyrir og eftir að síldareinkasalan var stofnuð, að hv. þm. getur ekkert sett þessi mál í samband við friðslit milli okkar og viðskiptamannanna þar, og ég vil benda honum á, að það er alls ekki vegurinn til góðs samkomulags og góðra viðskipta við þá að láta alltaf undan í ágreiningsmálum. Það er alkunnugt, að Svíar hafa gengið á það lagið að láta skoðunarmenn sína lýsa því yfir, að íslenzk síld væri ekki verzlunarhæf, þegar svo stóð á, að síld hafði fallið í verði frá því að kaup fóru fram, og þýðir ekkert að mæla á móti því. Ég get því alls ekki að fyrra bragði tekið undir ávítur til skilanefndar fyrir það, þó hún hafi höfðað mál út af síldinni. Hvort nefndin hefir höfðað of mörg mál, skal ég láta ósagt, en mér skilst, að þær upplýsingar, sem hv. þm. Vestm. hefir hér og styðst við, séu aðeins í sambandi við eitt þessara mála. Og þó hér sé nú um eiðsvarinn vitnisburð skoðunarmanna að ræða, þá getur vel verið, að hægt sé að koma með gagnsannanir, er hnekki þeim vottorðum. Þetta veit ég ekki, hvort hér er fyrir hendi, og sennilega veit hv. þm. Vestm. það ekki heldur. Ég held því, að of mikil fljótfærni sé í því að fara að álasa skilanefnd fyrir þessar málshöfðanir, meðan ekki eru meiri upplýsingar fyrir hendi í málinu. — Hvað það snertir, að félagi annars mannsins í skilanefndinni sæki eða verji þau mál á móti einkasölunni, sem þessi maður í skilanefndinni flytur fyrir hönd einkasölunnar, þá get ég sagt, að mér er það ekki persónulega kunnugt. En yfirleitt mun það vera regla, að félagar í málflutningsmannafirma sæki ekki og verji mál hvor gegn öðrum.

Umr. frestað.

Á 29. fundi í Nd., 8. des., var enn fram haldið umr. um fyrirspurnina.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Ég bað um það hér fyrir nokkrum dögum, að umr. um þetta mál yrði frestað, svo að ég gæti fengið frekari upplýsingar frá skilanefnd síldareinkasölunnar. Nú hefi ég fengið þessar upplýsingar með

bréfi, sem mér barst í fyrradag, og ég held, að ég geti ekkert óhlutdrægara gert en að lesa þetta bréf upp fyrir hv. d. Það hljóðar svo:

„Reykjavík, 6. des. 1933.

Samkvæmt munnlegri beiðni hr. skrifstofustjóra Vigfúsar Einarssonar leyfum við okkur hér með að senda yður, hr. dómsmálaráðherra, frekari greinargerð í sambandi við umræðurnar á Alþingi út af fyrirspurn alþm. Jóhanns Jósefssonar.

1) Um það, hvað við höfum greitt umboðsmönnum búsins innanlands, og
2) hvernig á því stendur, að hrm. Theodór B. Líndal hefir annazt málflutning fyrir síldarsaltendur í 3 málum, er þeir hafa höfðað gegn búinu.

Við viljum fyrst taka fram, að við gengum út frá því í síðasta bréfi okkar, að fyrirspyrjanda væri ljóst, að margskonar greiðslur og kostnaður hafi verið samfara búsmeðferðinni annar en sá, er við nefndum í bréfi okkar, en við skildum fyrirspurnina svo, að óskað væri upplýsinga um laun nefndarmanna og starfsfólksins á skrifstofu nefndarinnar hér í Reykjavík.

Við höfum einnig gengið út frá því, að um „loyala" fyrirspurn væri að ræða, að það væri ekki tilætlunin að gera okkur á nokkurn hátt tortryggilega í starfi okkar eða að hafa okkur að skotspæni á Alþ.

Við höfum reynt að framkvæma starf okkar eftir beztu getu, en þar sem um svo umfangsmikið bú er að ræða, má vel vera, að eitthvað hefði getað farið betur úr hendi.

Ad. 1) Þegar Síldareinkasalan varð gjaldþrota, lágu óseldar hér á landi um 60000 tn. af saltsíld, aðallega á Siglufirði, á Eyjafirði, á Akureyri og á Austfjörðum. Okkur var því nauðsynlegt að hafa umboðsmenn á þessum stöðum, til þess að hafa eftirlit með þessari síld, sjá um viðhald hennar, afhendingu og margt fleira í því sambandi, t. d. aðgreining og útvötnun á þeirri síld, er okkur tókst að fá markað fyrir í Þýzkalandi. Einnig til þess að sjá um tómar tunnur, salt o. fl. Eins og kunnugt er, var einkasalan tekin til gjaldþrotaskipta í des. 1931, og þá ekki sölumarkaður fyrir þessa síld, nema í smáum stíl, smátt og smátt. Mikið af síldinni varð að bræða (um 22000 tunnur), og varð því að sjá um móttöku þeirra tunna frá þeim, er þær lágu hjá, sjá um flutning á þeim, og á Siglufirði þurfti að hafa eftirlit með bræðslunni, láta þvo upp tunnurnar undan síldinni, svo að þær yrðu seljanlegar aftur, o. m. fl. Við viljum taka það fram, að bræðsla fór fram á okkar kostnað í ríkisverksmiðjunni, þar eð verksmiðjan vildi ekki taka síldina til bræðslu á annan hátt.

Af þessum sökum urðum við að hafa umboðsmenn á Siglufirði, Akureyri og á Austurlandi.

Við höfum litið svo á, að óhjákvæmilegt hafi verið að hafa umboðsmenn og að þeir hafi gert hið bezta gagn. Auk þess urðum við að hafa þá til þess að hafa eftirlit með talningu á öllum þessum eignum búsins, svo að víst væri, að öll kurl kæmu þar til grafar og fullt eftirlit með því, að allar eignir kæmu í okkar hendur.

Það ætti að vera ljóst, þar sem við nú höfum náð inn um 300000 kr. í peningum fyrir eignirnar, **að frádregnum öllum kostnaði,** að slíkt hefir útheimt mikla vinnu, umsjá og fyrirhöfn, og við höfum ekki getað séð sjálfir um hin einstöku atriði á þeim stöðum, þar sem eignirnar voru, og við gerum ráð fyrir, að ekki hefði orðið minni ástæða til fyrirspurnar, ef við hefðum vanrækt fullkomið eftirlit.

Við réðum því umboðsmenn á Siglufirði, Akureyri og á Austfjörðum. Umboðsmanni okkar á Siglufirði, Þormóði Eyjólfssyni, höfum við greitt alls 4000 kr. fyrir alla vinnu hans, og er henni nú löngu lokið.

Umboðsmaðurinn á Austfjörðum, Árni Jónasson, Svínaskála, fékk alls greiddar 1200 kr. fyrir vinnu sína, og er henni einnig löngu lokið. Umboðsmaður okkar á Akureyri, Vilhjálmur Þór, hefir fengið greiddar 2500 kr., en við gerum ráð fyrir, að við þurfum að greiða honum eitthvað til viðbótar.

Ad. 2) Þeir 3 saltendur, er mál höfðuðu gegn búinu, fóru þess á leit við Theodór B. Líndal hrm., að hann flytti þau mál frá þeirra hendi. Líndal átti tal við nefndina um þetta og kvaðst hafa skýrt nefndum saltendum frá, að hann væri í félagi við annan nefndarmanninn, en að

saltendurnir þrátt fyrir það óskuðu, að hann færi með málin fyrir þeirra hönd, í trausti þess, að hann og nefndarmaðurinn ræktu skyldur sínar með fullri samvizkusemi. Um þetta má vísa til hv. alþm. Guðbr. Ísbergs, er var milligöngumaður milli saltendanna og Líndals um þetta.

Nefndin leit svo á, að hún gæti ekki haft afskipti af því, hverjum væri falin sú málafærsla; því yrðu saltendur að ráða. En ef svo á að skilja orð hv. alþm. Jóhanns Jósefssonar, að meðundirritaður Lárus Fjeldsted hafi í þessum málum á nokkurn hátt vanrækt málflutning sinn fyrir búið, þá beri að telja það mjög óviðeigandi, enda hefir þegar áður verið skýrt frá, að 2 af þessum málum hefir búið algerlega unnið. Í hinu þriðja var búið að vísu dæmt til að greiða nokkurn hluta kröfunnar, en það, sem mestu varðaði í því máli, var það, að kröfu stefnanda um haldsrétt í verðmætum, er hjá saltandanum lágu, var vísað á bug, og sömuleiðis kröfu hans um, að krafan hefði forgang í eignum búsins.

Skilanefnd Síldareinkasölu Íslands.
Sv. Guðmundsson. Lárus Fjeldsted.
Til dómsmálaráðherra
Magnúsar Guðmundssonar".

Í þessu bréfi eru, eins og hv. dm. hafa heyrt, þær upplýsingar, sem sérstaklega var beðið um. En ég vil taka það fram, að ég er mjög leiður yfir því, að skilanefndin skyldi ekki þegar í fyrra bréfi sínu skýra frá, hvað hún hefði greitt umboðsmönnum sínum, því að fyrirspurnin gaf tilefni til þess. Viðvíkjandi hinu atriðinu, þá mun það mjög ótítt, að málafærslufélagar flytji mál hvor á móti öðrum, og taldi ég alveg útilokað, að slíkt kæmi fyrir. Í þessu tilfelli stendur dálítið sérstaklega á, og hefir þetta verið gert fyrir milligöngu hv. þm. Ak. Það er auðsætt, að síldareinkasalan hefir ekki skaðazt á því, þar sem hún hefir unnið þau mál, sem hér um ræðir.

Guðbrandur Ísberg [óyfirl.]: Ég hafði ekki hugsað mér að blanda mér í þessar umr., en í tilefni af því, að til mín var vísað í bréfi því, sem hæstv. dómsmrh. las upp, vil ég upplýsa það, að þessi málsmeðferð fór að öllu leyti fram með skaplegum hætti.

Síldarsaltendur á Akureyri töldu sig þurfa að fara í mál við síldareinkasöluna, heill hópur manna. Þegar til þess kom að velja mann til að flytja málin hér í Reykjavík, þá varð fyrir valinu félagi Lárusar Fjeldsteds, Theodór B. Líndal, sem útgerðarmenn á Siglufirði treystu. Þeim var það ljóst, að hann var félagi Lárusar Fjeldsteds, og má því e. t. v. segja, að þetta hafi verið dálítið óviðkunnanlegt. Líndal átti hér svo að segja eigin hagsmuna að gæta, þar sem hér var m. a. um að ræða kröfu á hendur síldareinkasölunni frá dánarbúi föður hans. Þegar þessa er gætt, þá er það ljóst, að honum var fyllilega treyst til að halda vel á málstað þeirra manna, sem hann flutti málin fyrir, á hendur síldareinkasölunni. Theodór Líndal var síldareinkasölunni ekki hættulegri en það, að málin töpuðust öll, en ég er viss um það, að enginn þeirra manna, sem fólu honum umboð sitt í þessum málum, mun væna hann um að hafa ekki gert eins og í hans valdi stóð. Þessi málafærsla mundi undir venjulegum kringumstæðum vera óviðkunnanleg, en þegar það er athugað, að Líndal hafði hér eigin hagsmuna að gæta, þá er þetta vel forsvaranlegt.

Fyrirspyrjandi (Jóhann Jósefsson): Mér þykir fyrir því, að ég hefi með þessari fyrirspurn lagt helzt til mikið erfiði á hæstv. ráðh., en verð samt að benda á það, að sú aukafyrirhöfn, sem hæstv. ráðh. hefir haft af því að upplýsa þau atriði, sem hér um ræðir, getur tæplega talizt mér að kenna, vegna þess, að ef skilanefndin hefði lagt pappírana á borðið strax í upphafi málsins, þá hefði hæstv. ráðh. ekki þurft að ómaka sig þrisvar í ræðustólinn til þess að skýra þetta mál.

Af því bréfi, sem lesið var upp hér í d. og undirritað er af skilanefndarmönnum, mátti glöggt ráða það, að þessir herrar telja það einhverja persónulega móðgun við sig, að þm. Vestm. hefir gerzt svo djarfur að spyrja um þau atriði, sem fyrir liggja á þskj. 94. Það er nú svo, að mér var það vel ljóst áður, að það er ekki vinsælt hjá öllum mönnum, að þm. hreyfi við svona hlutum eins og hér um ræðir. Þeir, sem að þeim standa og komizt hafa í krásina, vilja gjarnan fá að

vera í friði og þykir það óþarfa afskiptasemi, ef einhverjir þm. spyrja um kostnað o. s. frv. Hér stendur svo á, að síldareinkasalan er fyrirtæki, sem á sínum tíma sérstaklega varðaði sjútvn., og sömuleiðis er það viðurkennt af öllum aðilum, að þeir, sem skiptu við síldareinkasöluna, hafi orðið sérstaklega illa úti.

Í þessum umr. hefir ekki verið dregið fram eitt atriði, og er það mér að kenna, þar sem mér láðist að minnast á það, en það er um síldarvíxlana á Austfjörðum, hver hafi orðið málalok með þá, eða hverjar horfurnar séu. Ef hæstv. ráðh. gæti gefið upplýsingar um þetta, þá þætti mér vænt um það. Það var upplýst á síðasta þingi, að þar hefði verið horfið svo frá málum, að eftir síðasta starfsár síldareinkasölunnar væru sjómenn og útgerðarmenn þar sjálfir ábyrgir fyrir því, sem til þeirra hafði verið borgað; að víxlarnir, sem borgaðir hefðu verið, hvíldu á herðum sjómannanna sjálfra. Þegar litið er á þau átakanlegu viðskipti, sem þessi stofnun hafði við þá menn, sem þennan landshluta byggja — um Norður-, Vestur- og Suðurland var áður kunnugt —, þegar þess er gætt, hversu mjög þeir hafa farið varhluta, sem skiptu við einkasöluna, þá get ég ómögulega farið að biðja þá háu herra, sem nú sitja í skilanefnd síldareinkasölunnar, neinnar afsökunar á því, þó að ég krefjist upplýsinga um það, sem öllum landslýð er ljóst, að kostnaðurinn við að koma þrotabúi síldareinkasölunnar í lóg hefir frá upphafi vega sinna verið óhæfilega hár. Þessi staðreynd er svo ljós, að ekki þýðir á móti að mæla, enda hefir það verið upplýst undir umr. um málið, að skilanefndinni er þetta ekki síður ljóst en öðrum, þar sem þeir draga undan að skýra frá því, að þeir hafi auk alls annars tilkostnaðar, auk þess að hafa báðir 14½ þús. kr. í laun fyrsta árið og 9½ þús. kr. síðara árið, líka haft umboðsmenn á þremur stöðum, sem hafa fengið í sinn hlut svo þúsundum skiptir. Eftir þeim upplýsingum, sem nú komu, er búið að greiða þessum mönnum 7700 kr., sem skilanefndinni fannst í fyrra bréfi sínu alls ekki vert að nefna, og ennfremur er það líka upplýst, að enn séu ekki öll kurl komin til grafar og eftir sé að borga út enn meira.

Með hliðsjón af því, hve sjómenn og útgerðarmenn hafa hér borið skarðan hlut frá borði, þá virðist mér alveg nauðsynlegt, að það sé gert lýðum ljóst, hvernig með þessi mál hefir verið farið, síðan síldareinkasalan var lögð niður. Ég ætla ekki að gefa þessu neitt sérstakt nafn, en ég býst við, að hv. dm. geti verið mér sammála um, að svo hafi verið með þessi mál farið, að það sé sízt lofsvert.

Í bréfi skilanefndarinnar segir ennfremur, að þeir hafi gengið út frá því, að aðeins hafi verið átt við í fyrirspurninni kostnað þann, sem leitt hefði af skrifstofuhaldi hennar hér í Rvík. Í þessari fyrirspurn var hvergi með einu orði gefið í skyn, að svo væri. Þar sem hér er um tvo svo skelegga herra sem þessa að ræða, þar sem annar er hæstaréttarmálaflm., en hinn bankaráðsformaður, þá þykir mér það leitt þeirra vegna, að þeir skuli halda þessu fram.

Þá er það fyllilega upplýst, að sú einkennilega aðferð hefir verið höfð við þennan málaflutning, sem síldareinkasalan hefir átt í innanlands, að sama firmað hefir bæði sótt og varið. Um það mun það vægast sagt, að það sé í fyllsta máta óviðkunnanlegt. Hæstv. ráðh. hefir og upplýst, að þetta sé alveg óvenjulegt.

Hv. þm. Ak. stóð hér upp og sagði, að þessi málsmeðferð hefði verið með skaplegum hætti, og vil ég engan veginn rengja það. En það haggar þó ekki þeirri staðreynd, að hér sé um alveg óvenjulega aðferð að ræða í flutningi mála. Þó að það hafi verið eftir ósk síldarsaltenda á Siglufirði, að Theodór B. Lindal tók málið að sér, og þó að hann hafi þar sjálfur haft persónulegra hagsmuna að gæta, þá réttlætir það ekki nokkurn skapaðan hlut þá aðferð, að sama firmað sæki og verji í sama máli, eins og hér hefir átt sér stað.

Eitthvert stærsta málið hér innanlands er það, sem snertir ágreining um, hvort ríkissjóður eða Landsbankinn eigi að bera tap vegna einkasölunnar, og fellur vitanlega á annanhvorn aðilann að bera tapið. Það sýnist næsta skoplegt að eyða miklu fé í þessi málaferli um það, hvort ríkissjóður eigi að tapa þessum 300 þús. kr. beint út af ábyrgð fyrir síldareinkasöluna vegna skuldar í Landsbankanum eða sem eigandi Landsbankans. (**Forseti:**

Þetta var aðeins aths.). Hún er nú líka að verða búin. Ég heyri sagt, að það sé ekki venja að gera ályktanir út af fyrirspurnum og skal ekki þreyta hæstv. forseta með neinu sliku. En um leið og ég vísa algerlega á bug þeim aðdróttunum frá skilanefndarmönnunum, að mér hafi gengið annað til en að fá sannar upplýsingar um þetta, þá vil ég beina alvarlegri áskorun til hæstv. ríkisstj. um að taka svo í taumana gagnvart kostnaðarhliðinni við rekstur skilanefndarinnar, að þar verði á töluverðar umbætur frá því, sem nú er. Ég vona, að hæstv. ráðh. sé mér samdóma um, eftir þær upplýsingar, sem fram hafa komið, að fyllsta ástæða sé til, að þetta verði athugað af stj.

Guðbrandur Ísberg [óyfirl.]: Ég vil leyfa mér að benda hv. þm. Vestm. á, að það var ekki firmað Theodór B. Líndal og Lárus Fjeldsted, sem hefir haft með höndum málflutning í þessum málum, heldur tekur Líndal málin að sér privat, vegna privat hagsmuna. Hann fær leyfi Fjeldsteds til þessa, enda er Líndal ekki við nein skipti á þrotabúi síldareinkasölunnar riðinn. Auk þess má benda á, að þessir menn eiga ekki að dæma í málunum. Það er lögmaðurinn í Rvík, sem gerir það, en þeir leggja aðeins fram sín gögn. Ég vil benda hv. þm. Vestm. á það, að í málum eins og þessum, þar sem aðeins er um einföld fjármál að ræða, þá geta jafnvel bræður sótt og varið í sama máli til hins ýtrasta.

Finnur Jónsson: Ég vil taka undir það með hv. þm. Vestm., að mér finnst kostnaðurinn við störf skilanefndarinnar vera orðinn óhæfilega hár. Þó að rekstri síldareinkasölunnar væri að mörgu leyti ábótavant, þá held ég, að þó að leitað væri með logandi ljósi, fyndist hvergi rekstrarkostnaður hjá henni, sem kæmist í samjöfnuð við þann kostnað, sem leitt hefir af störfum skilanefndarinnar.

Það hlýtur að vera einhver sérstakur móralI fyrir lögfræðinga, sem ekki gildir fyrir aðra, ef tveir félagar í sama lögfræðifirma geta með samningi sín á milli tekið að sér, án þess að vekja hneyksli, annar að verja, en hinn að sækja sama mál. Sú samlíking, sem hv. þm. Ak. kom með, að bræður gætu auðveldlega sótt og varið mál, kemur þessu alls ekki við. Hér er ekki verið að tala um skyldleika manna, heldur um sameiginlega hagsmuni tveggja manna, sem eru í sama firma. Eftir því sem hv. þm. Ak. segir, þá hefir Theodór Líndal fengið leyfi hjá Lárusi Fjeldsted til að sækja málin og Fjeldsted aftur leyfi Líndals til að verja þau. Mér virðist það sá aumasti skrípaleikur, sem hægt er að hugsa sér, sem þarna hefir átt sér stað.

Pétur Ottesen: Það má nú segja, þegar verið er að ræða um síldareinkasöluna sálugu og svo eftirhreyturnar, að þar bjóði ein syndin annari heim. Öllum er það enn í minni, hvernig til tókst með síldareinkasöluna. Ég held, að það sé mála sannast, að sjómenn og útgerðarmenn hafi yfirleitt verið sammála um, að með því að leggja síldareinkasöluna niður hafi verið létt af síldveiðamönnum þungu fargi, því nú blandast engum lengur hugur um það, að framkvæmd og rekstur þessa fyrirtækis var þannig, að til algerðrar auðnar horfði á sviði þessa atvinnurekstrar. Þetta verðum við, sem að því stóðum að koma síldareinkasölunni á fót, að kannast við og viðurkenna, alveg eins og hinir, sem frá öndverðu vantreystu því, að í þessu fælist nein hjálp fyrir síldarútveginn, og reyndust þeir sannspárri okkur hinum. Það þarf því ekki að fara að hefja upp neinn harmagrát, eins og mér fannst koma fram hjá hv. þm. Ísaf., yfir því, að síldareinkasalan var lögð niður. Rekstur hennar hafði nú verið þannig síðasta árið, að þó hún hefði fengið alla síldina fyrir ekki neitt, þá dugði það ekki til. Það hefði hvergi nærri hrokkið til að standast kostnað og óhöpp. Síldareinkas. var orðin gjaldþrota og öllum kappsmál, að hún risi ekki upp aftur.

Ég skal ekki fjölyrða meira um þetta, en vil aðeins út af því, sem fram hefir komið um það, að komið gæti til mála að krefja þá menn, sem lögðu síld í einkasöluna og fengu hana borgaða með 2 kr. hverja tunnu, um endurgreiðslu, segja það, að það getur ekki komið til mála að fara nú að hreyfa slíkum kröfum, og ég vil ennfremur benda á það, að á síðasta þingi lágu fyrir tvennskonar till. við-

víkjandi síldarútgerðarmönnum á Austfjörðum. Þessir menn höfðu ekki fengið neina greiðslu út á þá síld, sem þeir höfðu lagt inn í einkasöluna, og sjálfir höfðu þeir orðið að taka víxillán til þess að greiða með kostnaðinn við verkunina á síldinni, og hafði stjórn einkasölunnar skrifað upp á víxlana. Svo fór þetta þannig, að víxlarnir féllu á þessa menn, því að ábyrgðin, sem einkasalan veitti þeim, var vitanlega ónýt og einskis virði. Út af þessu flýðu menn þessir til þingsins með þessi vandræðamál sín, þegar þeir til viðbótar við að tapa aflanum stóðu uppi með stórskuldir fyrir að hafa verkað þessa síld og keypt salt í hana og tunnur. Komu fram tvennskonar tillögur um afgreiðslu þessa máls í þinginu. Fyrst var borið fram frv. af þáv. hv. 1. þm. S.-M. og hv. þm. Seyðf. um það, að þessir víxlar, 70 þús. kr., yrðu greiddir af þeirri forgangskröfu, sem ríkisstj. hafði í bú síldareinkasölunnar, og í grg. frv. komust þeir m. a. svo að orði, að stj. síldareinkasölunnar hefði dregið sjómenn þessa á tálar, segja hreint og beint, að hún hafi dregið austfirzku sjómennina á tálar.

Þetta frv. þeirra hv. 1. þm. S.-M. og hv. þm. Seyðf. náði nú ekki fram að ganga, en hinsvegar var samþ. þáltill., þar sem skorað var á ríkisstj., að hún hlutist til um, að bankastofnanir þær, sem höfðu kröfu á hendur þessum mönnum, frestuðu að höfða víxilmál á hendur þeim, þar til séð yrði, hvernig færi um uppgerð á búi síldareinkasölunnar. Ég vil því í sambandi við þá afstöðu, sem þingið tók gagnvart þessum mönnum í fyrra, undirstrika það, að það getur ekki undir neinum kringumstæðum komið til mála að fara að krefja menn um þessar 2 kr., sem greiddar hafa verið, og það hefir verið gert með þeim hætti, eins og hv. þm. Ísaf. tók fram, að þeir hafa fengið reikninga frá síldareinkasölunni, sem sýndu, að þeir höfðu tekið út 2 kr. á hverja tunnu síldar, en reikningar þessir sýndu hinsvegar ekki, að neitt hefði verið lagt inn á móti úttektinni. Ég hafði í höndum á þinginu 1932 reikninga frá 2 mönnum í mínu kjördæmi, sem hafa haft viðskipti við síldareinkasöluna 1931, og þeir sýndu, að reikningsfærslan var á þann veg, sem ég hefi nú sagt.

Ég skal ekki ræða frekar þessa fyrirspurn, sem hér liggur fyrir. Hinsvegar vil ég beina þeim orðum til hæstv. dómsmrh., að hann stuðli að því, að n. sú, sem með þessi þrotamál fer, hagi öllu á sem praktiskastan hátt eftirleiðis, svo að kostnaður verði sem allra minnstur. Ég treysti dómsmrh. fullkomlega til þess, en hinsvegar má náttúrlega ekki skera svo við neglur sér, að ekki verði hægt að halda áfram að gera þessi mál upp þar til yfir lýkur.

Dómsmrh. (Magnús Guðmundsson): Það eru ekki nema örfá orð. — Hv. þm. Borgf. hefir tekið af mér ómakið að því er snertir þessa svokölluðu Austfjarðavíxla. Um þá var samþ. þál., eins og kunnugt er, og þar skorað á stj., að hún hlutaðist til um, að ekki yrði gengið að þessum mönnum, og það hefir hún gert, en engar líkur eru til, að þeim verði borgað úr búi síldareinkasölunnar, og það er vegna þess, að ef ríkið fer að blanda sér inn í þetta, þá er þar opnuð leið fyrir aðra skuldheimtum. þessa mikla þrotabús að koma til ríkissjóðs og heimta borgun úr honum, en það verður til lengstra laga að halda því fram, að ríkissjóður sé ekki ábyrgur fyrir þessum skuldum, og það er mitt álit, að svo sé ekki.

Að því er snertir kostnaðinn, þá viðurkenni ég, að hann er orðinn mikill, en ég skal með ánægju gera allt, sem hægt er, til að hann verði ekki óhæfilega mikill í framtíðinni, en ég vil, til þess að þetta mál sé skoðað frá báðum hliðum, geta þess, að það er ákaflega erfitt fyrir okkur að gera okkur grein fyrir, hve mikið verk er að koma í peninga eignum þrotabús eins og þetta er.

Um það, sem hv. þm. Ísaf. sagði, að ekki fyndust dæmi til slíks kostnaðar í allri stjórn einkasölunnar, vil ég bara segja það, að þetta er mesti misskilningur. Ég held, að þar hafi farið í súginn ekki 50—100 þús., heldur fleiri hndr. þús. Það hefir verið reiknað úr hér á þingi, að þó að sjómenn og útgerðarmenn hefðu gefið allan aflann og ekkert kaup fengið, þá hefði samt orðið tap hjá síldareinkasölunni, en það fer þó aldrei svo, að ekki verði eitthvað eftir í þrotabúinu að lokum auk kostnaðarins, þó að hann sé mikill.

Guðbrandur Ísberg [óyfirl.]: Það voru aðeins fáein orð út af orðum hv. þm. Ísaf. — Það er algengt, að málflutningsmenn taki að sér mál fyrir utan sitt félag, en óalgengt, að svo hittist á, að þeir flytji mál gegn félaga sínum. Annars finnst mér ekki mikil ástæða til að gera mikið veður úr þessu atriði; það er nóg annað í þessu sambandi til að gera veður út af, og hefir líka verið gert.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Hæstv. ráðh. hélt því fram, að ef Austfirðingar fengju greiddar þessar víxilskuldir, þá væri í raun og veru síldareinkasalan orðin ábyrg fyrir öðrum lánardrottnum. Ég vil í þessu sambandi rifja upp það, sem greinilega var tekið fram um þetta áður hér á þingi, og auk þess það, sem stóð í grg. frv. um greiðslu þessara víxla á síðasta þingi. Það var svo ástatt á Austurlandi, að viðskiptamenn síldareinkasölunnar fengu engin verkunarlaun, en lögðu til salt og tunnur, en annarsstaðar lagði einkasalan til salt og tunnur og greiddi verkunarlaun og 2 kr. á hverja tunnu hrásíldar, en á Austfjörðum ekkert. Þetta á því á engan hátt skylt við aðrar kröfur í bú síldareinkasölunnar.

Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðh., að stj. hefir hér enga heimild til að greiða neitt úr ríkissjóði eða gera ráðstafanir til, að þessar skuldir verði greiddar sem forgangskröfur, án þess að þingið leggi eitthvað til í þessu efni, en í þál. í fyrra var ætlazt til, að stj. útvegaði bráðabirgðafrest á greiðslu þessara skulda, svo að stj. gæti athugað málið og lagt fyrir næsta þing till. til úrlausnar. Og ég vil mega vænta, að stj. geri þetta, kynni sér til hlítar, ef hún hefir ekki gert það enn, sem ég efast um, eftir ræðu hæstv. ráðh., hvernig þessar skuldir eru til orðnar, og leggi till. sínar fyrir næsta þing. Það er alveg víst, að þessar skuldir eru sérstaks eðlis og ólíkar öllum öðrum kröfum í bú síldareinkasölunnar.

Ég skal ekki lengja mikið umr. um kostnaðinn, en það er þó víst, að hann nemur tugum þúsunda, eins og hv. þm. A.-Húnv. mundi orða það. En ef á að bera saman þá ágalla, sem orðið hafa á rekstri síldareinkasölunnar og þeim marglofaða einstaklingsrekstri, verður þar ekki þyngri baggi þess opinbera, heldur verður hinn margfalt þyngri og stærri.

Jakob Möller: Hv. þm. Seyðf. varar sig ekki á þeim verulega mun á verzlunarrekstri einstaklinga, sem bera sjálfir ábyrgð á öllu, sem þeir kaupa og selja, og einkasölu, sem átti aldrei að borga til viðskiptamanna sinna meira en það, sem fékkst fyrir vöruna, að frádregnum kostnaði. Þennan mun tók hv. þm. Seyðf. ekki með.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Það er aths. út af aths. Það er alveg rétt, að einkasalan átti ekki að tapa, þegar hún var stofnuð, og hún átti ekki að greiða viðskiptamönnum sínum meira en hún gat, en ég veit ekki betur en að þessi hv. þm. og sjálfstæðismenn yfirleitt haldi því fram, að slíkt hið sama eigi að eiga sér stað um einkafyrirtæki, að þau greiði ekki meira fyrir vöruna en hægt er að fá fyrir hana, en kosturinn sé sá, að af því að töpin skelli á mönnunum sjálfum, þá séu þeir praktiskari, samvizkusamari og ráðvandari o. s. frv. o. s. frv., og þá verði skakkaföllin minni, en reynslan hefir bara sýnt allt annað.

Fyrirspyrjandi (Jóhann Jósefsson): Það voru aðeins nokkur orð til hv. þm. Ak. — Það er rétt, að það er ekkert firma til, sem heitir Fjeldsted og Líndal, en það eru til hæstaréttarmálaflutningsmenn, sem heita Fjeldsted og Líndal, og þessir menn starfa í félagsskap, eins og reyndar fleiri slíkir menn í þessum bæ, og sé ég engan eðlismun á því. Ég hefi ekki getað sannfærzt af því, sem hv. þm. Ak. hefir fært fram, að hér sé um fullkomið málfærsluvelsæmi að ræða. Ég verð þvert á móti að halda því fram, að þetta sé mjög óeðlileg aðferð, sem er sennilega alveg einsdæmi og í hæsta máta óviðkunnanleg.

VIÐBÆTIR

Alþingisreikningur

frá 1. janúar til 31. desember 1933.

(Yfirlit).

TEKJUR:

I.	Fyrir seld Alþingistíðindi og Landsreikninga	kr.	545.00
II.	Innkomið fyrir Alþingismannatal 1845—1930 (frá aðalútsölunni)	—	200.00
III.	Vextir af innstæðu í hlaupareikningi við Landsbankann	—	77.85
IV.	Ávísað úr ríkissjóði samkvæmt ávísana- og gjaldabókum þingsins	—	316306.66
	Samtals	kr.	317129.51

GJÖLD:

I.	Þingfararkaup alþingismanna:				
	a. Aðalþing (sjá *fylgiskjal I)*	kr.	76539.72		
	b. Aukaþing (sjá *fylgiskjal II)*	—	31282.96		
				kr.	107822.68
II.	Goldið starfsmönnum:				
	a. Föst laun o. fl. [laun skrifstofustjóra kr. 5690.00 + húsaleigustyrkur kr. 1200.00; laun fulltrúa kr. 5190.00 + persónul. launaviðbót kr. 1110.00]	kr.	13190.00		
	b. Lausum starfsmönnum:				
	1. Aðalþing [skrifst. og prófarkal. (þar í aðstoð við útgáfu á umræðum) kr. 7121.50, skjalavarzla og afgreiðsla kr. 1534.00, lestrarsalsgæzla kr. 1290.00, innanþingsskriftir kr. 17584.00, dyra- og pallavarzla kr. 5250.00, þingsveinar kr. 2414.00]	kr.	35193.50		
	2. Aukaþing [skrifst. og prófarkal. kr. 1758.50, skjalavarzla og afgreiðsla kr. 625.00, lestrarsalsgæzla kr. 580.00, innanþingsskriftir kr. 7218.00, dyra- og pallavarzla kr. 1895.00, þingsveinar kr. 1019.00	—	13095.50		
				—	48289.00
				—	61479.00

III. Útgáfukostnaður Alþingistíðinda og Landsreikninga og önnur prentun:

A. Útgáfukostnaður Alþingistíðinda:

1. Skjalapartur og þingskjöl:

a. Aðalþing:

α. 1.—22½ örk skjalaparts (stjfrv.), án sérprentana, á kr. 131.45; kápa kr. 16.50; hefting og aukalíming kr. 333.95 . kr. 3310.10

β. 22½—195. örk, með sérprentunum + a—f örk = 178 arkir á kr. 184.80; 9 kápur á kr. 16.50; aukalíming á 9 hefti á kr. 18.00; álímingsopna (þingmannaskrá) kr. 113.85 . — 33318.75

γ. Pappír í skjalapart, í sérprentanir og kápur . . . . . — 2886.05

kr. 39514.90

b. Aukaþing:

α. 1.—8½ örk skjalaparts (stjfrv.), án sérprentana, á kr. 131.45; hefting kr. 120.10 . . . . . kr. 1237.45

β. 8½—65. örk, með sérprentunum + a—c örk = 59 arkir á kr. 184.80; 3 kápur á kr. 16.50; aukalíming á 3 hefti á kr. 18.00; álímingsopna (þingmannaskrá) kr. 113.85 — 11120.55

γ. Pappír í skjalapart, í sérprentanir og kápur . . . . — 973.25

— 13331.25

kr. 52846.15

2. Umræðupartur aðalþings:					
a. B-deild, 182 arkir á kr. 142.30, hefting kr. 2466.10; a—g-örk (aðalefnisyfirlit) = 7 arkir á kr. 228.00, hefting kr. 94.85; 10 kápur á kr. 16.50; aukalíming á 10 hefti á kr. 18.00 . .	kr.	30400.55			
b. C-deild, 50¾ arkar á kr. 142.30, hefting kr. 691.05; 2 kápur á kr. 16.50; aukalíming á 2 hefti á kr. 18.00	—	7981.80			
c. D-deild, 28 arkir á kr. 142.30, hefting kr. 392.95; kápa kr. 16.50; aukalíming kr. 18.00	—	4411.85			
d. Pappír í umræðupart með kápum	—	2661.80			
			—	45456.00	
3. Útsending [burðareyrir kr. 2649.50, afgreiðsla, útburður o. fl. kr. 943.40, umbúðir o. fl. kr. 23.95]			—	3616.85	
				kr.	101919.00
B. Útgáfukostnaður Landsreikninga ásamt launum yfirskoðunarmanna o. fl.:					
1. Laun yfirskoðunarmanna fyrir yfirskoðun LR 1932, 3 × 1000 kr. + dýrtíðaruppbót (25%)	kr.	3750.00			
2. Prentun og hefting LR 1931	—	3720.30			
3. Húsaleiga fyrir vinnustofu handa yfirskoðunarmönnum í 2 mán. með ljósi og bráðabirgðasíma	—	263.45			
			—	7733.75	
C. Önnur prentun [prentun Skýrslna um efnahag bænda í árslok 1932 (frá bændanefndinni) kr. 2828.50, dagskráa kr. 1529.70, lagaprentun o. fl. kr. 3397.50, prentun á þingmannaskrám o. m. fl. kr. 682.85, fjölritun kr. 288.55]			—	8727.10	
				—	118379.85
IV. Bókband (kr. 778.75), bækur (kr. 596.70), ritföng (kr. 1813.83)				—	3189.28
V. Ljós, hiti, ræsting og viðhald á húsi og munum:					
1. Ljós (kr. 1458.67) og ljósfæri (kr. 251.33)			kr.	1710.00	
2. Hiti			—	2448.30	
3. Ræsting [ræstingarvinna kr. 3706.08, ræstingarvörur kr. 575.90]			—	4281.98	
4. Viðhald á húsi (kr. 1291.96) og munum (kr. 281.17)			—	1573.13	
				—	10013.41

VI. Önnur gjöld:

1.	**Aðstoð og aukavinna** [þar af kr. 543.50 til Guðm. R. Ólafssonar fyrir vinnu við upplag Alþingistíðinda, kr. 110.00 fyrir aðstoð söngflokks við setningu Alþingis (guðsþjónustu) 15. febr. og 2. nóv. og kr. 45.00 fyrir ýmislegt]			kr.	698.50
2.	**Kostnaður við einstakar nefndir** [þar af þóknun til skrifara fjárveitinganefnda á aðalþingi, Péturs Jónssonar, kr. 988.00, til skrifara stjórnarskrárnefndar Nd. á aukaþingi, Andrésar Eyjólfssonar, kr. 50.00, til skrifara utanríkismálanefndar, Stefáns Þorvarðssonar, kr. 1200.00, ferðakostnaður fjárveitinganefndar Nd. kr. 237.05 og fjárveitinganefndar Ed. kr. 55.00, greitt fyrir blaðaúrklippur um Grænland handa Grænlandsnefnd kr. 1054.98]			—	3585.03
3.	**Símagjöld Alþingis** [afnotagjald af símum kr. 1705.10, símskeyti frá forsetum og skrifstofunni kr. 155.16]			—	1860.26
4.	**Símanot þingmanna:**				
	a. **Símtöl og símskeyti** [á aðalþingi kr. 4168.66, á aukaþingi kr. 2415.45] (sjá *fylgiskjöl I—II*)	kr.	6584.11		
	b. **Símavarzla** [á aðalþingi kr. 1120.00, á aukaþingi kr. 460.00]	—	1580.00		
				—	8164.11
5.	**Þinghúsgarðurinn**			—	308.00
6.	**Opinber gjöld** [vatnsskattur]			—	703.13
7.	**Ýms gjöld:** [minningargjöf um látinn fyrrv. þingmann kr. 10.00, styrktarfé til Halldórs Þórðarsonar fyrrv. pallavarðar kr. 200.00, til ríkisútvarpsins fyrir útvarp umræðna frá Alþingi kr. 604.00, ljósmyndasafn Alþingis kr. 48.00, auglýsingar kr. 58.26, leiga fyrir póstbox kr. 6.00]			—	926.26
				—	16245.29
				Samtals kr.	317129.51

Skrifstofu Alþingis, 16. marz 1934.

Jón Sigurðsson.

Fylgiskjal I.

Þingfararkaup alþingismanna 1933 (aðalþing)

og símanot á kostnað Alþingis á sama þingi.

Nöfn	Dagpeningar og verðstuðulsuppbót			Ferða-kostnað-ur[1])	Þing-fararkaup alls	Símanot á kostnað Alþingis
	Dagpen-ingar	Uppbót 15⅓%	Dagpen. og uppbót alls			
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
1. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.	1308.00	200.56	1508.56	»	1508.56	0.35
2. Bergur Jónsson, þm. Barð.	1416.00	217.12	1633.12	325.67	1958.79	56.30
3. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.	1404.00	215.28	1619.28	374.00	1993.28	178.20
4. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.	1308.00	200.56	1508.56	300.00	1808.56	75.90
5. Bjarni Snæbjörnsson, þm. Hafnf.	1308.00	200.56	1508.56	250.00	1758.56	3.70
6. Björn Kristjánsson, þm. N.-Þ.	1440.00	220.80	1660.80	364.00	2024.80	226.50
7. Einar Árnason, 2. þm. Eyf.	1416.00	217.12	1633.12	336.00	1969.12	173.55
8. Guðbrandur Ísberg, þm. Ak.	1440.00	220.80	1660.80	430.00	2090.80	200.00
9. Guðmundur Ólafsson, þm. A.-Húnv.	1464.00	224.48	1688.48	530.00	2218.48	98.45
10. Guðrún Lárusdóttir, 6. landsk. þm.	1308.00	200.56	1508.56	»	1508.56	129.38
11. Halldór Stefánsson, 1. þm. N.-M.	1308.00	200.56	1508.56	»	1508.56	63.55
12. Halldór Steinsson, þm. Snæf.	1380.00	211.60	1591.60	421.66	2013.26	173.60
13. Hannes Jónsson, þm. V.-Húnv.	1464.00	224.48	1688.48	500.00	2188.48	41.80
14. Haraldur Guðmundsson, þm. Seyðf.	1392.00	213.44	1605.44	291.67	1897.11	200.00
15. Héðinn Valdimarsson, 2. þm. Reykv.	1308.00	200.56	1508.56	»	1508.56	28.45
16. Ingólfur Bjarnarson, þm. S.-Þ.	1476.00	226.32	1702.32	531.50	2233.82	221.80
17. Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M.	1392.00	213.44	1605.44	373.00	1978.44	80.25
18. Jakob Möller, 1. þm. Reykv.	1308.00	200.56	1508.56	»	1508.56	»
19. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.	1380.00	211.60	1591.60	340.00	1931.60	200.00
20. Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf.	1440.00	220.80	1660.80	346.00	2006.80	186.60
21. Jón Baldvinsson, 2. landsk. þm.	1308.00	200.56	1508.56	»	1508.56	21.45
22. Jón Jónsson, 3. landsk. þm.	1476.00	226.32	1702.32	542.00	2244.32	169.30

23.	Jón Ólafsson, 1. þm. Rang.	1308.00	200.56	1508.56	»	1508.56	9.40
24.	Jón Þorláksson, 1. landsk. þm.	1308.00	200.56	1508.56	»	1508.56	»
25.	Jónas Jónsson, 5. landsk. þm.	1308.00	200.56	1508.56	»	1508.56	200.00
26.	Jónas Þorbergsson, þm. Dal.	1308.00	200.56	1508.56	»	1508.56	15.60
27.	Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.	1404.00	215.28	1619.28	400.00	2019.28	116.10
28.	Lárus Helgason, þm. V.-Sk.	1476.00	226.32	1702.32	786.00	2488.32	182.10
29.	Magnús Guðmundsson, 2. þm. Skagf.	1308.00	200.56	1508.56	»	1508.56	4.10
30.	Magnús Jónsson, 3. þm. Reykv.	1308.00	200.56	1508.56	»	1508.56	16.10
31.	Magnús Torfason, 2. þm. Árn.	1368.00	»[2]	1368.00	337.00	1705.00	79.10
32.	Ólafur Thors, þm. G.-K.	1308.00	200.56	1508.56	»	1508.56	10.10
33.	Páll Hermannsson, 2. þm. N.-M.	1440.00	220.80	1660.80	506.67	2167.47	97.50
34.	Pétur Halldórsson, 4. þm. Reykv.	1308.00	200.56	1508.56	»	1508.56	»
35.	Pétur Magnússon, 4. landsk. þm.	1308.00	200.56	1508.56	»	1508.56	1.95
36.	Pétur Ottesen, þm. Borgf.	1368.00	209.76	1577.76	310.00	1887.76	158.95
37.	Steingrímur Steinþórsson, 1. þm. Skagf.	1440.00	220.80	1660.80	549.00	2209.80	185.75
38.	Sveinbjörn Högnason, 2. þm. Rang.	1344.00	206.08	1550.08	385.00	1935.08	193.70
39.	Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M.	1392.00	213.44	1605.44	266.33	1871.77	42.00
40.	Tryggvi Þórhallsson, þm. Str.	1308.00	200 56	1508.56	»	1508.56	66.70
41.	Vilmundur Jónsson, þm. Ísaf.	1308.00	200.56	1508.56	»	1508.56	61.30
42.	Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk.	1512.00	231.84	1743.84	549.66	2293.50	184.75
43.	Þingmannafélagið	»	»	»	»	»	14.33
	Samtals	57576.00	8618.56	66194.56	10345.16	76539.72	4168.66

1) Í ferðakostnaðinum er fólginn húsnæðiskostnaður í Reykjavík um þingtímann, 70 kr. á mánuði fyrir hvern utanbæjarþingmann, samkvæmt úrskurði þingfararkaupsnefndar.

2) Afsalaði sér uppbót.

Fylgiskjal II.

Þingfararkaup alþingismanna 1933 (aukaþing)

og símanot á kostnað Alþingis á sama þingi.

Nöfn	Dagpeningar og verðstuðulsuppbót			Ferða-kostnaður[1])	Þing-fararkaup alls	Símanot á kostnað Alþingis
	Dagpen-ingar	Uppbót 15 1/3 %	Dagpen. og uppbót alls			
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
1. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.	456.00	69.92	525.92	»	525.92	100.00
2. Bergur Jónsson, þm. Barð.	696.00	106.72	802.72	200.00	1002.72	48.65
3. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.	648.00	99.36	747.36	303.00	1050.36	85.95
4. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.	456.00	69.92	525.92	125.00	650.92	100.05
5. Bjarni Snæbjörnsson, þm. Hafnf.	456.00	69.92	525.92	105.00	630.92	»
6. Björn Kristjánsson, þm. N.-Þ.	660.00	101.20	761.20	354.00	1115.20	106.45
7. Einar Árnason, 2. þm. Eyf.	624.00	95.68	719.68	263.00	982.68	57.20
8. Eiríkur Einarsson, 2. þm. Árn.	456.00	69.92	525.92	»	525.92	26.80
9. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S.-M.	456.00	69.92	525.92	»	525.92	»
10. Finnur Jónsson, þm. Ísaf.	612.00	93.84	705.84	161.00	866.84	100.00
11. Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk.	612.00	93.84	705.84	235.00	940.84	62.55
12. Guðbrandur Ísberg, þm. Ak.	576.00	88.32	664.32	210.00	874.32	70.40
13. Guðrún Lárusdóttir, 5. landsk. þm.	456.00	69.92	525.92	»	525.92	70.86
14. Halldór Stefánsson, 2. þm. N.-M.	456.00	69.92	525.92	»	525.92	121.15
15. Hannes Jónsson, þm. V.-Húnv.	600.00	92.00	692.00	305.00	997.00	120.45
16. Haraldur Guðmundsson, þm. Seyðf.	624.00	95.68	719.68	250.00	969.68	116.95
17. Héðinn Valdimarsson, 2. þm. Reykv.	456.00	69.92	525.92	»	525.92	7.55
18. Ingólfur Bjarnarson, þm. S.-Þ.	648.00	99.36	747.36	333.00	1080.36	66.95
19. Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M.	624.00	95.68	719.68	223.00	942.68	24.50
20. Jakob Möller, 1. þm. Reykv.	456.00	69.92	525.92	»	525.92	»
21. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.	504.00	77.28	581.28	160.00	741.28	100.00
22. Jón Baldvinsson, 2. landsk. þm.	456.00	69.92	525.92	»	525.92	82.10

23.	Jón Jónsson, 3. landsk. þm.	588.00	90.16	678.16	260.00	938.16	120.75
24.	Jón Ólafsson, 1. þm. Rang.	456.00	69.92	525.92	»	525.92	2.90
25.	Jón Pálmason, þm. A.-Húnv.	576.00	88.32	664.32	210.00	874.32	67.85
26.	Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.	588.00	90.16	678.16	260.00	938.16	115.70
27.	Jón Þorláksson, 1. landsk. þm.	456.00	69.92	525.92	»	525.92	95.42
28.	Jónas Jónsson, 4. landsk. þm.	456.00	69.92	525.92	»	525.92	99.95
29.	Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.	600.00	92.00	692.00	225.00	917.00	38.20
30.	Kári Sigurjónsson, 6. landsk. þm.	672.00	103.04	775.04	294.00	1069.04	23.70
31.	Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf.	456.00	69.92	525.92	»	525.92	»
32.	Magnús Jónsson, 3. þm. Reykv.	456.00	69.92	525.92	»	525.92	»
33.	Ólafur Thors, þm. G.-K.	456.00	69.92	525.92	»	525.92	»
34.	Páll Hermannsson, 1. þm. N.-M.	660.00	101.20	761.20	396.00	1157.20	33.45
35.	Pétur Halldórsson, 4. þm. Reykv.	456.00	69.92	525.92	»	525.92	»
36.	Pétur Magnússon, 2. þm. Rang.	456.00	69.92	525.92	»	525.92	2.70
37.	Pétur Ottesen, þm. Borgf.	516.00	79.12	595.12	130.00	725.12	83.50
38.	Thor Thors, þm. Snæf.	456.00	69.92	525.92	»	525.92	»
39.	Tryggvi Þórhallsson, þm. Str.	456.00	69.92	525.92	»	525.92	120.80
40.	Vilmundur Jónsson, þm. N.-Ísf.	456.00	69.92	525.92	»	525.92	34.90
41.	Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk.	612.00	93.84	705.84	213.00	918.84	66.02
42.	Þorsteinn Þorsteinsson, þm. Dal.	612.00	93.84	705.84	201.00	906.84	41.05
	Samtals	22428.00	3438.96	25866.96	5416.00	31282.96	2415.45

1) Í ferðakostnaðinum er fólginn húsnæðiskostnaður í Reykjavík um þingtímann, 70 kr. á mánuði fyrir hvern utanbæjarþingmann, samkvæmt úrskurði þingfararkaupsnefndar.